Forsætisráðherra er heimilt að láta slá *tvo* minnispeninga, er svo heita: *Verðlaunapeningur* og *Björgunarpeningur*. Fyrri peninginn veitir konungur, en hinn síðari forsætisráðherra.

2. gr.

Verðlaunapening má veita þeim mönnum, körlum og konum, sem sýnt hafa sérstakan dugnað og framúrskarandi hugrekki við að bjarga mönnum,

eða eigum manna frá yfirvofandi hættu eða voða á landi, eða með því oftar en einu sinni að hafa bjargað mönnum úr sjávarháska. Peningur þessi er bæði úr gulli og silfri.

3. gr.

Björgunarpening úr silfri má veita þeim eingöngu, er hafa með lífshættu fyrir sjálfan sig bjargað mönnum úr sjávarháska. Peningur þessi veitist jafnt konum sem körlum.

4. gr.

Gerð og útlit þessara minnispeninga skal ákveðin með konungsúrskurði. Veiting þeirra fer fram eftir þeim sérstöku reglum, sem hér fara á eftir.

Sérstakar reglur.

5. gr.

Hver sá, er telur sig eða einhvern annan hafa unnið til verðlaunapenings skal snúa sér til hlutaðeigandi valdsmanns, og fá upplýst með réttarprófi öll atvik, er lúta að þeim atburði, sem hann byggir tilkall sitt á. Sérstaklega skal upplýsa hættu þá, er var yfirvofandi, og að hve miklu leyti unnt hefði verið, að fá henni afstýrt; ef hjálp bjarganda hefði ekki komið til, hve víðtæk hættan var, hvort hún snerti einn eða fleiri menn, eitt eða fleiri hús við eldsvoða, og þess háttar, framgöngu bjarganda til þess að afstýra hættunni eða bjarga, og hvort hann hafi lagt líf sitt eða eignir í hættu við þetta tækifæri.

Þegar stórslys ber að höndum eða aðra viðburði af völdum náttúrunnar eða á annan hátt, og almannarómur telur framkomu eins manns eða fleiri svo vaxna við það tækifæri, að verðlaunapeninga verði að veita, er valdsmanni bæði heimilt og skylt að hefja af eigin hvötum rannsókn þessu til upplýsingar.

Að prófum loknum skulu þau send forsætisráðherra. Þyki honum þau að einhverju ófullkomin, getur hann heimtað nánari upplýsingar, og gerir að því búnu tillögu til konungs, ef honum virðist ástæða til. Gullpeningur skal þá veittur, er sérstakir verðleikar eru fyrir hendi.

6. gr.

Um veitingu björgunarpenings skal fylgt sömu reglum og getur í næstu grein á undan. Skulu prófin sérstaklega upplýsa eftirfarandi atriði: 1) Hættu þess manns eða þeirra manna, er bjargað var, og hvort nokkurt útlit var til þess, að þeim hefði að öðrum kosti orðið bjargað, 2) Hvort björgunarmaður lagði líf sitt í augsjáanlega hættu til þess að bjarga.

Áður en forsætisráðherra veitir þennan minnispening, getur hann leitað umsagnar „Slysavarnafélags Íslands“ um málið.

7. gr.

Minnispeningurinn verður eign þess, er fær hann að verðlaunum, og eftir lát hans erfingja hans. Peninginn skal bera opinberlega á vinstra brjósti í bandi með þjóðlitum landsins.

Á s t æ ð u r.

Það mun nú vera farið að fyrnast yfir það, að endur fyrir löngu hefir verið mótaður sérstakur verðlauna- og minnispeningur handa Íslendingum. Með konungsúrskurði 28. febr. 1829 var ákveðið að slá minnispening handa Íslendingum, „til upphvatningar og verðlauna fyrir þá, sem sérstaklega skara fram úr tilraunum til þess að efla fiskiveiðar, jarðrækt og jarðabætur, eða stofnun einhvers gagnlegs iðnaðar". Þessi minnspeningur var því ætlaður þeim, er sköruðu fram úr öðrum í fiskiveiðum, landbúnaði og iðnaði, en hann náði alls ekki til þeirra, er lögðu sig í lífsháska, til þess að bjarga mönnum úr sjávarháska. Með nýjum konungsúrskurði 25. desbr. 1832 var gerð þessa verðlaunapenings endanlega ákveðin. Á annari hliðinni var brjóstmynd konungs (þá Friðriks konungs sjötta), en á hinni hliðinni var eikiblaða hringur (tákn Danmerkur), og í honum þessi áletrun: „Erulaun iðju og hygginda til Eflingar almennra Heilla", og nafn verðlaunaþiggjanda (Medalíumannsins), á röndinni. Þessi heiðurspeningur, almennt nefndur „medalían", var veittur fjölda Íslendinga, bændum, formönnum og iðnaðarmönnum, en 1869 var hætt að úthluta honum, en ákvæðin um veitingu hans munu aldrei hafa verið afnumin. Medalía þessi var talsvert mikils metin, en þó þótti langtum minna varið í hana en í dannebrogsmannskross. Að fara nú að vekja upp þennan gamla minnispening virðist ekki geta komið til mála.

Að því er verðlaun fyrir björgun manna úr sjávarháska snertir, þá virðist það lengi vel hafa verið venja að veita *einungis* peningaverðlaun. Þannig var 1876 manni veitt *40 króna* verðlaun fyrir að hafa lagt líf sitt í sölurnar til þess að bjarga alls 5 mönnum, sem borizt hafði á á sjó, og fyrir það að hafa gert tilraun til þess að bjarga mönnum af sexæringi, er fórst (Stj.tíð. 1876 B bls. 13). Það hafði þó verið fyrirskipað að veita einungis peningaverðlaun, þegar björgunin var tiltölulega hættulaus fyrir björgunarmanninn, sbr. cancelliplac. 4. oktbr. 1823, sem var talið gildandi hér á landi og oft beitt.

Það hefir þó oft komið fyrir, að danski björgunarpeningurinn „Medaillen for druknedes Redning" hefir verið veittur Íslendingum fyrir björgun hér við land, og eru enn menn hér, sem bera þessa medalíu. Hafi skipshöfn bjargað mönnum hefir formaðurinn fengið hana, en hásetar hans *lítilfjörlega* peningaborgun, t. a. m. 16 krónur hver (Stj.tíð. 1885 B. bls. 8, Stj.tíð. 1891 B. bls. 44), þó hefir það komið fyrir, að þessi lífsbjargarlaun hafa verið lítið eitt hærri. Gagnvart *útlendingum*, sem bjargað hafa Íslendingum úr sjávarháska, hefir verið valin sú leið, að sæma skipstjórann á björgunarskipinu með einhverjum grip, t. a. m. gullúri eða sjónauka með áletruðu nafni hans og dagsetningu viðburðarins. Hefir þeim jafnan þótt vænt um þessa viðurkenningu, en nú mun svo komið eftir heimsstyrjöldina, þar sem ýmsum minnispeningum hefir verið úthlutað, að mörgum mundi vera eins kærkomið, að fá minnispening frá útlendri þjóð, heldur en einhvern grip. Er því svo til ætlazt, að verði íslenzkir verðlaunapeningar slegnir, megi jafnt veita þá útlendum mönnum sem innlendum. Mætti þá fyrst spyrja ræðismann hér frá þeirri þjóð, er þeir eru frá, hvort þeir vildu heldur verðlaunapening eða einhvern grip.

Þegar ríkisstjórninni hafði borizt fyrnefnt erindi frá Slysavarnafélagi Íslands og umsögn Sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis 1929, þá tók hún málið *almennt* fyrir til íhugunar, og komst að þeirri niðurstöðu, að réttast væri, að láta slá fleiri minnispeninga, en eingöngu fyrir björgun manna úr sjávarháska, og hafði þar fyrir sér dæmi annara Norðurlandaþjóða.

Í *Danmörku* eru þessir minnis- og verðlaunapeningar til: 1. *Medaille for druknedes Redning;* hún er einungis veitt, þegar björgunarmaður hefir stofnað lífi sínu í hættu vegna björgunar; hafi það ekki verið, veitir dómsmálastjórnin verðlaun á annan hátt, t. d. silfurbikar með álitrun: „frá stjórninni fyrir drengilega framkomu", ásamt nafni bjarganda og dagsetningu, eða þá peningagjöf að upphæð 50 krónur. 2. *Medaille for ædel Daad,* stofnað 1793. Veitist fyrir líkar athafnir og hér er ætlast til, að verðlaunapeningar komi fyrir. 3. *Fortjenstmedaille* stofnuð 1845, er veitt sem allskonar verðlaun, og er bæði úr gulli og silfri. 4. *Medaillen ingenio et arti* er veitt listamönnum eingöngu.

Í *Noregi* eru veittir þessir minnispeningar: 1. *Medaljen for borgerdaad,* stofnuð 1844. Nafnið bendir á hverjum hún sé ætluð. 2. *Medaljen for edel daad,* stofnuð 1885. 3. *Kongens fortjenstmedalje,* stofnuð 1908. Allir þessir peningar eru bæði úr gulli og silfri. Auk þess eru nokkrir aðrir sérstakir minnispeningar. Medaljen for edel daad svarar aðallega til dönsku björgunarmedalíunnar.

Í *Svíþjóð* eru meðal annara þessir minnispeningar: 1. verðlaunapeningur er heitir: *Illisquorum meruere laboris,* er svarar til fyrirhugaðs verðlaunapenings hjá oss, og 2. *literis et artibus* handa listamönnum.

Þennan síðastnefnda pening, er svarar til danska peningsins ingenio et arti hefir ekki þótt ástæða til að slá og innleiða hjá oss, sízt að svo stöddu. Það er að vísu svo, að á síðustu árum hafa risið upp með þjóð vorri menn, sem hafa borið af öðrum bæði í bókmenntum, söng, leiklist, listmálun og myndun, en þá menn virðist rétt að sæma Fálkaorðunni, ef ástæða þykir til að sýna þeim sæmdarvott. Sama er að segja um útlenda snillinga, er sýna list sýna hér á landi, enda hefir þessi leið verið notuð.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið tekið fram, hefir ríkisstjórninni þótt réttast að leggja til, að slegnir yrðu tveir verðlaunapeningar, sem getið er í 2.—4. gr. Með því að það eru gömul forréttindi konungs að úthluta heiðursmerkjum, er sjálfsagt að hann úthluti *verðlaunapeningum,* en hinsvegar þykir það vera of umsvifamikið að leita konungsúrskurðar í hvert sinn, sem *björgunarpeningur* er veittur, því að telja má víst, að hann verði oftar veittur en hinn.

Um hinar sérstöku reglur þykir óþarfi að fjölyrða. Til þess að geta fengið þessa heiðurspeninga þarf það að vera fullsannað, að þeir séu fullkomlega verðskuldaðir, en það verður ekki ítarlega sannað á annan hátt en með réttarprófi. Þær reglur, sem settar eru um það, eru ekki úttæmandi, heldur aðeins settar til leiðbeiningar, því að valdsmanni ber skylda til þess að upplýsa atvik málsins fullkomlega. Það má ganga að því vísu, að það komi oft fyrir, að björgunarmaður, eða verðlaunamaður heimti ekki próf um framgöngu sína af yfirlætisleysi, og er það því yfirleitt skylda valdsmanns að halda próf í hvert sinn, sem líkindi eru til að hans áliti, eða ástæður til þess að veita þessa heiðurspeninga.

Um útlit og gerð peninganna virðist ástæða til að hafa samkeppni meðal listamanna.

Loks hefir Slysavarnafélag Íslands þann 11. jan. s. l. skrifað forsætisráðherra bréf það, sem hér fer á eftir:

„Vér leyfum oss hér með virðingarfyllst, að fara þess á leit við hið háa ráðuneyti, að flýtt verði sem mest má verða, framkvæmdum í því, að koma á fót „Björgunarmedalíu“ þeirri, er svo oft hefir áður verið minnzt á.

Á s. l. tveim árum hafa nokkrir Íslendingar verið sæmdir erlendum björgunarmedalíum, fyrir björgun *erlendra* manna úr sjávarháska hér við land. Á sama tíma hefir einnig nokkrum *íslenzkum* mönnum verið bjargað frá drukknun, bæði af innlendum og erlendum mönnum, en af því að hér er engin björgunarmedalía til, í líkingu við þær, sem notaðar eru erlendis, hefir ekki verið unnt að veita þeim slíka viðurkenningu er bjargað hafa, en það teljum vér mjög óheppilegt, þar sem búast má við, að sú skoðun geti myndazt manna á meðal, að líf íslenzkra ríkisborgara séu minna metin en erlendra“.

Með mikilli virðingu.

F. h. Slysavarnafélags Íslands.

Þorst. Þorsteinsson. *Jón E. Bergsveinsson.*

10. Frumvarp

til laga um réttindi og skyldur embættismanna.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Embættismaður er hver sá, sem fengið hefir ótímabundna skipun til starfs í þágu ríkisins, ef árslaun þau, er fylgja stöðu hans eru ákveðin í launalögum eða öðrum lögum.

2. gr.

Konungur eða ráðherra skipar embættismenn eftir því sem lög mæla fyrir. Sá, sem skipað hefir embættismann getur vikið honum úr embætti.

Ráðherra setur embættismenn til bráðabirgða, nema öðruvísi sé fyrir mælt.

3. gr.

Engan má skipa embættismann nema hann hafi ríkisborgararétt og tali og riti íslenzka tungu.

4. gr.

Nú er embætti laust og skal þá auglýsa það til umsóknar í því blaði, sem flytur auglýsingar stjórnarvalda, með minnst þriggja vikna fresti.

Ráðherra getur þó gert undantekningu frá ákvæðum þessarar gr.

5. gr.

Nú er embætti veitt og skal þá fá embættismanni veitingarbréf.

Í fyrsta sinni, sem manni er veitt embætti, skal hann, áður en hann tekur við því eða samtímis, undirrita eiðstaf eða drengskaparheit að stjórnarskránni og um að gæta embættisstarfs síns með trúmennsku og samvizkusemi.

6. gr.

Embættismaður skal gæta vandlega þeirra laga og reglna, sem um embætti hans gilda og í öllu hegða sér svo, að samboðið sé stöðu hans, hvort sem hann er að embættisverki eða ekki.

7. gr.

Embættismaður skal halda því leyndu, sem hann kemst að vegna stöðu sinnar, ef nauðsyn er á eftir eðli málsins eða leynd er sérstaklega fyrirskipuð. Þagnarskylda helzt þótt hann láti af embætti.

8. gr.

Skylt er embættismanni að láta sér lynda breytingar og aukningar embættisstarfans, þótt ekkert sé um það áskilið í veitingarbréfi.

9. gr.

Embættismaður má ekki taka að sér neitt aukastarf, sem að dómi ráðherra er þannig, að ræksla þess fari í bága við embættisstörfin eða geti valdið því, að hann verði ófær til að inna þau af hendi eða hluta af þeim.

10. gr.

Nú brýtur embættismaður í verulegum atriðum gegn embættisskyldum sínum eða sýnir yfirboðurum sínum vítaverða óhlýðni eða þrjósku og má þá víkja honum úr embætti með eða án fyrirvara, sbr. þó 57. gr. stjórnarskrárinnar.

Rétt er þeim, sem hefir verið vikið úr embætti að bera undir dómstólana hvort nægar sakir hafi verið til brottrekstrarins og skera þeir úr, hvort hinn frávikni embættismaður skuli taka við embætti sínu eða ekki og hvort hann eigi rétt til skaðabóta.

Mál vegna frávikningar úr embætti skal höfða áður 3 mánuðir eru liðnir frá afsetningardegi.

11. gr.

Nú er embættismaður sekur um minni yfirsjónir en þær, sem í 10. gr. segir, og er ráðherra þá rétt að gefa honum áminningu. Embættismaður, sem þrisvar hefir fengið áminningu og bætir ekki ráð sitt er rækur úr embætti. Ef honum er vikið frá getur hann borið undir dómstólana, hvort áminningarnar hafi haft við nægileg rök að styðjast eða ekki. Að öðru leyti fer um málið eins og segir í 10. gr.

12. gr.

Ef embættismaður er ákærður eða grunaður um glæp eða líkur til, að hann hafi unnið verk, sem eru ósamrýmanleg stöðu hans, skal víkja honum úr em-

bætti um stundarsakir, þar til málið er útkljáð, en flýta skal úrslitum svo sem verða má.

Meðan frávikning um stundarsakir stendur yfir, fær embættismaður helming fastra launa, að því leyti sem þau eru greidd í peningum. Verði hann algerlega sýknaður og taki við embætti sínu aftur eða eigi rétt á því, fær hann greiddan hinn helminginn.

13. gr.

Embættismanni, sem verður gjaldþrota og hefir með höndum sjálfstæða fjárgeymslu fyrir ríkið, skal víkja úr embætti meðan þrotabúsmeðferðin stendur yfir og að fullu, ef ráðherra telur ástæðu til. Slík mál verða ekki borin undir dómstóla og laun greiðast ekki, þegar svo stendur á, sem í þessari gr. segir.

14. gr.

Þegar í hlut á embætismaður, sem hefir með höndum sjálfstæða fjárgeymslu eða innheimtu fyrir ríkissjóð, er fjármálaráðherra heimilt að taka af honum embættisstörfin allt að 3 mánuði, meðan að rannsókn á fjárreiðum hans fer fram og setja annan til að gegna embættinu á eigin ábyrgð.

Meðan að svo er ástatt, sem segir í þessari gr. fær embættismaður laun sín óskert.

15. gr.

Nú sýkist embættismaður og greiðir þá ríkissjóður honum lögmælt laun allt að 6 mánuði, ef hann sannar með læknisvottorði, sem ráðherra tekur gilt, að honum verði ekki um sjúkleikann kennt og að veikindunum sé þannig varið, að hann geti ekki gegnt embættinu.

Ákvæði þessarar gr. eiga þó ekki við þegar ætla má, að embættismaðurinn taki ekki við embættinu aftur.

16. gr.

Nú slasast embættismaður meðan hann er gegna embættisstarfi og skal þá ákveða bætur handa honum í fjárlögum eða fjáraukalögum, en fjármálaráðherra gerir tillögu um fjárhæð bótanna.

17. gr.

Ráðherra getur veitt embættismanni frí frá störfum, þó ekki lengur en 1 ár, enda greiðast honum þá ekki laun, nema hann með samþykki ráðherra sjái um rekstur embættisins á sinn kostnað.

18. gr.

Ríkissjóður greiðir árslaun embættismanna venjulega með $^1/_{12}$ mánaðarlega fyrirfram. Endurgreiðsla á sér ekki stað, þótt maður láti af embætti, af hvaða ástæðum sem er, áður sá mánuður er liðinn, sem greiðslan á við.

Sömu reglum skal fylgja um greiðslu eftirlauna, lífeyris og fjárstyrkja eftir 18. gr. fjárlaganna.

19. gr.

Þegar embættismaður flytzt milli embætta tekur hann í fyrsta sinn laun hins nýja embættis 1. dag þess mánaðar, sem næstur er þeim, er hann tók við embættinu.

Þegar maður, sem ekki var embættismaður áður, tekur við embætti nýtur hann launa fyrir þann hluta mánaðarins, sem hann gegnir embættinu.

20. gr.

Nú er embætti lagt niður og á þá embættismaður kröfu á ½ árs launum, ef hann tekur ekki við öðru starfi í þágu ríkisins. Sé hið nýja starf lægra launað á hann kröfu á mismuninum hið fyrsta missiri.

21. gr.

Embættimaður, sem ekki hefir hærri árslaun en 3000 kr. getur tryggingarlaust fengið skyndilán úr ríkissjóði, er nemur allt að ½ árslaunum, ef fjármálaráðherra telur nauðsyn á vegna fjárhags hans. Þessi lán endurborgast á allt að 2 árum, ávaxtast með 5 af hundraði á ári og dragast frá launum embættismannsins í jöfnum mánaðargreiðslum frá 1. þess mánaðar, sem næstur fer eftir lántökuna.

Nú eru árslaun embættismanns hærri en 3000 kr. og getur hann þá fengið skyndilán eins og segir í 1. málsgr. þessarar gr., ef hann hefir þurft að leggja í kostnað vegna sjúkdóms, hans sjálfs eða skylduliðs hans, eða flutnings milli embætta.

Sá, sem hefir fengið skyndilán, getur ekki fengið nýtt lán samskonar fyrr en 1 ár er liðið frá því næsta lán á undan var að fullu greitt.

Um skyndilán, sem veitt hafa verið áður lög þessi öðluðust gildi, fer eftir samningum um þau.

22. gr.

Embættismaður, sem er lagt ókeypis húsnæði, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum og leigjendur almennt, nema öðru vísi sé ákveðið.

23. gr.

Hafi sami maður tvö embætti á hendi, þá skal hann missa svo mikils af launum samanlögðum, að svari helmingi minni launanna, eða, ef launin eru jafnhá, ¼ af þeim samanlögðum.

24. gr.

Embættismaður er skyldur til að gegna um stundarsakir endurgjaldslaust störfum æðra embættis en sjálfs hans, í sömu stjórnargrein.

Nú er embættismaður settur í annað embætti og verður þess vegna að láta af að gegna sínu eigin embætti og má þá veita honum öll launin, auk endurgjalds ferðakostnaðar, enda tekur hann þá ekki þau laun, sem hans embætti fylgja. Ef hann gegnir báðum embættunum í einu, skal auk launa þeirra, er fylgja embætti hans sjálfs, veita honum þóknun, sem þó má ekki fara fram úr helmingi af launum þess embættis, sem hann er settur í.

Nú er maður, sem ekki er í embætti, settur í embætti, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er því embætti fylgja, þó skal sá, sem biðlaun hefir eða eftirlaun, missa jafnmikils í og þeim nemur.

25. gr.

Allir þeir embættismenn, sem árlega taka fé úr ríkissjóði til endurgjalds embættiskostnaði, eru skyldir að senda ráðherra greinilega, sundurliðaða skýrslu um þennan kostnað í lok hvers almanaksárs.

26. gr.

Embættismaður getur sagt lausu embætti sínu með þriggja mánaða fyrirvara. Ráðherra getur samþykkt, að frestur sá sé styttri.

27. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld þessi lagaákvæði:

1. Tilskipun 15. jan. 1776, um skilriki fyrir fæðingarétti.
2. Tilskipun 27. september 1799, um takmörk prentfrelsisins, að því leyti sem hún er ekki áður úr lögum numin.
3. Konungsbréf 8. apríl 1844, um íslenzkukunnáttu þeirra, er sækja um embætti á Íslandi.
4. Opið bréf 31. maí 1855, um ávísanir embættislauna og þesskonar sem og um borgun slíkra launa fyrir fram.
5. Konungsúrskurður 27. maí 1857, um íslenzkukunnáttu embættismannaefna.
6. Konungsúrskurður 8. febrúar 1863, um próf í íslenzku.
7. Lög nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, 1.—5. gr.

Ennfremur eru úr gildi felld þau lagaákvæði, sem fara kunna í bága við þessi lög.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Stjórninni hefir þótt ástæða til að safna saman í einn bálk þeim tiltölulega fáu eldri lagaákvæðum, sem til eru, um skyldur og réttindi embættismanna, breyta þeim í ýmsu og auka við því, sem mest virðist aðkallandi. Því verður tæpast neitað, að löggjöf sú, sem nú gildir, er í sumum atriðum svo ósamræm nútíðarhugsunarhætti og nútíðarkröfum, að full ástæða er til að taka þessi ákvæði til endurskoðunar. Væntanlega verður því ekki heldur neitað, að þessi löggjöf er ófullkomin. Í hana vantar ýmis ákvæði, sem eru nauðsynleg bæði til þess að tryggja samræmi í meðferð framkvæmdavaldsins á þessum málum og til þess að meira öryggi sé um, hvað má heimta og hvað ber að varast. Lög um þetta efni sýnast því æskileg bæði vegna framkvæmdavaldsins og embættismanna. Það er sérstaklega nauðsynlegt að gera það, sem unnt er til þess að tryggja, að embættismenn landsins sæti samskonar meðferð mála og að meiri vissa sé um, að

hverju er að ganga og hverjar séu skyldur þeirra og réttindi. Um skyldur þeirra eru að sönnu allýtarleg ákvæði í 13. kap. hinna almennu hegningarlaga, en þau ákvæði lúta aðeins að refsiverðu athæfi og er ekki við þeim bálk hróflað hér.

Það hefir verið viðurkennt, að skipun í embætti sé starfssamningur, sem gilda eigi, nema annað sé tekið fram sérstaklega, meðan hann er ekki brotinn annað hvort með verknaði eða vanrækslu, hvort sem hún stafar af því, sem embættismanni verður talið sjálfrátt, svo sem venjulegt skeytingarleysi, eða ósjálfrátt svo sem elli eða vanheilsa. Fyrir því á embættismaðurinn að vera tryggður gegn því, að hann sé settur af að ástæðulausu og hann á að hafa heimild til að leita um þetta álits þess valds þjóðfélagsins, sem til þess er sett að skera úr deilum manna.

Ýmsar þjóðir hafa sett aldurshámark embættismanna. Í Danmörku mega t. d. ekki eldri menn en 70 ára vera í embættum nema dómarar. Slíkt ákvæði hefir ekki verið tekið upp í þetta frv., enda sýnist þess tæplega þörf, því að það er ótítt hér á landi, að menn yfir 70 ára gegni embættum og lægra aldurstakmark er varla rétt að setja, hvorki vegna embættismanna né ríkissjóðs.

Það er að sjálfsögðu álitamál, hvað taka beri í lög sem þessi og má búast við, að um það verði deilt. Líklegra sýnist þó, að fremur sé tekið hér of fátt en of margt.

Um hinar einstöku gr. frv. þykir rétt að taka fram það, sem hér segir:

Um 1. gr.

Áður langt líður hlýtur launakerfi embættismanna að verða endurskoðað og er þá varla efi á, að miklu fleiri laun verða þá ákveðin í launalögum en nú er. Við þetta hlýtur embættismanns-hugtakið að verða yfirgripsmeira, en til þess að ákvæði frv. eigi við um alla, sem því er ætlað að ná til, virðist verða að ákveða hugtak þetta eins og hér er gert.

Um 2. gr.

Í þessari gr. er ekki annað en það, sem er í lögum og er helgað af venju.

Um 3. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 4. gr.

Það hefir verið venja að auglýsa laus embætti til umsóknar, þó að stundum hafi verið út af því brugðið. Þessa venju sýnist réttast að löghelga, en jafnframt er rétt að geta þess, að þótt ráðherra sé heimilað að víkja frá þessu, þá er þó tilætlunin, að það sé ekki gert nema þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Um 5. gr.

Er í samræmi við venjur, sem fylgt hefir verið og gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar gr. virðast sjálfsögð.

Um 7. gr.

Þarfnast engra skýringa.

Um 8. gr.

Þessi gr. svarar til 2. gr. launalaganna frá 28. nóv. 1919.

Um 9. gr.

Það liggur í hlutarins eðli, að embættismanni hlýtur að vera óheimilt að taka að sér störf, sem á einhvern hátt geta farið í bága við embættisstörf hans. Embættismaðurinn hefir lofað starfskröftum sínum til ákveðins starfs og hann getur því ekki, nema með því að rjúfa þann samning sem liggur til grundvallar veitingunni, notað starfsorku sína til verka, sem gera hann óhæfan til að inna embættisstörfin af hendi. Mat á þessu er varla hægt að fela öðrum en yfirmönnum hans.

Um 10. gr.

Í þessari gr. er eingöngu átt við afsetningu, sem framkvæmdavaldið afræður, en ekki við afsetningu með dómi, sem er miklu fátíðari. Eins og vikið er að í hinni almennu athugasemd virðist rétt að gefa embættismanni skýlausan rétt til að fá úrskurð dómstóla um réttmæti eða óréttmæti frávikningar. Embættismaður, sem vikið er frá að ósekju eða án nægra saka á að fá aftur embætti sitt, ef hann vill og bætur fyrir skaða sinn að auki. Þetta er í samræmi við almennar réttarfarsreglur.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru alveg ný og miða að því að láta embættismenn hafa frekara aðhald en verið hefir, án þess þó að svipta þá nokkrum rétti. Ákvæði gr. mundu sennilega einkum verða notuð gagnvart embættismönnum, sem eru hirðulausir um störf sín.

Um 12. gr.

Þessi gr. þarf varla rökstuðnings, en er þó nauðsynleg til þess að skýr fyrirmæli séu, um hvaða kröfur embættismaður á og hvaða skyldur hvíla á ríkissjóði.

Um 13. gr.

Gr. er í samræmi við þær reglur, sem mun hafa verið fylgt, og sýnist ekki þurfa skýringa.

Um 14. gr.

Innihald þessarar gr. er nýmæli. Það ræður af líkum, að mjög er erfitt með skoðun, sem er framkvæmd á fáum dögum að sannreyna, hvort fjárreiður allar eru í lagi hjá þeim embættismanni, sem hefir á hendi margháttaðar og ósamkynja fjárgeymslu og innheimtu. Hér er því stungið upp á að gefa fjármálaráðherra heimild til að setja annan mann til bráðabirgða í embættið, til þess að sannreyna hvort allt er í lagi. Þetta getur að sönnu orðið nokkur kostnaður

fyrir ríkissjóð, en tæpast er í það horfandi, enda gengið út frá, að þessi heimild verði ekki notuð nema brýnt tilefni þyki til, svo sem sein skil embættismanns, miklar eftirstöðvar í árslok eða þess háttar.

Um 15. gr.

Hingað til hefir ýmsum reglum verið fylgt um launagreiðslur, ef embættismaður hefir veikst. Tilgangurinn með gr. er að slá fastri ákveðinni reglu, til þess að fyrirbyggja ósamræmi.

Um 16. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 17. gr.

Þessi gr. þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Er að mestu í samræmi við opið bréf 31. maí 1855 og þær reglur, sem hingað til hefir verið fylgt.

Um 19. gr.

Skýringar sýnast óþarfar.

Um 20. gr.

Í gildandi lögum munu engin ákvæði til um rétt embættismanns, þegar embætti hans er lagt niður. Minni rétt en þann, sem gr. ráðgerir, virðist varla unnt að gera ráð fyrir.

Um 21. gr.

Ákvæði þessarar gr. um skyndilán eru svipuð þeim reglum, sem gilt hafa hingað til. Ástæðulaust sýnist að lán þessi séu vaxtalaus.

Um 22.—25. gr.

Þessar gr. eru að efni til eins og 1. og 3.—5. gr. gildandi launalaga frá 28. nóv. 1919, en eru teknar hér upp til þess að skapa heild.

Um 27.—28. gr.

Það mun hafa verið álitið, að embættismenn hafi rétt til að segja lausu embættinu þegar þeir vilja. Þenna rétt sýnist ekkert á móti að lögfesta, þó þannig að ríkið eigi kröfu á nokkrum uppsagnarfresti, ef ráðh. þykir þörf á. Hinsvegar er gengið út frá, að sjaldan muni þurfa til þess að taka að neita embættismanni um lausn á þeim tíma er hann óskar.

Um 27.—28. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

11. Frumvarp

til laga um að prestlaunasjóður skuli felldur niður, og um innheimtu prestsgjalda.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Prestlaunasjóður er felldur niður. Allt fé, er til sjóðs þessa skyldi falla, rennur framvegis til ríkissjóðs, sem launar prófasta og sóknarpresta þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Sýslumenn, bæjarfógetar og tollstjórinn í Reykjavík innheimta hin lögmæltu prestsgjöld og greiða í ríkissjóð, að frádregnum 6% fyrir innheimtuna.

Prestsgjald fellur í gjalddaga 1. apríl.

Sóknarnefndir ljúka innheimtu gjalda, sem fallin eru í gjalddaga.

Sóknarnefndir skulu senda hlutaðeigandi innheimtumanni, ekki síðar en í lok janúarmánaðar, skýrslur, eins og til þessa hafa verið gerðar, um gjaldskylda menn.

3. gr.

Ákvæði laga nr. 46, nr. 47 og nr. 50 frá 1907, og nr. 40 frá 1909, er ekki samrímast lögum þessum, taka viðeigandi breytingum, svo eru úr gildi numin önnur ákvæði, er fara í bága við lögin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1933.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Prestlaunasjóðurinn hefir í rauninni frá byrjun (1907) aldrei verið til nema á pappírnum. Ríkissjóður hefir alla tíð orðið að greiða meginið af því fé, er þurft hefir til launa handa prestunum, og það er nú sýnt að ríkissjóður verður að halda þeim framlögum áfram. Kirkjujarðasjóður hefir jafnan orðið að greiða mikinn kostnað og óhjákvæmilegan vegna prestssetra og annarra kirkjueigna, sem að öðrum kosti hefði lent á ríkissjóðnum, auk þess sem sá sjóður á nú samkvæmt nýjum lögum að leggja fram vaxtalág lán til húsa á prestssetrum til móts við ríkissjóðsstyrk. Má því ekki vænta svo mikils fjár úr kirkjujarðasjóði eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Prestlaunasjóður getur því ekki haft þær tekjur, að hann gæti innt það hlutverk af hendi, er honum var ætlað í byrjun, og verður þá eigi séð, hvers vegna ætti að halda honum sem sérstökum sjóði. Slíkt væri fyrirhöfnin ein. Er því lagt til að prestlaunasjóðurinn sé felldur niður, og að allar tekjur hans renni í ríkissjóð.

Innheimtu prestsgjalda, sem hefir verið í höndum sóknarnefnda, þykir rétt að fela valdsmönnum þeim, er greinir í frumvarpinu. Þeir innheimta hvort sem

er gjöld á öllum heimilum hvers umdæmis, og þeir hafa að öllu betri aðstöðu í þessum efnum en sóknarnefndirnar.

Vegna þess að tíminn er fullnaumur frá manntali til núverandi gjalddaga prestsgjalda (31. desember), þykir heppilegra að hafa gjalddagann 1. apríl.

Rétt hefir þótt að gera ráð fyrir, að valdsmenn þessir njóti þess hundraðshluta af gjöldunum, sem sóknarnefndir hafa notið til þessa.

12. Frumvarp

til laga um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Árin 1933—1937, að báðum meðtöldum, greiðir ríkissjóður sýslumönnum og bæjarfógetum árlega skrifstofufé, þar með talin borgun fyrir söfnun innflutningsskýrslna, eins og hér segir:

1.	Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði	kr.	11500,00
2.	– Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	—	4100,00
3.	– Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	—	4100,00
4.	– Dalasýslu	—	1100,00
5.	– Barðastrandarsýslu	—	4800,00
6.	– Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	—	13000,00
7.	– Strandasýslu	—	2500,00
8.	– Húnavatnssýslu	—	4100,00
9.	– Skagafjarðarsýslu	—	4100,00
10.	– Siglufjarðarkaupstað	—	7500,00
11.	– Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað	—	11000,00
12.	– Þingeyjasýslu	—	4500,00
13.	– Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað	—	7500,00
14.	– Neskaupstað	—	2500,00
15.	– Suður-Múlasýslu	—	7000,00
16.	– Skaftafellssýslu	—	3000,00
17.	– Vestmannaeyjakaupstað	—	9300,00
18.	– Rangárvallasýslu	—	2000,00
19.	– Árnessýslu	—	5800,00
		Kr.	109400,00

2. gr.

Nú hækkar gengi gjaldeyris eða lækkar, miðað við það sem það var gagnvart gulli hinn 1. janúar 1933 og lækkar þá skrifstofufé eða hækkar sem því

svarar, þó þannig, að minni breyting en 10% er ekki tekin til greina og ekki fyrr en um næstu áramót á eftir.

3. gr.

Skrifstofufé greiðist með $^1/_{12}$ mánaðarlega fyrirfram.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt er úr lögum numin 5. málsgr. 11. gr. laga nr. 71, 28. nóvbr. 1919, um laun embættismanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í 11. gr. launalaganna, 28. nóvbr. 1919 er svo fyrir mælt, að dómsmálaráðherra skuli ákveða skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn. Þessum fyrirmælum hefir ekki verið fylgt heldur hefir þessi kostnaður verið ákveðinn árlega. Það sýnist því réttast að nema þetta ákvæði úr gildi og láta löggjafarvaldið ákveða skrifstofufé, svo að ekki sé reipdráttur um það á hverju ári. Að öðrum kosti er og hætt við að ósamræmi verði milli fjárlaga og landsreiknings.

Síðan launalögin komu í gildi hefir skrifstofufé verið eins og hér segir:

	Áætlun	LR.
1920	Engin	kr. 80500
1921	—	— 80500
1922	kr. 80000	— 69250
1923	— 50000	— 61545
1924	— 42000	— 61559,90
1925	— 42000	— 84000
1926	— 84000	— 92300
1927	— 92000	— 94833,26
1928	— 96000	— 100050
1929	— 100000	— 99800
1930	— 100000	— 103940,03
1931	— 100000	— 108700
1932	— 100000	— 110200

Í fjárlögum 1933 eru aðeins veittar 90000 kr. og mun ekki vera unnt að komast af með svo lítið.

Borgunin fyrir söfnun innflutningsskýrslna hefir oft numið talsverðu og sýnist réttast að fela hana í skrifstofufénu, sem þá hlýtur að hækka nokkuð.

Að sjálfsögðu er álitamál hvernig ákveða skuli kostnað þenna, svo að samræmi sé í, en hér hefir verið höfð hliðsjón af skiptingunni undanfarið.

Hinar einstöku gr. frv. þarfnast ekki skýringa.

13. Frumvarp

til laga um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar og í Reykjavík lögmaður, skulu, þegar eftir að lög þessi öðlast gildi, gera skrá, hver fyrir sitt umdæmi, um þau þinglýst veðbréf í fasteignum, sem dagsett eru fyrir 1. janúar 1905 og ekki hafa verið afmáð úr veðmálabókunum.

Í skrár þær, sem um er getið í 1. málsgr., skal þó ekki taka þau fasteignaveðsbréf, er standa skulu um aldur og æfi eða alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma svo langan, að þau hafi ekki átt að vera greidd að fullu fyrir 1. janúar 1930.

2. gr.

Þegar skrár þær, sem í 1. gr. getur, eru fullgerðar, skal hlutaðeigandi dómari senda eigendum þeirra fasteigna, sem veðsettar eru, og eigendum veðbréfanna fyrirspurn um, hvort veðskuldin muni vera greidd eða ekki.

Nú bera afsals- og veðmálabækur ekki með sér hver er eigandi fasteignar og er dómara þá ekki skylt að senda honum fyrirspurn eftir 1. málsgr. þessarar gr., nema hann á annan hátt viti um eigandann. Hið sama er, ef veðbréf sýnir ekki ekki hver er eigandi þess, eða hann er látinn eða óvíst um bústað hans eða hann er fluttur af landi burt eða stofnun á í hlut, sem liðin er undir lok.

3. gr.

Nú berst dómara svar eða svör við fyrirspurn, sem hann hefir sent samkvæmt 2. gr., og skal hann þá, ef það eða þau að áliti hans sýna, að veðbréf það, sem við er átt, sé ekki greitt að fullu, gera athugasemd um þetta í veðmálabókinni, þar sem veðbréfið er skráð og í fasteignaveðaskránni. Jafnfram gerir hann athugasemd um þetta í skrá þá, sem í 1. gr. getur.

4. gr.

Nú eru liðnir 4 mánuðir frá því fyrirspurnir þær, sem um er rætt í 2. gr., voru sendar, og skal þá dómari gefa út opinbera stefnu í samræmi við reglurnar um ógildingu viðskiptabréfa með dómi, til ógildingar þeirra veðbréfa, sem í skrá eru tekin samkvæmt 1. gr. og ekki falla burtu eftir reglum 2. og 3. gr., vegna þess að þau eru ekki að fullu greidd. Stefna skal í einni stefnu í lögsagnarumdæmi hverju og birtir dómari stefnuna þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Fyrir birtinguna greiðist ekkert gjald.

Stefnur samkvæmt þessari gr. skal birta fyrir 1. apríl 1934.

5. gr.

Þau mál, sem 4. gr. ræðir um, skulu rekin fyrir aukarétti, þar sem dómari er búsettur. Réttargjöld greiðast ekki í þeim málum.

6. gr.

Nú gefur einhver sig fram á þeim degi, sem til er tekinn í stefnunni eða áður og færir þær líkur eða sannanir, er dómari tekur gildar, fyrir því að það veðskuldabréf, sem um ræðir, sé ekki að fullu greitt, og fellur þá málið niður, að því leyti sem það bréf snertir, en dómari gerir athugasemd í veðmálabók um þetta eftir reglum 3. gr.

7. gr.

Nú gefur einhver sig fram og skýrir frá, að umstefnt veðskuldabréf sé enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur, ekki styttri en 1 mánuður og ekki lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnur á það, að eigandi hinnar veðsettu eignar kannist við veðskuldbindinguna eða að veðhafi hafi undirbúið málssókn til ógildingar bréfinu. Ef veðhafi gerir hvorugt fer um bréfið eins og segir í 8. gr., en kannist eigandi fasteignarinnar við veðskuldbindinguna fer um það eftir 6. gr., ella skal bíða dóms í hinu nýja máli og fer þá um bréfið eftir úrslitum hans.

8. gr.

Um það veðskuldabréf, sem enginn gefur sig fram sem eigandi að, í síðasta lagi á þeim degi, er stefna tilgreinir, skal með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókum og skal það síðan gert ókeypis og vísað til heimildar í dóminum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það er ekki ótítt, að þegar eigendur fasteigna ætla að fá lán gegn veði í þeim, þá kemur það í ljós, að á þeim hvíla óaflýst veðbönd skulda, sem eru greiddar, svo að ekkert getur orðið af lántöku fyrr en fenginn hefir verið ógildingardómur, en það tekur langan tíma og veldur talsverðum kostnaði.

Þetta getur verið eigendum fasteigna hið mesta óhagræði og stundum eiga þeir sjálfir engan þátt í því, að greiddu veðbréfi hefir ekki verið aflýst, en þótt þeir eigi sjálfir sök á því, og þótt þess vegna mætti segja, að þeir væru sjálfir næstir til að bera óhagræðið af sínu eigin hirðuleysi, þá ber og á hitt að líta, að þetta kemur eða getur komið niður á ýmsum öðrum. Hér er um að ræða atriði, sem við kemur viðskiptalífinu í heild. Afsals- og veðmálabækur eru svo merkur þáttur í lánaviðskiptum þjóðarinnar, að stjórn og þingi er skylt að gera það, sem hægt er til þess að sjá um, að þær sýni sem réttasta mynd af veðskuldbindingum á hverjum tíma.

Hér á landi hafa tvisvar áður verið gefin út lög með svipuðu innihaldi. Hin fyrri 16. sept. 1893 og hin síðari 6. nóvember 1897. Ástæðurnar til þess, að svo skammt var milli þessara tvennu laga voru alveg sérstakar. En nú eru liðin 35 ár síðan hin seinni lögin voru gefin út og því hefir stjórninni þótt

tími kominn til að gera undirbúning að því, er nefna mætti nýja endurskoðun veðmálabókanna.

Þetta frv. er í nokkuð öðrum búningi, en þau lög, sem áður hafa verið gefin út um þetta efni og hefir þar verið reynt að taka hæfilegt tillit til vaxandi veðlánaviðskipta með því að gera skuldaeigendum léttara fyrir um að halda kröfum sínum í fullu gildi, enda verður að gæta þess nákvæmlega, að um leið og hin áðurnefnda endurskoðun veðmálabókanna fer fram, sé eigendum veðbréfanna ekki gert erfiðara fyrir en minnst er þörf á.

Um hinar einstöku gr. frv. þykir ástæða til að taka það fram, sem hér segir:

Um 1. gr.

Að sjálfsögðu er það álitamál hvaða tíma á að velja að því er við kemur dagsetningu hinna innkölluðu veðbréfa, og hvenær þau hafi átt að vera greidd. Um slíkt má lengi deila, en út af því ætti ekki að geta orðið verulegur ágreiningur, ef annars er gengið inn á hugmyndina.

Um 2. gr.

Það virðist nauðsynlegt að gera í hverju lögsagnarumdæmi skrá yfir þau bréf, sem ætla má að afmá eigi úr veðmálabókunum, en einmitt af því að án efa eru mörg veðbréf enn ógreidd af þeim, sem gefin hafa verið út fyrir 1905, er sjálfsagt að aðvara eigendur þeirra og þurfa þá t. d. bankar ekki annað en tilkynna dómurum hver hinna umræddu bréfa eru greidd að fullu og hver ekki.

Um 3. gr.

Dómara er hér falið að meta hvaða svör eru svo fullnægjandi, að ekki þurfi að stefna út af þeim skuldabréfum, sem þau ræða um. Gengið er út frá, að slík svör frá bönkum og opinberum lánstofnunum verði jafnan tekin gild.

Um 4. gr.

Ef ekki koma fullnægjandi svör við fyrirspurnum dómara innan 4 mánaða, þykir hæfilegt að gefa út ógildingarstefnu um slík bréf og er sjálfsagt að sú stefna sé sniðin eftir reglum um ógildingarstefnur viðskiptabréfa yfirleitt, sbr. lög nr. 30, 3. nóv. 1915. Dómsmál verður að höfða út af þessu, því að þinglýsing hefir jafnan verið talin dómsathöfn og annað, sem að henni lýtur. Til þess að fyrirbyggja kostnað og fyrirhöfn sýnist sjálfsagt að aðeins eitt mál sé höfðað í hverju lögsagnarumdæmi. Ekki er ætlazt til að Lögbirtingablaðið fái borgun fyrir birtinguna, en það þýðir, að hið opinbera greiðir hana.

Til þess að mál allra lögsagnarumdæmanna verði á ferð að mestu samtímis er gert ráð fyrir, að allar stefnurnar séu birtar fyrir 1. apríl 1934. Er þetta bein fyrirskipun svo að vanræksla er, ef ekki er eftir því farið.

Um 5. gr.

Ríkissjóður verður að gefa eftir réttargjöld í þessum málum. Annars á ekki að verða beinn kostnaður af málunum. Hins vegar er mikið starf lagt á dómarana með frv. yfirleitt.

Um 6. gr.

Það er ekki gert að skilyrði í þessari gr. fyrir því að mál um veðbréf falli niður, að það sé sýnt dómara. Það þykir rétt að leggja það algerlega á vald dómara að skera úr, hvort hann telji nægar sannanir fram komnar fyrir því, að veðbréf sé lifandi eða ekki.

Um 7. gr.

Þessi gr. virðist ekki gefa tilefni til athugasemda að öðru leyti en því, að þegar ógildingarmál er höfðað til þess að halda gildi veðbréfs, þá þarf aðalmálið ekki að bíða úrslita þess máls, heldur má í dómi aðalmálsins vísa til hins sérstaka máls og fella aðalmálið niður að því er snertr það veðbréf, sem hið sérstaka mál fjallar um.

Um 8. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 9. gr.

Rétt virðist að láta lögin öðlast þegar gildi, svo að undirbúningur skránna, sem í sumum lögsagnarumdæmum er mikið verk, geti byrjað strax og frv. er orðið að lögum.

14. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

Ríkisborgararéttur veitist þeim mönnum, sem hér segir.

1. Brynjólfi Björnssyni stud. polit., fæddum í Danmörku.
2. Frede Jensen vefara, fæddum í Danmörku.
3. Peder Ragnvald Sims Olsen Vidnæs verkamanni, fæddum í Noregi.

Ríkisborgararéttur þessara manna er þó því skilyrði bundinn, að þeir áður ár er liðið frá því, er lög þessi öðlast gildi, sanni fyrir dómsmálaráðherra, að þeir eigi ekki ríkisborgararétt þar, sem þeir eru fæddir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

1. Brynjólfur Björnsson stud. polit er fæddur í Kaupmannahöfn 3. sept. 1909. Foreldrar voru báðir íslenzkir. Hann talar og ritar íslenzku og ætlar að setjast hér að að afloknu námi.
2. Frede Jensen vefari er fæddur 26. ágúst 1898 í Yding Jótlandi. Fluttist til Íslands í ágústmánuði 1927 og hefir dvalið hér á landi síðan. Giftist 1932 íslenzkri konu.
3. Peter R. S. Olsen Vidnæs verkamaður er fæddur Vidnæs Vannylven Noregi 21. apríl 1901. Fluttist til Íslands í marz 1928. Giftist 1929 íslenzkri konu.

15. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóvember 1919 um laun embættismanna.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Upphaf 13. gr. laganna orðist svo:
Heilsuhælislæknarnir á Vífilsstöðum og í Kristnesi o. s. frv.

2. gr.

Aftan við sömu grein bætist:
Aldursuppbót núverandi heilsuhælislæknis í Kristnesi miðast við þann tíma, er hann tók við forstöðu hælisins, 1. október 1927.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Heilsuhælislæknirinn í Kristnesi óskar eftir því að staða sín verði tryggð með því að fella hana inn í launalögin og gera hana hliðstæða stöðu heilsuhælislæknisins á Vífilstöðum.

Stjórn hælisins er þessu samþykk.

Verður það og að teljast að öllu leyti sanngjarnt, með því að ekki er ágreiningur um að núverandi læknir verði áfram fastur yfirlæknis hælisins.

Ákvæðið um aldursuppbótina miðast við það, að laun læknisins hafa verið kr. 4000.00 auk fríðinda og 40% dýrtíðaruppbótar, og mundu þau lækka verulega án þessa ákvæðis, sem ekki getur talist sanngjarnt.

16. Frumvarp

til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

I. KAFLI

Orðaskýringar og almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum hafa orð þau, er nefnd eru hér á eftir, þá merking, sem tilfærð er við hvert þeirra.

„Útlönd" merkir öll lönd önnur en Ísland.

„Skip" tekur yfir sérhvert fljótandi far.

„Aðkomuskip“ er hvert skip, sem hér kemur að landi, ef það annaðhvort síðast hefir lagt út frá útlöndum eða á leið sinni tekið við mönnum eða farangri frá öðru skipi, er síðast hefir lagt út frá útlöndum. Er skipið aðkomuskip þar til það hefir fengið heilbrigðisvottorð á íslenzkri höfn.

„Sóttgæzluskírteini“ merkir skírteini gefið út af heilbrigðisyfirvaldi því, er í hlut á, um það, hvort nokkur erlend eða önnur sérstaklega tilgreind næm sótt gangi á brottfararstaðnum eða þar í nánd.

„Erlendar sóttir“ tekur yfir pest (pestis), austurlenzka kóleru, (cholera asiatica), bólusótt (variola), dílasótt (typhus exanthematicus), blóðkreppusótt (dysenteria tropica) og gula hitasótt (febris flava).

„Heilbrigðisvottorð“ merkir vottorð, er aðkomuskip fær hjá sóttgæzlumanni á komustað sínum hér við land, þess efnis, að ekkert sé því til fyrirstöðu samkvæmt lögum þessum, að mönnum eða farangri frá skipinu sé hleypt í land á höfnum á Íslandi.

„Sóttgæzlumaður“ er sá maður í hafnarstað á Íslandi, er samkvæmt lögum þessum skal skoða sóttgæzluskírteini aðkomuskipa og veita þeim heilbrigðisvottorð.

„Höfn“ merkir löggilta höfn, þar sem sóttgæzlumaður er (5. gr.).

„Farangur“ tekur yfir alla lausa muni í skipi, líka afla.

„Bannaður farangur“ merkir farangur, sem ráðherra hefir bannað með auglýsingu að flytja inn vegna sótthættu eða þá bundið hann vissum skilyrðum (22. gr.).

2. gr.

Skipstjóri á skipi, sem fer frá útlöndum til Íslands og ætlar sér að hafa samband við land eða landsbúa, en tekur ekki með sér sóttgæzluskírteini (sbr. 1. gr.), skal kynna sér, hvort alvarlegir, næmir sjúkdómar ganga á brottfararstaðnum eða þar í nánd um það leyti, sem hann leggur af stað, og vera við því búinn að láta í té skriflega yfirlýsingu þar að lútandi samkvæmt 8. gr.

3. gr.

Ekkert aðkomuskip má, nema tilneytt sé, hleypa mönnum eða farangri í land, né hafa annað samband við land eða landsbúa, annarsstaðar en á höfnum, sbr. 7. gr.

4. gr.

Íslenzk skip skulu ekki utan hafna, hvorki innan landhelgi né utan, taka við mönnum né farangri úr aðkomuskipum, hleypa mönnum út í slík skip né hafa önnur mök við þau eða menn úr þeim, nema tilneydd séu.

II. KAFLI

Sóttvarnarnefndir og sóttvarnarhús.

5. gr.

Sóttvarnarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og á hverjum löggiltum verzlunarstað hér á landi, þar sem föst verzlun er.

Í kaupstöðum skulu í nefndinni vera bæjarfógeti (í Reykjavík tollstjóri), héraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki. Bæjarfógeti (í Reykjavík tollstjóri) er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Á öllum öðrum stöðum skal í nefndinni vera sýslumaður, hafi hann aðsetur þar á staðnum, héraðslæknir og einn maður, er sýslunefnd kýs, búsettur þar. Hafi sýslumaður eigi aðsetur á verzlunarstaðnum, skal umboðsmaður hans þar koma í hans stað. Sýslumaður eða umboðsmaður hans er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Sóttvarnarnefndir skulu sjá um, að lögum þessum sé hlýtt.

Hafnsögumönnum, hreppstjórum, bæja- og sveitarstjórnum er skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir við skyldustörf þeirra.

Sóttvarnarnefndir og héraðslæknar skulu við framkvæmdir þessara laga, jafnan þegar unnt er, leita sem nánastra leiðbeininga landlæknis. Þegar um meiri háttar ráðstafanir er að ræða, skal, ef við verður komið, leita fyrirfram samþykkis ráðherra, og einkum, ef um er að ræða ráðstafanir samkvæmt ákvæðum 3. málsgreinar 8. greinar, 13.—18., 20. og 21. greinar, en tilkynna skal annars tafarlaust allar þess háttar ráðstafanir, sem gerðar eru án slíks samþykkis.

Ráðherra setur að öðru leyti reglur um störf sóttvarnarnefnda.

6. gr.

Í Reykjavík skal vera sóttvarnarhús fyrir allt landið, Sóttvarnarhús ríkisins, er sé jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá. Sóttvarnarnefndin í Reykjavík skal hafa umsjón yfir húsinu, annast viðhald á því og öllum útbúnaði þess, og ráða þjónustufólk eftir þörfum, er jafnan sé til taks.

Héraðslæknirinn í Reykjavík annast lækningu þeirra sjúklinga, sem hafðir eru í sóttvarnarhúsinu, nema ráðherra skipi til þess annan lækni.

Ráðherra setur reglur um afnot sóttvarnarhússins.

III. KAFLI

Almenn ákvæði um varnir gegn næmum sjúkdómum.

7. gr.

Nú vill aðkomuskip hleypa mönnum eða farangri á land á höfn eða hafa önnur mök við land eða menn úr landi, sbr. 3. gr., og skal það þá bíða þess, að sóttgæzlumaður (eða í kaupstöðum fyrir hans hönd tollgæzlumaður eða lögregluþjónn) komi út að skipinu eða út í skipið. Gerir skipstjóri sóttgæzlumanni grein fyrir heilsufari manna á skipinu og leggur fyrir hann sóttgæzluskírteini þess ef til er. Á undan sóttgæzlumanni má enginn fara út í skipið úr landi né frá öðrum skipum, nema hafnsögumaður, ef nauðsyn krefur, og enginn má fara úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður né sóttgæzlumaður, engan farangur setja á land né í önnur skip, og engin mök hafa við land eða

menn úr landi fram yfir það, sem leiðir af ákvæðum 8. greinar, fyrr en skipstjóri hefir fengið heilbrigðisvottorð samkvæmt 8. grein.

8. gr.

Nú leggur skipstjóri á aðkomuskipi fram fullgilt sóttgæzluskírteini, og er þess eigi getið í því, og heldur eigi kunnugt eða grunað á annan hátt, að á brottfararstað skipsins hafi gengið alvarlegur, næmur sjúkdómur. Skal þá sóttgæzlumaður þegar veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lýsir því yfir fyrir honum, að í skipinu séu eigi eða hafi verið á leiðinni menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á að væru næmir, og að hann viti ekki til, að skipið geti verið sóttmengað á annan hátt.

Hafi skipið ekkert eða ekki fullgilt sóttgæzluskírteini, skal sóttgæzlumaður engu að síður að jafnaði tafarlaust veita því heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lætur honum í té skriflega yfirlýsingu upp á æru og samvizku um, að honum sé ekki kunnugt um, að á brottfararstaðnum hafi gengið neinn alvarlegur næmur sjúkdómur, að á skipinu séu eigi eða hafi verið, hvorki á brottfararstaðnum né á leiðinni, menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á, að væru næmir, eða lík manna, sem dánir séu úr næmum sjúkdómum og að hann viti ekki til, að skipið geti verið sóttmengað á annan hátt.

Ef þess er getið í sóttgæzluskírteini skipsins, eða kunnugt eða grunað á annan hátt, að næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum, ef sjúkir menn eru eða hafa verið á skipinu á leiðinni, eða lík, og grunur er á, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða, eða grunur er um sóttmengan skipsins á annan hátt, svo og ef framburður eða vottorð skipstjóra er á einhvern hátt tortryggilegt, þá má eigi veita heilbrigðisvottorð fyrr en héraðslæknir hefir rannsakað skipið og sagt fyrir um, hverrar varúðar skuli gæta, til þess að næmur sjúkdómur berist ekki á land eða breiðist út. Ef þörf gerist, má fresta að veita skipinu heilbrigðisvottorð, þangað til ráðstafanir héraðslæknis hafa verið framkvæmdar. Ef einangra þarf sjúklinga af skipinu, en tormerki eru á að gera það á staðnum, er heimilt að vísa skipinu til næstu hafnar, þar sem einangrun er framkvæmanleg, en þó því aðeins, að sjúklingunum sé eigi hætta búin af þeim flutningi.

Þegar skip strandar, skal sá, er ræður fyrir björguninni, sjá um, að farið sé eftir fyrirmælum greinar þessarar og 7. greinar að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

9. gr.

Ráðherra getur veitt herskipum, sem hafa lækni, þá tilslökun á ákvæðum 7. og 8. greinar, sem ráðlegt þykir og gerlegt eftir atvikum.

IV. KAFLI

Sérstök ákvæði um varnir gegn erlendum sóttum.

10. gr.

Í hvert sinn er áreiðanleg vitneskja er fengin um, að einhver erlend sótt hafi gert vart við sig einhversstaðar í útlöndum, og ástæða er til að ætla að

sóttin geti borizt þaðan til Íslands, gefur ráðherra út auglýsingu um, að sjúkdómur sá sé talinn ganga á þessum stað, og ef svo virðist sem eigi sé beitt fulltryggum vörnum gegn því, að sóttin breiðist út þaðan, á stöðum þar í nánd, svo víða sem ástæða þykir til.

Þessu skal þó eigi beitt, ef aðeins ein manneskja eða örfáar hafa sóttina, og eigi er ástæða til að ætla, að hún muni breiðast út.

Ráðherra gefur aftur út auglýsingu um hvenær ráðstöfunum þessum skuli hætt.

11. gr.

Þá er svo ber til:

1) að skip kemur frá eða hefir á leið sinni haft viðskipti við stað, sem auglýsing er gefin út um samkvæmt 10. grein, eða stað, sem getið er um í sóttgæzluskírteini skipsins eða á annan hátt er vissa fyrir eða grunur á, að erlend sótt gangi á;
2) að skip á leið sinni hefir átt mök við skip, sem á eru eða hafa verið sjúkir menn eða dauðir, og vissa er fyrir eða grunur á, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða;
3) að á skipi eru eða hafa verið á brottfararstað þess eða á leiðinni sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða, eða vissa fyrir eða grunur á, að skipið sé á annan hátt alvarlega mengað erlendri sótt,

skal skipið, þá er það kemur í landhelgi við Ísland, eða ef það ætlar til íslenzkrar hafnar, undir eins og land er í sýn, draga gula sóttvarnarveifu upp á framsigluhúni, og ef gul veifa er ekki til á skipinu, þá hvíta veifu, og skal veifan vera uppi þangað til skipið er komið aftur út fyrir landhelgi, eða hefir tekið íslenzka höfn og fengið þar heilbrigðisvottorð.

12. gr.

Ef svo er ástatt fyrir skipi sem sagt er í 11. gr., 1) og 2), er skipinu frjálst að taka hverja höfn sem vill.

Sé aftur á móti svo ástatt, sem sagt er í 11. gr. 3), má skipið ekki leita hafnar annarsstaðar en í Reykjavík, nema það sé til neytt.

13. gr.

Þangað til rannsókn héraðslæknis hefir fram farið og leyfi hefir verið gefið til þess að hafa samgöngur við land, skal skip, sem svo er ástatt um sem segir í 11. gr. afkviað, og má engum, sem á skipinu er, hleypa úr því á land, og ekki heldur má neinn fara úr landi eða öðrum skipum út í það, nema í embættiserindum. Þeir, sem hafa verið úti í skipinu, eru háðir þeim sótthreinsunarfyrirmælum, sem sóttvarnarnefnd eða héraðslæknir setur þeim, og má, ef, þörf gerist, láta þá sæta sömu meðferð og þá, er komið hafa á skipinu.

Læknisrannsókn á skipi og þeim, er á því eru, skal fram fara svo fljótt sem auðið er. Sé héraðslæknir eigi viðstaddur, er sóttvarnarnefnd heimilt að fela öðrum lækni rannsóknina. Sé enginn læknir viðstaddur, skal skipstjóra gefinn kostur á að leita annarar hafnar, þar sem læknir býr.

14. gr.

Ef læknir finnur engan mann á skipinu sjúkan eða dauðan af erlendri sótt og skipstjóri lætur í té skriflega yfirlýsingu upp á æru sína og samvizku um að á leiðinni hafi ekki verið í skipinu menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á að væru erlendar sóttir, að hann viti ekki til að skipið geti verið mengað af þeim á annan hátt, og ennfremur að enginn bannaður farangur sé í því, skal þá, ef framburður eða vottorð skipstjóra er á engan hátt tortryggilegt, veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef 5—14 dagar, eftir því um hverja sótt er að ræða, eru liðnir frá því er skipið hafði síðast mök við sóttmengað byggðarlag eða skip, enda sé ekkert því til fyrirstöðu vegna hinna almennu ákvæða um næma sjúkdóma, sbr. 8. gr.

Nú er þessi frestur ekki útrunninn, og skal þá sóttvarnarnefnd, ef þörf gerist, sóttkvía skipið, þar til sá tími er liðinn, er á vantar. Að þeim tíma liðnum skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef enginn hefir sýkzt á því af erlendri sótt, meðan það var sóttkvíað. Ef skipið er herskip, þá þarf héraðslæknir ekki að skoða skipið, ef skipslæknir lætur honum í té skýrslu um heilsufar á skipinu. Þær sóttvarnarreglur, er slíku skipi eru settar, samkvæmt þessari eða eftirfarandi greinum og byggðar eru á greindri skýrslu, skulu birtar foringja skipsins.

15. gr.

Nú kemur það upp, að á skipinu hafa á brottfararstaðnum eða á leiðinni verið sjúkir menn eða dauðir, og er ástæða til að ætla, að um erlenda sótt hafi verið að ræða, eða þá að á skipinu er bannaður farangur eða grunur um að skipið sé á einhvern hátt mengað erlendum sóttum, og má þá ekki leyfa neinar samgöngur við land, fyrr en skipið hefir verið tryggilega sótthreinsað og bönnuðum farangri lógað, þeim er eigi hefir auðið verið að sótthreinsa í skipinu. Að því búnu skal farið eftir ákvæðum undanfarandi greinar.

16. gr.

Nú kemur það í ljós við læknisrannsókn, að annaðhvort eru á skipinu sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða eða skipið sé á annan hátt alvarlega mengað erlendri sótt, og skal þá, ef unnt er, vísa skipinu tafarlaust til Reykjavíkur, og láta lækni fara á því, ef þörf gerist. Nú er slíkt skip komið til Reykjavíkur, og skal þá sóttvarnarnefndin þar annast um það, um leið og hún að öðru leyti heldur skipinu alveg afkvíuðu, 1) að sjúkir menn, þar með taldir smitberar, séu fluttir í sóttvarnarhúsið, 2) að lík séu flutt í land og jarðsett eða brennd, 3) að skipið sé sótthreinsað eins og með þarf, 4) að lógað sé bönnuðum farangri, sem ekki er unnt að sótthreinsa í skipinu, 5) að dýrum, sem í skipinu kunna að vera og breitt geta út sjúkdóminn, sé eytt eða þau gerð skaðlaus, og 6) að allir ósjúkir skipverjar og farþegar séu einangraðir annaðhvort úti á skipinu eða í sérstöku húsi á landi, þar til 5—14 dagar eru liðnir frá því, er skipið var sótthreinsað eða þeir fluttir í land.

Ef ekki er unnt að vísa skipinu til Reykjavíkur eða þess ekki þörf að dómi

ráðherra, skal sóttvarnarnefndin fara með skipið þar á staðnum eftir ákvæðum þessarar greinar að svo miklu leyti sem unnt er eða eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

17. gr.

Lýsi skipstjóri yfir því, að hann sé kominn einungis til þess að afla sér kola, vista eða annarra nauðsynja, eða fá skipan um ferð sína áfram, þá má hann heimta skipið undanþegið læknisrannsókn, ef hann gengst undir það eftirlit, sem sóttvarnarnefnd telur þörf á að setja til tryggingar því, að erlend sótt berist ekki á land úr skipinu.

18. gr.

Þegar um skip er að ræða, sem ætluð eru til fólksflutninga, eða skip, sem virðast vera óheilnæm vegna óþrifnaðar eða af öðrum ástæðum, má fara með þau eftir ákvæðum 16. greinar, þótt önnur skilyrði fyrir því séu ekki fyrir hendi. Ef mikill rottugangur er í skipum eða önnur óþrifadýr, má og gera sérstakar ráðstafanir til varnar því, að þau berist í land eða til að eyða þeim í skipunum. Aldrei má þó vísa skipi, sem hreinsa þarf aðeins vegna óþrifa eða óþrifadýra lengra en til næstu hafnar þar sem slík hreinsun er framkvæmanleg.

19. gr.

Ráðherra setur reglur um sótthreinsun á skipum og farangri.

Það er skylt, ef sóttvarnarnefndin æskir þess, að af skipsins hálfu sé látinn í té við sótthreinsun þess og einnig við eyðingu rotta eða annarra óþrifadýra allur sá vinnukraftur og önnur aðstoð, sem skipinu er auðið.

20. gr.

Þegar skip á að leita hafnar í Reykjavík samkvæmt 12. gr. 2. mgr., en hefir neyðzt til að leita hafnar annarsstaðar, skal sóttgæzlumaður á þeim stað tafarlaust kalla saman sóttvarnarnefndina, og skal hún fara með skipið samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina, að svo miklu leyti sem unnt er.

Nú er brýn nauðsyn að veita skipinu hjálp tafarlaust, áður en læknir er kominn, og skal þá sóttgæzlumaður annast hjálpina, og skal hún, ef þess er kostur, veitt án þess, að nokkur maður fari á land úr skipinu eða úr landi út í skipið.

21. gr.

Um strandað skip og bannaðan farangur á því gerir næsta sóttvarnarnefnd eða lögreglustjóri þær ráðstafanir, er með þarf, að svo miklu leyti sem auðið er, samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina.

Reki skip á land eða bannaðan farangur, sem ætla má að sé frá stað, þar sem erlend sótt gengur, skal það látið kyrrt liggja, eftir að því hefir verið bjargað undan sjó með mestu varkárni, þangað til lögreglustjóri hefir látið fram fara rannsókn og ákveðið, hvernig með það skuli fara. Ef telja verður hið bjargaða sóttmengað, skulu bjögunarmenn einangraðir á hæfilegan hátt samkvæmt meginreglum undanfarinna greina.

22. gr.

Ráðherra er heimilt, þegar hann gefur út auglýsingu samkvæmt 10. gr., að banna það jafnframt eða binda skilyrðum, að fluttar séu til landsins frá hinum sóttgrunaða stað þær tegundir farangurs, sem nánar verða tilgreindar í auglýsingunni.

23. gr.

Nú gengur influenza einhversstaðar í útlöndum og er þar mjög útbreidd eða illkynjuð, og er ráðherra þá heimilt að gefa út auglýsingu um þá sótt eftir því sem ákveðið er í 10. grein um aðrar erlendar sóttir, og sé eins ástatt um einhverja aðra næma sótt, sem eigi er talin með erlendum sóttum í lögum þessum, má með konungsúrskurði ákveða, að ákvæðunum í þessum kafla skuli beitt.

Ef svo mikil hætta stafar af einhverri þess konar sótt, er síðast ræðir um, að ekki tjáir að fresta ráðstöfunum gegn henni, getur ráðherra fyrirskipað þessar ráðstafanir, en leita skal þó konungsúrskurðar tafarlaust.

V. KAFLI

Kostnaðarákvæði, refsiákvæði o. fl.

24. gr.

Fyrir venjulegt sóttvarnareftirlit samkvæmt lögum þessum skal greiða af skipum, sem ná 60 smálestum 4 krónur, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum 6 kr. og 10 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir, auk kostnaðar við flutning sóttgæzlumanns út í skipið.

Gjöld þessi renna í sérstakan sjóð, Sóttvarnarsjóð, sem vera skal í vörzlum fjármálaráðherra.

25. gr.

Sóttvarnarhús ríkisins í Reykjavík skal útbúa, halda við og endurnýja á kostnað Sóttvarnarsjóðs. Sömuleiðis skal greiða úr Sóttvarnarsjóði allan legukostnað sjúklinga í húsi þessu, eða annarsstaðar, þar sem þeir kunna að verða einangraðir samkvæmt lögum þessum, útfararkostnað framliðinna og allan annan kostnað, sem af lögum þessum leiðir meðan tekjur hans hrökkva, en síðan úr ríkissjóði, að því undanteknu, er hér greinir:

a. Skipið skal ávalt greiða gjald það, sem nefnt er í 24. gr., svo og kostnað við flutning út í skipið og í land aftur. Einnig aukreitis jafnhátt gjald til læknis fyrir skoðunargerð hans, ef hann er tilkvaddur samkvæmt lögum þessum, ennfremur fyrir ferð hans eða ferðir út í skipið samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, svo og flutningskostnað hans og dagpeninga, 20 krónur á sólarhring, ef þörf gerist að hann sé sóttkvíaður vegna skoðunargerðarinnar, þangað til þeirri sóttkvíun er lokið.
b. Skipið skal greiða allan kostnað við eftirlit það, sem nefnt er í 17. gr., og þegar svo er ástatt sem þar er greint, einnig legukostnað sjúkra í sóttvarnarhúsi eða annarsstaðar þar, sem þeir kunna að verða einangraðir

samkvæmt lögum þessum, og útfararkostnað framliðinna. Hið sama er og, ef menn eru settir í sóttvarnarhús eða einangraðir annarsstaðar með öðrum sjúkdómi en erlendum.

c. Sé um fiskiskip frá öðru ríki að ræða, þá skal það greiða allan þann kostnað, sem annars fellur á Sóttvarnarsjóð. Hið sama er og um önnur útlend skip, ef þau hafa ekki ætlað sér á íslenzka höfn, og álitið verður, að þau hafi einungis komið þar vegna veikinda eða til þess að ganga þar undir sóttkvíun.

d. Þann kostnað, sem leiðir af lögum þessum, er skip stranda, skal greiða af strandfénu að svo miklu leyti sem það hrekkur til.

e. Fari einhver í banni laga þessara út í skip, sem eiga að hafa uppi sóttvarnarveifu, skal hann sjálfur greiða allan kostnað, er af því kann að hljótast, að svo miklu leyti sem efni hans hrökkva til. Skal taka kostnað þann lögtaki, ef þörf gerist.

Unz safnazt hefir í Sóttvarnarsjóð svo að nægi til viðunandi endurnýjunar á núverandi sóttvarnarhúsi ríkisins í Reykjavík, er ráðherra heimilt að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, sem leiðir af lögum þessum.

26. gr.

Ríkissjóður greiðir ekki skaðabætur fyrir þær skemmdir og tjón, á skipi eða farangri, sem leiða kann af lögum þessum.

27. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða fyrirskipunum þeim, sem gefnar eru út samkvæmt þeim, varða sektum frá 50—2000 kr. ef þyngri hegning er eigi við lögð eftir almennum lögum. Þegar gefin hefir verið út auglýsing samkvæmt 10. gr. og sérstakar varnir upp teknar gagnvart erlendri sótt, varða brot gegn ákvæðum laganna þar að lútandi fangelsi (almenn hegningarlög 26. gr.) eða 100—5000 kr. sektum ef miklar málsbætur eru. Sektirnar renna í Sóttvarnarsjóð.

Farangur þann, sem reynt hefir verið að flytja inn eða fluttur hefir verið inn gegn banni, útgefnu samkvæmt lögum þessum, skal gera upptækan. Ef eigi þarf að lóga honum, rennur ágóðinn í Sóttvarnarsjóð.

28. gr.

Hvert það skip, sem afgreitt er hér á landi, á heimting á að fá hjá sóttgæzlumanni skírteini um það, hvort nokkur erlend sótt eða annar alvarlegur næmur sjúkdómur gangi á brottfararstaðnum eða í grendinni. Skírteini þetta veitist ókeypis.

Hver sá, er sóttkvíaður hefir verið, á heimting á eftir afstaðna sóttkvíun að fá vottorð um það. Skipstjóri á heimting á samskonar vottorði fyrir skip sitt, þegar sóttkvíun þess er löglega afstaðin. Vottorð þessi veitast ókeypis.

29. gr.

Ákvæði þessara laga ná til hverskonar loftfara á sama hátt og til skipa, eftir því sem við getur átt. Til skipstjóra svarar loftfarsstjóri. Gjöld (sbr. 20.

og 21. gr.) af 1—2 hreyfla flugvélum skulu vera sem af skipum undir 60 smálestum, af yfir 3 hreyfla flugvélum sem af skipum frá 60 og upp að 100 smálestum og af loftskipum sem af skipum yfir 100 smálestir.

30. gr.

Lög nr. 34, 6. nóvember 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, lög nr. 34, 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum, lög nr. 24, 11. júlí 1911 um sóttgæzluskirteini skipa og lög nr. 31, 20. júní 1923 um læknisskoðun aðkomuskipa eru úr gildi numin, og önnur ákvæði er fara kynnu í bága við þessi lög.

31. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenkzu, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, svo stórt upplag, að nægilega mörg eintök verði send íslenzkum ræðismönnum í öðrum löndum, og eitt eintak fengið hverju sóttvarnarskyldu skipi.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefir gengið frá frv. þessu og gerir fyrir því eftirfarandi grein:

Hér er um að ræða endurskoðun á löggjöfinni um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands. Breytingarnar eru að vísu margar, en langflestar þess eðlis, að óþarfi er að gera sérstaka grein fyrir þeim, með því að þær leiða af sjálfu sér vegna breyttra tíma og sérstaklega vegna breytinga, sem gerðar hafa verið á aðalsóttvarnarlögunum frá 1902 með sérstökum lögum, einkum þeirri breytingu frá 1925, að sóttvarnarhúsin í kaupstöðunum, öðrum en Reykjavík, voru lögð niður, án þess að lögin væru að öðru leyti samræmd við það. Ýmsar breytingar miða og aðeins til þess að gera ákvæði laganna skýrari og þau aðgengilegri.

Þessar breytingar skipta verulegu máli:

I. Úr tölu „erlendra sótta“, sem sérstaklega ströng fyrirmæli gilda um, eru felldar tvær sóttir: mislingar og skarlatsótt. Skarlatssótt er fyrir löngu orðin innlend sótt og um mislinga virðist mega láta nægja þau almennu fyrirmæli, sem hafa gilt um ýmsar tilsvarandi sóttir, og má eftir sem áður taka upp fyllstu varnir gegn þeim, þegar sérstök ástæða er til.

Samkvæmt frumvarpinu er næmum sjúkdómum skipt í þrjá flokka, eftir því hverjar ráðstafanir eru ætlaðar til að verjast þeim:

1. Svonefndar „erlendar sóttir“, sem fyllstu fyrirmæli gilda alltaf um: pest (öðru nafni svartidauði), kólera, bólusótt, dilasótt (öðru nafni útbrotataugaveiki), blóðkreppusótt (þ. e. illkynjuð blóðsótt) og gul hitasótt.

2. Influenza, sem með ráðherraauglýsingu og án konungsúrskurðar má taka í tölu „erlendra sótta“, þegar hún er sérstaklega útbreidd eða illkynjuð, en venjulega er hún í 3. flokki.

3. Allar aðrar næmar sóttir, sem hin almennu ákvæði laganna gilda um. En hverja þá sótt sem er má, ef sérstök hætta er á ferðum, taka í tölu „erlendra“ sótta með konungsúrskurði og til bráðabirgða án hans, ef aðgerðirnar eru aðkallandi.

Með þessum ákvæðum yrðu sóttvarnarlög vor eftir sem áður mjög ströng og raunar strangari en í nágrannalöndunum. Í Danmörku gilda þannig tilsvarandi ákvæði og hér um „erlendar sóttir“ aðeins um pest og kóleru.

II. Samkvæmt sóttvarnarlögunum frá 1902 eru sóttvarnarnefndirnar einráðar um ráðstafanir sínar, jafnvel hinar allra þýðingarmestu og vandasömustu, sem óhjákvæmilegt var á þeim tíma, þar sem nefndirnar voru þá, vegna símaleysis og samgönguleysis, einangraðar frá því að geta náð til yfirstjórnar heilbrigðismálanna svo fljótt sem þurft hefði til leiðbeiningar og úrskurðar. Nú er öðru máli að gegna. Fyrir því er skotið inn í 5. grein frumvarpsins ákvæði, sem takmarkar mjög vald nefndanna, þar sem þeim er gert að skyldu að leita jafnan sem nánastra leiðbeininga landlæknis og að gera ekki þýðingarmiklar ráðstafanir án heimlidar ráðherra fyrirfram, nema óhjákvæmilegt sé. Miðar þetta að sjálfsögðu til að samræma sóttvarnarráðstafanirnar og tryggja skynsamlega framkvæmd laganna.

III. Með lögunum frá 1925 um læknisskoðun aðkomuskipa var sá háttur tekinn upp að láta lækna fara út í hvert aðskomuskip, hvort sem nokkurt sérstakt tilefni var til þess eða ekki. Slík fyrirmæli gilda ekki annarsstaðar og virðast óþörf. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir svipaðri tilhögun og annarsstaðar er höfð til sóttvarnareftirlits með aðkomuskipum og reynst hefir svara tilgangi sínum. Raunar er það fyrirkomulag, sem haft hefir verið hér hin síðustu ár, ekki með öllu hættulaust. Höfuðtryggingin er, að skipstjórarnir finni til ábyrgðar sinnar og taki sem bezt eftir heilsufari á skipum sínum á leiðinni, en hætt er við, að það dragi úr ábyrgðartilfinningu þeirra að vita, að læknir kemur jafnan út í hvert skip og á í orði kveðnu að skoða allt skipið og hvern mann. Að hinu leytinu er hætt við, að læknarnir venjist á að líta á þetta eftirlit aðeins sem siðasakir, vitandi, að það er ekkert annað í flestum tilfellum, og séu fyrir það ekki eins fyllilega á verði í þau fáu skipti, sem ástæða væri til, og ef þeir væru aðeins tilkallaðir, þegar grunur er um sótthættu. Fjöldi lækna er óánægður með þetta fyrirkomulag og hafa margir óskað eftir breytingu á því. Af skipum og siglingum hingað til lands er létt ekki óverulegri kvöð, með því fyrirkomulagi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, því að víða fylgja því ekki lítil ómök að ná í lækni út í aðkomuskip og geta leitt af því verulegar tafir.

IV. Jafnframt því sem hinni almennu skylduskoðun læknis yrði létt af aðkomuskipum, er gert ráð fyrir því, að gjald skipanna fyrir eftirlitið verði fært niður um helming frá því sem verið hefir undanfarið, og því aðeins greiði skipin fullt gjald eins og áður, að læknir verði tilkallaður. Er og gert ráð fyrir því, að hið venjulega skoðunargjald renni í sérstakan sjóð, Sóttvarnarsjóð, sem varið sé til þess að standast kostnað af sóttvörnum gegn útlöndum. Þó er ætlazt til, að heimilað verði að greiða þennan kostnað eins og hingað til úr ríkissjóði, þangað til safnazt hefir í Sóttvarnarsjóð nægilegt

fé til að endurnýja sóttvarnarhúsið hér í Reykjavík, sem er aðkallandi. Þegar fullt gjald er greitt, er gert ráð fyrir, að helmingurinn renni til læknisins, sem framkvæmir hið sérstaka eftirlit.

V. Í 18. grein er heimilað að gera ráðstafanir til varnar því að rottur og önnur óþrifadýr berist í land úr skipum eða til að eyða slíkum óþrifum úr skipum.

VI. Með sérstakri grein (29. gr.) er loftförum komið undir ákvæði laganna eftir því sem við getur átt.

17. Frumvarp

til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Það er almenn skylda að gæta sem mestrar varúðar við hverskonar næmum sjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfa sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er og þýðingu hefir.

Læknum og þeim, sem með lækningar fara, svo og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum, er sérstaklega skylt, hverjum í sínum verkahring, að vekja athygli á sýkingarhættum og gefa ráð og leiðbeiningar hér að lútandi.

Skylt er hlutaðeigendum jafnan að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar, viðurkendar og venjulegar ráðstafanir til varnar gegn sóttnæmisútbreiðslu frá sjúklingi, er hann hefir til meðferðar.

2. gr.

Héraðslæknar skulu, hver í sínu umdæmi, undir umsjón landlæknis og ráðherra, sjá um opinberar varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, samkvæmt lögum þessum. Fari svo að hlutaðeigandi héraðslæknir geti eigi leyst það starf að hendi, er lög þessi leggja honum á herðar, skal ráðherra sjá um, að einn eða fleiri læknar verði settir honum til aðstoðar.

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar (í Reykjavík lögreglustjóri), hreppstjórar, svo og sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita héraðslæknum hjálp við framkvæmd hinna opinberu sóttvarna.

Ráðherra gefur út almennar reglur fyrir því, hvernig haga skuli opinberum vörnum gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

3. gr.

Ætíð skal beita opinberum vörnum gegn þessum sjúkdómum: pest, austurlenzkri kóleru, bólusótt, dílasótt, blóðkreppusótt og gulri hitasótt.

Ráðherra getur fyrirskipað, að opinberum vörnum skuli og beita gegn öðrum næmum sjúkdómum, svo sem influenzu, mislingum, skarlatssótt, barnaveiki, kikhósta, taugaveiki, blóðsótt, hettusótt, heilasótt og mænusótt, þegar

þessar sóttir eru skæðar, þegar líklegt þykir, að hefta megi hættulega útbreiðslu þeirra með opinberum vörnum en ekki án slíkra varna, eða þegar aðrar sérstaklega knýjandi ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Í hvert sinn er einhver sá sjúkdómur kemur upp, er nefndur er í 1. málsgr. 3. gr., skal hlutaðeigandi héraðslæknir þegar í stað beita hinum almennu sóttvarnarreglum en tilkynna það landlækni jafnskjótt.

Telji héraðslæknir nauðsyn til bera að beita hinum almennu sóttvarnarreglum að meira eða minna leyti gegn öðrum næmum sjúkdómum samkvæmt 2. málsgr. sömu gr., ber hann málið undir landlækni og bíður fyrirmæla ráðherra. Ef héraðslæknir telur svo aðkallandi að beita hinum almennu sóttvarnarreglum að meira eða minna leyti, að hverskonar töf sé hættuleg, er honum heimilt að gera það til bráðabirgða, án þess að leita til þess heimildar fyrirfram, en tilkynna skal hann landlækni jafnskjótt ráðstafanir sínar.

Um varnir gegn berklaveiki, holdsveiki og kynsjúkdómum fer eftir sérstökum lögum.

5. gr.

Nú hafa verið teknar upp opinberar sóttvarnir samkvæmt lögum þessum, og kveður þá ráðherra nánar á um það, hverjar ráðstafanir skuli gera til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Þegar þau fyrirmæli hafa verið lögð fyrir hlutaðeigandi héraðslækni, hagar hann sóttvörnunum samkvæmt þeim þangað til öðruvísi verður fyrir mælt af ráðherra. Ef héraðslæknir telur nauðsynlegar breytingar á tilhögun sóttvarnanna, leggur hann tillögur sínar þar að lútandi fyrir landlækni og bíður nýrra fyrirmæla ráðherra. Ef héraðslæknir telur breytingarnar svo aðkallandi, að hverskonar töf sé hættuleg, er honum heimilt að framkvæma þær til bráðabirgða, enda séu varnirnar eftir sem áður í samræmi við hinar almennu sóttvarnarreglur, en tilkynna skal hann landlækni jafnskjótt ráðstafanir sínar.

6. gr.

Þegar ástæða er til að ætla, að maður hafi dáið úr einhverjum þeim sjúkdómi, sem annaðhvort er skylt eða nauðsynlegt að beita opinberum vörnum við samkvæmt lögum þessum, eða hinn dáni er grunaður um að hafa verið smitberi einhvers þess sjúkdóms, getur hlutaðeigandi lögreglustjóri lagt fyrir að rannsaka skuli parta af líkinu eða jafnvel kryfja það, ef þörf er á til þess, að ákveðið verði, hvort opinberum vörnum skuli beitt.

7. gr.

Eigi má nota farþegaskip, farþegabifreiðar, farþegaloftför eða önnur tilsvarandi fólksflutningatæki til að flytja sjúklinga með sjúkdómum, né smitbera þeirra sjúkdóma, sem skylt er að beita opinberum vörnum við eða opinberum vörnum er beitt við, nema fylgt sé öllum fyrirmælum um flutning slíkra sjúklinga eða smitbera.

Ákvæði þessarar greinar ná jafnan til skarlatssóttar, barnaveiki, taugaveiki og heilasóttar, þó að opinberum vörnum sé ekki beitt gegn útbreiðslu þeirra.

8. gr.

Nú kemur sjúkdómur upp á heimili, er auðsætt þykir eða líklegt, að sé einhver af þeim sjúkdómum, sem nefndir eru í 3. gr., 1. eða 2. málsgr., eða vitað er eða grunsamlegt, að einhver heimilismaður sé smitberi einhvers þess sjúkdóms, og skal þá húsráðanda þegar skylt að skýra lækni sínum frá því. Ef læknirinn er ekki hlutaðeigandi héraðslæknir, og felst á, að um slíkan sjúkdóm eða smitbera geti verið að ræða, tilkynnir hann það héraðslækninum. Húsráðanda, sem er fjarri lækni, er og heimilt, ef hann kýs það heldur, að tilkynna sjúkdóminn eða smitberann hreppstjóra eða hreppsnefndarmanni í hreppi sínum, en hann skal þá jafnskjótt láta hlutaðeigandi héraðslækni vita. Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn þeir, er hafa þar húsnæði eða náttstað um stundarsakir, og þeir, er þar eru í fæði. Nú kemur slíkur sjúkdómur eða smitburður upp meðal þeirra, er í nauðungarvist eru á einhverjum stað, eða í sjúkrahúsum, elliheimilum, barnahælum, skólum og líkum stofnunum, og er þá forstöðumanni eða forráðamanni skylt að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn eða smitburðurinn upp á skipi eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal skipstjóri eða formaður skýra frá því.

Starfandi læknum er sérstaklega skylt að hafa vakandi auga á næmum sjúkdómum, er ástæða gæti verið til að beita opinberum vörnum við, svo og smitberum slíkra sjúkdóma og tilkynna jafnskjótt hlutaðeigandi héraðslækni, ef þeir verða þeirra varir.

Viti einhver til þess að vanrækt hafi verið að segja héraðslækni frá sjúkdómi eða smitburði samkvæmt þessari grein, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt, er að framan er sagt.

Þurfi hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður, samkv. grein þessari, að takast ferð á hendur, fær hann kostnaðinn endurgreiddan úr sveitarsjóði eftir reikningi, er hreppsnefndin samþykkir.

9. gr.

Nú er eigi unnt að hafa sjúkling eða smitbera svo afskekktan á heimili sínu, að óhætt sé við útbreiðslu sóttnæmisins, og er þá héraðslækni heimilt, í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr., að láta flytja hann á sjúkrahús eða eitthvert annað hús, er til þess er hentugt og hægt er að fá. Er sjúklingur eða smitberi skyldur að vera þar, þangað til hættulaust er að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda fái hann þar hæfilega læknishjálp og aðhjúkrun. Heimilt er og að fara eins að, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstilfelli eða smitburð. Við flutning sjúklingsins eða smitberans skal þess gætt, að svo vel fari um hann, sem unnt er, án þess að hætt sé við sóttnæmisútbreiðslu.

10. gr.

Ef sjúklingur eða smitberi er ekki fluttur frá heimili sínu, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri eftir fyrirmælum héraðslæknis, í samræmi við ákvæði

3. og 4. gr., takmarkað samgöngur milli heimilis hans (húss eða bæjar) og annara heimila, eða bannað með öllu utanheimilismönnum að koma á heimilið, og einnig heimamönnum að fara á annara manna heimili. Þegar samgöngur eru takmarkaðar, skal, ef þörf er á, setja mann af öðru heimili til að líta daglega eftir hinu sýkta heimili og annast nauðsynlega aðflutninga, en skylt er að gera það, ef samgöngur eru með öllu bannaðar. Banna má og að flytja af sýktu heimili muni og matvæli, einkum mjólk og mjólkurafurðir.

Á sama hátt getur héraðslæknir takmarkað eða bannað sölu varnings, sem sótthætta getur stafað af, einnig verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, ennfremur veitingar á gistihúsum og veitingastöðum.

Matvælakaupmenn, matsalar, veitingamenn, brauðsalar og einkum mjólkursalar eru skyldir til, ef krafizt verður vegna framkvæmda þessara laga, að láta í té skrá yfir viðskiptamenn sína, að svo miklu leyti, sem þeir eru þeim kunnir. Einnig eru menn skyldir að gefa sig fram, sem viðskipti hafa haft við slíkan ákveðinn kaupmann, útsölumann eða veitingamann, ef héraðslæknir krefst þess með auglýsingu.

11. gr.

Nú hefir sjúkdómur, er opinberum vörnum er beitt við, gert vart við sig á heimili, þar sem eru börn eða aðrir nemendur, er ganga í skóla, eða smitberi slíks sjúkdóms hefst þar við, og mega þá nemendurnir ekki sækja skólann fyrr en ekki er hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá þeim, að áliti héraðslæknis eða samkvæmt úrskurði ráðherra. Þessa skal og jafnan gætt um skarlatssótt, barnaveiki, taugaveiki, heilasótt og mænusótt, þó að opinberum vörnum sé ekki beitt gegn þeim, og um næmar sóttir yfirleitt, nema þær séu svo útbreiddar orðnar, að þýðingarlaust teljist.

Um skólakennara gildir hið sama að þessu leyti og nemendur.

12. gr.

Í byggðarlagi, þar sem sjúkdómur gengur, er opinberum vörnum er beitt við, svo og í nærsveitunum, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri, eftir fyrirmælum héraðslæknis í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr., skipað að loka skuli skólum, jafnt almennum skólum sem skólum einstakra manna, bannað almenna mannfundi og opinberar skemmtisamkomur (kvikmyndasýningar, leiksýningar, samsöngva, dansleiki, hlutaveltur o. s. frv.), aðrar samkomur (brúðkaupsveizlur, innanfélags skemmtanir o. s. frv.), þar sem margir koma saman í sama húsi, svo og messugerðir og líkfylgdir.

Á sama hátt getur lögreglustjóri eða hreppstjóri lokað verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, ennfremur gistihúsum og veitingastöðum.

13. gr.

Þegar mjög mikil hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri, eftir fyrirmælum héraðslæknis í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr., skipað fyrir að afkvía skuli

sýkta kaupstaði, kauptún, þorp eða sveitir eða hluta þeirra, svo og önnur stór svæði, og skal hann annast nauðsynlegar ráðstafanir um samgöngubannið.

Nú óskar bæjarstjórn þess, sýslunefnd eða hreppsnefnd, fyrir hönd kaupstaðar, sýslu eða hrepps, að afkvía kaupstaðinn, sýsluna eða hreppinn eða hluta þeirra, til þess að ekki berist þangað hættulegur faraldur. Getur þá ráðherra, ef ástæða virðist til, heimilað afkvíunina og falið lögreglustjóra framkvæmdirnar í samráði við hlutaðeigandi héraðslækni. En þegar svo stendur á, skal allur kostnaður við þær ráðstafanir greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sýslusjóði.

14. gr.

Nú hefir verið beitt sóttvarnarráðstöfunum gegn grunuðum taugaveikissmitbera eða öðrum grunuðum smitbera, og á hann þá kröfu á, að hann verði rannsakaður til hlítar, og úr því skorið, ef unnt er, hvort grunurinn er á rökum byggður. Á sama hátt á taugaveikissmitberi, eða annar smitberi, sem sóttvarnarráðstöfunum hefir verið beitt gegn, kröfu á að fá þá læknishjálp, sem til þess þarf, að hann verði, ef unnt er, losaður við smitburðinn.

Ráðherra er heimilt að semja um að veita viðvarandi taugaveikissmitbera eða aðstandendum slíks smitbera, og eins þó að aðeins sé um grun að ræða sem ekki verður hnekkt, styrk úr ríkissjóði um lengri eða skemmri tíma gegn því að smitberanum verði tryggilega ráðstafað svo að sýkingarhætta stafi ekki af honum.

15. gr.

Skylt er mönnum að þola að fram fari sótthreinsun á sjálfum þeim, á búslóðum þeirra, húsum og bæjum, einnig á skipum og öðrum farartækjum, svo og á lausum munum, þar er verið hefir einhver af sjúkdómum þeim, er nefndir eru í 3. gr., 1. og 2. málsgr., eða smitbera slíkra sjúkdóma, og þá endranær, er héraðslæknir fyrirskipar það í samræmi við þessi lög.

Sé það miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að hreinsa lausa muni, má láta brenna þá eða eyða þeim á annað hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda.

Til þess að hafa sótthreinsanir á hendi skal héraðslæknir ráða sótthreinsunarmenn, fleiri eða færri innan héraðs síns, og setur þeim umdæmi. Hann veitir hverjum sótthreinsunarmanni næga tilsögn til starfans, og semur við hann um ákveðna borgun fyrir hverja sótthreinsun eftir fyrirmælum ráðherra.

Nú fær héraðslæknir engan hæfan mann til að taka að sér sótthreinsun fyrir hæfilega borgun, og getur hann þá leitað aðstoðar sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), sem er heimilt að skipa eftir tillögum héraðslæknis hvern þann mann, er honum sýnist, á aldrinum 25—50 ára til þess að hafa á hendi sótthreinsun innan síns hrepps eða kaupstaðar í 3 ár. Ef sá, er þannig er skipaður sótthreinsunarmaður, þykist ekki geta haft starfann á hendi sökum heilsubrests eða annara orsaka, getur ráðherra leyst hann frá að gegna þessum starfa, telji hann ástæður hans á rökum byggðar. Verði ekki samkomulag um hæfilega borgun fyrir hverja sótthreinsun, ákveður ráðherra borgunina.

Heimilismönnum er skylt að annast endurgjaldslaust alla þá vinnu við sótthreinsunina, sem þeir geta af hendi leyst og sótthreinsunarmaður þarf með og heimtar. Þeim er og skylt að leggja til ókeypis heitt vatn og kalt, eldivið og sápu eftir þörfum, en ekki önnur efni, sem til sótthreinsunar þurfa.

Ráðherra sér um, að ætíð sé fyrirliggjandi á kostnað ríkissjóðs hjá læknum nægar birgðir af efnum þeim, sem þurfa til sótthreinsunar samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Allan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum þeim, er gerðar eru samkvæmt lögum þessum, skal greiða úr ríkissjóði, nema þar sem sérstaklega er tekið fram, að hann skuli greiða úr sveitarsjóði eða sýslusjóði (7. gr., 3. málsgr., og 12. gr., 2. málsgr.). Þar á meðal skal greiða úr ríkissjóði kostnað allan við flutning sjúkra manna og ferðakostnað smitbera af heimili á sjúkrahús eða annað, svo og fyrir dvöl þeirra þar samkvæmt 8. gr., þar með talin aðhjúkrun, lyf og læknishjálp. Einnig á sama hátt ferðakostnað smitbera til rannsóknar eða lækninga samkvæmt 13. gr., svo og allan kostnað við rannsóknina og læknishjálpina, þar með talinn dvalarkostnaður á sjúkrahúsi.

Ráðherra er og heimilt að láta greiða úr ríkissjóði að meira eða minna leyti kostnað við læknishjálp, aðhjúkrun og eftirlit með sjúklingum í heimahúsum, þegar um sjúkdóm er að ræða, sem opinberum vörnum er beitt við, og ætla má, að slíkt sé nauðsynlegt til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum eða gegn almennum eða sérstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða fangelsi eða sektum 50—5000 krónum, nema hærri hegning sé ákveðin í almennum lögum.

Ef maður hefir einhvern þann sjúkdóm, sem um ræðir í 3. gr., 1. málsgr., eða er smitberi slíks sjúkdóms, eða maður hefir dvalið á heimili, þar sem einhver af þeim sjúkdómum gengur, eða slíkur smitberi dvelur, þá skal hann jafnan, er hann kemur á önnur heimili, á skip eða í önnur fólksflutningatæki, láta húsráðanda, skipstjóra eða forráðamann vita. Sama gildir um þá sjúkdóma, sem taldir eru í 2. málsgr. sömu greinar, ef opinberum vörnum er beitt gegn þeim, og einnig án þess um skarlatssótt, barnaveiki, taugaveiki og heilasótt. Nú vanrækir hann þetta, og má þá, auk hegningarinnar, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar greinar, dæma hann til skaðabóta fyrir það, er leiða kann af vanrækslu hans.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

18. gr.

Lög nr. 24, 16. nóvember 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, og lög nr. 24, 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum, eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefir gengið frá frv. þessu og gerir fyrir því eftirfarandi grein:

Hér er um að ræða endurskoðun á löggjöfinni um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Hefir verið leitazt við að gera fyrirmælin skýrari en áður, um leið og þau eru gerð að ýmsu leyti fyllri og færð til samræmis við yfirstandandi tíma. Er og hvarvetna miðað við reynzlu undanfarinna ára viðvíkjandi framkvæmd þessarar löggjafar.

Rétt þykir að vekja sérstaklega athygli á eftirfarandi atriðum:

I. Í frumvarpinu er lögð meiri og skýrari áherzla á það en áður, að héraðslæknar framkvæmi sóttvarnarráðstafanir sínar í samráði við landlækni og eftir fyrirfram gefnum fyrirmælum ráðherra, þegar því verður við komið.

II. Úr tölu þeirra sótta, sem skylt er að beita opinberum vörnum við, eru felldar tvær sóttir, mislingar og skarlatssótt, en aftur bætt í tölu þeirra blóðkreppusótt, og er þetta í samræmi við frumvarp, sem flutt er jafnframt um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Í flokki þeirra sjúkdóma, sem ráðherra getur látið beita opinberum vörnum við, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, eru auk mislinga og skarlatssóttar taldir nokkru fleiri sjúkdómar en áður, en höfuðbreytingin er fólgin í því, að nú er ekki gert ráð fyrir, að sú upptalning sé tæmandi eins og verið hefir, heldur megi fyrirskipa opinberar varnir gegn hverjum næmum sjúkdómi sem er, ef knýjandi ástæður eru fyrir hendi.

III. Til smitbera næmra sjúkdóma er tekið hið fyllsta tillit í frumvarpinu og gilda um þá tilsvarandi ákvæði og um sjúklinga. Auk þess eru í 14. gr. sérstök ákvæði til að tryggja rétt þessa óhamingjusama fólks, einkum taugaveikissmitberanna. Er þeim ætlað að eiga kröfu á fyllstu rannsókn og læknishjálp, sér að kostnaðarlausu. Ennfremur er gert ráð fyrir því, ef um viðvarandi taugaveikissmitburð er að ræða eða grun um þessháttar smitburð, sem ekki tekst að hnekkja, að verja megi til styrktar slíkum smitbera nokkurri upphæð úr ríkissjóði um lengri eða skemmri tíma, gegn því að honum verði ráðstafað á þann hátt, að sýkingarhætta stafi ekki af honum. Hefir þegar orðið að grípa til þessa í einstökum tilfellum, og þá verið samið um 500 kr. á ári.

Nú sem stendur er kunnugt um eða sérstakur grunur á um 20 smitbera hér á landi, en það fer eftir ýmsum kringumstæðum, hverja er sérstök ástæða til að styrkja í þessu skyni, og reynzla virðist benda á, að þeir séu ekki ýkja-margir.

IV. Nokkuð hefir það tíðkazt, þegar faraldrar ganga, að einstök byggðarlög kjósa að reyna varnir gegn því að sóttin berist þangað. Gildandi lög gera ekki ráð fyrir slíkum vörnum. Með því að þessar varnir hafa stundum gefizt allvel, þykir rétt að heimila ráðherra að leyfa þær, er ekkert sérstakt mælir á móti því, og veita þeim þannig lögvernd. En í slíkum tilfellum þykir óhjákvæmilegt og sanngjarnt, að viðkomandi byggðarlag standist allan kostnað af þeim ráðstöfunum.

V. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að minnsta kosti einum sótthreinsunarmanni í hverjum hreppi. Hefir víða reynzt torvelt að fá menn til þessa starfa og sumum héraðslæknum gefizt það einna bezt að ráða einn mann fyrir

marga hreppa. En það hefir einnig þá kosti, að viðkomandi sótthreinsunarmaður fær meiri æfingu í starfi sínu, svo að gera má ráð fyrir, að hann leysi það betur af hendi en ella. Í frumvarpinu er héraðslæknum í sjálfsvald sett, hve marga sótthreinsunarmenn þeir ráða í héraði sínu og hvernig þeir skipta umdæmum á milli þeirra.

18. Frumvarp

til ljósmæðralaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Rétt til að kalla sig ljósmæður eða yfirsetukonur og stunda ljósmæðrastörf hér á landi hafa þær konur einar, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í Ljósmæðraskóla Íslands í Reykjavík og að loknu prófi þar eru taldar til þess hæfar.

Ráðherra getur og veitt öðrum konum leyfi til að kalla sig ljósmæður og stunda ljósmæðrastörf, ef þær hafa lokið að minnsta kosti jafngildu námi og eru að öðru leyti til þess hæfar að dómi aðalkennara Ljósmæðraskólans og landlæknis.

2. gr.

Hverri sýslu landsins skal skipta í ljósmæðraumdæmi, og gerir sýslunefnd það með samþykki ráðherra. Skipa skal eina ljósmóður til að gegna hverju umdæmi, og hefir hún þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa. Um stundarsakir má þó, ef nauðsyn krefur, og með ráði héraðslæknis fela skipaðri ljósmóður að gegna nágrannaumdæmum ásamt sínu umdæmi.

Í hverjum kaupstað skal vera skipuð ljósmóðir, ein eða fleiri. Því ræður bæjarstjórn, hversu margar þær eru.

3. gr.

Sýslumaður skipar ljósmóður í umdæmi eftir tillögum sýslunefndar og fær þeim veitingarbréf, en í kaupstöðum bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), eftir tillögum bæjarstjórnar.

Ekki má skipa ljósmæður í kaupstaðarumdæmi, nema þær hafi að loknu tilskildu námi verið að minnsta kosti eitt ár aðstoðarljósmæður á fæðingardeild Landsspítalans, eða notið framhaldsmenntunar sem því svarar, að dómi aðalkennara Ljósmæðraskólans og landlæknis.

Jafnan skal leita álits hlutaðeigandi héraðslæknis áður en ljósmóðir er skipuð. Ef héraðslæknir telur hana óhæfa til starfsins, skal fresta skipuninni og skjóta því máli undir fullnaðarúrskurð landlæknis.

4. gr.

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en utan kaupstaða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Í kaupstöðum skulu launin greidd mánaðarlega, en á manntalsþingi utan kaupstaða.

Launin skal miða við manntal umdæmisins við síðustu áramót, þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 300 krónur.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaunin vera 300 krónur að viðbættum 10 krónum fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í kaupstöðum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir 1000 krónur í byrjunarlaun.

Laun allra skipaðra ljósmæðra skulu hækka eftir 5 ár um 50 kr. og eftir önnur 5 ár um 50 kr. Þó mega launin án dýrtíðaruppbótar aldrei fara fram úr 1500 krónum.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það hálf byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin og ákveður landlæknir í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans hver þau skuli vera.

5. gr.

Ef skipuð ljósmóðir slasast, þegar hún er að gegna lögmæltu starfi sínu, svo að hún verður að fá lausn, og er ekki fær um að vinna fyrir sér á annan hátt, þá skal hún, unz skipuðum ljósmæðrum hefir verið tryggður lífeyrir með lögum, eiga kröfu til eftirlauna frá sömu aðiljum, og greiði þeir henni launin í sömu hlutföllum. Sýslunefndir, með samþykki ráðherra, og bæjarstjórnir ákveða upphæð eftirlaunanna. Ef sýslunefndir, með samþykki ráðherra, eða bæjarstjórnir til þess tíma ákveða að greiða ljósmæðrum eftirlaun, eftir að þær hafa látið af störfum sínum sem skipaðar ljósmæður, fyrir elli sakir eða vanheilsu, greiðir ríkissjóður sinn hluta af eftirlaununum til móts við sýslusjóð.

6. gr.

Ljósmóðir, sem ekki er skipuð, en óskar að setjast að í umdæmi sem starfandi ljósmóðir, skal tilkynna það hlutaðeigandi héraðslækni, leggja fyrir hann skilríki sín og sanna honum, að hún hafi nauðsynleg áhöld til jafns við áhöld skipaðra ljósmæðra. Sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) getur með ráði héraðslæknis bannað henni að stunda ljósmóðurstörf í umdæminu, ef hún hefir ekki tilskilin áhöld, eða ef ætla má, að umdæmið verði ofsett ljósmæðrum, ef hún bætist við, svo að hætta geti orðið á, að því haldist ekki á skipaðri ljósmóður. Ef ljósmóðir er bannað að stunda ljósmóðurstörf í umdæmi af hinni síðartöldu ástæðu, má hún þó leita úrskurðar bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

7. gr.

Allar starfandi ljósmæður, skipaðar og óskipaðar, eru skyldar til að láta aðstoð sína tafarlaust í té hverri þeirri sængurkonu í umdæminu, er gerir boð eftir þeim.

Nú baga ljóðmóður veikindi eða önnur lögleg forföll, og eru þá ljósmæður í næstu umdæmum skyldar að gegna, ef þær mega því við koma án þess að vanrækja sín umdæmi.

Allar ljósmæður, þó óstarfandi séu, eru skyldar til, ef þær eru nærstaddar og ekki næst í skipaða eða starfandi ljósmóður — nema því alvarlegri forföll banni — að veita sængurkonu nauðsynlegustu hjálp, unz til starfandi ljósmóður hefir náðst.

8. gr.

Ljósmæðrum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og hjúkrun sængurkvenna og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal eigi vera minni en 7 krónur fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem ljósmóðir dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 kr. fyrir hverja vitjun í kaupstað, þar sem ljósmóðir býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimtingu á, að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

9. gr.

Landlæknir skal í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans semja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skyldur ljósmæðra og gjöld fyrir aukaverk þau, er þær inna af hendi.

10. gr.

Brjóti nokkur ljósmóðir gegn því, sem henni er gert að skyldu með lögum þessum og ljósmæðrareglugerðinni, skal hún sæta sektum, sem renna í ríkissjóð 50—500 kr., nema þyngri hegning liggi við afbroti hennar að lögum. Fyrir ítrekað brot og mikilsháttar (sbr. næstu grein) er rétt að svipta ljósmóður rétti til ljósmæðrastarfa um stundarsakir, og fyrir fult og allt, ef sakir eru miklar.

11. gr.

Sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) má víkja skipaðri ljósmóður frá starfi sínu, ef hún að dómi héraðslæknis hefir brotið alvarlega af sér sem ljósmóðir, einkum ef hún hefir oftar en einu sinni skorazt undan að vitja sængurkvenna tafarlaust og að forfallalausu, ef hún hefir ljóstað upp trúnaðarmáli, sem hún hefir komizt að sem ljósmóðir, eða ef hún hefir gert sig seka um óafsakanleg afglöp eða óhæfu í ljósmóðurstörfum. Á sama hátt má banna starfandi ljósmóður ljósmóðurstörf í umdæmi fyrir tilsvarandi sakir. Ef um einhverja óhæfu er að ræða að dómi landlæknis og aðalkennara Ljósmæðraskólans, má ráðherra svipta ljósmóður rétti til ljósmóðurstarfa, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

12. gr.

Ákvæði 1. málsgr. 1. greinar ná ekki til þeirra lærðra ljósmæðra, sem rétt hafa til ljósmæðrastarfa hér á landi, þegar lög þessi ganga í gildi, þó að þær hafi ekki lokið námi eins og þar segir.

Ekki má banna starfandi ljósmóður ljósmóðurstörf í umdæmi samkvæmt 6. grein, ef hún hefir starfað þar áður en lögin ganga í gildi, nema hún hafi ekki tilskilin áhöld til ljósmóðurstarfa.

13. gr.

Yfirsetukvennalög nr. 63, 19. maí 1930, og lög nr. 15, 23. júní 1932 eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefir gengið frá frv. þessu og gerir fyrir því eftirfarandi grein:

Höfuðástæðan til þess, að þörf er talin á að gefa út ný ljósmæðralög er sú, að gildandi yfirsetukvennalög ná aðeins til skipaðra ljósmæðra og ekki til annara starfandi ljósmæðra. En þær eru nú orðnar allmargar, einkum í Reykjavík, og fer fjölgandi. Hafa þær kvartað yfir því að vera ekki á neinn hátt verndaðar af löggjöfinni, og að sjálfsögðu ber nauðsyn til, að þær séu háðar sömu almennu fyrirmælum um störf sín sem þær ljósmæður, er skipaðar eru. Liggur fyrir að endurskoða ljósmæðrareglugerðina, og þykir rétt að draga það þangað til stoð er fengin í lögum til þess, að ákvæði hennar geti náð til allra ljósmæðra En það má ekki dragast lengi, því að endurskoðun reglugerðarinnar er aðkallandi.

Á síðastliðnu ári var ljósmæðrakennslunni komið í það horf, að hún þolir samanburð við það, sem tíðkast í menningarlöndum, og er því ekki ástæða til að gera lengur sérstaklega ráð fyrir því í lögum, að sú fræðsla sé sótt til annara landa. Fyrir því er lagt til að fella niður ákvæðið um, að skipaðar ljósmæður í Reykjavík skuli hafa notið kennslu í Fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn eða annari jafngildri, erlendri fæðingarstofnun. Hins vegar er mikil ástæða til að gera ráð fyrir og ýta undir framhaldsmenntun ljósmæðra að loknu námi, og er því lagt til í frumvarpinu, að kaupstaðarumdæmi, þ. e. stærstu umdæmin, verði ekki veitt öðrum ljósmæðrum en þeim, sem notið hafa framhaldsmenntunar sem aðstoðarljósmæður í Landsspítalanum í eitt ár, eða annarar tilsvarandi framhaldsmenntunar. Er í undirbúningi að koma skipulagi á framhaldsnám ljósmæðra í fæðingardeild Landsspítalans, sem verða mun til tryggingar því, að ekki verði vandkvæðum bundið að uppfylla kröfur frumvarpsins að þessu leyti.

Launakjör ljósmæðranna eru með öllu látin óhreyfð.

Viðvíkjandi hinum einstöku greinum er rétt að geta þessa:

1. gr. Tilsvarandi ákvæði og þau, sem gilda um lækna og þá, sem með lækningar fara. Þó er ekki ætlazt til, að hver einstök ljósmóðir sæki um leyfi til ráðherra. Enda er svo tilskilið í reglugerð Ljósmæðraskólans, að ekki sé eingöngu miðað við þekkingu nemendanna, heldur þau önnur kynni, sem skólinn hefir af þeim haft, þegar um það er dæmt, hvort þeir eiga að teljast hæfir til að vera ljósmæður.

2. gr. Hér er því skotið inn, að heimilt sé að fela skipaðri ljósmóður að gegna nágrannaumdæmum um stundarsakir ásamt sínu umdæmi, sem óhjákvæmilegt

er oft og tíðum. Samþykkis ráðherra er og krafizt, er ákveða skal niðurskipun ljósmæðraumdæma.

3. gr. Óbreytt að öðru leyti en því, sem áður segir um fæðingarstofnunina í Kaupmannahöfn og tilskilið framhaldsnám þeirra ljósmæðra, sem skipa má í kaupstaðarumdæmi.

4. gr. Óbreytt að öðru leyti en því, að tekið er upp ákvæði um, að ljósmóður, sem gegnir öðru umdæmi ásamt sínu umdæmi, beri fyrir það hálf byrjunarlaun þess umdæmis, sem er í samræmi við það, sem tíðkast um aðra opinbera þjónustu, þegar eins stendur á.

5. gr. Óbreytt að efni til.

6. gr. Það eru sjálfsögð skilyrði, að óskipuð, starfandi ljósmóðir hafi áhöld til jafns við tilskilin áhöld skipaðra ljósmæðra. Hér er einnig heimilað að reisa nokkrar skorður við því, að umdæmi verði ofsett ljósmæðrum, þannig að skipaðri ljósmóður verði þar ekki líft.

7. gr. Óbreytt að öðru leyti en því, að gegningarskyldan er látin ná til allra ljósmæðra, skipaðra sem óskipaðra, ef þær á annað borð eru starfandi. Öllum ljósmæðrum er gert að skyldu að veita sængurkonum bráðabirgðarhjálp, unz til starfandi ljósmóður næst, og er þetta í samræmi við tilsvarandi ákvæði um lækna.

8. gr. Óbreytt að öðru leyti en því, að ákvæði greinarinnar ná nú einnig til ljósmæðra, þó að þær séu ekki skipaðar.

9. gr. Óbreytt að efni til.

10.—11. gr. Viðurlög við brotum og yfirsjónum í samræmi við ákvæði, sem gilda um lækna.

12.—13. gr. Þarfnast ekki skýringa.

19. Frumvarp

til laga um sjúkrahús o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Enginn má setja á stofn eða starfrækja undir neinu nafni sjúkrahús, sjúkraskýli, geðveikrahæli, heilsuhæli, hjúkrunar- eða hressingarheimili, baðstaði, nuddstofur, ljóslækningastofnanir, fæðingarheimili, elliheimili, barnahæli eða aðrar tilsvarandi heilbrigðisstofnanir, nema með leyfi ráðherra.

Sama gildir um breytingar á húsakynnum, fyrirkomulagi og starfrækslu slíkra stofnana, enda skipti breytingarnar einhverju máli.

2. gr.

Beiðni til ráðherra um leyfi samkvæmt 1. grein ber að fylgja upplýsingar um verksvið stofnunarinnar og hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og löndum og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingum á húsa-

kynnum, innanstokksmunum og áhöldum, ennfremur greinargerð um eigendur stofnunarinnar og fjárhagsástæður hennar og loks skýrsla eða áætlun um stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag, hversu mörgum sjúklingum eða vistmönnum henni er ætlað að taka á móti og með hverjum kjörum o. s. frv.

Ráðherra veitir ekki leyfið nema stofnunin verði talin fullnægja heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún leysi á viðunandi hátt þau verkefni, sem henni er gert að leysa, enda leiði hún ekki til óheilbrigðrar samkeppni við tilsvarandi opinberar stofnanir á sama stað eða í grennd.

Leita skal staðfestingar ráðherra á reglugerðum um starfrækslu sjúkrahúsa og annara stofnana, sem um getur í lögum þessum, og getur ráðherra krafizt, þegar honum þykir ástæða til, að slíkar reglugerðir séu settar.

3. gr.

Heilbrigðisyfirvöld skulu jafnan eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum þeim, sem um getur í lögum þessum.

4. gr.

Við hvert sjúkrahús eða stofnun, sem tekur sjúklinga til dvalar og lækninga, skal vera sérstakur sjúkrahússlæknir eða yfirlæknir.

Sjúkrahússlæknir eða yfirlæknir annast að jafnaði öll læknisstörf eða hefir yfirumsjón með öllum læknisstörfum við sjúkrahúsið. Hann hefir læknisefirlit með rekstri sjúkrahússins, er til andsvara heilbrigðisyfirvöldum, stendur skil á skýrslum þeim, sem af sjúkrahúsinu kunna að verða heimtaðar o. s. frv.

Ef sjúkrahús er í fleiri en einni deild, má sérstakur sjúkrahússlæknir eða yfirlæknir vera fyrir hverri deild.

Nú er heimilað, að fleiri en einn læknir starfi sjálfstætt við eitt og sama sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, og skal þá engu síður vera sérstakur yfirlæknir við sjúkrahúsið eða deildina, og eins þó að sjúkrahúsið eða deildin sé opin fyrir alla lækna.

5. gr.

Héraðslæknar skulu teljast hæfir til að vera sjúkrahússlæknar eða yfirlæknar við almenn sjúkrahús eða sjúkraskýli hver innan síns héraðs, enda séu þau sjúkrahús eða sjúkraskýli við hæfi héraðanna og taki ekki yfir 20 sjúklinga.

Að öðrum sjúkrahúsum eða stærri má ekki ráða sjúkrahúslækni eða yfirlækni nema að fenginni viðurkenningu ráðherra fyrir því, að hann sé til þess hæfur.

Í reglugerð, sem læknadeild Háskólans semur og ráðherra staðfestir, má setja reglur um þær kröfur, sem gera ber til lækna til þess að þeir eigi rétt á að teljast hæfir sjúkrahússlæknar eða yfirlæknar við hin ýmisháttar sjúkrahús og sjúkrahúsdeildir.

6. gr.

Nú hefir sveitar- (bæjar- eða sýslu-) stjórn eða stjórnir innan læknishéraðs samþykkt að stofna eða starfrækja fyrir læknishéraðið sjúkrahús, sjúkra-

skýli eða læknisbústað eða að taka þátt í stofnun eða starfrækslu sjúkrahúss eða sjúkraskýlis með sveitarfélögum annars héraðs eða héraða, einstökum mönnum eða félögum, en samþykki annara sveitarstjórna innan læknishéraðsins ekki náðst, og getur þá ráðherra gert samþykktina skuldbindandi fyrir öll sveitarfélög læknishéraðsins, ef meiri hluti héraðsbúa er innan þeirra sveitarfélaga, sem að samþykktinni standa.

Ráðherra getur þó leyst einstök sveitarfélög eða hluta sveitarfélaga undan þátttökunni, ef þau teljast ekki geta haft nein not fyrirtækisins eða eiga hægara með að hafa not annarar tilsvarandi stofnunar, enda taki þau þátt í starfrækslu hennar.

7. gr.

Þegar samþykkt hefir verið, að sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félög reisi eða starfræki eða taki þátt í að reisa eða starfrækja, beinlínis eða með einhverskonar styrkveitingum eða hlunnindum, sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, skulu sveitarfélögin og þeir aðrir, er að fyrirtækinu standa, gera samning um þátttökuna, hluttöku í stofnkostnaði og rekstri, hvernig eign og ábyrgð skiptist á milli aðila, hvernig fyrirtækinu skuli stjórnað og það annað, er fyrirtækið varðar.

Rétt er að miða þátttöku sveitarfélaganna í kostnaðinum við hlutfallslegan fólksfjölda þeirra, aðstöðu til að hafa not af stofnuninni, og þegar um læknisbústað er að ræða, mismunandi kostnað við læknisvitjanir úr hinum einstöku sveitum.

Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á samningum þeim, sem hér um ræðir. Ef ágreiningur er á milli sveitarfélaga um einstök atriði, sker ráðherra úr.

8. gr.

Nú vilja eigendur eða forráðamenn sjúkrahúsa, sjúkraskýlis, læknisbústaðar eða annarar heilbrigðisstofnunar, sem um getur í lögum þessum, og reist hefir verið með styrk úr ríkissjóði, hætta að starfrækja hana, og skulu þeir þá tilkynna það ráðherra, sem getur krafizt endurgreiðslu á ríkissjóðsstyrknum, ef stofnunin er lögð niður eða þeirri starfrækslu hætt, sem hún var upphaflega ætluð til. Á ríkissjóður þá kröfu til jafn mikils hluta af þáverandi verðmæti eignarinnar, sem ríkissjóðsstyrkurinn telst hafa verið af kostnaðarverði hennar, og hvílir veð á eigninni næst á eftir áður áhvílandi veðkröfum fyrir kröfuupphæðinni.

9. gr.

Sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir, sem um getur í lögum þessum, og ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir sameiginlegri yfirstjórn fimm manna nefndar, er ráðherra skipar. Það er hlutverk nefndarinnar að skipuleggja rekstur þessara stofnana og samræma hann þeim til hagsbóta, koma á samvinnu á milli þeirra eftir því, sem hagkvæmt þykir, láta þær koma fram sem eina heild við samninga um vörukaup og annað o. s. frv. Að öðru leyti ákveður ráðherra verksvið nefndarinnar.

10. gr.

Sjúkrahús, sjúkraskýli, læknisbústaðir og aðrar stofnanir, sem um getur í lögum þessum, og eru í eigu sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga eða starfrækt af þeim, þegar lög þessi ganga í gildi, eru undanþegin því að sækja um leyfi til starfrækslunnar samkvæmt fyrri málsgrein 1. greinar þessara laga.

Nú vilja slíkir opinberir eigendur eða þátttakendur í starfrækslu sjúkrahúss, sjúkraskýlis eða læknisbústaðar koma betra skipulagi á sameignina eða hinn sameiginlega rekstur með því að komast undir ákvæði 6. og 7. gr. þessara laga, og getur þá ráðherra gert það heimilt, ef fyrir liggja tilsvarandi samþykktir um það og 6. gr. mælir fyrir um, þegar um nýjar stofnanir eða starfrækslu er að ræða. Ekki má þó gegn vilja sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga úrskurða þau þannig eftir á til að taka á sig kvaðir vegna eignarhlutdeildar í sjúkrahúsum, sjúkraskýlum eða læknisbústöðum, er fari fram úr sannvirði þess eignarhluta, að mati dómkvaddra manna, er þá fellur til þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefir samið frv. þetta, sem ríkisstjórin hefir að öllu leyti fallizt á. Hann gerir fyrir því eftirfarandi grein:

Lagaákvæði hefir þótt vanta til þess að unnt væri að hafa fyllra eftirlit með byggingu og rekstri sjúkrahúsa og líkra stofnana, sem eru í eigu annara en ríkisins, svo og til þess að koma á betra skipulagi á starfsemi sjúkrahúsa yfirleitt, þar á meðal sjúkrahúsa ríkisins. Með frumvarpinu er leitazt við að bæta úr þessu.

1.—3. gr. Hingað til hefir ekkert leyfi heilbrigðisyfirvalda þurft til að reisa sjúkrahús og þess háttar stofnanir, eða til að taka húsnæði til slíks reksturs, og þau engu ráðið um fyrirkomulag þeirra, sem er fráleitt og ekki í samræmi við önnur fyrirmæli um heilbrigðiseftirlit.

4.—5. gr. Þess er krafizt, að einn læknir beri höfuðlæknisábyrgð á hverju sjúkrahúsi eða sjúkrahúsdeild og ákvæði eru sett til tryggingar því, að til þess séu valdir hæfir sjúkrahúslæknar þegar um er að ræða öll meiri háttar sjúkrahús. Stjórn Læknafélags Íslands, sem hefir haft frumvarpið til umsagnar, felst á þessi ákvæði; aðeins virðist hún kjósa, að skilyrðislaust sé krafizt hæfra sjúkrahúslækna að hverju sjúkrahúsi, og engin sérákvæði séu höfð um héraðslæknana. En það þykja of ströng fyrirmæli, og verður að trúa hverjum héraðslækni fyrir að gæta smásjúkraskýlis við hæfi héraðsins. Álitamál getur þó orðið, hvort hér er hæfilega ákveðinn rúmafjöldi slíkra sjúkraskýla.

6.—7. gr. Læknisbústaðamál og sjúkraskýla eru tíð ágreiningsmál innan héraða, og oft erfiðleikum bundið að skipta ábyrgð af eign þeirra og rekstri sanngjarnlega niður á aðila. Er hér leitast við að leggja grundvöll til tryggingar sanngjarnri skipun þeirra mála.

8. gr. Ákvæði til tryggingar því, að styrkveitingar úr ríkissjóði til sjúkrahúsa og þess háttar verði ekki misnotaðar.

9. gr. Stjórn sjúkrahúsa ríkisins er sundurleitari en skyldi, og má vafalaust koma hagfeldara skipulagi á rekstur þeirra að ýmsu leyti, ef þau heyrðu öll undir eina stjórnarnefnd, eins og hér er gert ráð fyrir.

10. gr. 1. málsgr. Þykir óhjákvæmilegt. 2. málsgr.: Sbr. greinargerð um 6. og 7. gr.

20. Frumvarp

til laga um gæzlu landhelginnar o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað af gæzlu landhelginnar. Fé til þess skal árlega veitt í fjárlögum.

2. gr.

Leifar Landhelgisjóðs, eignir hans og tekjur samkvæmt lögum, renna í ríkissjóð.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. Lög nr. 55, 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgisjóðs Íslands
2. Lög nr. 68, 3. nóvember 1915, um breytingu á lögum nr. 55, 10. nóvember 1913, um stofnun Landhelgisjóðs Íslands og
3. Lög nr. 34, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 68, 3. nóvember 1915 (Landhelgisjóður Íslands).

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Aðaltilgangurinn með þessu frv. er að leggja Landhelgisjóð niður, sem sérstakan sjóð. Peningaeign hans er nú lítil orðin og eignir hans eru tiltölulega litlar aðrar en skipin og raunverulegar tekjur hans að lögum eru sektir fyrir brot gegn fiskveiðalöggjöfinni og andvirði upptæks afla og veiðarfæra. Þar sem nú ríkið verður að halda uppi gæzlu landhelginnar og þar sem ganga verður út frá, að sektir þær, sem falla til, verði jafnóðum notaðar til að greiða kostnað af landhelgigæzlunni, þykir ástæðulaust að halda áfram sérstakri reikningsfærslu fyrir Landhelgisjóð, enda hefir reynslan sýnt að reikningshaldið verður á þenna hátt talsvert flóknara en vera þarf. Með því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, renna sektir í ríkissjóð og hann greiðir svo hinn árlega kostnað og skal veita fé í fjárlögum árlega til þessa. Með þessu er lögbundin skylda ríkis-

sjóðs til að halda uppi gæzlu landhelginnar, en hversu miklu skuli til þess varið, verður fjárveitinarvaldið að skera úr á hverjum tíma.

Landhelgisjóður var í byrjun stofnaður til þess að safna fé til landhelgigæzlu í framtíðinni, með því að leggja til hliðar eða geyma og ávaxta það fé, sem inn kom í sektum fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi. Með þessu hefir sjóðurinn unnið stórkostlegt gagn, en eins og nú er komið er samt ekki ástæða til að halda sjóðnum sérstökum, nema ef tilætlunin væri að safna enn saman sektunum fyrir ólöglegar veiðar, en frá þeirri stefnu hefir þingið fallið fyrir alllöngu.

Að sjálfsögðu gerir frv. þetta ekki ráð fyrir neinni breytingu á landhelgigæzlu þeirri, sem Danir halda hér uppi samkvæmt sambandslögunum.

Hinar einstöku gr. frv. þarfnast engra skýringa.

21. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 71, 23. júní 1932 um byggingarsamvinnufélög.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Í stað orðanna „og er þá félagið löglega stofnað“ í lok 2. gr. komi: og skal leita staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á þeim.

2. gr.

3. gr. B orðist þannig:

Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

3. gr.

3. gr. C. orðist þannig:

Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lán þessi ábyrgist ríkissjóður. Lánin má taka í erlendri mynt. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 4. gr. í þeim flokki. Ekki mega vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

4. gr.

Orðin „með tveggja til fjögurra herbergja íbúðum, auk eldhúss og geymslu“ í 6. gr. A. falli burtu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Við byrjun á framkvæmdum eftir lögum um byggingarsamvinnufélög frá síðasta Alþingi hefir þótt koma í ljós, að nauðsyn sé á að þeim atriðum verði breytt, sem um getur í frumvarpi þessu. Um einstakar greinar skal þetta fram tekið:

Um 1. gr.

Það þykir rétt að atvinnumálaráðuneytið fái samþykktir byggingarsamvinnufélaga til yfirlits og breytinga eftir því, sem því kann að þykja ástæða til og að þær séu síðan staðfestar af ráðuneytinu áður en félagið geti tekið til starfa.

Um 2. gr.

Það þykir hentugra fyrir félögin að geta sjálf ráðið því hve hátt gjald þau taka af félagsmönnum til þess að standast reksturskostnað, því að með því móti geti þau sniðið gjald þetta eftir þörfum sínum.

Um 3. gr.

Í lögum um byggingarsamvinnufélög er gert ráð fyrir því, að í félögunum séu bæði þeir, sem fengið hafa íbúð fyrir tilstilli félagsins, og hinir, sem eru að safna fé til þess að þeir geti fengið hús eða af öðrum ástæðum eigi hafa fengið hús. Af þessu leiðir að það er talið heppilegt að lögin séu þannig, að félagar verði ekki samábyrgir fyrir lánum félagsins fyrr en þeir fá lán hjá félaginu. Í öðru lagi er talið hentugra að félögunum sé skipt í ábyrgðarflokka. Er það talið munu styðja að því að tryggja áframhaldandi störf félaganna. Að öðrum kosti telja menn hætt við því, að þeir félagsmenn, sem fengið hafa lán hjá félaginu, kynnu að verða tregari til framhaldsstarfsemi í félaginu.

Um 4. gr.

Eigi þykir nauðsyn á því að í lögum sé takmarkaður herbergjafjöldi, þar sem slík fyrirmæli um innra fyrirkomulag húsanna geta stundum verið óhentug. Mun mega telja að samþykki atvinnumálaráðuneytisins á gerð og stærð húsanna sé nægileg trygging fyrir því, að íbúðir verði hæfilegar, meðalíbúðir að stærð, svo sem til hefir verið ætlazt.

22. Frumvarp

til laga um vegarstæði og götulóðir í kaupstöðum og kauptúnum, o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Hver sá, sem hefir lóð eða land innan lögsagnarumdæma kaupstaða, eða innan verzlunarlóða kauptúna, til eignar eða umráða, er skyldur að láta af hendi

land það, sem þarf undir götur og vegi, sem lagðir verða um lóðir þessar og lönd, svo og land til breikkunar og endurbóta götum og vegum, sem þegar hafa verið lagðir um þessar lóðir og lönd. Ennfremur er honum skylt, þar sem nauðsyn telst á og því verður við komið, að leyfa að efni til gatna og vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni.

Ákvæði laga þessara taka einnig til lands undir torg, leikvelli, hafnarmannvirki, sjóvarnargarða og uppfyllingar og opinberar byggingar, að svo miklu leyti sem þær geta haft áhrif á verðmæti nálægra lóða, svo og til lands undir hver þau mannvirki er ríki, bær eða hreppur lætur gera á sinn kostnað í kaupstaðnum eða kauptúninu. Ennfremur taka ákvæði laganna til lands undir vegi og önnur þau mannvirki, sem að framan greinir, þó gerð séu utan landareignar kaupstaða eða verzlunarlóðar kauptúna, ef þau eru gerð í þágu kaupstaðar- eða kauptúnsbúa fyrir opinbert fé, svo sem ræktunarvegir og því um líkt.

Bætur fyrir jarðrask, landnám og átroðning vegna götugerða þeirra, vegalagninga og annars þess, er ræðir um í 1. og 2. málsgr., skal því aðeins greiða, að þeirra sé krafizt innan viku eftir að bæjarstjórn eða hreppsnefnd hefir tilkynnt landeiganda að lóð muni verða tekin af landi hans undir veg þann eða götu eða þau önnur mannvirki, sem um er að ræða, og því aðeins að álitið verði, að eigandi lóðar eða lands hafi orðið fyrir skaða af þessum ástæðum.

2. gr.

Bætur þær, sem um ræðir í 1. gr., má ákveða með samkomulagi milli landeiganda annars vegar og bæjarstjórnar þeirrar eða hreppsnefndar eða annara stjórnarvalda, sem hlut eiga að máli um bótagreiðslu hinsvegar. Nú næst ekki samkomulag um bætur og skal þá ákveða þær með mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna. Í kauptúnum skal, ef unnt er, skipa annan matsmanninn utan kauptúns og eigi skulu þeir menn dómkvaddir, sem eru í þjónustu bæjar- eða sveitarfélagsins, eða eiga þar sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Landeigandi greiðir kostnað af matinu, ef upphæð sú, sem honum er metin, er nær því, sem honum hefir verið boðið, en því, sem hann hefir krafizt, ella telst matskostnaðurinn með öðrum skaðabótakostnaði.

Nú vill annar aðilja ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat innan tveggja vikna frá því, er undirmat fór fram. Skal yfirmat framkvæmt af fjórum óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá sem krefst þess, nema matinu sé breytt honum í vil um 10% eða meira, en þá greiðir hinn aðilinn matskostnaðinn.

Í Reykjavíkurkaupstað fer mat það, sem um ræðir í þessum lögum, fram samkvæmt lögum nr. 59, 3. nóvember 1915 um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, að því leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi. Annarsstaðar fer matið fram samkvæmt ákvæðum laga nr. 61, 1. nóvember 1917 um framkvæmd eignarnáms, að því leyti, sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum.

3. gr.

Mat skal fara fram á vettvangi þegar jörð er snjólaus. Skal matið fara fram í tvennu lagi. Skal fyrst meta lóðir þær og lönd, sem að hinni fyrirhuguðu

götu eða vegi liggja, eða sem ætla má að hafi gagn af götunni eða veginum, ef lagður verður, í því ástandi, sem þær eru, áður en gatan eða vegurinn er lagður, og skal þá taka tillit til árlegs afrakstrar af landinu með þeirri notkun, sem á því hefir verið og telja má líklegt að verði á því án vegarins eða götunnar, svo og alls þess, sem máli skiptir um verðmæti landsins, annars en þeirrar verðbreytingar, sem ætla mætti að nýr vegur eða gata meðfram landinu eða yfir það, mundi valda.

Í öðru lagi skal meta lóðirnar eða landið að frádregnu vegarstæðinu, svo sem hinn nýi vegur eða gata væri þegar gerð. Skal þá leggja til grundvallar matinu allt hið sama og við fyrra matið að því leyti sem ætla má að notkun landsins verði hin sama og áður, að viðbættu því aukna verðmæti, sem telja má að landið fái við hinn nýja veg eða götu, svo sem við hægari flutninga að því og frá og aðstöðu til þess að reisa hús á landinu eða selja þar lóðir. Ef telja má líklegt, að notkun landsins verði önnur en áður, svo sem að tún eða ræktað land verði vegna vegarins eða götunnar notað til byggingarlóða, ber að taka hæfilegt tillit til þessa við matið.

Þurfi að flytja girðingar um tún eða garða vegna vegarins eða götunnar, eða þurfi að setja nýjar girðingar vegna þess að vegurinn eða gatan er lögð gegnum tún eða garða, skal taka tillit til þessa. Þegar setja þarf nýjar girðingar vegna vegarins eða götunnar, skal miða við að girðing sú, sem setja þarf, sé ekki dýrari en venjuleg vírgirðing, sem sé þannig gerð, að styrk mætti veita til hennar samkvæmt II. kafla jarðræktarlaganna.

Nú leggst eldri stígur eða vegur niður við lagningu nýs vegar eða götu og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgerðina meta sérstaklega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga frá upphæð þeirri, er metin verður fyrir landnám undir hinn nýja veg eða götu, eða fyrir jarðrask, sem leiðir af lagningu hennar. Bætur fyrir átroðning þegar svo stendur á, skal ekki meta, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi eða götu en af hinum eldri vegi eða stíg.

Verði mat það, er ræðir um í 2.—4. málsgr. þessarar greinar, lægra en matið samkvæmt 1. málsgr., skal greiða landeiganda bætur úr hlutaðeigandi bæjar- sjóði eða sveitarsjóði svo sem mismuninum nemur.

4. gr.

Nú eru eigendur að svæði því, sem nýr vegur eða gata er lögð um, eða sem ætla má að hafi gagn af veginum eða götunni, fleiri en einn, og teljast sumar lóðir eða lönd hækka í verði við vegagerðina, en önnur rýrna, og skulu þá eigendur þeirra lóða og landa, sem teljast hækka í verði við vegagerðina, greiða í bæjarsjóð eða sveitarsjóð tiltölulegan hluta af verðhækkun þeirri, sem metin er hafa leitt af vegagerðinni, svo mikinn að nægi, eða að svo miklu leyti sem hún hrekkur, til að bæta þeim, sem halla hafa beðið af vegagerðinni.

Nú nemur greiðsla einstakra landeigenda samkv. þessari grein verulegum upphæðum og getur þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, ef landeigandi óskar, veitt gjaldfrest á framlagi hans og samið um greiðslu þess með ákveðnum afborgunum á ári og vöxtum eftir samkomulagi.

5. gr.

Nú hefir það orðið að samkomulagi milli aðilja eða mat fallið þannig, að hlutaðeigandi bæjarsjóður eða sveitarsjóður hefir orðið að greiða bætur fyrir jarðrask og átroðning við lagning vegar eða götu og það kemur í ljós innan 10 ára frá því, er mat fór fram, annaðhvort við sölu lóða þeirra og landa, sem að veginum eða götunni liggja, eða sem teljast hafa not af þeim, eða á annan hátt, að landið hefir hækkað í verði frá téðu máti, og skal þá nýtt mat óvilhallra dómkvaddra manna fara fram á öllu því landi, sem í hlut á. Skal við það mat tekið tillit til söluverðs þess lands, sem selt hefir verið og annara atvika, sem miðað gætu að því að leiða í ljós hvort landið hefir hækkað í verði frá hinu fyrra mati vegna vegagerðarinnar. Teljist svo hafa verið, ber landeigendum að endurgreiða þær bætur fyrir jarðrask og átroðning, sem þeim hafa greiddar verið úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði, eftir því sem matið greinir. Sá, er keypt hefir land, er slík endurgreiðsluskylda hvílir á, á kröfu á þann, er honum seldi, fyrir þeirri upphæð, sem hann verður að endurgreiða bæjarsjóði eða sveitarsjóði samkvæmt mati því, er hér ræðir um.

Matskostnaður samkvæmt þessari grein greiðist af landeiganda að svo miklu leyti sem landverð telst hafa hækkað meira við götuna eða veginn en bótafénu nemur.

Mat samkvæmt þessari grein getur eftir atvikum farið fram oftar en einu sinni á því 10 ára tímabili, sem um ræðir í henni.

6. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, sem leiðir af vegagerðum þeim, götugerðum eða öðrum mannvirkjum, sem um ræðir í lögum þessum. Sé lóð eða land, sem bætur eru greiddar fyrir, leigt öðrum, skal meta hve mikill hluti bæturnar eru af verði leigulandsins og ber þá að lækka leiguna hlutfallslega meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var þegar bæturnar voru ákveðnar. Leigutaki á þó bætur fyrir skemmdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sérstaklega. Verði hann vegna vegagerðar þeirrar eða götugerðar, eða annara mannvirkja, sem um er að ræða, að víkja af hinu leigða landi, á hann bætur fyrir missi leiguréttarins eftir mati.

7. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum falla í gjalddaga mánuði eftir að hafin er vegagerð sú eða götugerð, sem um er að ræða.

Gjöld þau, sem landeigendur eiga að greiða samkv. 4. gr., falla í gjalddaga þegar vegurinn eða gatan er hæf til umferðar, og má taka gjöldin lögtaki.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Við 1. gr.

Það er sjálfsagt mál og viðurkennt í lögum, að eigendur lands í kaupstöðum og kauptúnum eru skyldir að láta af hendi nauðsynlegt land til þeirra nota sem í þessari grein segir. Það þykir rétt, að láta frv. þetta ná til alls lands innan lögsagnarumdæma kaupstaðanna, þó það geti verið mjög mismunandi að notkun og verðmæti. Bætur verður að greiða, ef landeigandi telst bíða skaða af því að láta land af hendi undir vegi eða götur, og er aðalmarkmið laga þessara að koma í veg fyrir að bæjarfélög eða sveitarfélög þurfi að greiða ósanngjarnlega háar bætur fyrir vegarstæði og götulóðir, þar sem það er oftast svo, að vegurinn eða gatan hækkar landið umhverfis í verði miklu meir, en nemur verði landræmu þeirrar, sem fer undir veginn eða götuna, að minnsta kosti þegar frá líður.

Við 2. gr.

Reglur þessarar greinar um bætur eru í samræmi við tilsvarandi reglur í vegalögunum.

Við 3. gr.

Reglur þær, sem settar eru í þessari grein um matsaðferðina, virðast ekki þurfa frekari skýringa. Eru þær aðallega til þess að fá glöggt fram, að hve miklu leyti telja megi að landið hækki í verði vegna hins nýja vegar eða götu.

Við 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sett til þess að losa bæjarsjóð eða sveitarsjóð við að greiða bætur þeim, sem verða fyrir skaða af götugerðinni eða veginum, að svo miklu leyti sem aðrir hagnast á því. Það verður að teljast rétt og sanngjarnt að hinir síðartöldu, en ekki bæjarsjóður eða hreppssjóður, greiði halla hinna fyrrgreindu af sama verkinu, þegar verðhækkun lóða þeirra og landa stafar af aðgerðum bæjarfélagsins eða sveitarfélagsins. Vitanlega verður ekki hjá því komizt, að bæjarsjóður eða sveitarsjóður verði að leggja fram bætur þær, sem greiða á til bráðabirgða, en hann á að fá þær aftur greiddar, þó hann verði að bíða eitthvað eftir því.

Það hefir þótt nauðsynlegt að heimila bæjarstjórn eða hreppsnefnd að veita gjaldfrest á því, sem einstakir landeigendur kynnu að eiga að greiða samkvæmt þessari grein. Komið gæti fyrir að verðhækkun yrði svo mikil á lóðum meðfram nýrri götu inni í miðjum kaupstað, ef götunni væri breytt t. d. vegna breytts skipulags, að það yrði tilfinnanlegt fyrir eigendur að eiga að svara út í einu því, sem þeim yrði gert að greiða.

Við 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sett til þess, að bæjarsjóður eða sveitarsjóður fái endurgreitt það, sem hann hefir ofgreitt fyrir vegarstæði eða götulóðir, þó það komi ekki í ljós fyrr en löngu seinna en vegurinn var lagður eða gatan gerð. Verður það á engan hátt talið ósanngjarnt í garð landeiganda. Það virðist og

rétt að sá, er keypt hefir land hærra verði en það var metið, er gatan eða vegurinn var lagður, eigi kröfu á að fá greiddar bætur þær, sem hann verður að endurgreiða bæjar- eða sveitarsjóði, hjá þeim, er honum selur.

Við 6. gr.

Sé um bótagreiðslu að ræða fyrir skaða á leigðu landi, er það sanngjarnt að leigutaki fái þátt í þeim svo sem rýrnuninni nemur á leigurétti hans, og er ætlast til að með þessari grein sé tekið nægilegt tillit til þessa.

Við 7. gr.

Það getur verið álitamál hvenær gjalddagi bóta og greiðslna samkvæmt lögum þessum skuli vera og eru því í þessari grein settar reglur um það.

Við 8. gr.

Þarf ekki skýringar.

23. Frumvarp

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:
Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland:

1. *Suðurlandsvegur:* Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa og Holt austur yfir brú á Ytri-Rangá. Um Rangárvelli, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur. Um Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Öræfi, Breiðamerkursand, Suðursveit, Mýrar, um Hóla í Nesjum, um Almannaskarð og Lón að Lónsheiði.
2. *Þingvallabraut:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar nálægt Kölduhvísl til Þingvalla.
3. *Geysisvegur:* Frá Þingvöllum um Laugardal til Geysis.
4. *Biskupstungnabraut:* Frá vegamótum hjá Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur hjá Vatnsleysu að vegamótum Geysisvegar hjá Múla.
5. *Eyrarbakkavegur:* Frá Selfossi að Eyrarbakka.
6. *Laugardalsvegur:* Frá vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Svínavatni að vegamótum Geysisvegar hjá Laugarvatni.
7. *Skeiða- og Hreppavegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar í Flóa, norðan Flatholts upp Skeið og Hrunamannahrepp að vegamótum Gullfossvegar vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
8. *Gullfossvegur:* Frá vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Tungufljóti til Gullfoss.

9. *Gnúpverjavegur:* Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá að vegamótum hjá Þjórsárholti.
10. *Landvegur:* Frá vegamátum Suðurlandsvegar hjá Meiri-Tungu í Holtum upp Land að Múla.
11. *Fljótshlíðarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar hjá Garðsauka inn Fljótshlíð að Hlíðarenda.
12. *Hafnarbraut:* Frá Höfn í Hornafirði á Suðurlandsveg hjá Hólum.
13. *Reykjanesbraut:* Frá Reykjavík um Hafnarfjörð til Keflavíkur.
14. *Vífilsstaðavegur:* Frá vegamótum Hafnarfjarðarvegar til Vífilsstaða.
15. *Útvarpsstöðvarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar fyrir innan Reykjavík að Útvarpsstöð á Vatnsendahæð.

B. Um Vesturland:

1. *Vesturlandsvegur:* Frá vegamótum hjá Ártúni við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, yfir Ferstikluháls, um Svínadal, um Hesthláls, þvert yfir Borgarfjörð sunnan við Grímsá, yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufá. Um Norðurárdal, Bjarnadal, Sökkólfsdal, Miðdal, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri.
2. *Hafnarfjallsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Ferstiklu út með Hvalfirði, um Leirársveit og Andakíl á vegamót Vesturlandsvegar hjá Hvítárvöllum.
3. *Akranesvegur:* Frá Akranesi inn að vegamótum Hafnarfjallsvegar hjá Lambhaga.
4. *Borgarnesbraut:* Frá Borgarnesi að vegamótum Vesturlandsvegar norðan Gufár.
5. *Borgarfjarðarbraut:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Haugum um Stafholtstungur yfir Hvítárbrú á Kálffossi.
6. *Stykkishólmsvegur:* Frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
7. *Ólafsvíkurvegur:* Frá vegamótum Stykkishólmsvegar austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
8. *Hellusandsvegur:* Frá Ólafsvík um Ennisdal til Hellusands.
9. *Laxárdalsvegur:* Frá Búðardal um Laxárdal og Laxárdalsheiði að vegamótum Strandavegar utan Borðeyrar.
10. *Strandavegur:* Frá vegamótum við Hrútafjarðará um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð, Hólmavík, Steingrímsfjarðarheiði að vegamótum Vesturlandsvegar á Þorskafjarðarheiði.
11. *Steinadalsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Brekku í Gilsfirði um Steinadal og Steinadalsheiði að vegamótum Strandavegar í Kollafirði.
12. *Vestfjarðavegur:*
    a. Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði inn fyrir Önundarfjörð um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.

b. Frá Þingeyri um Brekkudal að Rafnseyri.
c. Frá Bíldudal um Hálfdán fyrir Tálknafjarðarbotn um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.

C. Um Norðurland:

1. *Norðurlandsvegur:* Frá vegamótum hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði, Hrútafjörð og Hrútafjarðarháls yfir Miðfjarðará hjá Reykjum, um Línakradal, Auðunnarstaðaháls, um Víðidalsárbrú hjá Lækjamóti, um Gljúfurárbrú hjá Miðhópi, yfir Vatnsdalsárbrú hjá Hnausum, um Blöndubrú hjá Blönduósi, um Langadal og Stóra-Vatnsskarð. Yfir Skagafjörð um Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Yfir Vaðlaheiði, um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði og Aðalreykjadal til Húsavíkur. Um Reykjaheiði, Kelduhverfi að vegamótum austan við Jökulsárbrú nálægt Ferjubakka.
2. *Hvammstangabraut:* Frá Hvammstanga að vegamótum hjá Stóra-Ósi.
3. *Vesturhópsvegur:* Frá vegamótum Norðurlandsvegar hjá Vatnshorni að Vesturhópsvatni móts við Breiðabólsstað.
4. *Skagastrandarvegur:* Frá Blöndubrú við Blönduós til Skagastrandar.
5. *Sauðárkróksbraut:* Frá Sauðárkróki að vegamótum austan við Víðimýri.
6. *Hofsósvegur:* Frá Sauðárkróki um Héraðsvatnabrýr og Hegranes, Viðvíkursveit, um brú á Hjaltadalsá, um Óslandshlíð til Hofsóss.
7. *Eyjafjarðarbraut:* Frá Akureyri að Saurbæ ásamt brautinni að Kristneshæli.
8. *Dalvíkurvegur:* Frá Dalvík um brú á Svarfaðardalsá hjá Árgerði um Árskógsströnd og Arnarneshrepp, um brú á Hörgá hjá Möðruvöllum að vegamótum Norðurlandsvegar á Moldhaugahálsi.
9. *Tjörnesvegur:* Frá Húsavík kringum Tjörnes að vegamótum Norðurlandsvegar hjá Lóni í Kelduhverfi.
10. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur:* Frá vegamótum austan við Jökulsá í Axarfirði um Kópaskerskauptún, yfir Melrakkaslèttu um Blikalón og Raufarhöfn, um Hálsa, hjá Svalbarði, um Þistilfjörð til Þórshafnar.

D. Um Austurland:

1. *Austurlandsvegur:* Frá vegamótum Norðurlandsvegar austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Hólsfjöll hjá Grímsstöðum, hjá Möðrudal, um Möðrudalsöræfi, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal, hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs. Um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði.
2. *Stranda- og Vopnafjarðarvegur:* Frá Þórshöfn þvert yfir Langanes um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð að vegamótum Austurlandsvegar vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Úthéraðsvegur:* Frá vegamótum Fjarðarheiðarvegar austan við Eyvindarárbrú, um Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá að Óshöfn.

4. *Fjarðarheiðarvegur:* Frá vegamótum Austurlandsvegar hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
5. *Fagradalsbraut:* Frá vegamótum Austurlandsvegar hjá Egilsstöðum um Fagradal til Reyðarfjarðarkauptúns.
6. *Eskifjarðarvegur:* Frá Reyðarfjarðarkauptúni til Eskifjarðarkauptúns.

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist 2 nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Þar sem mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar eru ekki ákveðin, úrskurðar ráðherra hvar þjóðvegur endar.

Nú nær byggð meðfram slíkum vegi út fyrir mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar og skal þá ekki telja þjóðveg lengra en þar að, sem byggð telst enda samkvæmt úrskurði ráðherra.

3. gr.

1. málsgrein 8. gr. skal orða svo:

Sýslunefndir hafa undir yfirumsjón vegamálastjóra, umsjón og stjórn þeirra vegagerða og þess viðhalds, sem kostað er af sýslusjóði eða sýsluvegasjóði; fela má sýslunefnd oddvita sínum umsjón með tilteknum vegagerðum, eða sýslunefndarmanni eða hreppsnefndum umsjón með sýsluvegagerð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða til þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa. Skylt er sýslunefndum að hlíta ráðum vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða.

4. gr.

Aftan við síðari málsgrein 11. gr. skal bæta:

Þar sem enginn skurður er meðfram vegi, má girðingu ekki setja nær miðju vegar en 4 metra og ekki reisa hús nær en 8 metra, nema sérstök heimild komi til.

5. gr.

12. gr. skal orða svo:

Ríkissjóður kostar umbætur og viðhald þjóðvega. Skulu þeir gerðir akfærir svo fljótt sem fé er veitt til í fjárlögum. Nú verður álitið gagnlegt að gera einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og má þá, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, gera það að skilyrði, að hlutaðeigandi sveitarfélög eða sýslufélög leggi fram tiltekinn hluta alls vegagerðarkostnaðar.

6. gr.

13. grein skal orða svo:

Stjórn vegamálanna ákveður hvaða fjallvegir skuli gerðir akfærir. Aðrir fjallvegir skulu gerðir reiðfærir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr ríkissjóði.

7. gr.

Aftan við 36. gr. bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Hvergi má festa upp auglýsingaspjöld meðfram alfaravegum utan kaup-

staða og kauptúna eða setja upp auglýsingar á annan hátt, svo sem letra þær á steina.

8. gr.

30. gr. orðist svo:

Brýr skal gera samkvæmt lögum nr. 32, 23. júní 1932.

9. gr.

Aftan við 44. gr. komi ný málsgrein, er orðist svo:

Þyki vegamálastjórninni ástæða til að halda akfærum kafla þjóðvegar með snjómokstri að vetrarlagi, má telja þann kostnað með viðhaldi vegarins.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 57, 19. maí 1930.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 41, 4. júní 1924, og gefa þau út svo breytt sem vegalög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Vegamálastjóri hefir að tilhlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins samið frumvarp þetta og fylgdi því frá honum svohljóðandi:

Greinargerð:

Síðan vegalögin frá 1924 gengu í gildi hafa komið fram á hverju alþingi breytingartillögur við þau, er allar hafa hnigið í eina og sömu átt, að bæta nýjum vegum í flokk þjóðvega og létta þannig nokkrum vegabótakostnaði af sýslunum, því í tillögur þessar hafa yfirleitt verið teknir fjölförnustu og umbótafrekustu sýsluvegirnir. Önnur ákvæði laganna hafa engum ágreiningi valdið og engar óskir komið fram um breytingar á þeim.

Það er nokkuð eðlilegt, að óskir sýslufélaga fari í þá átt, að koma sem mestu af vegakostnaðinum á ríkissjóð, því tekjustofnar sýslusjóðanna eru fáir og hafa lítt vaxið á síðari árum, þó öll starfsemi hafi orðið umfangsmeiri og kröfur vaxið um framlög til margvíslegra umbóta á ýmsum sviðum. Þannig hafa kröfur til bættra samgangna margfaldazt á síðasta áratug, og þó miklu hafi orðið ágengt eru samt enn margar og kostnaðarsamar umbætur mjög aðkallandi.

Með lögum nr. 10, 20. júní 1923 um sýsluvegasjóði var stigið stórt spor til umbóta sýsluvegunum, er sjóðum þessum var lagður til nýr gjaldstofn, fasteignaskattur, og jafnframt mjög verulegt framlag úr ríkissjóði.

Með vegalögunum frá 1924 var mjög létt vegabótakostnaði af sýslunum, sérstaklega viðhaldskostnaði. Þjóðvegir voru samkvæmt þeim um 2153 km. að

lengd og voru þá bílfærir kaflar aðeins nokkuð á 700 km. að lengd. Með lögum nr. 57, 19. maí 1930 var gerð breyting á þeim í þá átt að bæta í þjóðvegatölu ýmsum vegaköflum, er samtals voru um 350 km. að lengd. Á alþingi 1931 og 1932 komu enn fram nýjar tillögur í sömu átt og var á síðasta alþingi samþykkt að vísa máli þessu til stjórnarinnar.

Í frv. því, sem hér er lagt fyrir, er enn bætt við þjóðvegakerfið nýjum vegum, sem samtals eru að lengd um 636 km. og verður þá lengd þjóðvega um 3100 km. Aðrar breytingar, sem teknar eru í frv. þetta, eru engar verulegar.

Rétt þótti að taka í frv. heildaryfirlit yfir alla þjóðvegi samkvæmt því, bæði þá sem eru samkvæmt lögunum frá 1924 og 1930 og þá nýja vegi, er frv. gerir ráð fyrir að taka í þjóðvegatölu.

Í skrá þeirri, er hér fer á eftir, eru taldir þessir nýju vegakaflar ásamt kostnaðaráætlun um þær umbætur, sem á þeim þarf að gera, svo að þeir verði bílfærir eða fullgerð akbraut.

Tilv. í frv.		Vegarlengd km.	Ástand Bílf. km.	Reiðv. km.	Áætl. kostnaður. Aðg. vegar og endurbygging kr.	Brýr kr.
A, 6	Laugardalsvegur	12,4	12,4		5000,00	8000,00
„ 8	Gullfossvegur	16,0	16,0			
„ 9	Gnúpverjavegur	10,0	10,0		45000,00	
„ 11	Fljótshliðarvegur: Teigur—Hlíðarendi	2,8	2,8		3000,00	4000,00
„ 15	Útvarpsstöðvarvegur	4,4	4,4			
B, 2	Hafnarfjallsvegur	50,0	50,0		77000,00	50000,00
„ 3	Akranesvegur	14,0	14,0		5000,00	
„ 7	Ólafsvíkurvegur	60,0	60,0		63000,00	56000,00
„ 8	Hellusandsvegur	10,6		10,6	37000,00	18000,00
„ 11	Steinadalsvegur	17,0	17,0			12000,00
„ 12b	Þingeyri—Rafnseyri	15,0		15,0	25000,00	10000,00
„ 12c	Bíldudalur—Geirseyri	27,0		27,0	75000,00	8000,00
C, 1	Norðurlandsvegur: Reykjaheiði	36,0		36,0	10000,00	
„ 6	Hofsósvegur: Sauðárkr.—Hjaltadalsá	24,0		24,0	17000,00	
„ 7	Eyjafjarðarbraut: Kristnesvegur	0,8	0,8			
„ 8	Dalvíkurvegur	34,0	34,0		33000,00	
„ 10	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur: Kópasker—Raufarhöfn	49,0	29,0	20,0	40000,00	9000,00
„ „	Raufarhöfn—Svalbarð ca.	38,0		38,0	60000,00	35000,00
D, 1	Austurlandsvegur: Jökulsá í Axarfirði—Jökulsá hjá Fossvöllum	154,0	51,0	103,0	53000,00	40000,00
„ „	Breiðdals og Berufjarðarvegur	60,8	8,0	52,8	33000,00	34000,00
	Samtals	635,8	369,4	266,4	581000,00	284000,00

Með breytingum þessum eru felldir úr tölu þjóðvega þessir kaflar:

1.	Spítalavegur að Laugarnesi og Kleppi	um 3 km.
2.	Axarfjarðarheiði	— 39 —
3.	Berufjarðarskarð	— 12 —
		Samtals 54 km.

Þar sem mjög er nú farið að byggjast meðfram Laugarnes- og Kleppsvegi, svo að hann má nú telja sem innanbæjarveg í Reykjavík þykir ekki ástæða til að hann sé lengur í þjóðvegaflokki. Veg þenna er nú verið að endurbyggja, púkka og breikka, í atvinnubótavinnu og er kostnaður við þær umbætur að miklu leyti greiddur með framlagi ríkissjóðs til atvinnubótanna.

Vegir um Axarfjarðarheiði og Berufjarðarskarð er gert ráð fyrir að komi í tölu fjallvega og verði þeim haldið reiðfærum á kostnað ríkissjóðs eins og verið hefir. Þjóðvegurinn á þessum köflum er fluttur út Melrakkaslèttu um Kópasker, Blikalón og Raufarhöfn til Svalbarðs, í stað Axarfjarðarheiðar og um Breiðdal og Berufjarðarströnd í stað Berufjarðarskarðs. Liggur þá leiðin á þessum köflum um byggð eftir því sem við verður komið og verður þar unnt að gera bílfæran veg, en það má teljast ókleift að minnsta kosti um Berufjarðarskarð, en leiðir þessar um byggðirnar verða nálægt 81 og 49 km. lengri en um fjallvegina.

Með því að taka í tölu þjóðvega veginn um Reykjaheiði (C, 1) og veginn um Hólsfjöll, Möðrudalsöræfi og Jökuldal (D, 1) er leiðin um Norður- og Austurland tengd í eina heild, sem unnt er að gera bílfæra með vel kleifum kostnaði.

Þar sem flestir þessir nýju þjóðvegakaflar eru nú í tölu sýsluvega, er njóta myndu allt að helmings tillags úr ríkissjóði til endurbóta og enn ríflegra framlags til brúagerða og aðrir kaflar eru fjallvegir, sem ríkissjóður kostar endurbætur á hvort eð er, þá má telja aukinn kostnað ríkissjóðs til endurbóta nema tæplega helming hinna áætluðu upphæða eða alls nálægt 250 þús. kr. Hér við bætist vitanlega árlegur viðhaldskostnaður, sem má lauslega áætla nálægt 50 þús. kr. þegar vegir þessir allir eru orðnir bílfærir, en verður þó fyrstu árin allmiklu minni. Hafa þannig breytingar þessar í för með sér mjög veruleg útgjöld fyrir ríkissjóð.

Nú er það svo, að samkvæmt 12. gr. vegalaganna er heimilt að áskilja nokkuð framlag frá hlutaðeigandi héruðum á móti ríkissjóði upp í kostnað við að gera þjóðvegarkafla akfæra og hefir sú heimild nokkrum sinnum verið notuð. Þegar þjóðvegakerfið færist svo út, sem hér er gert ráð fyrir, má vænta þess að heimild þessi verði enn frekar notuð en áður. Meðal þeirra vega, er ég tel sérstaklega koma til greina í þessu sambandi eru flestir sýsluvegirnir, sem með frv. þessu er bætt í þjóðvegaflokk, auk nokkurra, er þar eru áður t. d. Skeiða- og Hreppavegur, Landvegur, Laxárdalsvegur, Vesturhópsvegur, Tjörnesvegur og Úthéraðsvegur. Þætti mér eðlilegt, að tillag þetta yrði ákveðið ¼—½ hluti kostnaðar, eftir ástæðum.

Ég tel hinsvegar rétt að halda óbreyttu því ákvæði vegalaganna, að ríkissjóður kosti einn viðhald þjóðveganna án framlags úr héraði.

Þó þessum nýju vegum verði nú bætt í þjóðvegatölu, þá má ekki vænta

þess, að fé fáist til endurbóta á þeim á næstu árum nema að litlu leyti, með því að endurbætur á eldri þjóðvegaköflum, sem yfirleitt eru miklu fjölfarnari, verða að minu áliti að jafnaði að sitja fyrir, en vitanlega geta þó framlög frá héruðum skipt nokkru máli í þessu efni.

Í frv. er ekki gerð tillaga um að lögfesta framlag héraða til endurbyggingar ákveðinna vega, sem vitanlega getur vel komið til greina. Meðan slíkt ákvæði er ekki í lögum verður framlagið í hvert sinn samningsatriði milli Alþingis og hlutaðeigandi héraða.

Um einstaka vegarkafla, er bætt er við núverandi þjóðvegakerfi, vil ég taka þetta fram:

A, 6 Laugardalsvegur er sýsluvegur, og hefir verið endurbættur mjög á undanförnum árum með ríflegu framlagi úr ríkissjóði. Hann tengir eðlilega saman Geysisveg og Grímsnesveg og er nú orðinn nokkuð fjölfarinn af ferðamönnum, einkum þeim, er erindi eiga að Laugarvatnsskóla.

A, 8 Gullfossvegur var gerður bílfær vorið 1930. Þar sem hann liggur að mestu í byggð þykir ekki eðlilegt að hann sé í tölu fjallvega eins og verið hefir, en hinsvegar sanngjarnt að ríkissjóður kosti viðhald hans, líka þess kafla sem er í byggð, en ekki sýslan, með því að þar er að heita má eingöngu umferð utanhéraðsferðamanna.

A, 9 Gnúpverjavegur er að vísu að mestu leyti innansveitarvegur, en er settur hér með tilliti til að hliðstæður vegur um Hrunamannahrepp hefir áður (1930) verið tekinn í tölu þjóðvega, en Árnessýsla á óvenju örðuga aðstöðu um allar vegabætur. Þá er og gert ráð fyrir, að hann verði, er tímar líða, liður í samhangandi akfærum vegi frá Biskupstungnabraut um brú á Hvítá á Iðu, þvert yfir Skeið um væntanlega brú á Þjórsá á Þjórsárholti, þvert yfir Landsveit og Rangárvelli.

A, 11 Fljótshlíðarvegur er nú þjóðvegur inn að Teigi, en ferðamenn leggja mjög leið sína að Hlíðarenda og þykir réttmætt að bæta þessum stutta kafla við.

A, 15 Útvarpsstöðvarvegurinn hefir verið lagður í atvinnubótavinnu nú í haust og vetur. Mun hann kosta fullgerður nálægt 85 þús. kr. og hefir ríkissjóður greitt þann kostnað að nokkru leyti með framlagi til atvinnubóta.

B, 2 Hafnarfjallsvegur er nú sýsluvegur. Hann liggur allur í byggð um láglendi meðfram sjó og er eðlileg framtíðar aðalleið úr Hvalfirði til Borgarfjarðarhéraðs, og kemur Akranesi í ágætt samband við nærliggjandi héruð. Vegur þessi er nú bílfær að sumarlagi, en umbætur á kaflanum yfir Andakíl eru mjög nauðsynlegar. Þarf þar að gera upphleypta braut 4,6 km. að lengd ásamt brú á Andakílsá. Aðrar verulegar umbætur eru ekki aðkallandi.

B, 3 Akranesvegur er að heita má upphleypt braut alla leið.

B, 7 Ólafsvíkurvegur liggur á 15 km. kafla um Fróðárheiði, sem hefir verið í tölu fjallvega. Að öðru leyti liggur hann um byggð og er nú sýsluvegur.

B, 8 Hellusandsvegur frá Ólafsvík um Ennisdal er landeðlilegasta og ódýrasta leiðin til að koma kauptúninu Sandi inn í akvegakerfið. Hér er nú enginn vegur teljandi, en rannsókn hefir leitt í ljós að leið þessi er vel fær. Áður hefir á Alþingi komið fram tillaga um að taka veginn út fyrir Jökul í þjóðvegatölu, en vegna þess hve sú vegabót yrði dýr og löng og hve þar er

strjálbyggt, tel ég hina leiðina vafalaust heppilegri. Mun og verða mjög til hagsmuna báðum þorpunum, ef akfært verður milli þeirra.

B, 11 Steinadalsvegur hefir verið í tölu fjallvega og hefir þegar verið gerður bílfær, er brýr koma þar á tvö gil. Leið þessi hefir verið talin álitlegust til að koma Miðströndum norðan Bitruháls í samband við akvegakerfið.

B, 12 b, c Þingeyrar- og Bíldudalsvegur. Með vegum þessum verður helztu kauptúnunum á Vestfjörðum komið í innbyrðis vegasamband þvert yfir nesin, sem liggja milli fjarðanna, því leiðin inn fyrir fjarðarbotna, nema Tálknafjörð, er of löng og of dýr að vega.

C, 1 Reykjaheiði milli Húsavíkur og Fjalla í Kelduhverfi er nú í flokki fjallvega. Vegur yfir hana var gerður bílfær á síðastliðnu sumri, en er þó enn mjög ófullkominn. Vegstæði er þannig, að ekki verður dýrt að endurbæta svo veginn, að hann verði sæmilegur að sumarlagi. Kemur ekki til greina, að minnsta kosti fyrst um sinn, að gera bílfæran annan veg en þessa leið, hvorki um Tunguheiði, vegna bratta og hæðar yfir sjó, eða út með sjó kringum Tjörnes, vegna kostnaðar.

C, 6 Hofsósvegur. Vegurinn frá Hofsós inn að brú á Hjaltadalsá var tekinn í tölu þjóðvega 1930. Yfir Hegranesið er nú komin akbraut en að öðru leyti er vegurinn ruddur með nokkrum smábrautarstúfum. Á leið þessari eru brýrnar yfir Héraðsvötn beggja megin við Hegranes og eru báðar úr járnbentri steypu. Vegur þessi er nú í tölu sýsluvega og þarf ekki verulegra umbóta á næstu árum.

C, 7 Frá Eyjafjarðarbraut heim að Kristnesi. Rétt þykir að þessi litli brautarstúfur komist í tölu þjóðvega eins og Vífilsstaðavegurinn. Ríkissjóður kostaði lagningu hans, en hælið hefir borið kostnað af viðhaldinu.

C, 8 Dalvíkurvegur er sýsluvegur og er nú orðin akbraut alla leið nema um 5,5 km., sem þarf að gera nýjan veg hið fyrsta.

C, 10 Kópaskers- og Raufarhafnarvegur. Sýsluvegur er nú frá Kópaskeri um Blikalón og Raufarhöfn að Hóli um 5 km. fyrir sunnan Raufarhöfn. Bílfært má telja að Blikalóni, en þaðan er að mestu leyti mjög stirður vegur. Að öðru leyti vísast til þess, sem fyrr er sagt um flutning þjóðvegarins af Axarfjarðarheiði.

D, 1 Austurlandsvegur. Frá Jökulsárbrú í Axarfirði er nú talinn fjallvegur um Hólsfjöll hjá Grímsstöðum og er bílfært þangað, og hjá Möðrudal um Möðrudalsöræfi austur í Jökulldal um 121 km., en um dalinn út að brúnni hjá Fossvöllum er sýsluvegur um 33 km. að lengd. Er þetta eina leiðin, sem fært er að gera bílfæra til Austurlands og verður kostnaðurinn tiltölulega mjög lítill miðað við vegalengd, enda þarf víðast aðeins að ryðja veg og slétta. Vegstæðið er og þannig, að viðhald vegarins verður mjög ódýrt, en vitanlega verður þessi vegur bílfær aðeins þann tíma, sem jörð er auð. Með því að ég tel mikils um vert að koma Austurlandi í akvegasamband við aðalvegakerfið, legg ég áherzlu á, að þessi vegur verði tekinn í tölu þjóðvega.

D, 1 Breiðdals- og Berufjarðarvegur. Mestur hluti vegar þessa er nú sýsluvegur, en aðeins um 8 km. í Breiðdal eru bílfærir. Vísast að öðru leyti til, þar sem áður er gerð grein fyrir þessari breytingu.

Um aðrar breytingartill. þykir ástæða að taka þetta fram:

Um 2. gr.

Það hefir komið í ljós, að mörk verzlunarlóða eru ekki alstaðar glöggt ákveðin, og sumstaðar nær byggðin í kauptúni eða kaupstað út fyrir verzlunarlóðina. Þykir ekki ástæða til að þjóðvegur nái lengra en þangað, sem talið verður eðlilegt að götur taki við og því settur þessi viðauki við núverandi ákvæði.

Um 3. gr.

Þar sem ríkissjóður leggur mjög ríflega fram fé til sýsluveganna, þykir rétt að bæta inn ákvæði, er beint taki fram afskipti vegamálastjóra af framkvæmdum að sýsluvegum.

Um 4. gr.

Víða eru engir skurðir meðfram vegum og hefir þá vantað ákvæði um girðingar.

Um 5. gr.

Það þykir tímabært að setja ákvæði í vegalögin, er beint ákveði að þjóðvegir skuli gerðir akfærir. Önnur breyting er ekki í þessari grein.

Um 6. gr.

Í 13. gr. vegalaganna er gert ráð fyrir að fjallvegir verði aðeins gerðir reiðfærir. Þar sem þeir eru nú víða gerðir akfærir, þykir rétt að ákvæði um það sé bætt í lögin.

Um 7. gr.

Sumstaðar í nágrenni Reykjavíkur hefir borið á því, að smekklausum auglýsingum hefir verið klínt hingað og þangað meðfram vegum. Þar sem óprýði er að öllum slíkum auglýsingum, þykir rétt að banna þær. Ákvæði sama sinnis var í frv. til friðunarlaga, er lagt var fyrir síðasta Alþingi.

Um 8. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 9. gr.

Núgildandi ákvæði um snjómokstur gera ráð fyrir að snjómokstur á vegum verði jafnan kostaður af sveitarsjóðum eða með skylduvinnu hreppsbúa. Vegna breyttrar aðstöðu og aukinna afnota veganna hefir kostnaður við snjómokstur á ýmsum aðalvegum verið kostaður af viðhaldsfé þjóðvega. Þykir rétt að bæta inn ákvæði, er lögheimili slíkar greiðslur.

Um 10. gr.

Þar sem allir þeir vegakaflar, er teknir voru í þjóðvegatölu með vegalagabreytingunni frá 1930 eru teknir upp í 1. gr. frv. þessa falla þau lög eðlilega úr gildi.

24. Frumvarp

til laga um breytingu á l. nr. 32, 23. júní 1932 um brúargerðir.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Á eftir 3. gr. komi ný 4. grein svohljóðandi:

Til brúargerða þeirra, sem taldar eru í 2. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán hjá sýslu- og sveitarfélögum á ábyrgð ríkissjóðs, allt að 60 þús. kr. á ári í fjögur ár, 1933—1936. Lánin endurgreiðist á 6—8 árum og séu vextir ½% hærri en hæstu innlánsvextir í Landsbankanum. Vexti og afborganir af lánum þessum skal telja með öðrum slíkum gjöldum ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í lögum um brúargerðir nr. 62, 28. nóv. 1919 var í 4. gr. heimild til lántöku til brúargerða. Var samkvæmt henni nokkrum hluta af innanríkisláninu frá 1920 varið til brúargerða, en hve miklu, kemur ekki fram í LR. — Sérstök fjárveiting til brúargerða var ekki tekin í fjárlög 1920—1925, en kostnaður talinn í LR. með öðrum gjöldum vegna sérstakra laga. Síðan hafa verið árlegar fjárveitingar til brúargerða í fjárlögum, en kostnaður hefir á árunum 1926—1932 orðið nær helmingi eða um 1 millj. kr. hærri en fjárveitingum nemur; og hefir þessi mismunur að langmestu leyti komið fram í LR sem umframeyðsla, en um 178 þús. kr. eru greiddar samkvæmt sérstökum lögum (brýr á Þverá og Affall og Brákarsund í Borgarnesi) og eru hér af um 120 þús. kr. lánsfé, en um 35 þús. kr. eru teknar að láni 1932 til bygginga brúa í Kjós á veginum inn fyrir Hvalfjarðarbotn, samkv. heimild í lögum um brúargerðir frá 1919.

Fer hér á eftir tafla, er sýnir fjárveitingar og greiðslur ríkissjóðs til brúargerða 1920—1932:

Ár	Fjárveiting kr.	Landsreikningur kr.
1920	Engin	544647,59
1921	—	152860,39
1922	—	147091,51
1923	—	168737,76
1924	—	25177,10
1925	—	108453,44
1926	90000,00	176949,94
1927	224000,00	275878,08
1928	190000,00	319784,35

Ár	Fjárveiting kr.	Landsreikningur kr.
1929	200000,00	457934,27
1930	200000,00	507806,30
1931	150000,00	190960,05
1932	50000,00 eytt um	205000,00
	Kr. 1104000,00	3281280,78

Þar sem nú er sýnilegt, að fjárveitingar til brúargerða hljóta á næstu árum að verða miklu lægri en 1927—1931 og jafnframt má telja víst að ekki verði heimiluð nein teljandi umframeyðsla, þá er sýnilegur mjög verulegur afturkippur í framkvæmdum þessum. Hinsvegar hefir það þegar komið í ljós, að áhugi er víða mjög mikill fyrir að flýta brúargerðum. Hafa nokkrar sveitir þegar boðið fram smáupphæðir að láni til ákveðinna brúa eða látið uppi, að lán muni væntanlega verða boðið fram, ef heimild til lántöku sé fyrir hendi. Er gert ráð fyrir að sýslur eða hreppsfélög verði aðilar gagnvart ríkissjóði um slíkar lánveitingar og safni lánsfé til brúabygginga, sem sérstakur áhugi er fyrir innansveitar, og leggist lánsféð fram eftir ástæðum í hvert sinn, sumpart í peningum, en sumpart í vinnu, eins og þegar er fengin góð reynsla fyrir.

Þar sem lánsfé er bundið í nokkur ár, þykir hæfilegt að setja vexti nokkru hærri en innlánsvexti í banka.

25. Frumvarp

til laga um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

I. KAFLI.

Um stjórn vitamála.

1. gr.

Ráðherra hefir með höndum yfirstjórn allra vitamála í landinu.

2. gr.

Konungur skipar vitamálastjóra, er stjórni framkvæmdum allra vitamála landsins og sé ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að vita- og hafnamálum.

3. gr.

Vitamálastjóri hefir með höndum undirbúning að og yfirstjórn við byggingu nýrra vita og gerð nýrra sjómerkja, umsjón með allri starfrækslu vita ríkisins og sjómerkja, svo og umsjón og eftirlit með vitum og sjómerkjum, sem

hafnarstjórnir, sveitarstjórnir eða einstakir menn byggja eða setja upp, sbr. lög nr. 23, 11. júlí 1911, lög nr. 43, 14. júní 1929 og lög nr. 16, 14. júní 1929.

Ennfremur má fela vitamálastjóra undirbúning, framkvæmd og eftirlit með öllum hafnarmannvirkjum, bryggjugerðum og lendingabótum, sem gerðar eru að öllu eða nokkru leyti fyrir fé ríkissjóðs eða með styrk af því.

Nánari ákvæði um starf vitamálastjóra setur ráðherra í erindisbréfi.

4. gr.

Um laun vitamálastjóra fer eftir launalögum. Í fjárlög skal árlega taka upp fjárveitingu til greiðslu á skrifstofukostnaði hans.

5. gr.

Ráðherra skipar vitaverkfræðing til aðstoðar vitamálastjóra. Um laun hans fer eftir launalögum.

6. gr.

Ráðherra skipar vitaverði eftir tillögum vitamálastjóra með þeim kjörum, sem ákveðin eru í launalögum eða í fjárlögum.

II. KAFLI.

Um byggingu vita og sjómerkja.

7. gr.

Ráðherra lætur reisa vita þá, sem taldir eru hér á eftir, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum og aðrar ástæður leyfa:

Á Þjófakletti í Borgarfirði	ljósviti
– Borgareyjum	—
– Rauðanesi	—
– Hjörtsey á Mýrum	—
– Búðarhrauni	—
– Stórfiskaskeri við Hagabót	—
– Bjargtöngum	stækkun ljósvita
– —	radioviti
– Vatneyri við Patreksfjörð	ljósviti
– Álftamýri við Arnarfjörð	—
– Þingeyri við Dýrafjörð	—
– Fjallaskaga við Dýrafjörð	—
– Flateyri við Önundarfjörð	—
– Gelti í Önundarfirði	radioviti
– —	hljóðviti
– Óshólum í Bolungarvík	ljósviti
– Æðey	—
– Sléttaeyri í Jökulfjörðum	—
– Aðalvík	—

Á Hornbjargi		radioviti
— —		hljóðviti
– Munaðarnesi		ljósviti
– Krossnesi		—
– Kaldrananesi		—
– Kjörseyri við Hrútafjörð		—
– Ánastaðabökkum		—
– Skagaströnd		—
– Kálfshamarsnesi	stækkun	ljósvita
– Skagatá	stækkun	—
– Reykjadisk á Skagafirði		ljósviti
– Hegranesi		—
– Straumnesi eða Málmey		—
– Sauðanesi við Siglufjörð		—
– Sauðanesi við Siglufjörð		hljóðviti
– Siglunesi		radioviti
– Grímsey		ljósviti
– Húsavíkurhöfða		—
– Snartastöðum		—
– Hjálmarsnesi við Þistilfjörð		—
– Svínalækjartanga		—
– Langanesi	stækkun	ljósvita
– —		radioviti
– —		hljóðviti
– Digranesi		ljósviti
– Kolbeinstanga í Vopnafirði		—
– Glettinganesi		hljóðviti
– Hellisnesi við Norðfjörð		ljósviti
– Grímutanga við Reyðarfjörð		—
– Selnesi		—
– Seley		—
– —		radioviti
– —		hljóðviti
– Hvalsnesi		ljósviti
– Stokknesi		radioviti
– Hestgerði		ljósviti
– Ingólfshöfða	stækkun	ljósvita
– Stórhöfða	—	—
– Faxaskeri		ljósviti
– Hafnarnesi við Þorlákshöfn		—
– Reykjanesi		radioviti
– —		hljóðviti
– Gróttu		radioviti
– —		hljóðviti

8. gr.

Vitar þeir, sem taldir eru í 7. gr. skulu byggðir í þeirri röð, sem ráðherra ákveður eftir tillögum vitamálastjóra.

Eftir tillögum vitamálastjóra er ráðherra og heimilt að breyta legu vita þessara, ef það þykir hentugt eftir nánari rannsóknir á þeim svæðum, sem vitunum er ætlað að ná til.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á Alþingi 1930 flutti sjávarútvegsnefnd neðri deildar till. um að skipuð væri milliþinganefnd til þess að athuga vitamálin og gera tillögur um skipulag þeirra í framtíðinni. Tillaga þessi var að sönnu ekki samþykkt, en ríkisstjórnin skipaði þó nefnd til þess að athuga þessi mál. Sú nefnd samdi frv. til laga um þessi efni og flutti sjávarútvegsnefnd það með nokkrum breytingum á vetrarþinginu 1931. Málið komst þá aðeins til 2. umr. vegna þingrofsins, en var ekki tekið upp aftur, hvorki á sumarþinginu 1931 né á þinginu 1932. Nú hefir vitamálastjóri óskað, að málið verði tekið upp að nýju og þykir rétt að verða við þeirri ósk.

Þegar sjávarútvegsnefnd Nd. flutti frv. sitt 1931 breytti hún í ýmsum atriðum frv. hinnar stjórnskipuðu nefndar. Vitamálastjóri telur að breytingar þessar séu ekki til bóta og hefir óskað, að frv. verði flutt eins og hin stjórnskipaða nefnd gekk frá því. Að athuguðu þessu máli hefir ríkisstjórninni þótt réttara að leggja til grundvallar frv. sjávarútvegsnefndar neðri deildar, en gera við það tiltölulega lítilfjörlegar breytingar, sem grein verður gerð fyrir hér á eftir.

Um 1. gr.

Við hana er gerð lítilfjörleg orðabreyting, sem engum ágreiningi getur valdið.

Um 2. gr.

Vitamálastjóri óskar, að konungur veiti vitamálastjóraembættið og sýnist engin ástæða til að reisa ágreining út af því.

Um 3. gr.

Hér eru aðeins gerðar orðabreytingar, sem ekki skipta máli.

Um 4. gr.

Hér eru einnig gerðar orðabreytingar, sem ekki þarf að skýra.

Um 5. gr.

Á þessari gr. er gerð sú breyting á till. nefndar Nd., að niður er feld heimild ráðherra til þess að ráða aðra verkfræðinga og aðstoðarmenn en vitaverk-

fræðing. Í lögum á ekki að veita rýmri heimildir en þörf er á. Hinsvegar er vitaskuld, að ef þingið eitthvert ár eða að staðaldri lætur vinna svo mikið að verkum sem eru í verkahring vitamálastjóra, að hann og verkfræðingur hans, anna ekki umsjón þeirra, þá liggur í fyrirskipunum þingsins heimild til þess að fá aukna aðstoð, en þess verður vandlega að gæta að skipa ekki fleiri menn í fastar stöður, en minnst er þörf á.

Um 6. gr.

Á þessari gr. er ekki stungið upp á neinni breytingu.

Hér er rétt að geta þess, að réttast hefir þótt að fella alveg niður 7. og 8. gr. frv. nefndarinnar. Um 7. gr. frv. er þess að geta, að það er óþarft að ákveða í lögum, að vitamálastjóri skuli gera tillögur og áætlanir um fjárframlög til vitamála, því að slíkt er embættisskylda hans. Ennfremur sýnist ástæðulaust að gera vitamálastjóra að skyldu að ráðgast um tillögur sínar við ákveðna menn. Sjávarútvegsnefnd virðist hafa stungið upp á þessu fyrirkomulagi, af því að hún felldi burtu úr till. milliþinganefndarinnar að skipa þriggja manna vitamálaráð, en ríkisstjórninni virðist mega spara allan kostnað af þessu.

Sökum þess að niður er felld 8. gr. frv. sjávarútvegsnefndar, er rétt að benda á, að stjórninni þykir það of langt gengið að binda hendur þingsins svo sem gr. ráðgerir. Hins vegar er það viðurkennt, að vitagjaldið á undir venjulegum kringumstæðum að ganga sem mest til vitamála.

Um 7. gr.

Hún er eins og 9. gr. frv. sjávarútvegsnefndar nema 1 vita (Munaðarnesvita í Strandasýslu) er bætt við eftir tillögu vitamálastjóra.

Um 8. gr.

Er eins og 10. gr. frv. sjávarútvegsnefndar nema niður eru felld orðin „eða Alþingis“, því að það er fjarri lagi, að þingið hafi aðeins tillögurétt um vitabyggingar. Það á að hafa ákvörðunarrétt, ef það vill

Um 9. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Þess er rétt að geta, að niður hefir verið felld 11. gr. frv. sjávarútvegsnefndar, því að þær framkvæmdir, sem þar eru nefndar virðast eiga að fara eftir því hvað þingið ákveður í hvert sinn í fjárlögum.

26. Frumvarp

til laga um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, malartaka og annað jarðrask í fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé að

ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta nær þó ekki til jarðrasks er leiðir af hafnarmannvirkjum, ruðningi á vörum og bátalendingum.

2. gr.

Ákvæði þessara laga gilda 500 m. út fyrir takmörk verzlunarlóða og 800 m. frá byggð í sjávarþorpum, til beggja handa meðfram fjöru.

3. gr.

Nú hagar þannig til, að áhættulaust virðist að taka efni í landi, sem ofangreind ákvæði ná til og getur þá landeigandi leyft jarðraskið á ákveðnu svæði með samþykki vitamálastjóra að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Slíkt leyfi má ekki veita til lengri tíma en 5 ára í senn, en það má endurnýja með samþykki vitamálastjóra, ef það er þá talið hættulaust. Nú þykir einhverjum rétti sínum hallað og getur hann þá skotið ákvörðun vitamálastjóra til ráðherra og er úrskurður hans um málið fullnaðarúrskurður.

Nú hefir leyfi verið fengið og ber þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd að auglýsa og merkja á fullnægjandi hátt á hvaða svæði efnisnámið sé leyft.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum frá 20 til 500 kr., er renna í sveitarsjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þess hefir orðið vart, sérstaklega á síðari árum, að sjórinn hefir talsvert brotið landið í nánd við sum kauptún og hefir það valdið skemmdum, sem nauðsynlegt hefir verið að bæta og fyrirbyggja, oft með miklum kostnaði fyrir ríkissjóð og hlutaðeigandi hreppa eða kauptún. Skemmdir þessar hafa venjulega stafað af því, að efni hefir verið tekið í fjörunni, sérstaklega grjót og möl í steinsteypu, garða, vegagerð o. þ. h. Malartaka þessi hefir ágerzt mjög hin síðari ár sökum þess hve það hefir farið í vöxt að nota steinsteypu í hús og gera upphlaðna vegi í kauptúnum. Það liggur í augum uppi, að þegar stórgrýti og möl er tekið úr fjörunni, svo að aðeins sandur og laus jarðvegur verður eftir, etur sjórinn hann burt og hefir skaði sá, sem af þessu hefir hlotizt verið mjög bagalegur og hefir kostað stórfé að ráða bót á honum sumstaðar.

Til þess að koma í veg fyrir skemmdir þessar þykir full ástæða til þess að banna almennt grjót-, malar- og sandtöku í nágrenni kaupstaða, kauptúna og sjávarþorpa en heimila hana þó á sérstökum stöðum, þar sem hún er talin hættulaus að dómi sérfræðinga.

Um 1. gr.

Um þessa grein vísast til framanritaðra athugasemda og þarf hún eigi frekari skýringa.

Um 2. gr.

Það er álitamál hve stórt landssvæði eigi að friða fyrir malartöku og öðru jarðraski, en með ákvæðum greinarinnar mun sennilega vera náð fullu öryggi.

Um 3. gr.

Eins og að ofan getur virðist rétt að leyfa efnistöku í fjörum innan þess svæðis, sem til er tekið í 2. gr., ef ráðunautur ríkisstjórnarinnar í þessum málum, sem er vitamálastjóri, telur það hættulaust, en til frekari öryggis er rétt að ákvörðun vitamálastjóra megi skjóta til fullnaðarúrskurðar ráðherra.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringa við.

27. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á fiskframleiðslu ársins 1933.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa svo fyrir, að á tímabilinu frá 1. janúar til 1. apríl 1933 megi ekki, nema með samþykki Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, flytja eða selja til útlanda saltaðan fisk, hvort sem hann er verkaður eða óverkaður, ef hann er lagður á land eftir 1. janúar 1933.

2. gr.

Brot gegn banni, sem út er gefið samkvæmt 1. gr., varðar sekt allt að 25 kr. fyrir hvert skippund fiskjar, sem út hefir verið flutt eða selt.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á fiskframleiðslu ársins 1933.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Dóms- og útvegsmálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að nauðsynlegt sé, að ríkisstjórnin fái heimild til þess fyrst um sinn að hafa íhlutun um sölu og útflutning á fiskframleiðslu ársins 1933, í því skyni að tryggja og festa það samstarf útvegsmanna, er hófst á þessu ári og leiddi til stofnunar Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda. Sé sala og útflutningur nýju fiskframleiðslunnar með öllu frjáls, eru líkur til að það valdi verðlækkun á eldri fiskbirgðum, en einkum þó á nýju framleiðslunni. Mundi slíkt verðfall færa yfir Sölusambandið utan og innan að komandi hættur, sem sennilega mundu ríða þessum þörfu samtökum að fullu, og á þann hátt stórskaða íslenzka framleiðendur, bæði þá er eiga fiskbirgðir liggjandi hér í landinu, en þó aðallega væntanlega eigendur nýju framleiðslunnar.

Þar sem nú svo er ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn ber til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar frá 18. maí 1920.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa svo fyrir, að á tímabilinu frá 1. janúar til 1. apríl 1933 megi ekki, nema með samþykki Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, flytja eða selja til útlanda saltaðan fisk, hvort sem hann er verkaður eða óverkaður, ef hann er lagður á land eftir 1. janúar 1933.

2. gr.

Brot gegn banni, sem út er gefið samkvæmt 1. gr., varðar sekt allt að 25 kr. fyrir hvert skippund fiskjar, sem út hefir verið flutt eða selt.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 5. desember 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ólafur Thors.

28. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

1. gr. nefndra laga nr. 55, 7. maí 1928 orðist svo:

Hvarvetna í landhelgi við Ísland skulu veiðar með dragnótum bannaðar frá 1. janúar til 15. júlí ár hvert, með undantekningum þeim, sem 2. gr. nefnir.

Til dragnóta teljast nætur þær, sem til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (Snurrevaad).

Ráðherra setur reglugerð um möskvastærð og gerð dragnóta, sem heimilt er að nota innan landhelgi. Í reglugerð þessa skal setja ákvæði um lágmarksstærð þess fiskjar, sem leyfilegt er að hagnýta úr afla dragnóta.

2. gr.

Á eftir 1. málsgrein 8. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Á sama hátt er ráðuneytinu heimilt að leyfa dragnótaveiðar í allt að 2 mánuðum ár hvert innan landhelgi með fram einstökum lögsagnarumdæmum á öðrum tíma en ákveðið er í lögum þessum. Leyfi slíkt er hér um ræðir gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Dómsmálaráðherrann hefir tjáð Oss, að hann telji nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 55, 7. maí

1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, sem miði að rýmkun veiðileyfis með dragnótum frá því sem nú er.

Telur ráðherrann þetta óhjákvæmilega bjargráðaráðstöfun í viðskiptaóáran þeirri, sem nú á sér stað, til að létta undir með bátaútvegi landsmanna, þar sem líkur séu til að veiða megi af bátum í dragnætur innan landhelgi kola og annan verðmætan og auðseljanlegan fisk, sem eigi náist öðruvísi svo teljandi sé.

Fyrir því teljum Vér brýna nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

1. gr. nefndra laga nr. 55, 7. maí 1928 orðist svo:

Hvarvetna í landhelgi við Ísland skulu veiðar með dragnótum bannaðar frá 1. janúar til 15. júlí ár hvert, með undantekningum þeim, sem 2. gr. nefnir.

Til dragnóta teljast nætur þær, sem til botns taka og eru dregnar með botni þegar veitt er, þar á meðal kolanót (Snurrevaad).

Ráðherra setur reglugerð um möskvastærð og gerð dragnóta, sem heimilt er að nota innan landhelgi. Í reglugerð þessa skal setja ákvæði um lágmarksstærð þess fiskjar, sem leyfilegt er að hagnýta úr afla dragnóta.

2. gr.

Á eftir 1. málsgrein 8. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Á sama hátt er ráðuneytinu heimilt að leyfa dragnótaveiðar í allt að 2 mánuðum ár hvert innan landhelgi með fram einstökum lögsagnarumdæmum á öðrum tíma en ákveðið er í lögum þessum. Leyfi slíkt er hér um ræðir gildir þó aðeins fyrir eitt ár í senn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Marselisborg, 6. júlí 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

29. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Málsliður 1. b. í 14. gr. laganna orðist svo:
hefir haft félagsréttindi í sveinafélagi í iðn sinni fyrir 1. jan. 1928.

2. gr.

Aftan við 18. gr. laganna bætist ný málsgr. svohljóðandi:

Iðnbréf og heimild til þess að taka nemendur til verklegs náms, sem veitt er samkvæmt þessari grein, gildir aðeins innan þess lögsagnarumdæmis, þar sem það er gefið út. Þetta nær þó ekki til þeirra manna, sem fullgilt sveinsbréf hafa í iðn sinni.

3. gr.

Aftan við 21. gr. laganna komi ný grein, er verður 22. gr., þannig:

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Skulu lögreglustjórar að jafnaði leita umsagnar iðnráðanna um þau mál, er undir þá falla samkvæmt II. kafla þessara laga og samkvæmt löggjöfinni um iðnaðarnám.

Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um kosningu iðnráða og nánari ákvæði um starfssvið þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Við 1. gr.

Það hefir þótt rétt að breyta þessu ákvæði í 14. gr. iðjulaganna svo sem lagt er til í þessari grein, með því að ekki er rétt að láta það vera á valdi sveinafélaga að ákveða það, hverjir skulu teljast iðnaðarmenn hinna ýmsu iðngreina og fá iðnbréf í þeim. Er rétt að sveinspróf skeri út um þetta, nema hvað sanngjarnt þykir að félagaréttindi í sveinafélögum nægi til að fá iðnbréf þeim mönnum, sem voru félagar fyrir 1. jan. 1928, er iðjulögin gengu í gildi.

Við 2. gr.

Það þykir ekki rétt, að þeir menn, sem ekki hafa fært sönnur á kunnáttu sína í sinni iðn með sveinsprófi, hafi iðjuleyfi og kennsluheimild hvar sem er á landinu, þó þeir hafi fengið slík leyfi í einhverju lögsagnarumdæmi. Þykir því rétt að þeir, sem hafa fengið atvinnuleyfi samkvæmt 14. gr. 1. b. og 17. gr., sbr. 14. gr. 1. b. í iðjulögunum, hafi leyfið að eins í því lögsagnarumdæmi þar sem það er veitt.

Við 3. gr.

Iðnaðarmenn hafa sett á fót iðnráð í Reykjavík og fleiri kaupstöðum og hafa óskað þess að það yrði ákveðið með lögum að þau skuli vera í hverjum kaupstað í landinu. Hefir þótt rétt að verða við þeirri ósk.

30. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50, 23. júní 1932 um útflutning hrossa.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Á tímabilinu frá 15. október til 1. júní má ekki flytja út hross á erlendan markað, nema fengið sé til þess leyfi atvinnumálaráðherra í hvert sinn, enda séu hrossin í góðum holdum og vel undir ferðina búin. Atvinnumálaráðherra skipar þá fyrir um meðferð hrossanna frá því þau eru keypt og þangað til þau eru flutt á skipsfjöl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

breyting á lögum nr. 50, 23. júní 1932 um útflutning hrossa.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti Vort hefir þegnlega borið það upp fyrir Oss, að nokkur markaður fáist nú erlendis fyrir íslenzk hross, en hinsvegar allmikið til í landinu af útflutningshrossum og nauðsynlegt fyrir landbúnaðinn að nota þann markað, sem fáanlegur er, þó á öðrum tímum árs sé, en nú er leyfður útflutningur hrossa á, teljum Vér það brýna nauðsyn, að gefa út bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 50, 23. júní 1932 um útflutning hrossa, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Á tímabilinu frá 15. október til 1. júní má ekki flytja út hross á erlendan

markað, nema fengið sé til þess leyfi atvinnumálaráðherra í hvert sinn, enda séu hrossin í góðum holdum og vel undir ferðina búin. Atvinnumálaráðherra skipar þá fyrir um meðferð hrossanna frá því þau eru keypt og þangað til þau eru flutt á skipsfjöl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 21. október 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Þorsteinn Briem.

31. Frumvarp

til laga um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt það feitmeti, sem líkist smjöri, hver sem uppruni þess er eða samsetning, þegar í því eru einhver fituefni, sem ekki eiga rót sína að rekja til mjólkur.

Ostlíki nefnist ostur, sem í er önnur feiti en mjólkurfeiti.

Rjómalíki nefnist feitijafningur, sem líkist rjóma, en er ekki eingöngu gerður úr mjólkurefnum.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem líkist mjólk, að útliti og efnasamsetningu, en önnur feiti er í en mjólkurfeiti.

Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlíkisgerð, eftirlit með smjörlíkisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Bannað er að framleiða smjörlíki, þar sem smjörgerð er höfð um hönd, og eigi má nota sömu tæki til skiptis við framleiðsluna.

3. gr.

Hver, sem ætlar sér að búa til smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, skal tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu minnst 2 mánuðum áður en starfsemi byrjar. Atvinnumálaráðuneytið lætur þá þann, er það hefir falið eftirlit með

smjörlíkisgerðum, eða þegar nauðsyn ber til, annan þar til hæfan mann, skoða húsakynnin. Sé þeim ábótavant má starfsemin eigi byrja fyr en breytingar eru gerðar, sem fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til húsnæðis og áhalda.

Sé breyting gerð á húsnæði, eða nýtt húsnæði fengið fyrir smjörlíkisgerð, þarf einnig til þess samþykki eftirlitsmanns.

Smjörlíkisgerð má eigi, án samþykkis atvinnumálaráðherra, vera í húsnæði, þar sem önnur starfsemi er höfð með höndum.

Smjörlíkisgerðum er skylt að halda bækur yfir framleiðsluna og skulu þær um hver áramót senda eftirlitsmanni smjörlíkisgerða nákvæma skýrslu um hve framleiðslan hefir verið mikil af smjörlíki eða öðrum vörum, sem ræðir um í lögum þessum, á árinu. Einnig skulu þær tilkynna honum hve mikið hafi verið notað af hverri tegund fituefna til framleiðslu varanna þar á meðal af mjólk, rjóma og smjöri.

Þess skal gætt að framleiðslan sé þrifaleg og að fylgt sé nauðsynlegum heilnæmisreglum við hana. Atvinnumálaráðherra getur sett reglur um bókhald og skýrslur smjörlíkisgerða, svo og hverjar kröfur eru gerðar til þrifnaðar o. fl.

4. gr.

Þegar vörur þær, sem um getur í 1. gr. laga þessara, eru boðnar til sölu, sýndar eða auglýstar, fluttar inn í landið, eða út úr því, skulu þær nefndar, eftir því sem við á, smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, svo og skal geta nafns framleiðanda. Bannað er að orðin smjör, mjólk og rjómi séu notuð í sambandi við vörur þær, sem lög þessi fjalla um, á nokkurn annan hátt en í vöruheitunum sjálfum, svo sem þau eru skilgreind í 1. gr.

5. gr.

Í smjörlíki á að vera að minnsta kosti 80% fituefni og eigi meira en 16% vatn. Smjörlíki og önnur þau efni, sem nefnd eru í 1. gr. mega ekki vera blönduð öðrum efnum til varnar skemmdum en matarsalti, og eigi vera lituð með efnum, sem eru hættuleg fyrir heilsu manna og hefir atvinnumálaráðherra úrskurðarvald um þau efni.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra getur, eftir tilhögum Búnaðarfélags Íslands, ákveðið, að í öllu smjörlíki, sem framleitt er hér á landi til sölu, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra ákveðið að í öllu erlendu smjörlíki, sem selt er hér á landi, sé sami hundraðshluti af smjöri sem í íslenzku smjörlíki og má heimta skilríki fyrir því að svo sé.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um þetta eftir því sem þurfa þykir.

Annars er bannað að verzla með smjör, sem á annan hátt en segir í þessari grein, er blandað smjörlíki eða öðrum fituefnum, en mjólkurfeiti.

7. gr.

Í öllu mjólkurlíki og rjómalíki sem búið er til eða notað í landinu, skal vera litarefni, sem greini það glögglega frá mjólk og rjóma. Atvinnumálaráðherra ákveður hver litarefni skuli notuð og hve mikið af þeim.

8. gr.

Í öllu smjörlíki, ostlíki, rjóma- og mjólkurlíki, skulu vera 20‰ af hreinni jarðeplasterkju.

9. gr.

Á umbúðum alls innlends smjörlíkis skal standa skýru letri orðið Smjörlíki ásamt nafni smjörlíkisgerðar þeirrar, sem vöruna hefir framleitt. Um innflutt smjörlíki gilda sömu ákvæði, þó svo, að fyrir orðið Smjörlíki má standa Margarine, en á umbúðum standi ávallt með greinilegu letri orðið Útlent. Þessi ákvæði taka einnig til smjörlíkis, sem selt er í lausri vigt í sölubúðum.

Nú er smjörlíki selt mótað og skal þá þungi skökunnar vera ¼, ½ eða 1 kg., og skal skrá það á umbúðirnar.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari reglur um umbúðir og merkingu á vörum þeim, sem lög þessi fjalla um.

10. gr.

Atvinnumálaráðuneytið sér um, að ákvæðum laga þessara sé fylgt, og setur til þess eftirlitsmann, sem næga þekkingu hefir í þessum efnum, og skipar fyrir um starf hans.

Eftirlitsmanni skal jafnan heimill aðgangur að smjörlíkisgerðum þeim, sem honum er falið eftirlit með. Er honum heimilt að taka sýnishorn til rannsóknar, bæði af hráefnum og fulltilbúnum vörum. Forstöðumönnum smjörlíkisgerða er skylt að veita eftirlitsmanni þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, og sýna honum framleiðslubækur þær, sem nefndar eru í 3. gr.

Eftirlitsmaður hefir þagnarskyldu um allt, sem lýtur að framleiðslu og rekstri smjörlíkisgerða, og má ekki sjálfur notfæra sér eða láta öðrum í té upplýsingar, sem hann kann að fá um sérstakan útbúnað eða aðferðir hverrar verksmiðju.

11. gr.

Lögreglustjórum er falið eftirlit með rekstri smjörlíkisgerða og útsölustöðum í samráði við eftirlitsmann og skal þeim jafnan heimilt að taka til rannsóknar sýnishorn af hráefnum og vörum þeim, er smjörlíkisgerðirnar framleiða.

Lögreglustjórar og tollstjórinn í Reykjavík hafa eftirlit með inn- og útflutningi á vörum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. og hafa rétt til að láta rannsaka þær.

12. gr.

Til greiðslu á kostnaði við eftirlit og framkvæmd þessara laga getur atvinnumálaráðuneytið lagt gjald á verksmiðjur þær, sem framleiða þær vörur sem nefndar eru í lögunum. Gjaldið skal miða við framleiðslu verksmiðjanna, og má fela eftirlitsmanni innheimtu þess.

Gjald það, sem verksmiðjunum ber að greiða, má taka lögtaki.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögunum sé að ræða.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla úr gildi lög nr. 38, 20. júní 1923, um verzlun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m., og lög nr. 28, 27. júní 1925 um breyting á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verzlun með smjörlíki o. s. frv.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Enda þótt lög nr. 38, 20. júní 1923 séu að mörgu leyti fullnægjandi um verzlun með smjörlíki og aðrar slíkar vörur, tilbúning þeirra o. fl., hefir þó þótt rétt að gera ákvæði þeirra nokkru fyllri, einkum með því að auka eftirlit með tilbúningi og sölu varanna, heimild til að fyrirskipa notkun smjörs í smjörlíki og ákvæðum um að nota jarðeplasterkju í stað sesam-olíu við smjörlíkisgerð.

Um hinar einstöku greinar vísast annars til eftirfarandi athugasemda.

Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri hafði eftir ósk atvinnumálaráðuneytisins samið uppkast að frumvarpi þessu og fylgdi því greinargerð sú, sem prentuð er sem fylgiskjal með frumvarpinu. Getur sú greinargerð yfirleitt átt við frumvarp þetta, þó það sé ekki samhljóða téðu uppkasti.

Við 1. gr.

Þessi grein er aðeins orðaskýring. Þótt ostlíki, rjómalíki og mjólkurlíki sé eigi enn framleitt hér, þótti rétt að láta fyrirmæli laganna taka til þessara vara, ef þær kynnu að verða framleiddar hér á landi síðar.

Við 2. gr.

Greinin er í samræmi við 5. gr. í lögum nr. 38, 20. júní 1923 um verzlun með smjörlíki o. fl.

Við 3. gr.

Þessi grein á að tryggja það, að húsakynni og áhöld, sem notuð eru til framleiðslu smjörlíkis, séu í góðu lagi. Ennfremur eru ákvæði um bókhald og skýrslur smjörlíkisgerða svo og heilbrigðiskröfur. Nánari ákvæði um þessi atriði má setja í reglugerð eftir því sem þurfa þykir.

Við 4. gr.

Það þykir óviðeigandi að einstakar smjörlíkisgerðir flytji skrumauglýsingar um að í smjörlíki þeirra sé meira af smjöri eða rjóma, en hjá öðrum verksmiðjum, nema full sönnun sé fyrir að svo sé. Ákvæði greinarinnar eiga að koma í veg fyrir þetta.

Við 5. gr.

Þarf ekki skýringa.

Við 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða að því að gert verði betra smjörlíki en nú tíðkast, og að meiri markaður fáist fyrir íslenzkt smjör í landinu. Samskonar ákvæði eru í norskum lögum. Hve mikið smjörlíki skuli blandað smjöri verður að nokkru leyti að miðast við hversu miklar smjörbirgðir eru í landinu á hverjum tíma.

Verzlun með smjör, blandað smjörlíki, er ástæða til að banna, þar eð hæglega má koma við vörusvikum á þann hátt að láta lítinn hluta af smjörlíki í smjör og selja það sem óblandað smjör.

Við 7. gr.

Þarf eigi skýringa.

Við 8. gr.

Jarðeplasterkjan á að vera til þess að auðvelt sé að rannsaka hvort mjólk, rjómi, smjör eða ostur hafi verið blandað vörutegundum þeim, sem greinin fjallar um og þykir það hentugra en að nota sesam-olíu eins og áður var lögboðið.

Við 9. gr.

Er að mestu samhljóða 3. gr. í lögunum. Rétt þykir að heimila ráðherra að setja nánari reglur um umbúðir og merking vara þeirra, sem lögin fjalla um.

Við 10. og 11. gr.

Ef lög þessi eiga að ná tilgangi sínum, þarf sérstökum manni að vera falið eftirlit með verksmiðjunum, og er ætlast til að ráðherra setji reglur um þetta eftirlit svo sem hann telur við þurfa. Það þykir rétt að lögreglustjórar hafi einnig eftirlit með rekstri smjörlíkisgerða og innflutningi vara þeirra, sem frumvarpið fjallar um, með því að eftirlitsmaður gæti ekki komið því við svo sem þyrfti nema á fáum stöðum.

Við 12. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um að atvinnumálaráðuneytið geti lagt gjald á smjörlíkisgerðir, til að greiða kostnað þann, sem af eftirlitinu leiðir.

Við 13. og 14. gr.

Þarf eigi skýringa.

Fylgiskjal.

Stofnun smjörlíkisverksmiðja.

Tilbúningur smjörlíkis var fundinn upp af frönskum manni, Mége-Mouriés, 1870. Fyrst var þessu lítið sinnt, en síðan 1880 hefir smjörlíkisgerðin þróazt mjög og tekið miklum framförum. Í Danmörku eru nú t. d. 140 smjörlíkisverksmiðjur. Þær framleiða alls (1928) 76525 smál., eða að meðaltali hver verksmiðja 545 smál., sem talið er að verðmæti um 600000 kr.

Fyrsta smjörlíkisverksmiðjan á Íslandi var stofnuð 1919. Nú eru þær 7. Þær hafa búið til:

Árið 1930 ..... 1040 smál.
— 1931 ..... 1008 —

Á hverja verksmiðju kemur því að meðaltali 1931, 144 smál. Nánari skýrsla um þessar verksmiðjur fylgir með.

Notkun smjörs og smjörlíkis.

Á síðari árum hefir notkun smjörlíkis aukizt mjög. Þannig að í flestum löndum er það nú orðið jafnhliða smjöri og sumsstaðar meira. Samkvæmt þýzkum skýrslum var árið 1927 notað að meðaltali á mann:

	Smjör kg.	Smjörlíki kg.
Í Svíþjóð	7,2	6,6
- Danmörku	5,7	20,7
- Þýzkalandi	7,6	7,4
- Bretlandi	8,2	7,8
- Noregi		17,0

Smjörlíkisframleiðslan var hér 1930 ..	1040 smál.
Aðflutt	148 —
Alls notað í landinu	1188 smál.

Ætti þá að vera notað um 11 kg. af smjörlíki á mann, og er það nær hálfu minna en Danir gera. Hve mikið er notað af smjöri er vart hægt að áætla sanni nær, en að líkindum er það um 9 kg., er þá reiknað að nær helmingur mjólkurframleiðslunnar sé notaður til smjörgerðar.

Lög um smjörlíki.

Alstaðar þar sem smjörlíki er framleitt hafa verið sett lög og reglur um tilbúning þess og verzlun með það, og frá ríkisvöldum haft eftirlit með að þessum lögum og reglum væri fylgt. Íslenzk lög um verzlun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur og tilbúning þeirra, komu 20. júní 1923, og nokkur viðauki 1925. Af ríkisins hálfu hefir lítið eða ekkert eftirlit verið með því haft, hvort þessum lögum hafi verið fylgt. Þó mun allt hafa gengið sæmilega. Íslenzku lögin voru sniðin eftir dönskum lögum. Á síðari árum hefir smjörlíkislöggjöfinni víða verið breytt. Í Danmörku voru sett ný lög um hana 1. apríl 1925 og í Noregi 24. júní 1931. Í norsku lögunum er það nýstárlegt, að stjórnin getur fyrirskipað að í smjörlíkinu sé viss hundraðshluti af norsku smjöri. Lík löggjöf hefir og verið sett í Hollandi.

Sérstaklega með þetta fyrir augum hefir frumvarp þetta verið samið, en um leið horfið að því ráði að endursemja hin eldri lög, og er þetta frumvarp að miklu sniðið eftir hinum norsku smjörlíkislögum.

Hver efni eru notuð í smjörlíki.

Smjörlíki því, sem framleitt er hér á landi, má aðallega skipta í tvo flokka:

1. Borðsmjörlíki.
2. Bakarasmjörlíki.

1. Borðsmjörlíki. Hráefnum þeim, sem notuð eru í borðsmjörlíki, má aðallega skipta í tvo flokka:

a) Föst feitiefni.

b) Fljótandi feitiefni.

a) Föst feitiefni. Þegar talað er um föst feitiefni í þessu sambandi, er átt við:

cocosfeiti, sem bráðnar við ..... 30—32° C.
herta hvalolíu, sem bráðnar við ..... 30—32° —
herta hvalolíu, sem bráðnar við ..... 40—42° —
herta síldarolíu, sem bráðnar við ..... 30—32° —
herta síldarolíu, sem bráðnar við ..... 40—42° —

Meginstofninn í borðsmjörlíkinu eru föstu efnin, eða frá 70—85%, breytilegt eftir því hve mikið er notað af hátt hertu olíunum, sem bráðna við 40—42° C. Ógerlegt er að nota sauðatólg í smjörlíkið, sökum þess að bragð og lykt er óviðkunnanlegt.

b) Fljótandi feitiefni. Af þeim er aðallega notað jarðhnetuolía, sesam-olía, soja-olía og auk þess sambland af ýmsum olíum, sem seldar eru frá verksmiðjunum undir ýmsum patentnöfnum. Af þessum síðastnefndu olíum mun þó vera mjög lítið notað hér á landi.

Það hefir verið reynt að nota lýsi í staðinn fyrir þessar olíur, en reynzt ógerlegt, sökum þess að ekki hefir verið hægt að hylja lýsisbragðið, sem gerir smjörlíkið með öllu óútgengilegt.

2. Bakarasmjörlíki. Í það eru notuð að mestu leyti hin sömu hráefni, eins og í borðsmjörlíki, að öðru en því, að þá eru mest megnis notaðar hátt hertar feitir með 40—42° C. bráðnunarstig, en auk þeirra feitiefna, sem áður eru nefnd, er töluvert af nautatólg notað í bakarasmjörlíki. Tilraunir hafa verið gerðar með að nota sauðatólg í stað nautatólgar, en það hefir reynzt með öllu ógerlegt, sökum þess að hið sterka og einkennilega bragð og lykt, sem er af sauðatólginni, gerir smjörlíkið með öllu ónothæft til kökugerðar.

Ef vér athugum hvort ekki séu til nein hráefni hér á Íslandi, sem teljast mættu nothæf í smjörlíki, þá verður tæplega um annað að ræða, eins og sakir standa, en síldarolíu. Til að gera síldarolíu hæfa til smjörlíkisgerðar, þarf að fara fram á henni hreinsun (raffinering), þar sem tekin eru úr henni öll óhreinindi, vatn og fitusýrur og hún síðan hert þannig að hún verði föst, bráðnar við 30—32° eða 40—42° C). Af hertri síldarolíu má vel nota allt að 40% í smjörlíkið, án þess að það verði að nokkrum mun lakari vara en það er nú. Gæti það komið til að muna miklu fyrir landið að spara innflutning á 500 smálestum af feitiefnum yfir árið.

Hvað viðvíkur kostnaði við það að koma upp hreinsunar- og herzlustöð, t. d. í sambandi við síldarverksmiðju ríkisins, þá verður það ekki sagt að órannsökuðu máli, en geta má þess að verð á hertu síldar- og hvallýsi hingað komið á höfn á síðastliðnu ári hefir verið frá £25-0-0 til £31-0-0, en verð á útfluttu síldarlýsi mun tæplega hafa farið fram úr 10—12 £ pr. smál.

Aarhus Oliefabrik og Lilleborg Fabrikker við Oslo, telja að herzlukostnaður á síldarolíu sé £3-0-0 þegar hert er til 30—32° C bræðslustig, en £1-0-0 þegar hert er til 40—42° C.

Þegar nú tekið er tillit til þess, að á þeirri síldarolíu, sem hert væri hér í landinu, spöruðust flutningsgjöld t. d. fram og til baka milli Íslands og Noregs, ennfremur hafnargjöld, tollar o. fl., og með því að hafa hér herzlustöð mætti veita nokkra atvinnu í landinu, virðist það vera fyllilega tímabært að taka þetta mál upp til nákvæmrar athugunar.

Mjólkur- og smjörframleiðsla vor.

Í sambandi við það ákvæði í frumvarpi þessu, að heimila ríkisstjórninni að skylda verksmiðjurnar til að hafa vissan hundraðshluta af íslenzku smjöri í smjörlíkinu, þarf að gera sér grein fyrir hvort vér höfum smjör aflögu til þeirra hluta, og er þá að athuga:

1. Mjólkurframleiðslan hefir aukizt allmikið síðustu árin. Nú eru 5000 fleiri mjólkurkýr í landinu en var 1920. En allmikið er mjólkurframleiðslan mismunandi í hinum ýmsu héruðum landsins. Til þess að fá glögga hugmynd um þetta, hefir verið reiknuð út skýrsla, þar sem áætluð er mjólkurframleiðslan í öllum sveitum lands vors.

Til grundvallar fyrir þessum útreikningum er lögð tala mjólkurkúa í landinu, samkvæmt framtali 1931. Að meðaltali er svo áætlað að hver kýr mjólki 2200 lítra árlega og er það lágt reiknað. Manntalið er tekið eftir skýrslunum 1928, en síðan hefir fólkinu fjölgað, svo það getur valdið nokkrum skekkjum, einkum í kaupstöðum og kauptúnum. Þá er áætlað að hver einstaklingur þurfi að meðaltali um 400 lítra á ári, eða rúmlega 1 lítra á dag, og er það ríflega í lagt. Síðasti dálkur skýrslunnar sýnir svo afgang eða vöntun á mjólk. Það er að segja, ef mjólkurvöntun er, þurfa hlutaðeigendur að kaupa sér mjólk, ef afgangur er geta þeir selt mjólk.

Um þessa áætlun má deila, en hún hefir verið lögð til grundvallar þar sem mjólkurbú hafa verið stofnuð, til að komast að raun um hve mikið mjólkurmagn mætti ætla að kæmi til búanna fyrst um sinn, og hefir reynslan sýnt að þetta er mjög nærri sanni.

Getur verið að sumum þyki að of mikið sé ætlast til að menn noti af mjólk, einkum í bæjunum. En þess ber að gæta að mjólkin er eitt af okkar hollustu næringarefnum, sem vér ættum að nota sem mest af. Þessu til stuðnings má geta þess, að atvinnumálaráðuneyti Bandaríkjanna hefir sent út svo hljóðandi umburðarbréf:

„Nægileg, góð og holl fæða handa börnum er fyrsta skylda hvers þjóðfélags. Hver unglingur á aldrinum frá 1—16 ára þarf daglega 1 lítra mjólkur. Minnsta notkun handa unglingum, sem eru á þroskaskeiði, má vera ¾ l. daglega. Fullorðnir þurfa minnst ½ l. daglega. Mjólk, heilbrigði og þroski er bundið hvað við annað".

Af skýrslunni sést að allmikil vöntun er á mjólk í fjórum sýslum landsins. Mest þó í Gullbringu- og Kjósarsýslu, til að geta fullnægt Reykjavík. Annars hafa allar sýslur eitthvað aflögu, sem menn ættu að geta látið til sölu til mjólkurbúa eða smjörbúa.

Nú sem sakir standa, á svo að heita, að vér getum fullnægt þörf vorri með mjólk og mjólkurafurðir (smjör og ost), svo eigi þurfi að flytja það inn í

landið. En þjóðarheill myndi það vera ef framleiðslan og notkunin yxi um ⅓ frá því sem nú er. Þess ber og að gæta að fólkinu fjölgar árlega í landinu um 12—1500 manns. Ef kyrrstaða kemur í ræktunarframkvæmdir verður fljótt vöntun á mjólk og mjólkurafurðum. Ekkert smjör til að láta í smjörlíkið o. s. frv.

Smjörframleiðslan. Um það hve mikið er framleitt hér af smjöri og hve mikið notað, eru eigi til neinar skýrslur, og verður því að álíta eftir líkum. Ef öll mjólkurframleiðsla vor er um 47 millj. lítra og helmingur þeirrar mjólkur væri notað til smjörgerðar þá ætti smjörframleiðslan að vera um 920.000 kg., eða sem næst 8,5 kg. á mann. Nú er smjörið búið til víðsvegar um land á heimilunum, hve mikið það er verður eigi vitað. Hinsvegar eru skýrslur til um framleiðslu smjörbúanna og mjólkurbúanna, og er það sem hér segir.

Smjörbúin. Hið fyrsta þeirra var stofnað árið 1900. Þeim fjölgaði skjótt svo að 1906 voru þau orðin 34. Mest smjörframleiðsla var 1912, þá 184.500 kg. Eftir þetta fer smjörbúunum hnignandi. Nú eru þau aðeins 3 og smjörframleiðsla þeirra 1931 alls 15.000 kg.

Mjólkurbúin eru nú 6, öll stofnuð á árunum 1928—1931. Smjörframleiðsla þeirra var 1931:

Mjólkurbú Flóamanna	18.280 kg.
Mjólkurbú Ölfusinga	9.096 —
Mjólkurbú Eyfirðinga	20.249 —
Mjólkurbú Mf. Rvíkur	14.210 —

Mjólkurbúin í Borgarnesi og á Korpúlfsstöðum munu lítið sem ekkert framleiða af smjöri.

Samkvæmt framansögðu er smjörframleiðsla smjör- og mjólkurbúanna aðeins 76.835 kg. Þessi framleiðsla er öll seld til bæjanna hér innanlands, og virðist svo sem þetta sé nálægt því sem þörf krefur.

Ef nú ætti að blanda smjöri í smjörlíki að nokkrum mun, þarf til þess aukna framleiðslu, og það á smjörbúum eða mjólkurbúum, því smjör sem búið er til á heimilum verður vart notað til þeirra hluta.

Er þá næst að athuga hvert möguleikar séu til aukinnar smjörframleiðslu.

Grundvallarskilyrði fyrir aukinni smjörframleiðslu er aukin ræktun og fjölgun nautpenings. Út í þessa sálma verður eigi farið hér, en litið á möguleikana sem þeir eru nú.

Aðal verðmæti mjólkurinnar er í feitinni, smjörinu. Aðeins þar, sem hægt er að selja nýmjólk, er sú salta arðmeiri en smjörframleiðsla. Með auknu mjólkurmagni á mjólkurbúunum mun smjörframleiðslan aukast. Í öðru lagi myndu mjólkurbúin, vegna hinna bættu samgangna, geta tekið rjóma úr hinum fjarlægari sveitum og unnið úr honum smjör. Á þennan hátt má ætla að mjólkurbúin á næstu árum myndu geta aukið smjörframleiðslu sína að mun, ef til vill um ¼ eða allt að helmingi. Mjólkurbú þau, sem nú eru starfandi, ná til þeirra héraða á landi voru, þar sem mestir möguleikar eru fyrir aukna mjólkurframleiðslu. Stofnkostnaður mjólkurbúanna er mikill, hefir orðið að meðaltali um kr. 271.000 fyrir hvert hinna starfandi búa. Er því tæplega fært, svo sem ástæður eru nú, að ráðast í nýjar mjólkurbúastofnanir í öðrum héruðum. Hinsvegar kemur til greina hvort ráðlegt væri að koma upp smjörbúum, þar eð stofn-

og reksturskostnaður þeirra er mikið minni en mjólkurbúanna. Stofnkostnaður smjörbúanna gömlu var 2500—5000 kr. fyrir hvert. Að sjálfsögðu yrði hann 2—3 falt eða fjórfalt meiri nú. Afstaða til flutninga rjómans eru mikið auðveldari en fyr, búin gætu því verið stærri.

Með því að athuga hve mikil afgangs mjólk er í ýmsum héruðum, samkvæmt skýrslu þeirri er áður getur, má ætla að til tals gæti komið að stofna smjörbú á þessum stöðum:

	Afgangs mjólk, lítrar	Smjörmagn í þeirri mjólk, kg.
Í Dalasýslu	671400	26.856
- Húnavatnssýslu	1125400	45.016
- Skagafjarðarsýslu	1103400	44.136
- Suður-Þingeyjarsýslu	615800	24.632
Á Fljótsdalshéraði	629000	25.160
Í Austur-Skaftafellssýslu	424400	16.976
Samtals	4569400	182.776

Hér er reiknað að úr hverjum 100 lítrum mjólkur muni fást 4 kg. smjörs, og sé kg. reiknað á 3 krónur, nemur verðmæti þessa smjörs um kr. 550.000.00.

Nú má gera ráð fyrir að aldrei myndi fást öll sú mjólk sem hér er áætluð til smjörbúanna, en þó eigi fengist meira en helmingur, er hér um allmikið verðmæti að ræða, sem gæti orðið gjaldeyrir fyrir bændur.

Það er einnig eftirtektarvert að samkvæmt framansögðu myndu þessi fyrirhuguðu smjörbú geta framleitt allt að 100 smálestum af smjöri árlega, en smjörlíkisframleiðslan í landinu er rúmar 1000 smálestir. Það svarar til þess að ef smjörlíkið væri blandað með 10% af smjöri, myndi smjörlíkisgerðin í landinu taka við allri þessari auknu smjörframleiðslu.

Að þessu öllu athuguðu er enginn vafi á, að hægt er að auka mjólkur- og smjörframleiðsluna í landinu, ef ötullega er að því unnið. Fyrst og fremst með aukinni ræktun, og í öðru lagi skipulagning á hagnýtingu mjólkur og mjólkurafurða, sem þegar eru til í landinu.

Vér ráðum því til að horfið verði að því ráði, að heimilað sé að blanda nokkru smjöri í smjörlíki. Það myndi að nokkru auka markað fyrir íslenzkt smjör, þótt nokkur hætta sé á, að þegar farið verður að blanda smjörlíki að nokkrum mun með smjöri, þá minnki notkun á smjöri, en úr þessu mundi reynslan skera.

32. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 45, 3. nóvember 1915, um ullarmat.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Upphaf 2. gr. orðist þannig:

Sameiginlegt merki á allri ull, sem flutt er út frá Íslandi, skal vera stimpill með nafni landsins.

2. gr.

Aftan við 4. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Einn af yfirullarmatsmönnum, sá er ráðherra skipar til þess, skal jafnframt vera ráðunautur stjórnarinnar í öllu því, sem að ullarmati lýtur, og nefnist hann ullarmatsformaður. Skal og hann veita ullarmatsmönnum og yfirullarmatsmönnum fræðslu um framkvæmd ullarmatsins og flokkun ullarinnar og er yfirullarmatsmönnum og ullmatsmönnum skylt að haga ullarmatinu eftir fyrirmælum hans og má leita úrskurðar hans, ef ágreiningur verður um ullarmatið.

Ráðuneytið tiltekur nánar starfsvið hans eftir því sem þurfa þykir.

3. gr.

Upphaf 7. gr. orðist þannig:

Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 800.00 kr., en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 400.00 kr. til hvers þeirra og greiðast úr ríkissjóði.

4. gr.

Orðin „allt að 200 kr. hver þeirra“ í niðurlagi 8. gr. falla burtu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þess hefir mjög orðið vart að samræmi í framkvæmd ullarmatsins í hinum ýmsu landshlutum sé mjög ábótavant og hafa atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu iðulega borizt kvartanir yfir ullarmatinu bæði frá innlendum og útlendum mönnum. Hefir ráðuneytið margsinnis brýnt það fyrir yfirullarmatsmönnum að annast um að matið verði vandað sem bezt. Þetta hefir þó ekki komið að tilætluðum notum og virðist varla vera að vænta verulegra endurbóta meðan því skipulagi er haldið, sem nú er. Yfirullarmatsmennirnir í hinum fjórum umdæmum landsins eru hver öðrum óháðir og þó að ullina eigi að meta og flokka eftir sömu reglum, þá er langt frá því að samræmi hafi náðst. Það virðist því ótvírætt hagkvæmasta leiðin að einn af ullarmatsmönnunum verði jafnframt skipaður yfirmaður alls ullarmats í landinu til þess að koma á betra samræmi í framkvæmd ullarmatsins.

Um 1. gr.

Upphaf 2. gr. núgildandi ullarmatslaga er svo hljóðandi: Sameiginlegt merki á allri útfluttri ull skal vera stimpill með nafninu „Ísland“. Í 3. gr. í reglum um flokkun og merking á ull til útflutnings frá 1. september 1926 er fyrirskipað að á hvern ullarsekk skuli stimplað orðið Iceland. Vegna útlendu viðskiptanna hefir það þótt hentugra að nota enska heitið á landinu. Það virðist því rétt að breyta upphafi 2. gr. laganna í það horf, að ráðuneytið hafi óbundnar hendur um það hvort íslenzka eða enska orðið verði notað.

Um 2. gr.

Um þessa grein vísast til framanritaðra almennra athugasemda og þarf hún eigi frekari skýringa.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein er ætlast til að laun yfirullarmatsmanna verði þau sömu og hingað til kr. 400.00, en óhjákvæmilegt er að laun ullarmatsformanns verði hækkuð með því að starfsvið hans er aukið svo mjög.

Um 4. gr.

Rétt virðist vera að fella niður orðin „allt að 200 kr. hver þeirra“ í niðurlagi 8. gr., með því að ekki hefir verið unnt að halda fast við þetta ákvæði undanfarið og ferðakostnaður ullarmatsformanns hlýtur að fara fram úr þessari upphæð.

Um 5. gr.

Til þess að lög þessi komi til framkvæmda fyrir ullartöku næsta vor er rétt að lögin öðlist þegar gildi.

33. Frumvarp

til laga um leiðsögu skipa.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

I. KAFLI

Um leiðsöguumdæmi og leiðsögumenn.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður með reglugerð stærð og tölu leiðsöguumdæma, hvar leiðsögumenn skulu vera og hve margir á hverjum stað. Hann setur nánari reglur um starf þeirra, réttindi og skyldur, eftir því sem þurfa þykir.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, er skipstjóra frjálst, hvort hann notar leiðsögumann eða ekki, en ráðherra er heimilt þegar nauðsyn þykir að fyrirskipa leiðsöguskyldu fyrir skip á ákveðnu svæði.

2. gr.

Ráðherra skipar leiðsögumenn og víkur þeim frá. Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra hafnsögumanna, sem skipaðir eru fyrir sérstakar hafnir samkvæmt sérstökum lögum, en um réttindi þeirra til leiðsögu um stærri svæði ákveður ráðherra.

3. gr.

Löggiltur leiðsögumaður skal fylla þau skilyrði, sem hér segir:

1. Vera íslenzkur ríkisborgari, minnst 25 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, góða heilsu, sjón og heyrn.

2. Vera vanur sjómaður, reglusamur og gætinn og helzt hafa tekið stýrimannspróf.
3. Vera kunnur stjórn stórra skipa, þekkja erlend flögg, allsherjar siglingareglur, allsherjarreglur um ljós- og hljóðbendingar skipa og neyðarmerki, notkun sjókorta og áttavita.
4. Vera nákunnugur siglingaleiðum, straumum, sjávarföllum, grynningum, skerjum, boðum, skipalegum, miðum, ljósum, duflum og öðrum siglingamerkjum, allt á leiðsögusvæði sínu.
5. Kunna nokkuð í útlendum málum, séstaklega ensku og einu Norðurlandamáli.
6. Kunna að leggja skipi að bryggju og báti að skipshlið.
7. Vera nákunnugur öllum reglum fyrir leiðsögumenn og hafnarreglugerðum á svæði sínu.
8. Vera kunnur löggjöf um tolla og gjöld skipa og um sóttvarnarreglur þeirra.

4. gr.

Ráðherra skipar leiðsögumenn eins marga og þurfa þykir. Eru þeir skipaðir um óákveðinn tíma, en 5. hvert ár skulu þeir leggja fram læknisvottorð um heilsu, sérstaklega sjón og heyrn. Nú er slíkt vottorð ekki talið fullnægjandi, eða aðrar ástæður valda, að leiðsögumaður er ekki talinn fullnægja kröfum þeim, sem til hans eru gerðar, og er þá ráðherra heimilt að afturkalla skipun hans. Þar sem hafnarnefnd er, fer skipun leiðsögumanna og afturköllun hennar fram að fengnum tillögum nefndarinnar, sbr. þó. 2. gr. Á öðrum stöðum skulu fengnar tillögur hreppsnefndar og umsögn sýslumanns.

II. KAFLI

Um réttindi og skyldur leiðsögumanna.

5. gr.

Leiðsögumenn eru skyldir til að vera toll- og heilbrigðisstjórn hjálplegir í starfi þeirra eftir föngum. Þeir skulu og tafarlaust gera vitamálastjóra aðvart um allt sem ábótavant eða skakkt er í vitum, leiðarmerkjum svo og allar torfærur og tálmanir siglingum skipa.

6. gr.

Leiðsögumenn hafa yfirleitt einir heimild til að vísa skipum leið fyrir borgun hver á sínu svæði. Ráðherra setur gjaldskrá um störf þeirra og birtir hana í Stjórnartíðindum. Skulu leiðsögumenn ávallt hafa hana með sér þegar þeir eru að leiðsögustarfi. Nú óskar skipstjóri að fá leiðsögumann út fyrir leiðsögusvæði hans og ber honum þá að semja sérstaklega við leiðsögumanninn um þóknun fyrir þann hluta leiðsögunnar. Komi skipið í ferð sinni inn á svæði annars leiðsögumanns, ber skipstjóra að kalla til leiðsögumann svæðisins, nota aðstoð hans innan þess og greiða honum eftir gjaldskrá.

7. gr.

Á hverjum leiðsögustað skulu venjulega vera a. m. k. 2 lögskipaðir leiðsögumenn, og skal a. m. k. annar þeirra ávallt vera viðbúinn að veita skipi leiðsögu, ef á þarf að halda. Eldri eða elzti leiðsögumaðurinn að starfsaldri eða sá, sem ráðuneytið hefir tilnefnt, er talinn leiðsöguformaður á staðnum og ákveður í hvert skipti, hver skuli veita leiðsögu, sem beðið er um. Ef óskað er, má þó fela þessa yfirstjórn leiðsögu- og hafnsögumanna á ákveðnu svæði hafnarstjóra eða formanni hafnarnefndar.

8. gr.

Nú gefur skipstjóri merki um, að hann óski að fá leiðsögumann, en enginn kemur og skal þá öðrum manni, sem telur sig nægilega kunnugan starfinu, heimilt að bjóða að vísa skipi leið þangað til leiðsögumaður er kominn, en honum ber þegar í stað að benda skipstjóra á, að hann sé ekki lögskipaður leiðsögumaður, og skipstjóra ber að sýna leiðsögumerkið þótt sá, er aðstoð sína bauð, sé kominn á skipsfjöl, og ber hinum kunnuga manni að láta af leiðsögu þegar leiðsögumaður er kominn á skip. Nú vanrækir hinn ólöggilti maður að gera skipstjóra aðvart um að hann sé ekki löggiltur leiðsögumaður og varðar það sektum samkvæmt 27. gr. Nú dregur skipstjóri niður leiðsögumerkið meðan hinn kunnugi maður er um borð, enda þótt hann viti að hann sé ekki löggildur leiðsögumaður, og varðar það sektum. Meðan hinn ólöggilti maður er á skipinu, skal bæði hann og skipstjóri hafa gát á hvort hinn löggilti leiðsögumaður sé í nánd og taka hann á skipsfjöl eins fljótt og unnt er. Tekur hann þá þegar við leiðsögunni, en hið lögboðna leiðsögugjald skiptist milli beggja hlutfallslega eftir vegalengd. Skipstjóra er heimilt að notfæra sér þekkingu þeirra skipverja, sem eru kunnugir siglingum á sérstökum svæðum.

9. gr.

Enginn leiðsögumaður má vísa skipum leið á öðru leiðsögusvæði en sínu eigin, nema ef ekki næst í leiðsögumenn þess. Leiðsögumanni er þó heimilt með leyfi skipstjóra að vera áfram í skipi, sem hann hefir veitt leiðsögu, og að veita því leiðsögu í bakaleið þangað, sem hann byrjaði. Annars mega leiðsögumenn ekki taka að sér leiðsögu til baka nema í samráði við leiðsögumenn svæðis síns, eða engir leiðsögumenn séu þar fáanlegir.

10. gr.

Leiðsögumenn fá þóknun fyrir leiðsögustörf sín eftir gjaldskrá er ráðherra semur. Leiðsögumenn skulu sjálfir sjá sér fyrir farartæki út í skip, en þar sem hafnarsjóður er, skal leiðsögumaður hafa aðgang að farkosti hafnarinnar til þess, að svo miklu leyti, sem það er hægt vegna annara starfa bátanna.

III. KAFLI

Um leiðsögu.

11. gr.

Leiðsögumenn skulu hafa gætur á skipum sem nálgast, og veita því nákvæma athygli, hvort þau sýna hið alþjóðlega merki um að þau óski leiðsögu. Skal leiðsögumaður fara út í skip það, er leiðsögu beiðist, eins fljótt og ástæður leyfa. Nú koma fleiri en eitt skip samtímis og tekur þá hver leiðsögumaður sitt skip, en að jafnaði skal það skip tekið fyrst, sem næst er komið aðsetri leiðsögumanns.

12. gr.

Skipstjóri, sem vill fá leiðsögumann, skal í tæka tíð sýna hið fyrirskipaða alþjóðaleiðsögumerki, en það skal taka burtu þegar er leiðsögumaður er kominn á skipsfjöl.

Nú vill skipstjóri fá leiðsögumann er hann leggur úr höfn og skal hann þá beiðast þess í tæka tíð hjá leiðsögumanni eða leiðsöguformanni þar.

13. gr.

Ráðherra lætur gera hæfilega mörg einkennismerki handa leiðsögumönnum og skal afhenda hverjum leiðsögumanni eitt slíkt merki um leið og hann er skipaður í stöðuna. Leiðsögumaður skal, meðan hann er að starfi sínu, hafa þetta leiðsögumerki hjá sér, skal hinn löggilti hafnsögufáni hafður uppi á bátnum sem flytur leiðsögumanninn. Ennfremur skal starfandi leiðsögumaður hafa með sér gjaldskrá og reglur, sem settar eru um leiðsögu.

14. gr.

Skipstjóri, sem gefið hefir leiðsögumerki, skal stýra skipi sínu þannig, að leiðsögumaður komi sem fljótast og hægast upp í það.

Nú kemst leiðsögumaður ekki í skip, og skal hann þá fara á undan á bát sínum og gefa með bendingum merki um hvernig skipi skuli stýrt.

15. gr.

Þegar leiðsögumaður er kominn í skip til þess að veita því leiðsögu, ber honum fyrst að leita sér upplýsinga um hve djúpt skipið ristir og um brúttóstærð þess, og síðan um annað, sem nauðsynlegt er fyrir hann að vita. Jafnframt ber honum að leita upplýsinga um hvort eldfim efni eða sprengiefni séu í skipi. Þegar nálgast höfn, ber honum að kynna skipstjóra þau ákvæði hafnarreglugerðar, sem gæta skal við innsiglingu á höfnina. Nú gefur skipstjóri rangar eða ófullnægjandi upplýsingar og ber hann þá sjálfur alla ábyrgð á þeim skaða, sem skipið kann að verða fyrir vegna þess.

16. gr.

Á skipinu fær leiðsögumaður, auk lögákveðins eða umsamins gjalds, ókeypis fæði, og skal hann auk þess eiga kost á viðunandi hvíldarstað til af-

nota, þegar tími og ástæður leyfa. Nú óskar leiðsögumaður að hafa mann með sér til aðstoðar á skipinu og fær þá sá maður einnig ókeypis fæði og hvíldarstað, en ekkert kaup.

Að jafnaði skal skipstjóri, þegar leiðsögumaður óskar þess, hafa bát hans í eftirdragi og lána kaðla til þess. Nú stendur svo á að það er ekki hættulaust fyrir skip eða bát að hafa leiðsögumannsbát í eftirdragi og skal þá skipstjóra heimilt að neita að taka hann, en verður þá að bæta leiðsögumanni þann aukakostnað, sem hann verður fyrir vegna þess.

17. gr.

Leiðsögumaður ber ábyrgð á leiðsögu sinni. Hann segir fyrir um stjórn skipsins og gætir þess, að allt sé framkvæmt sem nauðsynlegt er til þess að skipið komist leiðar sinnar óskemmt og án óþarfra tafa.

Leiðsögumaður hefir ekki vald til þess að gefa skipshöfninni fyrirskipanir, en ef sá sem fyrirskipunarvaldið hefir, framkvæmir ekki hæfilega fljótt það sem leiðsögumaður segir fyrir um stjórn skipsins, verður leiðsögumanni ekki gefin sök á því, sem af því hlýzt.

Skipstjóra er skylt að láta halda vörð meðan leiðsögumaður er í skipi. Sé þess ekki gætt, eða skipstjóri gerir ekki leiðsögumanni aðvart í tæka tíð, ef hætt er við árekstri, ber leiðsögumaður enga ábyrgð á skaða, sem kann að verða vegna árekstrar.

18. gr.

Nú sér leiðsögumaður ekki vita, sjómerki eða önnur siglingamerki vegna myrkurs, dimmviðris eða annara slíkra ástæðna, eða skipið lætur ekki vel að stjórn svo að leiðsögumaður treystir sér ekki til að veita skipinu örugga leiðsögu af þessum eða öðrum ástæðum, sem hann ber eigi ábyrgð á, t. d. að hann telur sjávardýpið ekki nægilegt, og skal hann þá tilkynna skipstjóra það. Vilji skipstjóri þrátt fyrir það fá leiðsögu hans, skal leiðsögumaður í viðurvist minnst tveggja skipverja lýsa því yfir, að hann geti ekki með fullu öryggi veitt skipinu leiðsögu, og fer þá leiðsagan fram án ábyrgðar fyrir leiðsögumanninn, en framkvæma skal hann leiðsöguna svo vel og samvizkusamlega sem unnt er.

19. gr.

Leiðsögumanni ber að leiðbeina skipi til þeirrar hafnar eða til þess staðar sem skipstjóri óskar, og þangað sem honum er skylt að veita því leiðsögu, nema ástæður leyfi það ekki. Sé svo, ber leiðsögumanni að tjá skipstjóra það og veita honum allar upplýsingar um þær hafnir og legustaði, sem hann eftir atvikum getur leiðbeint skipinu til.

Leiðsögumaður má ekki fara af skipi fyrr en það er komið í höfn eða hefir lagzt fyrir traustum akkerum á þeim legustað, sem því er ætlaður, nema annar leiðsögumaður sé kominn á skipsfjöl og hafi tekið að sér leiðsöguna. Þegar leiðsögumaður leggur skipi, skal hann gæta þess, að það sé sem minnst til tálmunar umferð annara skipa og báta.

Nú veitir leiðsögumaður skipi leiðsögu úr höfn og má hann þá ekki án sam-

þykkis skipstjóra fara af skipi fyrr en hann hefir leiðbeint því eins langt og honum er skylt, nema ef skipið neyðist til að snúa aftur til leiðsögustöðvar hans. Þá má hann fara af skipinu, ef skipstjóri þarf ekki þegar aftur á aðstoð hans að halda.

20. gr.

Nú hlekkist skipi á meðan leiðsaga stendur yfir og má þá leiðsögumaður ekki yfirgefa skipið, nema með leyfi skipstjóra. Leiðsögumaður skal án aukaþóknunar hjálpa skipstjóra að koma skipi á flot.

Nú hlekkist skipi á þegar leiðsögumaður er ekki á skipsfjöl, en skipstjóri gefur leiðsögumerki, og skal þá leiðsögumaður koma út í skipið, en honum ber ekki skylda til að taka að sér leiðsögu, fyrr en skip er laust. Ef skipstjóri á annan hátt óskar eftir aðstoð leiðsögumanns meðan skipið er á grunni, má leiðsögumaður ekki neita henni, en um greiðslu fyrir hana ber honum að semja við skipstjóra. Nú kallar skipstjóri á leiðsögumann, en notar hann ekki þótt hann komi, og ber honum þó að greiða honum hina ákveðnu þóknun.

21. gr.

Leiðsögumanni ber að vara skipstjóra við að varpa út seglfestu, ösku eða öðru slíku á höfnum og stöðum, þar sem það getur orðið til tálmunar siglingaleiðum. Honum ber að benda skipstjóra á hvar slíku má varpa út. Nú verða leiðsögumenn varir við, að skip varpar út seglfestu, ösku eða öðru slíku þar sem það er ekki leyfilegt og skal hann þá þegar tilkynna það lögreglustjóra. Skipstjóra ber að greiða allan kostnað við að nema burt aftur það, sem varpað hefir verið út í óleyfi, nema það hafi verið gert í neyð til þess að bjarga skipinu, en hafi svo staðið á, ber honum þegar að tilkynna það lögreglustjóra.

Skipstjóri, sem er innan landhelgislínu, skal skýra leiðsögumanni frá heimilisfangi skips, nafni þess, áætlunarstað, og hvaðan það komi, ef óskað er.

IV. KAFLI.

Gjöld fyrir leiðsögu.

22. gr.

Gjöld fyrir leiðsögu fara eftir gjaldskrá, er ráðherra setur, og skal miða hana við brúttó-stærð skipa, hve djúpt þau rista, leiðsöguleiðina og örðugleika. Fyrir skip, sem fara eftir fastri áætlun og jafnan nota leiðsögumann, má setja lægra gjald. Fyrir landflutning og heimferð leiðsögumanna er gjaldið ákveðið án tillits til stærðar skipa.

Á tímabilinu 1. apríl til 30. september, að báðum dögum meðtöldum, skal farið eftir sumargjaldskrá. Nú fer leiðsaga skips fram á báðum þessum tímabilum og skal þá fara eftir þeirri gjaldskrá, sem er í gildi þegar leiðsaga byrjar.

Vetrargjaldskrá skal vera ⅓ hærri en sumargjaldskrá.

Varðskip, herskip og skemmtiskip greiða sama leiðsögugjald og önnur skip.

Störf, er leiðsögumenn vinna og gjaldskrá nær ekki til, greiðast eftir samkomulagi milli leiðsögumanns og skipstjóra.

Nú hefir leiðsögumaður ekki komizt á skipsfjöl, heldur leiðbeint með bendingum frá bát eða merki frá landi, og greiðir þá skipstjóri eigi að síður fyrir leiðsögu samkvæmt gjaldskrá.

23. gr.

Leiðsögumaður á ekki kröfu á þóknun fyrir starf sitt, ef skip skemmist vegna árekstrar eða kennir grunns meðan leiðsagan stendur yfir, og honum er um að kenna.

24. gr.

Skipstjóra ber að undirrita leiðsögumiða að leiðsögu lokinni og greiða samtímis leiðsögugjöld, en leiðsögumaður gefur skipstjóra kvittun fyrir gjöldunum á samrit af miðanum.

25. gr.

Nú greiðir skipstjóri ekki leiðsögumanni lögboðin gjöld áður þeir skilja að lokinni leiðsögu, og ber skipstjóra þá að greiða þessi gjöld tvöföld áður en skip hans er afgreitt á næstu höfn. Fari skip beint til útlanda, gerir leiðsögumaður ráðuneytinu aðvart, en það gerir ráðstafanir til innheimtu gjaldanna hjá útgerð skipsins.

26. gr.

Gjöld fyrir leiðsögu og annað, sem stendur í sambandi við hana, renna til leiðsögumanna, nema öðruvísi sé ákveðið.

V. KAFLI.

Um sektir o. fl.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 200 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Fara skal með brot gegn lögum þessum sem almenn lögreglumál.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Vitamálastjóri hefir samið frumvarp þetta að mestu og fylgdi því frá honum greinargerð sú, sem felst í bréfi hans, dags. 12. nóv. 1932, sem prentað er sem fylgiskjal I hér á eftir. Er í því tekið fram hið helzta um frumvarpið og þykir nægilegt að vísa til þess. Frumvarpið var sent til umsagnar skipamiðlarafirmanu Faaberg & Jakobsson hér í bænum, sem útvegar flest leiguskip hingað,

og er svar þess prentað sem fylgiskjal II hér á eftir. Þá er prentuð sem fylgiskjal III skrá um leiðsögumannaumdæmi umhverfis landið, eins og vitamálastjóri hefir ætlazt til að þeim yrði komið fyrir. Er ætlast til að leiðsögumenn verði á fleiri en einum stað fyrir sum umdæmi og mundi það verða ákveðið síðar hve margir leiðsögumennirnir yrðu og hvar þeir hafi aðsetur. Þykir ekki rétt að lögfesta neitt um umdæmin, heldur sé það á valdi ráðherra að ákveða þau, tölu leiðsögumanna og aðsetursstaði.

Fram að þessu hafa engin almenn leiðsögulög verið til, heldur hefir ráðherra samkvæmt gamalli venju skipað leiðsögumenn á einstöku stað umhverfis landið, þar sem þess hefir sérstaklega þótt þörf. En nú hafa siglingar aukizt svo að ástæða virðist til að gera ráðstafanir til að skip eigi kost á leiðsögu sem víðast umhverfis landið og er stefnt að því með frumvarpi þessu.

Fylgiskjal I.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík 12. nóv. 1932.

Áður hefi ég við og við vakið athygli á því, að tími virðist vera kominn til að koma föstu skipulagi á leiðsögumál landsins. Undanfarið hafa leiðsögumenn verið skipaðir af hinu háa ráðuneyti á nokkrum stöðum á landinu, en tvennu hefir verið ábótavant: annað er það, að verið hefir nokkuð af handahófi hvar leiðsögumenn hafa verið skipaðir, en hitt, að engin ákvæði hafa verið sett um það, hvaða réttindi og skyldur þessir leiðsögumenn skuli hafa. Aðeins í 4 kaupstöðum: Reykjavík, Ísafirði, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum er skipulag á hafnsögumálunum samkvæmt lögum og reglugerðum, en þær reglur nú aðeins til hafnsögu, en ekki nema að litlu leyti til leiðsögu til annara hafna. En um hina leiðsögumennina er varla tiltekið fyrir hvaða svæði þeir eru skipaðir.

Um þetta mál hafa á seinni árum við og við borizt erindi frá lögskipuðum leiðsögumönnum um það, á hvern hátt hægt sé að vernda réttindi þeirra gagnvart öðrum, sem kunna að taka upp að leiða skip fyrir borgun. Eitt slíkt erindi frá leiðsögumanninum í Hrísey, dags. 19. marz 1929, er mér á sínum tíma var sent til umsagnar, fylgir hér með.

Ég hefi nú í samráði við samgöngumálaráðherra og í samvinnu við Guðmund B. Kristjánsson skipstjóra og Stýrimannaskólakennara, samið frumvarp það til leiðsögulaga, er hér með fylgir, og sem ég býst við að megi nota sem grundvöll fyrir frumvarpi, er leggja megi fyrir þing. Að nokkru leyti hefi ég stuðst við samsvarandi dönsku lögin, Lov om Lodsvæsenet frá 17. apríl 1916, en að sjálfsögðu er í þeim margt sem ekki á við hjá okkur, en hinsvegar ýmislegt, sem við þurfum að hafa, en sem ekki á við hjá þeim. Ég hefi reynt að gera lagafrumvarpið sem almennast, en geri ráð fyrir að nánari reglur um einstök atriði komi í reglugerð, sem ráðuneytið gefur út, og sem má breyta eftir þörfum án íhlutunar löggjafarvaldsins. En til þess að það sjáist hvað við höfum hugsað okkur um skiptingu á landinu í leiðsöguumdæmi -- víða er sem stendur

ekki bein þörf fyrir leiðsögumenn — og hvar leiðsögumenn væru bezt settir, læt ég fylgja yfirlit yfir það skipulag sem við höfum hugsað okkur fyrst um sinn.

Það, sem vakað hefir fyrir okkur, er, að koma skipulagi á málið þannig, að skip er koma til landsins, geti fyrir hæfilega borgun alltaf fengið leiðsögumann á þeim stöðum, sem þeir þurfa á honum að halda, til siglinga á hættusvæðum. Skipin greiða svo mikil afgreiðslugjöld við komu sína frá útlöndum, að full ástæða er til að þau fái eitthvað í aðra hönd, og má þá ekki minna vera en að þeim verði gefinn kostur á að geta komizt leiðar sinnar um mestu hættusvæðin. Mun það, ef það tekst, geta haft mjög mikla þýðingu fyrir allar samgöngur, jafnvel orðið til þess, að vátryggingagjöld lækki, og komist það í kring, er fljótt orðið um svo stórar upphæðir að ræða, að um munar fyrir landið. — Hins vegar hefi ég reynt að koma því þannig fyrir, að það hafi sem minnstan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, enda geri ég ekki ráð fyrir að hann verði nema ef til vill nokkur skýrsluform, einkennismerki handa leiðsögumönnum og nokkur flöggmerki á bátana.

Frumvarpinu hefi ég skipt niður í 4 kafla: 1. um leiðsöguumdæmi og leiðsögumenn, 2. um réttindi og skyldur leiðsögumanna, 3. um leiðsögu og 4. um greiðslur fyrir leiðsögu.

Í 1. kafla vitnar 1. gr. í væntanlega reglugerð, sem ákveður hvar leiðsöguumdæmi skuli vera, hvar leiðsögumenn skuli sitja og hve margir. Enn fremur er ráðherra heimilt að fyrirskipa leiðsöguskyldu á ákveðnu svæði, ef sérstaklega stendur á.

2. gr. leggur umsjón með leiðsögumönnum undir ráðuneytið, sem skipar þá og víkur þeim frá. En ekki þykir ástæða til að láta það ná til þeirra hafnsögumanna sem skipaðir eru í nokkrum kaupstöðum samkvæmt sérstökum reglugerðum eða lögum. Ég vil gera ráð fyrir, að ráðuneytið einnig framvegis geti sett samsvarandi ákvæði inn í hafnarreglugerðir annara kaupstaða, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr. segir hvaða kröfur skuli gera til leiðsögumanna sem skilyrði fyrir löggildingu, og er þar að mestu farið eftir kröfum þeim, sem gerðar eru í öðrum löndum, enda engin ástæða til að gera minni kröfur hér en annarsstaðar.

4. gr. mælir frekar fyrir um skipun leiðsögumanna og 5. gr. um nokkrar skyldur þeirra gagnvart toll-, heilbrigðis- og vitamálastjórn.

Í 2. kafla eru nánari ákvæði sett um réttindi og skyldur leiðsögumanna yfirleitt, en á þeim er mjög mikil þörf, því engar slíkar reglur hafa áður verið til, og mikið hefir á því borið, að hinir og þessir hafa tekið að sér að leiða skip fyrir borgun, og með því farið inn á verksvið hinna lögskipuðu leiðsögumanna.

6. gr. ákveður að leiðsögumenn fái greiðslu fyrir störf sín samkvæmt gjaldskrá, er ráðuneytið löggildir fyrir hvert svæði, en fyrir leiðsögu út fyrir svæðið er gert ráð fyrir að skipstjóri og leiðsögumaður semji. Nú getur það komið fyrir að skip, sem hefir leiðsögumann í langferð, komi inn á annað leiðsöguumdæmi, þá verður að telja nauðsynlegt að skylda skipstjórann til þess, að kalla jafnframt leiðsögumann svæðisins, til þess að hinn, sem er fyrir um borð, gangi ekki á réttindi hans, enda vafasamt að hann sé nægilega kunnugur til þess að geta

leitt skip á því svæði. En hér er ekki beint um leiðsöguskyldu að ræða, nema því aðeins að skipstjóri hafi annan leiðsögumann með.

7. gr. Æskilegt er talið að 2 lögskipaðir leiðsögumenn séu á hverjum leiðsögustað, en ekki þykir hægt að lögákveða það, því þannig getur staðið á, að það sé ekki hægt. Annar þeirra verður að vera yfirmaður og segja fyrir um leiðsögumennsku á staðnum, en þessa stjórn þykir rétt að mega fela hafnarstjóra eða formanni hafnarnefndar, ef hentugt þykir.

Ákvæðin í 8. og 9. gr. eru samkvæmt erlendum reglum til þess að vernda réttindi leiðsögumanna á leiðsögusvæðum þeirra.

Í 10. gr. er ákveðið um farartæki út í skip. Ákvæðin eru nokkuð öðruvísi heldur en gerist erlendis, en þykja meira við okkar hæfi, a. m. k. fyrst um sinn.

3. kafli, um leiðsöguna almennt, er í öllu verulegu tekinn upp eftir venjulegum reglum.

Einnig í 4. kafla eru ákvæðin um greiðslur tekin upp eftir erlendum reglum, en gert er ráð fyrir að sérstök gjaldskrá verði gefin út fyrir hvert svæði.

Til hliðsjónar hefi ég sett upp skrá yfir leiðsögumenn, sem mér hefir komið til hugar að mest þörf væri fyrir, og þau umdæmi, sem þeir ættu að hafa hver fyrir sig. Geri ég ráð fyrir að farið verði eftir henni í reglugerðinni og gjaldskránni, með þeim breytingum, sem ástæða getur verið til.

Einnig læt ég fylgja skrá yfir gildandi lög og reglugerðir um hafnsögu.

Ég leyfi mér að mælast til þess, að hið háa ráðuneyti vilji taka frumvarp þetta til athugunar, og leggja það fyrir næsta þing, með þeim breytingum, sem nauðsynlegt þykir að gera frá lögfræðilegu sjónarmiði.

Th. Krabbe.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, hér.

Fylgiskjal II.

FAABERG & JAKOBSSON
SHIPBROKERS

Reykjavík, 18. jan. 1933.

Við leyfum okkur hér með að endursenda hinu háa ráðuneyti frumvarp það til laga um leiðsögumenn, er okkur hafði verið sent til umsagnar.

Við höfum lesið frumvarpið og athugað og borið það undir ýmsa útlenda skipstjóra, er hingað hafa siglt á okkar vegum og kunnugir eru íslenzkum staðháttum.

Virðast allir vera sammála um það, að mikil bót væri ef fyrirkomulag eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, gæti komizt á.

Aðeins eitt verðum við að leggja áherzlu á, frá sjónarmiði útgerðarmanna, sem nú berjast við afskaplega fjárhagslega örðugleika, að leiðsögnin verði ekki gerð skyldubundin (compulsory), og að gjöldum verði stillt svo í hóf, að full

not verði af leiðsögninni, en fátækar útgerðir hliðri sér ekki við henni af sparnaðarástæðum.

Að öðru leyti getum við mælt ákveðið með frumvarpinu frá sjónarmiði okkar viðskiptamanna, og vátryggingarfélögum, sem hafa hagsmuna að gæta hér við land, ætti þetta fyrirkomulag að vera mjög kærkomið.

Virðingarfyllst.

Faaberg & Jakobsson.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal III.

Skrá um leiðsögumenn og leiðsöguumdæmi.

Reykjavík fyrir allan Faxaflóa með Reykjavíkurhöfn.
Hafnarfjörður fyrir allan Faxaflóa með Hafnarfjarðarhöfn.
Akranes fyrir allan Faxaflóa, nema Reykjavíkur- og Hafnarfjarðarhöfn.
Hellissandur eða Ólafsvík } fyrir Sand, Ólafsvík og Grundarfjörð.
Flatey eða Stykkishólmur } fyrir Breiðafjörð innan Grundarfjarðar, Gilsfjörð og Hvammsfjörð.
Ísafjörður fyrir Ísafjarðardjúp með Ísafjarðarhöfn.
Reykjarfjörður Skagaströnd } fyrir Húnaflóa.
Siglufjörður Hrísey Akureyri } fyrir Siglufjörð og Eyjafjörð.
Húsavík fyrir Skjálfanda.
Kópasker fyrir Axarfjörð.
Raufarhöfn fyrir Þistilfjörð.
Fagridalur fyrir Vopnafjörð.
Seyðisfjörður Norðfjörður Fáskrúðsfj. Djúpivogur } svæði frá Glettinganesi til Eystra Horns.
Hornafjörður fyrir Hornafjörð.
Vestmannaeyjar fyrir Vestmannaeyjahöfn.
Stokkseyri fyrir Stokkseyri.
Eyrarbakki fyrir Eyrarbakka.
Grindavík fyrir Grindavík.

34. Frumvarp

til laga um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Bæjarfélag eða hreppsfélag, sem er í svo mikilli fjárþröng, að það telur sér ekki fært að standa í skilum, getur snúið sér til atvinnumálaráðherra, um aðstoð eftir lögum þessum, ef ætla má, að ekki greiðist úr í náinni framtíð.

2. gr.

Beiðni um aðstoð, sem í 1. gr. getur, skulu fylgja nákvæmar skýrslur um eignir og skuldir sveitarfélags, hvern arð eignir gefa, hvaða veðbönd hvila á þeim, hvernig skuldum er fyrir komið, af hverju þær stafa, hve mikið af þeim er fallið í gjalddaga, hversu þær eru tryggðar og annað, sem telst skipta máli, er athuga skal nákvæmlega fjárhag sveitarfélags.

Ennfremur skal fylgja beiðni afrit af síðustu skattskrá og niðurjöfnunarskrá og greinargerð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um hverjar aðalástæður séu til fjárþrotanna.

3. gr.

Nú hefir ráðherra borizt beiðni samkvæmt 2. gr., en hann telur fjárhag sveitarfélagsins þannig, að það geti uppfyllt skyldur sínar án aðstoðar, og synjar hann þá um aðstoðina og færir rök fyrir.

4. gr.

Nú hefir ráðherra borizt beiðni samkvæmt 2. gr., sem hann telur bera með sér, að svo sé ástatt um sveitarfélagið, sem í 1. gr. getur, og skipar hann þá mann til þess að vera til aðstoðar sveitarfélagi eftir því, sem lög þessi mæla fyrir.

5. gr.

Aðstoðarmaður sveitarstjórnar, sem um ræðir í 4. gr., skal kynna sér nákvæmlega allan hag sveitarfélags og athuga nákvæmlega í samráði við sveitarstjórn hvort fjárhagsörðugleikunum verði af létt með því að draga úr gjöldum eða auka tekjur eða hvorttveggja. Telji aðstoðarmaður það fært, án þess að vanræktar séu skyldur sveitarfélags eða íbúum þess íþyngt um of, skal hann bera málið undir sveitarstjórn og senda það síðan ráðherra ásamt tillögum sínum og sveitarstjórnar. Ráðherra sker þá úr, hvort fylgja skuli tillögum aðstoðarmanns að nokkru eða öllu leyti eða hvort hreppnum skuli látin í té frekari aðstoð eftir lögum þessum.

6. gr.

Nú verður ekki bót ráðin á fjárhagsörðugleikum sveitarfélags með þeim hætti, sem í 5. gr. getur, og skal þá aðstoðarmaður reyna að koma á samkomulagi milli sveitarstjórnar og skuldheimtumanna sveitarfélags um greiðslu skulda

með eða án greiðslufrests og með eða án eftirgjafar eða vaxtahækkunar. Í þeim tilgangi getur aðstoðarmaður kallað saman skuldheimtumenn eða umboðsmenn þeirra þar sem hentast þykir. Á fundi þeim skal liggja fyrir nákvæm skýrsla eins og segir í 2. gr. Ef samkomulag næst milli aðilja á fundinum eða á annan hátt, er málinu lokið.

7. gr.

Nú heppnast aðstoðarmanni ekki að koma á samkomulagi samkvæmt 6. gr., en hann telur, að sveitarfélag geti uppfyllt þá skilmála, sem í boði voru, og skal þá bera málið undir ráðherra eftir reglum 5. gr. og sker hann úr.

8. gr.

Ef samkomulag hefir ekki náðst samkvæmt 6. gr. og málið er ekki útkljáð samkvæmt 7. gr., skal aðstoðarmaður í samráði við sveitarstjórn semja yfirlit yfir þau gjöld, sem sveitarfélag getur komizt af með minnst og þær tekjur, sem fært þykir að afla eftir gildandi lögum, án þess að íbúum þess sé íþyngt um of. Yfirlit þetta, með umsögn sveitarstjórnar, sendir aðstoðarmaður skuldheimtumönnum sveitarfélags, þeim er það varðar, í ábyrgðarbréfi svo og þeim, sem í ábyrgð kunna að vera, ásamt tillögum sínum um hversu skuli fara um þann hluta skuldanna, sem yfirlitið sýnir, að ekki getur orðið greiddur eins og þá er ástatt.

9. gr.

Í tillögum eftir 8. gr. getur aðstoðarmaður lagt til:

a) Eftirgjöf skulda að nokkru eða öllu leyti.
b) Greiðslufrest um ákveðinn tíma.
c) Vaxtalækkun eða brottfall vaxta,

allt eftir því sem hann telur óhjákvæmilegt með hliðsjón af fjárhag sveitarfélags.

Í tillögunum skal fara eftir reglum 81.—89. gr. skiptalaga 12. apríl 1878 að því leyti, sem þær eiga við. Skuldir við önnur sveitarfélög teljast ekki forgangsskuldir, nema veð sé fyrir.

10. gr.

Nú er skuld tryggð með veði og skal þá selja veðið eftir fyrirmælum 87. gr. skiptalaga 12. apríl 1878, eins fljótt og við verður komið og áður aðstoðarmaður gerir tillögur eftir 8. og 9. gr. Ráðherra getur, ef aðstoðarmaður leggur það til, krafizt þess, að veðið sé lagt út sveitarfélaginu fyrir hæsta boð, sem uppboðsráðandi tekur gilt. Ráðherra getur einnig ákveðið greiðsluskilmála, enda er þá andvirðið tryggt með veði í eigninni og ábyrgð sýslusjóðs.

Þegar svo stendur á sem segir í þessari grein greiðast ekki innheimtulaun af söluandvirði.

11. gr.

Nú samþykkja ⅔ skuldheimtumanna, sem ráða yfir minnst ⅔ þeirra skulda, sem tillögur aðstoðarmanns ná til, að ganga að því, sem í tillögunum greinir,

og er það þá bindandi fyrir hina skuldheimtumennina. Atkvæðisrétt eiga þeir einir, sem úrslit atkvæðagreiðslunnar snertir fjárhagslega.

Skuldheimtumenn, sem ekki hafa komið svari sínu til aðstoðarmanns áður 3 mánuðir eru liðnir frá því hann afhenti tillögur sínar á póst, teljast samþykkja þær.

12. gr.

Nú fæst ekki fullnægjandi samþykki skuldheimtumanna samkvæmt 11. gr., og sendir þá aðstoðarmaður skjöl málsins til ráðherra ásamt skýringum sínum. Ráðherra leggur síðan úrskurð á málið, að fengnum nánari upplýsingum, ef hann telur þeirra þörf.

13. gr.

Í úrskurði þeim, sem í 12. gr. getur, er ráðherra heimilt að ákveða:

a) Að skuldir skuli gefnar eftir að nokkru eða öllu leyti
b) Að skuldir skuli greiðast á ákveðnum fresti
c) Að vextir skuli lækka eða falla niður

allt eftir því, sem hann telur óhjákvæmilegt með hliðsjón af fjárhag sveitarfélags.

Ákvörðun þá, sem um ræðir í a-lið þessarar greinar má ráðherra þó því aðeins gera að

a) Skrifstofustjórinn í atvinnumálaráðuneytinu, lögmaðurinn í Reykjavík og hafstofustjórinn telji að hinar eftirgefnu skuldir séu að mestu eða öllu leyti tapaðar með hliðsjón af gjaldgetu og framtíðarhorfum, enda sé ekki framar gengið í eftirgjöfum en embættismenn þessir eru sammála um að leggja til.
b) Ríkissjóði sé gert að greiða allt að 10% af hinu eftirgefna.
c) Hlutaðeigandi sýslusjóði sé gert að greiða jafnmikið og ríkissjóði af hinu eftirgefna, nema ráðherra telji, að fengnum upplýsingum, fjárhag sýslufélags svo þröngan, að greiðslan verði því til verulegs hnekkis.

14. gr.

Eignir sveitarfélags verða ekki teknar til gjaldþrotaskipta.

15. gr.

Aðför eða kyrrsetning getur ekki farið fram hjá sveitarfélagi, sem leitað hefir aðstoðar eftir lögum þessum. Þó má veðhafi í fasteign gera aðför.

16. gr.

Meðan stendur á ákvörðunum þeim, sem lög þessi ráðgera, ber aðstoðarmanni og sveitarstjórn, að viðlagðri ábyrgð að lögum, að sjá um, að í fjármálefnum sveitarfélags sé ekkert aðhafzt, sem rýri möguleika skuldheimtumanna til að fá greiðslu. Fyrir því má ekki inna af hendi önnur gjöld en þau, sem þarf til að halda uppi lögboðinni starfsemi svo að sæmilegt sé, eða samningsbundnar greiðslur af fasteignaveðslánum.

17. gr.

Þóknun aðstoðarmanna sveitarfélaga eftir lögum þessum greiðir ríkissjóður eftir reikningi, sem ráðherra úrskurðar.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hin síðari árin hefir það hvað eftir annað komið fyrir, að hreppsfélög hafa lent í greiðsluörðugleikum og hefir á ýmsan hátt verið reynt að hlaupa undir bagga með þeim. En sú hjálp, sem hægt hefir verið að veita, hefir í ýmsum tilfellum reynzt ófullnægjandi og til munu þau hreppsfélög vera, sem talsvert mörg síðari árin hafa safnað skuldum árlega og sjá þess engan kost að standa í fullum skilum. Þetta ástand er ekki viðunandi, en úr þessu hefir ekki verið hægt að bæta, meðal annars af því að löggjöf var ekki til um hversu fara skyldi með sveitarfélag, sem lent hefir í greiðsluþroti. Ákvæði laga um greiðsluþrot einstaklinga og félaga eiga ekki við um sveitarfélög og hefir því þótt rétt að gera tilraun til að setja nýja löggjöf um þetta efni.

Hversu mörg þau sveitarfélög eru nú, sem eru í þrotum, verður ekki sagt með vissu, enda skiptir það í þessu sambandi ekki mjög miklu máli. Hitt er víst, að í þessu máli er nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar, því að ella er hætt við að svo geti farið, að sveitarfélag lamist svo, að það gefist upp og hætti öllum greiðslum, jafnvel þeim, sem það þó gæti innt af höndum. Almennt viðskiptaöryggi krefst og þess, að ófáanlegar skuldir séu gerðar upp og tap komi niður, þar sem óhjákvæmilegt er.

Þegar gera á upp hag sveitarfélags veldur það einna mestum örðugleikum að kveða á um, hve mikið það getur greitt, sökum þess, að það er mjög undir greiðslugetu íbúanna komið, en hún getur breytzt til muna frá ári til árs. Með tilliti til þessarar óvissu og vegna þess að þetta verður að vera undir mati komið, hefir það ráð verið tekið í frv. þessu, að láta ríkissjóð og eftir atvikum sýslusjóð bæta skuldheimtumönnum að nokkru það, sem þeir tapa. Ber á þetta að líta sem einskonar tryggingarráðstöfun gagnvart skuldheimtumönnum. Það sýnist sem sé auðsætt, að varla verði lagðar fjárhagsbyrgðar á ríkissjóð eða sýslusjóð nema víst sé talið, að sveitarfélag geti ekki greitt. Það sem ríkissjóður og sýslusjóður legðu fram yrði því eins og uppbót til skuldheimtumanna fyrir þá von, sem þeir ella kynnu að hafa um greiðslu síðar vegna breyttra kringumstæðna. Að öllu athuguðu verður varla séð, að skuldheimtumönnum sé með þessu gert rangt til.

Um einstakar greinar frv. þykir rétt að taka fram það, sem hér segir:

Um 1. gr.

Það virðist réttast að láta mál þessi ganga gegnum stjórnarráðið að því leyti sem unnt er, því að með því móti ættu þær ráðstafanir, sem frv. ráðgerir, að verða ódýrastar og mest samræmi í þeim.

Um 2. gr.

Þykir ekki gefa tilefni til athugasemda.

Um 3. gr.

Það er vel hugsanlegt að sveitarfélög biðji um aðstoð án brýnnar þarfar og er þá sjálfsagt að heimilt sé að synja beiðninni.

Um 4. gr.

Það er óhjákvæmilegt að skipa mann til þess að hafa hönd í bagga með bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Af þessu leiðir nokkur kostnaður, en verulegur ætti hann ekki að þurfa að vera.

Um 5. gr.

Fyrri hluti gr. er sjálfsagður, en um síðari hlutann er rétt að geta þess, að þar sem vel má vera, að það komi í ljós við rannsókn aðstoðarmanns, að sveitarfélag geti bjargazt á eigin spýtur, verður að vera heimild til að láta frekari aðgerðir falla niður, ef slíkt kemur í ljós.

Um 6. gr.

Í þessari gr. er gert ráð fyrir eins konar skiptafundi. Ef skuldheimtumenn eru í fjarlægð er gert ráð fyrir, að aðstoðarmaður sjái um, að þeir fái sér umboðsmann. Á fundi þessum verður aðstoðarmaður að reyna að koma á samkomulagi milli sveitarstjórnar og skuldheimtumanna og ætti að mega gera ráð fyrir, að það heppnist í mörgum tilfellum.

Um 7. gr.

Að sjálfsögðu verður sveitarfélag að gera það sem unnt er til að standa í skilum. Fyrir því verður að vera heimild til að fyrirskipa að ganga að skilmálum skuldheimtumanna, þegar þeir eru þannig að álíta verður, að sveitarfélag geti uppfyllt þá.

Um 8. gr.

Ef þær aðgerðir, sem gert er ráð fyrir í undanfarandi gr. leiða ekki til neinna lykta á málinu, verður að leita einskonar nauðasamninga við skuldheimtumenn.

Um 9. gr.

Í þessari gr. er sagt fyrir um hvað skuli standa í frumvarpi til samninga. Að öðru leyti gefur gr. ekki tilefni til athugasemda.

Um 10. gr.

Sérstök ákvæði eru nauðsynleg um veðsettar eignir. Oft kemur það fyrir, að slíkar eignir eru lagðar út veðhöfum fyrir minna en þær eru verðar. Þess vegna er ástæða til að tryggja sveitarfélagi, að það megi ganga inn í hæsta boð. Með þessu er veðhafa ekki gert rangt til, því að honum er frjálst að bjóða það sem hann telur eignina verða. Hinsvegar getur sveitarstjórn verið alveg nauðsynlegt að halda eigninni, en á uppboð verður hún að fara til þess að vita hvort veðhafi á kröfu á meiru en andvirði eignarinnar.

Um 11. gr.

Það er álitamál hve mikinn meiri hluta á að þurfa til þess að tillögur aðstoðarmanns teljist bindandi fyrir alla. Hér er stungið upp á ⅔ og sýnist það nóg.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í þessari gr. er gert ráð fyrir að valdbjóða eftirgjafir og greiðsluskilmála ef ekkert samkomulag hefir náðst. Þetta valdboð er þó mörgum og miklum skilyrðum bundið og öll ganga þau út á að tryggja það, að ekki sé gengið á rétt skuldheimtumanna. Í gr. virðist svo strangt eftir þessu gengið, að engin hætta sé á að gengið sé of nærri eignarrétti skuldaeigenda.

Um 14.—15. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru sjálfsögð.

Um 17.—18. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

35. Frumvarp

til laga um kjötmat o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Sláturfénaður, sauðfé allskonar, nautgripi, svín, hross, alifugla o. s. frv.

Sláturfjárafurðir, kjöt, hausa, innyfli, gærur og skinn o. s. frv.

Læknir, dýralækni þann, er kjötskoðunina annast, eða hvern þann annan lækni eða læknisnema, sem löggiltur hefir verið til starfsins samkvæmt 4. gr. laga þessara.

Kjötmatsmaður, hvern þann undirkjötmatsmann, er lýtur yfirkjötmatsmanni og aðstoðarmönnum hans, sbr. 7. gr.

2. gr.

Sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið fryst eða kælt á erlendan markað, má aðeins slátra í löggiltum sláturhúsum, og frysting eða kæling kjötsins aðeins fara fram í löggiltum frystihúsum.

Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanns og læknis þess, er kjötskoðun annast í hlutaðeigandi

umdæmi, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þessvegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigði- og hreinlætiskröfum. Skylt er löggiltum sláturhúsum að hafa lækni jafnan við hendina til eftirlits meðan slátrun fer fram.

Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefir sérstakt löggildingarmerki.

Ráðherra setur reglur um útbúnað löggiltra sláturhúsa og frystihúsa.

Nú fullnægir löggilt sláturhús eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber yfirkjötmatsmanni eða lækni þegar að skýra ráðuneytinu frá því. Setur ráðuneytið umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að kippa því í lag, sem ábótavant er og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests.

3. gr.

Hús þar sem slátrað er skepnum, sem kjöt af er ætlað til söltunar til útflutnings eða til sölu til almennings innanlands, en sem ekki eru löggilt sláturhús, skulu vera þrifaleg og svo rúmgóð og þannig hagað, að kjöt geti kólnað þar nægilega fljótt og skemmdalaust. Ráðherra getur sett nánari reglur um slík sláturhús eftir því sem þurfa þykir.

4. gr.

Læknisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði áður en slátrun fer fram, ef kjötið er ætlað til útflutnings fryst, kælt eða saltað, og mega ekki líða meira en 12 kl.st. frá þeirri skoðun og til slátrunar.

Ennfremur skal læknisskoðun á öllu kjöti og innyflum fara fram þegar eftir slátrun og áður en kjötið er fryst, kælt eða saltað. Að skoðun lokinni skal læknirinn merkja kjötið samkvæmt reglum er ráðherra setur, um skoðun og merkingu á kjöti. Ennfremur getur ráðherra sett reglur um skoðun og merkingu skinna og annara sláturfjárafurða. Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, mat og merkingu á kjöti til ákveðinna landa, eftir því hverjar kröfur þar eru gerðar í því efni.

Sláturfjárafurðir sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis eða á annan hátt, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins á þann hátt, að tryggt sé, að engin hætta geti stafað af þeim.

Ekki má slátra í löggiltu sláturhúsi sjúku sláturfé, er nokkur smithætta getur stafað af, að áliti læknis þess, sem skoðunina hefir á hendi, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu. Sjálfdauðar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús né á lóð þess, nema til komi leyfi læknis þess, er kjötskoðun annast í hlutaðeigandi sláturhúsi.

5. gr.

Þar sem því verður við komið, skipar ráðherra dýralækni til að annast kjötskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra, að fengnum tillögum dýralæknis, lækni eða lækn-

isefni, er að minnsta kosti hefir lokið fyrsta hluta læknaprófs, til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá löggiltum dýralækni hér á landi.

Reynist ókleift að fá lækni til kjötskoðunar á einhverjum slátrunarstað, getur ráðuneytið veitt undanþágu frá læknisskoðun saltkjöts á þeim stað.

6. gr.

Allt kjöt, sem flutt er á erlendan markað, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanns og aðstoðarmanna hans. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanns og einhverra af helztu útflytjendum, reglur um flokkun, frystingu, söltun, umbúðir og merkingu kjötsins, og meðferð.

Kjöt, sem saltað er til sölu í verzlunum innanlands, skal einnig metið og flokkað af kjötmatsmönnum samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

7. gr.

Ráðherra skipar einn yfirkjötmatsmann til að hafa umsjón með mati á öllu því kjöti, er meta skal samkvæmt 5. gr. Skal hann hafa fullkomna þekkingu á kjöti og öllu því, er lýtur að meðferð þess. Yfirkjötmatsmaður skal hafa að minnsta kosti 3 menn til aðstoðar við starf sitt, meðan aðalsauðfjárslátrun stendur yfir ár hvert.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmanni og aðstoðarmönnum hans reglur um störf þeirra.

Ekki má yfirkjötmatsmaður eða aðstoðarmenn nans þiggja neina þóknun hjá þeim er við útflutning kjöts eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda né neinskonar milligöngu í því efni, er hann eða þeir geti haft hagnað af.

Árleg laun yfirkjötmatsmanns skulu vera 1200 krónur en aðstoðarmanna hans 300 krónur. Auk þess skulu aðstoðarmenn hafa daglaun fyrir þá daga sem þeir starfa í yfirmatserindum, og ákveður ráðuneytið þau að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanns.

Auk ferðakostnaðar eftir samngjörnum reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, skal yfirkjötsmatsmaður og aðstoðarmenn hans fá 4 krónur í fæðispeninga meðan þeir eru frá heimilum sínum vegna yfirmatsins. Allur kostnaður, sem af yfirmatinu leiðir, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

Kaup kjötmatsmanna ákveður yfirkjötmatsmaður í samráði við forstöðumenn sláturhúsa eða hlutaðeigandi verzlanir á hverjum stað, og greiða verzlanir þær eða sláturhús, sem slátrunina framkvæma, kaupið. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta

kjöt fyrir eða riðnir eru við útflutning kjötsins, né vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi yfirkjötmatsmanns, og skal yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

9. gr.

Í kaupstað eða kauptúni þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skal allt kjöt af skepnum, sem slátrað er þar eða sem flutt er þangað nýtt og ætlað er til sölu þar, skoðað og merkt af lækni þeim, er kjötskoðun annast þar á staðnum og getur ráðuneytið sett nánari reglur þar um. Ákvæði þetta tekur þó ekki til kjöts, sem áður hefir verið merkt til útflutnings í löggiltu sláturhúsi eða læknir hefir skoðað og merkt í sláturhúsi, sem í 3. gr. getur. Ráðherra getur sett nánari reglur um þessi atriði, ef þurfa þykir.

Kjöt sem flutt er að, nýtt, kælt eða frosið, skal flutt í þar til gerðum umbúðum, er læknir tekur gildar.

Ráðuneytið getur einnig, ef ástæður þykja til, fyrirskipað samskonar kjötskoðun í kauptúnum þar sem búa færri en 1000 manns.

Þar sem sláturhús er í kaupstað eða kauptúni, getur kjötskoðun og merking farið fram í sláturhúsinu sjálfu, en bæjarfélag eða hreppsfélag, þar sem sláturhúsið er, skal sjá fyrir löggiltu húsnæði til skoðunar á aðfluttu nýju kjöti, gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi kjötsins greiðir samkvæmt nánari fyrirmælum ráðuneytisins, og skal öllum þeim, er flytja nýtt kjöt, ómerkt, til sölu í kaupstað eða kauptúni, skylt að leggja það fram til skoðunar áður en þeir afhenda það kaupanda.

Nú neitar læknir að merkja kjöt, og er eiganda þess þá óheimilt að selja það eða afhenda innan kauptúnsins, en telji hann sig órétti beittan, getur hann innan 12 klst. skotið máli sínu til úrskurðar heilbrigðisnefndar kauptúnsins. Úrskurði heilbrigðisnefndin kjötið söluhæft, skal það merkt sérstöku merki.

10. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum sem lög þessi taka til, má eigi hafa ómerkt kjöt, nýtt eða frosið í kjötbúðum eða á öðrum sölustöðum.

11. gr.

Ráðherra getur sett reglur um útbúnað kjötbúða og um það, hvaða vörur megi selja í kjötbúðum auk þeirra vara sem um ræðir í lögum þessum og annað, sem lýtur að verzlun með sláturfjárafurðir. Sömuleiðis getur ráðherra sett reglur, eftir því sem þurfa þykir um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað því um líkt.

12. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendum markaði án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merkingu þess og án þess að hafa fengið undanþágu frá kjötmerkingu samkvæmt 4. gr. 2. mgr. og varðar það sektum frá 500 til 5000 kr. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 2000 krónum.

Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingar fyrir brot yfirkjötmatsmanns, aðstoðarmanna hans, kjötmatsmanna og lækna gegn ákvæðum þessara laga, fer sem um brot opinberra starfsmanna almennt.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42, 19. maí 1930 um mat á kjöti til útflutnings og lög nr. 12, 13. september 1912 um merking á kjöti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 42, 19. maí 1930 um mat á kjöti til útflutnings eru yfirkjötmatsmenn sex og hafa hver sitt umdæmi nema einn, sem ætlað er að hafa yfireftirlit með flokkun og meðferð á frosnu kjöti. Höfðu áður verið fimm yfirmatsmenn á saltkjöti og hafði svo verið um alllangt skeið. Vafi hefir þótt á því hvort þetta væri heppilegt fyrirkomulag, og hefir verið kvartað yfir því að matið væri ekki framkvæmt á sama hátt í öllum yfirmatsumdæmunum. Yfirmatsmennirnir hafa ekki haft neitt verulegt samband sín á milli og hefir því framkvæmd matsins, eins og vænta má, getað orðið nokkuð með öðrum hætti hjá einum en öðrum. Með frumvarpi þessu er ætlast til að ekki verði nema einn yfirkjötmatsmaður, og séu honum fengnir þrír aðstoðarmenn, að minnsta kosti, sem hafi eftirlit með framkvæmd matsins ásamt yfirkjötmatsmanni, en matið framkvæma annars kjötmatsmenn skipaðir af lögreglustjóra eins og áður hefir verið. Er búist við því að með þessu fáist betra samræmi í matið og að kjötið geti orðið vandaðri vara og er sérstaklega þörf á að vanda vel til skoðunar og mats á frystu kjöti til útflutnings. Þá eru teknar upp í frumvarp þetta ýmsar reglur um mat og merkingu á kjöti, sem ætlað er til sölu í kaupstöðum og kauptúnum innanlands, en um það hafa engar reglur verið til áður. Ákvæðin um læknisskoðun og merkingu á kjöti, sem áður voru í lögum nr. 12, 13. sepember 1912 eru nú tekin upp í þetta frumvarp ásamt ákvæðunum um matið.

Það hefir þótt nauðsynlegt síðan útflutningur á frystu kjöti hófst, að slátturhús þau og frystihús, sem notuð eru fyrir það kjöt, væru sérstaklega vel útbúin og hafa því verið tekin upp í frumvarp þetta ákvæði um löggildingu slíkra húsa, og má ekki samkvæmt frumvarpinu flytja út fryst kjöt til sölu á erlendum markaði nema úr slíkum löggiltum húsum.

Auk þess sem að framan er talið eru nokkrar smábreytingar í frumvarpinu frá því sem nú gildir samkvæmt kjötmatslögunum frá 1930, en um þær og að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru ný ákvæði um löggildingu sláturhúsa og frystihúsa og vísast um það efni til þess, sem að framan er sagt. Ákvæði greinarinnar er ætlast til að megi gera fyllri eftir þörfum með reglum sem ráðherra setur um útbúnað húsanna.

Um 3. gr.

Það er ekki ætlast til þess að löggilda þurfi öll sláturhús, þó í þeim sé slátrað skepnum, sem kjöt af er saltað til útflutnings, en eigi að síður verða húsin að vera svo þrifaleg og þannig hagað, að hægt sé að fara svo með kjötið, að það verði góð vara og verður því að vera nokkurt opinbert eftirlit með þessum húsum og matsmenn starfa þar eins og í hinum löggiltu húsum.

Um 4. og 5. gr.

Þessar greinar fjalla um heilbrigðisráðstafanir við slátrun og við söltun og frystingu kjöts. Eru ákvæði um þessi efni nokkru fyllri en í kjötmerkingarlögunum frá 1912 og nokkur nýmæli eru einnig í greinunum, svo sem um sérstaka merkingu kjöts til ákveðinna landa og um heimild fyrir ráðherra til að fyrirskipa skoðun og merkingu á öðrum sláturfjárafurðum en kjöti.

Um 6. gr.

Þessi grein er um mat á kjöti og er ætlast til, að um það verði settar nánari reglur eftir því sem þurfa þykir. Hefir þótt réttara að leggja það í hendur ráðherra, að setja slíkar nánari reglur, en að ákveða nákvæmlega um það efni í lögunum vegna þess að það kemur bezt í ljós við reynslu, hvers sérstaklega er þörf um matið og er þá hægra að breyta til svo sem reynslan sýnir þurfa, ef eigi þarf lagabreytinga til þess.

Um 7. gr.

Eins og sagt er í athugasemdunum hér að framan er ætlast til að framvegis verði aðeins einn yfirkjötmatsmaður, er hafi yfirumsjón með öllu kjötmati. Hefir þótt nauðsynlegt að hækka nokkuð laun hans úr því sem nú er um laun yfirkjötsmatsmanna og fá honum aðstoðarmenn, sem launaðir verði úr ríkissjóði. Koma aðstoðarmennirnir að nokkru leyti í stað núverandi yfirkjötmatsmanna. Laun aðstoðarmannanna eru sett lægri, en laun núverandi yfirkjötmatsmanna, en í stað þess eru þeim ætluð daglaun fyrir þá daga, sem þeir eru að störfum í þarfir matsins. Þess er vænzt að matskostnaður lækki nokkuð frá því sem nú er við þessa breytingu á fyrirkomulaginu.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við þær reglur sem nú gilda.

Um 9. og 10. gr.

Eins og getið er um í inngangi þessara athugasemda er ætlast til að læknisskoðun og merking fari fram á öllu kjöti, sem selt er nýtt í kaupstöðum og hin-

um stærstu kauptúnum. Eiga þessi ákvæði, að veita meiri tryggingu en nú er fyrir því að kjöt, sem haft er á boðstólum, sé góð og óskemmd vara.

Um 11. gr.

Það þykir rétt að heimila ráðherra að setja reglur um kjötbúðir og atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr kjöti og öðrum sláturfjárafurðum, eftir því sem álitið kynni að verða heppilegt og nauðsynlegt til þess að tryggja mönnum, að farið sé með kjöt og aðrar sláturfjárafurðir eftir heilnæmisreglum og ekki sé notað skemmt eða vont efni í matvæli, sem búin eru til úr sláturfjárafurðum og höfð til sölu handa almenningi.

Um 12. og 13. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

36. Frumvarp

til laga um að niður falli útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Frá 1. marz 1933 fellur niður útflutningsgjald af hverskonar landbúnaðarafurðum.

2. gr.

Um leið eru úr gildi numin, að því er snertir landbúnaðarvörur, lög nr. 70 27. júní 1921 og lög nr. 11 29. maí 1925.

Greinargerð.

Það er mjög óvenjuleg skattaleið að afla ríkissjóði tekna með útflutningsgjaldi á framleiðsluvörum þjóðarinnar sjálfrar. Þó kemur þessi skattaöflun miklu harðar niður á landbændum en fiskframleiðendum, því að þeir, sem rækta landið, verða að kaupa það og borga vexti af höfuðstól, sem nemur nokkrum tugum milljóna, en af fiskimiðunum er eigi greidd nein leiga. Auk þess hefir skapazt mikið misrétti um þessa skattgreiðslu, þegar vaxandi bæjamyndun olli því, að mikill markaður fyrir landbúnaðarvörur varð til í landinu sjálfu. Sátu sumir bændur við þann eld, en aðrir nálega eingöngu við útlenda markaðinn, sem var tollaður af landsmönnum sjálfum, en innlendi markaðurinn var í einu betri og tollfrjáls. Sjá allir, hvílíkt misrétti þessi skattalöggjöf skapar milli skattþegna í landinu.

Framantaldar ástæður hafa raunar átt við eins og nú mörg undanfarin ár. En nú hefir bætzt við alveg sérstök ný ástæða, hið gífurlega verðfall íslenzkrar

landbúnaðarvöru á erlendum markaði. Eins og nú stendur á er með öllu ósæmilegt fyrir þjóðfélagið að nota útflutningsgjald af landbúnaðarvörum sem skattstofn, og mun frekar þörf á þessu þingi að hugsa fyrir verðlaunum handa bændum, sem flytja vörur á erlendan markað, eins og hann er nú.

Nái þetta frv. samþykki, mun ég flytja tillögur, sem bæta ríkissjóði upp þann tekjumissi, sem leiðir af samþykkt þessa frumvarps.

Sþ. **37. Tillaga**

til þingsályktunar um riftun kaupa á Reykjahlíð í Mosfellssveit (áður Hlaðgerðarkoti).

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að sjá um, að kaupum Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur á jarðeigninni Reykjahlíð í Mosfellssveit (áður Hlaðgerðarkoti) verði rift þegar í stað, með málssókn ef þörf er á.

Greinargerð.

Hneykslismálið um kaupin á jörð þessari er öllum kunnugt orðið og því ástæðulaust að gera nánari grein fyrir þessari tillögu.

Nd. **38. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun kreppunefndar.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson, Héðinn Valdimarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa 7 manna kreppunefnd, er vísað verði til málum, sem snerta kreppuna og ráðstafanir gegn henni.

Sþ. **39. Tillaga**

til þingsályktunar um að leggja niður ríkisféhirðisstarfið.

Flm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi skorar á ríkisstjórnina að veita ekki ríkisféhirðisstarfið, sem nú er laust, en semja við Landsbankann um að annast gjaldkerastörfin, eins og áður var.

Greinargerð.

Fyrr meir annaðist Landsbankinn féhirðisstörf ríkissjóðs, unz búið var til sérstakt embætti vegna útborgana landsins. Þetta starf er að mestu leyti óþarft, með því að raunverulega er Landsbankinn féhirðir ríkisins. Með þessu móti sparast talsvert af dýrkeyptri vinnu, og er auk þess til þæginda fyrir viðskiptamenn ríkissjóðs og bankans.

Nd. 40. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 82, 23. júní 1932, um sjúkrasamlög.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að lögskrá sjúkrasamlög fyrir skóla, aðra en barnaskóla, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Samlagið nái að jafnaði yfir einn skóla. Þó mega tveir eða fleiri skólar vera saman um samlag, ef þeir eru í sama hreppi eða kaupstað.
2. Samlagið skal veita viðtöku og full félagsréttindi:
   a. hverjum nemanda skólans, nema vitað sé, að hann, ef hann er fullra 16 ára, eða framfærandi hans, ef hann er yngri, hafi þær tekjur eða sé svo efnum búinn, að hann geti ekki þess vegna orðið hlutgengur meðlimur í sjúkrasamlagi samkv. ákvæðum 3. gr., enda sé hann fullhraustur, er hann gengur í samlagið.
   b. hverjum kennara og starfsmanni skólans, sem uppfyllir skilyrði 3. gr.
3. Samlagið uppfylli að öðru leyti skilyrði 3. gr. Þó má takmarka tryggingarnar meira en þar er gert ráð fyrir, svo sem með því að láta trygginguna ekki ná til sumarleyfa og sleppa dagpeningatryggingu.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Greinargerð.

Hávaði íslenzkra námsmanna er ekki betur efnum búinn en það, að ef einhver verður fyrir lasleika, svo að hann þurfi að leggjast á sjúkrahús, þó að ekki sé nema viku eða hálfsmánaðartíma, er honum oftast ókleift, kostnaðarins vegna, að halda námi áfram það árið, og ekki þarf langa eða dýra sjúkdómslegu til þess, að hann verði ef til vill að hætta námi með öllu.

Er fáum nauðsynlegra að tryggja sig gegn sjúkdómum en fátækum námsmönnum, og ekki síst þeim, sem námið stunda fjarri heimilum sínum.

Skólastjóri Menntaskólans á Akureyri skýrir frá því, að venjulega séu það tveir til þrír nemendur á ári þar í skólanum, sem verði fyrir tilfinnanleg-

um sjúkdómskostnaði — og þá oftast vegna sjúkdómslegu til uppskurðar —, og er það ekki meiri kostnaður en svo, að sjúkrasamlag þar í skólanum, með mjög lágu árgjaldi nemendanna, segjum 3—5 kr., mundi auðveldlega geta staðizt hann.

Í haust sem leið var undirbúin stofnun sjúkrasamlags í þessum skóla, með ágætri þátttöku nemendanna, en þegar til þess kom að lögskrá það, þóttu sjúkrasamlagalögin ekki veita heimild til þess, með því að þau mæla svo fyrir, að meðlimir sjúkrasamlags skuli allir eiga heima í samlagshéraðinu. En einmitt vegna þess ákvæðis er öllum aðkomunemendum, sem tryggingarinnar hafa mesta þörf, ókleift að gerast meðlimir í sjúkrasamlagi héraðsins, þó að til væri, enda slík samlög ekki að öllu leyti við hæfi námsmanna — trygging þeirra óþarflega víðtæk fyrir þá — og þar af leiðandi of dýr.

Auk þeirra beinu trygginga, sem sjúkrasamlög skólanemenda geta veitt þeim, fer ekki hjá því, að þau geti haft uppeldislega þýðingu fyrir þá. Þeir kynnast þessari tryggingarstarfsemi, læra að meta gildi hennar, fá æfingu í að taka þátt í rekstri hennar og stjórn og breiða síðan þessa mikilsverðu þekkingu út um landið.

Af framangreindum ástæðum er frv. þetta borið fram. Er þó ekki farið fram á meira en heimildarákvæði til að lögskrá skólasamlög. Með því að hér er um algert nýmæli að ræða, þykir ef til vill réttara að hafa nokkurn hemil á í byrjun og reyna þetta fyrirkomulag í einum eða tveimur skólum, til þess að sjá, hvernig það gefst, áður en lengra er haldið.

Ed. 41. Frumvarp

til laga um eignarnámsheimild á afnotarétti landsvæðis úr Garðalandi.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi afnotarétt landsvæða þeirra úr Garðalandi á Álftanesi, sem seld voru á leigu vorið 1932 mönnum, búsettum utan Garðahrepps og Hafnarfjarðar.

2. gr.

Ef um bætur verður að ræða fyrir réttindin yfir landsvæðunum eða mannvirki á þeim, greiðast þær úr kirkjujarðasjóði.

3. gr.

Þegar eignarnám hefir farið fram, selur eða leigir kirkjumálaráðherra landið Hafnarfjarðarbæ til ræktunar, ef samkomulag næst um skilmála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. áskorun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, og er útdráttur úr gerðabók hennar um þetta efni ásamt bréfi bæjarstjóra tekið upp á eftir greinargerð þessari.

Tildrög þessa máls eru þau, að er það fréttist haustið 1931, að skipta ætti áður óskiptu landi Garðakirkju á Álftanesi, fór bæjarstjórn Hafnarfjarðar þess á leit við ríkisstjórnina, að hún gæti fengið keyptan þann hluta af óræktuðu en ræktanlegu landi jarðarinnar, sem kæmi í hennar hlut er skipti færu fram. Ríkisstjórnin kvað sig bresta heimild til þessa, en hinn 20. maí 1932 var samþ. í Ed. þingsályktun um að skora á stjórnina að leigja Hafnarfjarðarkaupstað þann hluta úr landi Garðakirkju á Álftanesi, sem félli í hlut heimajarðarinnar við skipti á áður óskiptu landi Garða. Þessari þáltill. var útbýtt á Alþingi 14. maí 1932, en með samningum, dagsettum 18. og 24. s. m., leigði stjórnin þeim Hermanni Jónassyni lögreglustjóra í Reykjavík og Tryggva Guðmundssyni ráðsmanni á Kleppi spildu af landi þessu. Vera má og, að fleiri hafi fengið þarna land á leigu um þessar mundir.

Þar eð þessi landsvæði eru hluti af því landi, sem áðurnefnd þáltill. nær til, og bæjarstjórnin í Hafnarfirði er óánægð yfir, að ekki hefir verið í þessu farið eftir yfirlýstum vilja Ed., hefir mér verið falið að flytja þetta mál. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar óskar ákveðið, að hún eða íbúar kaupstaðarins fái þessi svæði til umráða til ræktunar, þar sem mikill hörgull er á ræktunarhæfu landi í grennd kaupstaðarins.

Stærð þessara tveggja landsvæða er samtals 43,2 ha., eða um 130 dagsláttur. Hafi fleiri fengið land þarna á sama hátt, er landstærðin auðvitað meiri.

Eftir því, sem öll atvik eru, sýnist mjög ólíklegt, að leigjendum landsins verði metnar nokkrar skaðabætur fyrir missi leiguréttarins, en skyldi svo verða, virðist kirkjujarðasjóður verða að greiða þær bætur.

Fylgiskjal I.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði. — Hafnarfirði, 17. febr. 1933.

Hér með sendi ég yður, herra alþingismaður, tillögu, er samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 31. f. m. út af sölu á Garðakirkjulandi, til fyrirgreiðslu á þann hátt, er þér teljið heppilegastan.

Virðingarfyllst.

Emil Jónsson.

Til herra alþingismanns Bjarna Snæbjörnssonar.

Fylgiskjal II.

Útdráttur úr gerðabók bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

„Ár 1933, hinn 31. jan., hélt bæjarstjórn Hafnarfjarðar fund með sér á venjulegum stað og tíma.

Á fundinum gerðist sem hér segir:

1. Lesin upp fundargerð fasteignanefndar, dags. 23. jan. s. l. og samþykkt. Í sambandi við 6. lið fundargerðarinnar var samþykkt tillaga frá Þorleifi Jónssyni, svo hljóðandi:

Út af afhendingu bezt ræktanlega svæðisins úr útlandi kirkjujarðarinnar Garða í Garðahreppi til manna búsettra utan Garðahrepps og Hafnarfjarðar, sem átti sér stað á síðastliðnu vori, ályktar bæjarstjórnin að fela þingmanni kaupstaðarins að beita sér fyrir því á næsta Alþingi, annaðhvort með flutningi þingsályktunartillögu eða frumvarps, að umrædd afhending á nefndu landsvæði úr Garðakirkjulandi verði ógilt og landsvæðið afhent Hafnarfjarðarkaupstað til ræktunar, annaðhvort með venjulegum erfðafestuskilmálum, eða þá með hreinni sölu".

Ofanskráð tillaga var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Rétt eftirrit staðfestir

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði.

Emil Jónsson.

Ed. 42. Frumvarp

til laga um eftirlit með sparisjóðum.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fela stjórn Landsbanka Íslands að láta starfslið bankans endurskoða alla sparisjóði landsins einu sinni á ári og gefa árlega út yfirlitsskýrslu um hag sjóðanna. Má verja til þessa eftirlits allt að 3000 kr. ár hvert. Skal þeirri fjárhæð jafnað niður á sparisjóðina eftir veltu þeirra, og endurgreiðist hún Landsbankanum.

2. gr.

Lög nr. 48 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum, skulu úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Vegna kreppunnar er sýnilegt, að gjaldþegnum landsins muni veitast erfitt að standa undir lögboðnum launagreiðslum, sem minna var sakazt um meðan vel lét í ári. Mun það nú nokkuð almenn krafa frá kjósendum, að spöruð séu þau embætti, sem telja má, að geri lítið eða ekkert gagn, einkum ef þau eru þá í meira lagi fjárfrek. Má búast við, að nú í vetur og á næstu árum verði það eitt af aðalstörfum Alþingis að koma á stórfelldri samfærslu og nýskipun á embættakerfi landsins.

En af öllum embættum, sem til eru í landinu, mun það almanna trú, að eftirlitsstarfið með bönkum og sparisjóðum sé einna dýrkeyptast, ef bæði er miðað við kaupgreiðslu og not þau, sem þjóðfélagið hefir af þessari starfrækslu.

Sú er saga þess máls, að lögin um þetta embætti voru sett á Alþingi 1923. Íslandsbanki var þá á heljarþröminni, en skuldunautar hans í Rvík vildu forða honum frá falli, koma skuldbindingum hans á gjaldþegna landsins en njóta sjálfir fjármagns bankans. Gerðu framsóknarmenn í báðum deildum þingsins þá kröfu um, að þingnefnd yrði falið að rannsaka hag bankans, enda mátti varla minna vera, þar sem bankinn var í stórum vanda, en einmitt þá að fá margar milljónir að láni hjá landinu. En flokkur Mbl. í þinginu vildi með engu móti leyfa þingmönnum að kynnast skuldamálum bankans, enda myndi þá hafa verið stífluð á að ósi um lán til bráðeignalausra manna, sem bankinn hélt áfram að lána og tapaði á mörgum milljónum.

En til að láta svo líta út, sem meðhaldsmenn bankans vildu þó þola eitthvert eftirlit, kom Sigurður Eggerz með frv. um að búa til embætti til eftirlits með bönkum og sparisjóðum. Fylgdu Mbl.menn allir honum fast að málum, en framsóknarmenn voru á móti, en í minni hluta. Laun voru ekki spöruð, og skyldi eftirlitsmaðurinn hafa 10 þús. kr. fastar og dýrtíðaruppbót eins og í bönkunum. Á þann hátt mun eftirlitsmaðurinn hafa fengið um 16 þús. kr. í árskaup og ferðakostnað að auki.

Sigurður Eggerz og íhaldsmenn höfðu stofnað embættið, en Klemens Jónsson átti að veita það. En hann taldi embættið óþarft, eins og samflokksmenn hans á þingi, og vildi fá það afnumið á Alþingi 1924, ef framsóknarmenn gætu unnið svo á við kosningarnar haustið 1923, að þeir hefðu meirihlutaaðstöðu í báðum deildum.

En svo var ekki. Íhaldið var í einskonar meiri hluta eftir kosningarnar og formaður þess flokks var búinn að lofa ákveðnum flokksmanni sínum embættinu eftir stjórnarskiptin. En sá maður hafði þá staðið fyrir bankadeild og tapað þar miklu fé fyrir ógætilegar ráðstafanir, sem sýnilega kom af hæfileikaleysi mannsins til að dæma um fjármál. Þegar Klemens Jónsson sá, að starfið yrði ekki lagt niður, heldur veitt, og það manni, sem var bersýnilega mjög illa til starfrækslunnar fallinn, afréð ráðherrann að veita það heldur sjálfur, áður en hann léti af völdum, manni, sem ekki væri fyrirfram víst um, að ekkert gagn gæti gert í starfinu.

Jakob Möller hlaut embættið, en íhaldsmenn brugðust reiðir við og þóttust illa sviknir, er þeir gátu ekki veitt embættið sjálfir. Deildu þeir fast á hinn

nýja eftirlitsmann í blöðunum og töldu rétt að leggja embættið niður. Kvaðst Jakob Möller mundu sætta sig við það og ekki krefjast skaðabóta.

Eftirlitsmaðurinn tók á móti launum sínum, en mun brátt hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að embættið væri eiginlega óþarft og ekkert þar að gera. Hann virðist hafa frá byrjun leitt hjá sér að athuga bankana og útibú þeirra, en fyrstu árin mun hann hafa skoðað einstaka sparisjóði, en þó engar skýrslur gefið þinginu eða almenningi um störf sín. Eina verulega „starfskýrslan", sem eftirlitsmaðurinn mun hafa birt almenningi, er yfirlýsing hans á þingi 1930, eftir að Íslandsbanki hafði stöðvað greiðslur og var margfaldlega gjaldþrota, eins og síðar hefir sannazt. En þá var eftirlitsmaðurinn prýðilega ánægður með hag stofnunarinnar.

Loks kom þar, að Landsbankinn og Útvegsbankinn létu fjármálastjórnina vita, að þeir vildu ekki borga eftirlitsmanninum laun, og munu hafa rökstutt þá skoðun með því, að embættið hefði enga raunverulega þýðingu fyrir bankana, en allverulegan kostnað í för með sér. Mun það nú almennt viðurkennt, að embættið sé gersamlega þýðingarlaust, en hinsvegar meðal hinna dýrustu, sem þjóðin þarf að borga. Er þess vegna lagt til, að embættið sé lagt niður þegar í stað. Bankarnir sjálfir eru nú hver um sig háðir miklu eftirliti, enda reynslan sýnt, að eftirlitsmaðurinn telur sig ekki eiga þangað erindi. Hinsvegar er nauðsynlegt, að allir sparisjóðir landsins séu endurskoðaðir einu sinni á ári og opinber skýrsla gefin um. Þykir langeðlilegast, að þetta starf sé falið þjóðbankanum, enda getur hann látið starfsmenn sína við útibúin og aðalbankann framkvæma þetta eftirlit með litlum kostnaði.

Breyting sú, sem hér er farið fram á, myndi spara landinu 12—13 þús. kr. árlega, og eftirlitið með sparisjóðunum auk þess verða viðunanlega sterkt, í stað þess að það er nú ekki neitt, nema að því leyti sem sparisjóðirnir framkvæma það sjálfir.

Nd. 43. Frumvarp

til laga um læknishéraðasjóði.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Sé læknishérað læknislaust, svo að eigi komi til greiðslu á embættislaunum, eða hluta þeirra, til þjónandi læknis í því héraði, skulu launin eða launahlutinn með dýrtíðaruppbót renna í sérstakan sjóð, er verður eign hlutaðeigandi héraðs. Við ákvörðun þessarar upphæðar skal jafnan miða við byrjunarlaun eins og þau eru ákveðin í lögum um laun embættismanna.

Í sama sjóð og á sama hátt skulu og renna laun yfirsetukvenna þeirra umdæma, er auð kunna að standa innan læknishéraðsins, hvort sem þau laun eiga að greiðast af bæjarsjóðum eða ríkissjóði og sýslusjóðum.

Nú kemur ekki til útborgunar allt það fé, sem áætlað er í fjárlögum sem læknisvitjanastyrkur handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, og rennur þá það, sem afgangs verður af áætluðu fé til hvers héraðs, í sjóð þess.

2. gr.

Sjóðir þeir, sem stofnaðir eru samkvæmt 1. gr., nefnast læknishéraðasjóðir. Skulu þeir vera í vörzlu og undir umsjá ráðherra, sem sér um, að fé þeirra sé jafnan handbært og ávaxtað á tryggum stað.

3. gr.

Fé læknishéraðasjóða skal varið til þess að tryggja eftir föngum, að héruðin séu sem sjaldnast læknislaus og yfirsetukvennalaus, svo sem með því að leggja það til læknisbústaða, uppbótar á launum yfirsetukvenna eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héruðin eftirsóknarverðari fyrir lækna og yfirsetukonur eða horfi til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins.

4. gr.

Landlæknir gerir, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi héraðsbúa, tillögur um fjárveitingar úr læknishéraðasjóðum, en ráðherra tekur ákvarðanir um þær.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á þremur síðustu þingum, og vísast til fyrri greinargerða. Frv. er óbreytt að efni til frá því sem það var flutt á síðasta þingi.

Nd. 44. Frumvarp

til hjúkrunarkvennalaga.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur hafa þær konur einar hér á landi, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í hjúkrunarkvennaskóla Íslands í Reykjavík og að loknu prófi þar eru taldar hæfar til hjúkrunarkvennastarfa.

Ráðherra getur og veitt öðrum konum leyfi til að kalla sig hjúkrunarkonur, ef þær hafa lokið að minnsta kosti jafngildu námi og eru að öðru leyti hæfar til hjúkrunarkvennastarfa, að dómi aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis.

2. gr.

Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkonur samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarkvennastarfa við sjúkrahús, sjúkraskýli, elliheimili, barnahæli og aðrar tilsvarandi heilbrigðisstofnanir, að skólum sem skólahjúkrunarkonur né til þess að starfa að almennum hjúkrunarkvennastörfum á vegum sveitarfélaga, sjúkrasamlaga eða sérstakra hjúkrunar- eða líknarfélaga.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Ef hjúkrunarkona gerir sig seka um einhverja óhæfu í störfum sínum eða hagar sér þannig, að hjúkrunarkonu sé sérstaklega ósamboðið, að dómi aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis, má ráðherra svipta hana rétti til að kalla sig hjúkrunarkonu, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

4. gr.

Þeim hjúkrunarkonum, sem eru starfandi hér á landi sem sjálfstæðar hjúkrunarkonur á sjúkrahúsum eða annarsstaðar, þegar lög þessi ganga í gildi, má ráðherra með ráði aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis veita rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur áfram og til að njóta meðfylgjandi réttinda, þó að þær uppfylli ekki skilyrði 1. gr., enda leiti þær eftir því innan árs.

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og varða brotin sektum, 50—500 kr. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Greinargerð.

Hjúkrunarkonur leggja á sig langt og erfitt nám til að búa sig undir störf sín. Með stofnun hjúkrunarkvennaskólans er fengið ríkiseftirlit með því, að hæfar konur veljist til þessara þýðingarmiklu starfa og verði vel undir þau búnar.

Mælir öll sanngirni með því, að valdar, fulllærðar hjúkrunarkonur njóti hér á eftir nokkurrar réttarverndar, a. m. k. í áttina við það, sem ljósmæðrum er ætlað að njóta, og gengur frv. þetta ekki lengra. Jafnframt er til þess ætlazt, að hjúkrunarkonur séu háðar svipuðum viðurlögum og ljósmæður, ef þær brjóta af sér í störfum sínum.

Erlendis er víða gerður mikill munur á „ríkisviðurkenndum“ hjúkrunarkonum og öðrum konum, sem fást við hjúkrunarkvennastörf og minni trygging þykir fyrir, að séu sæmilega lærðar. Á þetta sér einkum stað í þeim löndum, er íslenzkar hjúkrunarkonur hafa samband við og leita til sér til framhaldsmenntunar. Telja íslenzkar hjúkrunarkonur sig einkum munu hafa mjög mikið gagn af lagaákvæðum eins og þeim, sem hér er farið fram á, er þær leita framhaldsnáms erlendis, og er félag þeirra að öllu leyti samþykkt frumvarpinu.

Nd. **45. Nefndarálit**

um frumvarp til ljósmæðralaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og borið það saman við hin eldri lög og ákvæði um þessi efni, sem vísað er til í 13. gr. frumvarpsins.

Að undanskildum nokkrum breytingum á orðalagi og skipun efnis er hér eigi um aðrar breytingar að ræða en þær, er getur í greinargerð frumvarpsins og virðast vera til bóta, ef lögfestar yrðu.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. febrúar 1933.

Bergur Jónsson, form. Sveinbjörn Högnason, frsm. Guðbr. Ísberg, fundaskrifari.

Steingr. Steinþórsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. **46. Frumvarp**

til framfærslulaga.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

I. KAFLI.

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar, og honum haga svo sem hún telur rétt vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Framfærslustyrk skal endurgjalda eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af framfærsluþurfa sjálfum eða framfærslumanni (2.—19. gr.).

Sá, er framfærslustyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnaðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni, og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega ekki foreldrar verða framfærsluþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

7. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér eða ráða verustað þess.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

8. gr.

Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum, að því leyti sem lög þessi ná ekki til.

9. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast af ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

10. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eða og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstökum háska er bundinn, eða af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

11. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs eða húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sérstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sérstakt sjúkrafæði — í allt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kennt, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í allt að 3 mánuði þrítugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann og ekki yfir 5 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjúi er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir læknisráði, hvort heldur í sjúkrahús eða annað, enda sé hvorki því né húsbónda þess um leguna að kenna.

12. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið þegar er hjúið verður sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slíkum skilmála, eða af því, að svo hefir verið um samið eftir að það varð sjúkt, þá losast húsbóndinn eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eftir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu né framfærslumanni þess.

13. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sé á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, né öðrum, ef sýkin er sóttnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu, og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

14. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir ekki efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greftrun þess, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

15. gr.

Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir siglingalögum.

Framfærslumaður skipverja eða framfærslusveit eiga sömu framfærslukröfu á hendur útgerðarmanni og skipverji, ef hann neytir ekki réttar síns.

16. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eftir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sé sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eftir að nemandi varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið um samið, að náminu skuli hætta, ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart sveitarsjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 9., 10. og 13. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 10. gr. og ofangreind fyrirmæli um rétt lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sé eigi til heimilis hjá lærimeistaranum.

17. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með framfærsluþurfa sinn eða ómaga, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærslu framfærsluþurfans eða ómagans, gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin álítur, að hann sé fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð yfirvalds, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnumálaráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né heldur um framfærslu þá, er getur um í 9.—16. gr.

18. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (8. gr.).

19. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (18. gr.) löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (27. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnsómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks, eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. KAFLI.

Um framfærslurétt.

20. gr.

Ríkið allt er sameiginlegt framfærslufélag, og á hver sá, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, framfærslurétt í dvalarsveit sinni.

21. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hér á landi, eiga sama framfærslurétt sem íslenzkir ríkisborgarar meðan þeir dvelja hér.

Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurétt hér á landi, þegar þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

22. gr.

Maður, sem hefir öðlazt framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra réttinda, sem bundin eru við ríkisborgararétt. En öðlist hann aftur ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann kýs að dvelja í.

Nú verður maður, sem eigi á heimtingu á framfærslurétti hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í dvalarsveit hans.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslenzks ríkisborgara, og ráðherra álítur, að ekki verði komizt hjá því að veita manni þeim viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kýs.

III. KAFLI.

Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

23. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé, svo sem verða má, hvorstveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar þurfalingsins.

24. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

25. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim á heimili þeirra, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara í sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða atvinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og ráðherra hefir sett reglur fyrir.

26. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækrastjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf fátækrastjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin eða þar fari illa um þau.

Engu síður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

Ekki má fátækrastjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

27. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og hæfilega fræðslu og venjast algengri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talin framfærslustyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

28. gr.

Sóknarprestar og kennarar skulu líta eftir því, að fyrirmælum í 26. og 27. gr. sé fylgt, og yfir höfuð, að vel sé farið með börn þau, er ræðir um, svo og alla aðra framfærsluþurfa í sóknum þeirra, sem og börn framfærsluþurfa, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti eða kennara þykir einhversstaðar vera misbrestur á þessu, og geta eigi með umvöndun komið lögun á það, ber þeim að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

29. gr.

Fátækrastjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir umsjá hennar, séu þannig uppalin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau eru af ómagaaldri.

30. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita styrks vegna þess að að þeim þrengir um stund, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn visa á atvinnu, ef fæst; en ella, ef þess er kostur, útvega styrkþega vinnu við framkvæmdir hjá bæjar- eða

sveitarfélagi. Kaupgjald við slíka vinnu skal eigi vera lægra en kauptaxti verklýðsfélaga segir fyrir um.

IV. KAFLI.

Um endurgreiðslu framfærslustyrks.

31. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er afturkræfur eftir þessum lögum.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldri, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

32. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefjast nokkurs endurgjalds á styrk, veittum af sveitarfé til að greiða:

a. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum undir 14 ára aldri, og
b. Greftrunarkostnað þurfamanna, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.

33. gr.

Skylt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á innan 3 mánaða, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnt vegna ástæðna þiggjanda. Áður veittan styrk er sveitarstjórn heimilt að gefa eftir hvenær sem er.

Styrkur, sem veittur er styrkþega, sem er fullra 60 ára að aldri, telst ekki sem framfærslustyrkur.

Styrkur, sem veittur er vegna ómegðar þiggjanda, og styrkþegi á minnst 4 heimilisföst börn framfærsluskyld, ef karlmaður á í hlut, en minnst 2 börn, ef kona á í hlut, telst ekki sem framfærslustyrkur.

Styrkur, sem veittur er vegna slysa eða heilsuleysis þiggjanda, og styrkþegi sannar með vottorði læknis, að hann hafi þess vegna verið ófær til vinnu minnst 3 mánuði í senn, telst ekki sem framfærslustyrkur.

34. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau voru þá í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir skylduómaga.

35. gr.

Þegar þeginn framfærslustyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar og styrkþegi hafa skrifað undir innfærsluna, að hún sé rétt tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðzt lögtaks á skuldum eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

36. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

37. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir framfærslustyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða gefinn eftir, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðunum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn sé endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

38. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara í viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem greidd er með venjulegu kaupgjaldi, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangavið-

urværi og við skylduvinnu, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

39. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

40. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt.

41. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

V. KAFLI.

Um styrkveitingar og niðurjöfnun fátækrakostnaðar.

42. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit.

43. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en 1. marz næsta ár, sendir sveitarstjórn til atvinnumálaráðuneytisins yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem hún hefir haft á árinu, sannað með nægum skilríkjum. Atvinnumálaráðuneyt-

ið jafnar síðan niður samanlögðum fátækrakostnaði allra sveita landsins á hverja sveit, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni, í samanburði við samanlagt skattmat allra fasteigna í landinu, að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni, í samanburði við samanlagðar tilsvarandi fjárhæðir á öllu landinu. Atvinnumálaráðuneytið innheimtir síðan eftirstöðvar fátækrakostnaðar hjá þeim sveitum, sem greitt hafa minna en þeim ber samkv. þessari niðurjöfnun, og endurgreiðir þeim sveitum mismuninn, sem hafa greitt of mikið. Skal þeim innheimtum og endurgreiðslum lokið fyrir 1. júlí vegna undanfarandi árs.

Í yfirliti yfir framfærslukostnað er sveitarstjórn heimilt að telja með fátækrakostnaði fé það, sem varið hefir verið til atvinnubóta í bæjar- eða sveitarfélaginu, svo og styrki til sjúkrasamlaga og til annarar tryggingarstarfsemi, sem ætla má að létti beinan framfærslukostnað.

Atvinnumálaráðuneytið hefir úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslustyrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Við niðurjöfnun fátækrakostnaðar skal fara eftir gildandi fasteignamati og tekju- og eignarframtali ársins á undan.

44. gr.

Áður en styrkþurfa sé veittur framfærslustyrkur, skal — nema styrksþörfin sé svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unnt er — sveitarstjórn í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra styrkþurfa með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað og aldur styrkþurfa. Sé hann giftur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gifzt.
2. Ætterni hans eftir 16 ára aldur.
3. Hvort og hvenær hann hafi þegið framfærslustyrk, og hvort styrkurinn sé endurgoldinn.
4. Heimilisástæður hans og hag yfirleitt og hvers vegna hann sé þurfandi orðinn.

Sé skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rétti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er ráðherra semur, gefin undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og styrkþurfa sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrsluna eftir beztu vitund, og sé skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, sem hentast er.

Ef barn yngra en 16 ára þarfnast styrks og hvorugt foreldra er innansveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helzt mega af vita.

45. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim.

Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðilja varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af framfærslu milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslenzks og dansks ráðherra.

VI. KAFLI.

Sérstakur styrkur úr ríkissjóði.

46. gr.

Ef framfærsluþurfi fer eftir læknisráði í sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, þá greiðir dvalarsveit hans ⅔ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfélagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur hjá styrkþega.

47. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur erlendis, og er þá skylt að endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess styrkþurfa og skylduliðs hans frá útlöndum, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin fátækralög, nr. 43 1927, og l. um breyting á sömu l., nr. 68 23. júní 1932, svo og önnur þau ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Greinargerð.

Frumv. hefir áður verið borið fram, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp. það til framfærslulaga, sem hér er fram borið, er að mestu gagngerð breyting á núgildandi fátækralögum, og þykir hlýða að gera hér grein fyrir nokkrum helztu atriðum þess.

I. kafli þessa frv. (1.—19. gr.) er í öllum aðalatriðum óbreyttur eins og hann er í núgildandi lögum. Breytt er að vísu um orðalag, t. d. er orðið „sveitarstyrkur“ eigi notað, heldur „framfærslustyrkur“, og er það meira í samræmi við efnisbreytingar þær, sem gerðar eru á lögunum.

Aðalbreytingin kemur fyrst fram í II. kafla frv. (20.—22. gr.). Eftir því er ríkið allt eitt sameiginlegt framfærslufélag, og á þá hver maður framfærslu í dvalarsveit sinni. Er þar með komið í veg fyrir allt þref og þjark milli sveitarstjórna út af styrkveitingum veittum úr sveitarsjóði og út af sveitfestinni. Sömuleiðis falla þá úr lögum hinn leiði fátækraflutningur og hinir miklu hrakningar, sem fátækt fólk hefir þolað þess vegna fyrr og síðar. Eftir frv. á hver maður rétt á framfærslustyrk hjá sveitarfélagi því, er hann dvelur (þ. e. er búsettur) í, án tillits til þess, hvar hann er fæddur, eða þótt hann hafi dvalið lengur annarsstaðar. Þá hættir og þar með „að vinna sér sveit“, sem svo er kallað, og oft hefir verið fátæklingum kvíðaefni og valdið sveitarstjórnum oft miklum heilabrotum og áhyggjum, hvernig þær ættu að losna við févana ómagafólk, áður en sveitfestistíminn væri útrunninn.

III. kafli (23.—30.), um styrkveitingar, er að miklu óbreyttur frá núgildandi lögum. Þó er það nýtt, að kennarar hafi ásamt sóknarprestum eftirlit með því, að vel sé farið með börn í umdæmi þeirra eða sókn, er fá uppeldisstyrk frá sveitarfélagi eða er ráðstafað af fátækrastjórn. Einnig skulu þeir líta eftir því, að öðrum, er framfærslustyrks njóta og ráðstafað er af sveitarstjórn, líði vel, og vanda um, ef misbrestur verður á.

Þá er og lögð áherzla á, að vinnandi mönnum, er þrengir að um stund (30. gr.), sé útveguð vinna við framkvæmdir hjá bæjar- eða sveitarfélagi. Öll bæjar- og sveitarfélög hér á landi eiga mörg og nauðsynleg verk ógunnin, og er sjálfsagt að veita fullvinnandi mönnum atvinnu við þau, frekar en að greiða framfærslustyrk úr sveitarsjóði og fá ekkert í aðra hönd.

Eftir IV. kafla (31.—41. gr.) er sá, er þiggur framfærslustyrk, skyldur að endurgreiða sveitarfélagi (dvalarsveit) þeginn styrk, svo sem verið hefir. Í núgildandi lögum er styrkur, veittur sextugu fólki eða eldra, eigi talinn sveitarstyrkur (framfærslustyrkur) og varðar eigi réttindamissi. Er þetta rýmkað verulega í frv. og látið ná til þeirra, er þurfa að þiggja styrk vegna ómegðar, slysa eða heilsuleysis. Þá er og sveitarstjórn heimilt að gefa eftir áður veittan framfærslustyrk (sveitarstyrk) hvenær sem er (33. gr.).

Greinar frv. í V. kafla eru um styrkveitingar og niðurjöfnun fátækrakostnaðar. Í 42. gr. er svo ákveðið, að þarfnist maður framfærslustyrks, þá skuli hann veittur af dvalarsveit. En dvalarsveit verður að teljast sú sveit, þar sem maður er búsettur eða heimilisfastur, því vitanlega kæmi ekki til mála, að maður, sem t. d. væri á ferðalagi, gæti fengið framfærslustyrk hjá sveitar- eða bæjarfélagi, er hann er staddur í í þann og þann svipinn.

43. gr. ræðir um niðurjöfnun fátækrakostnaðar. Atvinnumálaráðuneytið jafnar þessum kostnaði niður, eftir reglum þeim, er settar eru í greininni. Er í

niðurjöfnun miðað við tvennt, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni, í samanburði við skattmat allra fasteigna í landinu, og að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni, einnig í samanburði við tilsvarandi fjárhæðir á öllu landinu. Til mála gæti komið að taka hér fleira til greina, svo sem framlög og útgjöld til sameiginlegra félagsmála sveitar, minnka þörfina fyrir framfærslustyrk; taka mætti og til greina kostnað við framkvæmdir sveitarfélags, sem gerðar eru í atvinnubótaskyni, til að forða mönnum frá því að þurfa að þiggja framfærslustyrk.

Rétt þykir, að atvinnumálaráðuneytið úrskurði reikninga yfir veittan framfærslustyrk, bæði einstaka reikninga yfir veittan styrk, svo og heildarreikninga yfir fátækrakostnað sveitarfélags.

Hér er ákveðið, að yfirlit yfir framfærslukostnað sveitarfélags verði sent atvinnumálaráðuneytinu ekki síðar en 1. marz árið eftir, og niðurjöfnun fátækrakostnaðar og innheimtum verði lokið fyrir 1. júlí.

Má sjálfsagt um það deila, hvort hér eru settir nægilega langir frestir, en eigi má niðurjöfnun dragast mikið lengur en hér er ákveðið.

Með þeirri jöfnun á fátækrakostnaði, sem hér er gerð, bera vel stæð hreppsfélög, ef þau hafa lítinn framfærslukostnað, nokkuð af fátækrabyrði hinna fátækari hreppsfélaga, og verður það að teljast réttlátt.

Í 44. gr. er því haldið, að miklu óbreytt, að taka skýrslu af framfærsluþurfa; getur slík skýrsla fylgt yfirlitinu yfir fátækrakostnað til stjórnarráðsins.

Þótt allt það þref og þras, er nú stendur milli fátækrastjórna um sveitfesti styrkþurfa og fátækraflutninga, hverfi, ef frv. verður samþykkt, þá þykir þó varlegra að halda því ákvæði, að yfirvald, og síðan ráðherra, ef máli er til hans skotið, skeri úr ágreiningi, er upp kann að koma milli sveitarfélaga um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt þessum lögum (45. gr.).

VI. kafli (46.—49. gr.) ræðir um styrk úr ríkissjóði; þar er gerð sú aðalbreyting, að framfærslustyrkur, sem veittur er erlendis og nú er greiddur af framfærslusveit, skuli greiðast úr ríkissjóði.

Flutningsmönnum er það ljóst, að mikill vandi er að gera gagngerðar breytingar á fátækralöggjöfinni, svo að hvergi verði snurða á framkvæmd eftir lögunum, þá er þau verða tekin til eftirbreytni. Er og margt, er betur sést síðar, þá er menn hafa notað lög um stund, er eigi varð komið auga á við samning þeirra. Sjálfsagt má og finna einhverja galla á frumvarpi þessu, en varla ættu þeir að vera meiri en svo, að vel mætti laga þá í þingnefnd, ef með alúð væri að því unnið".

Sú viðbót hefir verið felld inn í 43. gr., að sveitarfélagi sé heimilt að telja með fátækrakostnaði fé það, sem greitt hefir verið til atvinnubóta, og styrkveitingar til tryggingarstarfsemi.

Nd. 47. Breytingartillögur

við frv. til ljósmæðralaga.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. Fyrri málsgr. 10. gr. skal orða svo:
   Brot gegn lögum þessum og ljósmæðrareglugerðinni varða sektum, 50—500 kr., nema þyngri hegning liggi við brotinu að lögum.
2. Aftan við sömu grein bætist:
   Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. 48. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Halldóri Steinssyni.

Við 1. gr. B.
Á eftir 8. lið komi 2 nýir liðir:

a. Eyrarsveitarvegur, frá Kerlingarskarði um Eyrarsveit að Búlandshöfða.
b. Skógarstrandarvegur, frá Skildi í Helgafellssveit á Vesturlandsveg í Miðdölum.

Ed. 49. Frumvarp

til laga um kaup á skuldum.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Þegar einstakur maður eða félag kaupir skuld eða skuldir til innheimtu, þannig að innheimtan snertir fleiri menn sameiginlega, skal hinn nýi skuldareigandi jafna innheimtuupphæðinni á alla skuldunautana eftir kaupverðinu, en í hlutfalli við nafnverð skuldanna. Síðan er skuldareiganda heimilt að innheimta hjá hverjum einstökum skuldunaut hans hlut af hinu nýfundna sannvirði skuldarinnar, að viðbættum 10% af þeirri upphæð fyrir áhættu við innheimtuna.

2. gr.

Nú gerir einhver skuldareigandi tilraun til að innheimta meira en honum ber samkvæmt fyrirmælum 1. gr. hjá skuldunaut, og skal skuldareigandi þá greiða þeim hrepps- eða bæjarsjóði, þar sem skuldunautur á heima, tífalda þá upphæð í sekt, er hann hefir ranglega ætlað að hafa af skuldunaut.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefir það orðið einskonar atvinnuvegur hjá nokkrum svokölluðum fésýslumönnum að kaupa fyrir lágt verð útistandandi skuldir atvinnufélaga eða verzlana, sem lent hafa í greiðsluþroti, og innheimta síðan, oft með mikilli hörku og ósanngirni, frumupphæð einstaklingsskuldanna hjá þeim, sem helzt er hægt að reyta af einhverjar fjaðrir. Hafa sumir þessir innheimtumenn rakað saman miklum fjármunum á þennan hátt, en um leið leitt hörmung og eyðilegging yfir fjölmörg heimili í landinu.

Á erfiðum tímum, eins og þeim, sem nú standa yfir, er sérstaklega mikil hætta á, að þessi rányrkja taki að blómgast, og hefir aldrei verið meiri þörf á en nú að vernda almenning fyrir þeirri hættu, er af henni stafar, og er að því stefnt með þessu frv.

Þegar um er að ræða innheimtu slíkra félagsskulda, sem hér um ræðir, væri eðlilegast, að hrepps- eða bæjarfélagið keypti skuldina með hæfilega niðursettu verði og innheimti hana sjálft, eða þá að skuldunautar sjálfir nytu hagnaðarins af niðursettu verði skuldanna. En þar sem þess er ekki kostur, þykir rétt, að löggjöfin taki í taumana til að vernda einstaklingana frá hinu rangláta fjártjóni, sem þeim er nú bakað með því að einstakir skuldunautar eru látnir greiða nafnverð sinna skulda, en ekki hlutfallslegt verð eftir kaupverðinu. En til að bæta hlut skuldheimtumanna nokkuð, meðan sú venja helzt að krefja inn skuldir á þennan hátt, er hér lagt til, að skuldareigandi megi bæta 10% af sannvirði einstaklingsskuldarinnar við fyrir ómaki og áhættu við þær skuldir, sem ekki greiðast.

Nd. 50. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 84, 6. júlí 1932 (Bifreiðaskattur o. fl.).

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumv. þetta verði samþ., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur við það. Einn nefndarmanna (ÓTh) var veikur þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 23. febr. 1933.

H. Stefánsson, form.	Bernh. Stefánsson, frsm.	Hannes Jónsson.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.

Nd. 51. Nefndarálit

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 50, 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Lög um útflutning hrossa frá 1932 banna algerlega útflutning á tímabilinu 15. okt. til 1. marz, en frá 1. marz til 1. júní má því aðeins flytja hross til útlanda, að leyfi atvinnumálaráðherra komi til í hvert skipti. Frumv. það, sem hér liggur fyrir, heimilar ráðherra að veita útflutningsleyfi allt tímabilið frá 15. okt. til 1. júní.

Nefndin fellst á rök þau, sem færð eru fyrir því, að bráðabirgðalögin frá 21. okt. síðastl. voru sett, og mælir með því, að deildin samþykki frumv. eins og það liggur fyrir.

Nefndin vill þó taka fram, og leggur áherzlu þar á, að heimild þessi sé því aðeins notuð, að hross þau, er send skulu á erlendan markað, séu í góðum holdum og vel útlítandi að öllu leyti, og tryggt sé, að aðbúnaður allur um borð á skipunum sé svo góður, að þolanlega geti um hrossin farið, þótt slæmt sé í sjó, eins og ávallt má búast við á þessum tíma árs.

Alþingi, 23. febr. 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form. Steingr. Steinþórsson, fundaskrifari, frsm. Lárus Helgason.

Guðbr. Ísberg. Pétur Ottesen.

Ed. 52. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Landið skal vera eitt kjördæmi. Á Alþingi eiga sæti 42 þjóðkjörnir alþingismenn, kosnir hlutbundnum kosningum. Skal Alþingi svo skipað, að hver þingflokkur hafi þingsæti í samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er frambjóðendum flokksins samtals við almennar kosningar.

Kjósa skal varaþingmenn á sama hátt og samtímis og þingmenn eru kosnir. Ef þingmaður deyr eða fer frá á kjörtímanum, tekur varaþingmaður sæti hans, það sem eftir er kjörtímans. Sama er og, ef þingmaður forfallast, svo að hann getur ekki setið á einhverju þingi, eða það sem eftir er af því þingi.

Tölu alþingismanna má breyta með lögum.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Allir alþingismenn sitja í einni málstofu.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar fellur niður.

4. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðasta árið áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgr. 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., verði þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á við alþingiskosningar.

6. gr.

34. gr. stjórnarskrárinnar fellur niður.

7. gr.

35. gr. stjórnarskrárinnar, er verður 33. gr., verði þannig:

Alþingi getur skipað nefndir mönnum innan eða utan þings, til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Alþingi getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

8. gr.

Síðari málsgr. 38. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 36. gr., fellur niður.

9. gr.

Orðið „Sameinað“ í upphafi 39. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 37. gr., fellur niður.

10. gr.

Við 40. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 38. gr.:

Orðin „í hvorri þingdeild“ falla niður.

11. gr.

41. gr. stjórnarskrárinnar fellur niður.

12. gr.

Við 45. gr. stjórnarskrárinnar, er verður 42. gr.

Fyrri málsgr.: Orðin „án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í“ falli niður.

Síðari málsgr.: Orðin „nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi“ falli niður.

13. gr.

48. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 45. gr., verður svo:

Alþingi kýs forseta, og skal tala þeirra ákveðin í þingsköpum.

14. gr.

49. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 46. gr., verður þannig:

Alþingi getur því aðeins gert samþykkt um mál, að meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

15. gr.

50. gr. stjórnarskrárinnar, er verður 47. gr., verði þannig:

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál á Alþingi, ef það leyfir, og beiðast um það skýrslu ráðherra.

16. gr.

51. gr. stjórnarskrárinnar, er verður 48. gr., verði þannig:

Alþingi má ekki taka við neinu málefni, nema einhver alþingismaður flytji það.

17. gr.

52. gr. stjórnarskrárinnar, er verður 49. gr., verði þannig:

Nú þykir Alþingi ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur það þá vísað því til ráðherra.

18. gr.

1. málsl. 53. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 50. gr., skal orða svo:

Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði.

19. gr.

54. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 51. gr., verður þannig:

Þingsköp Alþingis skulu sett með lögum.

20. gr.

1. málsgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, er verður 73. gr., verður þannig:

Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki Alþingis, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta og nái hún staðfestingu konungs, hefir hún öðlazt gildi sem stjórnarskipunarlög.

21. gr.

77. gr. stjórnarskrárinnar, er verður 74. gr., verði þannig:

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. maí 1934. Þegar stjórnarskipunarlög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra inn í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands frá 18. maí 1920, og getur konungur þá gefið þá stjórnarskrá út, þannig breytta, sem stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

22. gr.

2. og 3. tölul. ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli niður, en í stað þeirra komi nýr 2. tölul., svo hljóðandi: Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

1.—6. gr. þessa frv. til stjórnarskipunarlaga er efnislega samhljóða þeim breytingartillögum, er þingmenn Alþýðuflokksins fluttu á síðasta Alþingi við stjórnarskrárfrv. það, er þá lá fyrir. Voru þessar breytingar allar ræddar þá ýtarlega og einnig gerð grein fyrir þeim í nefndaráliti fulltrúa Alþýðuflokksins í milliþinganefndinni í kjördæmaskipunarmálinu. Þykir flm. mega vísa til þess um rökstuðning.

Hinar aðrar greinir frv., að undanteknum niðurlagsákvæðunum, fjalla um þá breytingu á stjórnarskránni, er Alþýðuflokkurinn hefir áður borið fram á þingi (1927) og einnig var hreyft í umræðum í fyrra, að allir alþingismenn skuli sitja í einni málstofu.

Þegar hin sérstaka kosning alþingismanna til efri deildar er niður felld, þá er og niður fallin aðalástæðan fyrir deildaskiptingunni, en eftir frv. á að kjósa alla alþingismenn samtímis, eftir sömu reglum og með jöfnum atkvæðisrétti allra landsmanna, er náð hafa því aldursmarki, er frv. tiltekur, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum þeim, er þar eru sett fyrir kosningarrétti til Alþingis.

Það, sem mælir með því, að alþingismenn sitji allir í einni málstofu, er fljótari afgreiðsla mála. Munu finnast þess mörg dæmi, að deildaskiptingin hafi tafið árum saman framgang nytsamra málefna. Íhaldssömum þingmönnum gefst með því tvöfalt tækifæri til að sitja á málum í nefndum, hrekja þau á milli deilda með meiri eða minni breytingum, og hefir tilviljun ein svo oft ráðið því, hvað ofan á varð að lokum.

Í einni málstofu geta þingmenn hvorki skotið sér undir það, að mál verði betur athugað í hinni deildinni né treyst því, að það verði tafið þar eða fellt. Afstaða alþingismanna til allra mála verður því hreinni og þau því betur athuguð.

En það, sem er mest um vert, er þó það, að bak við öll þau lög, er þingið samþykkir, eða ályktanir þess, stendur meiri hluti kjósenda í landinu, svo að löggjöf sú, er þannig er sett, er rétt mynd af vilja meiri hluta þjóðarinnar.

Flutningsmanni er raunar kunnugt um, að sumir alþingismenn telja deildaskiptingu nokkra tryggingu fyrir betri íhugun þingmála, en þetta má tryggja

bæði með því að fjölga umræðum eða láta mál ganga til fleiri en einnar nefndar til athugunar.

Frumvarpið eins og það er borið fram fjallar aðeins um kosningafyrirkomulagið og afnám deildaskiptingarinnar. En það eru þó fleiri atriði í stjórnarskránni, er flutningsmaður telur þörf á að breyta, þótt ekki sé það nú tekið upp í frv. við flutning þess. Í frumv. er tölu alþingismanna haldið þeirri sömu sem nú er, með því að það þótti vænlegra til framgangs, en flm. telur þó auðvelt að lækka tölu þingmanna að mun, og getur það orðið samkomulagsatriði í nefnd.

Frekari grein fyrir frv. verður gerð í framsögu.

Nd. 53. Frumvarp

til ljósmæðralaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Rétt til að kalla sig ljósmæður eða yfirsetukonur og stunda ljósmæðrastörf hér á landi hafa þær konur einar, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í Ljósmæðraskóla Íslands í Reykjavík og að loknu prófi þar eru taldar til þess hæfar.

Ráðherra getur og veitt öðrum konum leyfi til að kalla sig ljósmæður og stunda ljósmæðrastörf, ef þær hafa lokið að minnsta kosti jafngildu námi og eru að öðru leyti til þess hæfar að dómi aðalkennara Ljósmæðraskólans og landlæknis.

2. gr.

Hverri sýslu landsins skal skipta í ljósmæðraumdæmi, og gerir sýslunefnd það með samþykki ráðherra. Skipa skal eina ljósmóður til að gegna hverju umdæmi, og hefir hún þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa. Um stundarsakir má þó, ef nauðsyn krefur og með ráði héraðslæknis fela skipaðri ljósmóður að gegna nágrannaumdæmum ásamt sínu umdæmi.

Í hverjum kaupstað skal vera skipuð ljósmóðir, ein eða fleiri. Því ræður bæjarstjórn, hversu margar þær eru.

3. gr.

Sýslumaður skipar ljósmóður í umdæmi eftir tillögum sýslunefndar og fær þeim veitingarbréf, en í kaupstöðum bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), eftir tillögum bæjarstjórnar.

Ekki má skipa ljósmæður í kaupstaðarumdæmi, nema þær hafi að loknu tilskildu námi verið að minnsta kosti eitt ár aðstoðarljósmæður á fæðingardeild Landsspítalans, eða notið framhaldsmenntunar sem því svarar, að dómi aðalkennara Ljósmæðraskólans og landlæknis.

Jafnan skal leita álits hlutaðeigandi héraðslæknis áður en ljósmóðir er skipuð. Ef héraðslæknir telur hana óhæfa til starfsins, skal fresta skipuninni og skjóta því máli undir fullnaðarúrskurð landlæknis.

4. gr.

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en utan kaupstaða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Í kaupstöðum skulu launin greidd mánaðarlega, en á manntalsþingi utan kaupstaða.

Launin skal miða við manntal umdæmisins við síðustu áramót, þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 300 krónur.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaunin vera 300 krónur að viðbættum 10 krónum fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í kaupstöðum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir 1000 krónur í byrjunarlaun.

Laun allra skipaðra ljósmæðra skulu hækka eftir 5 ár um 50 kr. og eftir önnur 5 ár um 50 kr. Þó mega launin án dýrtíðaruppbótar aldrei fara fram úr 1500 krónum.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það hálf byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin og ákveður landlæknir í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans hver þau skuli vera.

5. gr.

Ef skipuð ljósmóðir slasast, þegar hún er að gegna lögmæltu starfi sínu, svo að hún verður að fá lausn, og er ekki fær um að vinna fyrir sér á annan hátt, þá skal hún, unz skipuðum ljósmæðrum hefir verið tryggður lífeyrir með lögum, eiga kröfu til eftirlauna frá sömu aðiljum, og greiði þeir henni launin í sömu hlutföllum. Sýslunefndir, með samþykki ráðherra, og bæjarstjórnir ákveða upphæð eftirlaunanna. Ef sýslunefndir, með samþykki ráðherra, eða bæjarstjórnir til þess tíma ákveða að greiða ljósmæðrum eftirlaun, eftir að þær hafa látið af störfum sínum sem skipaðar ljósmæður, fyrir elli sakir eða vanheilsu, greiðir ríkissjóður sinn hluta af eftirlaununum til móts við sýslusjóð.

6. gr.

Ljósmóðir, sem ekki er skipuð, en óskar að setjast að í umdæmi sem starfandi ljósmóðir, skal tilkynna það hlutaðeigandi héraðslækni, leggja fyrir hann skilríki sín og sanna honum, að hún hafi nauðsynleg áhöld til jafns við áhöld skipaðra ljósmæðra. Sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) getur með ráði héraðslæknis bannað henni að stunda ljósmóðurstörf í umdæminu, ef hún hefir ekki tilskilin áhöld, eða ef ætla má, að umdæmið verði ofsett ljósmæðrum, ef hún bætist við, svo að hætta geti orðið á, að því haldist ekki á skipaðri ljósmóður. Ef ljósmóður er bannað að stunda ljósmóðurstörf í umdæmi af hinni síðartöldu ástæðu, má hún þó leita úrskurðar bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

7. gr.

Allar starfandi ljósmæður, skipaðar og óskipaðar, eru skyldar til að láta aðstoð sína tafarlaust í té hverri þeirri sængurkonu í umdæminu, er gerir boð eftir þeim.

Nú baga ljósmóður veikindi eða önnur lögleg forföll, og eru þá ljósmæður í næstu umdæmum skyldar að gegna, ef þær mega því við koma án þess að vanrækja sín umdæmi.

Allar ljósmæður, þó óstarfandi séu, eru skyldar til, ef þær eru nærstaddar og ekki næst í skipaða eða starfandi ljósmóður — nema því alvarlegri forföll banni — að veita sængurkonu nauðsynlegustu hjálp, unz til starfandi ljósmóður hefir náðst.

8. gr.

Ljósmæðrum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og hjúkrun sængurkvenna og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal eigi vera minni en 7 krónur fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem ljósmóðir dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 kr. fyrir hverja vitjun í kaupstað, þar sem ljósmóðir býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimtingu á, að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

9. gr.

Landlæknir skal í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans semja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skyldur ljósmæðra og gjöld fyrir aukaverk þau, er þær inna af hendi.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og ljósmæðrareglugerðinni varða sektum, 50—500 kr., nema þyngri hegning liggi við brotinu að lögum. Fyrir ítrekað brot og mikilsháttar (sbr. næstu grein) er rétt að svipta ljósmóður rétti til ljósmæðrastarfa um stundarsakir, og fyrir fullt og allt, ef sakir eru miklar.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) má víkja skipaðri ljósmóður frá starfi sínu, ef hún að dómi héraðslæknis hefir brotið alvarlega af sér sem ljósmóðir, einkum ef hún hefir oftar en einu sinni skorazt undan að vitja sængurkvenna tafarlaust og að forfallalausu, ef hún hefir ljóstað upp trúnaðarmáli, sem hún hefir komizt að sem ljósmóðir, eða ef hún hefir gert sig seka um óafsakanleg afglöp eða óhæfu í ljósmóðurstörfum. Á sama hátt má banna starfandi ljósmóður ljósmóðurstörf í umdæmi fyrir tilsvarandi sakir. Ef um einhverja óhæfu er að ræða að dómi landlæknis og aðalkennara Ljósmæðraskólans, má ráðherra svipta ljósmóður rétti til ljósmóðurstarfa, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

12. gr.

Ákvæði 1. málsgr. 1. greinar ná ekki til þeirra lærðra ljósmæðra, sem rétt hafa til ljósmæðrastarfa hér á landi, þegar lög þessi ganga í gildi, þó að þær hafi ekki lokið námi eins og þar segir.

Ekki má banna starfandi ljósmóður ljósmóðurstörf í umdæmi samkvæmt 6. grein, ef hún hefir starfað þar áður en lögin ganga í gildi, nema hún hafi ekki tilskilin áhöld til ljósmóðurstarfa.

13. gr.

Yfirsetukvennalög, nr. 63 19. maí 1930, og lög nr. 15, 23. júní 1932, eru úr gildi numin.

Nd. 54. Frumvarp

til laga um lögreglustjóra í Bolungavík.

Flutningsm.: Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Hólshrepps, embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Hólshreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda, enda sé hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjóri skal hafa að launum 2000 krónur á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, sem 2. gr. tiltekur, fær hann að auk laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfsvið lögreglustjórans, er starf hans snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Hólshrepps og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aðalástæðan fyrir þessu frumvarpi er í bréfi hreppsnefndarinnar í Hólshreppi, sem prentað er hér á eftir, en auk þessa eru fleiri ástæður, sem ég mun gera grein fyrir við framsögu málsins.

Fylgiskjal.

Bolungavík, 20. jan. 1933.

Á fundi hreppsnefndar Hólshrepps þann 2. jan. 1933 var samþykkt svo hljóðandi tillaga:

„Hreppsnefndin samþykkir að skora á Alþingi að stofna sérstakt lögreglustjóraembætti í Hólshreppi, og með svipuðu fyrirkomulagi og í Ytri-Akraneshreppi".

Í sambandi við þessa tillögu var samþykkt tillaga um að fela oddvita að boða til almenns borgarafundar um málið.

Báðar tillögurnar samþykktar með 6 samhljóða atkv.

Á almennum borgarafundi, sem haldinn var hér þann 17. þ. m. um þetta mál, var samhljóða tillaga samþykkt.

Fyrir því leyfum vér oss hér með að fara fram á, að hið háa Alþingi verði við þessari áskorun og stofni þegar á þessu ári sérstakt lögreglustjóraembætti í Hólshreppi, og sé svo ákveðið, að lögreglustjórinn sé skyldur til að gegna störfum hreppsnefndaroddvita.

Ástæðan til þess, að þetta er fram komið og að oss er nauðsyn á að fá þessu framgengt, er einkum sú, að til vandræða horfir með að fá mann til þess að gegna oddvitastörfum hér í hreppi. Skal í því sambandi bent á, að um áramótin 1931—1932 hvarf þáverandi oddviti frá starfinu, með því að tilkynna flutning á heimilisfangi sínu, en hefir samt sem áður haft búsetu í hreppnum síðan. Leit hreppsnefndin svo á, að slíkur flutningur væri ekki löglegur, og krafðist úrskurðar í málinu. Féll úrskurður á þá leið, að manninn bæri að skoða löglega fluttan. Úrskurði þessum áfrýjaði hreppsnefndin til ráðuneytisins, en með bréfi dags. 22. marz síðastl. gefur ráðuneytið til kynna, að sýslunefndaroddviti hafi fullnaðar úrskurðarvald í slíkum málum, og hefir því úrskurðinum ekki verið hnekkt.

Virðist þetta ætla að endurtaka sig, því með bréfi dags. 6. des. síðastl. til hreppsnefndarinnar biður núverandi oddviti um lausn frá oddvitastörfum, frá síðastl. áramótum að telja. Var á fundi hreppsnefndarinnar sama dag synjað um lausnina. En á fundi nefndarinnar 2. jan. þ. á. las oddviti upp tilkynningu um, að hann sæi sig knúðan til að flytja heimili sitt úr hreppnum, ef nefndin héldi fast við þá ályktun að veita sér ekki lausn frá oddvitastörfum. En á þeim sama fundi kom fram, eins og áður er sagt, tillaga um að fá hér stofnað sérstakt lögreglustjóraembætti, og einkum með tilliti til þess, að það fengist þegar á komandi sumri, hefir það orðið úr, að oddviti héldi störfum áfram fyrst um sinn, eða þar til á næsta sumri.

Eins og sjá má af framansögðu, er ástandið orðið óviðunandi, og má í sjálfu sér líta svo á, að það sé ekki óeðlilegt, þegar þess er gætt, hve umsvifamikil störf hreppsnefndaroddvita í Hólshreppi eru, en hinsvegar ekki fært að greiða svo fyrir þau störf, að hægt sé að lifa af þeim launum einum saman, og er því starfið haft sem aukastarf, og í mörgum tilfellum samfara óhliðstæðum störfum, sem er að mörgu leyti óheppilegt og mjög óþægilegt fyrir hlutaðeiganda.

Af því, sem þegar hefir verið tekið fram, og fleiru, sem fram hefir komið í sambandi við þetta mál á áminnztum hreppsnefndarfundum, lítur út fyrir, að ekki verði unnt að fá hæfan mann til þess að gegna hér oddvitastörfum, með þeim kröfum, sem til hans verður að gera, og þeim launum, sem verið hafa; er oss því brýn nauðsyn á að fá þá breytingu, sem hér er farið fram á.

Treystum vér því, að hið háa Alþingi bregðist vel við máli þessu og stofni með lögum þegar á næsta þingi umbeðið lögreglustjóraembætti í Hólshreppi.

Virðingarfyllst.

Í hreppsnefnd Hólshrepps:

Jóh. Teitsson. Einar Guðfinnsson.
Finnbogi Guðmundsson. Finnbogi Bernódusson.
H. Gunnarsson. H. Kristinsson.

Til
Alþingis, Reykjavík.

Nd. **55. Frumvarp**

til laga um sölu kirkjujarðarinnar Mið-Sámsstaða.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Búnaðarfélagi Íslands kirkjujörðina Mið-Sámsstaði í Fljótshlíðarhreppi innan Rangárvallasýslu fyrir fjögur þúsund krónur, frá fardögum 1933 að telja.

2. gr.

Kaupverðið greiðist eins og venja er, þá er kirkjujarðir eru seldar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd efri deildar Alþingis flutti í fyrra frumvarp sama efnis sem þetta. Var það þá samþ. í efri deild og sent allshn. neðri deildar, en frumvarpið kom aldrei til umræðu í neðri deild.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni dómsmálaráðuneytisins og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Búnaðarfélag Íslands hefir um nokkur ár rekið tilraunastöð á Mið-Sámsstöðum og lagt þar mikið í kostnað. Þykir því sjálfsagt að verða við tilmælum félagsins um að fá jörðina til eignar. Til skýringar er eftirfarandi bréfkafli frá félaginu:

„Aðalverkefni tilraunastöðvarinnar skyldi vera grasfræræktaf af innlendum stofni, og auk þess kornræktartilraunir, og þær hafa fram að þessu verið aðalviðfangsefni stöðvarinnar, meðan verið er að undirbúa landið til grasfræræktar, og hafa borið góðan árangur.

Tún jarðarinnar var ekki --- og gat ekki verið — fallið til þeirrar tilraunastarfsemi, sem framundan var. Varð því að taka nýtt land til ræktunar, og eru það um 10 ha., sem nú er búið að brjóta og taka í þjónustu tilraunastarfseminnar.

Bæjarhús voru hrörleg og voru þau endurbætt til stórra muna 1927, en þó ekki svo, að til frambúðar geti verið. Nokkuð hefir verið sléttað í túninu, nýræktarlandið þurrkað með framræslu, meiri hluti landsins umgirtur, auk inngirðinga, og hlöður byggðar yfir uppskeruna. Verður yfirlit um þessar framkvæmdir þannig:

A. Jarðabætur:

1. Opnir skurðir fullgerðir 1450 m. = 2175 m³, er gerir	272	dagsv.
2. Lokræsi 550 m.	31	—
3. Netgirðingar 4200 m.	1050	—
4. Nýrækt 10 ha.	2500	—
5. Þúfnasléttun 1⅙ ha.	233	—
Alls	4086	dagsv.

B. Húsabyggingar:

1. Stofuhús 12x6½ al., og		
2. Eldhús 7x2½ al.	kr.	2500.00
3. Kornhlaða 12x7,5, vegghæð 3,5 m. krossreist, og		
4. Kornhlaða 12x20, vegghæð 4,2 krossreist	—	18500.00
Samtals	kr.	21000.00

Jarðabæturnar eru hér lagðar í dagsverk eftir gildandi reglum, og húsin talin á því verði, sem þau eru metin af virðingarmönnum Búnaðarbankans. En kostnaðarverð þeirra er um kr. 28000.00.

Og sé jarðabótadagsverk metið 6 krónur, eins og Búnaðarbankinn gerir þegar hann veitir lán úr Ræktunarsjóði til jarðabóta, þá hafa þær kostað 24516.00.

Eru það því alls kr. 52516.00, sem félagið hefir kostað til jarðabóta og bygginga á jörðinni, síðan það fékk hana til ábúðar.

Vegna þessara framkvæmda tók félagið 15000 kr. ræktunarsjóðslán 19. des. 1930, gegn afgjaldskvöð, að þar til fengnu leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. En styrk samkv. jarðræktarlögunum fyrir unnar jarðabætur hefir félagið engan fengið, en hann nemur 1 kr. á dagsverkið.

Sjálf er jörðin, eftir núgildandi fasteignamati, virt á kr. 2800.00 og hús á jörðinni kr. 1100.00. En jarðarhús þau, er félagið tók við, voru virt aðeins kr. 200.00. Hitt eru leiguliðahús, sem félagið hefir keypt. Er því eign kirkjunnar í jörðinni eftir þessu aðeins krónur 3000.00, enda er landstærðin alls, tún, engi og beitiland, aðeins 100 ha., eða sem næst því. Auk þess fylgja jörðinni 2 kýr og 1½ ásauðarkúgildi, sem eftir reglum um framtal til skatts gerir 2x200,00 plús 9x20,00, eða alls kr. 580.00.

Af framansögðu er ljóst, að það verðmæti, sem nú er bundið í og við jörðina, er að langmestu leyti til orðið fyrir starfsemi Búnaðarfélagsins, og þess eign. Þó eru þær framkvæmdir, sem að framan eru taldar, aðeins byrjun á þeim framkvæmdum, sem félagið vill og þarf að gera þarna í framtíðinni, og hugmyndin er að taka til ræktunar svo fljótt sem ástæður leyfa allt land jarðarinnar fyrir neðan tún, en það er um 33 ha., og það er mjög aðkallandi að byggja þegar á næstu árum við þjóðveginn íbúðarhús, sem samsvarar og fullnægir tilraunastarfseminni í bráð og lengd. Smækkar þá hlutur kirkjujarðasjóðs í jarðeigninni hlutfallslega meira og meira, eftir því sem fyrirhuguðum framkvæmdum félagsins miðar áfram, og verður hverfandi lítill.

Af þessum ástæðum og m. a. til þess að félagið geti veðsett jörðina fyrir byggingarláni, sem það þarf að fá, telur það sér nauðsynlegt að fá jörðina til fullrar eignar. Þess vegna var á síðasta Búnaðarþingi samþykkt með samhljóða atkvæðum svo hljóðandi ályktun:

„Að fela stjórn félagsins að fara þess á leit við þing og stjórn, að Búnaðarfélag Íslands fái kirkjujörðina Mið-Sámsstaði í Fljótshlíð til fullrar eignar og óskertra afnota fyrir tilraunastöð þá, er félagið rekur þar nú“.“

Nú má bæta því við framanskráða greinargerð, að síðastl. ár hefir Búnaðarfélag Íslands látið byggja á Sámsstöðum myndarlegt íbúðarhús úr steinsteypu, kjallara, stofuhæð og ris með kvistum, allt innréttað til íbúðar fyrir starfsmenn tilraunastöðvarinnar, ásamt skrifstofu og rannsóknarstofu fyrir forstöðumann tilraunanna. Byggingarkostnaður er orðinn yfir 20 þús. krónur, og er byggingin þó ekki fullgerð, og þótt félagið hafi getað staðið straum af byggingarkostnaðinum af tekjum sínum, þá breytir það ekki þeirri nauðsyn félagsins að fá full eignarráð á jörðinni“.

Nd. 56. Tillaga

til þingsályktunar um styrk handa lækni til að nema lyfjafræði.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að kr. 6000.00 samtals á 3 árum, gegn kr. 3000.00 annarsstaðar frá, til styrktar ungum, efnilegum lækni, til þess völdum af læknadeild háskólans í samráði við landlækni, að afla sér sem fyllstrar vísindalegrar og verklegrar þekkingar í lyfjafræði, þannig, að hann verði fær um

1) að vera trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar og landlæknis í öllu, sem viðkemur lyfjum,
2) að vera forstöðumaður eða ráðunautur lyfjaverzlunar ríkisins,
3) að veita forstöðu lyfjarannsóknarstofu til tryggingar eftirliti með lyfjum, lyfja- og efnagerð, innflutningi lyfja, lyfsölu o. s. frv.,
4) að kenna lyfjafræði við læknadeild háskólans, og
5) að veita forstöðu skóla fyrir lyfsala, ef hann verður settur á stofn hér á landi.

Greinargerð.

Á slíkum sérfræðingi sem hér um ræðir er veruleg þörf, og verður tilfinnanlegri með hverju ári. Hinsvegar engin líkindi til, að nokkur læknir gefi sig við þessum fræðum án þess að vera til þess hvattur og styrktur af ríkinu eða háskólanum, enda á þann hátt einan nokkur trygging fyrir því, að hæfur maður veljist til þess. Þar sem nú þörfin er beggja, liggur beint við, að ríkið og háskólinn hafi hér samvinnu um. Mun ekki standa á háskólanum, og hefir læknadeildin samþykkt í einu hljóði að mæla með þessari tillögu. Telur hún sig munu geta séð um, að ekki standi á því fjárframlagi, sem í tillögunni er gert ráð fyrir, að lagt verði á móti ríkisstyrknum.

Nd. 57. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús (Orðuskattur).

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Af hverskonar orðum, er menn hafa verið sæmdir, erlendum sem innlendum, greiðist árlegur skemmtanaskattur.

Af fálkaorðunni greiðist:

Af fálkakrossi	kr.	50.00
— riddarakrossi	—	100.00
— stórriddarakrossi	—	200.00

Af öðrum orðum greiðist tilsvarandi skattur. Gerir orðunefnd fálkaorðunnar skrá yfir þær og metur til skatts eftir metorðagildi þeirra í samræmi við fálkaorðuna.

Skatturinn fellur í gjalddaga 1. des. ár hvert fyrir liðið ár eða hluta úr ári.

Sendimenn annara ríkja eru undanþegnir þessum skatti.

Ráðherra er heimilt að veita mönnum undanþágu frá að greiða þennan skatt gegn því, að þeir afsali sér orðunni og skili henni aftur, enda sé afsalið skrásett í stjórnartíðindum.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Greinargerð.

Við jafnaðarmenn erum, eins og kunnugt er, andstæðingar óbeinna skatta. Þó þykir okkur sem ýmsir hinir svo kölluðu lúksus-skattar geti átt rétt á sér, og vissulega, þegar um hégómann einberan er að ræða og gersamlega fánýtt prjál. Hér er farið fram á að leggja á slíkan ótvíræðan lúksus-skatt. Með samþykkt frv. mundi verða bætt úr undarlegu ósamræmi í skattalöggjöfinni.

Getur nokkur sanngirni mælt með því að taka skatt af hverjum bíómiða bláfátæks almúga, sem á engum öðrum skemmtunum hefir ráð — og þó illa ráð —, en láta hina æðstu skemmtun stórborgaranna, krossburðinn, með öllu óskattaða?

Eða hvaða samræmi er í því, að hátolluð sé hver spjör, sem menn tína utan á sig í þessu kalda landi, nema krossar og tilheyrandi pjötlur, sem kosta of fjár, en ekkert skjól er í.

Og er það ekki hróplegt ranglæti að hlaða sköttum á hið alþýðlegasta kvenskraut: hringa, brossíur og lokka, svo og öll venjuleg leikföng: brúður, tindáta, hringlur og tístur, sem smábörn risla með, en láta orðurnar, hin dýru gull stærstu barnanna, vera algerlega skattfrjálsar?

Við jafnaðarmenn erum andvígir óbeinu sköttunum fyrir það, að þeir koma að jafnaði margfaldir niður á örbirgustu stéttunum, en þessi óbeini skattur yrði þar áreiðanlega undantekning. Samkvæmt konungsbréfi frá 3. júlí 1921, um stofnun hinnar íslenzku fálkaorðu, er mælt svo fyrir, að sæma skuli með henni „þá menn ..... og þær konur, sem öðrum fremur hafa eflt hag og heiður fósturjarðarinnar“.

Fátækir bændur, sjómenn og verkamenn hafa vissulega ekkert að óttast af þessum skatti.

Orðunefndin hefir enn ekki komið auga á, að þeir hafi eflt hag eða heiður fósturjarðarinnar, og hún gerir það áreiðanlega ekki hér eftir.

Nd. 58. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84, 6. júlí 1932 [Bifreiðaskattur o. fl.].

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, sem verður 1. gr., svo látandi:
   a. Á eftir orðunum „til mannflutninga“ í 1. gr. c-lið, 1. tölul. í lögum nr. 84 1932 komi: og af þeim einkabifreiðum lækna og ljósmæðra, sem notaðar eru til sjúkravitjana.
   b. Fyrir orðin „Af einkabifreiðum“ í 2. tölul. sama stafliðar komi: Af öðrum einkabifreiðum.
2. Fyrir orðin í 1. gr. frv., sem verður 2. gr.: „4. gr. laga nr. 84 1932“ komi: 4. gr. laganna.
3. 2.—4. gr. frv. verði 3.—5. gr.

Nd. 59. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Orðin „svanir og snæuglur“ í 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Á eftir orðunum „hrotgæsir“ í niðurlagi 2. gr. laganna komi: uglur.

3. gr.

Aftan við d.-lið 3. gr. laganna bætist: Þó skulu svanir vera friðaðir frá 1. maí til 1. október.

4. gr.

Síðari málslið 5. gr. laganna skal orða svo: Ennfremur skulu rjúpnaegg, álftaregg og arnaregg vera friðuð.

5. gr.

Á undan 8. gr. laganna komi ný grein, sem verður 8. gr., svo hljóðandi:

Nú fækkar af einhverjum ástæðum fuglum þeim, sem ekki eru alfriðaðir samkv. lögum þessum, svo að þörf þykir frekari friðunar, og getur þá ríkisstjórnin skipað svo fyrir með reglugerð, að einstakar tegundir skuli alfriðaðar um eitt ár í senn.

6. gr.

8. gr. laganna verði 9. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðan lög þau, er hér er farið fram á að breyta, gengu í gildi, hefir fuglum þessum, sem og ýmsum öðrum, fjölgað til stórra muna. Uglan er ránfugl, sem sumstaðar hefir lagzt á varplönd og gert þar óbætanlegan usla. Virðist því ástæðulítið að friða hana.

Um svanina er það að segja, að í góðæri fjölgar þeim svo ört, að þeir verða hálfgerð plága á löndum einstakra manna, eyðileggja engi og beitilönd og sömuleiðis silungsveiði (t. d. við Breiðafjörð) með því að eta uppfæðinginn.

Þegar svo ísavetra gerir, falla þeir unnvörpum úr hor, öllum að arðlausu. Virðist því sjálfsagt að leyfa mönnum að hagnýta sér þessi gæði landsins sem önnur, þannig að vissa sé fyrir, að þau gangi ekki til þurrðar. En friðun sú, er svönum er ætluð samkv. frumvarpi þessu, er nægileg til að halda stofninum við í venjulegu árferði, en í harðæri duga engin friðunarlög. Í góðum vetrum eru svanir ágætir í bú að leggja og hamir þeirra og fjaðrir oft eftirsótt verzlunarvara.

Hætta á útrýmingu svana og annara fugla vegna ónógrar friðunar ætti að vera burt numin með 4. gr. frumvarpsins, ef að lögum verður.

Einstakar greinar þurfa ekki skýringa við.

Nd. 60. Nefndarálit

um frv. til laga um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin álítur rétt, að takmarka megi, hvar jarðrask er gert eins og segir í frv. Hinsvegar telur hún, að jarðrask til fleiri mannvirkja en lendingarbóta eða hafnarmannvirkja megi undanþiggja þessu banni, ef mannvirkin eru gerð þar, sem jarðraskið fer fram.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. sé samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Síðari málsgr. orðist svo:

Bann þetta nær þó eigi til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnargerða eða annara mannvirkja.

Alþingi, 27. febr. 1933.

Bergur Jónsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Guðbr. Ísberg, fundaskrifari.
Steingr. Steinþórsson.	Sveinbjörn Högnason.	

Nd. **61. Breytingartillögur**

við frv. til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Frá Vilmundi Jónssyni.

1. Við 8. gr. Í stað 3. málsgr. greinarinnar komi tvær málsgr., svo hljóðandi:
   Ef þess er getið í sóttgæzluskírteini skipsins, eða kunnugt eða grunað á annan hátt, að alvarlegur næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum, ef sjúkir menn eru eða hafa verið á skipinu á leiðinni, eða lík, og grunur er á, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða, eða grunur er um sóttmengun skipsins á annan hátt, svo og ef framburður eða vottorð skipstjóra er á einhvern hátt tortryggilegt, þá má eigi veita heilbrigðisvottorð fyrr en héraðslæknir hefir rannsakað skipið og úrskurðað, að heilbrigðisvottorð skuli gefa. Nú reynist erlend sótt í skipinu, og skal þá farið með það samkv. ákvæðum IV. kafla þessara laga, en ef um annan næman sjúkdóm er að ræða, sem opinberum vörnum er beitt við samkv. lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, eða héraðslæknir telur ástæðu til að beita slíkum vörnum, skal farið með skipið samkv. ákvæðum þeirra laga og ekki veita því heilbrigðisvottorð fyrr en þær ráðstafanir hafa verið gerðar, að öruggt þykir, að sjúkdómurinn berist ekki í land eða breiðist út.
   Læknisrannsókn á skipi og þeim, er á því eru, skal jafnan fram fara svo fljótt sem auðið er, og öllum sóttvarnarráðstöfunum skal, eftir því sem unnt er, haga svo, að skipinu verði til sem minnstrar tafar og trafala. Sé héraðslæknir eigi viðstaddur, er sóttvarnarnefnd heimilt að fela öðrum lækni rannsóknina. Sé enginn læknir viðstaddur, skal skipstjóra gefinn kostur á að leita annarar hafnar, þar sem læknir býr. Ef einangra þarf sjúklinga af skipinu, en tormerki eru á að gera það á staðnum, er heimilt að vísa skipinu til næstu hafnar, þar sem einangrun er framkvæmanleg, en þó því aðeins, að sjúklingum sé eigi hætta búin af þeim flutningi. Ef skipið er sóttkvíað, er skipstjóra heimilt að velja sér höfn til að liggja á, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við nauðsynlega læknisrannsókn og lækniseftirlit. Nú vill skipstjóri heldur fara aftur frá landinu en bíða heilbrigðisvottorðs, og verður honum ekki meinað það.
2. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist:
   Ef skipið hefir senditæki, skal það sem fyrst senda ráðherra skeyti með tilkynningu um, hversu ástatt sé fyrir því og hvar og hvenær það sé væntanlegt að landi.
3. Við 13. gr. Síðari málsgr. greinarinnar falli burt.
4. Við 25. gr. Aftan við stafliði greinarinnar bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
   f. Úr sóttvarnarsjóði eða ríkissjóði verður ekki greiddur sá kostnaður, er leiðir af töfum skipa samkv. lögum þessum, hvorki útgerðinni, skipverjum né farþegum, ekki heldur skaðabætur fyrir tjón á skipum eða farangri, né fyrir atvinnuspjöll, er leiða kann af framkvæmd laganna.
5. Við 26. gr. Greinin falli burt og greinatalan breytist samkv. því.

6. Við 27. gr.
   a. Aftan við greinina bætist:
      Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.
   b. Greinin færist aftur fyrir 29. gr. og greinatalan breytist samkv. því.

Nd. 62. Breytingartillögur

við frv. til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Frá Vilmundi Jónssyni.

1. Við 8. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Nú kemur sjúkdómur upp á heimili, eða yfirvofandi er, að hann komi upp á heimili og auðsætt þykir eða líklegt, að o. s. frv.
2. Við 16. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ríkissjóður greiðir ekki þann kostnað, sem leiðir af því, er ferðir manna eða farartækja eru hindraðar samkvæmt lögum þessum, né heldur skaðabætur fyrir þau atvinnuspjöll, er leiða kann af framkvæmd þeirra.

Nd. 63. Frumvarp

til laga um lífeyrissjóð ljósmæðra.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir lífeyrissjóður ljósmæðra, og er hann eign ríkisins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins myndast af framlagi ríkissjóðs, sem er 10000 kr. árlega í sjóðinn, og iðgjöldum lögskipaðra ljósmæðra, sem er 4% af föstum launum þeirra.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, formaður Ljósmæðrafélags Íslands, ein ljósmóðir, er kosin skal á aðalfundi Ljósmæðrafélags Íslands, en 3 menn í stjórnina skal ríkisstjórnin velja til þriggja ára, og gengur einn úr árlega, í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Stjórn sjóðsins skal kjósa formann fyrir sjóðinn á fyrsta fundi, er hún heldur á árinu. Sjóðsstjórnin skal vinna kauplaust.

5. gr.

Ríkisféhirðir hefir á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvorttveggja eftir tilvísun sjóðsstjórnarinnar.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikning skal semja jafnframt ársreikningi ríkissjóðs, endurskoða og úrskurða á sama hátt og aðra reikninga ríkisins.

7. gr.

Sjóðsstjórnin heldur fundi svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða, og má ekkert fé greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðsstjórnarinnar.

8. gr.

Allur kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefir sérhver lögskipuð ljósmóðir, sem starfað hefir sem lögskipuð ljósmóðir í 10 ár eða meira, og hættir störfum, eftir að sjóðurinn tekur til starfa, af ástæðum, er sjóðsstjórnin telur lögmætar. Lögmæt ástæða til að hætta störfum er aðeins sjúkdómur eða elli. Upphæð lífeyris skal fara eftir því, sem um getur í 12. gr. Þær fyrrverandi ljósmæður, sem hafa fengið sérstaklega veitt eftirlaun úr ríkissjóði í fjárlögum 1933, skulu framvegis fá sömu upphæð árlega greidda úr sjóðnum sem þær hafa nú frá ríkissjóði.

10. gr.

Ljósmæður, er starfa í bæjum og tryggð eru sömu eftirlaun og öðrum föstum starfsmönnum bæjanna, gjalda ekki til sjóðsins og njóta ekki réttinda samkvæmt þessum lögum. Í þeim bæjum, þar sem eftirlaunamálum starfsmannanna hefir enn ekki verið skipað, skulu þó þær ljósmæður, sem laun taka af bænum, hafa frjálsan aðgang að því að njóta réttinda þessara laga, með sömu kjörum og aðrar ljósmæður, þangað til þessum málum hefir verið skipað.

11. gr.

Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun ljósmóður síðustu 5 árin áður en hún lætur af starfi. Til árslaunanna teljast laun og dýrtíðaruppbót.

12. gr.

Fullur lífeyrir skal miðaður við árslaun samkv. 11. gr. og við fjölda þeirra ára, er ljósmóðirin hefir starfað sem lögskipuð ljósmóðir, hvort heldur óslitið eða með millibili. Ef ljósmóðir lætur af störfum án þess vegna veikinda sé, verður hún þó að vera fullra 60 ára til þess að njóta lífeyris. Fyrir minna en 10 ára starf greiðist enginn lífeyrir.

Fyrir	10—11	ára starf	veitast	20%	af meðall. síðustu 5 ára
—	11—12	—„—		22%	—„—
—	12—13	—„—		24%	—„—
—	13—14	—„—		26%	—„—
—	14—15	—„—		28%	—„—
—	15—16	—„—		30%	—„—
—	16—17	—„—		33%	—„—
—	17—18	—„—		36%	—„—
—	18—19	—„—		39%	—„—
—	19—20	—„—		42%	—„—
—	20—21	—„—		45%	—„—
—	21—22	—„—		48%	—„—
—	22—23	—„—		51%	—„—
—	23—24	—„—		54%	—„—
—	24—25	—„—		57%	—„—
—	25 ára	starf eða meira		60%	—„—

Standi upphæð lífeyris samkvæmt þessum útreikningi ekki á heilum tug króna, skal hækka hann svo, að standi á tug.

13. gr.

Verði ljósmóðir ófær til allra starfa vegna slyss, sem hendir hana sökum starfs hennar sem ljósmóðir, skal hún fá greiddan jafnháan lífeyri úr sjóðnum og þær, er starfað hafa í 25 ár. Verði hún seinna vinnufær, fellur greiðslan niður.

14. gr.

Láti ljósmóðir eftir sig föðurlaus börn innan 16 ára aldurs, skulu þau fá úr sjóðnum allt að 200 kr. árlega hvert fram til 16 ára aldurs, eftir úrskurði sjóðsstjórnar. Gildir það jafnt, hvort sem um skilgetin eða óskilgetin börn er að ræða.

15. gr.

Í desembermánuði ár hvert semur stjórn sjóðsins skrá yfir þá, er lífeyris skulu njóta á næsta ári, og gerir samþykkt um breytingar jafnskjótt og tilefni er til.

16. gr.

Lífeyrir greiðist árlega 1. dag júnímánaðar, og þá beint til hlutaðeiganda. Lífeyri til barna veitir móttöku fjárráðamaður þeirra. Áður en ríkisféhirðir greiðir lífeyri, skal hann fá uppgefinn embættisaldur viðkomanda hjá sjóðsstjórninni.

17. gr.

Umsóknir um lífeyri úr sjóðnum skulu sendar formanni sjóðsins fyrir 1. des. ár hvert, og skal tekið fram, hve lengi og hvar viðkomandi hefir starfað.

18. gr.

Ljósmóðir, sem lætur af störfum án þess að fá lífeyri úr sjóðnum, skal fá endurgreidd iðgjöld þau vaxtalaust, er hún hefir lagt í sjóðinn.

19. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa 1. jan. 1935, enda hafi þá iðgjöld verið greidd fyrir yfirstandandi ár og næsta ár (1933 og 1934) og ríkissjóðstillagið fyrir árið 1934.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af kunnáttumanni eftir beiðni Ljósmæðrafélags Íslands og í samráði við flutningsmann.

Mun hér vera fundin allgóð leið til að gera ljósmæðrum nokkra úrlausn um ellistyrk að loknu starfi, og raunar án nýrra útgjalda fyrir ríkissjóð. Síðustu árin hafa nokkrum öldruðum ljósmæðrum verið veitt eftirlaun í fjárlögum og sú upphæð farið allört hækkandi. Er hún þegar farin að nálgast þá upphæð, sem frv. gerir ráð fyrir, að lögð verði úr ríkissjóði til þessa lífeyrissjóðs, en á þann hátt kemur sú fjárveiting að ólíkt almennara gagni og skiptist niður á réttlátari hátt, auk þess sem þingið losnar við allt leiðindaþjark út af þessum smámunum.

Hér á eftir eru prentuð tvö fylgiskjöl með frumvarpinu: Greinargerð tryggingafræðingsins, sem frv. hefir samið, og álitsskjal frá stjórn Ljósmæðrafélagsins.

Fylgiskjal I.

Hér á eftir verður í stuttu máli skýrt frá athugunum, sem ég hefi gert með það fyrir augum að fá grundvöll undir væntanlegan lífeyrissjóð fyrir ljósmæður hér á landi. Er gert ráð fyrir, að sá eftirlaunasjóður verði skyldubundinn fyrir allar lögskipaðar ljósmæður á landinu, en að ljósmæðrum þeim í bæjum utan Reykjavíkur, sem ráðnar eru og launaðar af bæjarfélögunum, verði fyrst um sinn gefinn kostur á að vera með í sjóðnum í frjálsri tryggingu, þangað til eftirlaunamálum fyrir starfsmenn þeirra bæjarfélaga hefir verið skipað.

Eftirlaun þau, sem sjóðnum er ætlað að greiða, eru tekin upp í 12. gr. frv., og eru þau stighækkandi eftir starfstímanum. Það, sem þó sérstaklega þarf að athuga, eru eftirfarandi atriði:

1. Hvaða iðgjöld þarf að tryggja sjóðnum árlega til þess að hann geti borið eftirlaun þau, sem ráð er fyrir gert, og hver á að greiða þau iðgjöld?
2. Hve mikinn stofnsjóð þarf sjóðurinn að fá til þess að allar ljósmæður, sem nú gegna störfum, geti fengið full réttindi til sjóðsins eftir ákvæðum frv., þegar þær láta af störfum?

Viðvíkjandi fyrra atriðinu er þess að gæta, að ekki er í frv. ákveðinn neinn ákveðinn aldur, þegar eftirlaun byrja, en aðeins ákveðið, að lágmark hans sé 60 ár, ef ekki er sjúkdómum eða slysum til að dreifa. Af þeim sökum er ekki hægt að ákveða með fullri nákvæmni, hvaða hundraðshluti iðgjöldin skuli vera af árslaununum í öllum tilfellum, en hinsvegar óhjákvæmilegt að hafa reglur fyrir iðgjaldagreiðslunum svo einfaldar, að ekki valdi örðugleikum við framkvæmd laganna. Athugun á mörgum mismunandi tilfellum leiddi í ljós, að óhætt

muni vera að reikna með, að árleg iðgjaldagreiðsla, sem nemi 7% af árslaunum, muni vera rífleg. Af þessu framlagi er í frv. gert ráð fyrir, að 4% séu greidd af ljósmæðrunum sjálfum, en þau 3%, sem eftir eru, fáist af framlagi ríkissjóðs. Er reiknað með föstum launum að viðbættri dýrtíðaruppbót bæði við iðgjalda- og eftirlaunagreiðslu.

Þar sem gert er ráð fyrir í frv. föstu árlegu tillagi úr ríkissjóði, 10000 kr., sem ekki lagar sig eftir launum, verður nauðsynlegt að finna fyrst, hve mikið af þessu tillagi fer í iðgjöld. Þetta fæst upplýst af eftirfarandi yfirliti:

Læknishérað	Í skyldutr. tala	Í skyldutr. laun	Í frjálsri tr. tala	Í frjálsri tr. laun	Óþekkt (tölur áætlaðar) Í skyldutr. tala	Í skyldutr. laun	Í frjálsri tryggingu tala	Í frjálsri tryggingu laun
Hafnarfjarðar	3	900.00	2	2800.00	„	„		
Skipaskaga	2	1300.00	„	„	1	650.00		
Borgarfjarðar	6	2628.30	„	„	„	„		
Borgarness	6	2753.85	„	„	„	„		
Ólafsvíkur	„	„	„	„	5	1680.00		
Stykkishólms	5	1680.00	„	„	„	„		
Dala	„	„	„	„	8	2720.00		
Reykhóla	„	„	„	„	3	1020.00		
Flateyjar	1	475.00	„	„	1	475.00		
Patreksfjarðar	5	2428.98	„	„	„	„		
Bíldudals	2	969.96	„	„	„	„		
Þingeyrar	4	1824.00	„	„	„	„		
Flateyrar	4	1350.00	„	„	„	„		
Hóls	1	660.00	„	„	„	„		
Ísafjarðar	2	1104.71	1	1200.00	„	„		
Nauteyrar	4	1300.00	„	„	„	„		
Hesteyrar	3	1360.00	„	„	1	150.00		
Reykjarfjarðar	2	600.00	„	„	„	„		
Hólmavíkur	3	850.00	„	„	„	„		
Miðfjarðar	6	2300.00	„	„	„	„		
Blönduós	7	3670.22	„	„	„	„		
Sauðárkróks	6	2270.00	„	„	„	„		
Hofsós	5	2240.00	„	„	„	„		
Siglufjarðar	„	„	1	800.00	„	„		
Svarfdæla	3	1300.00	„	„	„	„		
Akureyrar	7	3060.39	1	1500.00	1	440.00		
Höfðahverfis	3	1314.00	„	„	„	„		
Reykdæla	4	1520.00	„	„	„	„		
Húsavíkur	3	1220.00	„	„	„	„		
Öxarfjarðar	5	1500.00	„	„	„	„		
Þistilfjarðar	4	2000.00	„	„	„	„		
Vopnafjarðar	2	1030.00	„	„	„	„		
Hróarstungu	5	1850.00	„	„	1	370.00		
Seyðisfjarðar	„	„	1	1300.00	1	400.00		

Læknishérað	Í skyldutr. tala	Í skyldutr. laun	Í frjálsri tr. tala	Í frjálsri tr. laun	Óþekkt (tölur áætlaðar) Í skyldutr. tala	Í skyldutr. laun	Í frjálsri tryggingu tala	Í frjálsri tryggingu laun
Norðfjarðar	1	517.00	1	800.00	„	„		
Reyðarfjarðar	3	1020.00	„	„	„	„		
Fáskrúðsfjarðar	2	1120.00	„	„	„	„		
Berufjarðar	2	710.00	„	„	2	710.00		
Hornafjarðar	5	1760.00	„	„	„	„		
Síðu	5	2688.00	„	„	1	540.00		
Mýrdals	3	1200.00	„	„	„	„		
Vestmannaeyja	„	„	2	2128.00	„	„		
Rangár	10	4957.72	„	„	1	500.00		
Eyrarbakka	8	3380.00	„	„	„	„		
Grímsnes	5	2989.52	„	„	4	2400.00		
Keflavíkur	7	2870.00	„	„	„	„		
	168	72121.65	9	10528.00	30	12355.00		

Í skyldutryggingu ..... 198 með árslaun 84476.65
- frjálsri tryggingu .... 9 —„— 10528.00

Samtals 207 með árslaun 95004.65

Hið árlega iðgjald í sjóðinn verður þá ca. 6650 kr.; þar af greiða ljósmæðurnar sjálfar kr. 3800, en kr. 2850 koma af framlagi ríkissjóðs. Af ríkissjóðsframlaginu eru þá eftir kr. 7150, sem ganga til að greiða hin lögboðnu eftirlaun til þeirra gömlu ljósmæðra, sem hingað til hafa fengið styrk í fjárlögum, og ennfremur á af þessari upphæð að myndast sjóður sá, sem kemur í stað stofnsjóðsins. Kemur þá að hinu síðara atriði, viðvíkjandi stofnsjóðnum.

Þar sem frv. gerir ráð fyrir, að allar starfandi ljósmæður öðlist full réttindi þegar í stað eins og ef þær hefðu verið í sjóðnum frá því þær byrjuðu starf sitt, sést, að stofnsjóðurinn er það fé, sem myndazt hefði af iðgjöldum þeirra með vöxtum á þeim starfstíma, sem liðinn er. Eftir því, sem næst verður komizt, mundu það vera ca. 90000 kr. Nú er þessi upphæð ekki fyrir hendi, en hugmyndin er, að hún innborgist smátt og smátt með því, sem eftir verður af ríkissjóðsframlaginu þegar búið er að taka af því iðgjaldið, sem var ca. 2850 kr. á ári, og eftirlaunafé þeirra ljósmæðra, sem nú fá eftirlaun í fjárlögum. Hefir til þess verið áætlað kr. 7700 á yfirstandandi ári, en sú upphæð fer hraðminnkandi, eftir því sem þessar konur falla frá, enda er auðvitað gert ráð fyrir, að ekki verði bætt við neinum eftirlaunum öðrum á þessum lið. Þegar til kemur, verður því árstillagið til stofnsjóðsins ca. 7150 kr., og verður það að teljast fulltryggt. Það eina, sem ástæða gæti verið til að óttast, er, að ekki yrði handbært fé fyrir hendi í sjóðnum allra fyrstu árin, og hefir mér því þótt varlegra að láta greiðslur úr sjóðnum ekki byrja fyrr en á árinu 1935.

Reykjavík, 25. febr. 1933.

Brynj. Stefánsson.

Fylgiskjal II.

Stjórn Ljósmæðrafélags Íslands hefir lengi verið það ljóst, að nauðsyn bæri til, að stofnaður væri lífeyrissjóður ljósmæðra, og sér hún ekki aðra leið heppilegri til þessa en um getur í 2. gr. meðfylgjandi lagafrumvarps.

Um framlag ríkissjóðs er það að segja, að í fjárlögunum fyrir 1933 eru ætlaðar til eftirlauna ljósmæðra kr. 7700.00, og sjá allir, hve ranglátt það er, að þessa upphæð fá tiltölulega fáar ljósmæður, en fjöldi annara, sem starfað hafa langan tíma, fær lítið eða alls ekkert.

Í frumvarpinu er farið fram á, að ríkissjóður greiði árlega 10 þús. kr., og er sú upphæð tiltölulega mjög lítil hækkun frá því, sem nú er, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að búast má við, að þessa upphæð yrði að hækka hlutfallslega við fjölgun ljósmæðra, sem samræmisins vegna yrði að bæta við, og yrði þá ekki langt að bíða þess, að upphæðin færi yfir 10 þús. kr. árlega, en eins og getið er um í frumvarpinu, ætlast stjórn Ljósmæðrafél. til, að ljósmæður sjálfar greiði árlega nokkuð af launum sínum í sjóðinn, og bætist þannig allverulega við það fé, sem árlega er hægt að veita til eftirlauna ljósmæðra.

Stjórn Ljósmæðrafél. telur einnig heppilegra, að úthlutun eftirlauna fari eftir því, sem um getur í frumvarpinu, heldur en að Alþingi úthluti árlega þessu fé til einstakra nafngreindra ljósmæðra, enda allar líkur til, að stjórn sjóðsins fylgist betur með hag og kjörum ljósmæðra almennt en þingmennirnir eiga kost á að gera, enda sé þar farið algerlega eftir fyrirmælum frumvarpsins.

Um 14. gr. frumvarpsins skal það tekið fram, að hún er svipuð því, sem tíðkast um starfsmenn bæjarfélaga, sem greiða eftirlaun, og þykir því ekki nema réttlátt, að börn ljósmæðra njóti svipaðra réttinda.

Um 19. gr. er það að segja, að stjórn Ljósmæðrafél. hefir samkvæmt útreikningi Brynjólfs Stefánssonar skrifstofustj. talizt svo til, að sjóðurinn mundi fær um að taka til starfa 1. jan. 1935, og í trausti þess, að háttvirtir þingmenn sjái, hvílíkt velferðarmál þetta er, vonast stjórn Ljósmæðrafél. eftir, að málið fái fljóta og góða afgreiðslu.

Virðingarfyllst

Stjórn Ljósmæðrafélags Íslands.

Þuríður Bárðardóttir. Jóhanna Friðriksdóttir. Sigríður Sigfúsdóttir.

Nd. 64. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84, 6. júlí 1932 (Bifreiðaskattur o. fl.).

Flutningsm.: Pétur Ottesen, Björn Kristjánsson, Jón Auðunn Jónsson, Guðbrandur Ísberg, Steingr. Steinþórsson, Sveinn Ólafsson.

Á eftir 2. gr. frv. komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:
Fyrir „750“ í 7. gr. laganna komi: 250.
Greinatalan breytist samkvæmt því.

Nd. **65. Frumvarp**

til laga um vörzlu opinberra sjóða.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson,
Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Fjármálaráðherra skal hafa yfirumsjón með stjórnum allra opinberra sjóða, sem stofnaðir eru með lögum eða hafa konunglegar skipulagsskrár. Hann skal hafa sérstakt eftirlit með því, að með sjóðina sé farið nákvæmlega eftir því, sem fyrir er mælt af stofnendunum, og eignir þeirra geymdar og ávaxtaðar samkvæmt lögum þessum, að svo miklu leyti, sem það kemur ekki í bága við hin sérstöku lög um sjóðina eða skipulagsskrár þeirra.

2. gr.

Sjóðir þeir, sem um getur í 1. gr., skulu ávaxta eignir sínar einungis á eftirfarandi hátt:

1. Í innstæðum í peningastofnunum, tryggðum með ríkisábyrgð.
2. Í skuldabréfum og verðbréfum, tryggðum með ríkisábyrgð, og séu bréfin keypt beint af stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem gefa út bréfin, og með venjulegu markaðsverði þeirra og kjörum, og skal leita úrskurðar fjármálaráðherra um kaup bréfa í hvert sinn.

3. gr.

Að svo miklu leyti, sem sjóðirnir hafa veitt lán á annan hátt en í 2. gr. getur og hægt er að segja þeim upp eða rifta, skal það gert og fénu ráðstafað samkvæmt ákvæðum 2. gr.

4. gr.

Ríkisendurskoðunin skal hafa á hendi nákvæma yfirendurskoðun allra þeirra sjóða, sem hér um ræðir, og láta uppi álit sitt um stjórn þeirra og vörzlu. Skal birta alla reikningana og umsögn yfirendurskoðendanna árlega í B-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Opinberu sjóðirnir eru orðnir margir og mikið fé, sem í þeim liggur. Eins og nú standa sakir eru engin almenn lagaákvæði um stjórn þeirra, og ekkert eftirlit með þeim. Fjöldi sjóðreikninganna er jafnvel ekki endurskoðaður. Lánveitingar úr þeim eru mjög misjöfnum reglum háðar og oftast allt komið undir geðþótta stjórnanda sjóðsins, sem er einhver skrifstofustjórinn í stjórnarráð-

inu eða annar embættismaður. Misbeitingu embættisvalds gagnvart sjóðunum hefir oftar en einu sinni orðið vart, þó átakanlegast í sambandi við lán með veði í Reykjahlíð (áður Hlaðgerðarkoti) í Mosfellssveit og síðar kaupsamning um þá jörð, sem við voru riðnir ráðherrar og skrifstofustjórinn, sem átti að stjórna sjóðnum.

Nauðsynlegt er að fá löggjöf um þessi mál, er skapi sjóðunum öryggi og fullt eftirlit með þeim, svo að komið verði í veg fyrir misnotkun þeirra. Er þá eðlilegast, að ein og söm yfirstjórn og kritisk endurskoðun sé yfir þeim, og lánin séu einungis veitt með ríkisábyrgð, þar sem ríkið í raun og veru ber ábyrgð á vörzlu sjóðanna.

Að sjálfsögðu geta lög þessi aðeins gilt að svo miklu leyti sem skipulagsskrárnar setja ekki önnur og sérstök ákvæði um þessi atriði.

Nd. 66. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á l. nr. 84, 6. júlí 1932 (Bifreiðaskattur o. fl.).

Flutningsm.: Sveinbjörn Högnason, Jón Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson, Lárus Helgason.

Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Í stað orðanna „til ársloka 1933“ í 11. gr. laganna komi: til ársloka 1934.

Nd. 67. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 64 (Bifreiðaskattur o. fl.).

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fyrir „250“ komi: 500.

Nd. 68. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 20, 27. júní 1925, um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði.

Flutningsm.: Steingr. Steinþórsson, Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 20, 27. júní 1925, um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði, komi svo hljóðandi málsgrein:

d. sýslufélögum, til að fyrirbyggja kornvöruskort vegna samgöngutálma af hafísvöldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frv. er flutt eftir beiðni Búnaðarsambands Skagfirðinga, og tilgangurinn er að reyna með þessu að draga úr hinni ægilegu en sífellt yfirvofandi hættu af kornvöruskorti vegna samgönguteppu af hafísvöldum. Hugsunin er að nota væntanleg lán til þess að hafa jafnan kornvörubirgðir fyrirliggjandi á þeim tíma árs, sem hafíshættan er. Er ekki hægt að sjá, að peningum Bjargráðasjóðs sé á neinn veg betur varið en með því að draga úr þessari geigvænlegu hættu, sem hefir vaxið á hinum síðari árum, vegna þess að kaupmenn og kaupfélög eru nú að mestu hætt að birgja sig upp til vetrarins, eins og áður var siður. Þetta er og í fullu samræmi við tilgang sjóðsins.

Nd. 69. Frumvarp

til laga um samþykktir um mat á heyi til sölu.

Flutningsm.: Steingrímur Steinþórsson, Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir fyrir einn hrepp eða fleiri um mat á heyi til sölu.

2. gr.

Þegar samþykkt er gerð á sýslufundi, skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlazt er til, að samþykktin nái yfir. Sýslunefndin ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er hún kýs til, auglýsir fundardag og stjórnar fundi. Atkvæðisrétt á þeim fundi eiga þeir fullveðja menn, sem kaup eða sala heys getur varðað.

3. gr.

Á fundi þeim, sem um getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp sýslunefndarinnar til samþykktar. Fallist fundurinn með $^2/_3$ atkvæða á frumvarpið óbreytt, sendir sýslumaður það atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær.

Fallist sýslunefnd ekki á breytingar fundarins, skal kveðja til fundar á ný, og samþykki fundurinn þá frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

Frumvarp, sem ekki nær $^2/_3$ atkvæða á samþykktarfundi, er fallið.

4. gr.

Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en hún þykir fara í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, eða hún virðist ekki tryggja nægilega hag kaupanda eða seljanda heys, og synjar þá ráðherra um staðfestingu, endursendir frumvarpið og tilgreinir ástæður fyrir synjaninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla þá, sem kaupa eða selja hey, sem framleitt er á samþykktarsvæðinu.

Staðfestri samþykkt verður ekki breytt á annan hátt en til hennar var stofnað.

5. gr.

Í samþykkt skal ákveða:

a. Að allt hey, sem selt er kaupanda utan hrepps, skuli metið af matsmönnum, er lögreglustjóri nefnir til, nema aðilar séu á annað sáttir. Lögreglustjóri setur heymatsmönnum erindisbréf, og skulu þeir undirrita drengskaparvottorð áður en þeir taka við starfi sínu, um að þeir vilji rækja það af alúð og samvizkusemi.
b. Hversu flokka skal hey eftir gæðum.
c. Hvar mat skal fram fara.
d. Um merkingu á heyi og umbúnað við sendingu.
e. Um borgun til matsmanna.
f. Annað, sem þurfa þykir, eftir atvikum og staðháttum.

6. gr.

Í samþykktum má ákveða sektir í sýslusjóð, allt að 500 kr., fyrir brot gegn þeim. Mál út af þeim brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni Búnaðarsambands Skagfirðinga.

Sala á heyi til fjarlægra héraða fer sívaxandi. Fyrir því vex nauðsyn þess að tryggja kaupendur og seljendur. Hey er, sem kunnugt er, ákaflega mismunandi að gæðum. Maður, sem kaupir hey úr fjarlægri sveit, þarf að geta fengið tryggingu fyrir því, að hann fái þá tegund heys, sem hann óskar, og sá, sem selur hey, þarf að hafa meðal til þess að sanna, að hann hafi látið af hendi þá vöru, sem hann var beðinn um. Ella er mjög hætt við, að ágreiningur rísi, en það getur orðið til þess að draga úr þessum viðskiptum, sem annars geta verið hagkvæm.

Tilgangurinn með frv. er að reyna að koma í veg fyrir ágreining og greiða fyrir þessum viðskiptum.

Frv. fer aðeins fram á að veita sýslunefndum heimild til að setja samþykktir um þetta efni og er sniðið eftir ýmsum gildandi samþykktarlögum.

Ed. **70. Frumvarp**

til laga um hámarkslaun.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Þeir, sem hafa í hreinar tekjur (nettótekjur) af atvinnu eða eignum yfir 8000 krónur, skulu greiða sem skatt í ríkissjóð það, sem fram yfir er, eftir að frá hefir verið dreginn sá tekjuskattur, sem á þessar sömu tekjur hefir verið lagður, álagður eignarskattur, svo og útsvar það, sem við þessar sömu tekjur og eignir aðila er miðað. Hinsvegar ber ekki að draga frá í þessu sambandi þann tekjuskatt eða útsvar, sem lagt er á tekjur af atvinnurekstri, er eigi eru skattskyldar samkv. lögum þessum. Þó eru undanþegin þessum skatti húsnæðishlunnindi og risnufé forsætisráðherra, svo og risnufé skólastjóra menntaskólanna.

2. gr.

Til tekna af atvinnu og eignum telst m. a.:

a. Hæfileg laun eiganda, konu hans eða skylduómaga, sem vinna við eiginn atvinnurekstur.
b. Hæfilega metin leiga eftir eigið húsnæði það, sem notað er við atvinnureksturinn.
c. 4½% vextir af því eigin fé, sem bundið er í atvinnurekstrinum.
d. Hæfilegt endurgjald eftir annað það, sem eigandinn, kona hans eða skylduómagar kunna að leggja atvinnurekstrinum til.
e. Arður af hlutabréfum.

3. gr.

Þegar fundnar eru hreinar atvinnu- og eignartekjur, ber eigi að draga frá þann hluta af greiddu útsvari og tekjuskatti, sem telst vera lagt á atvinnurekstur aðila.

Tap á eigin atvinnurekstri má draga frá tekjum af atvinnu og eignum, þegar fundnar eru skattskyldar tekjur samkvæmt lögum þessum.

Skatt þann, sem álagður er og greiddur samkv. þessum lögum, er eigi heimilt að draga frá á skattaframtölum við ákvörðun tekna þeirra, sem skattskyldar eru samkv. lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 74 frá 1921, og eigi heldur við ákvörðun þeirra, sem skattskyldar eru samkvæmt þessum lögum.

4. gr.

Til grundvallar álagningu skatts samkvæmt lögum þessum ber að leggja framtöl til tekju- og eignarskatts eins og þau eru úrskurðuð af skattanefndum (skattstjóra), yfirskattanefndum eða ríkisskattanefnd. Ef eigi liggja fyrir framtöl, ber að leggja til grundvallar áætlunartölur sömu aðila.

5. gr.

Skattanefndir, í Reykjavík skattstjóri, annast um álagningu skatts samkvæmt lögum þessum og framkvæma möt þau (sbr. 2. og 3. gr.) og sérstöku útreikninga, sem nauðsynlegir eru til þess að ákveða skattinn.

6. gr.

Hreppsnefndum og niðurjöfnunarnefndum er skylt að gefa skattanefndum eftir kröfu þeirra upplýsingar um, hversu álögðum útsvörum ber að skipta á atvinnurekstur annarsvegar og eignir og atvinnu- og eignartekjur hinsvegar hjá þeim gjaldendum, sem atvinnu reka.

7. gr.

Skattanefndir skulu sérstaklega tilkynna mönnum bréflega álagningu skatts samkvæmt þessum lögum, og tilkynna 14 daga kærufrest frá dagsetningu tilkynningarinnar. Með kæru út af álagningu skattsins fer að öðru leyti sem kærur út af tekju- og eignarskatti álögðum samkvæmt lögum nr. 74, 27. júní 1921.

8. gr.

Innheimtu skatts þess, sem álagður er samkv. lögum þessum, annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, eftir nánari fyrirmælum ríkisstjórnarinnar. Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkvæmt lögum þessum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

9. gr.

Nánari fyrirmæli um álagningu skatts samkv. lögum þessum setur fjármálaráðuneytið, ef þurfa þykir, að fengnum tillögum ríkisskattanefndar.

10. gr.

Fjármálaráðuneytið myndar í lok hvers árs sérstakan sjóð af öllum tekjum, er ríkissjóður hefir fengið á því ári samkvæmt lögum þessum. Sá sjóður skal síðan skiptast í þrjá jafna hluta, er verja skal til sérstakra bjargráða í yfirstandandi kreppu, einum þriðjungnum til að lækka vexti af fasteignalánum sveitabænda, öðrum í styrk til sveitar- og bæjarfélaga, sem búa við mikla fjárþröng, en hinn þriðji leggst sem vaxtalaus höfuðstóll til að koma upp samvinnuútgerð þar, sem skilyrði eru góð og þörf á auknum skipastól. Nánari fyrirmæli um meðferð þessa fjár skulu sett af Alþingi.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og ber að leggja á skatt samkvæmt þeim á árinu 1933 í fyrsta sinn. Lögin gilda til ársloka 1935.

Greinargerð.

Mjög er erfitt og því nær ókleift að gera sér ákveðnar hugmyndir um, hve miklu skattur samkvæmt frumvarpinu mundi nema. Þess má þó geta í þessu sambandi, að samanlagðar hreinar tekjur yfir 8 þús. voru (þ. e. sá hluti tekna, sem var yfir 8 þús.) í Reykjavík árið 1931 um 2,4 millj. kr. (tekjur félaga ekki meðtaldar). Skatturinn í Reykjavík yrði þó ekki svo hár, sökum þess að í þessu er æðimikið af tekjum af atvinnurekstri, sem eigi eru skattlagðar samkvæmt frumvarpinu, ennfremur dregst frá hluti útsvara og tekju- og eignarskatts, og að lokum er þess að geta, að yfirleitt munu menn hafa haft minni hreinar tekjur árið 1932 en árið 1931. Hve miklu hreinar tekjur yfir 8 þús. námu samtals utan Reykjavíkur árið 1931, er eigi kunnugt.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir eigi ástæða til að fjölyrða.

Rétt þykir að gera ráð fyrir reglugerð um skatt þennan, og yrðu í henni m. a. nákvæmari ákvæði um það, hvaða tekjur teljast atvinnu- og eignartekjur og hverjar tekjur af atvinnurekstri, og önnur einstök atriði, sem eigi þykir ástæða til að taka fram í lögum.

Tillagan um að skapa hámarkslaun með hátekjuskatti er fram komin vegna þess, að þingmönnum og kjósendum er það ljóst, að hin háu laun verða ekki lækkuð svo um muni með breytingum á launalögum, með því að vafasamt myndi þykja, hvort slík niðurfærsla á launum gæti náð til þeirra manna, sem nú eru í embættum. Annar erfiðleiki engu minni er það, að slík löggjöf frá Alþingi næði ekki til hinna háu launa, sem einstök fyrirtæki borga sumum starfsmönnum sínum. Ef ríkið lækkaði laun sinna hæst launuðu starfsmanna, en sum atvinnufyrirtæki héldu áfram að greiða allt að 40—50 þús. kr. í árslaun, þá yrði niðurstaðan sú, að ríkið missti marga góða starfsmenn yfir til atvinnufyrirtækjanna, og yrði yfirleitt að sætta sig við minna mannval. Hin háu laun við einstök atvinnufyrirtæki eru meginorsök þess, að laun sumra opinberra starfsmanna eru hærri en fjárhagur þjóðarinnar leyfir. Og mörg af þessum fyrirtækjum, sem greiða framkvæmdastjórum sínum, skipstjórum o. s. frv. geysihá laun, eru í raun og veru svo illa stödd, að þau ættu að fagna því mest að geta vanið menn, þó ekki væri nema í bili, af hinum háu kröfum.

Frv. þetta miðar að því að taka kúfinn ofan af háu launununum í næstu 3 ár og verja þessu fé til styrktar þeim, sem erfiðast eiga í baráttu yfirstandandi tíma. Er hér lagt til að skipta þessum tekjustofni sem hallærishjálp milli sjávar og sveita, eftir sérstöku fyrirlagi Alþingis.

Hér verður engin tilraun gerð til að spá, hve miklu þessar tekjur myndu nema, og það því fremur, sem lög í þessa átt myndu allvíða verða til þess, að dýrir starfsmenn lækkuðu sjálfviljuglega laun sín, en það yrði til þess, að ríki, bæjarfélög og stofnanir fengju vinnu þessara manna ódýrari en áður. Hinir myndu þó sennilega verða fleiri, sem vildu halda í háu launin, í von um að geta fengið að njóta þeirra aftur að þrem árum liðnum.

Meginástæðan til þess, að háu launin verða að lækka stórvægilega meðan kreppan sverfur fastast að þjóðinni, er sú, að allur þorri landsmanna á nú við hið mesta tekjuleysi að búa, og langflestir landsmenn, bæði í sveitum og kaup-

stöðum, neita sér um allt, sem sparað verður, af því að ekki er annars kostur. En þessum mönnum, sem einmitt eiga mestan þátt í að skapa þjóðarauðinn, verður enn óbærilegri hin sára fátækt, er þeir sjá, að tekjumestu menn landsins spara að engu leyti eyðslu og útgjöld fremur en góðæri væri.

Hámarkslaunin eru þess vegna óhjákvæmileg til að gera þjóðinni nokkurnveginn þolanlegt að bera erfiðleika kreppunnar. Ef allir spara, ef óhófseyðslan hverfur meðan þjóðin er stödd í yfirstandandi raun, þá munu þeir menn, sem mest vinna en minnst fá að launum, una betur kjörum þeim, sem óviðráðanlegar kringumstæður skapa þjóðinni um þessar mundir.

Hugmyndinni um hámarkslaun hefir verið tekið betur en nokkurri annari skattatillögu, sem hreyft hefir verið á síðustu árum, því svo má heita, að hún hafi verið studd beint og óbeint á þingmálafundum um allt land. Má þess vegna vænta þess, að þingið sjái þann kost vænstan að greiða sem bezt fyrir málinu.

Þar sem skattur þessi nær til einstakra manna, en ekki til fyrirtækja, verður að bera fram frv. um annan skatt, sem nær til hárra tekna af atvinnufyrirtækjum, líkan tillögum þeim um eignar- og tekjuskatt, sem þeir Ingvar Pálmason og Páll Hermannsson báru fram á síðasta þingi.

Nd. 71. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32 frá 1931, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 7. gr. 1. mgr. Á eftir orðunum „taka þátt í sameiginlega kostnaðinum, sbr. 3. gr.“ komi: og má taka hið niðurjafnaða gjald lögtaki.
— 7. gr. 2. mgr. Orðin „nema hálfan“ falli niður.
— 89. gr. Á eftir orðunum „lög nr. 19, 15. júní 1926“ komi: lög nr. 27, 7. maí 1927.

Greinargerð.

Í 1. kafla laga um búfjárrækt, nr. 32 frá 1931, vantar ákvæði, er heimili lögtak á niðurjöfnuðum kostnaði vegna starfsemi nautgriparæktarfélaganna. Vegna innheimtu þess kostnaðar virðist óhjákvæmilegt að taka ákvæði um lögtaksheimild upp í lögin, enda er slík heimild í lögum um nautgriparækt frá 1927, en upp úr þeim lögum er 1. kafli búfjárræktarlaganna saminn.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. búfjárræktarlaganna skal greiða hálfan nautstoll, ef kýr festir eigi fang. Flytjist kýr milli hreppa, getur svo farið, að greiða þurfi gjald þetta tvisvar eða oftar án þess að kýrin festi fang. Virðist slíkt ósanngjarnt og veldur eðlilegri óánægju þeirra, er gjaldið eiga að inna af höndum, enda oft ærinn skaði eigandans, þó slík gjöld bætist eigi á hann. Þykir því rétt að leggja til, að gjald þetta verði fellt niður, og er þó skemmra gengið

en í lögum um nautgriparækt frá 1927, er aðeins gera ráð fyrir kálfstollum, þ. e. tilteknu gjaldi fyrir hvern borinn kálf.

Loks er lagt til, að lög um nautgriparækt, nr. 27 frá 1927, verði felld úr gildi, enda eru þau með öllu óþörf, ef 1. gr. frumv. þessa nær að verða að lögum.

Nd. 72. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 50 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 32 í einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru. Kosning þeirra er óhlutbundin. Skipta má tvímenningskjördæmum með lögum.

Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

b. 6 í Reykjavík og jafnmargir til vara samtímis. Kosning þeirra er hlutbundin.

c. Allt að 12 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti sem næst samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er þingmannaefnum flokksins samtals við almennar kosningar. Kosningu hljóta, eftir reglum kosningalaga, þau þingmannaefni utan Reykjavíkur, sem hlutfallslega flest atkvæði hafa fengið án þess að ná kosningu í kjördæmi. Ef slíkur þingmaður deyr eða fer frá á kjörtímabilinu, tekur varamaður sæti eftir sömu reglum.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

4. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og

hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., skal orða þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

6. gr.

Síðari málsgrein 38. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 37. gr., skal orða þannig:

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar við 3 umræður.

7. gr.

40. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 39. gr., skal orða þannig:

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

8. gr.

2. og 3. töluliður ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli niður, en í stað þeirra komi nýr 2. töluliður, svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Með flutning þessa frumvarp er af stjórnarinnar hálfu gerð tilraun til að koma á samkomulagi milli stjórnmálaflokkanna um afgreiðslu kjördæmamálsins. Frv. felur það tvennt í sér, að haldið er óbreyttri núverandi kjördæmaskipun og jafnaður atkvæðisrétturinn með uppbótarþingsætum. Tala uppbótarþingmanna, sem koma í stað landkjörinna þingmanna, má ekki fara fram úr 12, en getur verið lægri, þegar jöfnuður næst með lægri tölu. Auk þess er 2 þingsætum bætt við Reykjavík. Ef halda á núverandi kjördæmaskipun óbreyttri, þá verður ekki jafnað til á annan veg en með nokkurri þingmannafjölgun. En sá sparnaður, sem af því leiðir, að ræða fjárlög eingöngu í sameinuðu þingi, gerir meir en að vega upp á móti.

Í framsögu verður gerð nánari grein fyrir málinu.

Ed. **73. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast fyrir eitt ár í senn rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, er hann tekur hjá einni eða fleiri lánsstofnunum, allt að 100000 sterlingspundum, eða tilsvarandi fjárhæð í annari mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða því frumvarpi, er fjármálaráðherra flutti á Alþingi í fyrra og samþykkt var þar með þeirri einni breytingu, að ábyrgðarheimildin var aðeins veitt til eins árs, en ekki til eins árs í senn, eins og í frumvarpinu stóð.

Ástæðan fyrir ábyrgðarheimild þessari er sú sama og í fyrra: Þörf á rekstrarfé handa sjávarútveginum.

Bankinn telur hentugra, að í lögunum sjálfum felist heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast árlega rekstrarlán handa bankanum, heldur en að leita þurfi til þingsins um löggjöf í hvert sinn. Enda þarf jafnaðarlega að byrja að nota lánsféð á öndverðri vertíð, áður en þing kemur saman.

Nd. **74. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45, 3. nóv. 1915, um ullarmat.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin álítur, að meira samræmi verði á ullarmatinu, ef frumvarp þetta verður að lögum, og leggur því til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Einn nefndarmanna (PO) skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 1. marz 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form. — Lárus Helgason, frsm. — Steingr. Steinþórsson, fundaskrifari.

Pétur Ottesen, með fyrirvara. — Guðbr. Ísberg.

Ed. **75. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Við 1. gr. A.
   a. 11. tölul. skal orða svo:
      Fljótshlíðarvegur: Frá vegamótum Suðurlandsvegar hjá Garðsauka inn Fljótshlíð að Múlakoti.
   b. Nýr liður á eftir 11. lið:
      Þykkvabæjarvegur: Frá Ægissíðu að Hábæ í Þykkvabæ.
2. Við 1. gr. B.
   a. Í stað orðanna „yfir Hvítárbrú á Kálffossi“ í 5. tölul. komi: yfir Kláffossbrú um Reykholtsdal að Lambá.
   b. 7. tölul. skal orða svo:
      Snæfellsnesbraut: Frá vegamótum Stykkishólmsvegar austan Straumfjarðarár um Staðarsveit og Breiðavík til Hellissands.
   c. 8. tölul. orðist svo:
      Ólafsvíkurvegur: Frá Hellissandi um Ennisdal til Ólafsvíkur.
3. Við 1. gr. C. Í stað orðanna „um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði og Aðalreykjadal“ í 1. tölul. kemur: um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, og önnur álma norður Köldukinn, fyrir Núp, um Aðalreykjadal.

Nd. **76. Tillaga**

til þingsályktunar um útborgun á launum embættismanna.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta greiða þeim embættismönnum, sem utan Reykjavíkur búa og þess óska, laun sín í því pósthúsi, sem þeim er hentugast.

Greinargerð.

Embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins, sem búa utan Reykjavíkur, er talsvert óhagræði að því að fá laun sín greidd hér. Þeir þurfa þá að hafa hér umboðsmenn og kosta talsverðu til, sumpart við að ráðstafa fénu hér og sumpart við að ná fénu til sín. Úr þessu ætti að vera auðvelt að bæta með því að láta pósthúsin borga út launin á réttum gjalddögum. Þessu mætti koma fyrir án verulegs kostnaðar eða óhagræðis.

Viljað getur til, að einstaka embættismaður utan Reykjavíkur vilji heldur fá laun sín greidd hér syðra, og því er rétt, að þeir menn, sem vilja fá þau greidd annarsstaðar, láti í ljós ósk um það.

Ed. 77. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 84, 6. júlí 1932 [Bifreiðaskattur o. fl.].

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Orðin „í fyrsta skipti 1932“ í 4. gr. laga nr. 84 1932 falli burt.

Í stað orðanna „en ella frá 1. júlí 1931“ í sömu grein komi: en ella frá síðastliðnum 1. júlí.

2. gr.

Í stað „ræktunarvegarins“ í 8. gr. b.-lið komi: ræktunarveganna.

3. gr.

Fyrir „750“ í 7. gr. laganna komi: 250.

4. gr.

10. gr. falli burt.

5. gr.

Orðin „og gilda til ársloka 1933“ í 11. gr., sem verður 10. gr., falli burt.

Ed. 78. Frumvarp

til laga um skipun niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. gr.

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur skal skipuð 5 mönnum, sem bæjarstjórnin kýs með hlutfallskosningum til 4 ára á fyrra fundi sínum í febrúar næst eftir að almennar kosningar til bæjarstjórnar hafa farið fram, og 5 varamönnum, sem kosnir eru samtímis og á sama hátt.

Skattstjórinn í Reykjavík á sæti í niðurjöfnunarnefnd. Má kjósa hann formann nefndarinnar, enda hefir hann þar málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé jafnframt kosinn af bæjarstjórninni í nefndina.

2. gr.

Með samningi við fjármálaráðherra getur niðurjöfnunarnefndin ákveðið, að hún haldi fundi sína í húsakynnum skattstofunnar í Reykjavík og hafi afnot starfskrafta skattstofunnar eftir þörfum, gegn greiðslu úr bæjarsjóði á allt að ⅓ hluta af skrifstofukostnaði skattstofunnar, að frátöldum launum skattstjóra.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febr. 1934. Með þeim er úr gildi numin tilskipun nr. 55, 3. febr. 1923, um viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík, svo og, að því er Reykjavík snertir, 2., 3. og 4. málsliður 17. gr. laga nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, og ennfremur 2. málsliður 23. gr. laga nr. 74 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Greinargerð.

Niðurjöfnunarnefndin í Reykjavík er nú þannig skipuð, að bæjarstjórnin kýs í hana 4 menn með hlutfallskosningum, en skattstjórinn er 5. maður í nefndinni, atkvæðisbær og formaður hennar. Þessi tilhögun tryggir það ekki, að meiri hluti nefndarinnar sé í samræmi við meiri hluta kjósenda í bænum eða bæjarstjórnarinnar, og hefir tilhögunin því vakið réttmæta óánægju í bænum.

Í frv. er farið fram á að gera tilsvarandi breytingu á þessu eins og gerð hefir verið með löggjöf og tilskipunum á síðari árum að því er snertir bæjarstjórnina sjálfa og aðrar nefndir, sem hafa á hendi forstöðu bæjarmálanna, t. d. nú síðast bæjarráðið. Í það kýs bæjarstjórnin 5 fulltrúa með hlutfallskosningum, en borgarstjóri á þar og sæti, með málfrelsi og tillögurétti, og má kjósa hann formann bæjarráðsins, en atkvæðisrétt hefir hann því aðeins, að hann sé jafnframt bæjarfulltrúi og kosinn í bæjarráðið. Svipuð þessu er nú og staða borgarstjóra í bæjarstjórn og öðrum nefndum, svo og staða hafnarstjórans í hafnarstjórn, og er í frv. stungið upp á að haga þessu eins að því er snertir stöðu skattstjórans í niðurjöfnunarnefnd.

Það er að vísu brýn þörf á að breyta ákvæðunum um sjálfa niðurjöfnun útsvara í Reykjavík, þannig að þar komi fastar reglur í stað þess handahófs, sem of mikið gætir ennþá. Eigi verður þó hjá því komizt að halda niðurjöfnunarnefndinni, þótt slík breyting komist á, m. a. til þess að kveða á um útsvarsskyldu í vafatilfellum, veita ívilnanir vegna veikinda eða breyttra ástæðna og gera tillögur um eftirgjafir. Þykir því ekki ástæða til þess að fresta sanngjörnum breytingum á skipun nefndarinnar sjálfrar, þótt breytingar á útsvarslöggjöfinni séu ekki tilbúnar.

Ed. 79. Frumvarp

til laga um innlenda tóbaksvörugerð.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. gr.

Ríkisstjórnin gengst fyrir því að koma á innlendri tóbaksvörugerð, til framleiðslu á vindlum og vindlingum, svo og á öðrum tóbaksvörum, eftir því sem fært þykir.

2. gr.

Stofnfjár handa tóbaksvörugerðinni skal afla með almennu hlutaútboði innanlands. Heimilt er, að tóbakseinkasala ríkisins kaupi hluti í fyrirtækinu eftir ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Tóbaksvörugerðin gerir samning við tóbakseinkasölu ríkisins um kaup á efnivörum og um sölu á afurðum. Skal tóbakseinkasölunni skylt að kaupa af tóbaksvörugerðinni eigi minna en ¼ allra innkaupa sinna af vindlum og vindlingum á 2. rekstrarári tóbaksvörugerðarinnar, og skal lágmark þetta hækka upp í ½ eigi síðar en á 5. rekstrarári.

4. gr.

Með konunglegri tilskipun má setja þau nánari ákvæði, sem nauðsynleg kunna að þykja til þess að koma fyrirtæki þessu í framkvæmd og tryggja rekstur þess.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í öllum löndum er nú lögð hin mesta áherzla á að efla iðjulíf innanlands. Hér á landi myndaðist fyrir allmörgum árum nokkur vísir til innlendrar tóbaksvörugerðar, en hefir kulnað alveg út vegna erfiðrar aðstöðu gagnvart tolla- og einkasölulöggjöf.

Nú er tóbakseinkasalan til nægilega mikils óhagræðis fyrir landsmenn, þótt hún sé ekki lengur látin standa í vegi fyrir því, að landsmenn geti að einhverju leyti notið þeirrar atvinnu, sem felst í tilbúningi á vindlum, vindlingum og öðrum tóbaksvörum. Er það því eðlilegt, að sú krafa sé gerð til ríkisstjórnarinnar og tóbakseinkasölunnar, að af þeirra hálfu verði gengizt fyrir stofnun innlendrar iðju á þessu sviði, þar sem framtakssemi einstaklinga er með lögunum um einkasölu á tóbaki útilokuð frá forgöngu eða athöfnum í þessa átt.

Ed. 80. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Guðmundi Ólafssyni.

Við 1. gr. C.

Framan við 4. lið komi 2 nýir liðir:

a. *Vatnsdalsvegur:* Frá Vatnsdalshólum að Undirfelli.
b. *Svínvetningabraut:* Frá Blönduósi að Svínavatni.

Nd. **81. Frumvarp**

til laga um alþýðutryggingar.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

I. KAFLI.

Um tryggingarskyldu og svið tryggingar.

1. gr.

Tryggingarskyldir samkvæmt lögum þessum eru allir íslenzkir ríkisborgarar, konur jafnt sem karlar, á aldrinum frá 15 til 65 ára, sem hér á landi framfæra sig með vinnu í þjónustu annara, einstakra manna, félaga, stofnana eða hins opinbera, og þiggja kaup fyrir í peningum eða fríðindum, sem meta má til peninga, ef samanlagðar árstekjur þeirra, þar með taldar árstekjur eiginkonu, fara eigi fram úr 4000 krónum auk 500 króna fyrir hvern skylduómaga, ef sá, er í hlut á, er búsettur í Reykjavík, 3300 kr. auk 400 króna fyrir hvern skylduómaga, ef hann er búsettur í öðrum kaupstöðum, og 2700 kr. auk 300 króna fyrir hvern skylduómaga, ef hann er búsettur annarsstaðar á landinu, og skuldlaus eign þeirra eigi nemur yfir 10000 krónum.

Sama gildir um þá, sem ekki er goldið ákveðið kaup, ef aðaltekjustofn þeirra er ávöxtur af vinnu í þjónustu annara, svo sem fiskimenn, sem ráðnir eru upp á hlut úr afla, fólk, sem vinnur ákvæðisvinnu, o. fl. Ennfremur eru iðnnemar, verzlunarnemar og aðrir verknemar tryggingarskyldir.

2. gr.

Sérhver sá, sem tryggður er samkvæmt 1. gr., hefir rétt til sjúkrahjálpar fyrir sig og skyldulið sitt, ef sjúkdóm ber að höndum, til slysabóta, ef lög nr. 72, 8. sept. 1931, ná til hans, til lífeyris, ef hann eða hún verður öryrki, til ellilauna eftir að 65 ára aldri er náð, og ef hann er meðlimur í stéttarfélagi innan vébanda Alþýðusambands Íslands, á hann rétt á að fá vinnu, er Alþýðutryggingin veitir styrk til, eða að öðrum kosti atvinnuleysisstyrk, þegar atvinnuleysi ber að höndum, honum sjálfum að ósjálfráðu, allt samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga.

Rétt til þess að tryggja sér sjúkrahjálp, örorkulífeyri og ellilaun með styrk frá ríki, sveitum og bæjum geta aðrir en þeir, sem taldir eru í 1. gr., öðlazt, ef árstekjur þeirra fara ekki fram úr þeim takmörkum, sem sett eru í 1. gr., og þeir sækja um upptöku í frjálsar tryggingar samkvæmt ákvæðunum í VIII. kafla þessara laga og fullnægja að öðru leyti skilyrðum, sem þar eru sett fyrir upptöku í frjálsar tryggingar.

3. gr.

Tryggingarskylda nær ekki til borgara erlendra ríkja, sem hér á landi vinna í þjónustu annara, eða eru ráðnir á íslenzk skip. Þó skulu vinnukaupendur þeirra

inna af hendi gjöld til alþýðutryggínganna jafnt og þeir, sem hafa tryggingarskylda menn og konur í þjónustu sinni. Ríkisstjórnin getur ákveðið, að borgarar einstakra erlendra ríkja skuli njóta sömu réttinda og þeirra, er íslenzkir ríkisborgarar njóta samkvæmt þessum lögum, hafi samningur náðst við hlutaðeigandi ríki um gagnkvæm réttindi íslenzkra ríkisborgara, þar búsettra.

4. gr.

Sá telst framfæra sig af vinnu í þjónustu annara samkvæmt 1. gr., sem fær helming tekna sinna eða meira fyrir slíka vinnu, þótt hann eða hún jafnframt stundi sjálfstæða atvinnu.

Nú vinnur maður eða kona, sem stundar sjálfstæða atvinnu, um stundarsakir hjá öðrum, og skal þá vinnukaupandi hans eða hennar greiða sömu gjöld til alþýðutryggínganna sem honum bæri að inna af hendi, ef hann hefði tryggingarskyldan mann eða konu í þjónustu sinni, og getur sá, er vinnuna framkvæmir, ef hann eða hún er þátttakandi í frjálsri tryggingu samkvæmt VIII. kafla þessara laga, krafizt þess, að gjaldið verði dregið frá iðgjaldi hans eða hennar til frjálsra trygginga.

Sama gildir um þá, sem hafa hærri tekjur eða eignir en svo, að tryggingarskyldir séu samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Þeir af starfsmönnum ríkisins, sem eiga rétt á lífeyri samkvæmt lögum frá 27. júní 1925, um lífeyrissjóð embættismanna, og ákvæði 1. gr. þessara laga ná til, öðlast öll þau réttindi, sem lögin um alþýðutryggingar veita hinum tryggðu, en missa jafnframt allt tilkall til lífeyris samkvæmt lögunum frá 1925.

Sama gildir um barnakennara, sem eiga rétt á lífeyri samkvæmt lögum frá 27. júní 1925, um lífeyrissjóð barnakennara.

Þeir embættismenn og barnakennarar, sem ákvæði 1. gr. þessara laga ná ekki til, skulu eftir að lög þessi öðlast gildi kaupa sér hjá hinni frjálsu alþýðutryggingu, sem sett verður á stofn með þessum lögum, öll sömu réttindi, sem þeim áður bar skylda til að tryggja sér samkvæmt lögum frá 1925 um lífeyrissjóð embættismanna og lögum frá sama ári um lífeyrissjóð barnakennara.

Á þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, skal fara fram uppgerð á lífeyrissjóðum embættismanna og barnakennara, og afhendir ríkið Alþýðutryggingunni allar eignir beggja lífeyrissjóðanna. Jafnframt tekur Alþýðutryggingin á sig allar skuldbindingar gagnvart þeim, er 1. gr. þessara laga nær eigi til.

6. gr.

Nú breytist efnahagur, atvinna, tekjur eða framfærsluþungi skyldutryggðs meðlims svo, að ákvæði 1. gr. taka eigi til hans, og skal hann þá, ef hann vill halda rétti sínum til örorkulífeyris og ellilauna, sækja um upptöku í frjálsar tryggingar samkvæmt 47. gr.

II. KAFLI.

Um stjórn Alþýðutryggingarinnar.

7. gr.

Stofnun sú, er annast tryggingarnar, heitir Alþýðutrygging Íslands. Í lögum þessum nefnist hún Alþýðutryggingin.

8. gr.

Hin lögboðna alþýðutrygging er í 4 deildum. Annast ein þeirra sjúkratrygginguna, önnur örorku- og ellitrygginguna og sú þriðja atvinnuleysistrygginguna. Ennfremur skal Alþýðutryggingin, þá er lög þessi öðlast gildi, taka við stjórn Slysatryggingar ríkisins, og verður það fjórða deildin innan Alþýðutryggingarinnar. Hefir hver þessara deilda sérstakt bókhald og fullkomlega aðgreindan fjárhag, enda ber engin deildanna ábyrgð á skuldbindingum annarar.

Á þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, skal fara fram uppgerð á sjóði Slysatryggingar ríkisins, hann afhendast Alþýðutryggingunni og tekur tryggingarstjórnin við stjórn og rekstri Slysatryggingar ríkisins frá sama tíma.

9. gr.

Aðalskrifstofa Alþýðutryggingarinnar er í Reykjavík, en úti um land hefir hún skrifstofur og umboðsmenn, svo víða og á þeim stöðum sem þörf krefur.

10. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn þeirra mála, er heyra undir lög þessi og Alþýðutrygginguna varða. Hann setur reglugerðir samkvæmt þeim og úrskurðar ágreining, er rísa kann út af ákvæðum laganna og reglugerða eða framkvæmd þeirra og eigi er útkljáður af tryggingarstjórn eða gerðardómi eða skotið til dómstólanna.

11. gr.

Stjórn Alþýðutrygginganna, sem í lögum þessum nefnist tryggingarstjórnin, skipa 7 menn. Skulu 2 þeirra tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, 2 kosnir af vinnukaupendum og 2 af meðlimum frjálsu tryggingarinnar, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Sjöunda manninn skipar atvinnumálaráðherra, og er hann formaður tryggingarstjórnarinnar. Kosning og skipun í tryggingarstjórn gildir til þriggja ára. Ríkissjóður greiðir laun tryggingarstjórnar, en atvinnumálaráðherra ákveður þau.

12. gr.

Um þau mál, er varða hina lögboðnu skyldutryggingu sérstaklega, hafa þeir 2 stjórnarmeðlimir, sem kosnir eru af meðlimum frjálsu tryggingarinnar, eigi atkvæðisrétt. Eigi heldur hafa hinir 4 stjórnarmeðlimir, sem tilnefndir eru af Alþýðusambandi Íslands og kosnir af vinnukaupendum, atkvæðisrétt um mál, er varða frjálsu trygginguna sérstaklega.

13. gr.

Tryggingarstjórnin skal skipuleggja tryggingarnar og stjórna rekstri þeirra samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Hún skal hafa nákvæmt eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt í öllum greinum, safna ýtarlegum skýrslum og færa bækur um öll þau atriði, sem máli skipta við ákvörðun iðgjalda og annars þess, er að starfsemi tryggingganna lýtur. Hún ræður forstjóra Alþýðutryggingarinnar, einn eða fleiri, ákveður laun þeirra og setur þeim erindisbréf. Ef hentugt þykir, getur hún ákveðið að ráða sérstakan forstjóra fyrir hverja deild. Hún skal ennfremur ráða fasta tryggingarlækna, umboðsmenn og aðra fasta starfsmenn og ákveða kaup þeirra, semja við aðra lækna og ljósmæður, eftir því sem þörf krefur, um lækna- og ljósmóðurtaxta og við lyfjabúðir um sérstakt lyfjaverð fyrir tryggingarmeðlimi. Hún kveður á um upphæð dagpeninga, örorkulífeyris, ellilauna, slysabóta, styrki til atvinnubóta og rétt hinna tryggðu til styrks eða sjúkrahjálpar og hefir alla yfirstjórn á fjárreiðum Alþýðutryggingarinnar.

Heimilt er tryggingarstjórninni að fela forstjóra og umboðsmönnum, auk venjulegra afgreiðslu- og skrifstofustarfa, það af framangreindum störfum, sem hentugt þykir að fela þeim á hverjum stað og tíma.

14. gr.

Í hverri sveit og kaupstað skal vera þriggja manna nefnd til þess að fylgjast með starfsemi Alþýðutryggingarinnar og gera tillögur um tilhögun hennar hver í sínu umdæmi. Nefndir þessar nefnast tryggingarnefndir.

Af nefndarmönnum skulu tveir kosnir með hlutfallskosningu af sveitar- eða bæjarstjórn, en þann þriðja tilnefna stjórnir verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, þar sem þau eru, en stjórn Alþýðusambandsins þar, sem slík verkalýðsfélög eru ekki.

Kostnaður við störf tryggingarnefnda greiðist af bæjar- og sveitarsjóðum.

15. gr.

Sérhver sá, sem telur sig eiga rétt á að vera skyldutryggðan samkvæmt 1. gr. þessara laga, skal ár hvert fyrir 1. febrúar hafa gert tryggingarnefnd grein fyrir heimili, aldri, hjúskaparstétt, atvinnu, framfærsluþunga, eignum og tekjum á síðastliðnu ári, hve mikið af tekjunum er endurgjald fyrir vinnu í annara þjónustu, hvort hann er ráðinn til ársvistar eða stundar lausavinnu og hver eða hverjir eru vinnukaupendur hans. Ef tryggingarnefnd, sem prófar sannleiksgildi þessara upplýsinga, telur hann vera tryggingarskyldan samkvæmt 1. gr., lætur hún honum í té bók, í formi, sem tryggingarstjórnin ákveður og gildir fyrir eitt ár í senn sem skírteini fyrir réttindum hans gagnvart Alþýðutryggingunni.

Kærur út af úrskurði tryggingarnefndar sendast tryggingarstjórninni eða umboðsmönnum hennar. Þó skal hlutaðeigandi tryggingarnefnd, áður en tryggingarstjórnin kveður upp úrskurð sinn, gefið tækifæri til þess að láta uppi álit sitt í málinu.

Tryggingarnefndir skulu færa skrá yfir alla tryggingarskylda menn og

konur, sem fengið hafa skírteini í umdæmi þeirra. Skulu skrár þessar gerðar í því formi, sem tryggingarstjórnin ákveður, og greina allar þær upplýsingar, sem taldar eru í 1. málsgr. þessarar greinar. Afrit af skrám þessum skulu tryggingarnefndir senda tryggingarstjórninni fyrir 1. marz ár hvert. Tryggingarstjórnin getur ákveðið, að hinir tryggingarskyldu færi áður nefndar upplýsingar inn á skírteini sín, og að tryggingarnefnd annist um, að þau skírteini, sem voru í gildi á næstliðnu ári á undan, verði send tryggingarstjórninni. Ef hentugt þykir, getur tryggingarstjórnin ennfremur ákveðið, að vinnukaupendur skuli inna af hendi gjöld sín til Alþýðutryggingarinnar með því að kaupa og líma inn í áður nefnd skírteini tryggingarmerki, sem tryggingarstjórnin gefur út í þeim tilgangi.

16. gr.

Tryggingarnefndirnar skulu hver í sínu umdæmi vera tryggingarstjórn og umboðsmönnum hennar til aðstoðar við öflun upplýsinga um þau atriði, sem máli skipta, þegar ákveða skal rétt þeirra, er sækja um sjúkrahjálp, örorkulífeyri, ellilaun, slysabætur, atvinnu eða atvinnuleysisstyrk.

III. KAFLI.

Um sjúkrahjálp.

17. gr.

Alþýðutryggingunni er skylt að láta í té þeim, er skyldutryggðir eru og hlotið hafa tryggingarskírteini, þá hjálp í veikindum, sem hér er talin:

1. Ókeypis læknishjálp hjá tryggingarlæknum eða öðrum læknum, er tryggingarstjórnin semur við.
2. Ókeypis lyf og umbúðir samkvæmt fyrirsögn tryggingarlæknis, að fullu á sjúkrahúsi og að ¾ hlutum utan sjúkrahúss. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. þörf fyrir óvenjulega dýr lyf, er tryggingarstjórninni heimilt að láta Alþýðutrygginguna greiða lyfin að fullu, þótt sjúklingurinn sé eigi á sjúkrahúsi.
3. Ókeypis nudd, böð, ljóslækningar og aðrar sérlæknisaðgerðir, sem tryggingarlæknir telur nauðsynlegar, eftir reglum, sem tryggingarstjórnin setur.
4. Ef veikindin hafa í för með sér, að hinn tryggði verður óvinnufær, greiðir Alþýðutryggingin honum dagpeninga. Upphæð dagpeninga skal vera 5 kr. á dag, auk einnar krónu á dag, ef tala skylduliðs að framfæranda meðtöldum fer fram úr þremur, fyrir hvern fjölskyldumeðlim, sem umfram er. Þó mega dagpeningar eigi fara fram úr ¾ af venjulegu dagkaupi hins tryggða við þá atvinnu, er telst aðalatvinna hans, og eigi skerðast svo, að þeir verði lægri en 2 kr. á dag.

   Óvinnufær telst sá, sem samkvæmt vottorði tryggingarlæknis getur eigi unnið, eða á á hættu, að sjúkdómurinn versni, ef hann heldur áfram að vinna.
5. Ókeypis ljósmóðurhjálp og læknishjálp, ef nauðsyn krefur, við barnsfæð-

ingu. Ennfremur sængurkonupeninga í allt að 2 vikur fyrir og 6 vikur eftir barnsburð, að upphæð jafna dagpeningum.

6. Styrk upp í útfararkostnað, allt að 200 kr., eftir nánari ákvörðun tryggingarstjórnar.

18. gr.

Eiginkonur eða eiginmenn tryggingarskyldra meðlima og börn þeirra og fósturbörn innan 15 ára aldurs fá hjálp í veikindum samkvæmt eftirfarandi reglum, ef þessar persónur, sem í lögum þessum nefnast skyldulið hins tryggða, eru á framfæri hans:

1. Alþýðutryggingin skal veita skylduliði meðlimanna ókeypis læknishjálp, lyf og læknisaðgerðir samkvæmt sömu reglum og í 17. gr. 1., 2. og 3. tölul. segir.
2. Styrk upp í útfararkostnað, 100 kr. við fráfall eiginkonu eða eiginmanns og 50 kr. við fráfall barns.
3. Sængurkonupeninga, 50 kr. við barnsfæðingu og ókeypis ljósmóðurhjálp og læknishjálp, ef nauðsyn krefur.

Ógift kona, sem býr samvistum með ókvæntum manni, hefir sama rétt til sjúkrahjálpar og eiginkona, ef hún hefir fætt honum barn eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði.

19. gr.

Ef lækning getur eigi farið fram, að dómi tryggingarlæknis, á heimili hins tryggða, skal Alþýðutryggingin sjá sjúklingnum fyrir ókeypis dvöl, læknishjálp og aðhjúkrun á sjúkrahúsi, hressingarhæli eða fæðingarstofnun. Dagpeningar og sængurkonupeningar greiðast eigi á meðan hinn tryggði dvelur á sjúkrahúsi, hæli eða fæðingarstofnun, nema hann hafi fyrir skylduliði að sjá. Þegar svo stendur á, greiðir Alþýðutryggingin fjölskyldupeninga, að upphæð jafna hálfum dagpeningum, ef fjölskyldumeðlimir eru færri en tveir; ef þeir eru tveir eða þrír, nema fjölskyldupeningar ¾ af dagpeningum, og fullum, ef fleiri eru.

20. gr.

Alþýðutryggingin greiðir ferðakostnað læknis, ef sjúklingur er eigi fær um að koma á þann stað, þar sem tryggingarlæknir tekur á móti sjúklingum. Ferðakostnaður meðlima og skylduliðs þeirra til læknis eða á sjúkrahús greiðist af Alþýðutryggingunni, ef hinn tryggði sjálfur eða húsbóndi hans gat eigi veitt sjúklingnum fararbeina.

21. gr.

Til læknishjálpar telst útdráttur tanna og tannfyllingar, eftir nánari reglum, er tryggingarstjórn setur.

22. gr.

Ef sjúklingurinn er óvinnufær skemur en 3 daga, greiðast engir dagpeningar, en ef hann er óvinnufær 4 daga eða lengur, greiðast dagpeningar einnig fyrir 3 fyrstu dagana, reiknað frá þeim degi, sem læknis var leitað, nema gild rök séu færð fyrir því, að hann hafi verið óvinnufær fyrir þann tíma.

Dagpeningar, lyf og meðlagskostnaður á sjúkrahúsi greiðist fyrir tryggingarskylda meðlimi í allt að 36 vikur fyrir sama sjúkdóm, sbr. þó 23. gr., þó ekki yfir 26 vikur á samfleyttum 12 mánuðum.

Fyrir skyldulið meðlima greiðist lyf, læknishjálp og sjúkrahúsvist í allt að 26 vikur fyrir sama sjúkdóm.

Meðlagskostnaður á fæðingarstofnun greiðist í allt að 8 vikur fyrir tryggðar konur og konur hinna tryggðu. Dagpeningar greiðast ekki, ef hinn tryggði heldur fullu kaupi meðan hann er óvinnufær. Haldi hinn tryggði hluta af kaupi sínu, má greiða honum dagpeninga eða hluta af þeim, eftir reglum, sem tryggingarstjórnin setur, þó þannig, að kaup og dagpeningar fari aldrei fram úr venjulegum daglaunum í starfsgrein hins tryggða.

23. gr.

Nú hefir skyldutryggður meðlimur fengið alla þá sjúkrahjálp, sem hann á kröfu á samkvæmt 22. gr., og fær hann þá eigi framar hjálp frá sjúkratryggingardeild Alþýðutryggingarinnar, ef hann er lengur veikur eða veikist á ný af sama sjúkdómi innan 18 mánaða. Ef hinn skyldutryggði er enn óvinnufær, þegar réttur til sjúkrahjálpar fellur niður samkv. 22. gr., og sjúkdómurinn heyrir ekki undir sérstök lög eða heilbrigðisráðstafanir af hálfu ríkisins, á hann rétt á að fá örorkulífeyri samkvæmt 27. gr. þar til hann verður vinnufær á ný.

24. gr.

Heimilt er tryggingarstjórninni að láta lækna skoða meðlim og skyldulið hans við upptöku og síðar, til þess að ganga úr skugga um, hvort hann er haldinn af varanlegum sjúkdómi eða öðrum sjúkdómi, sem eigi veitir rétt til sjúkrahjálpar frá sjúkratryggingardeild Alþýðutryggingarinnar. Nú veikist tryggingarskyldur meðlimur eða skyldulið hans af sjúkdómi, sem ríkissjóði samkvæmt sérstökum lögum ber að kosta lækningu á, og greiðir Alþýðutryggingin þá eigi þann kostnað. Hafi Alþýðutryggingin greitt kostnað vegna slíkra sjúkdóma, endurgreiði ríkissjóður upphæðina.

25. gr.

Nú þarfnast tryggingarskyldur maður eða kona eða einhver af skyldulíði hans læknis- eða ljósmóðurhjálpar, og skal hann þá sýna tryggingarlækni eða ljósmóður, sem Alþýðutryggingin hefir samið við, skírteini fyrir því, að hann hafi rétt til sjúkrahjálpar frá Alþýðutryggingunni.

Tryggingarskyldur maður eða kona, sem gerir kröfu til þess að fá greidda dagpeninga frá Alþýðutryggingunni, skal ásamt umsókn sinni senda til tryggingarnefndar skýrslu um tekjur sínar af vinnu og framfærsluskyldu í byrjun sjúkdómsins og ennfremur um það, hvort hann heldur kaupi sínu eða hefir aðrar tekjur á meðan sjúkdómurinn varir. Umsókninni skal ennfremur fylgja vottorð frá tryggingarlækni um, að hann sé óvinnufær. Eftir að tryggingarnefnd hefir lítið eftir, að skýrslan hafi að geyma þær upplýsingar, sem krafizt er, og prófað sannleiksgildi þeirra, skal hún senda umsóknina ásamt skýrslu umsækjanda og vottorði tryggingarlæknis til tryggingarstjórnarinnar eða umboðsmanns hennar.

Tryggingarlæknar halda bók um alla tryggingarskylda menn og konur, er til þeirra leita, í því formi, er tryggingarstjórnin ákveður. Ennfremur ber þeim eins fljótt og við verður komið að senda tryggingarstjórn eða umboðsmanni hennar þær tilkynningar, sem tryggingarstjórn telur nauðsynlegar, um hvern einstakan sjúkling, sem fær læknishjálp. Sama gildir um ljósmæður.

IV. KAFLI.

Um slysabætur.

26. gr.

Um slysabætur fer eftir lögum nr. 72, 8. sept. 1931.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að ákveða, að iðgjöld til slysatryggingarinnar verði innheimt ásamt gjöldum til Alþýðutryggingarinnar.

V. KAFLI.

Um örorkulífeyri og ellilaun.

27. gr.

Útborgun örorkulífeyris byrjar þegar hinn tryggingarskyldi verður að staðaldri óvinnufær, og útborgun ellilauna þegar hann verður fullra 65 ára að aldri.

En varanlega óvinnufær telst sá vera samkvæmt þessum lögum, sem ekki er lengur fær um, við störf, er samsvara líkamskröftum hans og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af honum, með hliðsjón af uppeldi hans og undanfarandi starfa, að vinna sér inn helming þess, er andlega og líkamlega heilbrigðir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði.

Þeir skyldutryggðir, sem ekki eiga lengur rétt á að fá greidda dagpeninga frá sjúkratryggingardeild Alþýðutryggingarinnar, eiga rétt á, ef þeir eru enn óvinnufærir á þeim tíma, sem greiðsla dagpeninga fellur niður, að fá útborgaðan örorkulífeyri á meðan þeir eru óvinnufærir. Þó er Alþýðutryggingunni eigi skylt að greiða örorkulífeyri til þeirra, sem samkvæmt sérstökum lögum eiga rétt á styrk, aðhjúkrun eða ókeypis vist á berklahælum eða öðrum stofnunum á kostnað ríkisins.

Rétturinn til þess að njóta örorkulífeyris og ellilauna er ennfremur bundinn því skilyrði, að umsækjandi sé tryggingarskyldur á þeim tíma, er hann verður öryrki eða nær að verða fullra 65 ára.

28. gr.

Árlegur örorkulífeyrir og ellilaun nema þeim upphæðum, er hér segir, með frádrætti vegna annara tekna samkvæmt 32. gr.:

1. Til hjóna, sem bæði eru tryggingarskyld og bæði fullnægja skilyrðunum samkvæmt 27. gr., greiðist 1350 kr. í Reykjavík, í öðrum kaupstöðum 1125 kr. og annarsstaðar á landinu 900 kr. Sama gildir um ókvæntan mann,

sem býr með ógiftri konu, ef hún hefir fætt honum barn eða þau búið samvistum lengur en 18 mánuði.

2. Til einhleypinga, manns eða konu, og hjóna, ef aðeins annað þeirra fullnægir skilyrðunum til þess að njóta örorkulífeyris eða ellilauna, greiðist í Reykjavík 900 kr., í öðrum kaupstöðum 750 kr. og annarsstaðar á landinu 600 kr.

29. gr.

Um greiðslu örorkulífeyris og ellilauna til hjóna, þegar maðurinn er tryggingarskyldur en konan eigi, gilda eftirfarandi reglur:

1. Ef maðurinn er öryrki eða fullra 65 ára og konan sömuleiðis er annaðhvort öryrki eða 65 ára að aldri, greiðist sú upphæð, sem gildir fyrir hjón, sem bæði fullnægja skilyrðunum.
2. Ef maðurinn er öryrki eða 65 ára, en konan eigi hefir náð þeim aldri né heldur er öryrki, greiðist sama upphæð og sú, er gildir fyrir einhleypan mann eða konu, þar til konan verður öryrki eða nær 65 ára aldri, en eftir það greiðist sú upphæð, sem gildir fyrir hjón.
3. Ef maðurinn er vinnufær, greiðist eigi örorkulífeyrir eða ellilaun, þótt konan sé öryrki eða hafi náð 65 ára aldri, en sé svo eigi, greiðist sú upphæð, sem gildir fyrir hjón, frá þeim tíma, að maðurinn verður öryrki eða nær 65 ára aldri.

Tilsvarandi reglur gilda um lífeyri hjóna, þegar konan er tryggingarskyld, en maðurinn eigi.

30. gr.

Ekkja eftir tryggingarskyldan mann á rétt á örorkulífeyri frá dánardægri mannsins, ef hún á þeim tíma er öryrki, en annars, hafi hún eigi áður gift sig á ný, frá þeim tíma, er hún verður óvinnufær. Rétt til ellilauna á hún, þegar hún verður 65 ára, hafi hún eigi gift sig á ný.

Tilsvarandi regla gildir um rétt ekkjumanns eftir tryggingarskylda konu til örorkulífeyris og ellilauna.

31. gr.

Ef örorkan hefir í för með sér, að öryrkinn þarfnast stöðugrar umönnunar annara, þannig, að hann getur eigi haft ofan af fyrir sér að neinu verulegu leyti, greiðir Alþýðutryggingin honum til viðbótar við örorkulífeyrinn þær upphæðir, sem hér greinir: Í Reykjavík 360 kr., í öðrum kaupstöðum 300 kr. og annarsstaðar á landinu 240 kr. Þegar slíkur öryrki öðlast rétt til ellilauna, fær hann framvegis þessa uppbót.

Sömu upphæðir greiðast til viðbótar við ellilaun þeirra, sem náð hafa 75 ára aldri.

Ef hjón, sem búa saman, hvort um sig hafa rétt til þess að fá útborgaða uppbót, fellur niður greiðsla á ¼ af uppbót hvors þeirra.

Hvíli framfærsluskylda barns innan 15 ára á þeim, er nýtur örorkulífeyris eða ellilauna, greiðir Alþýðutryggingin vegna fyrsta barns, í Reykjavík 360 kr., í öðrum kaupstöðum 300 kr. og annarsstaðar á landinu 240 kr. Ef á honum

hvílir full framfærsluskylda fleiri barna innan 15 ára aldurs, greiðist í Reykjavík 240 kr., í öðrum kaupstöðum 200 kr. og annarsstaðar á landinu 160 kr. uppbót fyrir hvert barn, sem umfram er eitt. Þó geta barnauppbætur samanlagðar eigi farið fram úr 1080 kr. í Reykjavík, 900 kr. í öðrum kaupstöðum og 720 kr. annarsstaðar á landinu.

32. gr.

Rétturinn til þess að fá útborgaðar þær upphæðir í árlegan örorkulífeyri og ellilaun, sem taldar eru í 28. gr., er bundinn því skilyrði, að aðrar árlegar tekjur þess, er í hlut á, reiknaðar samkvæmt reglunum í 3. málsgr., fari eigi fram úr ⅓ af hinum föstu upphæðum samkvæmt 28. gr.

Ef tekjurnar eru meiri, skal draga frá lífeyrinum samkvæmt 28. gr. og uppbótunum samkvæmt 31. gr., ef nokkrar eru, 60% af þeirri upphæð, sem árstekjurnar eru umfram þriðjung hinna föstu upphæða samkvæmt 28. gr.

Tekjurnar, sem koma til greina, eru reiknaðar samkv. eftirfarandi reglum.

1. Til ársteknanna telst allt það, er hlutaðeigandi á síðastliðnu almanaksári hefir unnið sér inn, sbr. þó 3. tölulið, fastur styrkur frá einstökum mönnum eða opinberum sjóðum, að undanskildum örorkulífeyri og ellilaunum frá Alþýðutryggingunni, eftirlaun og tekjur af eignum, bæði fasteignum og lausafé. Hafi hlutaðeigandi skyndilega misst möguleikann til þess að vinna sér inn það, sem hann áður hafði upp úr vinnu sinni, skal eigi við fyrstu ákvörðun tekið tillit til þess, er hann vann sér inn á síðastliðnu almanaksári. Tekjur af vinnu skulu þá metnar eftir því, sem sanngjarnt er að áætla, að hlutaðeigandi sé fær um að vinna sér inn á þeim stað.
2. Ef hlutaðeigandi á fasteign eða aðrar eignir, skal leggja 5% af samanlögðum eignum hans við árstekjurnar.
3. Af því, sem öryrkjar vinna sér inn sjálfir, skal eigi við ákvörðun ársteknanna tekið tillit til upphæðar, sem nemur allt að 30% af hinum föstu upphæðum samkvæmt 28. gr.
4. Ef aðeins annað af hjónum, sem búa saman, á rétt á að fá útborgaðan örorkulífeyri eða ellilaun, reiknast árstekjurnar vera helmingur af árstekjum beggja; sömuleiðis reiknast viðbótin samkv. 2. tölulið af helmingi af samanlögðum eignum beggja, þó þannig, að lífeyririnn má eigi fara fram úr þeirri upphæð, sem Alþýðutryggingunni bæri að greiða, ef bæði hjónin fullnægðu skilyrðunum til þess að njóta örorkulífeyris eða ellilauna.
5. Eftir að árstekjurnar hafa verið ákveðnar samkv. þessum reglum, er upphæð þeirra gerð deilanleg með 10, þannig að upphæð, er nemur 5 kr. eða meiru, er hækkuð upp í 10 kr., en minni upphæðum sleppt, og gildir sú upphæð, sem þá kemur fram, þegar ákveða skal örorkulífeyri eða ellilaun samkvæmt 1. og 2. málsgrein.

33. gr.

Umsóknir um örorkulífeyri og ellilaun sendist til tryggingarnefndar, þar sem umsækjandi er búsettur. Umsókninni skal fylgja skýrsla, undirrituð af umsækjanda og í því formi, sem tryggingarstjórnin ákveður, með upplýsingum um öll þau atriði, er skipta máli þegar ákveða skal rétt umsækjanda til örorkulífeyris eða ellilauna. Auk þess skulu 2 menn, nákunnugir högum umsækjanda,

undirskrifa yfirlýsingu um, að upplýsingar þær, er skýrslan hefir að geyma, séu sannleikanum samkvæmar. Umsókninni skal ennfremur fylgja, auk skírnarvottorðs, vottorð frá tryggingarlækni um heilbrigðisástand umsækjandans.

Tryggingarnefnd skal á hverjum fundi taka til umræðu allar umsóknir, sem henni hafa borizt, og ber henni að líta eftir, að skýrslurnar hafi að geyma þær upplýsingar, sem krafizt er, prófa sannleiksgildi þeirra og leiðrétta, ef rangar eru, og að því búnu senda umsóknirnar til tryggingarstjórnarinnar eða umboðsmanna hennar.

Tryggingarstjórn sker úr því, hvort umsækjandi á rétt á örorkulífeyri eða ellilaunum og ákveður upphæð lífeyrisins.

34. gr.

Tryggingarstjórninni er heimilt að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að tryggingarskyldir menn og konur, eiginmenn þeirra og eiginkonur verði öryrkjar, með því að láta þá læra störf við þeirra hæfi, veita þeim viðeigandi læknishjálp eða sérlæknishjálp, æfa þá við notkun umbúða, gervilima, gleraugna, sjúkravagna og annara tækja, ef fyrirsjáanlegt er, að vanræksla á þessu hafi í för með sér verulega rýrnun á starfsgetu hins tryggingarskylda í nánustu framtíð. Sama gildir um þá, sem þegar eru orðnir öryrkjar, ef líkur eru til, að slíkar ráðstafanir muni geta veitt þeim aftur starfsgetu þeirra eða bætt hana að verulegum mun. Neiti hinn tryggingarskyldi, eða sá, er nýtur örorkulífeyris, að undirgangast slíkar ráðstafanir af hálfu tryggingarstjórnar, getur hún ákveðið, að hann hafi með neitun sinni fyrirgert að nokkru eða öllu leyti réttinum til örorkulífeyris. Þó skal hún jafnan, áður en slík ákvörðun er tekin, senda í ábyrgðarbréfi þeim, er hlut á að máli, tilkynningu um það, hvaða áhrif neitun hans getur haft. Enginn er þó skyldur að láta gera á sér uppskurð, sem getur haft í för með sér hættu á lífi eða limum.

Tryggingarstjórnin getur ennfremur ákveðið, þegar svo stendur á sem í 1. málsgr. segir, að veita skyldutryggðum og þeim, er njóta örorkulífeyris eða ellilauna, hjálp til þess að byrja sjálfstæða atvinnu, með því að styrkja þá til náms, bóklegs eða verklegs, til þess að kaupa vinnuvélar og veita þeim aðstoð til þess að afla sér vinnu.

Allur kostnaður af ráðstöfunum þessum greiðist af örorkutryggingunni. Sjúkratryggingardeild Alþýðutryggingarinnar ber kostnað við læknishjálp og lyf að ¾ til þeirra, er njóta örorkulífeyris og ellilauna, og skylduliðs þeirra, ef eigi er að ræða um ráðstafanir af hálfu tryggingarstjórnar til þess að hindra, að þeir verði öryrkjar, eða til þess að auka starfsgetu þeirra, sem þegar eru orðnir öryrkjar.

VI. KAFLI.

Um atvinnutryggingar og atvinnuleysisstyrki.

35. gr.

Allir þeir meðlimir stéttafélaga Alþýðusambands Íslands, er samkvæmt 1. gr. eru tryggingarskyldir, eiga rétt á að fá vinnu, er Alþýðutryggingin veitir styrk

til, þegar atvinnuleysi ber að höndum, eða að öðrum kosti atvinnuleysisstyrk frá Alþýðutryggingunni samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga.

Rétturinn er þó bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi verið meðlimur í stéttarfélagi innan Alþýðusambands Íslands í minnst 26 vikurnar næstu á undan atvinnumissi.

36. gr.

Í hverju bæjar- og sveitarfélagi, þar sem er verkalýðsfélag innan Alþýðusambands Íslands, skal vera þriggja manna atvinnunefnd. Af nefndarmönnum skipar hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag einn, Alþýðusamband Íslands einn og Alþýðutryggingin einn. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi. Störf atvinnunefndar má, ef hentugt þykir, fela tryggingarnefnd. Til þess þarf þó samþykki tryggingarstjórnar.

Hlutverk atvinnunefndar er að vísa atvinnulausum mönnum og konum endurgjaldslaust á allskonar vinnu, aðstoða tryggingarstjórn við söfnun athugana um atvinnumálefni og gera tillögur út af umsóknum um styrk til atvinnubóta.

Nú er fyrirsjáanlegt, að atvinnuleysi muni verða í náinni framtíð, ef eigi eru gerðar ráðstafanir af hálfu bæjar- eða sveitarfélags til atvinnubóta, og skal atvinnunefnd þá safna gögnum um málið. Nú sækir bæjar- eða sveitarstjórn um styrk frá Alþýðutryggingunni til atvinnubóta, og skal þá jafnan láta umsögn atvinnunefndar fylgja umsókninni.

37. gr.

Við ákvörðun þess hundraðshluta verkalauna, er vinnukaupendum er skylt að greiða til Alþýðutryggingarinnar samkvæmt 43. gr., skal tekið tillit til væntanlegra útgjalda Alþýðutryggingarinnar vegna greiðslu á atvinnuleysisstyrk á næsta ári. Af samanlögðum tekjum Alþýðutryggingarinnar fær atvinnutryggingarsjóður til fullra umráða hlutfallslega við áætlun.

38. gr.

Heimilt er tryggingarstjórn að veita úr atvinnutryggingarsjóði styrk til bæjar- og sveitarfélaga, er láta vinna að verklegum framkvæmdum til atvinnubóta, ef sýnt þykir, að með því fáist tilsvarandi léttir útgjalda til atvinnuleysisstyrks.

Styrkur til atvinnubóta er bundinn eftirfarandi skilyrðum:

1. Að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag leggi fram eigi minna en $\frac{3}{5}$ kostnaðar við framkvæmdir þær, sem styrktar eru sem atvinnubótavinna.
2. Að þeir, sem eiga rétt á að fá vinnu samkvæmt 35. gr., fyrir tilstuðlun Alþýðutryggingarinnar, hafi forgangsrétt til vinnunnar.
3. Að kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxta, viðurkenndan af verkalýðsfélagi á þeim stað, sem unnið er.
4. Að vinnunni sé úthlutað í samráði við stjórnir verkalýðsfélaga á staðnum.

Nú hefir tryggingarnefnd ákveðið að leggja fram styrk til atvinnubóta bæjar- eða sveitarfélags, og skal þá ríkissjóður ábyrgjast lán til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, að upphæð allt að helmingi þeirrar upphæðar, er því

ber að leggja fram á móti atvinnubótastyrknum, enda sé hlutaðeiganda þörf slíkrar lántöku.

39. gr.

Til þeirra, er samkvæmt 35. gr. eiga rétt á atvinnuleysisstyrk, greiðast dagpeningar, er nema 5 kr. á dag auk einnar krónu fyrir hvern þann, er sá, er nýtur dagpeninga, hefir á sínu framfæri umfram tvo, að honum sjálfum undanskildum. Dagpeningar mega þó eigi fara fram úr ¾ af venjulegum verkalaunum í starfsgrein hins tryggða.

Greiðsla dagpeninga byrjar eftir að hlutaðeigandi hefir verið atvinnulaus í 2 vikur, eða ef hann hefir haft skerta vinnu yfir lengra tímabil, þegar tapaður vinnutími nemur sem svarar tveim vikum, þó þannig, að vikulegt vinnutap, er nemur minna en 1½ vinnudegi, telst eigi með töpuðum vinnutíma, heldur einungis það, sem umfram er 1½ vinnudag á viku.

Ef sá, er nýtur styrks í atvinnuleysi, hefir tekjur af lausavinnu, koma þær tekjur að ¾ hlutum til frádráttar þegar dagpeningar eru útborgaðir.

Atvinnutryggingarsjóður á kröfu á endurgreiðslu frá bæjar- og sveitarfélögum á upphæð, er nemur 20% af atvinnuleysisstyrkjum, greiddum atvinnulausum mönnum innan takmarka þeirra.

40. gr.

Atvinnuleysisstyrkur greiðist ekki:

1. Ef atvinnuleysið stafar af sjúkdómi eða örorku, greiðist eigi atvinnuleysisstyrkur á meðan sjúkdómurinn eða örorkan varir.
2. Til þeirra, er yfirgefa vinnu, sem þeir hafa haft, án þess að gild ástæða sé til þess.
3. Til þeirra, er koma sér hjá að vinna þá vinnu, er atvinnunefnd vísar á, þó því aðeins, að eigi hvíli verkbann eða verkfall á vinnunni, enda sé kaupgjald og vinnutími eigi undir taxta, viðurkenndum af verkalýðsfélagi á þeim stað, er hlutaðeigandi er búsettur.
4. Til þeirra, er hafa vinnu sem svarar ¾ af venjulegum vinnutíma.
5. Á meðan verkfall eða vinnubann af hálfu verkamanna stendur yfir, til verkafólks, sem riðið er við það.

41. gr.

Umsóknir um atvinnuleysisstyrk sendast ásamt skilríkjum fyrir rétti umsækjanda til atvinnunefndar, er rannsakar, hvort umsækjandi á rétt á atvinnuleysisstyrk samkvæmt þessum lögum, og sendir umsóknina því næst ásamt fylgiskjölum og eigin umsögn til tryggingarstjórnar eða umboðsmanns hennar.

VII. KAFLI.

Um tekjur tryggingarinnar.

42. gr.

Allan kostnað við sjúkrahjálp, örorkulífeyri og ellilaun til tryggingarskyldra, við atvinnuleysisstyrki samkvæmt 37. gr., svo og önnur útgjöld, sem hvíla á

Alþýðutryggingunni samkvæmt þessum lögum vegna hinna tryggingarskyldu, bera vinnukaupendur, ríkið, sveitir og bæjarfélög í sameiningu, þannig að vinnukaupendur bera $^3/_5$ kostnaðarins, ríkið $^1/_5$ og sveitir og bæjarfélög $^1/_5$, er skiptist samkvæmt ákvæðum 45. gr. Þó fer um kostnað vegna slysatryggingarinnar samkv. ákvæðum laga nr. 72, 8. sept. 1931.

43. gr.

Vinnukaupendur greiða til Alþýðutryggingarinnar fastákveðinn hundraðshluta af verkalaunum allra, er vinna í þeirra þjónustu, og mega þeir eigi við útborgun verkalauna draga upphæðina eða hluta af henni frá verkalaunum fólks, er hjá þeim vinnur, eða færa hana verkafólki sínu til útgjalda.

Atvinnumálaráðherra ákveður ár hvert, eftir tillögum frá tryggingarstjórn, hve mikinn hundraðshluta af verkalaunum vinnukaupendur skuli greiða á næsta almanaksári. Hinn fasta hundraðshluta verkalauna skal ákveða þannig, að væntanleg tillög vinnukaupenda til Alþýðutryggingarinnar á næsta almanaksári vegna tryggingarskyldra, er vinna í þjónustu þeirra, ásamt tillögum ríkissjóðs, sveita og bæjarfélaga, nægi fyrir væntanlegum útgjöldum á næsta almanaksári, er á Alþýðutryggingunni hvíla samkvæmt þessum lögum gagnvart hinum tryggingarskyldu, og gefi jafnframt tilefni til myndunar hæfilegs öryggissjóðs til þess að mæta sveiflum, er verða kunna á útgjöldunum umfram áætluð meðalútgjöld.

44. gr.

Tryggingarstjórnin gerir á ári hverju áætlun um meðalútgjöld þeirra þriggja deilda Alþýðutryggingarinnar, er annast hina lögboðnu sjúkratryggingu, elli- og örorkutryggingu og atvinnuleysistryggingu, og skiptast samanlagðar árstekjur Alþýðutryggingarinnar á milli deildanna í sama hlutfalli og er á milli áætlaðra meðalútgjalda þeirra á næsta almanaksári.

Nú hrökkva eigi tekjur eða sjóður einhverrar deildar Alþýðutryggingarinnar fyrir útgjöldunum, og greiðir ríkissjóður þá til bráðabirgða það, sem til vantar, en hlutaðeigandi deild Alþýðutryggingarinnar endurgreiðir það, sem ríkissjóður leggur fram, svo fljótt sem við verður komið.

45. gr.

Tillag ríkissjóðs til Alþýðutryggingarinnar greiðist mánaðarlega fyrirfram samkvæmt áætlun, byggðri á reynslu undanfarandi ára eða öðrum þekktum staðreyndum. Tillög sveita og bæja til Alþýðutryggingarinnar greiðist til bráðabirgða mánaðarlega fyrirfram af ríkissjóði, er innheimtir upphæðina hjá hinum einstöku sveitum og bæjum og annast skiptingu upphæðarinnar á milli þeirra samkvæmt eftirfarandi reglum:

Þriðjungur upphæðarinnar skiptist í hlutfalli við fólkstölu hinna einstöku sveita og bæja samkvæmt síðasta aðalmanntali, þriðjungur í hlutfalli við skattskyldar tekjur í hinum einstöku sveitum og bæjum á næstliðnu ári á undan, og þriðjungur í hlutfalli við verðmæti skattskyldra fasteigna samkvæmt síðasta fasteignamati.

46. gr.

Skylt er vinnukaupendum að færa vinnuskýrslur í því formi, er tryggingarstjórnin ákveður, ennfremur ber þeim í lok hvers mánaðar að senda tryggingarstjórn eða umboðsmönnum hennar skýrslu um þá, er hafa unnið í þjónustu þeirra á síðastliðnum mánuði, og verkalaun hvers þeirra um sig, ásamt tillagi því, sem þeim samkvæmt lögum þessum er skylt að greiða til Alþýðutryggingarinnar.

Tryggingarstjórn og umboðsmenn hennar eiga rétt á að láta rannsaka vinnuskýrslur og bækur vinnukaupenda, til þess að upplýst verði, hve mikið þeim ber að greiða til Alþýðutryggingarinnar.

Heimilt er tryggingarstjórninni að veita þeim, er eigi hafa verkafólk við atvinnurekstur, lengri frest en þann, er settur er í 1. málsgr., á greiðslu þess gjalds, sem þeim er skylt að greiða til Alþýðutryggingarinnar. Þó skulu þeir jafnan um leið og greiðsla fer fram senda tryggingarstjórninni eða umboðsmönnum hennar skýrslu um þá, er hjá þeim hafa unnið á tímabilinu frá því síðasta greiðsla fór fram. Fresturinn má þó eigi vera lengri en 6 mán., og skal tryggingarstjórn, ef hún notar heimild þessa, setja reglur um gjalddaga og annað, er að greiðslunni lýtur.

Tillög vinnukaupenda til Alþýðutryggingarinnar má án undangengins dóms taka lögtaki, ef þau greiðast eigi á réttum gjalddögum.

VIII. KAFLI.

Um frjálsar tryggingar.

47. gr.

Sérhver hér á landi heimilisfastur maður eða kona á rétt á að tryggja sér með frjálsum framlögum hjá hinni frjálsu Alþýðutryggingu hjálp í veikindum, er samsvari þeirri sjúkrahjálp, er tryggingarskyldir eiga rétt á að fá samkvæmt þessum lögum, örorkulífeyri og ellilaun frá 65 ára aldri. Allir íslenzkir ríkisborgarar, sem tryggja sér sjúkrahjálp, örorku- og ellilífeyri hjá hinni frjálsu Alþýðutryggingu, eiga rétt á að fá styrk til tryggingarinnar af almannafé, ef árstekjur þeirra fara eigi fram úr þeim takmörkum, er sett eru í 1. gr. Styrkurinn greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en hinn helminginn greiða sveitir og bæir, er skiptist eftir sömu reglum og settar eru í 45. gr., og nemur hann árlega $^2/_3$ þeirrar upphæðar, er þessir menn greiða í ársiðgjöld til hinnar frjálsu Alþýðutryggingar. Þó greiðist engum styrkur frá ríki, sveitum og bæjum til þess að tryggja sér hærri dagpeninga, örorkulífeyri eða ellilaun en tryggingarskyldir eiga rétt á að fá samkvæmt þessum lögum.

Þeir, sem hafa hærri árstekjur en í 1. gr. segir, bera kostnaðinn við trygginguna að öllu leyti sjálfir.

48. gr.

Í árlegan örorku- eða ellilífeyri greiðist til þeirra, er til tryggingarinnar njóta styrks af almannafé, ef þeir hafa eigi aðrar tekjur á þeim tíma, er út-

borgun lífeyrisins fer fram, sú upphæð, sem hægt er að kaupa samkvæmt iðgjaldataxta hinna frjálsu trygginga fyrir framlög þeirra ásamt styrk frá ríki, bæjum og sveitum. Ef þeir hafa aðrar tekjur, lækkar lífeyririnn eftir sömu reglum og settar eru í 32. gr. Þó má eigi lækka lífeyrinn um meira en 40% af þeirri upphæð, sem ákveðin er samkvæmt 1. málsgr. Ef skyldutryggður maður eða kona hefir sjálfur tryggt sér örorku- eða ellilífeyri hjá hinni frjálsu Alþýðutryggingu, skal eigi við ákvörðun árstekna hans samkvæmt 32. gr. tekið tillit til upphæðar, er nemur 60% af lífeyrinum samkvæmt 1. málsgrein.

49. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð, í samráði við tryggingarstjórn, reglur um tryggingarskilmála og skilyrði fyrir þátttöku í frjálsri tryggingu; hann ákveður einnig, eftir tillögum frá tryggingarstjórn, iðgjaldataxta fyrir hina frjálsu Alþýðutryggingu og tekur ákvörðun um það, hvaða athuganir um manndauða og vexti beri að leggja til grundvallar við ákvörðun iðgjalda.

Iðgjöldin ber að miða við áhættuna, þannig að höfuðstólsígildi væntanlegra iðgjalda fyrir hvern áhættuflokk sé jafnt höfuðstólsígildi væntanlegra útborgana, reiknað samkvæmt þeim athugunum, er lagðar eru til grundvallar fyrir iðgjaldaákvörðuninni. Þó miðast iðgjaldataxti fyrir þá, er samkvæmt 47. gr. eiga rétt á styrk af almannafé til tryggingarinnar, við það, að höfuðstólsígildi væntanlegra iðgjalda ásamt styrk frá því opinbera sé jafnt höfuðstólsígildi væntanlegra útborgana.

50. gr.

Hin frjálsa Alþýðutrygging er í tveim deildum, og annast önnur þeirra sjúkratrygginguna, en hin elli- og örorkutrygginguna. Hvor þessara deilda um sig hefir sérstakt bókhald og algerlega aðgreindan fjárhag, og ber hvorug deildanna ábyrgð á skuldbindingum hinnar.

IX. KAFLI.

Ýms ákvæði.

51. gr.

Tryggingarstjórninni er heimilt, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra, að ráða fasta lækna eða semja við héraðslækna, til þess að veita þá læknishjálp, er Alþýðutryggingunni ber að láta í té þeim, er sjúkratryggðir eru. Ef atvinnumálaráðherra veitir samþykki sitt til, er tryggingarstjórn heimilt að leigja, kaupa eða reisa sjúkrahús, hressingarhæli, barnahæli, gamalmennahæli og fæðingarstofnanir og starfrækja þau fyrir meðlimi sína og aðra, er til þeirra leita.

Gjaldskrá fyrir sjúklinga, er dvelja á þessum stofnunum og eigi eru meðlimir tryggingarinnar, skal, til þess að fá gildi, vera samþykkt af heilbrigðisstjórninni. Ennfremur er tryggingarstjórninni heimilt, með samþykki atvinnumálaráðherra, að setja á stofn lyfjabúð, eina eða fleiri, og starfrækja hana eða þær.

52. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja rétt til örorkulífeyris eða ellilauna; eigi má heldur leggja löghald á lífeyrisgreiðslur eða gera í þeim fjárnám eða lögtak.

53. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum frá 100—10000 krónum; auk þess greiðist fullar skaðabætur, ef brot felur í sér undandrátt á tekjum, er Alþýðutryggingunni ber samkvæmt þessum lögum, eða ef Alþýðutryggingin hefir vegna rangra upplýsinga greitt meira en henni er skylt að greiða samkvæmt þessum lögum.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

54. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1933. Skipun tryggingarstjórnar og tryggingarnefnda skal þó fara fram með hæfilegum fyrirvara, þannig að nægur tími sé til þeirrar undirbúningsstarfsemi, er skipulagning Alþýðutryggingarinnar hefir í för með sér.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða frv. því, er flutt var á síðasta þingi, og fylgdi því þá svolátandi greinargerð:

Opinber forsjá og alþýðutryggingar er hvorttveggja ennþá harla skammt á veg komið hjá okkur Íslendingum. Að vísu mælir stjórnarskráin svo fyrir, að hver sá, sem eigi er fær um að sjá fyrir sér og sínum, skuli eiga rétt á sæmilegum framfærslueyri. En fátækralöggjöfin er ennþá með þeim hætti, að flestir reyna í lengstu lög að komast hjá því að leita fátækrastyrks. Sveitarflutningur og mannréttindamissir hefir verið og er enn notað til þess að fæla fátæklinga í lengstu lög frá því að krefjast þess réttar, sem þeim þó ber samkvæmt sjálfri stjórnarskránni, og styrkurinn er jafnan veittur sem ölmusugjafir og náðarbrauð og eftir mati fátækranefndanna á verðleikum og þörf þiggjandans. Berklavarnalögin mega heita hin einu lög íslenzk um opinbera forsjá, sem sæmileg geta talizt, og slysatryggingalögin eini vísirinn til tryggingarlöggjafar, því að „ellistyrkurinn“ er ekkert nema nafnið tómt og styrkur sá, sem sjúkrasamlögum er ætlaður, svo lítill, að þau hafa nær engri útbreiðslu náð utan Reykjavíkur, og þar má nú telja, að sjúkrasamlagið sé að þrotum komið.

Fáum þjóðum er þó brýnni þörf ýtarlegrar löggjafar um þessi efni en okkur Íslendingum. Á nokkrum áratugum hafa orðið hér stórfelldari byltingar í atvinnuháttum og lifnaðarháttum en dæmi eru til áður. Þjóðin er ekki lengur bændaþjóð. Fullur helmingur hennar býr nú í kaupstöðum og kauptúnum. Og mestur hluti þessa fólks á ekki ráð á starfstekjum sínum, en verður að lifa á því að selja öðrum vinnu sína. Og allmikill hluti þess fólks, sem vinnur við landbúnað fyrir kaupi, hefir þar aðeins atvinnu nokkra mánuði ársins, þegar annríkið er mest.

Þrátt fyrir það, þótt efnahagur þjóðarinnar í heild hafi batnað stórkostlega, er allur meginþorri fólksins gersamlega eignalaus. Aðeins tæp 5000 manns á öllu landinu, eða um 12% af framfærendum, eiga svo miklar eignir, að skattskyldar séu til eignarskatts, þ. e. 5000 krónur. Hinir eiga allir minna, og flestir ekkert eða nær ekkert — nema starfsorkuna, getuna til að vinna. Hún er þeirra eina verðmæti. Glatist hún, eða verði hún verðlaus, er afkoma þeirra og skylduliðs þeirra í voða.

Hjá verkalýðnum, sem ekki á sjálfur ráð starfstækja sinna og selur öðrum vinnuafl sitt, er því bilið örmjótt milli bjargálna og örbirgðar. Slys eða veikindi, sem valda atvinnumissi, þótt um skamman tíma sé, geta þar alveg riðið baggamuninn. Sama er, ef starfsorkan verður verðlaus vegna þess að enginn vill kaupa hana, atvinnuleysi. Sumir geta þraukað nokkrar vikur, aðrir ef til vill fáeina mánuði, en margir ekki nema nokkra daga. Glatist vinnugetan alveg vegna örkumla eða ellilasleika, er oftast ekki annað fyrir en að leita á náðir vina eða vandamanna, sem oft geta lítið af mörkum látið, til góðgerðastofnana eða fátækrasjóðanna með þeim afleiðingum, sem því fylgja.

Það er sízt ofmælt, að þetta öryggisleysi um afkomu sína og sinna sé ein hin þyngsta byrði verkalýðsins. Ofan á daglegt strit, daglega baráttu við að fullnægja brýnustu þörfum til fæðis, klæða og húsaskjóls, bætast sífelldar áhyggjur fyrir komandi degi, kvíði og öryggisleysi, meðvitundin um það, að hvað sem út af ber: slys, veikindi, atvinnuleysi, örkuml eða elli, þá eru allar bjargir bannaðar, nema bónbjargir. Ekkert er líklegra til að lama starfsþrótt og lífsgleði verkalýðsins en þetta stöðuga öryggisleysi og áhyggjur um afkomu sína og sinna. Og svipað má segja um hina vel flesta, sem vinna fyrir sér með starfstækjum, er þeir sjálfir teljast eiga, nema þeir hafi aðrar eignir fyrir sig að leggja. Bilið er þar oft nokkru breiðara, en allt ber að sama brunni, ef starfsorkan glatast.

Fasteignir og lausafé er yfirleitt tryggt hér eins og hjá öðrum þjóðum. Hús og skip eru tryggð gegn eldsvoða og sætjóni. Búpeningur gegn felli. Vörur og húsbúnaður gegn hverskonar grandi. En aðalverðmæti, eina verðmæti alþýðunnar, starfsorkan, er ótryggð látin.

Allar menningarþjóðir, að Íslendingum einum undanteknum, hafa sett hjá sér víðtæka löggjöf um alþýðutryggingar og opinbera forsjá. Ýmist eru tryggingar þessar beinlínis lögboðnar eða efnalitlu fólki eru veitt svo mikil hlunnindi, ef það gerist meðlimur slíkra trygginga, að það sér sér það fært og hefir hagnað af því. Víðast hefir þó sú stefna orðið ofan á að lögbjóða tryggingarnar að miklu eða öllu leyti, til þess að þær taki til sem allra flestra.

Svo rík áherzla er lögð á þessi mál meðal flestra menningarþjóða, að einmitt menning þjóðanna er nú mæld á þann kvarða, hve langt sé þar komið tryggingarmálum alþýðu, og það talinn órækastur menningarvottur, að slíkar tryggingar séu sem víðtækastar og fullkomnastar. Og þess eru engin dæmi, að þjóð, sem sett hefir lög um almennar alþýðutryggingar, hafi aftur fellt slíka löggjöf niður.

Að vísu verður því eigi neitað, að allvíða erlendis, þar sem alþýðutryggingar hafa um langt skeið verið í lögum, finna ýmsir þeim margt til foráttu. En flestar þær aðfinnslur snerta framkvæmd laganna og einstök fyrirkomulags-

atriði öllu fremur en kjarnann sjálfan. Aðalmótbárurnar frá andstæðingum tryggínganna eru þær, að tryggingarnar, og þá sérstaklega sjúkratryggingin sé herfilega mitnotuð. Sjálfsagt eru að þessu allmikil brögð víða, einkum þó þar, sem atvinnuleysistryggingar eru litlar eða engar. Þar er freistingin að sjálfsögðu ríkust til þess að gera sér upp veikindi og fá dagpeninga þegar atvinnulaust er. Þar, sem atvinnuleysistrygging er í sæmilegu lagi, og dagpeningar svipaðir og hjá sjúkratryggingunni, fellur þessi freisting burt af sjálfu sér. Víða eru og læknar tryggínganna ráðnir með þeim kjörum, að þeir fá visst fyrir hvert viðtal, vottorð eða vitjun. Þetta hefir þótt gefast nokkuð misjafnlega. Læknar eiga þá tekjuvonir sínar undir því, að þeir séu sem eftirlátastir við hina tryggðu og komi sér í mjúkinn hjá þeim, og sá gerir sér von um mesta aðsókn, sem minnstan strangleika sýnir og örastur er á sjúkdómsvottorð. Hefir því sumstaðar verið horfið að því ráði, að ráða læknana sem fasta starfsmenn tryggingarinnar fyrir ákveðið kaup, og þótt gefast vel.

Það, sem jafnan er mest deilt um í sambandi við alþýðutryggingar, er það, hve mikla hjálp og styrki þær skuli láta í té, og hversu kostnaðinum við þær skuli jafnað niður, og ennfremur það, hvort tryggingarnar skuli vera lögboðnar eða frjálsar. Eru um þetta ýmsar reglur og ólíkar í hinum ýmsu löndum.

Kostir tryggínganna eru hinsvegar svo augljósir, að um þá verður ekki deilt. Öryrkinn eða gamalmennið, sem langa ævi hefir stritað til að framfleyta sér og sínum og skilað þúsundum í skatta og skyldur til þjóðfélagsins og arði til vinnukaupenda sinna, á nú rétt á ákveðnum lífeyri, en þarf eigi að leggja verðleika sína og þörf undir mat misjafnra fátækranefnda og þiggja ölmusur af þeim eða verða fátækum börnum sínum byrði. Sá, sem slasast við vinnu sína, á rétt til ákveðinna slysabóta og læknishjálpar, og atvinnuleysinginn á rétt til ákveðins styrks. Fátæklingnum, sem ekki hefir sjálfur efni á að leita læknis, er tryggð læknishjálp strax og hann veikist. Við það, að sjúklingarnir strax komast undir læknishendur, ná sjúkir og slasaðir fyrr bata, en með því er starfsorka þjóðarinnar aukin. Þá er það og tryggt, að hinn sjúki fer eigi aftur til vinnu fyrr en hann að dómi læknis er vinnufær. En það er altítt þar, sem engin er sjúkratrygging, að menn leita eigi læknis fyrr en í ótíma er komið og fara að reyna á sig svo snemma, að þeir ná aldrei fullum bata.

Það segir sig sjálft, að þar, sem alþýðutryggingum er komið í sæmilegt horf, minnkar kostnaður við aðra opinbera forsjá stórkostlega. Þó geta tryggingar trauðla gert opinbera framfærslu með öllu óþarfa. Ýmsar greinar hennar eru svo vaxnar, að ekki verður við komið tryggingarfyrirkomulagi með iðgjaldagreiðslum. Danir, sem að ýmsu leyti standa í fremstu þjóða röð hvað alþýðutryggingar snertir, hafa 2 síðustu ár haft til meðferðar í þjóðþinginu tryggingarmál og opinbera forsjá. Hefir ríkisstjórnin látið endurskoða og gera tillögur til umbóta á löggjöfinni um þessi efni. Eru tillögur hennar þær, að öll lög og ákvæði um alþýðutryggingar verði felld saman í 3 lagabálka. Er sá fyrsti um sjúkra- og örorkutryggingar og ellilaun, annar um slysatryggingar og hinn þriðji um atvinnuleysistryggingar og varnir gegn atvinnuleysi. Jafnframt leggur stjórnin fram frv. til heildarlaga um opinbera framfærslu. Eru þau í 3 aðalköflum. Fyrsti kaflinn er um framfærslu og uppeldi barna, sem skortir eða hafa

ónóga fyrirvinnu, annar kafli er um framfærslu og umönnun sjúkra, sem tryggingarnar eigi ná til, svo sem berklasjúklinga, sem haldnir eru af varanlegum, smitandi berklasjúkdómi, geðveikra, fábjána, daufdumbra, blindra o. fl., og loks er þriðji kaflinn um fátækrahjálp með rétti til styrks eftir ákveðnum reglum og um meðferð og framfærslu drykkjurúta og annara vandræðamanna.

Til fróðleiks skal hér gefið stutt yfirlit yfir framlög Dana til þessara mála allra samkv. frv. stjórnarinnar, og skal þess jafnframt getið, að heildarupphæðin er samkvæmt þeim því nær hin sama og reynsla undanfarinna ára hefir sýnt, að útgjöldin hafa orðið. En skiptingin er aftur á móti allt önnur og talsvert ólík.

I. Alþýðutryggingar:			
1. Sjúkratryggingin			kr. 42500000.00
2. Örorkutryggingin			— 16800000.00
3. Ellilaunin			— 68000000.00
4. Slysatryggingin			— 8600000.00
5. Atvinnuleysistryggingin			— 29800000.00
		Samtals	kr. 165700000.00
II. Opinber framfærsla:			
1. Barnalögin	kr.	15200000.00	
2. Sjúkralögin	—	31200000.00	
3. Fátækralögin	—	23600000.00	
4. Ýmislegt	—	4300000.00	
			kr. 74300000.00
		Samtals	kr. 240000000.00

eða því sem næst 300 milljónir íslenzkra króna. Svarar þetta til þess, að við Íslendingar legðum árlega fram til þessara mála nálægt 10 millj. króna, þar af um 7 til trygginga og því sem næst 2 til framfærslu barna og sjúkra, sem tryggingar eigi ná til.

Í Englandi og Þýzkalandi eru framlög til þessara mála enn þá hærri á hvern íbúa en í Danmörku, í Svíþjóð og Noregi nokkru lægri, en svipuð í Frakklandi samkv. lögum, er þar voru sett 1928.

Til dæmis um það, hvert kapp Norðurálfuþjóðirnar eftir stríðið lögðu á að koma þessum málum í sæmilegt horf, má geta þess, að í 6 ríkjum tvítugfölduðust framlög ríkjanna til þessara mála árin 1919—1921, en á sama tíma var aukningin á útgjöldum sömu ríkja í heild ekki nema ca. 150%.

Hin síðari ár hefir skilningur almennings og áhugi fyrir alþýðutryggingum hér á landi aukizt mjög og kröfurnar um lagasetningu um þessi efni orðið háværari og háværari. Þingmenn Alþýðuflokksins hafa á nokkrum undanförnum þingum borið fram frv. og tillögur um opinberar aðgerðir í tryggingarmálum. Loks á Alþingi 1930 var samþ. í báðum deildum svolátandi þingsályktun, er þm. Alþýðuflokksins báru fram í neðri deild:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna milliþinganefnd

til þess að undirbúa og semja frumvarp til laga um alþýðutryggingar, er nái yfir sjúkra-, elli-, örorku-, slysa- og mæðra- eða framfærslutryggingar.

Nefnd þessi skal jafnframt gera tillögur um ráðstafanir af hálfu ríkis og bæjarfélaga gegn atvinnuleysi og hvort veita skuli stofnun þeirri, sem verður látin annast alþýðutryggingarnar, einkarétt til þess að taka að sér líftryggingar hér á landi.

Nefndin skal hafa lokið störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi, og skal leggja frv. hennar og tillögur fyrir það".

Nokkru eftir þinglok skipaði ríkisstjórnin í nefndina: Ásgeir Ásgeirsson, núverandi fjármálaráðh., formann, Jakob Möller og fyrsta flm. þessa frv., Harald Guðmundsson. Nefndin hélt nokkra fundi haustið 1930 og réði Árna Björnsson sem fastan starfsmann, en hann hafði áður verið til þess ráðinn af stjórninni að vinna að undirbúningi ellitrygginga. Árið 1931 hélt nefndin engan fund og nokkru eftir mitt ár var Árni Björnsson látinn hætta störfum.

Þegar sýnt var, að nefndin mundi eigi leggja neinar tillögur fyrir reglulegt þing 1931, tók 1. flm. þessa frv. að vinna að undirbúningi frv., er á þingið kom. Þeim undirbúningi var eigi lokið, er forsætisráðherra sendi þingmenn heim. Á sumarþinginu gafst eigi tóm til að sinna þessum málum, og er því frv. þetta samið og undirbúið að mestu síðan þing kom saman. Er því hér um fljótasmíð að ræða, og má vel vera, að margt megi betur fara ýmsra fyrirkomulagsatriða en til er bent í frv.

Samkvæmt frv. er ætlazt til þess, að allar 5 tegundir alþýðutrygginganna: Sjúkratryggingin, slysatryggingin, örorkutryggingin, ellitryggingin og trygging gegn atvinnuleysi, séu felldar saman í eitt kerfi. Margt mælir með því að taka upp þetta fyrirkomulag. Hér í fámenninu yrði langtum kostnaðarsamara og umfangsmeira að hafa hverja grein trygginganna út af fyrir sig með sérstakri stjórn, skrifstofum, reikningshaldi og innheimtu. Hver tryggingin grípur og inn í aðra eða tekur við af annari, og mælir einnig það með því, að yfirstjórn þeirra sé ein og hin sama. Enda er það svo, að allar greinir tryggingarinnar lúta í raun réttri að hinu sama, því, að tryggja hina tryggðu gegn afleiðingum þess, er starfsorka þeirra glatast um skemmri eða lengri tíma (slys og sjúkdómar), að fullu og öllu (örorka og elli), eða verður verðlaus vegna atvinnuleysis. Nýjasta löggjöf erlendis í þessu efni beinist og mjög í þá átt að fella tryggingarnar allar saman í eina heild.

Tryggingarskyldan er í frv. aðeins látin ná til þeirra, sem framfæra sig, þ. e. hafa helming tekna sinna eða meira sem laun fyrir störf í þjónustu annara, og er ennfremur bundin við visst hámark eigna og tekna, er miðast við framfærsluþunga og er nokkuð mismunandi í hinum ýmsu landshlutum eftir dýrtíð. Mun láta nærri, að tryggingarskyldan, að því er snertir sjúkra-, örorku- og ellitrygginguna, nái til ca. helmings framfærenda og tryggingin því til helmings þjóðarinnar. Slysatryggingin er bundin við vissar atvinnugreinir og atvinnutrygging og atvinnuleysisstyrkur bundinn því skilyrði, að sá, sem í hlut á, sé meðlimur í stéttarfélagi innan Alþýðusambands Íslands.

Alþýðusambandið er samtakaheild íslenzkrar alþýðu, og virðist því einsætt fyrir þá, sem telja alþýðusamtökin heillavænleg fyrir verkalýðinn, að efla

þau og styrkja sem bezt. En jafneinsætt er hitt, að þeir, sem vilja sundra samtökum alþýðunnar og drepa allri sjálfsbjargar- og viðreisnarstarfsemi hennar á dreif, muni berjast fast gegn þessu ákvæði. Meginþorri þess verkalýðs, sem stundar sjómennsku og daglaunavinnu og lausavinnu yfirleitt, er meðlimir verklýðsfélaga innan Alþýðusambandsins, en einmitt þessum stéttum er mest þörf atvinnuleysistrygginga, þar sem atvinna þeirra jafnan er óvissust og stopulust.

Þá gerir frv. og ráð fyrir því, að þeir, sem sjálfstæða atvinnu stunda og búa við svipaðan efnahag og tekjur og hinir, sem tryggingarskyldir eru, skuli hafa rétt til sama styrks frá ríki og bæjar- eða sveitarfélögum, ef þeir kaupa sér sjúkratryggingu eða lífeyri hjá þeirri deild alþýðutryggingarinnar, sem annast frjálsar tryggingar, og þessir aðilar greiða til skyldutryggingarinnar, eða ⅔ af framlögum hinna tryggðu sjálfra.

Upphæð dagpeninga hinna skyldutryggðu er ákveðin hin sama, hvort sem um er að ræða atvinnumissi vegna slysa, veikinda eða atvinnuleysis. Með lögum um slysatryggingar hefir Alþingi fallizt á 5 króna dagpeninga almennt, með þeim takmörkunum einum, að þeir megi ekki fara fram úr ¾ venjulegs dagkaups. Er upphæð þessi lögð til grundvallar við ákvörðun dagpeninga í frv., en aukið við 1 krónu á dag fyrir hvert barn, sem hinn tryggði hefir á framfæri umfram eitt. Hámark er ákveðið ¾ dagkaups og lágmark 2 krónur.

Auk dagpeninga lætur sjúkratryggingin hinum tryggðu og skylduliði þeirra í té ókeypis, þegar sjúkdóm ber að höndum, læknishjálp, ¾ lyfja- og umbúðakostnaðar utan sjúkrahúss og allan í sjúkrahúsi, sérlæknisaðgerðir eftir nánari reglum og dvöl, læknishjálp og aðhjúkrun í sjúkrahúsum eða hressingarhælum, ef þess gerist þörf, en þá fellur jafnframt niður greiðsla dagpeninga, ef um einhleypa er að ræða. Ennfremur greiðir hún útfararstyrk, ljósmóður- og læknishjálp við barnsfæðingar og dagpeninga til sængurkvenna.

Á slysatryggingalögunum eru engar breytingar gerðar aðrar en þær, að slysatryggingin er gerð að sérstakri deild í alþýðutryggingum og atvinnumálaráðherra heimilað að ákveða, að iðgjöld til hennar skuli innheimt með öðrum tekjum alþýðutryggingarinnar. Þar sem slysatryggingalögin í sinni núverandi mynd eru frá sumarþinginu 1931, þóttu engar líkur til, að á þeim fengjust nú nokkrar verulegar breytingar til bóta.

Lífeyrir gamalmenna frá 65 ára aldri og öryrkja er ákveðinn jafn: 900 kr. í Reykjavík, 750 kr. í öðrum kaupstöðum og 600 kr. í sveitum fyrir einhleypan mann eða konu, en 50% hærri, ef um hjón er að ræða. Öryrki telst sá, sem glatað hefir hálfri starfsgetu sinni eða meiru. Geti öryrki ekki haft ofan af fyrir sér að neinu verulegu leyti eða þurfi umönnunar við, hækkar lífeyririnn upp í 1260 kr. í Reykjavík, 1050 kr. í öðrum kaupstöðum og 840 kr. í sveitum. Lífeyrir gamalmenna, sem náð hafa 75 ára aldri, hækkar og upp í sömu upphæð. Upphæð þessi er miðuð við það, að gamalmennið eða öryrkinn geti keypt sér vist í góðu hæli eða greitt fyrir sig hjá vinum eða skyldmennum, og þó haft nokkra aura afgangs til annars. Þá er og gert ráð fyrir nokkurri uppbót til þeirra, er hafa börn á framfæri, 360 kr. í Reykjavík fyrir fyrsta barn, 300 kr. í öðrum kaupstöðum og 240 kr. í sveitum. Séu börnin fleiri, hækkar uppbót fyrir

hvert þeirra um þriðjung. Gera flm. ráð fyrir, að í væntanlegum lögum um framfærslu barna, sem eru fyrirvinnulaus eða hafa ónóga fyrirvinnu, verði settar reglur um framfærslueyri til barna öryrkja og efnalausra manna, sem eiga t. d. fleiri börn en 4, samhliða ákvæðum um framfærslueyri til ekkjubarna og munaðarleysingja. Reglur um frádrátt frá lífeyri vegna eigin tekna eða eigna eru samkv. því, sem almennt tíðkast þar, sem slíkur lífeyrir er lögfestur.

Þá er og til þess ætlazt, að tryggingarstjórnin skuli gera allar þær ráðstafanir, sem unnt er, til þess að forða mönnum frá því að verða öryrkjur (sbr. 34. gr.) og jafnframt láta kenna fötluðum mönnum störf við þeirra hæfi. Lífeyrisnjótendur hafa og samkv. frv. sama rétt til sjúkrahjálpar og meðlimir skyldutryggingarinnar.

Flm. þessa frv. líta svo á, að hér á landi, þar sem fjöldi óunninna nauðsynlegra framkvæmda bíður í hverri sveit og hverju kauptúni og kaupstað, ætti eigi að vera þörf atvinnuleysisstyrkja, er nokkru verulegu nemi, ef ríkisstjórn og sveitar- og bæjarfélög legðust á eitt um það að haga svo opinberum framkvæmdum, að þær jafni atvinnu milli ára og árstíða. En við því verður að gera, sem er. Verður því við ákvörðun iðgjalda til atvinnutryggingarsjóðs að gera ráð fyrir, að um engar slíkar opinberar framkvæmdir til atvinnujöfnunar eða atvinnubóta sé að ræða. Hinsvegar er til þess ætlazt samkv. frv., að atvinnutryggingarsjóði sé fyrst og fremst ætlað það hlutverk að fyrirbyggja atvinnuleysi, með því að veita styrk, allt að $^2/_5$ kostnaðar, til atvinnubótaframkvæmda, enda ábyrgist þá og ríkið lán til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, er nemi helmingi af framlagi þess til atvinnubótanna. Með þessu eru þeim sveitar- og bæjarfélögum, sem halda vilja uppi atvinnubótaframkvæmdum, boðin þau vildarkjör, $^1/_{10}$ kostnaðar sem styrkur og $^3/_{10}$ sem lán með ríkisábyrgð, að telja má víst, að flest kjósi heldur að halda uppi atvinnubótum en að greiða atvinnuleysisstyrk að $^1/_5$ hluta (sbr. 39. gr., síðasta málsgr.) auk framlags síns til tryggginganna. Vinnst þá tvennt í senn: Bót við atvinnuleysi og framkvæmd nauðsynjaverka, sem ella biðu svo árum skipti eða áratugum. Sé hinsvegar hinum tryggðu eigi séð fyrir vinnu, eiga þeir rétt á dagpeningum, er þeir hafa verið atvinnulausir 2 vikur eða lengur, eins og fyrr er sagt.

Kostnað við skyldutryggingarnar bera samkv. frv. ríki, sveitar- og bæjarfélög og vinnukaupendur í félagi. Vinnukaupendur greiða $^6/_{10}$ kostnaðarins, en hinir tveir aðilarnir til samans $^4/_{10}$. Skyldutryggingin nær aðeins til eignalauss lágtekjufólks, sem selur öðrum vinnu sína og flestu er með öllu um megn að greiða sjálft kostnað við tryggingarnar. Auk hinna almennu ástæðna fyrir því, að verkalýðnum séu veittar slíkar tryggingar gegn afleiðingum ósjálfráðs atvinnumissis, eru hér á landi fyrir hendi alveg sérstakar ástæður. Megintekjur ríkissjóðs eru teknar með tollum á nauðsynjar almennings, og greiðir því verkalýðurinn í raun réttri framlag ríkisins til tryggginganna. Með gengislækkun íslenzku krónunnar er kaupgjald verkafólks lækkað, og á þó sjálfsagt eftir að lækka enn, vegna hækkandi verðlags á nauðsynjum. Sú lækkun kemur aftur fram sem hagnaður hjá vinnukaupendum, sem íslenzkar afurðir selja, og nemur áreiðanlega meiru en þeirri óbeinu launahækkun, sem verkalýðurinn fær með tryggingunum.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að iðgjöld til allra greina skyldutryggingarinnar séu miðuð við það, að þau nægi til að standast áætluð meðalútgjöld hvers árs og mynda hæfilega varasjóði til þess að mæta sveiflum, er verða kunna umfram meðalútgjöld. Þessari reglu er almennt fylgt um slysa-, sjúkra- og atvinnuleysistrygginguna. En um örorku- og ellitrygginguna gegnir nokkuð öðru máli. Víðast hvar erlendis, þar sem um slíkar tryggingar er að ræða, eru iðgjöld til þeirra miðuð við það, að sjóður safnist, er nægi til að mæta á hverjum tíma þeim skuldbindingum, er á tryggingunni hvíla. Eru þá iðgjöldin oftast mishá, eftir aldri hinna tryggðu, eða þá að upphæð lífeyris er látin fara eftir iðgjaldagreiðslum hvers manns. Af sjóðsmyndunninni leiðir aftur það, að tryggingin fær nokkrar vaxtatekjur og getur þá ákveðið iðgjöldin nokkru lægri með hliðsjón af þeim.

Þar sem í frv. er gert ráð fyrir, að tryggingin taki þegar til allra tryggingarskyldra á aldrinum 15—65 ára og að enginn munur sé gerður á iðgjöldum vegna aldurs hinna tryggðu, þótti flm. þó ekki ástæða til að setja aðrar reglur um sjóðsmyndun elli- og örorkutryggingarinnar en hinna annara greina alþýðutryggingarinnar, enda er nokkuð tvísýnt um gagnsemi slíkra sjóða, þar sem reynslan hefir sannað, að raunverulegt verðgildi peninga móts við nauðsynjar fer yfirleitt lækkandi, og auk þess stórfelldar gjaldeyrissveiflur orðnar næsta tíðar.

Afleiðing þessa er sú, að kostnaður við örorku- og ellitrygginguna verður í byrjun tiltölulega mjög lítill, en fer ört vaxandi fyrstu 10 árin, og heldur enn áfram að vaxa nokkuð úr því, að öðru óbreyttu.

Flm. líta líka svo á, að ef stefnt skal að því að mynda sjóð til þess að standast að meira eða minna leyti kostnað af framfærslu öryrkja og gamalmenna, þá séu ýmsar leiðir aðrar en iðgjaldagreiðslur færar til þess að afla slíkum sjóði tekna. Með því að afnema allan arf til útarfa, t. d. til allra annara en þess hjóna, er lifir hitt, og niðja og forfeðra og ef til vill að einhverju leyti til systkina eða barna þeirra, og láta það fé renna í slíkan sjóð, myndi óefað safnast allmikið fé á tiltölulega skömmum tíma. Þetta virðist og í alla staði eðlilegt og í samræmi við fornar réttarvenjur, þar sem saman fór erfðaréttur og framfærsluskylda. Framfærsluskylda nær nú hjá einstaklingum aðeins til barna og foreldra, og mikill hluti hennar er því kominn á hið opinbera, sem þá ætti og að vera arftaki í stað útarfanna, sem engar slíkar skyldur hafa. Á fleiri leiðir mætti og benda til þess að afla slíkum sjóði tekna.

Samkvæmt áætlun Árna Björnssonar cand. polit., sem prentuð er hér með sem fylgiskjal, eru útgjöld alþýðutryggingarinnar á fyrsta ári áætluð 4 millj. og 300 þús. kr., auk útgjalda slysatryggingarinnar, sem engin breyting er gerð á, en iðgjöld til hennar voru árið 1929 um 360 þús. krónur. Samkvæmt áætlun Árna hækka svo útgjöldin ár frá ári vegna örorku- og ellitryggingarinnar, og verða eftir 5 ár komin upp í 5 millj. 780 þús. kr., en eftir 10 ár um 7 millj. 170 þús. krónur. Áætlun þessi er vitaskuld að miklu leyti byggð á líkum einum, en hvort sem borið er saman við erlenda reynslu eða þá litlu innlendu reynslu, sem til er, virðist hún vera mjög rífleg. Er því fremur ástæða til að ætla, að útgjöldin verði minni en að of naumt sé áætlað.

Samkvæmt þessu yrði framlag ríkis og bæjar- og sveitarfélaga hvors um sig um 860 þús. kr. á fyrsta ári, er færi hækkandi upp í 1430 þús. eftir 10 ár. En framlög sveitar- og bæjarfélaga til fátækramála einna saman námu árið 1926—1927 yfir 1600 þús. krónum og hafa hækkað verulega síðan. Mikið af fátækraframfærslunni mundi alveg hverfa þegar tryggingarnar væru komnar á. Árleg útgjöld ríkissjóðs til heilbrigðismála og styrktarstarfsemi hafa undanfarin ár numið hátt á 2. millj. króna. Þessi útgjöld myndu lækka stórkostlega, ef alþýðutryggingarnar kæmust á. Gera má ráð fyrir, að starf héraðslækna og tryggingalækna yrði sameinað í flestum mannfærri læknishéruðunum að minnsta kosti, og myndi þá tryggingin sennilega greiða talsvert meiri hluta af launum þeirra en launahækkun næmi (sbr. áætlun Á. Bj.). Auk þess myndi einhver talsverður hluti berklakostnaðarins færast á tryggingarnar o. fl., o. fl.

Að svo stöddu er eigi unnt að gera áætlun um það, hve mikið myndi draga úr útgjöldum ríkis og bæjar- og sveitarfélaga vegna tryggginganna, en enginn efi er á því, að fyrstu árin a. m. k. myndi það nema meiru en sem svarar framlagi þessara aðila til tryggginganna, enda verður að gera ráð fyrir því, að ríki og bæir myndu sjá sóma sinn í því, ef frv. þetta yrði samþykkt, að greiða þá efnalausum öryrkjum og gamalmennum, sem tryggingin eigi nær til, jafnan lífeyri og hún greiðir hinum tryggðu.

Framlag vinnukaupenda yrði samkv. sömu áætlun um 2 millj. 580 þús. kr. á fyrsta ári, er færi hækkandi upp í ca. 4 millj. 300 þús. eftir 10 ár. Árlegar launagreiðslur til skyldutryggðs fólks eru í skýrslu Á. Bj. áætlaðar um 50 millj. króna. Verður þá hundraðshluti sá, er vinnukaupendum ber að greiða af vinnulaununum til alþýðutryggingarinnar, um 5% fyrsta árið og fer hækkandi upp í rúmlega 8% eftir 10 ár, að öðru óbreyttu. Virðist þetta ríflega áætlað, þar sem ekkert tillit er tekið til hundraðsgjaldsins af launum fólks, sem hefir yfir tekjumark skyldutryggingarinnar.

Gerum ráð fyrir, að höfuðmótbáran gegn frv. þessu verði sú, að undir kostnaðinum verði ekki risið. En ef rétt er athugað, er hér um engan eða nær engan viðbótarkostnað að ræða við þann, sem nú er borinn. Atvinnuleysingjar, sjúklingar, örkumla menn og öryrkjar og óvinnufær gamalmenni, sem ekki eiga eignir fyrir sig að leggja, eru nú framfærðir ýmist af vandafólki, sveitar- og bæjarfélögum eða lifa á beinum eða óbeinum bónbjörgum, og það gerist ekki kostnaðarlaust. Munurinn er sá einn, að í frv. þessu eru settar ákveðnar reglur um, hvernig kostnaðinum er skipt niður, og þeim, sem styrksins njóta, veittur réttur til ákveðinnar upphæðar, í stað þess, að nú er hann veittur sem ölmusa til gustukamanna.

Vitanlega flytja flutningsmennirnir frv. með það fyrir augum, að kjör þurfandi alþýðu verði stórum betri eftir en áður. En því verður komið til leiðar meira fyrir fullkomnara skipulag en aukin útgjöld.

Fylgiskjal.

Samkvæmt tilmælum Haralds Guðmundssonar alþingism. hefi ég tekizt á hendur að gera yfirlit yfir kostnað á næstu 10 árum við frumvarp það til laga um alþýðutryggingar, er þm. Alþýðuflokksins flytja á þessu þingi.

Kostnaðaráætlun sú, er hér fer á eftir, er að nokkru leyti byggð á ágizkunum, þar sem upplýsingar eru eigi fyrir hendi um mörg atriði, sem lúta að þessum málum. Hinsvegar hefi ég, þar sem nokkur tök hafa verið á, stuðzt við þær beztu athuganir, sem fáanlegar eru, og annars, þar sem ekkert er við að styðjast, gert mér far um að komast sem næst því, er mér þykir sennilegast.

Athuganir um atvinnuskiptingu eru því miður ekki til nýrri en frá manntalinu 1920, en samkvæmt því var tala verkafólks og aðstoðarfólks í ýmsum atvinnugreinum eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Tafla 1.

Skipting eftir atvinnugrein.

	Menn	Konur
1. Aðstoðarfólk við landbúnað	208	4
Verkafólk við landbúnað	6752	1768
2. Aðstoðarfólk við fiskveiðar	989	6
Verkafólk við fiskveiðar	4542	735
3. Aðstoðarfólk við handverk og iðnað	199	30
Verkafólk við handverk og iðnað	2098	1032
4. Aðstoðarfólk við verzlun og samgöngur	1179	462
Verkafólk við verzlun og samgöngur	2026	162
5. Heimilishjú	35	6028
Samtals	18028	10227

Skipting eftir aldri.

Aldur	Menn			Konur		
	Fjölskyldum.	Einhleypir	Samtals	Fjölskyldum.	Einhleypar	Samtals
Innan 16 ára	5	665	670	1	458	459
16—20 —	102	3857	3959	19	2086	2105
21—29 —	1339	4956	5395	125	2659	2784
30—44 —	2567	1409	3976	315	1669	1984
45—59 —	1825	684	2509	192	1555	1747
60—69 —	638	520	1158	24	774	798
70 og eldri	117	182	299	11	293	304
ótilgr.	19	43	62	1	45	46
Samtals	6612	11416	18028	688	9539	10227

Þessi tafla nær þó aðeins yfir framfærendur, en konur framfærðar af verkafólki og aðstoðarfólki voru ca. 5000 tals og börn innan 15 ára aldurs ca. 11000.

Þar sem gera má ráð fyrir, að þetta fólk allt hafi tekjur undir því hámarki, er sett er í 1. gr. frumvarpsins, tel ég heppilegast að miða áætlun um væntanlegan kostnað við það, að þessi flokkur og aðrir eigi falli undir skyldutrygginguna. Þá er að vísu eigi talinn með sá flokkur manna, er stundar ólíkamlega atvinnu, en tala framfærenda í þeim flokki er samkvæmt manntalinu 1920 1777, eða tæp 6% af tölu framfærenda meðal verkafólks og aðstoðarfólks. Af þeim flokki, er stundar ólíkamlega vinnu, má telja víst, að nokkur hluti komi eigi undir tryggingarskylduna samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, en hve mikill hluti það verður, er ekki unnt að segja með nokkurri vissu, og tel ég því heppilegra að taka á annan hátt tillit til kostnaðarins vegna þeirra, er til þessa flokks teljast og heyra undir 1. gr. frumvarpsins.

Undir tryggingarskylduna koma samkvæmt frumvarpinu allir á aldrinum 15—64 ára, með tekjum undir vissu hámarki, og hefi ég því, þar sem tafla 1. eigi ber með sér, hve margir eru á þessum aldri, skipt aldursflokknum 60—69 ára í samræmi við aldursskiptingu á öllu landinu við manntalið 1920. Eftirfarandi tafla sýnir aldursskiptingu framfærenda meðal aðstoðarfólks og verkafólks á aldrinum 15—64 ára.

Tafla 2.

Aldur	Menn	Konur
Innan 16 ára	670	459
16—20 —	3959	2105
21—29 —	5395	2784
30—44 —	3976	1984
45—59 —	2509	1747
60—64 —	625	423
Samtals	17134	9502

Eins og taflan ber með sér, er tala karlmanna á þessum aldri 17134 og kvenna 9502. Auk þess teljast til þessa flokks, sem hér verður kallaður verkafólk, ca. 5000 giftar konur framfærðar af verkafólki. Að vísu eru nokkrar af þessum konum yfir 65 ára, en eigi hefi ég séð ástæðu til þess að aðgreina þær við útreikning á tölu öryrkjanna, né heldur við útreikning á tölu þeirra af þessum flokki, sem á rétt á ellilaunum samkvæmt frumvarpinu, þar sem kostnaðaráætlunin verður heldur fyrir ofan það, sem vænta má, að reynslan leiði í ljós, ef þeirri aðgreiningu er sleppt.

Það, sem þá liggur fyrir, er að gera áætlun um það, hve margir verði öryrkjar af þeim 17134 mönnum og 14500 konum. Athuganir hafa eigi verið gerðar um þetta efni hér á landi, og hefi ég því valið öryrkiskvóta og öryrkjamanndauðakvóta þá, er lagðir eru til grundvallar við elli- og örorkutryggingarnar sænsku, og reiknað út tölu öryrkjanna meðal karla og kvenna samkvæmt þeim töflum.

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðuna:

Tafla 3.

Öryrkjar yngri en 65 ára:

	Menn	Konur
Í lok 1. árs	104	137
— 2. —	184	251
— 3. —	251	350
— 4. —	303	436
— 5. —	346	511
— 10. —	463	771

Samkvæmt þessum útreikningi ætti tala þeirra, er verða öryrkjar árlega, að vera nálægt 241, þar af 104 karlmenn. Þessi tala er auðvitað háð tilviljanlegum sveiflum, en á meðan flokkurinn er jafnfjölmennur og eins að samsetningu, verða væntanlegar sveiflur upp á við og niður á við nokkurnveginn jafntíðar, þannig að meðaltalið helzt óbreytt.

Til þess að finna tölu þeirra af verkafólki, sem eldri verða en 65 ára og fá ellilaun samkvæmt frumvarpinu, er nauðsynlegt að skipta 2 síðustu aldursflokkunum í töflu 2. í eins árs aldursflokka. Þessa skiptingu hefi ég gert með hliðsjón af eins árs aldursskiptingu á öllu landinu samkvæmt manntalinu 1920, þannig að hlutföllin eru hin sömu. Í töflu 2. eru þó eigi meðtaldar konur framfærðar af verkafólki, og hefi ég því aukið við 922 konum á aldrinum 45—59 ára og 223 á aldrinum 60—64 ára. Þessi aldursskipting framfærðra kvenna er í samræmi við aldursflokkaskiptingu vinnandi kvenna samkvæmt töflu 2. Þar sem einungis þeir, sem eru eldri en 54 ára þegar frumvarpið verður að lögum, hafa möguleika til þess að ná þeim aldri á næstu 10 árum, sem réttur til ellilauna er bundinn við samkvæmt frumvarpinu, nægir að þekkja eins árs aldursflokkana frá og með 55 ára aldri. Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðuna af skiptingunni:

Tafla 4.

Verkafólk eldra en 54 ára:

Aldur	Menn	Konur
55 ára	172	182
56 —	171	179
57 —	165	174
58 —	154	170
59 —	143	157
60 —	137	139
61 —	129	132
62 —	124	127
63 —	120	125
64 —	115	123
Samtals	1430	1508

Tala þeirra, sem verða á lífi eftir 1 ár, 2 ár o. s. frv., fæst með því að margfalda tölurnar í hverjum aldursflokki með líkunum til þess að lifa 1 ár, 2 ár o. s. frv. að auki. Þessar líkur eða lífendakvóta hefi ég reiknað samkvæmt manndauðatöflu, er ég hefi gert samkvæmt skýrslum hagstofunnar um manndauða á Íslandi á árunum 1911—15 og með hliðsjón af manntalinu 1920. Eftirfarandi tafla sýnir, hve margir verða á lífi af aldursflokkunum samkvæmt töflu 4. eftir að 65 ára aldri er náð:

Tafla 5.

Menn

Aldur	Eftir 0 ár	Eftir 1 ár	Eftir 2 ár	Eftir 3 ár	Eftir 4 ár	Eftir 5 ár	Eftir 10 ár
55 ára	172	„	„	„	„	„	„
56 —	171	„	„	„	„	„	„
57 —	165	„	„	„	„	„	„
58 —	154	„	„	„	„	„	„
59 —	143	„	„	„	„	„	„
60 —	137	„	„	„	„	„	„
61 —	129	„	„	„	„	„	„
62 —	124	„	„	„	„	„	„
63 —	120	„	„	„	„	„	„
64 —	115	„	„	„	„	„	„
65 —	„	111	112	112	113	117	132
66 —	„	„	108	109	109	111	130
67 —	„	„	„	106	106	107	125
68 —	„	„	„	„	102	101	116
69 —	„	„	„	„	„	99	106
70 —	„	„	„	„	„	„	100
71 —	„	„	„	„	„	„	92
72 —	„	„	„	„	„	„	87
73 —	„	„	„	„	„	„	82
74 —	„	„	„	„	„	„	76
	1430	111	220	327	430	535	1046

Konur

Aldur	Eftir 0 ár	Eftir 1 ár	Eftir 2 ár	Eftir 3 ár	Eftir 4 ár	Eftir 5 ár	Eftir 10 ár
55 ára	182	„	„	„	„	„	„
56 —	179	„	„	„	„	„	„
57 —	174	„	„	„	„	„	„
58 —	170	„	„	„	„	„	„
59 —	157	„	„	„	„	„	„
60 —	139	„	„	„	„	„	„
61 —	132	„	„	„	„	„	„
62 —	127	„	„	„	„	„	„
63 —	125	„	„	„	„	„	„

Aldur	Konur						
	Eftir 0 ár	Eftir 1 ár	Eftir 2 ár	Eftir 3 ár	Eftir 4 ár	Eftir 5 ár	Eftir 10 ár
64 ára	123	„	„	„	„	„	„
65 —	„	120	119	118	121	125	154
66 —	„	„	117	117	117	119	150
67 —	„	„	„	116	115	115	145
68 —	„	„	„	„	113	113	140
69 —	„	„	„	„	„	111	128
70 —	„	„	„	„	„	„	112
71 —	„	„	„	„	„	„	104
72 —	„	„	„	„	„	„	98
73 —	„	„	„	„	„	„	94
74 —	„	„	„	„	„	„	91
	1508	120	236	351	466	583	1216

Taflan sýnir, að í lok 1. ársins verða 111 menn og 120 konur yfir 65 ára á lífi. Í lok 2. árs verða á lífi 220 karlmenn og 236 konur yfir 65 ára, o. s. frv. Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðuna samkvæmt töflu 3. og 5., eða tölu þeirra, sem eiga rétt á að fá útborgaðan örorkulífeyri eða ellilaun samkvæmt frumvarpinu:

Tafla 6.

	Yfir 65 ára		Öryrkjar yngri en 65 ára		
	Menn	Konur	Menn	Konur	Samtals
Í lok 1. árs	111	120	104	137	472
— 2. —	220	236	184	251	891
— 3. —	327	351	251	350	1279
— 4. —	430	466	303	436	1635
— 5. —	535	583	346	511	1975
— 10. —	1046	1216	463	771	3496

Nú liggur beinast við að margfalda tölu þeirra, sem eiga rétt á örorkulífeyri eða ellilaunum, með meðallífeyrisupphæð. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að örorkulífeyrir og ellilaun breytist þegar lífeyrisnjótandinn hefir aðrar tekjur yfir visst lágmark, en af því leiðir, að meðalupphæð árlegs lífeyris er komin undir því, hve miklar verða tekjur öryrkjanna og þeirra, er njóta ellilauna. Þar sem engar athuganir eru fyrir hendi um tekjuskiptinguna eftir aldri og allar ágizkanir um það hljóta að verða út í bláinn, tel ég heppilegast að reikna með hinum föstu upphæðum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að greiddar verði í árlegan örorkulífeyri og ellilaun. Kostnaðaráætlunin verður við það nokkuð hærri heldur en vænta má, að raun beri vitni um.

Nú gerir frumvarpið ráð fyrir, að lífeyrisupphæð sé breytileg eftir dvalarstað lífeyrisnjótandans, en fyrir því má gera með því að nota hlutföllin á milli fólksfjölda þeirra staða, sem frumvarpið gerir greinarmun á, við útreikning á meðalupphæð lífeyris.

Nú lætur nærri, að hlutföllin milli íbúatölu Reykjavíkur, annara kaup-

staða og sveita með verzlunarstöðum séu 25:15:60, og ætti þá meðalupphæð lífeyris að verða nálægt:

$$0{,}25 \times 900 + 0{,}15 \times 750 + 0{,}60 \times 600 = 697 \text{ kr.}$$

eða ca. 700 kr. Við eftirfarandi útreikning verður áætlað, að meðalupphæð árlegs lífeyris nemi 700 kr. og að sérhver, sem á rétt á örorkulífeyri eða ellilaunum, fái þá upphæð greidda. Þetta ætti að vera fremur vel í lagt, vegna þess að frumvarpið gerir ráð fyrir, að lífeyrir til hjóna sé lægri en samanlagður lífeyrir ókvænts manns og ógiftrar konu, en framfærðar konur eru hér meðreiknaðar í tölu öryrkja og gamalmenna. Sömuleiðis eru ekkjur þær, er eiga rétt á örorkulífeyri og ellilaunum, meðtaldar í tölu öryrkja og þeirra, er rétt eiga á ellilaunum, svo að kostnaður vegna greiðslu lífeyris til þeirra kemur fram þegar tala öryrkjanna og gamalmennanna er margfölduð með meðalupphæð árlegs lífeyris.

Samkvæmt töflu 1. er rúmur ⅓ hluti af karlmönnum fjölskyldumenn, en tæp 7% af konum. Við áætlun á kostnaði vegna viðbótargreiðslu til þeirra, er hafa börn innan 15 ára á framfæri sínu, geri ég ráð fyrir, að 50% af karlmönnum og 10% af konum meðal öryrkja hafi börn á framfæri sínu. Hinsvegar geri ég ráð fyrir, að gamalmennin hafi eigi börn innan 15 ára á framfæri sínu. Ennfremur geri ég ráð fyrir, að 3 börn innan 15 ára komi til jafnaðar á hvern öryrkja, og ætti það að vera vel í lagt, þar sem tala fjölskyldumanna samkvæmt töflu 1. er 7300, en tala barna innan 15 ára ca. 11000, svo að eigi koma 2 börn á hvern fjölskyldumann til jafnaðar. Meðalupphæð uppbótargreiðslu vegna barns innan 15 ára aldurs má reikna á sama hátt og meðalupphæð árlegs lífeyris.

Meðalviðbótargreiðsla vegna 1. barns verður þá:

$$0{,}25 \times 360 + 0{,}15 \times 300 + 0{,}60 \times 240 = 272 \text{ kr.}$$

og vegna annara barna:

$$0{,}25 \times 240 + 0{,}15 \times 200 + 0{,}60 \times 160 = 186 \text{ kr.}$$

Hér verður viðbótargreiðsla vegna 1. barns áætluð 300 kr. og vegna annara barna 200 kr., og ætti það að vera nokkuð meira en vænta má.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að öryrkjar, sem þarfnast stöðugrar umönnunar annara og eigi geta unnið fyrir sér að neinu verulegu leyti, fái til viðbótar 360 kr. í Reykjavík, 300 kr. í öðrum kaupstöðum og 240 kr. annarsstaðar á landinu. Samskonar uppbótargreiðslur gerir frumvarpið ráð fyrir, að verði greiddar þeim, er njóta ellilauna og hafa náð 75 ára aldri. Til þess þarf þó eigi að taka tillit í þessari áætlun, þar sem hún nær aðeins til fyrstu 10 áranna og þeir, sem ellilaun fá á því tímabili, eru undir þeim aldri. Þó halda öryrkjar, sem áður hafa fengið þessa uppbótargreiðslu, áfram að fá hana eftir að þeir verða fullra 65 ára. Hér verður gert ráð fyrir, að þriðjungur öryrkja, yngri en 65 ára, fái þessar viðbótargreiðslur, og að skipting þeirra eftir dvalarstað sé í samræmi við hlutföllin milli íbúatölu dvalarstaðanna, þannig að meðaluppbótargreiðsla verði nálægt:

$$0{,}25 \times 360 + 0{,}15 \times 300 + 0{,}60 \times 240 = 279 \text{ kr.}$$

Hér verður reiknað með, að viðbótargreiðsla nemi í öllum tilfellum 300 kr.

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöður þær, er leiðir af framanskráðum íhugunum:

Tafla 7.

Ár	Örorkulífeyrir og ellilaun	Viðbætur vegna barna 1. barns	Annara	Viðbætur vegna hjálparleysis	Samtals
1.	330400	19800	26400	24000	400600
2.	623700	25100	46800	43500	749100
3.	895300	48000	64000	60000	1067300
4.	1144500	58500	78000	73800	1354800
5.	1382500	67200	96600	85800	1632100
10.	2447200	92400	123200	123300	2786100

Samkvæmt þessu verður væntanlegur kostnaður við elli- og örorkutryggingu þess flokks, sem hér ræðir um, á 1. ári ca. 401000 kr. og hækkandi á næstu árum upp í ca. 2,8 millj. á 10. ári.

Með núverandi fólksfjölda verður kostnaðurinn auðvitað meiri. Síðan 1920 nemur fólksfjölgun ca. 15% af þáverandi fólksfjölda, og má því gera ráð fyrir, að hæfilegt sé að hækka væntanlegan kostnað samkvæmt töflu 7. um ca. 15% vegna fólksfjölgunar. Auk þess má telja líklegt, að af þeim, er stunda ólíkamlega atvinnu, komi talsverður hluti undir tryggingarskylduna samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, en eins og áður er sagt, nam tala framfærenda meðal þeirra tæpum 6% af tölu framfærenda meðal verkafólks, og ætti þá að vera hæfilegt að auka kostnaðaráætlunina í töflu 7. um 20%, til þess að hún gefi nokkurnveginn rétta mynd af væntanlegum kostnaði við elli- og örorkutryggingu þá, er frumvarpið gerir ráð fyrir.

Hér fer á eftir tafla, er sýnir væntanlegan kostnað við elli- og örorkutryggingu, miðað við núverandi fólksfjölda, tölurnar eru þó sléttaðar, svo að þær standa á heilum þúsundum króna:

Tafla 8.

Væntanlegur kostnaður við elli- og örorkutryggingu.

Á 1. ári	kr.	481000
— 2. —	—	899000
— 3. —	—	1281000
— 4. —	—	1626000
— 5. —	—	1959000
—10. —	—	3343000

Um væntanlegan kostnað við sjúkratryggingu samkvæmt frumvarpinu tel ég nægilegt að vísa til eftirfarandi kostnaðaráætlunar, er ég hefi gert fyrir milliþinganefnd þá, er starfaði að undirbúningi tryggingarmálefna:

Kostnaðaráætlun.

Kostnaðinum við sjúkratryggingarnar má skipta í tvo flokka. Annar flokkur kostnaðarliðanna er háður ýmsum atvikum, sem tilviljun ein ræður um. Þetta gildir um dagpeninga, sængurkonupeninga, fjölskyldupeninga og útfararkostnað. Um þessa kostnaðarliði má gera sæmilega örugga áætlun, ef tala hinna tryggðu

er tiltölulega stór og lífskjör og atvinnuhættir svipaðir. Ef þessi skilyrði eru uppfyllt, verða tiltölulega litlar breytingar frá ári til árs á tölu þeirra atburða, sem veita rétt til styrks. Þannig sýnir reynslan, að tala veikindadaga fyrir heildarflokk hinna tryggðu verður litlum breytingum háð frá ári til árs, ef samsetning flokksins er óbreytt. Svipað gildir um fæðingar og dauðsföll.

Reynsla, sem viðsvegar er fengin um tölu sjúkradaga, sýnir ótvírætt, að sjúkdómshættan vex með aldrinum. Sömuleiðis hafa sumar atvinnugreinar í för með sér meiri sjúkdómshættu en aðrar. Af þessu leiðir, að ekki er hægt að vænta, að tala veikindadaga verði svipuð frá ári til árs, nema aldurssamsetning flokksins haldist óbreytt og samsetning flokksins hvað snertir atvinnuhætti raskist ekki verulega.

Ef góðar athuganir eru fyrir höndum um tölu veikindadaga, fæðingar og dauðsföll innan flokksins, nægir það ásamt fastákvörðun sjúkrastyrksins í einstökum tilfellum til þess að gera sæmilega örugga áætlun um kostnaðinn. Þó er nauðsynlegt að hafa sundurliðaða skýrslu um tekjuflokka innan flokksins, ef dagpeningar miðast við tekjur einstaklinganna.

Hinn flokkur kostnaðarliðanna er að vísu háður tilviljunum, en er jafnframt og öllu meira kominn undir samningum milli frjálsra aðilja. Þetta gildir um læknishjálp, lyf, ljósmóðurhjálp, meðlagskostnað í sjúkrahúsum og ferðakostnað. Það er því örðugra að gera fyrirfram sæmilega áætlun um þessa kostnaðarliði. Þeir eru sumpart háðir almennu verðlagi á hverjum stað, en jafnframt því, hversu staðhættir allir eru hagkvæmir (dreifð eða þétt byggð, góðar eða torveldar samgöngur o. fl.).

Kostnaðaráætlun sú, sem hér fer á eftir, er að nokkru leyti byggð á ágizkunum, þar sem ýmsar nauðsynlegar upplýsingar vantar. Áætlunin er því fremur gerð í þeim tilgangi að draga upp mynd af fyrirhugaðri starfsemi sjúkratrygginganna, miðað við staðhætti hér á landi, heldur en til hins, að af henni sé hægt að draga ályktun um væntanlegan kostnað við sjúkratryggingar hér á landi. Allar ágizkanir eru þó gerðar með það fyrir augum að fara sem næst hinu sanna.

Hversu há væntanleg tala tryggingarskyldra verður samkv. uppkastinu, fer auðvitað nokkuð eftir því, hvaða tekjuhámark verður sett. Líklegt má þó telja, að aðstoðarfólk og verkafólk í hinum ýmsu atvinnugreinum komi undir tryggingarskylduna.

Samkvæmt manntalinu 1920 var tala aðstoðarmanna og verkamanna í ýmsum atvinnugreinum, börn innan 16 ára og giftar konur, skipt niður í framfærendur og framfærða, einhleypa menn og fjölskyldumenn, eins og eftirfarandi tafla sýnir:

	Framfærendur					Framfærðir	
	Einhleypir		Fjölskyldufólk			Giftar	Börn innan
	Menn	Konur	Menn	Konur	Samtals	konur	16 ára
Við landbúnað	6225	1650	735	122	8732	380	861
— fiskveiðar	2687	607	2844	134	6272	2245	5266
— handverk og iðn	1107	938	1190	125	3360	965	2023
— verzlun og samg.	1379	563	1826	61	3829	1428	2935
Heimilishjú	18	5782	17	246	6063	13	337
Samtals	11416	9540	6612	688	28256	5031	11422

Það má því gera ráð fyrir, að tala tryggingarskyldra verði að minnsta kosti ekki undir ca. 28200, þar við bætist konur tryggingarskyldra, ca. 5000 að tölu, og börn þeirra innan 15 ára, ca. 10800 að tölu. Samtals nær tryggingarskyldan þá til 44000 manna. Síðan 1920 hefir fólksfjöldinn hér á landi aukizt um ca. 12000, og ætti þá tala tryggingarskyldra og skylduliðs þeirra að vera rúmlega 49000, ef hlutföllin á milli sjálfstæðra atvinnurekenda og þeirra, sem vinna í þjónustu annara, hafa ekki raskazt til muna síðan 1920.

Læknaþörfinni getur sjúkratryggingin fullnægt annaðhvort með því að ráða læknana í þjónustu sína, eða með því að semja við einstaka lækna eða samtök læknastéttarinnar um læknaþóknun samkv. taxta. Til þess að læknaþjónusta sjúkratryggingarinnar verði ekki lakari en almennt gerist hér á landi, þarf sjúkratryggingin, ef fyrri leiðin verður valin, að hafa 1 lækni í hverju læknishéraði, að undanskildu Reykjavíkurhéraði, en þar nægir ekki minna en 3—4 læknar. Læknishéruð eru 48 hér á landi, og verður þá tala samlagslækna að vera 51. Með 600 kr. föstum mánaðarlaunum verður kostnaðurinn 367200 kr. Ef þessum kostnaði er deilt niður á framfærendur meðal tryggingarskyldra, verður kostnaðurinn pr. framfæranda 367200 : 28200, eða ca. 13 kr. Þar við bætist kostnaður við aðra læknishjálp, svo sem aðstoð sérfræðinga o. fl. Ef læknakostnaður er áætlaður 17 kr. pr. framfæranda, verða 112200 kr. afgangs til þess að greiða síðasttalinn kostnað. Til samanburðar má taka, að læknakostnaður pr. meðlim var að meðaltali 20,56 kr. á ári hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur síðustu 10 árin, og samsvarar það ca. 682600 kr. læknakostnaði fyrir flokk hinna tryggingarskyldu, og nægir sú upphæð fyrir 600 kr. mánaðarlaunum handa 51 lækni, með afgang, sem nemur 315400 kr. til annara lækna, og virðist það fullmikið í lagt.

Fyrirkomulag það með fastráðna lækna, sem hér er stungið upp á, hefir í för með sér, að fjölmennari læknishéruðin bera nokkuð af læknakostnaðinum fyrir hin fámennari héruð, og getur þetta skeð á eðlilegan hátt, ef allt landið er gert að starfssviði fyrir eitt sjúkrasamlag, sem ber áhættuna óskipta.

Eftirfarandi tafla sýnir, hvernig tryggingarskyldir framfærendur skiptast niður eftir læknishéruðum, reiknað út eftir manntalinu 1920.

Tala tryggingarskyldra framfærenda innan hvers læknishéraðs			Tala læknishéraða
Frá	100— 200	tr.sk. framf.	3
—	200— 300	—„—	11
—	300— 400	—„—	10
—	400— 500	—„—	7
—	500— 600	—„—	4
—	600— 700	—„—	3
—	700— 800	—„—	4
—	800— 900	—„—	0
—	900—1000	—„—	1
—	1000—1100	—„—	3
—	1700—1800	—„—	1
—	6000—7000	—„—	1
		Samtals	48 héruð

Þau læknishéruð, sem hafa minna en ca. 550 tryggingarskylda framfærendur (þau eru samkvæmt töflunni 31 að tölu), geta ekki borið að fullu læknakostnaðinn með 17 kr. framlagi frá hverjum tryggingarskyldum framfæranda, enda þótt kostnaðurinn, tekinn sem heild yfir allt landið, fari ekki fram úr þeirri upphæð. Hin læknishéruðin, 17 að tölu, sem hafa 550 tryggingarskylda framfærendur eða fleiri, ættu þá að geta komizt af með minna ársframlag pr. tryggingarskyldan framfæranda, ef tilhögunin verður þannig, að eitt sjúkrasamlag starfi í hverju læknishéraði, en jafnframt verður læknakostnaðurinn þá þungbærari fyrir fámennari héruðin.

Að sjálfsögðu verður fyrirkomulagið með fastráðna lækna því aðeins valið, að ekki verði hægt að komast að hagkvæmari kjörum á annan hátt, t. d. læknaþóknun eftir taxta, eða læknaþóknun, sem miðast við tölu samlagsmanna. (Sjá um læknasamninga og greiðslu læknaþóknunar Compulsory sickness insurance, síðu 383—390).

Lyfjakostnaður: Samkvæmt síðustu 10 ára reynslu Sjúkrasamlags Reykjavíkur voru ársútgjöld til lyfja að meðaltali 7,50 kr. pr. meðlim. Þetta samsvarar, þegar giftar konur eru ekki reiknaðar meðal gjaldenda, ca. 8,83 kr. ársútgjöldum pr. tryggingarskyldan framfæranda. Nú má að vísu gera ráð fyrir, að kostnaður til lyfja verði nokkuð meiri úti um land, þar sem framleiðslukostnaður lyfja, að öllum líkindum, er meiri þar heldur en í kaupstöðunum. Hinsvegar má telja líklegt, að sjúkrasamlögin geti með samningum við lyfjabúðir fengið niðursett verð á lyfjum handa meðlimum sínum.

Kostnaður við nudd og böð verður hér áætlaður 2,50 kr. pr. tryggingarskyldan framfæranda, og er þar miðað við, að útgjöld norskra héraðasamlaga til þessa hefir að meðaltali verið tæpar 2 n. kr. pr. framfæranda.

Meðlagskostnaður í sjúkrahúsi: Samkvæmt reynslu Sjúkrasamlags Reykjavíkur var meðlagskostnaður á sjúkrahúsi að meðaltali 12,80 kr. á ári pr. meðlim, en það samsvarar fyrir flokk hinna tryggingarskyldu, þegar giftar konur eru ekki reiknaðar meðal gjaldenda, ca. 15 kr. pr. tryggingarskyldan meðlim.

Útgjöld til dagpeninga: Samkvæmt reynslu víðsvegar að er algengast, að frá 7 til 10 veikindadagar komi til jafnaðar á hvern sjúkratryggðan meðlim. (Sjá Compulsory sickness insurance, síðu 211—252). Hér á landi er varla nokkur reynsla fengin um tölu veikindadaga. Með hliðsjón af erlendri reynslu þykir hæfilegt að áætla 9 og ½ veikindadag árlega til jafnaðar pr. tryggingarskyldan framfæranda. Í uppkastinu er ekki gert ráð fyrir, að dagpeningar verði greiddir á sunnudögum, en við það sparast ca. 1 og ⅓ greiðsludagur. Ennfremur greiðast ekki dagpeningar samkvæmt uppkastinu, ef veikindin vara skemur en 3 daga, en sá sparnaður verður hér áætlaður ⅙ úr degi. Eftir verða þá 8 veikindadagar á ári pr. tryggingarskyldan framfæranda, og verða útgjöldin þá samkvæmt uppkastinu til jafnaðar pr. tryggingarskyldan framfæranda innan hvers tekjuflokks eins og hér segir:

1.	flokkur, dagpeningar	0,00 kr.
2.	——„——	6,40 —
3.	——„——	12,00 —
4.	——„——	16,80 —
5.	——„——	20,80 —
6.	——„——	24,00 —
7.	——„——	26,40 —
8.	——„——	28,00 —
9.	——„——	32,00 —

Þar sem ekki eru fyrir höndum upplýsingar um tekjur verkafólks, verður hér áætlað, að hvert 100 af tryggingarskyldum framfærendum skiptist niður í tekjuflokka eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Tekjuflokkar	Flokkstalan	Útgjöld vegna flokksins
1.	1 af hundraði	0,00 kr.
2.	4 ——„——	28,60 —
3.	5 ——„——	60,00 —
4.	6 ——„——	100,80 —
5.	7 ——„——	145,60 —
6.	10 ——„——	240,00 —
7.	15 ——„——	396,00 —
8.	10 ——„——	280,00 —
9.	42 ——„——	1344,00 —
	Samtals 100	2595,00 kr.

Samkvæmt þessari áætlun verða ársútgjöldin til dagpeninga til jafnaðar 25,95 kr. pr. tryggingarskyldan framfæranda. Hér er að vísu ekki tekið tillit til þess, að dagpeningar, samkvæmt uppkastinu, greiðast ekki yfir þann tíma, sem sjúklingurinn dvelur í sjúkrahúsi á kostnað samlagsins, en í slíkum tilfellum greiðast stundum fjölskyldupeningar, og ætti þá ofangreind upphæð að vera ríflega fyrir hvorutveggja, dagpeningum og fjölskyldupeningum.

Sængurkonupeningar: Samkvæmt mannfjöldaskýrslum hagstofunnar árin 1911—1915 má reikna með, að árlega fæðist ca. 1180 börn innan flokks hinna tryggingarskyldu. Upphæð sængurkonupeninga er samkvæmt uppkastinu háð tekjum konunnar, ef hún er framfærandi sjálf. Hér verður áætlað, að hvert 100 af tryggingarskyldum framfærendum meðal kvenna skiptist þannig niður í tekjuflokka:

Tekjuflokkar	Flokkstalan	Sængurkonupeningar	Flokksútgjöld alls
1.	2 af hundraði	30,00 pr. fæðingu	60,00 kr.
2.	6 ——„——	38,40 ——„——	230,40 —
3.	10 ——„——	72,00 ——„——	720,00 —
4.	12 ——„——	100,80 ——„——	1209,60 —
5.	15 ——„——	124,80 ——„——	1872,00 —
6.	20 ——„——	144,00 ——„——	2880,00 —
7.	25 ——„——	158,40 ——„——	3960,00 —
8.	8 ——„——	168,00 ——„——	1344,00 —
9.	2 ——„——	192,00 ——„——	384,00 —
	Samtals 100		12660,00 kr.

Hæfilegt virðist að áætla, að ca. 300 fæðingar verði árlega meðal tryggingarskyldra kvenna, sem eru sjálfar framfærendur. Heildarkostnaðurinn við sængurkonupeninga verður þá sem hér segir:

Sængurkonupeningar til 880 mæðra, sem eru giftar tryggingarskyldum mönnum, 30 kr. pr. fæð.	kr.	26400
Sængurkonupeningar til 300 mæðra, sem eru sjálfar tryggingarskyldar	—	37980
Samtals	kr.	64380

Ef þessum kostnaði er deilt jafnt niður á 28200 tryggingarskylda framfærendur, verður kostnaðurinn pr. framfæranda nálægt 2,28 kr.

Ef kostnaður við ljósmóðurhjálp er áætlaður 20 kr. til jafnaðar við hverja fæðingu, samsvarar það ca. 0,82 kr. á ári pr. tryggingarskyldan framfæranda.

Samkvæmt manndauðaskýrslum hagstofunnar frá 1911—1915 má áætla, að árlega verði dauðsföll innan flokksins sem hér segir:

Dauðsföll meðal barna tryggingarskyldra meðlima, 143 árlega, dánarbætur 50 kr.	kr.	7150
Dauðsföll meðal tryggingarskyldra meðlima og skylduliðs þeirra, 354 árlega, dánarbætur 100 kr., kostnaður samtals	—	35400
Samtals	kr.	42550

eða ca. kr. 1.51 pr. tryggingarskyldan framfæranda.

Samtals verður áætlaður kostnaður þá eins og hér segir:

Kostnaðarliðir	Kostnaður pr. tryggingarskyldan framf.	Kostnaður alls
1. Læknishjálp	kr. 17,00	kr. 479400,00
2. Lyf	— 8,83	— 248000,00
3. Nudd og böð	— 2,50	— 70500,00
4. Meðlagskostnaður í sjúkrahúsi	— 15,00	— 423000,00
5. Dagpeningar og fjölskyldupeningar	— 25,95	— 731800,00
6. Sængurkonupeningar	— 2,28	— 64400,00
7. Ljósmóðurhjálp	— 0,82	— 23100,00
8. Útfararkostnaður	— 1,51	— 42600,00
9. Ferðakostnaður lækna og sjúklinga	— 3,00	— 84600,00
10. Framkvæmdarstjórn	— 5,00	— 141000,00
Samtals	kr. 81,89	kr. 2308400,00

Áætlaður kostnaður verður samkvæmt þessu tæpar 2⅓ millj. kr., eða ca. 82 kr. pr. tryggingarskyldan framfæranda. Kostnaðaráætlunin er öll miðuð við fólksfjöldann 1920, og má gera ráð fyrir, að heildarkostnaðurinn með núverandi fólksfjölda verði ca. 10% hærri.

Hinsvegar má telja líklegt, að kostnaðurinn pr. tryggingarskyldan framfæranda sé fremur ríflega áætlaður, miðað við núverandi fólksfjölda, þar sem sumir kostnaðarliðirnir aukast ekki hlutfallslega eins ört og fólksfjöldinn eða tala tryggingarskyldra.

Til samanburðar við kostnaðaráætlunina má taka, að sjúkrakostnaður

norskra héraðasamlaga var árið 1928 60,21 n. kr. pr. tryggingarskyldan meðlim. Það samsvarar 73,46 ísl. kr. með gengi 122. Norsk héraðasamlög veita ekki meðlimum sínum ókeypis lyf, en lyfjakostnaður var hér áætlaður 8,33 kr. Ef lyfjakostnaður er dreginn frá áætluðum kostnaði, verða eftir 81,89 ÷ 8,83 = 73,06 kr. Mismunurinn á kostnaðaráætluninni og raunverulegum kostnaði norskra héraðasamlaga árið 1928 er því óverulegur.

Framanskráð kostnaðaráætlun við sjúkratryggingu er miðuð við lögskipaða skyldutryggingu fyrir alla (án tillits til aldurs), er vinna í þjónustu annara, og með svipuðu fyrirkomulagi og sjúkratrygging sú, er frumvarp um alþýðutryggingar gerir ráð fyrir, að því undanskildu, að dagpeningar voru áætlaðir nokkru lægri en frumvarpið gerir ráð fyrir, og því, að stjórnarkostnaður var talinn með í kostnaðaráætluninni. Samkvæmt þessari kostnaðaráætlun nemur kostnaður pr. tryggingarskyldan framfæranda ca. 82 kr., og hygg ég, að það muni láta nærri, einnig hvað snertir væntanleg útgjöld vegna sjúkratryggingar þeirrar, er frumvarpið felur í sér.

Samkvæmt töflu 2. hér að framan er tala framfærenda meðal verkafólks á aldrinum 15—64 ára 26636. Tala núverandi framfærenda, er falla undir hina lögboðnu sjúkratryggingu samkvæmt frumvarpinu, ætti þá að verða 20% hærri, eða 31963, eða ca. 32 þúsund. Væntanlegur heildarkostnaður við sjúkratryggingarnar verður samkvæmt því kr. 2624000 á ári.

Um væntanlegan kostnað við greiðslu atvinnuleysisstyrks samkvæmt frumvarpinu er erfitt að segja fyrirfram. Þær athuganir, sem hafa verið gerðar um atvinnuleysi hér á landi, eru taldar mjög óáreiðanlegar, og ná þær auk þess of skammt aftur í tímann, til þess að nokkuð sé hægt að styðjast við þær. Þó hygg ég, að af þeim athugunum megi draga þá ályktun, að hér hafi eigi verið að ræða um verulega mikið atvinnuleysi, samanborið við reynslu flestra Evrópuríkja á undanförnum árum. Vafalaust má þó telja, að atvinnuleysi hafi verið óvenjulega mikið eftir íslenzkum mælikvarða á síðastliðnum tveim árum, og má án efa rekja orsökina til þess til hins tilfinnanlega verðfalls á aðalútflutningsvörum vorum. Fyrir 1930 mun um nokkurt árabil eigi hafa verið atvinnuleysi svo teljandi sé; þó má ganga að því vísu, að veðráttufar að vetrinum muni jafnan orsaka stöðvun á vinnu til lands og sjávar, og getur atvinnuleysi það, sem af því stafar, talizt normalt. Það atvinnuleysi, sem stafar af áhrifum utan að, vegur þó sennilega meira, og má því gera ráð fyrir, að atvinnuleysi hér fylgi nokkurnveginn þeim verðsveiflum, sem verða á aðalútflutningsvörum vorum, eða hinum almennu verðlagssveiflum, sem hafa gert vart við sig síðan snemma á síðustu öld, þannig að lægst verðlag og mesta atvinnuleysi fylgist nokkurnveginn að.

Væntanleg tillög til atvinnutryggingarsjóðs má því eigi miða eingöngu við atvinnuleysið þegar það er mest, né heldur þegar það er minnst, heldur þannig, að væntanleg tillög til atvinnutryggingarsjóðs verði svo rífleg, að í öryggissjóð atvinnutryggingarinnar safnist nægilegt fé, þegar atvinnuleysið er lítið, til þess að mæta útgjöldunum þegar atvinnuleysið er mest, þannig að árlegt tillag verði sem næst meðalútgjöldum til atvinnuleysisstyrks yfir lengra tímabil.

Áður en nokkur reynsla er fengin, má auðvitað deila um það, hve hátt er hæfilegt að áætla meðalútgjöldin. Hér verða þau áætluð 1,2 millj. kr., en reynslan verður að skera úr því, hvort það er hæfilegt eða eigi.

Samkvæmt frumvarpinu eiga ekki aðrir rétt á atvinnuleysisstyrk en þeir, er verið hafa meðlimir stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands í minnst 26 vikur, þó því aðeins, að þeir séu tryggingarskyldir samkvæmt 1. gr. frumvarpsins. Meðlimatala í slíkum stéttarfélögum mun nú vera ca. 7500. Nú má gera ráð fyrir, að meðlimatalan aukist, ef frumvarpið verður að lögum. Þó hygg ég, að hæfilegt sé að áætla, að aukningin verði varla meiri en svo, að meðlimatalan tvöfaldist. Erlend reynsla hefir sýnt, að örðuglega gengur að safna verkafólki til sveita um slík stéttarfélög, jafnvel þótt þau séu styrkt af ríkinu til þess að setja á stofn tryggingarsjóði gegn atvinnuleysi, og þykir mér líklegt, að svipuð verði reynslan hér.

Samkvæmt frumvarpinu eiga ekki aðrir rétt á atvinnuleysisstyrk en þeir, vinnutryggingunni aukin útgjöld, veitt styrk til verklegra framkvæmda, sem hafa það markmið að veita vinnu atvinnulausum mönnum og konum. Hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélag leggur þá fram $^{3}/_{5}$ kostnaðar, og verður þá, ef upphæð sú, er ég hefi áætlað í meðalkostnað vegna atvinnutryggingarinnar, reynist hæfileg, svigrúm fyrir atvinnutryggingarsjóð til þess að styrkja verklegar framkvæmdir í atvinnubótaskyni fyrir allt að 3 millj. kr., eða sem svarar 200 kr. til jafnaðar pr. meðlim, ef áætlun mín um væntanlega meðlimatölu reynist nærri sanni.

Samkvæmt framanskráðu verður væntanlegur kostnaður við hinar 3 greinar alþýðutryggingarinnar samkvæmt frumvarpinu eins og hér segir:

Tafla 9.

Ár	Elli- og örorkutrygging	Sjúkratrygging	Atvinnuleysistrygging	Samtals
1.	481000	2624000	1200000	1305000
2.	899000	2624000	1200000	1723000
3.	1281000	2624000	1200000	5105000
4.	1626000	2624000	1200000	5450000
5.	1959000	2624000	1200000	5783000
10.	3343000	2624000	1200000	7167000

Eftirfarandi tafla sýnir kostnaðarskiptinguna samkvæmt frumvarpinu á milli vinnukaupenda, ríkis og sveita:

Tafla 10.

	Vinnukaupendur	Ríki	Sveitir
1. ár	2583000	861000	861000
2. ár	2833800	944000	944000
3. ár	3063000	1021000	1021000
4. ár	3270000	1090000	1090000
5. ár	3469800	1156600	1156600
10. ár	4300200	1433400	1433400

Samkvæmt frumvarpinu greiða vinnukaupendur hlutdeild sína í kostnaðinum á þann hátt, að hver þeirra greiðir fastákveðinn hundraðshluta af verkalaunum þeirra, er vinna í þjónustu hans. Til þess að gera sér hugmynd um, hversu mikill þessi hundraðshluti þarf að vera, áætla ég meðalkaupgjald karlmanns 1800 kr. og kvenmanns 1200 kr. Nú eru samkvæmt töflu 2 17134 karlmenn og ca. 9500 konur á aldrinum 15 til 64 ára, eða ef þessar tölur eru hækkaðar um 20% til þess að samræma þær við núverandi fólksfjölda, 20561 karlmenn og 11400 konur. Samanlagðar árstekjur þessa fólks verða þá, ef áætlaðar meðaltekjur reynast nærri sanni, ca. 50700000 kr., og verður hinn fasti hundraðshluti þá á 1. ári rúm 5%, er hækkar og verður á 10. ári tæp 8½%.

Reykjavík, 20. marz 1932.

Árni Björnsson.

Nd. 82. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 82, 23. júní 1932, um sjúkrasamlög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. marz 1933.

Bergur Jónsson, form.	Sveinbjörn Högnason, frsm.	Guðbr. Ísberg, fundaskrifari.
Steingr. Steinþórsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Ed. 83. Nefndarálit

um frv. til laga um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað „veðmálabókinni“ komi: veðmálabókina.
   b. Í stað „fasteignaveðaskránni“ komi: fasteignaskrána.

2. Við 4. gr.
Orðin „vegna þess að þau eru ekki að fullu greidd“ falli niður.
Nokkrar prentvillur í frv. er gert ráð fyrir, að leiðréttar verði við endurprentun.

Alþingi, 2. marz 1933.

Magnús Torfason, form.	Pétur Magnússon, frsm.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.

Nd. 84. Nefndarálit

um frv. til laga um sjúkrahús o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Aftan við 8. gr. bætist: Ekki má veðsetja sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað eða aðrar slíkar stofnanir, sem reknar eru með styrk úr ríkissjóði, nema fyrir þeim skuldum, er á stofnuninni sjálfri hvíla.
2. Aftan við 10. gr. komi ný grein, 11. gr., svo látandi:
Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 10 þús. kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Alþingi, 1. marz 1933.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Guðbr. Ísberg, fundaskrifari.	Steingrímur Steinþórsson.
Sveinbjörn Högnason.	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Ed. 85. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Einari Árnasyni.

Við 1. gr. C. 6. Nýr liður:
Siglufjarðarvegur: Frá Hofsósi um Sléttuhlíð og Fljót til Siglufjarðar.

Nd. **86. Frumvarp**

til laga um prestakallasjóð.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Þegar prestakall er prestslaust, svo að eigi kemur til greiðslu embættislauna eða hluta þeirra, skal fjárhæð sú, sem sparast, miðað við byrjunarlaun presta, renna í sérstakan sjóð, sem kirkjuráð varðveitir.

Sjóðurinn heitir prestakallasjóður og skal hann geymdur í Landsbanka Íslands.

2. gr.

Fé því, sem prestakallasjóði áskotnast samkv. 1. gr., skal kirkjuráð ráðstafa til verkefna þeirra, sem því eru ætluð samkv. lögum nr. 21, 6. júlí 1931.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Greinargerð.

Með lögum nr. 21, 6. júlí 1931, er sett á fót kirkjuráð fyrir hina íslenzku þjóðkirkju og því markað allvíðtækt verksvið til eflingar kristindómi, menning og líknarstarfsemi í landinu. En það bagar starf þess, að það hefir ekki fé til umráða til þessarar starfsemi, og verður hún því að mjög miklu leyti að falla niður.

Á hinn bóginn sýnir reynslan, að fyrir kemur, að prestsembætti eru óveitt um lengri og skemmri tíma, og leiðir þá af því, að nokkuð af fé því, sem kirkjunni og starfsemi hennar er árlega ætlað, er ógreitt og kemur ekki að þeim notum, sem til er ætlazt.

Hér virðist því mjög eðlilegt að miðla svo til, að kirkjuráð fái einmitt þetta fé til umráða. Ríkissjóður missir einskis í af því, sem lög ætlast til að hann greiði í þessu skyni, og kirkjuráð fær möguleika til þess að koma einhverju því í framkvæmd, sem það vill vinna á þessu sama sviði.

Ed. **87. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 11, 4. júní 1924.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 1. gr. D. 6. Nýir liðir:

a. *Norðfjarðarvegur:* Frá Eskifirði til Neskaupstaðar.

b. *Fáskrúðsfjarðarvegur:* Frá Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Hrossadalsskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
c. *Mjóafjarðarvegur:* Frá Fagradalsbraut við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Mjóafirði.

Nd. **88. Frumvarp**

til laga um lögreglu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Í Reykjavík skal vera ríkislögregla, og má skipa allt að 10 fasta starfsmenn í þeim tilgangi og aðstoðarmenn eftir því sem óhjákvæmilegt þykir.

2. gr.

Kostnaður af lögreglu þeirri, sem um getur í 1. gr., greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra getur þó samið við bæjarstjórnina í Reykjavík um að nokkur hluti kostnaðarins greiðist úr bæjarsjóði, ef ríkislögreglan tekur að sér störf, sem telja verður að séu á verksviði bæjarfélagsins.

3. gr.

Tilgangur ríkislögreglunnar er að aðstoða lögreglulið bæjarins við að halda uppi lögum og friði, eftir nánari reglum, sem ráðherra getur sett. Ríkislögregluna má ekki nota til kúgunar vinnukaupenda eða vinnuseljenda í löglegum kaupdeilum, heldur aðeins til að halda uppi lögum og friði og vernda eignir fyrir óréttmætum árásum.

4. gr.

Ríkislögreglan og þeir, sem kvaddir eru lögreglunni til aðstoðar, eru sýslunarmenn ríkisins. Hún og þeir, sem aðstoða hana, eiga rétt til bóta fyrir skaða og meiðsli, er þeir verða fyrir vegna starfsins, eftir almennum reglum laga.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði óhjákvæmilegan kostnað, sem leiðir af því að halda uppi reglu og öryggi í landinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hverju ríki er skylt að halda uppi því skipulagi, sem það hefir sett sér. Lögregluliði ríkja, bæja og sveitarfélaga er falið þetta starf. Hér á landi hefir

ríkið ekki sjálft tekið annan verulegan þátt í þessu en að skipa og launa lögreglustjóra, sem stjórna því lögregluliði, sem bæjarfélögin leggja til. En þetta fyrirkomulag er ekki öruggt, enda munu öll menningarríki önnur en Ísland hafa ríkislögreglu til þess að inna þetta skyldustarf af hendi.

Að sjálfsögðu leggur þetta nokkrar fjárhagslegar byrðar á herðar ríkinu, en um það tjáir ekki að fást, því að reynslan sýnir, að þar, sem margt fólk safnast saman og stórir bæir myndast, þarf öflugri lögreglu en vænta má, að bæjarfélögin greiði allan kostnað af. Þess ber þó að geta, að núverandi stjórn hugsar sér að leggja ekki meira í kostnað í þessu efni en hún sér sér minnst fært, enda ekki líkur til, að Alþingi mundi láta annað óátalið.

Hinar einstöku gr. gefa tilefni til eftirfarandi athugasemda.

Um 1. gr.

Vísast til hinna almennu athugasemda.

Um 2. gr.

Hér er ekki ástæða til að láta annars getið en þess, að með því að vel getur hugsazt, að samkomulag verði um það, að ríkislögreglan leysi af hendi einhver störf, sem bæjarlögreglan ætti að réttu lagi að inna af hendi, t. d. að tollverðir, sem í réttu lagi eru ríkislögregla, gæti reglu við höfnina eða hafi eftirlit með sóttvarnarlöggjöf, þá þarf ákvæði um skiptingu kostnaðarins, en gert er ráð fyrir, að um þetta verði samkomulag, sem báðum aðiljum getur verið hagur að.

Um 3. gr.

Það leiðir af sjálfu sér, að hlutverk ríkislögreglunnar er að halda uppi lögum og reglu í þjóðfélaginu. Um þetta er tæpast unnt að deila. Aftur á móti hafa komið fram raddir um það, að nokkur hætta væri á því, að ríkislögreglan yrði notuð til að kúga verkamenn í vinnudeilum. Á þessu á þó ekki að vera meiri hætta hér en í öðrum löndum. En til þess að fyrirbyggja slíkan ótta eru tekin upp ákvæði í gr. þessa, sem sýna, að tilgangur lögreglunnar er alls ekki þessi, heldur þvert á móti. Hitt er auðvitað, að meðan kaupdeilur standa yfir, geta lög verið brotin og friði spillt, og það leiðir af sjálfu sér, að þeir, sem vilja nota slík tækifæri til lögbrota, geta ekki og mega ekki geta skotið sér undir, að kaupdeila sé. Aðalatriðið er, að kaupdeilur verða að ganga sinn gang, en þær mega ekki skapa þeim, sem vilja brjóta landslög, vernd til þess að koma vilja sínum fram.

Um 4. gr.

Ríkislögreglumenn eru starfsmenn ríkisins og eiga því kröfu á sömu vernd og embættismenn eða sýslunarmenn. Auk þess er rétt að tryggja þeim bætur fyrir slysum og skaða. Slíkar bætur verður ríkið að inna af hendi, þegar ekki eru aðrir, sem eru bótaskyldir, en um það fer eftir almennum reglum.

Um 5. gr.

Hér er um að ræða almenna heimild, sem ekki gefur tilefni til athugasemda.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 89. Tillaga

til þingsályktunar um skýrslugerð um opinbera sjóði.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

Alþingi leggur fyrir fjármálaráðherra að fela hagstofunni að safna til og gefa út, þegar á þessu ári, fullkomna skýrslu um hverskonar opinbera sjóði, hvort sem þeir eru í umsjá ríkis, bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga, opinberra stofnana eða annara. Skal í skýrslunni greint frá stofnun hvers sjóðs og tilgangi, stofnendum og forráðamönnum, upphaflegri eign, hvar og hvernig fé sjóðsins hefir verið ávaxtað, hvernig því hefir verið varið og loks, hverjar eignirnar eru og hvernig þeim er ráðstafað þegar skýrslan er gerð.

Greinargerð.

Um einn opinberan sjóð og meðferð á eignum hans hefir mikið umtal orðið hinar síðustu vikur. Skal enginn ætla, að þar með sé sögð saga allra opinberra sjóða, og er hin mesta þörf á allsherjar eldhúsdegi um þessi efni. Liggur þá fyrst fyrir að láta þá rannsókn og skýrslugerð fara fram, sem tillagan gerir ráð fyrir, enda er það nauðsynleg undirstaða til framkvæmdar þeirri löggjöf, sem vænta má, að sett verði á þessu þingi til tryggingar heiðarlegri meðferð opinberra sjóða eftirleiðis.

Nd. 90. Frumvarp

til laga um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, malartaka og annað jarðrask í fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé, að ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta nær þó ekki til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnargerða eða annara mannvirkja.

2. gr.

Ákvæði þessara laga gilda 500 m. út fyrir takmörk verzlunarlóða og 800 m. frá byggð í sjávarþorpum, til beggja handa meðfram fjöru.

3. gr.

Nú hagar þannig til, að áhættulaust virðist að taka efni í landi, sem ofangreind ákvæði ná til, og getur þá landeigandi leyft jarðraskið á ákveðnu svæði með samþykki vitamálastjóra, að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Slíkt leyfi má ekki veita til lengri tíma en 5 ára í senn, en það má endurnýja með samþykki vitamálastjóra, ef það er þá talið hættulaust. Nú þykir einhverjum rétti sínum hallað, og getur hann þá skotið ákvörðun vitamálastjóra til ráðherra, og er úrskurður hans um málið fullnaðarúrskurður.

Nú hefir leyfi verið fengið, og ber þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd að auglýsa og merkja á fullnægjandi hátt, á hvaða svæði efnisnámið sé leyft.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum frá 20 til 500 kr., er renna í sveitarsjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Nd. 91. Nefndarálit

um frumvarp til hjúkrunarkvennalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að deildin samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 3. marz 1933.

Bergur Jónsson, form. Steingr. Steinþórsson, frsm. Guðbr. Ísberg.

Sveinbjörn Högnason. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 92. Tillaga

til þingsályktunar um rýmkun á innflutningsleyfi fyrir sauðfé.

Flm.: Steingr. Steinþórsson, Lárus Helgason, Guðbr. Ísberg.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka fyrir næsta Alþingi, hvort eigi sé unnt að rýmka ákvæði laga nr. 27, 8. sept. 1931, um

innflutning sauðfjár til sláturfjárbóta, svo að einstakir menn geti með leyfi ráðuneytisins flutt inn sauðfé, en þó megi haldast fullt öryggi um það, að ekki flytjist til landsins sjúkdómar með hinu innflutta fé.

Greinargerð.

Vegna yfirstandandi fjárhagsörðugleika bænda, og þó einkum þeirra, er sauðfjárrækt stunda eingöngu, stefnir hugur margra að því að fá erlend fjárkyn flutt inn, til þess að reyna að auka verðmæti sauðfjárafurða á þann hátt. Nú hefir verið gerð tilraun með innflutning á skozku holdafé til einblendingsræktar, en ákvæði laganna hindra það, að bændur almennt geti nokkur not haft af þessu í náinni framtíð, nema einhverju sé breytt frá því, sem nú er. Þá er og mikill hugur í mörgum að fá karakulafé til loðskinnaframleiðslu. Þessar kröfur eru orðnar svo háværar, að ekki verður í gegn þeim staðið til lengdar.

Tillaga þessi fer fram á, að stjórnin láti rannsaka fyrir næsta þing, með hliðsjón af þeirri reynslu, sem þá verður fengin um þetta mál, hvort ekki megi gera einstökum mönnum, sem hug hafa á því að leggja fram fé í þessu skyni, léttara fyrir með að fá þau fjárkyn, sem nú er leyfilegt að flytja til landsins.

Sjálfgefið er, að Búnaðarfélagi Íslands, og þá einkum sauðfjárræktarráðunaut þess, verður falin athugun og rannsókn á þessu.

Nd. 93. Tillaga

til þingsályktunar um breytingar á leyfisbréfi 31. júlí 1926, um sæsímasambandið.

Flm.: Magnús Guðmundsson.

Alþingi ályktar að samþykkja breytingar þær á leyfisbréfi h/f Hins mikla norræna ritsímafélags í Kaupmannahöfn, dags. 31. júlí 1926, um starfrækslu sæsímans milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands, sem samkomulag hefir náðst um.

Greinargerð.

Á Alþingi 1930 var ríkisstjórninni heimilað að segja upp samningi við Mikla norræna ritsímafél., þannig að leyfið til að starfrækja sæsímann milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands félli úr gildi 1. jan. 1932. Samningnum var þó ekki sagt upp, en hann fellur úr gildi 1. jan. 1935, ef hann er ekki endurnýjaður áður.

Eftir hinum gildandi samningi var hægt að segja upp frá 1. jan. 1934 með 1 árs fyrirvara, en undir áramótin síðustu var farið fram á það við félagið, að 9 mánaða uppsagnarfrestur væri látinn nægja, með því að óskað væri breytinga af Íslands hálfu á samningnum, og væri ekki ósennilegt, að honum yrði sagt upp, ef þær breytingar fengjust ekki, en landssímastjóri mundi fara til Danmerkur til þess að semja um þau atriði, sem breytinga væri óskað á.

Landssímastjóri fór síðan til Danmerkur og fékk framgengt þeim atriðum, sem mestu máli þóttu skipta, en það var að fá heimild til að setja á stofn talsamband milli Íslands og annara landa og nokkrar bætur á samningi um rekstur stöðvarinnar á Seyðisfirði.

Breytingar þær á samningnum við ritsímafélagið, sem ætlazt er til, að Alþingi leggi samþykki sitt á, eru svo hljóðandi:

„Leyfisbréf um sæsímann til Íslands, dags. 31. júlí 1926, heldur gildi sínu þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. gr., þar til annaðhvort ríkjanna eða félagið segir því upp með 9 mánaða fyrirvara til brottfalls 1. jan. á eftir, þó eigi fyrr en 1. jan. 1935.

7. gr. leyfisbréfsins er ekki því til fyrirstöðu, að íslenzka ríkið gangist fyrir, að talsamband verði sett á stofn milli Íslands og annara landa".

Við frekari skýringar er prentað hér á eftir bréf landssímastjóra frá 22. febr. þ. á. ásamt frumritum breytinganna (Protokol A. og B.).

Fylgiskjal I.

LANDSSÍMASTJÓRINN

Reykjavík, 22. febrúar 1933.

Samkvæmt fyrirlagi hæstvirts dómsmálaráðherra fór ég til Danmerkur snöggva ferð til þess að semja við Mikla Norræna Ritsímafélagið um nokkur atriði í sæsímasérleyfinu, sem vér höfðum farið fram á að fá breytingu á. Ég fór frá Reykjavík með e/s Brúarfossi 21. janúar, en af því að skip þetta, sem hafði áætlun beint til Kaupmannahafnar, þurfti að koma við í Grimsby í Englandi og síðan í Álaborg, þá fór ég af skipinu í Grimsby og svo yfir Harwich-Esbjerg til Kaupmannahafnar án nokkurrar viðstöðu í London. Til Kaupmannahafnar kom ég 29. janúar og til Reykjavíkur aftur nú með e/s Íslandi þann 19. þ. m. Samningarnir gengu frekar treglega, en þó tókst að ná samkomulagi þannig að undirskriftir fóru fram 2 klukkustundum áður en ég steig aftur á skipsfjöl í Kaupmannahöfn.

Breytingar þær á sérleyfissamningnum, sem farið hafði verið fram á af Íslands hálfu, voru í því fólgnar:

1) *að* heimilt væri að koma á þráðlausu talsambandi milli Íslands og útlanda og
2) *að* sæsímagjöldin yrðu ekki reiknuð að öllu í gulli, eins og þó er um samið í sérleyfinu samkvæmt alþjóðavenju.

Fyrra atriðinu, sem var aðalatriðið frá okkar hálfu, tókst að fá framgengt að öllu leyti, með þeirri einu tilslökun á móti — ef tilslökun skyldi kalla —, að sæsímasérleyfið framlengdist af sjálfu sér frá ári til árs, ef því verður ekki sagt upp.

Hið síðara atriðið fékkst að vísu ekki beint uppfyllt, en þó fékkst nokkur uppbót, á þann hátt, að sæsímastarfrækslugjald Íslands hækkaði um 3% af sæsímatakstatekjunum (úr 27,7% upp í 30,7%) og verður með því móti sennilega hægt að komast hjá að hækka skeytagjöldin til útlanda, ef íslenzka krónan fellur ekki úr því gullgildi, sem hún nú hefir, en það hefði að öðrum kosti verið óhjákvæmilegt, eins og ísl. krónan stóð í nóvember og desember síðastliðnum, því þá tapaði Ísland mestum partinum af sínum hluta skeytagjaldsins, þ. e. terminalgjaldinu.

Ég sendi hér með samninga þá, sem gerðir voru (Protokol A og Protokol B). Hinn fyrri (A) er breyting á sjálfu sérleyfinu og er undirritaður af símastjórum beggja ríkjanna, Danmerkur og Íslands, og af ritsímafélaginu. Hinn síðari (B) er breyting á samningi um rekstur sæsímans, er gerður var milli Íslands annarsvegar og ritsímafélagsins hinsvegar, og er því undirritaður af landssímastjóra og félaginu.

Til skýringar þessu máli og því, sem fram fór við samninga-umleitanirnar, mætti skrifa langt mál, en með því að ég geri ráð fyrir, að ráðuneytið leggi mál þetta fyrir Alþingi til samþykktar, kýs ég heldur að reifa málið ýtarlega munnlega fyrir samgöngumálanefndum Alþingis, enda er hæstvirtur dómsmálaráðherra sjálfur málinu vel kunnugur. Ég vil aðeins leyfa mér að geta þess hér, að sendiherra Sveinn Björnsson og Jón Krabbe voru mér til ómetanlegrar aðstoðar við samningana, og vil ég þakka þeim að miklu leyti árangurinn. Það skal einnig tekið fram, að danska símastjórnin (Generaldirektör Mondrup) sýndi okkur hina fyllstu samúð og stuðning í samningunum, enda var öll framkoma hans hin ákjósanlegasta í vorn garð.

Eins og flestum er kunnugt, hefir með samstarfi margra ríkja í Evrópu og utan Evrópu á síðari árum verið komið á talsímasamböndum á milli hinna ýmsu landa, þannig að nú er hægt að símtala milli flestra landa Evrópu og nokkurra landa utan Evrópu. Er svo vel um búið, að venjulega heyrist talið eins vel eða betur milli fjarlægra landa eins og milli nálægra borga. Þetta alþjóðatalsímakerfi er að miklu leyti í jarðsímum og sæsímum, en þó einnig loftleiðis, þegar um er að ræða miklar fjarlægðir yfir höf.

Þótt ritsímasamband sé, er talsamband samt einnig mjög nauðsynlegt, og verður ekki lengur hjá því komizt að koma sem fyrst á talsambandi milli Íslands og útlanda. Kostnaðurinn við þetta er allmikill og mjög örðugt að segja fyrirfram með nokkurri vissu, hvernig slíkt fyrirtæki ber sig fjárhagslega. Til þessa þarf að reisa sérstaka stuttbylgjustöð, en hún gæti um leið sent íslenzku veðurskeytin til útlanda, en það er nú orðið mjög knýjandi mál, eftir því sem veðurstofustjórinn segir. Landssíminn hefir frá því síðastliðið haust hafið nokkrar rannsóknir til undirbúnings slíkri talstöð, og verður þeim undirbúningi haldið áfram. Síðan verður tilboða leitað, og er mikið undir því komið, hve mikill kostnaðurinn verður og hverjir greiðsluskilmálar kunna að fást. Eftir því fer um það, hvenær unnt verður að ráðast í þetta fyrirtæki, en ég álít nauðsynlegt, að ríkisstjórnin fái heimild Alþingis til að koma á talsambandinu, ef henni virðist það ráðlegt, þegar undirbúningur hefir farið fram og tilboð eru fengin. Þess skal getið, að að sumu leyti er tíminn hentugur nú, því sem stendur hafa verksmiðjurnar lítið að gera og samkeppnin mjög hörð og því sennilega hægt að fá ódýrari tilboð en endranær.

Með skírskotun til framanritaðs leyfi ég mér hér með að leggja til og óska þess:

1. *að* ríkisstjórnin leggi meðfylgjandi samninga um breytingu á sæsímasérleyfinu fyrir Alþingi til samþykktar og

2. *að* ríkisstjórnin afli sér heimildar Alþingis til að koma á talsambandi milli Íslands og útlanda, þegar henni virðist það vera tiltækilegt.

Æskilegt væri, að samþykkt Alþingis á umræddum breytingum sérleyfisins gæti farið fram innan 1. marz næstkomandi, því eins og ráðuneytinu er kunnugt, fékkst uppsagnarfrestur sæsímasérleyfisins framlengdur frá 1. janúar til 1. marz 1933 með tilliti til þessara samninga. Legg ég áherzlu á, að svo geti orðið.

G. J. Hlíðdal.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

PROTOKOL A.

Under en Sammenkomst i København den 11. Februar 1933 mellem den danske og den islandske Telegrafadministration og Det Store Nordiske Telegraf-Selskab er bemeldte Parter enedes om at søge efterfølgende Tillæg til Koncession vedrørende Islandskablet gennemført:

„Koncessionen paa Islandskablet, dateret 31te Juli 1926" forbliver uanset Bestemmelsen i dens § 1, 1. Punktum i Kraft, indtil den af en af Staterne eller af Selskabet opsiges med 9 Maaneders Varsel til den 1ste Januar, dog tidligst til den 1. Jan. 1935.

Koncessionens § 7 skal ikke være til Hinder for, at der ved den islandske Stats Foranstaltning etableres Telefonforbindelse mellem Island og Udlandet.

Ved samme Lejlighed enedes man om at fremsætte følgende Udtalelser til Protokollen:

1. Der er Enighed om, at det er en Forudsætning, at der ikke inden den 31. December 1934 etableres traadfast Telefonforbindelse mellem Island og Udlandet.
2. Selskabets Repræsentanter gaar ud fra, at der for Benyttelse af Telefonforbindelser, der maatte blive oprettet af Island til Telefonering med Udlandet, fastsættes rimelige Takster ogsaa med Hensyntagen til Telegramtaksterne.

   Generaldirektør Hlíðdal, som var enig heri, bemærkede, at man godt kunde tænke sig, at Telefontaksterne for enkelte Lande egaliseres.
3. I Anledning af Ændringen i § 7 bemærkede Generaldirektør Hlíðdal, at han betragtede det som liggende udenfor Koncessionsordningen at regulere Spørgsmaalet om Telefonering med Skibe og Luftfartøjer, idet saadant angaar Islands nationale Tjeneste.
4. Der var Enighed om, at den ændrede Affattelse af Koncessionens §1 ikke skal have nogen Indflydelse paa Afgørelsen af Spørgsmaalet om Rettighederne til Islandskablet ved Koncessionens Ophør.

København, den 14. Februar 1933.

C. Mondrup. G. J. Hlíðdal. O. C. Scavenius. A. Ussing.

Fylgiskjal III.

PROTOKOL B.

Under en Sammenkomst i København den 11. Februar 1933 mellem Islands Telegrafdirektør og Det Store Nordiske Telegraf-Selskab enedes man, under Forudsætning af, at det i Protokol A nævnte Tillæg til Koncession af 31/7'26 vedrørende Islandskablet gennemføres, om følgende Tilføjelse til Driftsoverenskomst vedrørende Islandskablet af 31/7'26 i Slutningen af bemeldte Overenskomst § 1:

„Naar Kablets Bruttotakstindtægt som defineret ovenfor overstiger G. Frcs. 180.000, forhøjes den i denne Paragraf omhandlede Andel, sem Selskabet skal betale til Island for Betjening af Kablet i Island, med 3% af bemeldte Brutto-Kabeltakstindtægt. Dersom bemeldte Bruttoindtægt falder under G. Frcs. 150.000, reduceres den omhandlede Andel med 3% af den nævnte Bruttoindtægt".

Denne Tillægsbestemmelse skal første Gang finde Anvendelse ved Afregningen for Aaret 1933.

København, den 14. Februar 1933.

G. J. Hlíðdal. O. C. Scavenius. A. Ussing.

Nd. 94. Breytingartillögur

við frv. til laga um prestakallasjóð.

Frá Jónasi Þorbergssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fé því, er prestakallasjóði áskotnast, skal verja til eflingar kirkjulegri starfsemi í landinu á þann hátt, er hér segir:
   Helmingur fjárins gengur til kirkjuráðs og stendur undir ráðstöfunarvaldi þess samkvæmt ákvæðum laga nr. 21, 6. júlí 1931.
   Hinn hlutinn gengur til ríkisútvarpsins og skal varið til þess að halda uppi messugerðum gegnum útvarpið, eftir ákvörðunum útvarpsráðs.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **95. Frumvarp**

til laga um náttúrufriðun, friðun sögustaða o. fl.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Friða má samkvæmt lögum þessum staði, jarðmyndanir, dýralíf eða gróður, sem friðunarnefnd telur nauðsynlegt, að eigi sé spillt, vegna fegurðar þeirra eða sérkenna, eða vegna náttúrufræðilegs eða sögulegs gildis þeirra.

2. gr.

Friðunarnefnd skal skipuð 5 mönnum. Velur stjórn Hins íslenzka náttúrufræðifélags 2 menn í nefndina, stjórn Ferðafélags Íslands 1, og fornminjavörður er sjálfkjörinn í nefndina, en fimmta nefndarmanninn skipar kennslumálaráðuneytið. Nefndarmenn skulu valdir til 4 ára í senn, en af nefndarmönnum þeim, er fyrst verða valdir, skulu þó 2 ganga úr nefndinni eftir hlutkesti eftir 2 ár.

Hætti félög þau, er velja eiga menn í friðunarnefnd, störfum sínum, annaðhvort eða bæði, skipar kennslumálaráðherra, þar til öðruvísi verður ákveðið, menn í friðunarnefnd í stað þeirra manna, er félög þessi skyldu velja í nefndina.

Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum.

3. gr.

Nú ákveður friðunarnefnd að friða einhvern stað skv. 1. gr., og semur hún þá frumvarp til samþykktar um friðunina, áætlun um framkvæmd hennar og kostnað þann, er hún hafi í för með sér, og sendir hana þeim aðilja eða aðiljum, sem vænta má, að beri kostnaðinn við friðunina skv. 8. gr.

4. gr.

Í samþykktum nefndarinnar um friðun skal skýrt kveðið á um það, hvað friðað sé og með hverjum hætti, hversu víðtæk friðunin skuli vera og hversu staðir þeir, sem friðaðir eru, skuli auðkenndir og afmarkaðir.

5. gr.

Samþykktir sínar um friðun skal nefndin senda kennslumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum samþykktin koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttar manna, endursendir hann nefndinni samþykktina án staðfestingar og að tilgreindum ástæðum fyrir synjun staðfestingarinnar. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, sér um birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðindanna og Lögbirtingablaðinu og ákveður, hvenær hún skuli öðlast gildi.

Staðfesta friðunarsamþykkt má eigi fella úr gildi né breyta henni á annan hátt en heimilað var, þegar hún var stofnuð.

6. gr.

Nú er hætta á, að spillt verði stað, dýralífi, gróðri eða öðru, er nefndin telur ástæðu til að friða, og getur nefndin þá bannað þær aðgerðir, þar til úrskurðað er, hvort það, sem um er að ræða, skuli friðað eða eigi.

7. gr.

Nú þykir líklegt, að friðun hafi í för með sér skerðingu á réttindum einstaklings, félags eða stofnunar, og skal þá friðunarnefnd, áður en hún tekur ákvörðun um friðunina, skýra hlutaðeigandi réttarhafa frá áformi sínu og leita samkomulags við hann um friðunina. Náist eigi samkomulag, má nefndin krefjast þess, að eignarnám fari fram, eftir því sem með þarf, til þess að friðuninni verði á komið. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir almennum reglum laga.

8. gr.

Eignarnám samkv. 7. gr. má því aðeins fara fram, að fyrir hendi sé nægilegt fé til þess að greiða bætur þær, er metnar kunna að verða fyrir eignarnámið, svo og fé til þess, er framkvæma þarf, til þess að friðunin komi að gagni og trygging fyrir því, að kostnaður við friðunina, ef einhver er, verði greiddur framvegis, hvort sem féð er lagt fram úr ríkissjóði, af bæjar- eða sveitarfélögum eða öðrum, sem gangast vilja fyrir friðun þeirri, sem um er að ræða. Réttindi þau, er eignarnámi eru tekin, verða við eignarnámið eign þess, er fé hefir lagt fram til bótagreiðslunnar, en sæta þeirri meðferð, er ákveðin verður í friðunarsamþykkt nefndarinnar.

9. gr.

Friðunarnefnd getur, með samþykki kennslumálaráðherra, veitt vísindastofnunum og mönnum, sem fást við vísindarannsóknir og þurfa að halda á sýnishornum af jarðtegundum, steinum, bergtegundum, jurtum eða dýrum, sem friðuð eru samkv. lögum þessum, undanþágu frá þeirri friðun. Þess skal þó jafnan gæta, að þær undanþágur séu svo takmarkaðar, að friðun skerðist eigi meir en brýn þörf vísindarannsóknanna krefur.

Undanþágur þær, er ræðir um í 7. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja, skulu hér eftir eigi veittar, nema með samþykki friðunarnefndar.

10. gr.

Hið íslenzka náttúrufræðifélag skal eitt hafa rétt til að láta merkja íslenzka villifugla. Stjórn félagsins getur þó leyft öðrum að merkja villifugla, enda fari þeir eftir þeim fyrirmælum um merkinguna, sem hún setur þeim,

11. gr.

Bannað er að setja upp auglýsingar á víðavangi eða meðfram alfaravegum utan kaupstaða og kauptúna, svo og að letra auglýsingar á steina eða þesshátt meðfram slíkum vegum, nema með leyfi friðunarnefndar.

12. gr.

Eftir tillögum friðunarnefndar getur heilbrigðismálaráðherra sett reglur um hreinlæti á opinberum gistingarstöðum og um þrifalega umgengni utanhúss á stöðum, sem í þjóðbraut liggja.

13. gr.

Öllum er skylt að hafa þrifalega umgengni á áningarstöðum eða tjaldstöðum, og má þar eigi skilja eftir rusl eða annað, sem til óþrifa sé.

14. gr.

Kostnaður við starf friðunarnefndar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum, eða samþykktum eða reglum, sem samkvæmt þeim verða settar, varða sektum, allt að 2000 kr., er renni í ríkissjóð. Nú er unnt að bæta að nokkru eða öllu úr spjöllum þeim, sem gerð eru með brotum þessum, og má þá dæma hinn seka til að greiða að nokkru eða öllu leyti kostnaðinn við þær umbætur.

16. gr.

Með mál út af brotum þeim, sem ræðir um í 15. gr., skal farið sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Hér á landi eru margir staðir, sem merkilegir eru sakir sérkennilegrar landslagsfegurðar, gróðrar eða dýralífs, og jarðmyndanir, sem veitt geta mikilsverða fræðslu um myndunarsögu landsins. Ýmsir slíkir staðir liggja nú undir skemmdum af manna völdum, oft gersamlega að óþörfu, og væri það tjón, sem oft er óbætanlegt, að láta þetta viðgangast. Eins og nú er háttað löggjöf vorri, er hægt að vernda sérstakar fornminjar, svo sem fornar rústir og þess háttar, en sjálfa staðina er ekki hægt að vernda gegn skemmdum. Má þar til nefna hina fornu þingstaði, sem óhæfa er að eyðileggja með jarðraski. Hafa margar þjóðir fyrir löngu sett lög til verndar slíkum merkisstöðum.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er að mestu leyti samið af nefnd, sem skipuð var fyrir forgöngu Náttúrufræðifélagsins í fyrravetur, og sátu í þeirri nefnd fulltrúar frá ýmsum þeim félögum, sem sérstaklega láta sér annt um náttúru landsins, fegurð þess og sögulegar minjar.

Um einstakar greinar frumvarpsins er naumast ástæða til að rita. Þó skal þetta fram tekið:

Um 7. og 8. gr. Oftast mun reynslan verða sú, að hægt er að friða þá staði, sem hér er um að ræða, án þess að það fari í bág við hagsmuni nokkurs manns. En þó getur út af þessu brugðið, og við það er eignarnámsheimildin miðuð. Er þó leitazt við að setja skorður við því, að eignarnáms sé krafizt nema tryggt sé það fé, sem þarf til friðunarinnar.

Um 9. gr. Rétt þykir og jafnvel nauðsyn að takmarka mjög undanþágur þær,

sem veittar hafa verið frá l. nr. 59 1913 vegna misbrúkunar. Segja fróðir menn, að horfur séu á, að sumar tegundir fugla geti jafnvel útrýmzt, ef svo heldur áfram.

Um 10. gr. Það er nú farið að tíðkast svo mikið, að hinir og þessir menn merki fugla, að þetta veldur stórmiklum ruglingi. Er nauðsynlegt að koma í veg fyrir þetta, til þess að þær merkingar, sem raunverulega eru gerðar til rannsókna á ferðalögum fugla, komi að tilætluðum notum.

Nd. 96. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 1, 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Lög nr. 1, 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Með reglugerð nr. 102, 23. okt. 1931, notaði ríkisstjórnin heimild laga þessara til þess að takmarka og banna innflutning á vörum til landsins í því skyni að bæta verzlunarjöfnuðinn og koma í veg fyrir, að þrot yrðu á erlendum gjaldeyri. Að vísu mun þetta tæplega hafa verið heimilt, en um ráðstöfun þessa í upphafi skal þó ekki rætt hér. Hún hefir ef til vill eytt ótta manna við þrot gjaldeyrisins og að því leyti gert gagn í svip. En jafnvíst er hitt, að innflutningshöftin eru nú óþörf orðin og á margvíslegan hátt skaðleg. Þau spilla atvinnu fjölda fólks, svipta ríkissjóðinn tekjum, sem hann má illa án vera, og spilla lánstrausti. En gagnið, sem að þeim virðist vera, er að mestu missýning ein. Verzlunarjöfnuður batnar á pappírnum og skuldir í útlöndum minnka, en þetta stafar af því, að vörubirgðir ganga upp að sama skapi, og felur það í sér hættu fyrir viðskiptin við útlönd síðar. Það er því bezt, eins og komið er, að afnema þessi höft nú, meðan kreppan sverfur að innanlands og kaupgetuleysi kemur í veg fyrir, að hætta sé á vöruflóði til landsins.

Nd. **97. Frumvarp**

til laga um lögreglustjóra í Keflavík.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Keflavíkurhrepps, embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Keflavíkurhreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda, enda sé hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjóri skal hafa að launum 2000 krónur á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, sem 2. gr. tiltekur, fær hann að auk laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfsvið lögreglustjórans, er starf hans snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Keflavíkurhrepps og sýslumannsins í Gullbringusýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aðalástæðan fyrir þessu frumvarpi er í bréfi hreppsnefndaroddvitans í Keflavíkurhreppi, sem prentað er hér á eftir, en auk þessa eru fleiri ástæður, sem ég mun gera grein fyrir við framsögu málsins.

Fylgiskjal.

ODDVITI KEFLAVÍKURHREPPS
Keflavík, 2. marz 1933.

Við síðasta manntal voru hér í hreppnum um 1000 manns. Oddvita- og hreppstjórastörf eru því orðin hér allumfangsmikil, en þeim störfum fylgja að

lögum svo lítil laun, að hafa verður þau í hjáverkum, og er þá að vonum, að þau verði ekki rækt svo sem þörf væri á.

Til þess að færa laun oddvita eitthvað til samræmis við þá vinnu, sem nauðsynlega verður að leggja í það starf, hefir hreppssjóður á undanförnum árum greitt, auk lögmæltu launanna, kr. 600,00 í skrifstofufé.

Föst laun hreppstjóra eru innan við 200 krónur, sem með aukatekjum verða um 400 krónur. Leiðir af sjálfu sér, að ekki er hægt að leggja mikla vinnu fram á móti slíku gjaldi. En auk allrar vinnu við ýmsar skýrslur, er honum ber að safna, á hann að hafa á hendi eftirlit með heilbrigðismálum og annast lögreglueftirlit. Innheimtu hefir hann á hendi á þeim gjöldum, er ekki greiðast með góðu móti og lögtaksrétt hafa, svo sem útsvörum, þinggjöldum, slysatryggingargjöldum, brunatryggingargjöldum, kirkjugjöldum, vatnsskatti, rafmagnsgjöldum og byggingarleyfisgjöldum. Mun öllum ljóst, að hér er um starf að ræða, er krefst mikils tíma.

Það leiðir af sjálfu sér, að í svona fjölmennu kauptúni er oft full nauðsyn að hafa aðkveðandi lögregluefirlit á staðnum.

Af framangreindum ástæðum leyfir hreppsnefndin sér hér með að fara þess á leit við yður, hr. alþingismaður, að þér nú á þessu þingi flytjið frumvarp til laga um lögreglustjóra í Keflavíkurhreppi, í svipuðu formi og lög nr. 22, frá 14. júní 1929, um lögreglustjóra á Akranesi.

Það skal tekið fram, að á bak við þessa beiðni liggja einróma samþykktir tveggja borgarafunda. Hinn síðari var haldinn 27. des. f. á.

Virðingarfyllst.

F. h. hreppsnefndar Keflavíkurhrepps.

Guðm. Guðmundsson.

Nd. **98. Frumvarp**

til laga um greiðslu víxilskulda á Austfjörðum vegna Síldareinkasölu Íslands 1931.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Af forgangskröfufé ríkissjóðs í búi Síldareinkasölu Íslands skal greiða andvirði víxla þeirra með provision og dráttarvöxtum, er einkasalan ábyrgðist fyrir síldareigendur á Austfjörðum 1931 og lét þá selja þar til lúkningar verkunarlaunum síldarinnar og öðru því, er einkasalan átti að greiða við móttöku síldarinnar.

2. gr.

Ríkisstjórnin semur við banka þá, sem víxlana keyptu, um greiðsluna og frestun víxilmálanna, ef þörf krefur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1931, síðasta starfsár Síldareinkasölu Íslands, hafa viðskiptakjör síldveiðimanna við einkasöluna óneitanlega verið misjafnari og ósamræmilegri en nokkru sinni áður.

Norðanlands og vestan lagði einkasalan útgerðarmönnum til tunnur allar og salt og greiddi verkunarlaun, en að auki langflestum síldareigendum 2 kr. fyrir innihald hverrar tunnu. Á Austurlandi urðu útgerðarmenn sjálfir að greiða öll verkunarlaun, og auk þess lögðu flestir þeirra til salt og nokkuð af tunnum, sem þeir fluttu inn frá Noregi. Enginn útgerðarmaður eystra fékk eyris virði greitt út á síldina. Hinsvegar lét einkasalan síldareigendum í té yfirlýsingu um, að hún ábyrgðist greiðslur á bankalánum, er útgerðarmenn tækju til að standast þennan kostnað, allt að ákveðinni upphæð fyrir hverja fullverkaða síldartunnu og eftir framlagi hvers eins af efni, verki og umbúðum.

Voru samkvæmt þessu seldir víxlar í útibúum bankanna eystra fyrir 80—90 þús. kr., útgefnir og samþykktir af síldareigendum, í trausti greiðslutryggingar einkasölunnar, og standa nú eftir af því víxlaverði 62930 kr. í útibúi Landsbankans á Eskifirði, en um 6000 kr. á Seyðisfirði.

Upphæðir þessar, sem vextir hafa hlaðizt á, eru nú að lögum sóttar á hendur útgefendum og samþykkjendum víxlanna, með því að ábyrgð einkasölunnar er að engu orðin.

Virðist einsætt, að rétta beri hlut þessara manna. Má eigi minna vera en að þeir njóti jafnréttis við aðra skiptavini einkasölunnar um greiðslurnar, því að með því að endurgreiða víxlana eftir dómi, sem augljóst er að fellur á þá, mundu þeir — auk þess að vera á tálar dregnir af einkasölunni — einnig verða knúðir til að taka að sér greiðslu á skuldum hennar, að því er víxlaverðinu nemur.

Næst hefði legið að krefjast þess, að andvirði víxlanna greiddist eins og forgangsréttarskuld af óskiptu fé einkasölunnar, en með því að slík krafa, þótt sanngjarnleg sé, mundi vart geta staðizt jafnhliða fyrirmælum laga um gjaldþrotaskipti, þá höfum við valið þá leið að beina kröfunni að ríkissjóði, sem einnig má líta á eins og réttan aðila.

Ed. 99. Frumvarp

til laga um eignarnámsheimild á ábúðar- og erfðafesturétti á nokkrum býlum á Hvaleyri við Hafnarfjörð.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er heimilt að taka eignarnámi ábúðar- og erfðafesturétt á öllum býlum á Hvaleyrartorfunni við Hafnarfjörð.

2. gr.

Ef um bætur verður að ræða fyrir þessi réttindi, greiðast þær af bæjarsjóði Hafnarfjarðar, bæði að því er snertir þau býli, sem bærinn á sjálfur, og vegna þess hluta af Hvaleyrareigninni, sem er í eigu minningarsjóðs Þórarins Böðvarssonar.

3. gr.

Þegar eignarnám hefir farið fram, skal stjórn minningarsjóðs Þórarins Böðvarssonar láta hlut sjóðsins af jarðeign þessari á leigu til Hafnarfjarðar, ef samkomulag næst um skilmála.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt til að létta undir með fram kominni ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um að fá til umráða nærtækt og hentugt land til smáyrkju og garðræktar. Hefir bæjarstjórnin talið sig nauðbeygða til að leita eftir því landi í öðrum hreppi, Garðahreppi, sem þá myndi missa nokkur sjálfstæð býli, sem hann má illa við að tapa, ef látið yrði að ósk bæjarstjórnarinnar. Hreppurinn á við allmikil sveitarþyngsli að búa, og hreppsbúar og stjórn hreppsins eru því algerlega mótfallnir að láta annað sveitarfélag taka sneiðar úr hreppnum nokkurskonar hernámi. Mótmæltu Garðahreppsbúar harðlega í fyrra vetur þessari landkröfu Hafnarfjarðar, og eru enn fullkomlega sama sinnis. Ef litið er frá almennu sjónarmiði á málið, verður að játa hvorttveggja, að Hafnfirðingar hafa þörf fyrir land, en um leið, að það er von, að litlum sveitahreppi með þungum byrðum þyki skörin færast upp í bekkinn, ef hindra skal myndun sjálfstæðra heimila í hreppnum til að bæta úr þörf nábúans.

En úr þessu máli má bæta á annan hátt, og hann fullkomlega réttmætan. Garðahreppur á að fá að njóta sinna býla og sinna sjálfstæðu gjaldenda. Og Hafnarfjörður á að geta fengið land til garðræktar, og það einkar hentugt, innan vébanda bæjarins. Bærinn þarf ekki að ásælast land annara hreppa. Hann á sjálfur miklu betra land og nærtækara heldur en það, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir verið að seilast eftir í Garðahreppi.

Höfnin í Hafnarfirði liggur suðvestan til í skjóli við breiðan tanga, sem heitir Hvaleyri. Er nálega samfellt tún á tanga þessum, og er talið, að öll túnin gefi af sér um 20 kýrfóður af töðu; má auka það mikið með landbroti og ræktun suður á bóginn. En þó að tún þetta sé gott til grasræktar, þá er það þó enn betur fallið til garðræktar og gæti verið akur kaupstaðarins, ef vel væri á haldið. Auk þess er land þetta svo nærri bænum, að engum vandkvæðum er bundið að nytja það frá Hafnarfirði.

Hvaleyrin skiptist að eigu til í tvennt. Annan helminginn á Hafnarfjarðarkaupstaður, og munu þar vera fjögur byggð býli nú, en hafa verið fleiri áður. Hina hálflenduna á minningarsjóður Þórarins Böðvarssonar, og rennur arðurinn af þeim sjóði til eflingar Flensborgarskólanum.

Menn skyldu halda, að leiðtogar Hafnarfjarðar hefðu reynt að fá Hvaleyrarlandið til almennra afnota fyrir bæjarfélagið, en svo er ekki. Smájarðir þær, sem heyra til bænum, eru í lífstíðarábúð frá þeim tíma, þegar íhaldið var í

meiri hluta í bænum. Eitt býlið hefir losnað úr ábúð síðan jafnaðarmenn tóku við stjórn í Hafnarfirði. Bærinn hefir ekki notað það eins og vænta mátti, en mun þó geta tekið það til ræktunar hvenær sem er. En hálflendu skólans leigðu íhaldsleiðtogar bæjarins, sem höfðu forráð sjóðsins, til 50 ára með framseljanlegum samningi fyrir 150 krónur á ári.

Tilgangur þessa frv. er að losa Hvaleyrarlandið allt úr ábúð og erfðafestu, svo að Hafnarfjörður geti, ef hann yfirleitt vill, fengið land til garðræktar handa fjölmörgum borgurum bæjarins, án þess að þrengja að kosti lítils sveitahrepps í nábýlinu.

Vegna þess að sumir leiðtogar Hafnarfjarðar hafa sótt með kappi að ná tveimur erfðafestulöndum í óræktuðum mýrar- og mógrafalöndum Garðahrepps og látið svo um mælt, að leigusamningar þeir væru óhagstæðir fyrir ríkið, hefir þótt rétt að birta hér saman tvo samninga, annan, sem íhaldsleiðtogar Hafnarfjarðar gerðu um hálfa Hvaleyrina 1916, og hinn frá 1932 milli ríkisstjórnarinnar og Hermanns Jónassonar, sem er að gera nýbýli á hinu óræktaða erfðafestulandi sínu. Sömuleiðis þykir rétt að birta bréf, sem farið hafa milli Herm. Jónassonar og stjórnarráðsins í sambandi við landkröfur Hafnfirðinga í Garðahreppi. Sömuleiðis bréf frá ráðunaut Búnaðarfélagsins, Pálma Einarssyni, sem fyrrverandi stjórn hafði til aðstoðar við aðgerðir sínar um að fjölga sjálfstæðum býlum í Garðahreppi með því að fullræktuð yrðu og nytjuð áður ónunin lönd, sem enginn hirti um áður, en nú þykja svo verðmæt, að forráðamenn í stórum kaupstað gleyma að færa sér í nyt gæði landsins, sem bíða heima við bæjarvegginn, en seilast inn í land nábúahreppsins eftir landi, sem hann má illa án vera.

Fylgiskjal I.

Samkvæmt ályktun stjórnarnefndar Flensborgarskólans í Hafnarfirði á fundi hennar 9. þ. m. og að undangenginni laussögn ábúanda hálfrar jarðarinnar Hvaleyrar, eign skólans, herra kaupmanns Aug. Flygenrings í Hafnarfirði, er hér með herra búfræðing Ingólfi Flygenring, syni hans, leigð fyrrgreind hálflenda á erfðafestu til 50 ára, frá síðastliðnum fardögum að telja, þannig að leigutaka sé heimilt að selja eða afhenda öðrum ábúðarrétt sinn, sem og gengur í erfðir eftir lögum eða ráðstöfun leigutaka á fyrrgreindu tímabili. — Að 50 árum liðnum frá fardögum síðastliðnum getur stjórnarnefnd Flensborgarskólans, fyrir hönd skólastofnunarinnar, eða hver sá, sem er eða verður eigandi nefndrar jarðarhálflendu, krafizt þess, að leigutaki eða sá, er þá hefir ábúðarréttinn, sleppi tilkalli til hans eða erfðafesturéttarins, en það skal gert með hálfs árs fyrirvara, og er eiganda þá skylt að innleysa eftir mati dómkvaddra óvilhallra manna öll önnur sérstök mannvirki á jörðinni (önnur en jarðabætur), þegar leigutaki fer frá jörðinni á fardögum eftir að sagt hefir verið upp ábúðinni. —

Í leigu eftir jarðarhálflenduna ber að greiða 150 — eitt hundrað og fimmtíu — krónur árlega fyrir árslok, í fyrsta sinn fyrir lok þessa árs, og greiðist gjald þetta í peningum. —

Ábúanda eða leigutaka er skylt að hafa jörðina í viðunanlegri rækt, en við henni, eða jarðarhálflendunni, tekur hann án álags eða úttektar í því ástandi, sem hún nú er í, og án kúgilda. —

Leiguliði greiði alla skatta og gjöld til hins opinbera, er lögð verða eða nú hvíla á jarðeignum sem gjaldstofn. —

Hafnarfirði, 15. júní 1916.

Magnús Jónsson.
Eftir umboði.

Vottar:
Salómon Runólfsson.
Christine Jensen.

Við erfðafestu- og byggingarbréfi, sem þessu er samhljóða, hefi ég tekið, og skuldbind mig til þess að halda skilmála þess í öllum greinum. —

Hafnarfirði, 15. júní 1916.

Ingólfur Flygenring.

Aug. Flygenring.
skipaður tilsjónarmaður.

Hinn 20. júnímánaðar 1916 er byggingar- og leigusamningur þessi innritaður í afsals- og veðmálabók Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar, Litra X, nr. 287. —

Magnús Jónsson.

Gjald: 5 — fimm — krónur,
Borgað
M. J.

Rétt eftirrit staðfestir. —

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði hinn 23. febr. 1933. —

Magnús Jónsson.

Gjald: 1 — ein — króna,
greitt,
M. J.

Fylgiskjal II.

Dóms- og kirkjumálaráðherrann

Gerir kunnugt: Að með bréfi þessu er herra lögreglustjóra Hermanni Jónassyni, Amtmannsstíg 4 í Reykjavík, leigð á erfðafestu til ræktunar og byggingar nýbýlis landspilda sú, sem lýst er í tölulið 1 hér á eftir, með eftirgreindum nánari skilmálum.

1. Hin leigða landspilda er 26,6 hektarar að flatarmáli samkvæmt uppdrætti Búnaðarfélags Íslands, dagsettum 10. maí 1932. Takmarkast að norðan af Arnarnesvog, að austan ræður Arnarneslækur mörkum að Hafnarfjarðarvegi, að sunnan Hafnarfjarðarvegur að Hraunsholtslæk og að vestan Hraunsholtslækur til sjávar.
2. Landið er leigt á erfðafestu til ræktunar og byggingar nýbýlis. Leigutaki öðlast því aðeins rétt til að reisa eitt íbúðarhús á landinu og nauðsynlegt útihús vegna búreksturs síns og ræktunar.
3. Leigutaki skal hafa girt leigulandið gripheldri girðingu áður en 1 — eitt — ár er liðið frá því honum er afhent landið og reisa á því íbúðarhús innan tveggja ára frá dagsetningu þessa erfðafestubréfs. Ella fellur erfðafestubréfið úr gildi og landið aftur til ríkisins án endurgjalds.
4. Á hverju ári skal leigutaki rækta til túns eigi minna en $\frac{1}{12}$ hluta af landinu, þannig að landið sé fullræktað á næstu 12 árum eftir að útmæling fór fram. Sé þessu skilyrði ekki fullnægt á tilsettum tíma, hefir leigutaki fyrirgert rétti sínum á landinu; þó getur umboðsmaður með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins gefið allt að 3ja ára frest til þess að skilyrðum verði fullnægt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, er mæla með því.
5. Ef girðingum er ekki við haldið eða leigulandið gengur úr sér að rækt, svo til auðnar horfi, hvorttveggja eftir mati óvilhallra manna, fellur landið aftur til ríkissjóðs án endurgjalds, þó að óskertum rétti þeirra, er veð kunna að eiga í réttindum yfir landinu, en ríkisstjórnin hefir forkaupsrétt að mannvirkjum þeim, er kunna að vera á landinu, önnur en ræktunarumbætur, eftir mati þar til kvaddra manna.
6. Þau ár, sem leigutaka eru ætluð til að rækta landið, greiðir hann í leigu 5,00 kr. — fimm krónur — fyrir hvern hektara, en að þeim tíma liðnum 15,00 — fimmtán krónur — fyrir hvern ha. Ársgjaldið greiðist í fardögum ár hvert til hreppstjórans í Garðahreppi, í fyrsta sinn í fardögum 1932, og er tryggt með forgangsrétti í eigninni á undan öðrum veðskuldum. Verði afgjaldið ekki greitt umboðsmanni í tæka tíð, má taka það lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.
7. Hvenær sem ríkið telur sig þarfnast erfðafestulandsins til notkunar undir opinber mannvirki ríkisins, svo og til sérstaks atvinnureksturs, er leigutaka skylt að láta af hendi erfðafesturétt sinn á landinu gegn sannvirði þess, sem kostað hefir að rækta landið, að mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna. Fyrir þann hluta landsins, sem óræktaður kann að vera, greiðist ekkert endurgjald. Nú eru byggingar, girðingar eða önnur mannvirki á landinu þegar umboðsstjórnin krefst sér það afhent, og skal þá greiða eiganda þeirra að auki andvirði þeirra, eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna.
8. Með þessum takmörkunum er leigutaka heimilt að selja leigurétt sinn, veðsetja hann eða ráðstafa honum á annan hátt, þó að áskildu samþykki umboðsvaldsins.
9. Leigutaki greiði alla skatta og gjöld til hins opinbera, er lagðir kunna að vera á leigulandið sem gjaldstofn.

Af bréfi þessu eru tvö samhljóða frumrit, og heldur hvor samningsaðili sínu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. maí 1932.

Jónas Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.

Við leigusamningi, sem þessum er samhljóða, hefi ég tekið og skuldbind mig til að halda framangreinda skilmála.

D. u. s.

Hermann Jónasson.
Amt. 4.

Vitundarvottar:
Þórður Jensson.
F. Bjarnason.

Fylgiskjal III.

HERMANN JÓNASSON
Lögreglustjóri í Reykjavík.

Þér hafið, herra atvinnumálaráðherra, átt tal við mig nýlega um land það milli Hraunsholtslækjar og Arnarneslækjar, sem ég hefi fengið á erfðafestu úr landi Garða. Vil ég hér leyfa mér að staðfesta þetta samtal bréflega af minni hendi. —

Þér farið þess á leit fyrst og fremst, að ég láti ábúendum jarða í Garðahverfi eftir mótak í erfðafestulandi mínu.

Jafnframt spurðust þér fyrir um það, herra atvinnumálaráðherra, hvort ég mundi fáanlegur til þess að láta landið af hendi í þeim tilgangi, að Hafnarfjörður geti fengið það til útbýtingar í smábletti til grasræktar. En Hafnarfirði hefir, svo sem yður mun kunnugt, verið vísað á annað svæði hentugra til útbýtingar í smábletti til garðræktar.

Viðvíkjandi hinu fyrra atriði skal ég taka það fram, að ef framannefnd kvöð um mótak hefir hvílt á Garðalandi, mun ég ekki, þó landið hafi verið afhent mér kvaðalaust, skorast undan að taka á mig þá kvöð, sem á mínu landi kann að hafa hvílt. En eins og yður er kunnugt, herra atvinnumálaráðherra, var úr Garðalandi skipt landi í stað jarðarinnar Bakka og Móakots. Aðalmótekjan í landi því, er ég fékk, er jafnvel þrotin, en mestöll mótekja Garðahverfis var í hinum löndunum seinni árin. Þessi lönd verða því að sjálfsögðu að taka á sig sinn hluta kvaðarinnar. Að setja allt ítak Garðahverfisins til mótaks á mína landspildu kemur ekki til mála. En sú kvöð, sem ég tæki á mig, mundi eðlilega aðeins gilda meðan ábúð þeirra varir, sem nú hafa jarðirnar í ábúð. Jafnframt

verða notendur mótaksins að taka móinn og fara að þeim reglum, sem ég set, svo valdi sem minnstum skemmdum á landi og mannvirkjum.

Um það atriði, hvort ég mundi fáanlegur til að afhenda landið, er þessu til að svara:

Samningarnir um landið eru þannig, svo sem yður er kunnugt, að ég get aldrei grætt einn eyri á verðhækkun landsins; hún fellur öll ríkinu í skaut. Tekjur mínar af ræktun landsins og notkun er því sá eini arður, sem ég hefi af landinu til að mæta öllum kostnaði. Handhöfn mín á þessu landi er ekki vegna gróðavonar, heldur vegna þess, að ég hefi ánægju af því að fást við jarðrækt. Ég afhendi því ekki þetta land, nema það sé hinu opinbera eða einhverju bæjarfélagi til gagnsemdar. Að útbýta smálöndum til grasræktar er samkvæmt sannfæringu minni spor aftur á bak, og það mikið. Þetta kann að geta blessazt á einstaka stað, en er þó ætíð stórum verra fyrirkomulag en samfelld og stórfelldari ræktun, þar sem komið verður við góðum tækjum og verkaskipting er fullkomin. Að því fyrirkomulagi verðum við að mínu áliti að keppa.

Smálandaræktun hér í nágrenni Reykjavíkur hefir að mínu áliti, og ég held að áliti flestra hér í bænum, sýnt, að hún á ekki rétt á sér; litlu erfðafestulöndin eru því að falla úr sögunni. Þess vegna hafa jafnaðarmenn í bæjarstjórn frekar stutt að því, að lönd bæjarins væru geymd, svo sem Fossvogur, til þess að bærinn geti sett þar upp stórt bú. Reynsla okkar hér í bænum er sú, að útbýta beri litlum löndum til garðræktar og fyrir lítið garðhús til að dunda við í góðviðri og um helgar, og svo stærri löndum, sem menn geta lifað af með fjölskyldur sínar við grasrækt með kvikfjárrækt.

Þróunin mun og ganga í þessa átt erlendis, og með lögum um byggingar- og landnámssjóð er vísað sömu leið, þar sem lögbýli, er lána má út á, skal ekki hafa minna en 20 hektara af landi.

Það væri því samkvæmt sannfæringu minni engum til gagns, en aðeins nokkrum mönnum til ógagns, ef ég afhenti þessa 26 hektara til þess að því verði skipt í smábletti til grasræktar. Til þessa get ég ekki fallizt á að afhenda landið. Að afhenda landið til þess að það verði svo aftur afhent einhverjum öðrum einstakling, sé ég ekki ástæðu til.

Hinsvegar get ég skilið, að það væri Hafnarfjarðarkaupstað til mikilla hagsbóta að reka stórt kúabú með nýtízku sniði, og þyrfti hann til þess að fá allmikið land til viðbótar þeim jörðum, sem hann á nú þegar.

Ef Hafnarfjarðarkaupstaður hefði til umráða, auk míns lands, land það, sem Eyjólfur Jóhannsson hefir fengið úr Garðalandi ofan Hafnarfjarðarvegarins, land það, sem útbýtt hefir verið úr sama landi upp með Vífilsstaðaveginum og vestan Hraunsholtslækjar, þá væri hér fengið sæmilega gott og viðunandi stórt land undir eitt stórt kúabú. Og ef til vill væri það allra skynsamlegasta meðferð þessa lands, að Hafnarfjarðarkaupstaður fengi allt landið og ræki þar gott nýtízku kúabú.

Hinum handhöfum landsins sýnist nú engu meiri vorkunn en mér að afhenda sín lönd; tveir eru í fastri atvinnu, en Móakotsbóndanum gæti Hafnarfjörður að sjálfsögðu bætt atvinnumissinn, með því að láta hann hafa atvinnu við hinn nýja búskap.

Þótt mér sé sárt um landið, sem ég hefi fengið þarna til ræktunar, og hafi þegar gert ýmsar ráðstafanir, sem kosta mig talsverð útgjöld, mundi ég þó ekki vilja standa í vegi fyrir því, að Hafnarfjörður setti þarna upp nýtízku búskap. Ég býðst því hér með til að afhenda mitt land, ef hreppurinn samþykkir og hinir þrír, sem fengið hafa land úr Garðalandi, vilja gera hið sama.

Verður Hafnarfjarðarkaupstaður þá að sjálfsögðu að setja þarna upp bú og hafa lokið byggingum, mannvirkjum og ræktun á landinu á jafnstuttum tíma og ég hefi orðið að undirgangast í samningi mínum við ríkið, en auk þess verður hann að ganga inn í þá samninga, sem ég hefi gert um framræslu landsins.

Þetta tilboð mitt stendur til miðs ágústmánaðar næstkomandi.

Ég mun, herra atvinnumálaráðherra, senda bæjarstjóranum í Hafnarfirði afrit af bréfi þessu.

Reykjavík, 20. júlí 1932.

Virðingarfyllst.

Hermann Jónasson.

Til atvinnumálaráðherra Íslands, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Reykjavík, 25. október 1932.

Út af samtölum við yður, herra lögreglustjóri, og með skirskotun til bréfs yðar, dags. 20. júlí þ. á., um skipti á landspildu, er yður hefir verið seld á leigu úr landi Garða á Álftanesi, og landsvæði nokkru við Fossvog, er umtal hefir orðið um og kvenfélagið „Hringurinn“ sem ábúandi þjóðjarðarinnar Kópavogs hefir til afnota, hefir ráðuneytið mælzt til þess við kvenfélag þetta, að það léti af hendi landsvæðið eða afnot þess til ríkisins. Kvenfélagið hefir nú með bréfi 13. þ. m. tjáð það ráðuneytinu, að það sjái sér ekki fært að láta af hendi landið, þar sem félagið búist við sjálft að þurfa að nota allt land jarðarinnar á næstu árum. Aftur á móti hefir ábúandi þjóðjarðarinnar Digraness lofað að láta af hendi til ríkisstjórnarinnar, þá er hún óskar þess, svæði úr landi Digraness til ræktunar, í norðausturhorni jarðarinnar, er takmarkast af landi Reykjavíkur og vegi að útvarpsstöðinni, og ennfremur land Digraness austan þessa vegar, fyrir 10 kr. hvern hektara um árið.

Ráðuneytið spyrst nú fyrir um það, hvort þér viljið láta af hendi leiguland yðar úr Garðalandi, til þess að Hafnarfjarðarkaupstaður geti fengið það land, gegn því að ráðuneytið aftur á móti selji yður á leigu svæði eftir samkomulagi

í ofangreindu landi Digraness. Þess skal getið, að Hafnarfjarðarkaupstaður vill greiða kostnað þann, er þér kunnið að hafa lagt í leiguland yðar, með sannvirði.

Ráðuneytið óskar svars yðar sem fyrst.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

Til herra lögreglustjóra Hermanns Jónassonar.

Fylgiskjal V.

Hefi móttekið bréf ráðuneytisins, dags. 25. okt. s. l., þar sem það tilkynnir, að kvenfélagið „Hringurinn" geti ekki séð af nokkrum hluta af beitilandi sínu til ræktunar, en land þetta hafði ég boðizt til að taka í skiptum fyrir erfðafestuland það, er ég hefi við Arnarnesvog.

Land það, sem ráðuneytið býður mér í Digraneslandi, tel ég svo dýrt í ræktun, að ég get ekki orðið við þeim tilmælum að taka það land í skiptum fyrir land það, sem ég nú hefi á leigu.

Reykjavík, 7. febr. 1933.

Herm. Jónasson.

Til dómsmálaráðuneytisins í Reykjavík.

Fylgiskjal VI.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS
Lækjargötu 14 — Reykjavík.

Reykjavík, 10. maí 1932.

Í tilefni af bréfi hins háa ráðuneytis, dags. 26. marz, hefir Búnaðarfélag Íslands með bréfi dags. 9. þ. m. ákveðið, að ég léti ráðuneytinu í té álit um skiptingarmöguleika á Garðatorfunni á Álftanesi, og skal því hér með hinu háa ráðuneyti látin álitsgerð um þetta í té.

Heimaland Garðatorfunnar er alls 598,5 ha. að flatarmáli. Af því er mýrlendi 83,5 ha., annað ræktanlegt land, aðallega melar, er 268,4 ha., og hraun og annað óræktanlegt land er 246,6 ha.

Hlutdeild í þessu landi eiga 16 býli, sem nú eru öll í ábúð; eru 14 býlin ríkiseign, en tvö, Hraunsholt og Selskarð, hafa verið seld undan Görðum, án þess að útskipt væri þeirra landi úr heildartorfunni. Hverju þessara býla ber, sé skipt samkvæmt gildandi landskiptalögum frá 1927, að fá land að flatarmáli frá 20—52 ha. af ræktanlegu landi.

Ein undantekning er frá þessu, en það er býlið Krókur, er aðeins ber 12 ha. lands alls.

Hjáleigur ná allar, að undanteknum Króki, þeirri landstærð, er nauðsynleg verður að teljast býlum, er hafa aðstöðu til að nota beinan markað í bæjum þeim, er í nágrenni eru, gengið út frá því, að ræktun sé aukin á þeim í samræmi við þau skilyrði, sem fyrir hendi eru.

Heimajörðinni Görðum ber um 160 ha. af landi alls. Þar af mýrlendi um 27 ha. og annað ræktanlegt land 70 ha. Svo eftir skipti fylgja heimajörðinni með því túni, sem hún nú hefir, rúmlega 100 ha. af ræktanlegu landi.

Með hliðsjón af framanrituðu er álit mitt:

1. Að hjáleigur Garða, 13 að tölu, sem eru eign ríkisins, þurfi á öllu því landi að halda, sem þeim við skipti ber að fá, til þess að geta talizt sæmileg ábýli fyrir eina fjölskyldu hvert.
2. Að Krókur ætti að leggjast niður sem lögbýli, þegar núverandi ábúandi sleppir ábúð á jörðinni, og tún jarðarinnar að leggjast til einnar hjáleigunnar.
3. Að býlið Móakot vegna afstöðu sinnar beri að færa út, fá land sitt afskipt inn við svonefndan Arnarnesvog.
4. Að úr heimajörðinni Görðum megi skipta tveimur nýbýlum, er til samans fái alls 42,8 ha. af ræktanlegu landi, eða tæpan helming af því ræktanlega landi, sem Görðum ber.

Samkvæmt fyrirskipunum um skipti á heimalandi Garðatorfunnar hefi ég framkvæmt þau í samræmi við ákvarðanir hins háa ráðuneytis, meðal annars í bréfum dags. 28. marz 1930 og 26. marz 1932.

Samkvæmt því, sem meðfylgjandi uppdráttur af landinu sýnir, hefi ég samkvæmt munnlegu viðtali við hið háa ráðuneyti skipt frá því landi, er heimajörðin Garðar fær við úthlutun, tveim nýbýlum, merktum á uppdrættinum I. og II., er ráðuneytið ætlar að leigja á erfðafestu til ræktunar þeim herra lögreglustjóra Hermanni Jónassyni, Amtmannsstíg 4, og Eyjólfi Kolbeins, Bygggarði á Seltjarnarnesi. Og með frjálsu samkomulagi milli þessara aðila er ákveðið, að lögreglustjóri Hermann Jónasson fái nýbýli nr. I, 26,2 ha. að flatarmáli, og Eyjólfur Kolbeins nýbýli nr. II, 16,6 ha. að stærð.

Ég vænti þess, að hið háa ráðuneyti fallist á skiptin milli heimajarðarinnar og hjáleigna hennar, svo og aðrar þær tillögur, sem hér að framan, að lokinni rannsókn, eru gerðar um hentugasta hagnýtingu þess lands, er Görðum heyrir til.

Uppkast að erfðafestusamningi fylgir hér með.

Virðingarfyllst.

Pálmi Einarsson.

Til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Fylgiskjal VII.

Sveitarþyngsli nokkurra hreppa.

Sbr. þskj. 463 1932 (A-deild Alþt. s. á. bls. 942—947).

Þeir hreppar hér á landi, sem hafa meiri sveitarþyngsli á mann en 25 kr., eru þessir:

Garðahreppur, Gullbr.s.	kr.	35,27	á mann
Gerðahreppur —	—	33,71	— —
Sveinsstaðahr. A.-Hún.	—	31,13	— —
Bessastaðahr. Gullbr.s.	—	29,35	— —
Neshreppur í Norðfirði	—	25,44	— —

Í hreppum landsins er meðaltal	kr.	8,64	á mann
En á öllu landinu (kaupst. og hr.)	—	11,87	— —

Garðahreppur ber því á mann meira en fjórföld sveitarþyngsli miðað við meðaltal allra hreppa á landinu, og nær þreföld miðað við landið allt.

Nd. 100. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 84 [Sjúkrahús o. fl.].

Frá dómsmálaráðherra.

1. brtt. orðist svo:

Aftan við 8. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú hefir ríkissjóður lagt fram fé til þess að reisa heilbrigðisstofnun, sem lög þessi ná til, eða hún er rekin með styrk úr ríkissjóði, og má þá ekki, án samþykkis ráðherra, veðsetja hana fyrir öðrum skuldum en þeim, sem stafa af stofnkostnaði hennar, viðaukum eða endurbótum.

Nd. 101. Frumvarp

til laga um bann við okri.

Flm.: Bergur Jónsson, Jónas Þorbergsson.

1. gr.

Þegar samið er um vexti af peningum, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 6 af hundraði á ári.

2. gr.

Ef peningalán er tryggt með fasteignaveði eða á annan öruggan hátt, skal eftirleiðis vera frjálst að taka sömu vexti og útlánsvextir Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma.

3. gr.

Ef peningalán er hvorki tryggt með fasteignaveði né á annan öruggan hátt, má taka vexti, er séu allt að tveimur af hundraði hærri en útlánsvextir Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma.

4. gr.

Þegar reikna skal hámarksvexti samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal í þeim útreikningi taka tillit til kostnaðar við lántöku, affalla, afsláttar af lánsupphæðinni og þess háttar, sem allt skal reiknað sem vextir af lánsupphæðinni.

5. gr.

Þegar skuldari greiðir ekki skuld sína á réttum gjalddaga, er hann skyldur til, frá þeim degi, er lánardrottinn leitar réttar síns á löglegan hátt og unz hann greiðir skuld sína, að greiða í vexti einum meira af hundraði en heimilað er í lögum eða siður og venja er til milli kaupmanna. Þessu skal einnig fylgt um lán, sem standa í fasteignum. Þó mega seinni veðhafar einskis í missa við það, að hinir algengu eða umsömdu vextir af slíkum lánum eru hækkaðir.

Hærri dráttarvexti en 1 af hundraði á ári má ekki taka.

6. gr.

Ef samið er um hærri vexti eða dráttarvexti en greint er í lögum þessum, eru þeir samningar ógildir, og ef hærri vextir eða dráttarvextir hafa verið teknir, ber lánssala að endurgreiða skuldara þá upphæð, sem hann hefir þannig ranglega af honum haft.

Sá, er lánar peninga gegn hærri vöxtum eða dráttarvöxtum en greinir í lögum þessum, og sá, er útvegar slík peningalán, skal sæta sektum, er aldrei séu lægri en fjórfaldur og aldrei hærri en tuttugu og fimmfaldur sá ágóði, er ólöglega hefir tekinn verið eða áskilinn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og frá sama tíma er úr gildi numin tilskipun frá 27. maí 1859, um leiguburð af peningum, og lög frá 7. febrúar 1890, um vexti.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða frv. því, er flutt var á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo látandi greinargerð:

„Frumv. þetta er flutt fyrir tilmæli lögreglustjórans í Reykjavík. Ástæðurnar til þess eru þær, sem flestum landsmönnum er kunnugt um, að okurháir vextir af peningum fara óðum í vöxt manna á meðal. Þess eru nú á seinni árum

mýmörg dæmi, að þeir, sem eru í kröggum, eru svo ofurseldir okrurunum, að þeir verða að greiða á annað hundrað í ársvexti. Að teknir séu 6 af hundraði og 30—50 af hundraði í afföll af skuldabréfum með tryggu veði í fasteign, er orðið talsvert algengt nú upp á síðkastið.

Öllum mun nú vera ljóst, hve stórkostleg áhrif þetta okur hefir í þjóðlífinu. Þeir, sem okurlánin taka, eru næstum alltaf í neyð. Þeir vonast flestir að geta bjargað sér úr neyðinni og örðugleikunum með láni, þótt óhagstætt sé, en reynsla flestra eða næstum allra mun eðlilega verða sú, að lánið bjargar þeim ekki, heldur þvert á móti. Ástæðan er ofureðlileg, eða sem sagt sú, að engir atvinnuvegir í landinu, hvort sem er verzlun, leiga á húseignum eða annað, er svo arðvænleg, að hún gefi svipaðan arð og okrarinn heimtar, og þess vegna hlýtur niðurstaða lántakandans einatt að verða sívaxandi tap. En áður en lántakandinn gefur upp á bátinn til fulls, reynir hann þó að ná sér niðri á viðskiptamönnum sínum og vinna þar upp hina háu vexti með hærri húsaleigu, háu vöruverði o. s. frv. Okurvextirnir hafa því stórkostleg áhrif í þá átt að hækka verðlagið í landinu og gera það óheilbrigt.

Fyrir þá einstaklinga, sem neyðast til að taka peninga að láni með okurvöxtum, er það næstum alltaf viss eyðilegging, og fyrir þjóðfélagið veldur það tjóni af ástæðum, sem að framan er greint. Sá eini, sem græðir, er okrarinn.

Þau peningalán, sem tekin eru með hærri ársvöxtum en 10%, virðist því fullkomin ástæða til fyrir þjóðfélagið að banna, því eftir að vextir eru orðnir hærri, geta þau lán alls ekki talizt til þeirrar heilbrigðu peningaverzlunar, sem þjóðfélagið getur viðurkennt sem eðlilega og réttmæta.“

Að framfylgja þessum lögum mun mega telja tiltölulega auðvelt“.

Ed. 102. Frumvarp

til laga um bygging og ábúð á jörðum, sem eru almannaeign.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Allar jarðir og hjáleigur, sem eru eign ríkissjóðs eða kirkna landsins, skulu næst þegar þær losna úr ábúð, eða þegar núverandi ábúandi óskar þess, verða byggðar á erfðafestu eftir lögum þessum. Undanskildar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem þegar eru ákveðnar fyrir bústaði embættismanna, eða til annarar opinberrar notkunar.

2. gr.

Afgjald af þeim jörðum, sem um ræðir í 1. gr., skal vera 3% af fasteignamati landsins eins og það er þegar erfðafestan kemst í framkvæmd, og 2% af verði jarðarhúsa og álags, sem á þeim hvílir.

Jarðarafgjöld skulu greiðast sýslumönnum á manntalsþingum.

3. gr.

Erfðafesturétturinn erfist þannig:

1. Það hjónanna, sem lengur lifir, heldur réttinum meðan það lifir, og eins þó það giftist aftur.
2. Börn af fyrra hjónabandi þess hjónanna, sem erfðafesturéttinn átti, sitja fyrir börnum af síðara hjónabandi þess.
3. Foreldrar skulu helzt sjálfir koma sér saman um, hvert barnanna fær erfðafesturéttinn, og tilkynna það sýslumanni.
4. Komi hjón sér ekki saman um, hvert barnanna skuli hljóta erfðafesturéttinn, og séu börnin orðin 18 ára eða eldri, skulu þau að viðstöddum sýslumanni og að hans ráði koma sér saman um, hvert þeirra erfi erfðafesturéttinn.
5. Náist ekki samkomulag um það, hvert barnanna skuli erfa erfðafesturéttinn, þá skal elzti sonur erfa hann.
6. Sé hann dáinn eða vilji ekki nytja jörðina, þá skal elzta dóttir erfa hann.
7. Sé hún dáin eða vilji ekki nytja jörðina, þá skal næstelzti sonur erfa hann, þá næstelzta dóttir, og svo áfram eftir aldri, þannig að til skiptis komi sonur og dóttir.
8. Sé ekkert barn til eftir fyrra hjónaband þess hjónanna, er á erfðafesturéttinn, eða vilji það eða þau ekki nytja jörðina, koma börn af síðara hjónabandi til greina, og þá í sömu röð og að ofan greinir.
9. Séu börnin yngri en getur í 4. lið og hafi ekki verið tekin ákvörðun um, hvert þeirra skuli hljóta erfðafesturétt þegar erfðafesturéttur kemur til ráðstöfunar, skal sýslumaður ráðstafa honum, eftir tillögu meiri hluta hreppsnefndar, þar til börnin geta tekið ákvörðun um, hvert þeirra skuli erfa hann (sbr. 4. gr.).
10. Sé ekkert barnanna, er óski að nota erfðafesturéttinn og nytja jörðina, skal jörðin byggð öðrum (sbr. 4. gr.).

4. gr.

Nú deyja hjón barnlaus, eða ekkert barnanna óskar að nytja jörðina, og skal þá sýslumaður byggja hana öðrum. Etið skal þá um ábúðina fara eftir tillögu meiri hluta hreppsnefndar.

Þurfi sýslumaður til bráðabirgða að byggja jörð, sem er í erfðafestu (sbr. 3. gr. 9. lið), má ekki byggja hana hærra en nemur afgjaldinu, að viðbættum 6% af verði þeirra húsa, sem á jörðinni eru og ættin á, sem jörðina hefir til ábúðar.

5. gr.

Meðan sama ætt heldur jörðinni má afgjaldið ekki hækka. Þegar við jörðu tekur ný ætt, skal fara fram á jörðinni nýtt mat, og skal sá, er við henni tekur, borga afgjald eftir hana á sama hátt og um getur í 2. gr.

6. gr.

Þegar ábúendaskipti verða á jörðum, sem byggðar eru eftir lögum þessum, skal fara fram úttekt á húsum af lögskipuðum úttektarmönnum. Við þá úttekt

skal meta, hvers virði hús jarðareiganda eru með álagi, og má viðtakandi ráða, hvort hann kaupir húsin eða borgar eftir þau eins og um getur í 2. gr.

Á sama hátt skal meta önnur hús á jörðinni. Náist ekki samkomulag um, að viðtakandi kaupi þau, skulu þau flokkuð í tvo flokka af úttektarmönnum, hús, sem þarf á jörðina vegna búrekstrar, og hús, sem jörðinni eru ekki nauðsynleg. Hin fyrri er viðtakandi skyldur að kaupa með matsverði, en um hin síðari fer eftir samkomulagi. Náist ekki samkomulag um kaup á þeim, skal rífa þau og flytja burt af jörðinni, svo ábúanda verði sem minnstur bagi að, og skal það gert af erfingjum fráfaranda.

7. gr.

Heimilt er ábúendum á þeim jörðum, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að skipta þeim milli barna sinna. Skulu þá gerð greinileg landamerki milli jarðarhlutanna, og skoðast hver þeirra úr því sem sjálfstæð jörð. Ekki skal leiga hækka, þó jörð sé skipt eftir þessari grein, meðan sama ætt heldur ábúðinni á jörðum þeim, sem til verða við skiptin, en hætti ættin að nota einhverja jörðina, sem til hefir orðið við skiptin, fer um hana sem fyrir er mælt í 5. og 6. gr.

8. gr.

Þyki atvinnumálaráðherra, sýslunefnd eða hreppsnefnd ástæða til að skipta jörð, sem byggð er eftir þessum lögum, til þess að ný jörð geti myndazt, þá skal sýslumaður hlutast til um, að svo verði gert. Skal hann þá fá viðkomandi héraðsráðunaut eða jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands til að aðstoða við skiptin, ásamt tveim dómkvöddum mönnum. Þeir skulu meta landið og hvað það hefir hækkað síðan sú ætt tók við því, sem það hefir þá, og síðan framkvæma skiptin. Skal þá hver ný jörð, sem til verður, metast sér til verðs, svo og gamla jörðin með því landi, sem henni fylgir. Sá, sem hefir ábúð á jörðinni, skal fá fullar bætur fyrir það, sem jörðin hefir hækkað í verði fyrir atbeina ættar hans, og aldrei má það land, sem hann er látinn halda eftir, vera minna virði en landið allt var, er ættin tók við henni. Um bygging þeirra jarða, sem til verða við skiptingu jarða eftir þessari grein, fer eins og fyrir er mælt í 2., 5. og 6. gr.

9. gr.

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán út á jarðirnar í Búnaðarbanka Íslands til varanlegra húsabóta, en aldrei má það lán vera hærra en það, að árlegir vextir og afborgun séu jafnháir jarðarafgjaldinu.

10. gr.

Fyrir afgjald þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, skal árlega kaupa jarðir, sem bjóðast, en þó aldrei fyrir hærra verð en fasteignamatsverð.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 20. okt. 1905, og lög nr. 50, 16. nóv. 1907, svo og önnur ákvæði eldri laga, sem koma í bága við lög þessi.

12. gr.

Að öðru leyti en fyrir er mælt í lögum þessum fer um réttindi og skyldur ábúanda og landsdrottins eins og fyrir er mælt í ábúðarlögum.

Greinargerð.

Um allmörg ár hefir verið um það rætt, að eðlilegt væri að lögfesta erfðafestu á leigujörðum, og þá fyrst og fremst á jörðum ríkisins. Með því móti geta þeir bændur, sem búa á jörðum, er þjóðfélagið á, haft öll sömu hlunnindi af ábúðarrétti eins og væru þeir sjálfseignarbændur, en að auki þann létti, sem í því er fólgið, að börn þeirra þurfa ekki að eyða orku sinni í að endurkaupa jarðirnar með umbótum foreldra sinna, en geta í þess stað beitt sér einhuga að umbótum jarðanna og varið til þess öllum handbærum höfuðstól.

Þegar hafin var sala á kirkjujörðum og þjóðjörðum, var það vitaskuld gert í góðum tilgangi, og varð líka til mjög mikils gagns fyrir þá kynslóð, sem fékk jarðirnar með ágætum kjörum og fann til mikillar gleði yfir að verða sjálfseignarstétt. Má segja, að langsamlega flestir bændur, sem keyptu þessar jarðir, hafi lagt mikla orku í að bæta og fegra jarðir sínar. En eftir því sem fleiri af hinum upprunalegu kaupendum hætta búskap og vilja fá börnum sínum hinar nýkeyptu og mjög endurbættu bújarðir til búrekstrar, vaxa erfiðleikarnir. Jarðirnar eru þá stórhækkaðar í verði, af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að jarðirnar voru upprunalega seldar undir gangverði. Í öðru lagi hafa almennar framfarir í landinu aukið verðgildi jarðanna, og í þriðja lagi hafa þær vitaskuld vaxið í verði við jarðabætur og húsabyggingar. En af allri þessari verðhækkun leiðir það, að börnum, sem taka við jörðum með uppsprengdu verði eftir foreldra sína, veitist oft nær ókleift að standa undir byrðum þeim, sem leiðir af jarðabótunum. Er þá skipt um aðstöðu, því að í stað þess, að sú kynslóð, sem eignaðist jarðirnar fyrst með vægu verði, gat gert mikið til að bæta þær, þá verður næsta kynslóð aðallega önnum kafin við afborgana- og vaxtagreiðslur af fasteign, sem orðin er miklu dýrari heldur en framleiðslan þolir. Er þá auðsætt, að stöðvast hlýtur framsóknin með umbætur í ræktun og húsagerð.

Enn á ríkið eftir allmikið af jarðeignum, sem lítil ástæða er til að selja, ef hægt er að skapa ættum þeim, er á þeim búa, ekki aðeins sama öryggi og með sjálfseign og sjálfsábúð, heldur miklu meira, eins og sannað er með undangenginni rökleiðslu og stefnt að með frv. þessu.

Páll Zophoníasson ráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefir manna mest gert til að fræða menn um kosti erfðafestuábúðar. Hann hefir einnig átt mikinn þátt í að undirbúa þetta frv. Skoðun hans á að vera mjög þung á metunum um það, hvað bændum landsins henti bezt í þessu þýðingarmikla efni, með því að hann er kunnugri bændum landsins og öllum hag þeirra, frá ferðum sínum og rannsóknum um efnahag bændastéttarinnar, heldur en flestir aðrir menn hér á landi. Hefir og á síðari tímum orðið mikil stefnubreyting hjá bændum landsins um þessi atriði. Eru nú fjölmargir bændur, sem heldur vildu afhenda börn-

um sínum, einu eða fleiri, erfðafestusamning um mjög endurbætta jörð heldur en að verða máske að sjá á eftir býlinu í hendur óviðkomandi manna, af því ekkert barnanna getur risið undir vaxta- og afborganabyrðinni. Má því vænta, að þessu frv. verði nú tekið með meiri skilningi og samúð heldur en hefði mátt vænta fyrir nokkrum árum.

Ed. 103. Frumvarp

til laga um virkjun Efra-Sogsins.

Flm.: Jón Þorláksson, Jakob Möller.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að virkja fallvatnið Efra-Sog, milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns, til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Reykjavíkur og að gera afspennistöð hjá Reykjavík, og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda í umdæmi rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna, að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Ríkisstjórnin lætur á árunum 1933 og 1934 gera þær umbætur á Þingvallavegínum, sem nauðsynlegar eru vegna Sogsvirkjunarinnar, og fullgera veg austan Þingvallavatns niður að Efra-Sogi. Til þessara umbóta leggur Reykjavíkurbær fram 140 þús. kr., og teljast þær með kostnaði við byggingu orkuversins og greiðast jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Með kostnaði við orkuverið má ennfremur telja kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra-Sogi, sem Reykjavíkurbær hefir keypt af eigendum Úlfljótsvatns. Þurfi vegna virkjunarinnar að gera brú á Efra-Sogið og veg frá henni vestan árinnar, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins.

4. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til framkvæmda samkvæmt 1.—3. gr., að upphæð allt að 7 milljónum króna, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

5. gr.

Orkuverið, háspennulínan og afspennistöðin samkv. 1. gr. nefnist einu nafni Sogsvirkjunin. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

6. gr.

Sogsvirkjunin selur raforku til rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skylt er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverinu og við spennistöðvar á háspennulínunni frá Efra-Sogi til Reykjavíkur til almenningsnota í nærliggjandi héruðum við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna, miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923. Nú þykir nauðsynlegt, til þess að ákvæðum þessarar greinar verði fullnægt, að auka virkjunina frá því, er hún var í fyrstu gerð, og er Reykjavíkurbæ þá skylt að framkvæma aukninguna allt upp í það, að fallvatnið sé að hálfu fullvirkjað, en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til þess, með sama skilyrði og segir í 4. gr. Skal aukningin framkvæmd þegar er fé til hennar er fyrir hendi, nema gildar ástæður, að dómi ráðherra, hamli.

7. gr.

Þegar auka þarf virkjunina fram yfir það, að fallvatnið sé virkjað til hálfs, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við bæjarstjórn Reykjavíkur um aðra tilhögun. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði eigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaflsins móts við það vélafl, er fyrir var, og eigandi að helmingi þegar fallvatnið er fullvirkjað. Kaupverðið eða hluta þess má ríkisstjórnin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta þeirra skulda, er á fyrirtækinu hvíla. Ef samkomulag um kaupverðið næst eigi, skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Á Reykjavíkurbær þaðan í frá rétt til þess, hvenær sem hann þarf, að fá sem svarar helmingi orkunnar úr fallvatninu fullvirkjuðu handa rafmagnsveitu Reykjavíkur. Með kostnaði við fyrstu aukningu samkvæmt þessari grein skal telja vatnsréttindi í Efra-Sogi fyrir landi Kaldárhöfða með sömu upphæð og áðurnefnd vatnsréttindi fyrir landi Úlfljótsvatns.

Nú hefir virkjuninni safnazt varasjóður þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkvæmt þessari grein, og verður hann þá eign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs að réttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefir myndazt af, frá rafmagnsveitu Reykjavíkur annarsvegar og notendum utan hennar hinsvegar.

Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ríkisstjórnin framselt til þess eða þeirra fyrirtækja, er þá hafa með höndum orkuveitu til almenningsþarfa um taugakerfi frá Efra-Sogi til héraða utan takmarks rafmagnsveitu Reykjavíkur.

8. gr.

Þegar ríkisstjórnin er orðin meðeigandi að Sogsvirkjuninni samkvæmt 7. gr., skal stjórn fyrirtækisins skipuð 5 mönnum: Tveim, er bæjarstjórn Reykjavíkur kýs, tveim, er tilnefndir verða af þeim aðilum utan rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem njóta orku frá Sogsvirkjuninni, og hinum fimmta, er hæstiréttur tilnefnir. Skulu þeir allir skipaðir til þriggja ára. Eftir að 1 ár er liðið frá skipun

nefndarinnar, skulu árlega ganga úr nefndinni annaðhvort fulltrúar Reykjavíkur eða fulltrúar kosnir af utanhéraðsnotendum eða fulltrúi hæstaréttar. Skal varpað hlutkesti um, hverjir skulu fyrst ganga úr. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. að mestu samhljóða þessu hefir verið flutt á þrem undanförnum þingum, en ekki náð fram að ganga. Fylgdi því upphaflega eftirfarandi greinargerð frá milliþinganefndinni í raforkumálum:

„Meðal annara viðfangsefna hefir raforkumálanefndin látið rannsaka, hvaða héruð mundu geta notið raforku frá Soginu, ef virkjun á því kæmist í framkvæmd. Þótt þeirri rannsókn sé ekki að fullu lokið, þykir nú þegar sennilegt, að þessi héruð muni hafa aðstöðu til notkunar á raforku frá Sogi, auk Reykjavíkur:

Vestmannaeyjar, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Gullbringusýsla, Hafnarfjörður, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla.

Sakir þess, að sumstaðar á þessu svæði er töluvert fjölmenni saman komið í kauptúnum og sjóþorpum, virðist sem allmikið af orkuveitum út frá Sogi um héruð þessi muni geta borið sig fjárhagslega, jafnvel 300—400 km. samanlögð línulengd, og mundu 13—14 þús. manns utan Reykjavíkur geta notið raforku úr þeim taugum. Út frá þeim mætti svo smám saman stækka veituna og koma fleiri og fleiri notendum í samband við hana.

Út af þessu þótti raforkumálanefndinni nauðsynlegt að athuga nú þegar, á hvern hátt væri unnt að tryggja það, að íbúar nefndra héraða utan Reykjavíkur gætu þegar til kæmi átt kost á raforku úr Soginu í sambandi við virkjun þá á fallvatni þessu, sem Reykjavíkurbær er að undirbúa. Til þess að athuga þetta málefni sérstaklega voru á fundi raforkumálanefndar 14. jan. þ. á. kosnir í undirnefnd þeir Jón Þorláksson verkfr. og Sigurður Jónasson bæjarfulltrúi. Hafa þeir síðan rætt málið við þar til kjörna menn úr rafmagnsstjórn Reykjavíkur, og er frumvarp þetta árangurinn af því starfi.

Aðalhugsun frv. er sú, að Reykjavíkurbær, sem á hálf vatnsréttindin í þessu fallvatni, byrji á virkjuninni og haldi henni áfram þar til fallvatnið er virkjað að hálfu, en selji raforku til nærliggjandi héraða með kostnaðarverði, að viðbættri lítilli þóknun. Er þetta mikið hagræði fyrir héruðin, að þurfa ekki að leggja fram fé til virkjunar meðan raforkunotkun þeirra er lítil, svo að erfitt yrði að fá sjálfstæða virkjun til að svara kostnaði. Þegar raforkunotkunin í heild er komin upp í helming virkjunar, er gert ráð fyrir, að notendur raforku í héruðunum utan Reykjavíkur haldi áfram stækkun orkuversins og verði meðeigendur þess, og njóti þannig þeirra hagsmuna, sem liggja í því að verða eigandi orkuvers þegar raforkunotkun er orðin mikil. Kemur sá hagnaður sérstaklega fram í því, að orkuverið heldur áfram að vera starfhæft eftir að byggingarkostnaður er afskrifaður eða byggingarlán greidd, og getur raforkan þá lækk-

að í verði eða rekstur orkuversins gefið tekjuafgang til aukningar á taugakerfinu.

Með því að virkjun Reykjavíkurbæjar skapar þarna aðstöðu fyrir stóran og fjölmennan landshluta til þess að byrja á að koma upp raforkuveitum til almenningsþarfa, þykir rétt að ríkið láti Reykjavíkurbæ í té aðstoð til virkjunarinnar með vegagerðum og með ábyrgð fyrir virkjunarláni, svo sem ráðgert er í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að leggja nýjan veg suður með Þingvallavatni að austanverðu að virkjunarstaðnum. Hefir vegamálastjóri lauslega áætlað kostnað vegarins 230 þús. kr. Vegur þessi verður alfaravegur og gerir því frumvarpið, samkvæmt tillögum vegamálastjóra, ráð fyrir, að aðeins helmingur kostnaðarins komi á Sogsvirkjunina, eða 115 þús. krónur. Ennfremur er aukið viðhald Þingvallavegarins og styrking á brúm, allt beinlínis vegna Sogsvirkjunarinnar, áætlað af vegamálastjóra á 25 þús. krónur.

Um 4. gr.

Áætlun rafmagnsveitu Reykjavíkur um virkjun Sogsins nam 6 milljónum króna. Tilboð þau, sem fengizt hafa í verkið, voru nokkru hærri, og þar sem auk þess má gera ráð fyrir, að afföll kunni að verða á láni til virkjunarinnar, þykir eigi fært að tiltaka upphæð þá, sem ábyrgjast þarf, lægri en 7 millj. krónur, enda gerir frumvarpið ráð fyrir því, að hér sé aðeins um hámarksupphæð að ræða.

Að öðru leyti skýrir frumvarpið sig sjálft".

Til viðbótar þessu vilja flm. aðeins taka það fram, að þeir eru reiðubúnir til samkomulags um það, að inn í frv. verði tekin ákvæði, er tryggi það, að unnt verði samtímis virkjuninni að koma upp háspennulínum til þeirra staða á Suðvesturlandi, sem eftir rannsóknum milliþinganefndarinnar hafa aðstöðu til þess að nota sér raforkuna án beinna framlaga úr ríkissjóði.

Ed. 104. Frumvarp

til laga um viðauka við hin almennu hegningarlög frá 25. júní 1869.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. gr.

Forstöðumenn og starfsmenn við stofnanir ríkisins, bæjarfélaga og sveitarfélaga mega hvorki sjálfum sér til handa né handa fyrirtækjum, sem þeir eru við riðnir, taka við neinum umboðslaunum eða þóknun í neinni mynd frá framleiðendum eða seljendum þess varnings sem keyptur er handa stofnun þeirri, er þeir veita forstöðu eða starfa við. Brot gegn þessu heimfærist undir þrettánda kapítula hinna almennu hegningarlaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þessu máli hefir áður verið hreyft, og fyrst á sumarþingi 1931, er brtt. sama efnis var flutt við frv. til laga um einkasölu á tóbaki, sem þá lá fyrir þinginu. Sú tilraun náði ekki framgangi, af því að réttara þótti, að þetta efni kæmi fram í þeirri mynd, að það tæki til allra ríkisstofnana, svo og til stofnana bæjar- og sveitarfélaga. Síðan hefir málið komið aftur fram og verið vel tekið í orði frá öllum hliðum, en ekki náð samþykki.

Hér er nú frv. flutt í þeirri mynd, sem eftir umræðum á undanförnum þingum ætti að mega vænta samkomulags um.

Um ástæður fyrir þessari lagasetningu skal ég aðeins taka þetta fram:

Í 13. kapítula hinna almennu hegningarlaga eru lagðar þungar refsingar við fjárdrætti embættis- og sýslunarmanna og hverskonar misnotkun þeirra á stöðu sinni sér til ávinnings. Meðan starfsemi ríkisins var haldið nokkurnveginn innan þeirra takmarka, sem áður voru, hafa þessi ákvæði reynzt fullnægjandi og öllum hlutaðeigendum verið ljóst, hvað þeir áttu á hættu, ef þeir vildu misnota stöðu sína sér til ávinnings. En eftir að ríkið er farið að setja á fót ýmiskonar verzlunar- og atvinnufyrirtæki og velja þangað forstöðumenn og starfsfólk, sem alls ekki hefir lifað sig inn í ríkjandi lagareglur um embættismenn, hefi ég beinlínis orðið var við vöntun á skilningi um þetta, og tel því brýna nauðsyn á lögleiðing þeirra ákvæða, er frv. hefir inni að halda.

Nd. 105. Tillaga

til þingsályktunar um innflutning karakulasauðfjár.

Flm.: Halldór Stefánsson, Steingrímur Steinþórsson, Guðbrandur Ísberg, Sveinn Ólafsson, Björn Kristjánsson, Þorleifur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild laga nr. 27, 8. sept. 1931, um innflutning karakulafjár frá Þýzkalandi, og svo fljótt, að unnt sé að hafa það til framtímgunar næsta vetur.

Greinargerð.

Landbúnaðarframleiðsla vor er fábreytt og markaðir fyrir hana svo takmarkaðir sem kunnugt er. Oss er því brýn nauðsyn að leita allra úrræða til að auka fjölbreytni hennar og markaðsmöguleika. Mjög miklar líkur eru til, að verulegs ávinnings megi vænta í þessu tilliti af ræktun karakulafjár hér á landi, þar sem verðmætustu afurðir þess eru aðrar en þær, sem sauðfé vort gefur. Má einskis láta ófreistað, sem oss geti orðið til ávinnings í þessu efni.

Ed. **106. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um dýralækna, nr. 61, 3. nóv. 1915.

Flutningsm.: Magnús Torfason.

1. gr. í lögum nr. 61, 3. nóv. 1915, orðist svo:

Dýralæknar skulu fimm, tveir í Sunnlendingafjórðungi, þriðji í Vestfirðingafjórðungi, fjórði í Norðlendingafjórðungi, fimmti í Austfirðingafjórðungi. Atvinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Greinargerð.

Breyting sú á lögum um dýralækna frá 3. nóv. 1915, er hér kemur fram, er flutt vegna ákveðinna en eðlilegra óska bænda á Suðurlandsundirlendinu til þess að fá sérstakan dýralækni, en í þessu tilliti hafa þeir verið mjög afskiptir.

Með auknum framförum í landbúnaði og betri meðferð á búpeningi er óumflýjanlegt að fjölga dýralæknunum. Breyting þessi fer fram á, að þeir verði 5 samtals á öllu landinu, og mega þeir ekki færri vera. Þessi dýralæknafjölgun hefir aðeins lítinn kostnað í för með sér, en sá kostnaður er hverfandi samanborið við það gagn, sem dýralæknir í stærsta landbúnaðarhéraði landsins gæti gert.

Samkvæmt búnaðarskýrslum frá 1931 er gripafjöldi í Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu sem hér segir: sauðfé 143351, nautgripir 8262, hross 14376, en gripastóll allra landsmanna er á sama tíma: sauðfé 640031, nautgripir 30070, hross 50657. Dýralæknir sá, sem á Suðurlandsundirlendið kæmi, þyrfti því að annast um 15 þúsund sauðfjár, 2200 nautgripi, 4200 hross fram yfir það, sem aðrir dýralæknar landsins hefðu að annast. Þessar tölur sýna augljóslega, að krafa bænda á Suðurlandsundirlendinu er í alla staði hin sanngjarnasta. Sem stendur eru ekki til nema 4 dýralæknar á landinu, en tveir dýralæknanemar, er stunda nám við erlenda háskóla, hafa nú bráðum lokið því. Það er því ekki ástæða til þess að fresta stofnun þessarar sýslanar vegna þess, að enginn dýralæknir sé til þess að taka við henni. Þráfaldlega hafa komið fram ákveðnar óskir um, að dýralæknir fengist með búsetu á Suðurlandsundirlendinu, en nú hafa þessar óskir orðið háværari en oft áður, og stafar það meðal annars af því, að ýmsir sauðfjársjúkdómar hafa nú gert alvarlegan usla á Suðurlandsundirlendinu, en auk þess er hin mesta nauðsyn að hafa dýralækni í nánu sambandi við mjólkurbúin til leiðbeiningar og eftirlits. Dýralæknir sá, sem er í Reykjavík, hefir nú svo mikinn starfa þar og í nágrenni, að hann getur aðeins að litlu leyti sinnt óskum og þörfum bænda á Suðurlandsundirlendinu.

Sþ. **107. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um að leggja niður ríkisféhirðisstarfið.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Fyrir „Landsbankann“ í tillgr. komi: Búnaðarbanka Íslands.

Sþ. 108. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um að leggja niður ríkisféhirðisstarfið.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

a. Á eftir „Landsbankann“ í tillgr. komi: eða Búnaðarbanka Íslands.
b. Orðin „eins og áður var“ í lok tillgr. falli niður.

Ed. 109. Frumvarp

til laga um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar, og í Reykjavík lögmaður, skulu þegar eftir að lög þessi öðlast gildi, gera skrá, hver fyrir sitt umdæmi, um þau þinglýst veðbréf í fasteignum, sem dagsett eru fyrir 1. janúar 1905 og ekki hafa verið afmáð úr veðmálabókunum.

Í skrár þær, sem um er getið í 1. málsgr., skal þó ekki taka þau fasteignaveðsbréf, er standa skulu um aldur og ævi eða alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma svo langan, að þau hafi ekki átt að vera greidd að fullu fyrir 1. janúar 1930.

2. gr.

Þegar skrár þær, sem í 1. gr. getur, eru fullgerðar, skal hlutaðeigandi dómari senda eigendum þeirra fasteigna, sem veðsettar eru, og eigendum veðbréfanna fyrirspurn um, hvort veðskuldin muni vera greidd eða ekki.

Nú bera afsals- og veðmálabækur ekki með sér, hver er eigandi fasteignar, og er dómara þá ekki skylt að senda honum fyrirspurn eftir 1. málsgr. þessarar gr., nema hann á annan hátt viti um eigandann. Hið sama er, ef veðbréf sýnir ekki, hver er eigandi þess, eða hann er látinn eða óvíst er um bústað hans eða hann er fluttur af landi burt, eða stofnun á í hlut, sem liðin er undir lok.

3. gr.

Nú berst dómara svar eða svör við fyrirspurn, sem hann hefir sent samkvæmt 2. gr., og skal hann þá, ef það eða þau að áliti hans sýna, að veðbréf það, sem við er átt, sé ekki greitt að fullu, gera athugasemd um þetta í veðmálabókina, þar sem veðbréfið er skráð, og í fasteignaskrána. Jafnframt gerir hann athugasemd um þetta í skrá þá, sem í 1. gr. getur.

4. gr.

Nú eru liðnir 4 mánuðir frá því fyrirspurnir þær, sem um er rætt í 2. gr., voru sendar, og skal þá dómari gefa út opinbera stefnu í samræmi við regl-

urnar um ógildingu viðskiptabréfa með dómi, til ógildingar þeirra veðbréfa, sem í skrá eru tekin samkvæmt 1. gr. og ekki falla burt eftir reglum 2. og 3. gr. Stefna skal í einni stefnu í lögsagnarumdæmi hverju, og birtir dómari stefnuna þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Fyrir birtinguna greiðist ekkert gjald.

Stefnur samkvæmt þessari gr. skal birta fyrir 1. apríl 1934.

5. gr.

Þau mál, sem 4. gr. ræðir um, skulu rekin fyrir aukarétti, þar sem dómari er búsettur. Réttargjöld greiðast ekki í þeim málum.

6. gr.

Nú gefur einhver sig fram á þeim degi, sem til er tekinn í stefnunni, eða áður, og færir þær líkur eða sannanir, er dómari tekur gildar, fyrir því, að það veðskuldabréf, sem um ræðir, sé ekki að fullu greitt, og fellur þá málið niður, að því leyti sem það bréf snertir, en dómari gerir athugasemd í veðmálabók um þetta eftir reglum 3. gr.

7. gr.

Nú gefur einhver sig fram og skýrir frá, að umstefnt veðskuldabréf sé enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur, ekki styttri en 1 mánuður og ekki lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnur á það, að eigandi hinnar veðsettu eignar kannist við veðskuldbindinguna eða að veðhafi hafi undirbúið málssókn til ógildingar bréfinu. Ef veðhafi gerir hvorugt, fer um bréfið eins og segir í 8. gr., en kannist eigandi fasteignarinnar við veðskuldbindinguna, fer um það eftir 6. gr., ella skal bíða dóms í hinu nýja máli, og fer þá um bréfið eftir úrslitum hans.

8. gr.

Um þau veðskuldabréf, sem enginn gefur sig fram sem eigandi að í síðasta lagi á þeim degi, er stefna tilgreinir, skal með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókum, og skal það síðan gert ókeypis og vísað til heimildar í dóminum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 110. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 100 [Sjúkrahús o. fl.].

Frá Vilmundi Jónssyni.

Orðin „eða hún er rekin með styrk úr ríkissjóði“ falli burt.

Nd. **111. Frumvarp**

til laga um sjúkrasjóð ríkisins.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð til styrktar fátækum sjúklingum, sem leita þurfa læknishjálpar samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga þessara og ekki er tryggður sjúkrastyrkur í því skyni annarsstaðar frá.

Sjóðurinn skal heita sjúkrasjóður ríkisins.

2. gr.

Sjóðurinn hefir tekjur eftir því, sem veitt er í fjárlögum, og er í umsjá fjármálaráðherra.

3. gr.

Ráðherra úthlutar styrkjum úr sjóðnum eftir tillögum landlæknis. Styrkhæfir eru þeir:

1. sem haldnir eru langvarandi sjúkdómi eða hafa langvarandi eftirstöðvar eftir sjúkdóm (t. d. mænusóttarsjúklingar), enda sé þeim batavon.
2. sem haldnir eru sjúkdómi, er leita verður læknishjálpar við út úr landinu.
3. sem haldnir eru sjúkdómi, sem ætla má, að útrýma megi úr landinu með því að taka þá til lækningar (t. d. geitnasjúklingar).
4. Örkumla menn, til að standast kostnað við útvegun nauðsynlegra gervilima, varanlegra umbúða, sjúkravagna o. s. frv.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Undanfarið hefir verið veitt í fjárlögum meira og minna fé til sjúklinga, er sérstök ástæða hefir þótt til að styrkja á þann hátt til að leita sér læknishjálpar, svo sem ef um óvenjulega og langvarandi sjúkdóma hefir verið að ræða, ef leita hefir þurft hjálpar út úr landinu o. s. frv. Hafa þessir styrkir verið bundnir við nöfn, og má geta nærri, að úthlutunin hefir orðið nokkuð af handahófi, þar sem þingið í heild sinni hefir átt atkvæði um hana. Er stungið hér upp á hagfelldara skipulagi á þessum styrkveitingum, sem sé því, að þingið veiti árlega nokkra upphæð í þessu skyni, en heilbrigðisstjórnin verði látin um úthlutunina, og mundi hún gera það á þann hátt, að taka við umsóknum, kynna sér allar ástæður og úthluta síðan styrkjunum sem sanngjarnast eftir efnum og öðrum þeim ástæðum, sem fyrir hendi eru, að svo miklu leyti sem fjárveitingin hrekkur til.

Auk persónustyrkjanna hefir við og við verið veitt í fjárlögum nokkurt fé til styrktar mænusóttarsjúklingum, og hefir heilbrigðisstjórnin úthlutað því fé. Eftir mænusóttarfaraldurinn mikla 1924 voru veittar í fjáraukalögum 1925 kr.

10000,00 í því skyni, 1926 kr. 4600,00, 1927 kr. 1000,00, 1928 kr. 800,00, 1929 kr. 3000,00 og 1930 kr. 1000,00 (alltaf í fjáraukalögum).

Enn hefir verið veitt á hverju ári síðan 1926 nokkurt fé til geitnalækninga, frá kr. 2500 fyrsta árið niður í kr. 500, og síðan 1920 kr. 4000 á ári til gervilimakaupa.

Gerir frumvarpið ráð fyrir því, að öllu þessu verði slengt saman í eina fjárveitingu, er heilbrigðisstjórninni verði fengin til úthlutunar. Heyrir þetta allt að nokkru leyti saman og getur hvað styrkt annað til skiptis, með því að nokkur áramunur er að því, hvar þörfin kallar mest eftir.

3. gr. frv. takmarkar verksvið sjóðsins, og er alls ekki ætlazt til þess, að hann taki að sér ólæknandi sjúklinga til framfærslu.

Samkvæmt landsreikningum 1924—1931 hefir verið varið úr ríkissjóði til styrktar sjúklingum þeim, er frv. gerir ráð fyrir að sjóðurinn taki að sér:

1924	kr.	4500,00
1925	—	12060,75
1926	—	11800,00
1927	—	3900,00
1928	—	3405,77
1929	—	12663,01
1930	—	10500,00
1931	—	8249,54

Er þar við nokkuð að miða, er áætla skal árlega fjárveitingu til sjóðsins.

Gert er ráð fyrir, að sjóðurinn taki til starfa þegar á þessu ári, og er það með tilliti til þess, að ýmsir bágstaddir sjúklingar víðsvegar um landið eru nú illa haldnir eftir nýafstaðna mænusótt, hafa sára þörf fyrir styrk og þykja eiga sanngirnistilkall til hans fyrir þá hefð, sem á er komin. Mun ekki verða komizt hjá að veita á yfirstandandi ári nokkra upphæð í fjáraukalögum í þessu skyni.

Nd. 112. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 43 frá 1927 [Fátækralög].

Flutningsm.: Guðbr. Ísberg, Pétur Ottesen, Hannes Jónsson, Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Við 51. gr. 2. mgr. Í stað orðanna „greiðist af sveitarsjóði“ komi: greiðist af ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði 51. gr. fátækralaganna um heimild sveitarstjórna til að fá óreglumenn og slæpingja, er sveitarstyrk þiggja, setta í þvingunarvinnu eða fangelsi

munu litt eða ekki hafa verið notuð fyrr en vinnuhælið að Litla-Hrauni var reist. Hugðu sveitarstjórnir þá gott til að knýja fram greiðslu hjá óreiðumönnum, er eigi hirtu að greiða, eða sökum óreglu eigi gátu greitt framlagðan sveitarstyrk þeim til handa. Þetta hefir og borið nokkurn árangur, en komið hefir fyrir, að sveitarfélög hafa þurft að greiða meðgjöf svo hundruðum króna skiptir með þurfalingum sínum, vegna dvalar þeirra á Litla-Hrauni. Eru það of þungar búsifjar fátækum sveitarfélögum, sem eru að sligast undir framfærslu þurfalinga sinna, að verða eigi aðeins, samkv. ákvörðun löggjafans, að ala önn fyrir óreglumönnum og slæpingjum, sem eigi vilja eða nenna að vinna, eða eyða kaupi sínu öllu í óreglu, heldur þurfa og að greiða fyrir dvöl þeirra á opinberri refsistofnun, sem hið sama löggjafarvald hvetur sveitarstjórnir til að nota sem hótun og þvingun gagnvart þessum mönnum. Virðist eðlilegast, að sama gildi um alla menn, sem dæmdir eru til hegningarvinnu eða þvingunarvinnu, að sá kostnaður, sem af því stafar, sé greiddur af almannafé, að svo miklu leyti sem þeir greiða hann eigi sjálfir. Er því lagt til, að ákvæðum 51 gr. fátækralaganna um greiðslu dvalarkostnaðar óreglusamra þurfamanna á refsistofnunum verði breytt á þann veg, að ríkið greiði hann hér eftir.

Nd. 113. Breytingartillaga

við frv. til laga um sjúkrahús o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Aftan við 8. gr. bætist: Nú hefir ríkissjóður lagt fram fé til þess að reisa heilbrigðisstofnun, sem lög þessi ná til, og má þá ekki, án samþykkis ráðherra, veðsetja hana fyrir öðrum skuldum en þeim, sem stafa af stofnkostnaði hennar, viðaukum eða endurbótum.

Nd. 114. Frumvarp

til laga um landamerki Borgarhrepps í Mýrasýslu.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Landamerki Borgarhrepps í Mýrasýslu skulu vera þau, er hér greinir:

Að vestan ræður Langá landamerkjum frá sjó til upptaka sinna í Langárvatni. Þaðan ræður Langavatn merkjum, þar til Langavatnsdalsá fellur í það, þá Langavatnsdalsá, þar til Mjóadalsá fellur í hana.

Mjóadalsá ræður síðan merkjum að Sauðarhrygg. Þaðan eru merkin sjónhending upp á hæstu trumbu á Víðidalsmúla og þaðan eftir háeggjum fyrir efstu

drög Víðidals, en þaðan eins og vötnum hallar frá háfjalli suður í hæstu drög á Sátudal; þá ræður Sátugil merkjum niður í Fossdalsá, þá Fossdalsá niður í Skammá, þá Skammá í Vikravatn, þá Vikravatn að Lambafelli. Þá ræður merkjum laut sú, sem er á milli Vikrafells og Lambafells, þar sem hún er lægst, allt ofan í Litluá á Grímsdal. Þá ræður merkjum Litlaá þar til hún fellur í Gljúfurá, en síðan Gljúfurá, alla leið um sýki, er rennur úr henni í Norðurá, á milli Sólheimatungu-tungu og Ferjubakka. Þaðan ræður merkjum Norðurá þar til hún rennur í Hvítá, en síðan Hvítá alla leið til sjávar.

2. gr.

Frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, tekur Borgarhreppur að sér framfærslu allra þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga eða mundu eignast í Stafholtstungnahreppi vegna fæðingar eða dvalar á jörðinni Grísatungu.

3. gr.

Stafholtstungnahreppur skal öðlast forkaupsrétt að afréttarlandi því, er Stafholtskirkja á í Norðurárdalshreppi: Einiberja-, Brekku- og Staðarmúlum ásamt hálfum Baulusandi. Á sama hátt eignast Borgarhreppur forkaupsrétt að Staðartungu og Grísatungu. Um kaupverð á löndum þessum fer eftir mati þriggja manna nefndar, einum útnefndum af sýslunefnd Mýrasýslu, öðrum af kirkjumálaráðherra Íslands og þriðja af hæstarétti.

4. gr.

Geri Stafholtstungnahreppur kröfu á hendur Borgarhreppi um skaðabætur vegna ákvæða laga þessara, og verði ekki samkomulag milli þeirra um bæturnar, skulu þær úrskurðaðar af nefnd þeirri, sem um getur í 3. gr. laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt fyrir beiðni hreppsnefndar Borgarhrepps, í þeim tilgangi að lagfæra nokkuð landamerki hreppsins og m. a. til þess að ná inn fyrir þau fjalllendi, sem sveitin á, en nú liggur í lögsagnarumdæmi Stafholtstungnahrepps.

Nánar í framsögu.

Ed. **115. Frumvarp**

til laga um verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna.

Flutningsm.: Jakob Möller.

Inngangur.

1. gr.

Lög þessi taka til allra fastra starfsmanna við viðskiptafyrirtæki, sem talin eru í 2. gr. Þó taka lögin aðeins til starfsmanna þeirra fyrirtækja, er hafa aðsetur í kaupstað. Með reglugerð getur ráðherra ákveðið, að lögin skuli einnig gilda í verzlunarstöðum, fleirum eða færri.

Lögin gilda þó eigi:

1. Þegar um er að ræða mann, sem ráðinn er til sendiferða eða sem vikapiltur aðeins.
2. Þegar ráðningin samkvæmt venjum þeim um vinnuskipti, sem gilda á vinnustaðnum, aðeins á við störf, sem ekki krefjast sérþekkingar.

Lögin eru einkum miðuð við fulltrúa, bókhaldara, gjaldkera, bréfritara, vélritara, afgreiðslumenn í verzlun og skrifstofum, verzlunarumboðsmenn og aðra, sem líkt stendur á með. Ágreiningi um, hvort einstakur maður eða flokkur manna falla undir lögin, ræður gerðardómur til lykta, sbr. 20. gr.

2. gr.

Fyrirtæki þau og atvinnurekendur, sem lög þessi taka til, eru:

Kaupmenn, heildsalar, hlutafélög, kaupfélög, pöntunarfélög, samvinnufélög, bankar, sparisjóðir, vátryggingarfélög, umboðssalar, útgerðarfyrirtæki, skipaafgreiðslur, vöru- og skipamiðlarar, svo og aðrir þeir, er bókhaldsskyldir eru að lögum og hafa fleiri en einn mann í skrifstofu.

I. KAFLI.

3. gr.

Þeir, sem reka viðskiptafyrirtæki, sbr. 2. gr., eða veita slíkum fyrirtækjum forstöðu í kaupstöðum, skulu, þá er þeir ráða karl eða konu til náms við fyrirtækið, annast um, að gerður sé skriflegur námssamningur. Eyðublöð undir slíka samninga lætur ráðherra semja, að fengnu áliti Verzlunarráðs Íslands, Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Sambands verzlunarmannafélaga Íslands, og afhenda lögreglustjórar þau ókeypis. Þeir skulu og rita á samningana vottorð sitt um, að þeir séu samkvæmir lögum þessum. Sé ákvæði þetta brotið, er samningurinn ógildur.

4. gr.

Óheimilt skal þeim, er nú skal greina, að taka ófullnuma mann til starfs eða kennslu, sbr. 3. gr.:

1. Þeim, sem ekki eru fullnuma verzlunarmenn, nema því aðeins, að uppfræðsla nemandans sé á tryggan hátt falin einhverjum starfsmanna fyrir-

tækisins, karli eða konu, sem fullnuma er. Þó má leyfa þeim að taka nemendur, sem í 10 ár hafa rekið verzlun eða annað slíkt fyrirtæki sem aðalatvinnu, enda þótt eigi séu fullnuma.
2. Þeim, sem tvisvar hafa rofið námssamning í verulegum atriðum og að ófyrirsynju.
3. Þeim, sem dæmdir hafa verið dómi, sem að almennu áliti skerðir æruna, og ekki hafa fengið uppreist æru.

5. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langt námsskeiðið skal vera; má það aldrei lengra vera en þrjú ár, að meðtöldum reynslutímanum, sbr. 7. gr.

Engan pilt eða stúlku má taka til náms yngri en 15 ára. Vilji nemandi, sem tekinn hefir verið til náms áður en hann var sjálfráða, hætta námi eftir þann tíma, getur hann það með venjulegum uppsagnarfresti, þótt samið hafi verið um lengri tíma.

6. gr.

Það skal skýrt tekið fram í samningnum, hvernig launa skuli nemandanum, og skulu launin annaðhvort vera fólgin í fæði, húsnæði, klæðum og þjónustu eða þá mánaðarlaun, er greiðist í peningum að nokkru eða öllu. Nemanda skal séð fyrir ókeypis kennslu og veittur nægur tími til náms, þannig að hann að loknu námi geti fullnægt þeim skilyrðum, er þarf til þess að reka verzlun sjálfur. Lærimeistari er skyldur til, þegar námstíminn er liðinn, að gefa vottorð um kunnáttu nemandans og hegðun.

7. gr.

Fyrstu 3 — þrjá — mánuðina af námstímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og hafa þá bæði forstjóri og nemandi, sé hann orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða lögráðamenn, rétt til þess að heimta, að samningnum sé slitið án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum.

8. gr.

Sé námssamningi slitið án þess að nemandi eigi sök á og hann síðan fer til kennslu í annan stað, skal reikna saman námstímann á báðum stöðum, er finna á fullan námstíma, þó því aðeins, að ekki hafi verulegur tími liðið á milli, er nemandi eigi var við nám.

9. gr.

Nemandi skal sýna húsbónda sínum trúmennsku, hlýðni og virðingu og vinna honum allt það gagn, er hann frekast má.

10. gr.

Sé nemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag, að meðtöldum námstímanum og 2 stundum á dag til að hvílast og matast. Húsbóndi má ekki láta nemanda vinna neina vinnu frá kl. 9 á kvöldin til kl. 8 á morgnana, nema brýn nauðsyn sé til.

11. gr.

Á sunnudögum og öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar eða lögskipuðum fridögum má húsbóndi ekki fá nemanda neina vinnu, nema þegar sérstaklega mikið liggur við eða þegar birgðakönnun á sér stað. Nemandi skal fá að minnsta kosti 10 daga sumarfrí í einu lagi, og skal það vera á tímabilinu frá 1. maí til 30. sept.

12. gr.

Meðan námstiminn stendur yfir, skal húsbóndi vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og kosta kapps um, að nemandanum verði sem mest not af námstímanum, og geti á hæfilegum tíma orðið fullnuma.

13. gr.

Nú sýkist nemandi án þess að honum sé sjálfum sök á gefandi sakir ótilhlýðilegrar hegðunar, og ber forstjóra þá að greiða honum laun í þrjá mánuði frá þeim tíma, sem hann veiktist, og auk þess greiða kostnað allan við sjúkrahúslegu hans í jafnlangan tíma, þó ekki lengur en út ráðningartímann. Ákvæði þessu verður ekki breytt með neinum samningi milli aðila. Þar, sem löggiltur sjúkrasjóður er, skal nemandi tryggður þar á kostnað fyrirtækisins.

14. gr.

Samningnum getur hvor aðili sagt upp án fyrirvara, ef verulegar vanefndir eru fyrir hendi.

Sem dæmi verulegra vanefnda, er réttlæti slíka uppsögn, nema sérstök atvik hamli, má einkum nefna þessi:

A. Af hálfu húsbónda:

1. Ef nemandi er ótrúr í þjónustu sinni, misnotar trúnað yfirboðara síns eða bregzt þagnarskyldu um leyndarmál fyrirtækisins.
2. Ef hann fer leyfislaust frá verkum sínum. Ef hann sýnir yfirboðurum sínum þrjózku í starfinu eða neitar að gegna skyldum þeim, er starfi hans leggur honum á herðar.
3. Ef veikindi hamla nemanda frá námi í mánuð og sjúkdómurinn er ólæknandi eða svo mikið kveður að honum, að læknir telur sjúkling eigi starfhæfan fyrr en tveim mánuðum þar eftir. Þetta skerðir ekki kröfur nemanda samkv. 13. gr.
4. Ef nemandi situr í fangelsi.
5. Ef nemandi er dæmdur dómi, er að almennu áliti skerðir æru hans.
6. Ef nemandi leggur hendur á yfirboðara sinn eða ærumeiðir hann.

B. Af hálfu nemanda:

1. Ef nemandi verður ófær til þess að gegna starfi sínu.
2. Ef húsbóndi greiðir ekki laun nemanda eða hlunnindi, eða veitir eigi tilskilda fræðslu samkvæmt námssamningi.
3. Ef aðbúð nemanda er slíkt, að heilsu hans eða siðferði geti stafað hætta af, eða almennum hreinlætisreglum eigi er fylgt.
4. Ef húsbóndi leggur hönd á nemanda eða ærumeiðir hann, eða aðrir starfs-

menn hafa slíkt í frammi og húsbóndi veitir nemanda eigi tilhlýðilega vernd.

5. Ef lærimeistari er fjarverandi fulla 2 mánuði, nema vinnan fari fram undir umsjón fullnuma manns.
6. Ef fyrirtækið flyzt í annan kaupstað.

Ákvæðin undir A og B eru ekki tæmandi, ef almennar reglur leiða til annars. Tjón allt, er af hefir hlotizt, bætir hinn seki eins og lög bjóða.

15. gr.

Verði eigandi gjaldþrota eða fyrirtækið hættir af öðrum ástæðum, þannig að náminu verði eigi haldið áfram á sama hátt og áður, á nemandi rétt til þriggja mánaða kaups samkvæmt námssamningi.

16. gr.

Enginn má taka nemanda annars manns til kennslu, sem um ræðir í lögum þessum, nema námssamningi sé áður slitið. Slíkur samningur er ógildur.

II. KAFLI.

17. gr.

Verzlunarmenn eru í lögum þessum taldir þeir, sem lokið hafa verzlunarnámi og sýnt kunnáttu sína á þann hátt, er hér segir:

1. a. Lokið fullnaðarprófi frá Verzlunarskóla Íslands eða skóla, er eigi gerir minni kröfur um þekkingu á verzlun og viðskiptum.
   b. Auk þess stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu í eitt ár eða meira.
2. Stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu þrjú ár eða meira og kunna að færa þær bækur, sem lögboðið er, að bókhaldsskyld fyrirtæki skuli halda.
3. a. Lokið stúdentsprófi og fullnægi samskonar skilyrðum um bókhaldskunnáttu, sem um ræðir í 2. lið.
   b. Auk þess stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu í eitt ár eða meira.
4. Ennfremur eiga rétt til skírteinis sem fullnuma verzlunarmenn:
   a. Þeir, sem starfað hafa við verzlun eða í skrifstofu í þrjú ár eða meira sem fastastarfsmenn áður en lög þessi öðluðust gildi, og sýni vottorð þar að lútandi, sem lögreglustjóri tekur gild.
   b. Fullnægi auk þess samskonar skilyrðum um bókhaldskunnáttu, sem um ræðir í 2. lið.

18. gr.

Hver sá, sem lokið hefir verzlunarnámi á þann hátt, sem um ræðir í 1. lið 17. gr., á rétt að fá hjá lögreglustjóra skírteini sem verzlunarmaður, er hann sýnir prófskírteini sitt og vottorð tveggja skilríkra manna um námstíma sinn við verklegt nám, ásamt vottorði lærimeistara um góða hegðun, samvizkusemi og alúð við það.

Þeir, sem lokið hafa verzlunarnámi á þann hátt, er um ræðir í 2. og 3. lið 17. gr., eða fullnægja ákvæðum 4. liðs sömu greinar, eiga rétt til samskonar skírteinis, enda leggi þeir fram samskonar vottorð og áður segir, en í stað próf-

skírteinis sundurliðað vottorð um kunnáttu sína frá manni, er ráðherra hefir til þess skipað.

Vottorðið skal meðundirritað af tveimur prófdómendum, skipuðum á sama hátt. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um próf þessi, eftir að hafa leitað álits þeirra aðila, sem nefndir eru í 3. gr.

19. gr.

Ekkert fyrirtæki, sem um ræðir í 2. gr. laga þessara, má ráða til sín eða hafa í þjónustu sinni fasta starfsmenn, sem eigi hafa skírteini sem verzlunarmenn, aðra en þá, sem undanteknir eru í 1. gr. Hver sá fastur starfsmaður, sem ekki er þannig undanþeginn og eigi hefir skírteini, telst námsmaður.

Námsmenn geta fyrirtækin ráðið fyrir hverja starfsdeild sína þannig, stjórnandi alltaf undanskilinn:

1 starfsmaður má vera námsmaður.
2 starfsmenn, þar af annar námsmaður, hinn verzlunarmaður.
3 starfsmenn, þar af einn námsmaður.
4 starfsmenn, þar af tveir námsmenn.
5 starfsmenn, þar af tveir námsmenn.
6 starfsmenn, þar af tveir námsmenn.
7 starfsmenn, þar af tveir námsmenn.
8 starfsmenn, þar af þrír námsmenn.
9 starfsmenn, þar af þrír námsmenn.
10 starfsmenn, þar af þrír námsmenn.
11 starfsmenn, þar af þrír námsmenn.
12 starfsmenn, þar af þrír námsmenn.

Af hverjum fjórum starfsmönnum, sem við bætast, má sá fjórði vera námsmaður.

Þó er atvinnurekanda heimilt að notfæra sér við atvinnureksturinn starfskrafta maka síns, foreldra og barna, þótt eigi séu fullnuma.

Samningar, er brjóta í bága við grein þessa, eru ógildir.

III. KAFLI.

Um gerðardóm, refsingar og undanþágur.

20. gr.

Er úrskurða skal samkvæmt 1. gr., skal það gert af gerðardómi, sem skipaður er fimm mönnum, einum útnefndum af Verzlunarráðinu, einum af Sambandi ísl. samvinnufélaga og tveim af Sambandi verzlunarmannafélaga Íslands, en oddamaður af hæstarétti.

21. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um meðferð mála fyrir gerðardómi.

22. gr.

Nemendur og verzlunarmenn geta innheimt vangreitt kaup sitt samkv. 3. gr. laga nr. 55, 31. maí 1927.

23. gr.

Stjórnandi fyrirtækis eða lærimeistari, sem brýtur gegn 3., 4., 5., 6., 10., 11., 16. eða 19. gr., skal sæta sektum, allt að 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

24. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum 3., 16. og 19. gr. eru almenn lögreglumál. Önnur mál samkvæmt lögum þessum eru einkalögreglumál, en má þó reka eftir reglunum um almenn einkamál, ef hentugra þykir.

Þegar mál sætir meðferð einkalögreglumála samkvæmt lögum þessum, skal rétturinn skipaður meðdómsmönnum.

Meðdómsmenn skulu útnefndir af hinum þremur aðilum, sem nefndir eru í 3. gr., til eins árs í senn. Útnefnir Verzlunarráðið einn, Samband íslenzkra samvinnufélaga einn, Samband verzlunarmannafélaga Íslands tvo. Skal Samband verzlunarmannafélaga Íslands jafnan útnefna verzlunarþjóna, en aðilar ryðja sínum hvor úr dómi, þannig að dómurinn er í hverju máli skipaður tveim meðdómsmönnum.

25. gr.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá lögum þessum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

26. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45, 30. júlí 1909, svo og önnur lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934. Eldri samningar halda þó gildi sínu eitt ár eftir, þótt eigi séu þeir samkvæmir lögum þessum, en skal innan þess tíma komið í löglegt horf.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var borið fram á Alþingi 1931 (vetrarþinginu, þingskjal 93), af þingmönnum Reykjavíkur, og fylgdi því mjög rækileg greinargerð, sem hér nægir að vísa til. — Frumvarpið er samið að tilhlutun verzlunarmannafélaganna í Reykjavík í samvinnu við Verzlunarráð Íslands og Samband verzlunarmannafélaga Íslands. — Er það nú flutt á ný samkvæmt eindregnum tilmælum stjórnar verzlunarmannafélagasambandsins.

Ed. 116. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um verzlunaratvinnu, nr. 52, 27. júní 1925.

Flutningsm.: Jakob Möller.

3. gr. laga nr. 52, 27. júní 1925, 5. liður orðist þannig:
Fullnægir þekkingarskilyrðum þeim, er hér segir:

1. a. Hefir lokið fullnaðarprófi frá Verzlunarskóla Íslands, eða skóla, sem eigi gerir minni kröfur um þekkingu á verzlun og viðskiptum.
   b. Auk þess stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu eitt ár eða meira.
2. a. Hefir stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu 3 ár eða meira.
   b. Sannar, að hann kunni að færa þær bækur, sem lögboðið er, að bókhaldsskyld fyrirtæki skuli halda.
3. a. Hefir lokið stúdentsprófi.
   b. Sannar þekkingu sína á bókhaldi, sbr. 2. b.
   c. Auk þess stundað verklegt nám í verzlun eða skrifstofu eitt ár eða meira.

Atriði þau, sem um ræðir í 2. b. og 3. b., skulu sönnuð með vottorði hæfra manna, er ráðherra tilnefnir í samráði við Verzlunarráð Íslands, Samband ísl. samvinnufélaga og Samband verzlunarmannafélaga Íslands.

Fyrirmæli þessa tölul. taka ekki til sveitaverzlana, og getur ráðherra veitt undanþágu smásölum utan kaupstaða, ef ástæður mæla með.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk verzlunarmannafélaganna í Reykjavík. Frumvarpið var borið fram á Alþingi 1931, af þingmönnum Reykjavíkur, þskj. 66, og vísast til greinargerðar þeirrar, er því fylgdi þá.

Nd. 117. Nefndarálit

um frv. til laga um kjötmat o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Með frv. þessu eru gerðar allverulegar breytingar á lögunum um mat á kjöti til útflutnings og merkingu á kjöti. Felast þær breytingar einkum og sér í lagi í því, að heilbrigðiseftirlitið er skerpt. Ströng fyrirmæli eru sett um það, að hreinlætis sé gætt í allri meðferð á kjötinu, og gildir þetta einnig um það kjöt, sem ætlað er til sölu innanlands, en um það eru nú engin fyrirmæli framar því, sem ákveðið kann að vera í heilbrigðissamþykktum kauptúna og kaupstaða.

Þá á samkvæmt þessu frv. að vera einn yfirkjötmatsmaður, í stað þess að nú eru þeir sex, en gert er ráð fyrir, að hann fái þrjá menn sér til aðstoðar og hafi þeir ásamt honum eftirlit með því, hvernig kjötmatsmennirnir leysa starf sitt af hendi, og gæta þeir þess, að samræmi sé í matinu. Lagafyrirmæli þau, er nú gilda um mat á kjöti og merkingu þess, eru tekin upp í þetta frv.

Nefndin litur svo á, að um breytingar þær, sem felast í frv., megi segja, að þær séu yfirleitt heldur til bóta, og sumar nauðsynlegar, og leggur hún því til, að frv. verði samþ.

Á tveimur stöðum í frv. er vitnað skakkt í greinar og á nokkrum stöðum þykir nefndinni betur fara, að breytt sé til um orðalag, og gerir hún því tillögur um, að á frv. verði samþ. þessar

BREYTINGAR:

1. Við 3. gr. Fyrri málslið greinarinnar skal orða svo:
   Hús, sem slátrað er í skepnum til söltunar á kjötinu til útflutnings eða til sölu innanlands, og ekki eru löggilt sláturhús, skulu vera þrifaleg og svo rúmgóð og þannig hagað, að kjöt geti kólnað þar nægilega fljótt og því sé þar að öðru leyti ekki hætt við skemmdum.
2. Við 4. gr. Aftan við aðra málsgr. bætist: Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir skoðun og merkingu kjöts og annara sláturfjárafurða.
3. Við 6. gr.
   a. Fyrir orðin „einhverra af helztu útflytjendum“ í fyrri málsgr. komi: nokkurra af helztu útflytjendum.
   b. Upphaf síðari málsgr. skal orða svo:
      Kjöt, sem saltað er í sláturhúsum til sölu innanlands, o. s. frv.
4. Við 7. gr.
   a. Fyrir „samkvæmt 5. gr.“ í fyrsta málsl. fyrstu málsgr. komi: samkvæmt 6. gr.
   b. Fyrsta málslið fjórðu málsgr. skal orða svo:
      Yfirmatsmaður skal hafa að árslaunum 1200 kr., en aðstoðarmenn hans 300 kr. hver.
   c. Á eftir orðunum „ákveður ráðuneytið þau“ í síðari málsl. fjórðu málsgr. komi: fyrir eitt ár í senn.
   d. Fyrir orðin „4 krónur í fæðispeninga“ í fyrri málsl. fimmtu málsgr. komi: 4 kr. hver í fæðispeninga og húsnæðis.
5. Við 9. gr.
   a. Fyrir orðin „eða sem flutt er“ í fyrsta málsl. fyrstu málsgr. komi: eða flutt er.
   b. Orðin „þar sem sláturhúsið er“ í fjórðu málsgr. falli burt.
   c. Fyrir orðin „leggja það fram til skoðunar“ í sömu málsgr. komi: láta þar fram fara skoðun á kjötinu.
   d. Fyrir „innan kauptúnsins“ í fyrri málsl. fimmtu málsgr. komi: innan kaupstaðarins eða kauptúnsins.
   e. Fyrir „heilbrigðisnefndar kauptúnsins“ í sama málslið komi: heilbrigðisnefndar.
6. Við 11. gr.
   Fyrir orðin „hvaða vörur megi selja í kjötbúðum auk þeirra vara sem“ í fyrri málsl. komi: hverjar vörur aðrar megi selja í kjötbúðum en þær, sem.
7. Við 12. gr.
   Fyrir „4. gr. 2. málsgr.“ í fyrri málsl. fyrstu málsgr. komi: 5. gr. 2. mgr.

Alþingi, 7. marz 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Pétur Ottesen, frsm.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.
Guðbr. Ísberg.	Lárus Helgason.	

Nd. **118. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samkomulagi um viðskiptamál milli Íslands og Noregs.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að samkomulag það, er undirritað var í Oslo þann 17. sept. 1932 milli Íslands og Noregs og prentað er sem fylgiskjal með lögum þessum, um fiskiveiðahagsmuni Norðmanna á Íslandi og innflutninginn á söltuðu íslenzku kindakjöti til Noregs, skuli koma í gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Undirritaðir, sem hafa til þess fullt umboð ríkisstjórna sinna, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi samkomulag:

I. kafli. Fiskiveiðahagsmunir Norðmanna á Íslandi.

1. grein. Hinar norsku síldarverksmiðjur, sem nú eru á Íslandi, er heimilt að reka áfram.

2. grein. Auk þess, sem íslenzkum síldarverksmiðjum er almennt heimilt að kaupa við og við nýja síld af erlendum fiskiskipum (að svo miklu leyti sem þetta getur samrýmzt 3. gr. fiskiveiðalaganna), er norsku síldarverksmiðjunum, sem nefndar eru í 1. gr., heimilt að gera samninga, er gilda ákveðið síldveiðatímabil, við eins mörg erlend fiskiskip eins og þær kynnu að óska, um kaup á nýrri síld til bræðslu. Það síldarmagn, sem norsk verksmiðja tekur á móti samkvæmt

Undertegnede dertil behörig bemyndigede av sine respektive regjeringer er kommet overens om følgende overenskomst:

Kap. I. De norske fiskeriinteresser ved Island.

Art. 1. Det tillates fortsatt drift av nuværende norske sildoljefabrikker på Island.

Art. 2. Ved siden av de islandske sildoljefabrikkers almindelige rett til leilighetsvis (innenfor rammen av fiskerilovens Prgr. 3) å opkjöpe fersk sild fra fremmede fiskefartöier tillates det de i art. 1 nevnte norske sildoljefabrikker å avslutte sesongkontrakter med det antall fremmede fiskefartöier som de måtte önske, om levering av fersk fabrikksild. Det sildkvantum som vedkommende norske fabrikk mottar på slike sesongkontrakter og ved leilighetsvise innkjöp

slíkum samningum, að viðbættu því, sem verksmiðjan kynni að kaupa við og við frá erlendum fiskiskipum, má þó ekki samanlagt fara fram úr 60% af bræðslusíld verksmiðjunnar á því síldveiðatímabili.

3. grein. Norskum síldveiðaskipum er heimilt að þurrka og gera við veiðarfæri sín á Siglufjarðar- og Akureyrarhöfn. Meðan á því stendur skal skipið, sem í hlut á, liggja við akkeri eða festar, og hafa uppi merki, sem nánar verður ákveðið.

4. grein. Norskum síldveiðaskipum skal heimilt að fara með veiðarfæri sín í land og gera við þau á Akureyri og Siglufirði. Meðan á því stendur skal skip það, sem í hlut á, liggja við akkeri eða festar, og hafa uppi nánar ákveðið merki.

5. grein. Norskum fiskiskipum er heimilt að nota veiðibáta sína til flutninga og vatnstöku í Reykjavík, á Ísafirði, Skagaströnd, Siglufirði, Krossanesi, Akureyri, Raufarhöfn, Seyðisfirði, Eskifirði, í Vestmannaeyjum og Hafnarfirði, en til vatnstöku þó því aðeins, að það komi ekki í bága við einkarétt til afhendingar vatns.

6. grein. Norskum fiskiskipum, sem afhenda ekki síld til söltunar í móðurskip eða í annað erlent skip, skal heimilt að selja í land til söltunar alls 500 tunnur af reknetaskipi hverju og 700 tunnur af snurpunótaskipi.

Fyrir norsk fiskiskip, sem uppfylla þetta skilyrði og hafa gert samning yfir síldveiðatímabil við síldarverksmiðju á Íslandi, hækkar þessi tunnutala upp í 700 tunnur fyrir reknetaskip og 1200 tunnur fyrir snurpunótaskip.

Ef þessi söluheimild verður afnumin eða torvelduð með sérstökum lagafra fremmede fiskefartöier, skal dog tilsammen ikke overstige 60% av fabrikkens råstofforbruk i sesongen.

Art. 3. Norske sildfiskefartöier tillates å törre og efterse sine fiskeredskaper under ophold i Siglufjord og Akureyri. Under dette arbeide skal vedkommende fartöi være forankret eller fortöiet og före nærmere fastsatt signalflagg.

Art. 4. Norske sildfiskefartöier tillates å ilandbringe og reparere sine fiskeredskaper i Siglufjord og Akureyri. Under dette arbeide skal vedkommende fartöi være forankret eller fortöiet og före nærmere fastsatt signalflagg.

Art. 5. Norske fiskefartöier tillates å benytte sine fangstbåter til transport og vannfylling i Reykjavik, Isafjord, Skagastrand, Siglufjord, Krossanes, Akureyri, Raufarhavn, Seydisfjord, Eskefjord, Vestmannöyane og Havnafjord, vannfylling dog kun forsåvidt det ikke strider mot etablert monopol på vannforsyningen.

Art. 6. De norske fiskefartöier som ikke leverer sild til salting på moderskib eller på annet fremmed fartöi tillates å selge iland til salting ialt 500 tönner og 700 tönner pr. skib, henholdsvis for drivgarns- og snurpenotfartöier.

For de norske fiskefartöiers vedkommende som foruten å opfylle denne betingelse også har sesongkontrakt med sildoljefabrikk på Island forhöies det nevnte kvantum til henholdsvis 700 tönner og 1200 tönner.

Såfremt denne adgang opheves eller vanskeliggjöres ved særlige lovbestem-

ákvæðum eða öðrum fyrirmælum yfirvalda, getur norska stjórnin, þrátt fyrir ákvæði 18. greinar, hvenær sem er sagt upp samningi þessum með 3 mánaða fyrirvara.

7. grein. Norskum fiskiskipum, sem ekki láta af hendi síld til söltunar í móðurskip eða annað erlent skip, og hafa gert samning yfir síldveiðatímabil við síldarverksmiðju á Íslandi, skal heimilt að búlka afla sinn og það, sem til útgerðarinnar þarf, á höfnunum á Siglufirði og Akureyri. Hlutaðeigandi hafnarstjórn skal fyrirfram tilkynnt, að slík búlkun fari fram, og skipið, sem í hlut á, skal, meðan á verkinu stendur, liggja við akkeri eða festar og hafa uppi nánar ákveðið merki.

8. grein. Norsk fiskiskip greiða afgreiðslugjald og vitagjald einungis þegar þau koma frá útlöndum.

9. grein. Það telst ekki viðkoma í útlöndum, er síldveiðaskip hefir samband við annað skip utan landhelgi, ef hið síðarnefnda skipið hefir einnig greitt lögboðin gjöld á Íslandi á veiðitímanum, og hefir ekki síðar haft samband við útlönd eða við önnur skip, sem beint eða óbeint hafa haft samband við útlönd eftir að hin lögboðnu gjöld voru innt af hendi. Sýna ber skilríki fyrir þessu frá skipstjóra hins skipsins.

10. grein. Nú varpar skip akkerum utan löggiltra hafna, og greiðast þá ekki opinber gjöld, ef skipið hefir ekki samband við land.

11. grein. Norsk fiskiskip, sem leita neyðarhafnar á Íslandi, skulu aðeins greiða venjuleg gjöld fyrir tollskoðun og heilbrigðiseftirlit, og hafnsögumannsgjald og hafnargjöld o. þvl. aðeins ef um slík afnot er að ræða.

melser eller andre forføininger fra myndighetenes side, skal den norske regjering uansett bestemmelsene i art. 18., nårsomhelst kunne opsige denne overenskomst med 3 måneders varsel.

Art. 7. De norske fiskefartöier som ikke leverer sild til salting på moderskib eller på annet fremmed fartöi, og som har sesongkontrakt med sildoljefabrikker på Island, tillates å foreta omstuving av egen last av fangst og utrustning under ophold i Siglufjord og Akureyri. Dette arbeide skal på forhånd anmeldes til vedkommende havnemyndigheter, og under arbeidet skal fartöiet være forankret eller fortöiet og före nærmere fastsatt signalflagg.

Art. 8. Klareringsavgift og fyravgift avkreves norske fiskefartöier kun ved anlöp fra utlandet.

Art. 9. Det regnes ikke som anlöp av utlandet når et sildfiskefartöi har forbindelse med annet fartöi utenfor territorialgrensen såfremt vedkommende annet fartöi også har innklarert på Island i sesongen og ikke senere har hatt forbindelse med utlandet eller med fartöier som har hatt direkte eller indirekte forbindelse med utlandet efter innklarering på Island. Bevidnelse herom må foreligge fra det annet fartöis förer.

Art. 10. Ved opankring utenfor legale islandske havner skal norske fiskefartöier ikke avkreves avgifter, såfremt skibet ikke har forbindelse med land.

Art. 11. Norske fiskefartöier som söker nödhavn på Island avkreves kun de vanlige avgifter for toll- og sundhetseftersyn samt i tilfelle av virkelig benyttelse los- og havneavgifter o. lign.

12. grein. Norsk fiskiskip, sem geta sannað, að þau hafi rekið inn í landhelgi vegna straums og/eða storms, skulu ekki sæta ákæru, ef það er ljóst af öllum atvikum, að þetta hafi ekki átt sér stað vegna stórkostlegs gáleysis eða ásetnings, í þeim tilgangi að veiða eða verka aflann innan landhelgi, enda sé þessu kippt í lag svo fljótt sem auðið er.

13. grein. Ef norskt fiskiskip vill ekki greiða sekt, heldur óskar að dómur gangi, skal skipinu þegar sleppt, gegn geymslufjárgreiðslu, en ekki haldið þar til dómur fellur.

Art. 12. Det skal ikke innledes rettslig forføining mot norske fiskefartøier som kan bevise å være drevet inn på sjöterritoriet på grunn av ström og/eller storm livis det av alle omstendigheter med tydelighet fremgår at dette ikke er gjort ved grov uaktsomhet eller forsetlig i den hensikt å fange eller tilvirke fangst innenfor territorialgrensen og såfremt forholdet hurtigst mulig bringes i orden.

Art. 13. Hvis norsk fiskefartöi ikke vedtar böteforlegg men önsker dom, skal fartöiet straks frigis mot depositum og ikke fastholdes inntil dom faller.

II. kafli. Innflutningurinn á söltuðu íslenzku kindakjöti til Noregs.

14. grein. Aðalinnflutningstollurinn skal strax lækkaður niður í 15 aura pr. kg., að viðbættum venjulegum viðaukum, fyrir innflutningsmagn, er nemi allt að 13000 tunnum árið 1932—1933.

15. grein. Eins fljótt og unnt er verður lagt fyrir Stórþingið frumvarp um lækkun á aðaltollinum niður í 10 aura pr. kg., og um heimild til þess að endurgreiða íslenzku ríkisstjórninni mismun þess tolls, sem greiddur hefir verið, þ. e. 15 aura aðaltolli pr. kg., og tollsins samkvæmt nýja aðaltollinum, í báðum tilfellum með venjulegum viðaukum, og að því er snertir innflutningsmagn, er nemi 13000 tunnum árið 1932—1933.

16. grein. Nýi aðaltollurinn, 10 aurar pr. kg., skal gilda framvegis um eftirfarandi innflutningsmagn af söltuðu íslenzku kindakjöti:

a) Árið 1933—34 fyrir 11500 tunnur, en af þeim flytjist ekkert inn frá 1. júlí til 15. október, 8000 tunnur

Kap. II. Innførsel av saltet islandsk saukjött i Norge.

Art. 14. Tollen nedsettes straks til 15 öre pr. kg. i grunnsats med vanlige tariffmessige tillegg ved fortolling i 1932/33 av inntil 13.000 tönner.

Art. 15. Snarest mulig fremsettes det forslag for Stortinget om nedsettelse av grunnsatsen til 10 öre pr. kg. og om bemyndigelse til å tilbakebetale til den islandske regjering forskjellen mellem på den ene side erlagt toll efter en grunnsats av 15 öre pr. kg. og på den annen side tollen efter den nye grunnsats, begge med vanlige tariffmessige tillegg for et importkvantum på 13.000 tönner i 1932—33.

Art. 16. Den nye grunnsats av 10 öre pr. kg. gjöres fremtidig gjeldende ved fortolling av følgende mengder saltet islandsk saukjött:

a) I sesongåret 1933—34 for 11500 tönner, hvorav intet i tiden 1. juli — 15. oktober, 8.000 tnr. i

frá 16. október til 31. desember, og það, sem eftir er, frá 1. janúar til 30. júní.

b) Árið 1934—35 fyrir 10000 tunnur, en af þeim flytjist ekkert inn frá 1. júlí til 15. október, 7000 tunnur frá 16. október til 31. desember, og það, sem eftir er, frá 1. janúar til 30. júní.

c) Árið 1935—36 fyrir 8500 tunnur, en af þeim flytjist ekkert inn frá 1. júlí til 15. október, 6000 tunnur frá 16. október til 31. desember, og það, sem eftir er, frá 1. janúar til 30. júní.

d) Árið 1936—37 fyrir 7000 tunnur, en af þeim flytjist ekkert inn frá 1. júlí til 15. október, 5000 tunnur frá 16. október til 31. desember, og það, sem eftir er, frá 1. janúar til 30. júní.

e) Árið 1937—38 og síðar fyrir 6000 tunnur, en af þeim flytjist ekkert inn frá 1. júlí til 15. október, 5000 tunnur frá 16. október til 31. desember, og það, sem eftir er, frá 1. janúar til 30. júní.

tiden 16. oktober — 31. desember og resten i tiden 1. januar — 30. juni.

b) I sesongåret 1934—35 for 10.000 tönner, hvorav intet i tiden 1. juli — 15. oktober, 7.000 tnr. i tiden 16. oktober — 31. desember og resten i tiden 1. januar — 30. juni.

c) I sesongåret 1935—36 for 8.500 tönner, hvorav intet i tiden 1. juli — 15. oktober, 6.000 tnr. i tiden 16. oktober — 31. desember og resten i tiden 1. januar — 30. juni.

d) I sesongåret 1936—37 for 7.000 tönner, hvorav intet i tiden 1. juli — 15. oktober, 5.000 tnr. i tiden 16. oktober — 31. desember og resten i tiden 1. januar — 30. juni.

e) I sesongåret 1937—38 og senere for 6.000 tnr., hvorav intet i tiden 1. juli — 15. oktober, 5.000 tönner i tiden 16. oktober — 31. desember og resten i tiden 1. januar — 30. juni.

III. kafli. Gildistaka og uppsögn.

17. grein. Samningur þessi gengur í gildi og endurgreiðslan samkvæmt 15. grein fer fram, þegar eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:

þegar Stórþingið hefir tekið ályktun í samræmi við 15. grein hér á undan,

þegar Alþingi hefir, ef með þarf, samþykkt nauðsynlegar breytingar á fiskiveiðalöggjöfinni,

þegar samningum milli landanna hefir verið komið í lag, annaðhvort með afturköllun uppsagnarinnar af Íslands hálfu, eða með því að gera nýjan verzlunar- og siglingasamning, er

Kap. III. Ikrafttredelse og opsigelse.

Art. 17. Nærværende overenskomst trer i kraft og den i art. 15 omhandlede tilbakebetaling av tolldifferansen finner sted,

når Stortinget har fattet beslutning overensstemmende med foranstående art. 15,

når Altinget har fattet beslutning om eventuelle nödvendige endringer i fiskeriloven,

når traktatforholdet mellem de to land er ordnet enten ved tilbakekallelse av opsigelsen fra Islands side eller ved avsluttelse av en ny handels- og sjöfartstraktat bygget på de samme prin-

byggi á sömu meginreglum og samningar og yfirlýsingar, sem nú eru í gildi, en hefir verið sagt upp,
og ekki seinna en 15. apríl 1933.

18. grein. Samningi þessum getur hvort ríkið fyrir sig sagt upp með 6 mánaða fyrirvara, þó þannig, að af Íslands hálfu má ekki segja upp samningnum þannig, að hann gangi úr gildi á tímabilinu 1. júní til 30. september, og frá Noregs hálfu ekki þannig, að hann gangi úr gildi á tímabilinu 1. október til febrúarloka.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir skrifað nafn sitt undir samkomulag þetta, sem er gert í tveimur eintökum á íslenzku og tveimur eintökum á norsku.

Oslo, þann 17. september 1932.

Fyrir Ísland:
Ólafur Thors.
Jón Árnason.

Fyrir Noreg:
T. Anderssen-Rysst.
S. Johannessen.

Stefán Þorvarðsson.

Johan Askeland.

sipper som de nugjeldende, opsagte konvensjoner og deklarasjoner,
og senest 15. april 1933.

Art. 18. Nærværende overenskomst kan opsies med 6 måneders varsel av hver av de to stater, dog skal opsigelse fra norsk side ikke kunne finne sted slik at overenskomsten utlöper i tiden 1. oktober til utgangen av februar eller fra Islands side slik at overenskomsten utlöper i tiden 1. juni til 30. september.

Til bekreftelse herav har undertegnede underskrevet denne overenskomst, som er utferdiget i 2 eksemplarer på norsk og i 2 eksemplarer på islandsk.

Oslo, den 17. september 1932.

For Norge:
T. Anderssen-Rysst.
S. Johannessen.

Johan Askeland.

For Island:
Ólafur Thors.
Jón Árnason.

Stefán Þorvarðsson.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, var á Alþingi þann 6. júní 1932 gerð svo hljóðandi þingsályktun um verzlunar- og siglingasamninga við Noreg:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að athuga, hvort ekki sé ástæða til að segja upp gildandi verzlunar- og siglingasamningum við Noreg".

Þingsályktunartillagan var flutt af utanríkismálanefnd, og í framsöguræðu fyrir tillögunni var gerð grein fyrir tildrögum málsins, sem voru fyrst og fremst þau, að norska stjórnin hafði, þann 11. febrúar 1932, sagt upp kjöttollssamkomulaginu frá 1924 — en við það tvöfaldaðist tollurinn á íslenzku saltkjöti í Noregi — og að ekki hafði tekizt að fá norsku stjórnina til þess að hefja samningaumleitanir af nýju um kjöttollinn.

Eftir samþykkt þingsályktunartillögunnar voru enn gerðar tilraunir til þess að ná viðunandi samkomulagi við norsku stjórnina um kjöttollsmálið, en þegar þær tilraunir reyndust árangurslausar, ákvað ríkisstjórnin að segja upp gildandi verzlunar- og siglingasamningum við Noreg. Var þetta gert með erindi til norsku ríkisstjórnarinnar, dags. 8. júní 1932, og þar með sagt upp almenna verzl-

unar- og siglingasamningnum frá 2. nóv. 1826, með viðaukayfirlýsingum frá 13. júní 1856 og 19. jan. 1865, þannig að þessir samningar hætta að gilda þann 8. júlí 1933. Um leið var og sagt upp yfirlýsingu um gagnkvæman rétt til strandsiglinga frá 16. apríl 1858, en uppsagnarfresturinn var þar 6 mánuðir, svo að yfirlýsingin hætti að gilda þann 8. jan. þ. á. (samanber þó síðar).

Í sambandi við uppsögn þessara samninga var fastmælum bundið milli íslenzku og norsku ríkisstjórnanna að hefja sem fyrst samninga um viðskiptamál landanna, einkum toll á ísl. saltkjöti í Noregi og síldveiðar Norðmanna hér við land. Samkvæmt þessu hófust samningaumræður hér í Reykjavík þann 26. júlí f. á. og stóðu yfir til 11. ágúst. Var þeim síðar haldið áfram í Oslo, frá 30. ágúst til 16. sept., og lauk þar með því, að undirritað var samkomulag það, sem prentað er hér að framan.

Eins og sést á 17. grein samkomulagsins, er það meðal annars skilyrði fyrir gildistöku þess, að Alþingi hafi samþykkt nauðsynlegar breytingar á fiskiveiðalöggjöfinni, ef með þarf.

Annað skilyrði er það, að Stórþingið hafi gert ályktun um að lækka aðaltollinn á söltuðu kindakjöti niður í 10 aura pr. kg. En með því að fresturinn, sem settur er fyrir því að samkomulagið gangi í gildi, er nú orðinn stuttur, þ. e. 15. apríl næstkomandi, og ríkisstjórnin hefir ekki fengið tilkynningu um, að kjöttollurinn hafi verið lækkaður í Noregi, þykir bezt við eiga, að umrætt samkomulag sé lagt fyrir Alþingi á þann hátt sem hér er gert.

Um hin einstöku ákvæði samkomulagsins skal eftirfarandi tekið fram:

I. Ákvæðin um fiskiveiðahagsmuni Norðmanna á Íslandi:

Um 1. gr.

Krossanesverksmiðjan hefir starfað óhindrað hér frá upphafi, og er þar eigi um neina breytingu að ræða. Aftur er *Raufarhafnarverksmiðjan* reist án heimildar, en hefir þó verið liðið að starfa.

Um 2. gr.

Samkvæmt samningnum frá 1924 hafði Krossanesverksmiðjan ótakmarkaða heimild til að kaupa afla af erlendum skipum. Eftir 1924 höfðu íslenzk stjórnarvöld þó smátt og smátt þrengt að verksmiðjunni, og var svo komið, að verksmiðjan fékk ekki að kaupa nema 40% af notaþörf sinni af erlendum skipum á síðastliðnu sumri. Norðmenn héldu því fram, að þetta væri samningsrof, en af Íslands hálfu þótti rétt að hækka heimildina upp í 60%, til samkomulags. Noti verksmiðjan heimildina til fulls, er með því dregið úr sölumöguleikum íslenzkra síldveiðiskipa, en þó eigi svo verulegu máli skipti, og eigi meir en svo, að sé miðað við verðlag síðasta árs, lokast markaður fyrir svo sem 50—60 þúsund króna virði af bræðslusíld árlega. Í þessu sambandi þykir rétt að geta þess, að meðan heimild Krossanesverksmiðjunnar var ótakmörkuð til að fullnægja allri notaþörf sinni með kaupum af erlendum skipum, höfðu Íslendingar ekki umráð yfir neinum bræðslustöðvum, og áttu því eigi í önnur hús að venda um aflasölu til bræðslu. Nú er sú breyting á orðin, að Íslendingar ráða yfir 3 stór-

um verksmiðjum, sem sé Ríkisverksmiðjunni á Siglufirði, Hesteyrar- og Sólbakkaverksmiðjunum.

Um 3. og 4. gr.

Enda þótt erlend fiskiskip hafi til þessa ekki öðlazt með íslenzkri löggjöf eða leyfi ríkisstjórnar Íslands neina almenna heimild til þess að bæta veiðarfæri á íslenzkum höfnum eða flytja þau í land í því skyni, þá mun slíkt hafa fram farið, a. m. k. að því er snertir þurrkun og bætingu á síldarnótum og netum á höfnum inni, og hefir það verið óátalið. Þó eru þess dæmi, að þetta hefir beinlínis verið leyft, samanber m. a. stjórnarleyfi til handa norskum skipstjóra til að bæta síldarnet á Siglufjarðarhöfn.

Um 5. gr.

Í samkomulaginu frá 1924 er Norðmönnum veitt heimild til að nota síldarbátana til flutnings á öllum íslenzkum höfnum. Af Íslands hálfu var því haldið fram, að engin nauðsyn bæri til að hafa heimildina svo víðtæka, og var því leitazt við að binda hana við þá staði eina, sem fullnægðu þessari þörf Norðmanna sæmilega, en heimildin aftur á móti felld niður alstaðar þar, sem þörfin þótti ekki jafnbrýn, en hinsvegar gat verið hætta á misnotkun í þágu landhelgisveiða. Er hér um allverulega skerðingu að ræða á eldri réttindum Norðmanna.

Um 6. gr.

Með þessum ákvæðum er að sumu leyti rýmkaður nokkuð sá réttur, sem útlend skip hafa til að selja síld í land, því þeim hefir aðeins verið leyft að selja 500—700 tn. Hinsvegar eru og í þessari grein settar nýjar takmarkanir. Leyfið til þess að selja 500 eða 700 tunnur í land er því skilyrði bundið, að skipið afhendi ekki síld til söltunar í móðurskip eða í annað erlent skip, og má ætla, að það reynist takmörkun frá því, sem nú er. Til þess að leyfilegt sé að selja 700 eða 1200 tunnur í land, er auk þess það skilyrði sett, að veiðiskipið hafi gert samning yfir síldveiðatímabil við síldarverksmiðju á Íslandi. Þetta skilyrði setur því enn meiri takmarkanir fyrir því, að erlend skip geti notað sér samningsákvæðin til aukinnar síldarsölu í land, og þykir ekki líklegt, að af hljótist aukin sala svo verulegu nemi. Hinsvegar er höfuðtilgangur með þessum ákvæðum sá, að losna við hin svokölluðu móðurskip. Halda Norðmenn því fram, að með komu þeirra hafi síldveiðar Norðmanna færzt yfir í hendur stór-kapítalismans, en hæði sé það gagnstætt þróun norskra fiskiveiða, og hafi auk þess orðið til þess að auka síldveiðarnar, en það skaði sameiginlega hagsmuni Íslendinga og Norðmanna.

Um 7. gr.

Hingað til hefir ekki verið talið heimilt að búlka afla og útgerðarvörur á íslenzkum höfnum, og er því hér um nýmæli að ræða. Er þessi heimild þó aðeins veitt á tveimur höfnum, og takmörkum bundið, hvaða veiðiskip geta notfært sér heimildina, og ákvæði sett til þess að tryggja, að misnot eigi sér ekki stað.

Um 8. gr.

Afgreiðslugjald og vitagjald til ríkissjóðs greiðist aðeins þegar erlend fiskiskip koma frá útlöndum, og er því ekki um neina breytingu að ræða.

Um 9. gr.

Um þetta eru engin sérstök lagaákvæði, en lögin hafa verið skilin á þennan hátt, og er því ekki um nýmæli að ræða.

Um 10. gr.

Er samkvæmt gildandi lögum.

Um 11. gr.

Skip, sem leita neyðarhafnar, greiða ekki vitagjald. Samkvæmt þessu ákvæði fellur afgreiðslugjaldið einnig niður, þegar svo stendur á. Þó skal í þessu sambandi á það bent, að erlend fiskiskip greiða afgreiðslugjald aðeins einu sinni á ári, sbr. lög nr. 22/1931.

Um 12. gr.

Hér er höfð hliðsjón af vilyrði, sem brezku stjórninni hafði áður verið gefið um að skipherrar varðskipanna áminni sjálfir togaraskipstjóra, sem hafi reynzt brotlegir við lagaákvæðin um búlkun veiðarfæra, en leiði þá eigi fyrir dómara, svo framarlega sem skipherra þykist eftir öllum kringumstæðum geta verið viss um, að fiskiskipið hafi komið inn í landhelgina af afsakanlegri vangá, eða hafi farið inn í landhelgina af öðrum gildum ástæðum, óviðkomandi sjálfum veiðunum, enda hafi þá ekki dregið frekar en nauðsynlegt var að koma veiðarfærunum í lag. Þetta er í samræmi við dóma Hæstaréttar í slíkum málum og því engin ívilnun. Athygli skal og vakin á því, að sönnunarskyldan hvílir á sakborningi.

Um 13. gr.

Þeirri reglu hefir verið fylgt að sleppa skipum gegn tryggingu eftir að landhelgisbrot þeirra eru fullrannsökuð, enda í samræmi við ákvæði í kjöttollssamningnum frá 1924.

II. Um saltkjötsinnflutninginn til Noregs.

Um 14.—16. gr.

Að því er snertir ákvæði samkomulagsins um kjötinnflutninginn til Noregs, þá ber samningurinn með sér, að það kjötmagn, sem lægri tollurinn á að gilda fyrir, fer lækkandi, þannig að það á 5 árum kemst úr 13000 tunnum niður í 6000 tunnur. Nemur þetta fyrstu árin um helmingi af meðalkjötútflutningi landsmanna. Varð ekki hjá því komizt, ef samning skyldi gera, að ganga að slíku samkomulagsákvæði.

Jafnframt skal á það bent, að með samkomulaginu fekkst aðalinnflutningstollurinn á söltuðu íslenzku kindakjöti *þegar í stað* lækkaður úr 30 aurum pr. kg. í 15 aura pr. kg. (sbr. 14. grein), en þetta þýðir, að hin raunverulegu inn-

flutningsgjöld (að viðbættum ýmsum viðaukum) lækkuðu þegar í stað úr 57,08 aurum pr. kg. (63,93 kr. pr. tunnu) í 29,54 aura pr. kg. (33,08 kr. pr. tunnu). Hljóti samningurinn endanlegt gildi, lækkar aðalinnflutningstollurinn niður í 10 aura pr. kg., og fyrir íslenzkt saltkjöt frá haustslátrun 1932, sem innflutningstollur hefir verið greiddur af í Noregi, endurgreiðist tollmismunurinn (sbr. 15. grein), en sú endurgreiðsla mundi nema um 10 kr. pr. tunnu. Hversu há heildarupphæðin yrði, sem endurgreiddist, er ekki hægt að segja um með vissu, en ráðuneytið hefir þegar gert ráðstafanir til þess að fá nákvæmar skýrslur um saltkjötsútflutninginn til Noregs frá haustslátruninni síðastliðið ár. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á, að nokkur hluti af því kjöti, sem flutt er til Noregs, selst þaðan án þess að innflutningstollur hafi verið greiddur (t. d. til skipa), þannig að sú tunnutala, sem yrði lögð til grundvallar fyrir tollendurgreiðslunni af Noregs hálfu, yrði eitthvað lægri en útflutningsskýrslur íslenzkar munu sýna. Meðalupphæðin, sem til endurgreiðslu kæmi til íslenzkra saltkjötsútflytjenda, myndi því verða eitthvað lægri en 10 kr. pr. tunnu.

Norðmenn hafa aukið kjötframleiðslu sína stórum hin síðari ár og markaður fyrir innflutt kjöt því verið að smáþrengjast þar í landi. Takmörkun innflutningsins á að tryggja það, að hæsta markaðsverð fáist fyrir saltkjötið í Noregi á hverjum tíma.

Íslenzkir kjötframleiðendur hafa fyrir löngu séð fram á, að breyta verði til um kjötútflutninginn og hverfa smátt og smátt frá útflutningi saltkjöts. Í samningnum er gert ráð fyrir, að útflutningurinn til Noregs fari árlega minnkandi þangað til komið er niður í 6000 tn. Jafnvel þó þetta kjötmagn sé ekki mikið, þá er það nægilegt til að gera bændum í þeim héruðum á Íslandi unnt að stunda sauðfjárrækt, sem aðstöðunnar vegna verða að salta kjötið. En svo hagar til í Skaftafellssýslum, nokkrum hluta Dalasýslu og Barðastrandarsýslu, og ennfremur í mörgum sveitum, sem ekki hafa svo mikla kjötframleiðslu, að svarað geti kostnaði að reisa frystihús til kjötfrystingar. Saltkjötsútflutningurinn verður bændum því að miklu liði enn um allmörg ár, þó ekki sé um meira magn að ræða en hér er gert ráð fyrir, og þó vonir manna um árangurinn af útflutningi á freðkjöti rætist.

III. Gildistaka, uppsögn o. fl.

Um 17.—18. gr.

Auk þess, sem áður hefir verið tekið fram um skilyrðin fyrir gildistöku samkomulagsins, skal bent á, að samkvæmt 17. grein þess er enn eitt skilyrðið það, að samningum milli landanna hafi verið komið í lag, annaðhvort með afturköllun uppsagnarinnar af Íslands hálfu, eða með því að gera nýjan verzlunar- og siglingasamning, er byggi á sömu meginreglum og samningarnir og yfirlýsingarnar, sem sagt hafði verið upp. Þar eð nú gildistaka samkomulagsins, sem frumvarp þetta ræðir um, á að vera grundvöllur og skilyrði af Íslands hálfu fyrir því, að hin fyrrgildandi samningsákvæði um verzlunar- og siglingaviðskipti Íslands og Noregs verði endurnýjuð, taldi ríkisstjórnin ekki rétt að hefja nú þegar samningaumleitanir um nýjan verzlunar- og siglingasamning milli landanna, og mun því hin leiðin verða farin, að afturkalla uppsögnina.

Í sambandi við þetta skal frá því skýrt, að að því er snertir yfirlýsinguna um gagnkvæman rétt til strandsiglinga, sem samkvæmt áður sögðu gekk úr gildi þann 8. jan. s. l., gáfu íslenzku samningamennirnir norsku samningamönnunum yfirlýsingu um, að yfirlýsingin skuli ekki í framkvæmdinni ganga úr gildi fyrr en liðinn er frestur sá, sem settur er í 17. grein samkomulagsins.

Er þar svo ákveðið, að þau skilyrði, sem sett eru fyrir því, að samkomulagið gangi í gildi, skuli vera fyrir hendi í síðasta lagi þann 15. apríl næstkomandi. Frumvarp þetta þarf því að vera afgreitt fyrir þann tíma.

Loks skal bent á, að uppsagnarfresturinn er, samkvæmt 18. gr., 6 mánuðir, en auk þess ákvæði sett til þess að tryggja, að uppsögnin komi ekki, fyrir hvorugan samningsaðilann, á hinum óhentugasta tíma. Undantekning er þó frá þessu, sbr. niðurlag 6. gr.

Nd. 119. Nefndarálit

um frumvarp til laga um samþykktir um mat á heyi til sölu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin telur rétt að heimila sýslunefndum að gera samþykktir um heymat, eins og frumvarp þetta ákveður. Leggur nefndin til, að frumv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo:

Atkvæðisrétt á þeim fundi eiga allir, er kosningarrétt hafa í sveitarmálefnum.

Alþingi, 7. marz 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr., frsm.	Guðbr. Ísberg.
Lárus Helgason.	Pétur Ottesen.	

Nd. 120. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er til staðfestingar bráðabirgðalögum, útgefnum 6. júlí f. á., er útgefin voru sem „bjargráðaráðstöfun í viðskiptaóáran þeirri, er nú á sér stað, til að létta undir með bátaútvegi landsmanna, þar sem líkur séu til, að veiða

megi af bátum í dragnætur innan landhelgi kola og annan verðmætan og auðseljanlegan fisk, sem eigi náist öðruvísi svo teljandi sé", eins og segir í forsendum bráðabirgðalaganna. —

Veiðarnar síðastliðið ár báru að vísu ekki eins góðan árangur fyrir landsmenn eins og æskilegt hefði verið, einkum sökum örðugleikanna, sem á því voru að koma fiskinum á markað. Þrátt fyrir þetta höfðu menn sumstaðar nokkra aukaatvinnu af kolaveiðunum. Annars er það vitanlegt, að vér Íslendingar erum lítt kunnugir þessum veiðum, og er líklegt, að er fram líða stundir og landsmenn venjast hagkvæmri notkun dragnótarinnar, muni þessar veiðar bera betri árangur en nú.

Hinar sömu knýjandi ástæður, sem fyrir hendi voru síðastl. ár til að nota alla færa vegi til að bæta afkomu landsmanna með auknum bjargræðisathöfnum, eru enn fyrir hendi.

Dragnótaveiðarnar geta verið góð hjálp bátaútveginum, til að stunda milli vertíða, ef tök eru á því að losna við aflann fyrir sæmilegt verð.

Nefndin hefir ekki orðið þess vör, að reglugerð sú, er um getur í niðurlagi 1. gr. laganna, hafi enn verið gefin út, en telur rétt, að það sé gert hið fyrsta að við verður komið.

Samkvæmt því, er segir hér að ofan, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. marz 1933.

Sveinn Ólafsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm.	Ólafur Thors, með fyrirv.
Bergur Jónsson, með fyrirv.	Bjarni Ásgeirsson.	

Ed. **121. Nefndarálit**

um frv. til laga um leiðsögu skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. þetta verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Fyrri málsgr. 1. gr. orðist svo:

Skipa skal leiðsögumenn umhverfis land allt. Í reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur, skal kveðið á um skipting og tölu leiðsöguumdæma, hvar leiðsögumenn skulu skipaðir og hve margir í stað. Þar skal og kveðið nánar á um starf þeirra, skyldur og réttindi.

2. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „helzt“ í 2. lið komi: að jafnaði.
   b. Í stað „erlend flögg“ í 3. lið komi: erlenda fána.
3. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „nema ef ekki næst“ komi: nema ekki náist.
   b. Orðin „þangað, sem hann byrjaði“ falli niður.
4. Við 13. gr. Orðin „gjaldskrá og“ falli niður.
5. Við 19. gr. 3. mgr. Í stað „nema ef skipið“ kemur: nema skipið.

Alþingi, 7. marz 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Magnús Torfason, frsm.	Jakob Möller, fundaskr.

Nd. 122. Tillaga

til þingsályktunar um bættar samgöngur við Austfirði.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Sveinn Ólafsson, Þorleifur Jónsson, Halldór Stefánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá svo um, að skip Eimskipafélags Íslands komi við á Austfjörðum á leið til útlanda eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði, á tímabilinu frá 1. september til áramóta, og að hringferðum strandferðaskipa ríkissjóðs verði í engu fækkað frá því, sem ráð var fyrir gert í áætlun ársins 1932, en til viðbótar verði upp teknar hraðferðir frá Reykjavík sunnanlands til Seyðisfjarðar og til baka sömu leið eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Nd. 123. Tillaga

til þingsályktunar um björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum á Faxaflóa.

Flutningsm.: Pétur Ottesen, Ólafur Thors.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að láta eitt varðskipanna annast að staðaldri jafnframt landhelgisgæzlu björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum og veiðarfærum þeirra á Faxaflóa á tímabilinu frá jólaföstubyrjun til vetrarvertíðarloka.

Greinargerð.

Á meginhluta þess tímabils, er tillaga þessi ræðir um, eru gerðir út eigi færri en um 110 vélbátar frá veiðistöðvunum við Faxaflóa, og er hér þó ótalinn

allmikill fjöldi opinna vélbáta. Sjósókn er þar, svo sem öllum er kunnugt, mjög hættusöm á þessum tíma árs, og er af þeirri ástæðu hin brýnasta nauðsyn, að þar sé tiltækt skip til verndar og öryggis mannslífunum. Þá verða og bátarnir oft fyrir þungum búsifjum í veiðarfæramissi af völdum botnvörpunga, en slíkum hnekki má að mjög verulegu leyti afstýra, ef gæzluskip er á miðum úti. Hvorttveggja þetta má sameina því, að gætt sé og landhelginnar á svæðinu.

Nd. 124. Breytingartillögur

við frv. til laga um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. Við 3. gr. Fyrri málsgr. skal orða svo:
   Nú hagar þannig til, að áhættulaust virðist að taka efni í landi, sem ofangreind ákvæði ná til, og getur þá landeigandi leyft jarðraskið, ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd veitir til þess samþykki sitt. Ef ástæður breytast, getur þó bæjarstjórn eða hreppsnefnd hvenær sem er fellt leyfið aftur úr gildi eða takmarkað svæði það, er áður var leyfð í efnistaka. Nú þykir landeiganda rétti sínum hallað, og getur hann þá skotið ákvörðun bæjarstjórnar eða hreppsnefndar til ráðherra, og úrskurðar hann þá málið, að fengnum tillögum vitamálastjóra, enda er sá úrskurður fullnaðarúrskurður.
2. Á eftir 3. gr. kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi:
   Vitamálastjóri gerir skrá um þau landsvæði innan kaupstaða og kauptúna, þar sem sérstök hætta getur stafað af efnisnámi. Á slíkum svæðum er óheimilt að leyfa nokkurt slíkt jarðrask, enda sé tilkynning um það send bæjarstjórn þeirri eða hreppsnefnd, sem í hlut á.

Nd. 125. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin telur sanngjarnt og eðlilegt, að staða læknisins í Kristnesi sé gerð hliðstæð stöðu heilsuhælislæknisins á Vífilsstöðum, þar sem um alveg samskonar störf er að ræða. Hinsvegar mun Kristneshæli ekki enn hafa verið formlega afhent ríkinu, þó það sé rekið á sama hátt og ríkisstofnun væri. Telur nefndin rétt, að afhending hælisins fari fram samtímis því, að staða læknisins verður tryggð.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 3. gr. Fyrir „1. janúar 1934“ komi: þegar Kristneshæli hefir formlega verið afhent ríkinu.

Alþingi, 7. marz 1933.

H. Stefánsson, form. Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Bernh. Stefánsson, frsm.
Hannes Jónsson. Ólafur Thors.

Nd. 126. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 20, 27. júní 1925, um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til við háttv. deild, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 4. marz 1933.

H. Stefánsson, form. Jón A. Jónsson, fundaskr., frsm. Ólafur Thors.
Bernh. Stefánsson. Hannes Jónsson.

Ed. 127. Nefndarálit

um frv. til laga um vegarstæði og götulóðir í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum. Sérstaklega skal tekið fram, að ekki þykir vert í fyrstu að gera ráð fyrir ítrekuðum matsgerðum, enda undir hælinn lagt, að hverju gagni þær mundu koma.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
   a. Orðin í 1. mgr. „sem þegar hafa verið lagðir um þessar lóðir og lönd“ falli niður.
   b. Í stað orðanna í 3. mgr. „bæjarstjórn .... verða tekin“ komi: landeigandi hefir fengið vitneskju um, að lóð eigi að taka.

2. Við 2. gr. Í stað 2 fyrri liða 2. málsgr. komi:
   Nú vill annar aðilja ekki una mati, og getur hann þá krafizt yfirmats innan tveggja vikna frá því, er undirmat fór fram, og skal þá yfirmat framkvæmt af fjórum dómkvöddum mönnum, eins og áður segir.
3. Við 3. gr. 2 fyrstu málsl. orðist svo:
   Mat skal að jafnaði fara fram á vettvangi, þegar jörð er snjólaus, og framkvæmt í tvennu lagi.
4. Við 4. gr. 1. mgr. Í stað orðanna „og skulu þá eigendur“ komi: og skal þá hver eigandi.
5. Við 5. gr. Greinin falli niður.
6. Við 7. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Bætur samkvæmt lögum þessum falla í gjalddaga viku eftir að þær eru endanlega ákveðnar.

Alþingi, 8. marz 1933.

Magnús Torfason, form., frsm.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, með fyrirvara.

Nd. 128. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 21, 19. júní 1922, um að veita ríkinu einkarétt til þess að selja allt silfurberg, sem unnið verður á Íslandi.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Lög nr. 21, 19. júní 1922, eru með lögum þessum úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á Alþingi 1922 var ákveðið, að ríkið tæki sjálft að sér rekstur silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli við Reyðarfjörð á kostnað ríkisins. Þá var ríkinu einnig veittur einkaréttur til að selja allt silfurberg, sem framleitt yrði í landinu. Næstu árin var varið allmiklu fé til að grafa námugöng og til vinnslunnar yfir höfuð, en eftirtekjan varð minni en búizt var við, með því að ekki fundust nýjar silfurbergsæðar, og varð því tap á námuvinnslunni. Er nú fyrir löngu hætt við námureksturinn og búið að selja allt það, sem nothæft er af silfurberginu.

Síðan lögin frá 1922 gengu í gildi hefir enginn árætt að leggja í silfurbergsleit annarsstaðar á landinu, vegna þess að ríkið hefir einkasöluna. En þar sem ekki er útlit fyrir, að neitt gagn verði framar að Helgustaðanámunni fyrir ríkissjóð, þá virðist heldur ekki nein þörf eða neitt gagn að því fyrir landið, að þessi lög standi áfram. Hinsvegar er það kunnugt, að silfurberg hefir fundizt víðar hér á landi, og er sennilegt, að afnám laganna um einkasölu kynni að örva menn til að leita eftir silfurbergi og vinna það.

Nd. 129. Frumvarp

til laga um sjúkrahús o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Enginn má setja á stofn eða starfrækja undir neinu nafni sjúkrahús, sjúkraskýli, geðveikrahæli, heilsuhæli, hjúkrunar- eða hressingarheimili, baðstaði, nuddstofur, ljóslækningastofnanir, fæðingarheimili, elliheimili, barnahæli eða aðrar tilsvarandi heilbrigðisstofnanir, nema með leyfi ráðherra.

Sama gildir um breytingar á húsakynnum, fyrirkomulagi og starfrækslu slíkra stofnana, enda skipti breytingarnar einhverju máli.

2. gr.

Beiðni til ráðherra um leyfi samkvæmt 1. grein ber að fylgja upplýsingar um verksvið stofnunarinnar og hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og löndum og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingum á húsakynnum, innanstokksmunum og áhöldum, ennfremur greinargerð um eigendur stofnunarinnar og fjárhagsástæður hennar og loks skýrsla eða áætlun um stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag, hversu mörgum sjúklingum eða vistmönnum henni er ætlað að taka á móti og með hverjum kjörum o. s. frv.

Ráðherra veitir ekki leyfið, nema stofnunin verði talin fullnægja heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún leysi á viðunandi hátt þau verkefni, sem henni er gert að leysa, enda leiði hún ekki til óheilbrigðrar samkeppni við tilsvarandi opinberar stofnanir á sama stað eða í grennd.

Leita skal staðfestingar ráðherra á reglugerðum um starfrækslu sjúkrahúsa og annara stofnana, sem um getur í lögum þessum, og getur ráðherra krafizt, þegar honum þykir ástæða til, að slíkar reglugerðir séu settar.

3. gr.

Heilbrigðisyfirvöld skulu jafnan eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum þeim, sem um getur í lögum þessum.

4. gr.

Við hvert sjúkrahús eða stofnun, sem tekur sjúklinga til dvalar og lækninga, skal vera sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir.

Sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir annast að jafnaði öll læknisstörf eða hefir yfirumsjón með öllum læknisstörfum við sjúkrahúsið. Hann hefir læknisefirlit með rekstri sjúkrahússins, er til andsvara heilbrigðisyfirvöldum, stendur skil á skýrslum þeim, sem af sjúkrahúsinu kunna að verða heimtaðar, o. s. frv.

Ef sjúkrahús er í fleiri en einni deild, má sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir vera fyrir hverri deild.

Nú er heimilað, að fleiri en einn læknir starfi sjálfstætt við eitt og sama sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, og skal þá engu síður vera sérstakur yfirlæknir við sjúkrahúsið eða deildina, og eins þó að sjúkrahúsið eða deildin sé opin fyrir alla lækna.

5. gr.

Héraðslæknar skulu teljast hæfir til að vera sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar við almenn sjúkrahús eða sjúkraskýli, hver innan síns héraðs, enda séu þau sjúkrahús eða sjúkraskýli við hæfi héraðanna og taki ekki yfir 20 sjúklinga.

Að öðrum sjúkrahúsum eða stærri má ekki ráða sjúkrahúslækni eða yfirlækni, nema að fenginni viðurkenningu ráðherra fyrir því, að hann sé til þess hæfur.

Í reglugerð, sem læknadeild háskólans semur og ráðherra staðfestir, má setja reglur um þær kröfur, sem gera ber til lækna til þess að þeir eigi rétt á að teljast hæfir sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar við hin ýmisháttar sjúkrahús og sjúkrahúsdeildir.

6. gr.

Nú hefir sveitar- (bæjar- eða sýslu-) stjórn eða stjórnir innan læknishéraðs samþykkt að stofna eða starfrækja fyrir læknishéraðið sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, eða að taka þátt í stofnun eða starfrækslu sjúkrahúss eða sjúkraskýlis með sveitarfélögum annars héraðs eða héraða, einstökum mönnum eða félögum, en samþykki annara sveitarstjórna innan læknishéraðsins ekki náðst, og getur þá ráðherra gert samþykktina skuldbindandi fyrir öll sveitarfélög læknishéraðsins, ef meiri hluti héraðsbúa er innan þeirra sveitarfélaga, sem að samþykktinni standa.

Ráðherra getur þó leyst einstök sveitarfélög eða hluta sveitarfélaga undan þátttökunni, ef þau teljast ekki geta haft nein not fyrirtækisins eða eiga hægara með að hafa not annarar tilsvarandi stofnunar, enda taki þau þátt í starfrækslu hennar.

7. gr.

Þegar samþykkt hefir verið, að sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félög reisi eða starfræki eða taki þátt í að reisa eða starfrækja, beinlínis eða með einhverskonar styrkveitingum eða hlunnindum, sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, skulu sveitarfélögin og þeir aðrir, er að fyrirtækinu standa, gera samning um þátttökuna, hluttöku í stofnkostnaði og rekstri, hvernig eign og ábyrgð skiptist á milli aðila, hvernig fyrirtækinu skuli stjórnað og það annað, er fyrirtækið varðar.

Rétt er að miða þátttöku sveitarfélaganna í kostnaðinum við hlutfallslegan

fólksfjölda þeirra, aðstöðu til að hafa not af stofnuninni, og þegar um læknisbústað er að ræða, mismunandi kostnað við læknisvitjanir úr hinum einstöku sveitum.

Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á samningum þeim, sem hér um ræðir. Ef ágreiningur er á milli sveitarfélaga um einstök atriði, sker ráðherra úr.

8. gr.

Nú vilja eigendur eða forráðamenn sjúkrahúsa, sjúkraskýlis, læknisbústaðar eða annarar heilbrigðisstofnunar, sem um getur í lögum þessum og reist hefir verið með styrk úr ríkissjóði, hætta að starfrækja hana, og skulu þeir þá tilkynna það ráðherra, sem getur krafizt endurgreiðslu á ríkissjóðsstyrknum, ef stofnunin er lögð niður eða þeirri starfrækslu hætt, sem hún var upphaflega ætluð til. Á ríkissjóður þá kröfu til jafnmikils hluta af þáverandi verðmæti eignarinnar, sem ríkissjóðsstyrkurinn telst hafa verið af kostnaðarverði hennar, og hvílir veð á eigninni næst á eftir áður áhvílandi veðkröfum fyrir kröfuupphæðinni.

Nú hefir ríkissjóður lagt fram fé til þess að reisa heilbrigðisstofnun, sem lög þessi ná til, og má þá ekki, án samþykkis ráðherra, veðsetja hana fyrir öðrum skuldum en þeim, sem stafa af stofnkostnaði hennar, viðaukum eða endurbótum.

9. gr.

Sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir, sem um getur í lögum þessum og ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir sameiginlegri yfirstjórn fimm manna nefndar, er ráðherra skipar. Það er hlutverk nefndarinnar að skipuleggja rekstur þessara stofnana og samræma hann þeim til hagsbóta, koma á samvinnu á milli þeirra, eftir því sem hagkvæmt þykir, láta þær koma fram sem eina heild við samninga um vörukaup og annað o. s. frv. Að öðru leyti ákveður ráðherra verksvið nefndarinnar.

10. gr.

Sjúkrahús, sjúkraskýli, læknisbústaðir og aðrar stofnanir, sem um getur í lögum þessum og eru í eigu sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga eða starfrækt af þeim, þegar lög þessi ganga í gildi, eru undanþegin því að sækja um leyfi til starfrækslunnar samkvæmt fyrri málsgrein 1. greinar þessara laga.

Nú vilja slíkir opinberir eigendur eða þátttakendur í starfrækslu sjúkrahúss, sjúkraskýlis eða læknisbústaðar koma betra skipulagi á sameignina eða hinn sameiginlega rekstur með því að komast undir ákvæði 6. og 7. gr. þessara laga, og getur þá ráðherra gert það heimilt, ef fyrir liggja tilsvarandi samþykktir um það og 6. gr. mælir fyrir um, þegar um nýjar stofnanir eða starfrækslu er að ræða. Ekki má þó gegn vilja sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga úrskurða þau þannig eftir á til að taka á sig kvaðir vegna eignarhlutdeildar í sjúkrahúsum, sjúkraskýlum eða læknisbústöðum, er fari fram úr sannvirði þess eignarhluta, að mati dómkvaddra manna, er þá fellur til þeirra.

11 gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 10 þús. kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. 130. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 17, 11. júlí 1911, um vitagjald.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Í stað „40 aura“ í 1. gr. laga nr. 17, 11. júlí 1911, um vitagjald, komi: 20 aura.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það virðist nú liggja við borð, að þau ferðafélög, sem hafa látið skip sín koma við á Íslandi, hætti við þær viðkomur vegna hins háa vitagjalds, sem þau verða að borga. Vitagjald fyrir þessi skip er 40 aurar á smálest að viðbættum 25%, eða alls 50 aurar á smálest, og þar sem skip þessi eru afarstór, verður gjald þetta mjög hátt.

Færi nú svo, að skipin hættu að koma hér við, eða yrðu miklu færri en ella, þá er þetta mikill skaði, bæði fyrir hið opinbera og fyrir þjóðarbúskapinn. Það mun oft vera um 10000 krónur, sem inn í landið koma við slíka skipkomu, og getur þetta numið miklu, ef mörg skip koma, enda hafa margar þjóðir gert mikið til þess að laða þessi skip til heimsókna. Hér er um beint fjárhagsatriði að ræða.

Til skýringar málinu er hér til færður kafli úr bréfi um málið frá Ferðamannafélaginu Heklu, sem hefir fengið bréf erlendra gufuskipafélaga um málið.

„Á síðari árum hafa færzt mjög í vöxt ferðalög með stórum skemmtiskipum um allan heim. Flest stærstu gufuskipafélög heimsins halda skipum úti í slíkum ferðum einhvern hluta árs. Í Evrópu hefir þessum ferðum verið beint til Miðjarðarhafslandanna á vetrum, en til Noregs og Eystrasaltslandanna á sumrum. Sérstaklega hafa skip þessi beint komum sínum til Noregs, og hefir aðsókn þangað verið svo mikil, að telja má, að fegurstu fjarðastaðir þar í landi fái heimsókn annanhvern dag í þrjá mánuði að sumrinu.

Nokkur af þessum skipafélögum hafa undanfarið sent skip sín hingað til lands, aðallega með viðkomu í Reykjavík. Fáein skip hafa komið við á Akur-

eyri. Viðkoma þessara skipa hingað var með mesta móti í fyrra. Þá komu 10 skip. Á þessu ári er enn óráðið, hversu mörg skip koma. En víst er um það, að sum af þeim skipum, sem hér hafa áður komið, munu leggja niður ferðir sínar hingað.

Ein aðalástæðan til þess, að skipin sleppa Íslandi af áætlun sinni, er sú, að þeim þykir skattur sá, sem á þau er lagður hér á landi með vitagjaldinu, sé fram úr hófi. Skip þessi verða nú að greiða í vitagjald *50 aura fyrir hvert netto tonn*. Að vísu gildir það jafnt, hvort skipin koma á eina eða fleiri hafnir. En flest koma aðeins til Reykjavíkur, og verður því skattur sá, er þau greiða fyrir að koma á Reykjavíkurhöfn, *hærri en slík skip greiða á nokkrum öðrum hafnarstað í heiminum*. Ég skal taka fram, að Reykjavíkurhöfn leggur ekkert skyldugjald á erlend skemmtiskip. Hér er aðeins um ríkissjóðsgjald að ræða. Til dæmis um þá óbilgirni, sem þessum skipum er sýnd hér með tilliti til gjalds þessa, má geta þess, að fyrir tveimur árum kom eitt slíkt skip hér í byrjun júlí og var svo óheppið að lenda í einhverju versta veðri, sem hér hefir komið að sumarlagi. Engi farþega gat komizt í land. En tollverðirnir brutust út til þess að ná í skjöl skipsins, sem það þurfti svo að bíða eftir í 2—3 stundir og leysa inn aftur með um fimm þúsund krónum, án þess að nokkur af skipinu stigi hér á land. Skipafélagið fór fram á það síðar að fá helming gjaldsins eftirgefinn, en því var synjað. Lét félagið þess getið síðar, að slíka meðferð hefði það óvíða búizt við að fá.

Þau skemmtiskip, sem hingað koma, greiða í vitagjald 4—6 þús. krónur hvert, eftir stærð. Fyrir kreppuna mun þessi skattur hafa numið að meðaltali um 15 kr. á hvern farþega. Þá komu skipin með 300—500 farþega. En síðustu tvö árin hafa skipin haft miklu færri farþega, svo að skatturinn mun nema að meðaltali 20 kr. á hvern farþega. Það verður skiljanlegt, að skipafélögunum finnist þetta þungt gjald, þegar þess er gætt, að fargjöldin hafa lækkað stórlega og reynt er á allan hátt að draga úr útgjöldunum, svo að reksturinn geti borið sig. Það hefir heldur ekki dulizt, að félögin hafa þótzt verða að ná þessu gjaldi á einhvern hátt, sem komið hefir fram í því, að þau hafa lagt mjög á bifreiðaakstur þann, sem þau selja farþegunum hér á landi og hefir aftur á móti vakið óánægju meðal farþega.

Til marks um það, hver áhrif þetta gjald hefir haft undanfarið, skal ég geta þess, að nokkur skip hafa hætt ferðum sínum hingað þess vegna. Ítalskt skip kom hér fyrir nokkrum árum frá einu stærsta skipafélagi Ítala. Þeir kváðust mundu aldrei aftur koma til Íslands vegna vitagjaldsins. Hollenzkt skip kom hér tvisvar. Það strikaði Reykjavík út af áætlun sinni, en hélt uppi ferðum sínum til Noregs. Eigendur þess skips sögðu, að útgjöldin hér væru svo há, að ekki borgaði sig að koma hér við. Sama er að segja um þýzkt skip, sem kom hér fyrir tveimur árum, og tvö ensk skip. Þessi skip halda uppi ferðum til Noregs eins og verið hefir, en hafa aðeins sleppt Íslandi af áætlun sinni. Norskt skip kom hingað í fyrra í skemmtiferð, en heyrzt hefir, að það muni ekki hugsa til frekari ferða hingað vegna vitagjaldsins hér. Skemmtiskipin hafa því horfið héðan hvert af öðru, en ástæðan til, að viðkoman hefir ekki minnkað, er sú, að ný félög bætast í hópinn, en reynslan sýnir, að þau draga sig fljótt í hlé. Við

því er ekki að búast, að ný félög bætist við á hverju ári. Að því mun koma, að engi ný bætast við, en hin eldri hverfa.

Hamburg-Ameríku línan er eitt af þeim fáu félögum, sem sent hefir hingað skip um áratugi. Þetta félag hefir hvað eftir annað skrifað mér og látið í ljós óánægju sína yfir vitagjaldinu og óskað, að það fengist lækkað. Ég sendi hér með bréf frá þessu félagi hér að lútandi.

Svenska Ameríku línan sendi í fyrsta skipti í fyrra eitt af sínum stærstu skipum hingað. Í bréfi þeirra dags. 29. ágúst 1932, sem ég sendi hér með, láta þeir ótvírætt í ljós, að þeir muni neyðast til að láta skip sín hætta að koma hér við, ef vitagjaldið fáist ekki lækkað.

Ef það er ekki beint vilji löggjafarvaldsins að bægja skipum þessum frá að koma hingað, þá sé ég ekki, að hægt sé að komast hjá að lækka vitagjaldið. Vér verðum að gera oss fyllilega ljóst, að hin erlendu stórskipafélög þykjast ekki koma með skip sín hér í neinum ölmusuerindum. Og vér verðum ennfremur að gera oss ljóst, að þeim ber engi nauðsyn á að láta skip sín koma hingað. Þau geta haldið uppi sínum skemmtiferðum til Noregs og Spitsbergen án þess að koma hér við og sér til lítils eða einskis skaða.

Af samtölum, sem ég hefi átt við forstjóra þeirra félaga, sem ég er umboðsmaður fyrir, geng ég þess ekki dulinn, að svo framarlega sem félögin fá enga áheyrn um málaleitun sína um lækkun vitagjaldsins, eru miklar líkur til þess, að þau muni án frekari bónarvegs taka Reykjavík út af áætlunum sínum. Og þegar svo langt er komið, að þau ákveða að hætta viðkomu hér, þá er of seint að sjá sig um hönd. Þessi skip taka afarsjaldan þann stað á áætlun sína, sem þau hafa einu sinni sleppt. Sú er reynslan annarsstaðar í því efni.

Ástæðan fyrir óánægju félaganna út af vitagjaldinu er auðfundin. Hún er sú, að annarsstaðar þurfa þau ekki að greiða nein svipuð gjöld að fjárhæð. *Í Noregi er ekkert vitagjald né ríkissjóðsgjald* tekið af skipum þessum. Aðeins verða þau að greiða hafnsögumannsgjald á hinum stærri höfnum, og kemur það ekkert í námunda við gjald skipanna hér. *Í Danmörku* þarf skip að greiða £ 80-0-0 fyrir að leggjast að bryggju í Kaupmannahöfn. Hér þarf sama skip að greiða £ 221-16-0 fyrir að leggjast á ytri höfn í Reykjavík. *Í Rússlandi* hafa verið felld niður öll gjöld af skemmtiskipum. Ég nefni þessi fáu dæmi til að sýna, að óánægja hinna erlendu skipafélaga er ekki að ástæðulausu.

Ég skal taka það fram, að ég hefði enga hvöt til þess að fá vitagjaldið lækkað, ef ekki væri sýnilegt, að það ætlar að reynast vopn gegn þessum skemmtiferðum útlendinga hingað til lands. Ég hygg, að það muni hvorki hafa verið áform né vilji löggjafarvaldsins, að svo færi, þegar núverandi vitagjald var ákveðið.

Auk vitagjaldsins, sem síðastliðið ár var nálægt 45 þús. krónur, rennur talsvert fé frá þessum skipum hingað fyrir bifreiðaakstur, sem ríkissjóður aftur fær tekjur af vegna skatta á benzíni og gúmmí. Einnig selst hér talsvert af ýmsum vörum til farþega. Flestir farþegar af skipum þessum koma til dæmis á safn Einars Jónssonar, gegn ákveðnum inngangseyri, og fleira mætti nefna í þessu sambandi.

Landinu getur því á engan hátt verið hagur að því, að haldið sé við gjaldi,

sem fælir þessi skip frá landinu. Ef þessar ferðir leggjast niður smám saman, hverfa líka tekjur ríkissjóðs af skipunum. Ég er eins sannfærður um það, að skipakomum mun fjölga, ef vitagjaldið er fært niður, eins og ég er viss um, að skemmtiferðir erlendra skipa hingað munu leggjast niður, ef gjaldinu er haldið eins og það er nú".

Með þessu mun málið liggja nægilega ljóst fyrir, en auk þess eru til sýnis bréfin frá erlendu gufuskipafélögunum um málið.

Nd. 131. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Ólafsdal í Dalasýslu til stofnunar fyrirmyndarbús í Vestfirðingafjórðungi.

Flm.: Jónas Þorbergsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Ólafsdal í Dalasýslu til stofnunar fyrirmyndarbús í Vestfirðingafjórðungi, sbr. 15. gr. laga nr. 35, 7. maí 1928.

Kaupverð jarðarinnar má vera allt að 20 þús. kr., enda liggi fyrir meðmæli með kaupunum frá Búnaðarfélagi Íslands.

2. gr.

Afkomendur Ólafsdalshjóna, Guðlaugar Zakaríasdóttur og Torfa Bjarnasonar, sitja, að öðru jöfnu, fyrir ábúð á jörðinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í fjárlögum fyrir árin 1920 og 1921 var landsstjórninni, samkvæmt tillögu frá fjárveitinganefnd Nd., heimilað að kaupa jörðina Ólafsdal í Dalasýslu. Greinargerð nefndarinnar fyrir þessari tillögu ber það með sér, að á bak við hana hefir verið tvennskonar fyrirætlun. Í fyrsta lagi að koma í veg fyrir það, „að ekkja Torfa heitins í Ólafsdal þyrfti að selja eignir sínar sér í óhag og mannvirki hverjum óvöldum manni, sem hafa vildi", eins og það er orðað í framsögninni. — Í öðru lagi var sú hugsun á bak við, að ríkið keypti jörðina til stofnunar kvennaskóla eða húsmæðraskóla við Breiðafjörð samkvæmt gjöf Herdísar Benedictsen. Þeirri skólastofnun hefir nú þegar verið hrundið í framkvæmd og á annan veg, eins og kunnugt er.

Í lögum um byggingar- og landnámssjóð frá 1928 er stjórn sjóðsins veitt heimild til þess að lána fé til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum landsfjórðungi. Eru þau skilyrði sett fyrir þeirri lánveitingu, að Búnaðarfélag Íslands mæli með henni. Þykir rétt að binda þau kaup, sem hér er farið fram á, hinu sama skilyrði,

Ólafsdalur er nú, við þær vegabætur, sem gerðar eru á Vesturlandi, orðinn vel í sveit settur til fyrirhugaðs búrekstrar. Jörðin er, eins og mönnum er kunnugt, kostajörð og vel kjörin til slíkra nota. Ber hún enn menjar atorku og myndarskapar hina kunna skólamanns og félagsmálafrömuðar, Torfa heitins Bjarnasonar.

Ed. 132. Frumvarp

til l. um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12, 31. maí 1927.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12, 31. maí 1927, skal orða svo:

Nú hefir kauptún eða þorp 200 íbúa eða fleiri, og hefir það þá rétt til að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig með þeim ummerkjum, er ráðherra ákveður eftir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Ráðherra kveður á sama hátt á um fjárskipti og skulda með hinu nýja hreppsfélagi og hinum hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiptingu þess farið eftir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefir verið skipt 5 árin næstu á undan, nema samkomulag fáist.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á þinginu 1932. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta fer fram á að rýmka rétt kauptúna til þess að verða sérstakur hreppur. Nú er í sveitarstjórnarlögum ákveðið, að kauptún eða þorp, sem hefir 300 íbúa eða fleiri, hafi rétt á að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig. Hér er stungið upp á þeirri breytingu einni, að kauptún með 200 íbúa eða fleiri geti krafizt þessa.

Verður nánari grein gerð fyrir málinu við flutning þess“.

Ed. 133. Frumvarp

til ábúðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI.

Um bygging jarða.

1. gr.

Jörð nefnist í lögum þessum hvert það býli, heimajörð eða hjáleiga, utan kaupstaða eða kauptúna, sem metið er sérstaklega til verðs samkvæmt fast-

eignamati, enda framfleyti býlið 9 kúgildum í minnsta lagi eða landverð þess að fasteignamati sé 1000 kr. hið minnsta.

2. gr.

Jarðir má því aðeins sameina, að þær verði ekki taldar lífvænleg býli og úttektarmenn telji sameiningu gagnlega.

Ekki má sami maður samtímis hafa ábúð á tveimur eða fleiri jörðum, ef þær geta framfleytt til samans meira en 36 kúgildum, eða hafa sjávargagn eða önnur hlunnindi sem því svarar, nema úttektarmenn eða Búnaðarfélag Íslands samþykki, sbr. þó 3. gr. 3. málsgr. og 11. gr. 4. málsgr.

Ákvæði þetta tekur þó ekki til þeirra jarða, sem eru í ábúð sama manns, er lög þessi öðlast gildi, meðan sú ábúð helzt.

Landeiganda er heimilt að skipta jörð sinni í tvær eða fleiri jarðir, en leita skal hann samþykkis trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands og úttektarmanna um það, hvernig skiptingunni skuli fyrir komið.

3. gr.

Hver maður, sem á jörð, er hann nytjar ekki að staðaldri sjálfur, skal skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi, að dómi úttektarmanna.

Nú hefir maður að staðaldri nytjað jörð, sem hann á, og dvelur þar ekki sjálfur eða fjölskylda hans, en tún fer í órækt, mannvirki níðast niður eða jörðin rýrnar, svo að sveitarfélag bíður varanlega hnekki af, allt að dómi úttektarmanna, og getur sveitarstjórn þá krafizt, að hann bæti það, sem áfátt er, innan tveggja ára, en ella að hann byggi jörðina samkvæmt 1. málsgr.

Nú fær landsdrottinn ekki byggt jörð sína fyrir 15. marz, og skal hann þá bjóða sveitarstjórn hana til ráðstöfunar gegn hæfilegu eftirgjaldi. Sinni sveitarstjórn ekki þeirri málaleitun innan mánaðar, er honum skylt að auglýsa jörðina til ábúðar. Geti hann þá enn ekki byggt hana, má hann ráðstafa henni 2 ár sem hentast þykir, en skylt er honum, ef hann getur ekki byggt jörðina innan þriggja ára, að bjóða sveitarstjórn hana aftur til ráðstöfunar. Hafi enginn not jarðarinnar, er landsdrottni ekki skylt að greiða af henni opinbera skatta, en önnur lögskil af henni verður hann að inna af höndum.

4. gr.

Taki sveitarstjórn við jörð til ráðstöfunar, getur hún byggt hana öðrum, og ber þá sveitarstjórn ábyrgð á öllum jarðarafgjöldum og álagi til landsdrottins.

5. gr.

Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal 3 samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn einu, leiguliði öðru, en hið þriðja skal afhenda hreppstjóra, er varðveiti það með öðrum embættisskjölum.

6. gr.

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annara manna lönd, svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur hvíla á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbréfi, hverja landsskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju sé goldin. Svo og ef innstæðukúgildi fylgja jörð og hversu mörg þau séu.

7. gr.

Nú hefir landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörð, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð með sama leigumála sem síðast var á henni, enda telji úttektarmenn hann hæfilegan og hvorugur aðilja sannar, að öðruvísi hafi verið um samið. Telji úttektarmenn þennan leigumála ekki við hæfi, ákveða þeir eftirgjald jarðarinnar.

Nú meta úttektarmenn jörð til eftirgjalds, og skal þá miða landskuld við leigumála hennar að fornu, að svo miklu leyti sem jörðin er óbreytt, afrakstur hennar í búrekstri, aðstöðu til ræktunar og sölu afurða, arð af sérstökum hlunnindum, húsakost, vátryggingarkostnað, girðingar og önnur mannvirki, er jörðinni fylgja, svo og kvaðir, er á henni kunna að hvíla.

8. gr.

Ef landsdrottinn byggir fleirum en einum manni sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyrr tók, en landsdrottinn fá hinum jafngott jarðnæði sem hitt var eða bæta skaðann, hvorttveggja eftir mati óvilhallra manna.

II. KAFLI.

Um ábúðartíma.

9. gr.

Allar jarðir skal byggja ævilangt, nema nauðsyn beri til að ráðstafa jörð, svo sem embættisjörðum, skólajörðum, jörð, sem sveitarfélag á innan hreppsins, og jörðum, sem líkt stendur á um, um tiltekinn tíma, sbr. þó 3. mgr.

Ekkja leiguliða hefir ábúðarrétt hans þar til hún giftist að nýju. Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð úr lífstíðarábúð handa sjálfum sér, foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni eða kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra til ábúðar, nema landsdrottinn hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi. Uppsögn ábúðar skal vera tilkynnt að minnsta kosti með árs fyrirvara.

Nú getur jörð framfleytt meiru en 36 kúgildum, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands og úttektarmanna, og er landsdrottni þá ekki skylt að byggja ævilangt meira af jörðinni en sem því svarar.

Landsdrottinn má undanskilja leiguliðaafnotum leigur af lóðum undir hús eða land til vergagna og uppsáturs í landi jarðarinnar, sbr. 25. gr.

Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatnsréttindi, önnur en til heimilisnota og búsþarfa, svo sem til áveitu og rafstöðvar, og nauðsynlegt land til virkjun-

ar þeirra, náma og önnur þvílík verðmæti, er ekki geta talizt til venjulegra leiguliðaafnota á jörð, en leiguliða ber bætur fyrir jarðrask og átroðning, er leiðir af virkjun vatns eða starfrækslu þvílíkra fyrirtækja.

10. gr.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar samkvæmt 9. gr., og er þá sú uppsögn ógild og á leiguliði heimting á að fá jörðina aftur, ef hann krefst þess innan árs frá því að hann flutti af jörðinni. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum.

III. KAFLI.

Um hús á jörð og skyldur landsdrottins.

11. gr.

Skylt er landsdrottni að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús og peningshús í góðu lagi, að dómi úttektarmanna.

Vítalaust er þó landsdrottni, ef hann leggur til jarðarhús, er nema ⅔ af landverði jarðarinnar, hvorttveggja að fasteignamati. Ennfremur er landsdrottni vítalaust, ef hann leggur til jarðarhús, er nema helmingi af landverði jarðarinnar, ef landskuld er lægri en 3% af verði lands og jarðarhúsa samkvæmt fasteignamati.

Nú fylgja jörð lóðargjöld, vatnsréttindi, námar eða önnur þvílík verðmæti, er auka verð landsins fram yfir verðgildi þess til búrekstrar, og skal þá draga verðgildi þessara verðmæta frá landverðinu, þegar meta skal skyldur landsdrottins til húsabóta.

Undanþeginn þessari húsaskyldu er landsdrottinn um þær jarðir, er við auðn liggur að mati úttektarmanna, svo og þær jarðir í nánd við kaupstaði eða sjávarþorp, er rétt þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands að skipta niður í spildur til ræktunar, enda geri landsdrottinn fyrir sitt leyti kost á leigulöndum með þeim leigumála, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

12. gr.

Nú hafa jarðnytjar á leigujörð aukizt svo við ræktun, að jarðarhús þau, sem úttektarmenn hafa áður talið nægileg samkvæmt ákvæðum 11. gr. 2. mgr., eru orðin ónóg peningi þeim, er jörðin framfleytir, og getur leiguliði þá krafizt, að landsdrottinn auki hús á jörðinni, svo sem úttektarmenn telja nægilegt, sbr. þó 11. gr. 2—4. mgr.

Ef landsdrottinn vill ekki auka jarðarhús, er leiguliða heimilt að gera hús svo sem þörf krefur, að dómi úttektarmanna. Leggur leiguliði þá sjálfur fram allt innlent efni og aðdrætti þess og gröft allan. Skulu úttektarmenn síðan meta húsagerðina til verðs, að frádregnu framlagi leiguliða, og er landsdrottni þá skylt að greiða leiguliða húsagerðarkostnaðinn, samkvæmt því mati, enda sé

þar ekki um óþarfan íburð að ræða og fullrar hagsýni gætt. Jafnan skal landsdrottni gerður kostur á að vera viðstaddur matsgerðina, og getur hann krafizt nægra sönnunargagna um kostnaðinn, að dómi úttektarmanna.

Nú hefir landsdrottinn greitt leiguliða húsagerðarkostnaðinn samkvæmt 1.—2. málsgrein, og má þá hækka afgjald jarðarinnar sem svarar allt að almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands af upphæðinni, auk vátryggingargjalds af húsunum.

Sama er um endurnýjun bæjar- eða peningshúsa, ef landsdrottinn neitar að endurreisa þau. En þá skal jafnan draga frá húsagerðarkostnaði verð húsa þeirra, sem endurnýjuð eru, ásamt álagi og leiguliðabót, sbr. 14. gr., og tekur hækkun afgjalds aðeins til mismunarins.

Ákvæði 1.—2. málsgreinar gilda þó ekki, ef landsdrottinn hefir lagt til nægileg peningshús, sem enn eru í nothæfu standi, en verða nú eigi notuð að fullu, vegna breyttra búnaðarhátta á jörðinni.

13. gr.

Nú á fráfarandi hús á jörð, og eru þau til frambúðar, haganlega fyrir komið og nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna, og skal hann þá láta úttektarmenn meta húsin til peningaverðs, og er þá landsdrottni skylt að kaupa þau því verði, sem metið er, sbr. þó 11. gr. 2.—4. mgr.

Geti leiguliði ekki selt landsdrottni né viðtakanda hús sín, er honum rétt að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og skylt að sjá um, að þau séu rofin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að.

14. gr.

Leiguliði greiðir leiguliðabót af húsum landsdrottins. Miðast leiguliðabótin við varanleik húsanna og er ákveðin af úttektarmönnum í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald af kostnaðarverði þeirra. Skal hundraðsgjaldið vera $1/3$—$2/3$% af steinhúsum, en $3/4$—$1\,1/2$% af húsum úr öðru efni. Innheimtir sýslumaður það á manntalsþingum og fylgir því lögtaksréttur. Leiguliðabót allra leigujarða skal greiða í sérstakan sjóð, er nefnist endurbyggingarsjóður húsa á leigujörðum. Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands undir yfirstjórn bankastjórnar og atvinnumálaráðuneytisins. Hver jörð hefir sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar eða hluta af henni til að endurreisa hús og híbýli jarðarinnar.

Ef leigujörð kemst í sjálfsábúð, fellur niður greiðsla leiguliðabótar, en séreign hennar skal standa óhreyfð þar til hús jarðarinnar verða endurreist.

Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, með reglugerð nánari reglur um sjóðinn.

15. gr.

Skyldur er leiguliði að halda húsum við, svo að ekki hrörni umfram eðlilega fyrningu, að áliti og mati úttektarmanna. Setur atvinnumálaráðherra reglur um viðhald húsa á leigujörðum, að fengnum tillögum búnaðarbankastjórnar og Búnaðarfélags Íslands.

Nú hefir leiguliði eigi haldið við jarðarhúsum samkvæmt ákvæðum, er þar að lúta, og skulu úttektarmenn þá gera honum að bæta það, er á vantar, með álagi.

16. gr.

Skylt er úttektarmönnum, ef landsdrottinn eða leiguliði krefst, að skoða öll hús á leigujörð og gefa skýrslu um til aðila. Skulu úttektarmenn sérstaklega athuga umgengni og viðhald húsa, hversu ákvæðum þar að lútandi er fylgt og jörð setin yfirleitt.

17. gr.

Séu hús vátryggð á leigujörðum, skal eigandi bera kostnaðinn. En skylt er leiguliða að annast vátryggingu fyrir hönd landsdrottins, ef hann krefst þess.

18. gr.

Nú sér landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og skal honum það vítalaust, ef hann býður við votta leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjaldfrest á $^3/_4$ þess hluta kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir, eigi skemmri tíma en þrjú ár, gegn almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands og veði í jörðinni næst á eftir áhvílandi veðskuldum með uppfærslurétti, og á seljandi heimtingu á, að hús séu vátryggð og kaupandi taki að sér veðskuldir.

Þegar úttektarmenn meta kaupverð jarðar samkvæmt 1. mgr., skal það metið með hliðsjón af gildandi fasteignamati, nema sérstakar breytingar séu orðnar á jörðinni frá því, er fasteignamat hefir síðast farið fram.

IV. KAFLI.

Um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða.

19. gr.

Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nema sveitarstjórn og landsdrottinn samþykki annað, sbr. þó 2. gr. 2. málsgr. og 3. gr.

20. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju þá, er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Þó er viðtakanda heimill hagi, þegar 3 vikur eru af sumri, ef hann óskar. Fardagar eru, þá er 6 vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, né umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefir gert ráðstöfun til að hagnýta hana, hefir leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og lúki landsdrottni eins árs jarðarafgjöld. En landsdrottinn má nytja sér jörð það ár, ef hann getur ekki byggt öðrum.

21. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörð hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. En hvorki má hann beita tún né engjar, heldur verja fyrir öllum ágangi frá byrjun gróanda og þar til hann yfirgefur jörðina. Heimilt er fráfaranda að skilja eftir það, sem viðtakanda er ekki mein að, af búslóð sinni, ef hann má eigi flytja það burt þegar. En það skal hann hafa flutt burt svo fljótt sem hann má, og eigi síðar en fyrir næstu veturnætur. Séu húsmunir þá eigi burt fluttir, skal ábúandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðu.

22. gr.

Ef fráfarandi á fyrning heys, eldsneytis eða byggingarefnis, er hann hefir aflað á þeirri jörð, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji. Bannað er að flytja búfjáráburð af jörðinni. Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til þeirra jarða, sem landsdrottni er ekki skylt að húsa.

23. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt búfjáráburð allan á tún, áður hann fer frá jörð, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu á henni í tæka tíð. Hann skal og hreinsa öll hús, heygarða og heytóftir, sem á jörðu eru. Ef fráfarandi vanrækir þetta, bæti hann viðtakanda fyrir eftir mati úttektarmanna.

Ef æðarvarp, eggver, selalátur, hrognkelsaveiði, vergögn eða önnur þvílík hlunnindi fylgja jörð, á viðtakandi öll afnot þeirra það vor, er hann flytur sig að jörð, nema öðruvísi sé um samið. Ef reki fylgir leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum.

24. gr.

Um innstæðukúgildi á jörð fer eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum, skal hann greiða í leigu eftir þau 6% af verði þeirra eftir verðlagsskrá og skila þeim fullgildum við brottför.

25. gr.

Leiguliði skal hafa öll leiguliðanot ábúðarjarðar sinnar, eða þess hluta, er hann býr á, en það eru leiguliðanot að hafa til notkunar allt land jarðarinnar eða jarðarparts, öll hús og mannvirki, svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja, svo sem lax- og silungsveiði, selalátur, eggver og annað, sem leiguliðanotum hefir fylgt að fornri landsvenju, nema sérstakur samningur sé um annað og Búnaðarfélag Íslands samþykki.

Heimilt er að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja frá jörðinni, enda sé býlið vel lífvænlegt til búrekstrar, að dómi úttektarmanna, þó að þau hlunnindi séu undan tekin og eigi bannað í lögum að skilja hlunnindi þessi við jörðina.

Þá má landsdrottinn og leigja lóðir undir hús eða land til vergagna og uppsáturs og spildur til ræktunar í óyrktu landi leigujarðar, ef trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telur það eigi valda leiguliða verulegum skaða, enda lækki jarðarafgjaldið að réttri tiltölu, eftir mati úttektarmanna.

Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, ef leiguréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir.

26. gr.

Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, nema landsdrottinn leyfi. Aftur á móti má hann leyfa not hlunninda eða landsnytja gegn öðrum jafngildum hlunnindum eða landsnytjum, sem jörð hans þarf með. Heimilt er honum að láta í té nokkrar landsnytjar heimilismönnum, sem vinna að búi hans. Ennfremur er honum heimilt að láta af hendi jarðarafurðir, sem hann hefir aflað sjálfur, gegn öðrum jafngildum jarðarafurðum, og sömuleiðis gegn verði, en gæta verður hann þess ætíð, að varanlegar landsnytjar, hlunnindi og ræktun jarðarinnar rýrni ekki eða spillist fyrir slík viðskipti með jarðarnytjar, ella greiði hann fullar skaðabætur, eftir mati úttektarmanna.

27. gr.

Ef leiguliði situr illa ábúðarjörð sína, tún eða engi fer í órækt eða hús hrörna og mannvirki spillast sökum vanhirðu hans, eða jörðin á annan hátt líður varanlegar skemmdir af hans völdum, hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, nema hann lofi að bæta úr næsta ár og setji tryggingu fyrir. Getur landsdrottinn hvenær sem er látið meta skemmdir, er orðið hafa á leigujörð hans, og er leiguliði skyldur að bæta þær að fullu.

28. gr.

Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, er sérstaklega hvíla á leigujörð hans, og halda uppi lögskilum af henni landsdrottni að kostnaðarlausu. Leigur skal hann greiða fyrir 1. október ár hvert, en landskuld og önnur afgjöld af jörðinni skal greiða eftir á ár hvert í fardögum, nema öðruvísi sé um samið. Nú hefir leiguliði eigi greitt jarðarafgjöldin tveim mánuðum eftir gjalddaga, og ber honum þá að greiða af þeim almenna útlánsvexti Búnaðarbanka Íslands frá eindaga og innheimtukostnað.

Nú greiðir leiguliði eigi jarðarafgjöld að fullu fyrir veturnætur næstar eftir eindaga, og getur landsdrottinn þá byggt honum út af jörðinni, enda sé útbygging birt í síðasta lagi fyrir jól næstu á eftir.

29. gr.

Ef landskuld og leigur greiðast í öðru en peningum, er leiguliði skyldur til þess, þótt eigi sé tilskilið, að færa jarðarafgjöld á heimili landsdrottins, ef eigi er fjær en 30 km., ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðarafgjöldum. Greiðist jarðarafgjöldin í peningum, er leiguliða hinsvegar skylt að koma þeim til landsdrottins, þó að hann búi í meiri fjarlægð.

30. gr.

Hvarvetna þess, er landsdrottinn byggir leiguliða út vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það fyrir jól, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.

Útbygging skal vera bréfleg og við votta. Skal þar tekið skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu.

31. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum, og varðar útbyggingu, sbr. þó 1. tölul., ef hann:

1. Er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 20. gr.
2. Brýtur fyrirmæli 26. gr.
3. Brýtur fyrirmæli 27. gr.
4. Greiðir eigi jarðarafgjöld samkvæmt 28. gr.
5. Vanefnir skyldur þær, er hann kann að hafa á sig tekið samkvæmt 11. gr., meira en eitt ár.

Þá hefir leiguliði og fyrirgert ábúðarrétti sínum án útbyggingar, ef hann vísvitandi spillir jörð, húsum eða mannvirkjum eftir að útbyggingarfrestur er liðinn, svo sem með því að rífa við úr húsum til eldsneytis eða gera önnur þvílík spellvirki, að dómi úttektarmanna. Þó skal leiguliðinn halda ábúðarrétti sínum næsta ár, ef hann greiðir fullar skaðabætur þegar í stað eða setur fullt veð fyrir, hvorttveggja að mati úttektarmanna.

32. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af leigujörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörð lausri fyrir jól. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp leigumála bréflega og við votta.

33. gr.

Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni jarðarafgjöld næsta ár.

Nú hefir leiguliði sagt jörð lausri í tækan tíma, en flytur sig af henni fyrir fardaga, og bætir hann landsdrottni skaða þann, er af hefir hlotizt, eftir mati úttektarmanna.

34. gr.

Nú hefir landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, sbr. 30. gr., og vill leiguliði ekki flytja af jörð eða beitir þrásetu, og er landsdrottni þá rétt að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það sem lög mæla fyrir.

V. KAFLI.

Um skemmdir á jörðum af völdum náttúrunnar og breytingu á jarðarafgjöldum o. fl.

35. gr.

Ef hús á leigujörð verður fyrir skemmdum af völdum náttúrunnar, svo sem af landskjálfta, snjóflóði, vatnsflóði eða skriðum, sem leiguliða verður engin

sök á gefin, skulu landsdrottinn og leiguliði gera hús aftur í sameiningu. Leiguliði leggur til sem svarar álagi, er hann hefir átt að greiða, og leiguliðabót af húsinu, að því leyti, sem hún er eigi áður greidd, svo og rif tófta, gröft allan og allt innlent efni og aðdrætti þess. Auk þess skal hann greiða aðra efnisflutninga þá 10 kílómetra, er næst liggja ábýlisjörð hans. Að öðru leyti kostar landsdrottinn húsagerðina. Sama er um endurnýjun húsa, er eyðast af eldsvoða, að svo miklu leyti, sem brunabætur hrökkva eigi til.

36. gr.

Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki, eldsumbrotum eða öðru af völdum náttúrunnar, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, þá gerir hann landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans og krefst skoðunar á skemmdunum. Séu skemmdir ekki meiri en svo, að bættar verði á einu ári, enda nemi kostnaður eigi meiru en þriggja ára eftirgjaldi jarðar, skulu báðir, landsdrottinn og leiguliði, bæta skemmdirnar, þannig að leiguliði leggur þó aldrei meira til en svarar eins árs afgjöldum af jörðinni.

Verði land jarðar fyrir meiri skemmdum og til langframa, skulu úttektarmenn meta, hve mikill hluti jarðarafgjaldsins verði að teljast leiga eftir landið sjálft og hve mikið landverð jarðirnar mundi eiga að lækka að fasteignamati vegna skemmdanna, og síðan meta, hve mörg ár sjálf landleigan á að lækka að sama skapi.

VI. KAFLI.

Um breyting á jarðarafgjöldum fyrir sérstakar ástæður.

37. gr.

Nú verða breytingar á verðlagi eða aðstaða til búskapar á jörð breytist, án þess að einstök fyrirmæli laga þessara nái til þess, og getur þá hvor aðilja krafizt, að úttektarmenn endurskoði leigumála jarðar og meti eftirgjald eftir jörð með hliðsjón af eldri leigumála og breytingum þeim, er orðið hafa síðan hann var gerður. Nú telur annarhvor aðilja leigumála jarðar óviðunandi, samanborið við leigumála á líkum jörðum í þeirri sveit eða héraði, og getur hann þá á sama hátt krafizt endurskoðunar á leigumálanum.

VII. KAFLI.

Um reka á leigujörðum.

38. gr.

Þegar reki fylgir jörð, skal landsdrottinn hafa allan fjögra álna við og lengri, en leiguliði allan við minni, nema landsdrottinn vilji nota hann til einhverra umbóta á jörðinni.

Skal þá leiguliði hirða við þann, er rekur, sem ætti hann sjálfur og draga úr flæðarmáli, svo eigi taki út aftur. Skylt er leiguliða, er sérstakt rekaítak er í

ábýlisjörð hans, að hirða reka fyrir eiganda, marka hann viðarmarki hans og bjarga, svo að sjór taki ekki út. Öll álnarlöng kefli eða minni skulu þá vera eign leiguliða.

39. gr.

Nú rekur hval, og skal þá landeigandi hafa $^2/_3$, en leiguliði $^1/_3$ hluta hvalsins. Leiguliði skal festa hvalinn landfestum og bjarga sem lög ákveða. Gera skal hann strax landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans. Komi landsdrottinn eða umboðsmaður hans ekki þegar á vettvang, er leiguliða rétt að skera hvalinn, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer sem lög ákveða.

40. gr.

Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um í hvert sinn.

VIII. KAFLI.

Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins.

41. gr.

Þegar leiguliða er með ákvæðum byggingarbréfs gert að skyldu að inna af höndum jarðarafgjald að einhverju leyti með jarðabótum eða öðrum framkvæmdum, en hann vanrækir að framkvæma þær, á landsdrottinn heimtingu á endurgreiðslu jarðarafgjalds í peningum, eftir því sem úttektarmenn meta.

Heimilt er leiguliða, án samþykkis landsdrottins, að gera minni háttar jarðabætur á ábýlisjörð sinni, ef þær eru að mati trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands vel og hyggilega gerðar og stuðla að því að hækka jörðina í verði. Skal leiguliði, þá er hann fer frá jörðinni, fá jarðabætur þessar greiddar, eftir því sem úttektarmenn meta, að hækka megi þeirra vegna landskuld á jörðinni, þannig að hann fái tólffalda landskuldarhækkunina, en þó eigi yfir kostnaðarverð jarðabótanna, að frádreginni fyrningu.

42. gr.

Ef leiguliði ætlar að gera meiri háttar jarðabætur, þannig að þær á einu ári kosti hann meira en sem nemur eftirgjaldi jarðarinnar, skal hann jafnan leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðabótina á sinn kostnað og hækki fyrir því eftirgjald jarðarinnar sem svarar vöxtum ræktunarsjóðs.

Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðabótina á sinn kostnað, en hún að áliti trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands er nauðsynleg og álitleg til að gefa góðan arð, er leiguliða heimilt að framkvæma verkið, og á hann þá, er hann fer frá jörðinni, sömu kröfu fyrir þá jarðabót eins og segir í næstu grein á undan og eftir mati sömu manna.

43. gr.

Nú vill landsdrottinn gera jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur

hann látið gera jarðabótina engu að síður, en bæti leiguliða fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans. Þegar jarðabótinni er lokið, getur hann látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðabótina. Getur hann þá afhent hana leiguliða, og ber honum þá að halda henni vel við og svara henni í gildu standi eða með álagi. Ennfremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina.

Nú er leiguliða, að dómi úttektarmanna, ekki fært að greiða eftirgjaldshækkun samkvæmt 1. lið þessarar greinar, og er landsdrottni þá rétt, með samþykki úttektarmanna, að taka hluta af jörðinni til nýbýlis, gegn því að bæta leiguliða missinn með umbótum á þeim hluta jarðar, er hann heldur, eða gegn hæfilegri lækkun eftirgjaldsins.

44. gr.

Leiguliðabót samkvæmt 14. gr. skal vera forgangskrafa í bú leiguliða og ganga jafnhliða þeim kröfum, sem nefndar eru í b-lið 83. gr. skiptalaga, nr. 3, 12. apríl 1878. Krafa sú, er leiguliði á á hendur landsdrottni samkvæmt 12. gr., 13. gr., 41. gr. 2. mgr. og 42. gr., skal vera forgangskrafa í bú landsdrottins, og gengur hún næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

IX. KAFLI.

Um kaupskyldu á leigujörðum.

45. gr.

Nú býður landsdrottinn leiguliða ábýlisjörð hans til kaups með þeim kjörum, er segir í 18. gr., en leiguliði neitar eða hefir eigi svarað kauptilboði innan missiris, og hefir leiguliðinn þá fyrirgert ábúðarrétti sínum, og getur eigandi þá byggt honum út af jörðinni fyrir næstu jól að frestinum liðnum.

X. KAFLI.

Um úttektir á leigujörðum.

46. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð. Úttekt á jörðu skal fram fara fyrir 20. júní.

Úttektarmenn skulu gera viðtakanda og fráfaranda aðvart, hvenær úttekt fer fram, með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo þeir geti verið þar viðstaddir og gætt réttar síns.

47. gr.

Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmann skipar sýslumaður, og tvo varamenn, að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Nú hefir úttektarmaður forföll eða er svo

nákominn aðila, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans eða getur talizt vilhallur, og tekur þá varamaður sæti hans. Ef úttektarmenn greinir á, skal kalla til varamann þann, sem nær er, og er hann þá oddamaður.

48. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu vera skipaðir til 12 ára. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun fyrr en 6 ár eru liðin frá því að hann hætti starfanum. Allir fullveðja búendur hreppsins, yngri en 60 ára, eru skyldir að taka við útnefningu.

Úttektarmenn skulu áður en þeir byrja starf sitt undirrita í úttektarbókina drengskaparvottorð um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir beztu vitund og sannfæringu.

49. gr.

Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt sem hér segir:

1. Fyrir úttekt á jörð skal greiða svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 64 frá 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., og kosti fráfarandi og viðtakandi hana að hálfu hvor.
2. Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir, er um ræðir í lögum þessum, ber hverjum úttektarmanni 6 krónur án ferðakostnaðar, og greiðir sá, er krafizt hefir virðingar eða skoðunargerðar. Þó kostar landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er samkvæmt 13. gr., að hálfu hvor.

50. gr.

Úttektarmenn skulu hafa gerðabók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða, skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 16. gr. og allar matsgerðir úttektarmanna samkvæmt lögum þessum. Þegar úttekt er lokið eða skoðunargerð, skulu úttektarmenn og þeir aðilar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar.

Ef aðilar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit úr gerðabók gegn endurgjaldi samkv. lögum um laun hreppstjóra, nr. 64, 14. nóv. 1917.

51. gr.

Úttektarmenn skulu lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa, hvað á skorti til þess að þau séu fullgild jarðarhús, skemmdum á þeim, ef orðið hafa af völdum ábúanda, hvernig húsunum hefir verið viðhaldið og annað, eftir því sem þurfa þykir.

Ennfremur skulu þeir taka út og lýsa öðrum mannvirkjum landsdrottins á jörðinni.

Ef innstæðukúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort séu fullgild. Þeir skulu og kynna sér nákvæmlega allar jarðarnytjar og meta, hvort jörð er sæmilega setin.

52. gr.

Að lokinni úttektargerð greiðir fráfarandi álag til viðtakanda. En greiði hann eigi þegar álagið, geri úttektarmenn lögtak til lúkningar álaginu í eignum

þeim, sem fráfarandi á á jörðinni, eftir því sem hann vísar á og fyrir hendi er. Geti viðtakandi sannað, að hann hafi krafizt álags frá fráfaranda, en eigi fengið það eða hluta þess, á landsdrottinn að greiða honum það, sem á vantar.

53. gr.

Ef tvíbýli eða fleiri býli eru á jörð, skulu úttektarmenn, ef landsdrottinn óskar þess, skipta í millum þeirra húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, ef til eru og þess eðlis, að skipt verði. Sömuleiðis túni, engi, skógi, hlunnindum og yfirleitt öllu, sem aðilar koma sér saman um að æskja skipta á.

54. gr.

Ef einhver, sem hlut á að máli, vill eigi hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, eða öðrum mats- og skoðunargerðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, getur hann innan tveggja vikna krafizt yfirúttektar eða yfirmats. Skal þá sýslumaður innan hálfs mánaðar skipa fjóra yfirúttektarmenn eða yfirmatsmenn, og skulu þeir haga úttekt eða mati á sama hátt. Sömu laun eiga þeir fyrir starfa sinn sem úttektarmenn, og greiðir krefjandi yfirúttektar það gjald, ef bótum er eigi breytt, ella fer um gjaldið sem segir í 49. gr.

XI. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

55. gr.

Ákvæði laga þessara koma til framkvæmda jafnskjótt og leiguliðaskipti verða á jörð, eða nýtt byggingarbréf er gefið út eða framlengt eftir að lög þessi öðlast gildi. Þó koma ákvæði um húsabótaskyldu landsdrottins samkvæmt 11. og 12. gr. ekki til framkvæmda fyrr en í fardögum það ár, er 5 eru liðin frá því er lög þessi öðlast gildi.

56. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 1, 12. jan. 1884, jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnumálaráðherra.

Nefndin áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur við frv. síðar.

Með frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Frv. þetta hefir verið flutt á Alþingi árlega síðan árið 1929. Rétt þykir að leggja það nú fyrir Alþingi að mestu leyti í þeirri mynd, sem það var afgreitt eftir 3. umræðu í neðri deild á síðasta Alþingi. Ýmsar breytingar hafa þó verið gerðar á frumvarpinu, og auk þess eru allmörg ákvæði frumvarpsins nú að ýmsu leyti skýrari og nákvæmari. Að öðru leyti vísast til greinargerða þeirra,

sem fylgt hafa frumvarpinu á fyrri þingum (Alþt. 1929 þskj. 240, Alþt. 1930 þskj. 110 og Alþt. 1932 þskj. 70, 680, 681, 736, 756, 758, 760, 761, 765, 769, 771, 780, 781, 786 og 787), svo og athugasemda þeirra, sem hér fara á eftir um hinar einstöku greinar.

Um 1. gr.

Það getur vart talizt lífvænlegt býli, er hvorki framfleytir 9 kúgildum né nær 1000 kr. að landverði eftir fasteignamati.

Um 2. gr.

2. mgr. Réttara þykir að miða land það, er hver búandi má hafa til ábýlis, fremur við það, hverjum peningi landið getur framfleytt, en við tölu býla að fornu. Því að sumstaðar hefir býlafjöldi að fornu miðazt við sjávargagn og önnur hlunnindi, sem eigi nýtur nú.

4. mgr. Rétt þykir, að trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands sé með í ráðum um skiptingu jarða.

Um 3. gr.

2. mgr. Rétt þykir að setja ákvæði þeim til aðhalds, er reka selstöðu- eða rányrkjubúskap, m. a. sveitarfélögum til verndar.

Um 4. gr.

Eigi þykir nauðsyn á að setja sveitarstjórn reglur um byggingu þeirra jarða, er svo stendur á um.

Í þessari grein er fellt burt ákvæði frv. þskj. 787 um, að samþykki landsdrottins sé áskilið til byggingarinnar, þar sem landsdrottinn gæti að öðrum kosti gert sveitarstjórn ókleift að byggja jörðina, með því að hafna hverjum leiguliða.

Á hinn bóginn er rétt, að sveitarstjórn beri ábyrgð, ekki aðeins á jarðarafgjöldum, heldur og álagi.

Um 5. gr.

Til tryggingar því, að byggingarbréf glatist eigi og að þar séu eigi sett ákvæði, er brjóti í bág við ábúðarlögin, þykir rétt, að hreppstjóra sé afhent samrit af öllum byggingarbréfum. Jafnframt miðar þetta ákvæði til þess, að síður verði vanrækt að gera byggingarbréf og að hægara verði að afla skýrslna um leigumála á jörðum.

Um 6. gr.

2. mgr. er felld niður.

Ákvæði þetta er alveg óþarft. Það segir sig sjálft, að um viðskipti landsdrottins og leiguliða fer að öllu eftir ábúðarlögum, ef annað er ekki ákveðið í byggingarbréfi, en hinsvegar er ákvæði þetta villandi, því að það gæti skilizt svo, að í byggingarbréfi mætti setja ákvæði um þau atriði í lögunum, sem til er ætlazt, að séu ófrávíkjanleg, svo sem um skyldu landsdrottins til þess að húsa jörð o. fl.

Um 7. gr.

Þykir ekki þurfa skýringar.

Um 8. gr.

Það þykir réttara að halda ákvæðum 5. gr. núgildandi ábúðarlaga um að mat það, sem um ræðir í greininni, sé falið óvilhöllum mönnum, en ekki bundið við, að úttektarmenn framkvæmi það. Skaðabótakrafa leiguliða getur verið allt annars eðlis en kröfur þær, sem úttektarmenn eiga að meta samkvæmt lagafrumvarpinu.

Um 9. gr.

Oft ber nauðsyn til að ráðstafa embættisjörðum og skólajörðum um tiltekinn tíma. Sama er og um jarðir, sem ætlaðar eru til þessara eða þvílíkra nota í náinni framtíð. Svo er og um jarðir, er sveitarfélög eiga innan hreppsins.

2. mgr. Systkin getur oft talizt eins nákominn vandamaður og stjúpbarn eða tengdabarn.

3. mgr. Það má teljast ein af grundvallarhugsunum frv. að styðja að skiptingu jarða, þar sem hún þykir æskileg. En þá getur verið athugavert að binda mjög stórar jarðir að öllu í lífstíðarábúð. Svo getur staðið á, þegar stórbýli losnar úr ábúð, að eigi verði í bili fenginn sá ábúandi, er geti setið jörðina alla svo vel sé, en hinsvegar eigi kostur að skipta henni þá þegar til margbýlis. Virðist því rétt að veita landsdrottni heimild til þessa síðar, en þó því aðeins, að þeim ábúanda, er ábúð hefir fengið, sé tryggð sú ábúð, er svarar til áhafnar á meðaljörð.

4. mgr. þykir ekki þurfa skýringar.

Um 10. gr.

Rétt virðist vera að tiltaka þann frest, sem leiguliði skal hafa til þess að krefjast jarðarinnar, ef honum hefir verið sagt upp ábúð af yfirskinsástæðum. Það getur verið mjög vandasamt að meta skaða leiguliða út af brottflutningum og því rétt að láta dómstólana meta hann, enda er skaðabótakrafa þessi allt annars eðlis en þær kröfur, sem úttektarmenn meta samkvæmt þessum lögum.

Um 11. gr.

Til þess að ákvæði 1. mgr. verði viðráðanleg þeirri kynslóð, er nú lifir, og jafnvel ríkissjóði sjálfum, mun vart verða hjá því komizt að miða skyldur landsdrottins um hýsingu jarða við ákveðið mark.

Þess verður og að gæta, að leiguliðum sé eigi gert of dýrt að búa á jörðunum, en það fer aftur mjög eftir því, hvort jarðir eru yfirbyggðar eða ekki.

Fyrir því þykir rétt að miða skyldu landsdrottins í þessu efni við landverðverðið, og mun mjög verða bættur húsakostur á leigujörðum, þegar því lágmarki er náð, sem sett er í 2. mgr.

Einnig þykir rétt að gera vægari kröfur um húsabótaskyldu þeirra landsdrottna, er leigja jarðir með mjög lágum leigumála.

Rétt þykir að greiða fyrir verkamönnum í kaupstöðum og sjávarþorpum um að fá land í námunda til ræktunar. Að því miða ákvæði 4. mgr.

Um 12. gr. (áður 16. gr.).

Í 2. mgr. eru nokkur ákvæði um framlag landsdrottins og leiguliða nákvæmari en áður. Nær framlag leiguliða þó aðeins til þeirrar vinnu, er af augljósum

ástæðum hlýtur að verða kostnaðarminnst, ef unnin er af heimilismönnum þegar þeim er hentast.

Varhugavert er að miða hækkun afgjalds við vexti af láni því, er landsdrottinn kann að taka vegna húsagerðanna. Landsdrottinn gæti jafnvel af yfirskinsástæðum tekið lán með okurvöxtum og þannig náð aðstöðu til þess að setja leiguliða sínum afarkosti. Þykir því rétt að miða við vexti Búnaðarbankans, sem landsdrottinn mun venjulega leita til, er hann þarf að taka lán í þessu skyni.

Um 13. gr. (áður 15. gr.).

Eigi þykir rétt að skylda landsdrottinn til að kaupa hús, sem eru að falli komin, eða smákofa víðsvegar á tvístringi, og er hvorttveggja, að það mundi tefja fyrir sæmilegri hýsingu jarða og vera sérstaklega varhugavert ákvæði fyrir ríkissjóð. Eru því sett nokkru fyllri ákvæði um þetta efni.

Um 14. gr.

Nauðsynlegt hefir þótt að setja nánari ákvæði um greiðslu og innheimtu leiðuliðabótar.

Óbreytt er ákvæðið um ávöxtun endurbyggingarsjóðs í Búnaðarbanka Íslands. En rétt þykir þó að vekja athygli á því, að varasjóður Söfnunarsjóðs Íslands er nú senn svo hár, að vextir af honum munu geta borið alla áhættu og stjórnarkostnað, og verður þá hægt að greiða þar sömu vexti af innlánum sem af útlánum sjóðsins. Ef söfnunarsjóðurinn væri látinn ávaxta fé þetta, mundi því mega færa leiguliðabótina niður um fjórðung. Rétt hefir þótt að setja ákvæði um innieign þeirra leigujarða í endurbyggingarsjóði, er þær komast í sjálfsábúð.

Um 15. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir, að leiguliði annist sjálfur árlegt viðhald húsa á leigujörðum, svo að þau hrörni ekki umfram eðlilega fyrningu, þykir nauðsynlegt að setja með reglugerð nánari reglur um þetta efni, svo sem um viðhald húsa á prestssetrum.

Um 16. gr.

Rétt þykir að fella niður síðasta málslið greinarinnar. Hann er óþarfur. Slík skoðunargerð, sem þar um ræðir, er auðvitað sönnunargagn um viðhaldsskyldu leiguliða, og yrði farið eftir henni þar til fyllri sönnun fengist með yfirskoðun.

Um 17. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 18. gr.

Það er ekki undantekningalaus regla, að hver sá maður sé vel efnum búinn, sem hefir jörð til eignarumráða, og mun það koma enn betur í ljós á næstu árum.

Verður því að gera ráð fyrir, að landsdrottni geti stundum orðið um megn að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar, ef frv. þetta verður að lögum.

Í 44. gr. frv. Nd., þskj. 787 1932, voru landsdrottni tryggð allmikil réttindi þegar svo stendur á. En þar var honum jafnframt veitt aðstaða til þess að þrengja um of kosti leiguliða.

Hér er reynt að gera leiguliða hægara fyrir um gjaldfrest, sbr. og aths. við 45. grein.

Þegar landsdrottinn býður leiguliða jörðina til kaups, þykir rétt að miða kaupverðið við það verð, er úttektarmenn meta, en ekki við fasteignamat. Í framkvæmdinni verður auðveldara að miða við matsverð heldur en að fylgja þeim reglum, sem um getur í 44. gr. frv. Nd., þskj. 787 1932, enda er það í betra samræmi við gildandi réttarreglur.

Um 19. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 20. gr.

Rétt þykir, að viðtakanda sé heimill hagi í landi jarðar, er hann flytur að þegar 3 vikur eru af sumri. Og skiptir það einkum máli vegna sauðburðar, svo og vegna frumbýlinga, sem kaupa fé fyrir fardaga.

Um 21.—24. gr.

Þurfa eigi skýringa.

Um 25. gr.

Aðalreglan verður að vera sú, að hlunnindi fylgi þeim jörðum, er þau hafa fylgt að fornu.

Þó eru til þau stórbýli, að ofvaxið er oft einum manni að nytja til fulls bæði sjálfa jörðina og hlunnindin. Virðist mega gera undantekningu, þegar svo stendur á, ef Búnaðarfélag Íslands telur það heppilegt, og að svo miklu leyti, sem lög mæla eigi fyrir á annan veg, sbr. lög um lax- og silungsveiði, nr. 61 1932. Sama er um hlunnindi, sem eru mjög langt í burtu, svo sem um rekarétt í öðru héraði, og jafnvel dúneyjar, er leiguliðinn getur ekki hirt um sjálfur vegna fjarlægðar. Þá koma og hér til álita ýmis hlunnindi, er fallið hafa undir forna kirkjustaði, en verða oft ábúanda arðlitil vegna fjarlægðar.

Vegna þeirra breytinga, sem orðið geta á þeim tíma, sem lífstíðarábúð nær yfir, þykir eigi ósanngjarnt, m. a. vegna ríkissjóðs og almennra heilla, að takmarka nokkuð rétt leiguliða, þar sem ný verstöð eða sjávarþorp kann að rísa upp.

Ákvæði þessi geta og gert landsdrottni hægara fyrir um að undirbúa skiptingu jarðar og veitt leiguliða nokkru meiri tryggingu gegn því, að hann verði beittur ákvæðum 9. greinar 2. mgr.

Um 26. gr. (áður 25. gr.).

Orðalagi greinarinnar er breytt og fellt burt bann við því, að leiguliði taki húsfólk án leyfis landsdrottins. Landsdrottni virðist vera meinalaust, þó að leiguliði taki húsfólk, en leiguliðanum getur það oft verið til hagsbóta. Að sjálfsögðu ber hann ábyrgð á, ef húsfólk fer illa með jarðarhús.

Um 27.—34. gr.

Þykir eigi þurfa skýringa.

Um 35. gr.

Þegar svo stendur á sem hér segir, þykir eigi ósanngjarnt, að leiguliði kosti aðdrætti aðkeypts efnis þá 10 km., er næst liggja ábýlisjörð hans, og munu þeir flutningar venjulega verða leiguliða kostnaðarminni en landsdrottni.

Að öðru leyti er vísað til aths. við 12. gr. 2. mgr.

Um 36.—38. gr.

Þykir eigi þurfa skýringa.

Um 39. gr.

Rétt þykir að orða niðurlag greinarinnar þannig:

„Um endurgjald til leiguliða fer sem lög ákveða“. Ef nokkuð er tekið fram um borgun fyrir hvalskurð í byggingarbréfi, þá gildir það, en ef ekkert er ákveðið um þetta í bréfinu, sem oftast mun verða, fær leiguliði sanngjarna borgun fyrir verkið. Ákvæði þetta er nú eins og í gildandi ábúðarlögum.

Um 40.—43. gr.

Þykir eigi þurfa skýringa.

Um 44. gr.

Samkvæmt 83. gr. b-lið skiptalaganna, nr. 3/1878, er landskuld og leigur, svo og álag á jarðir samkvæmt löglegri úttektargerð forgangskrafa í þrotabúi, og þar sem leiguliðabót samkvæmt lögum þessum er í eðli sínu álagskrafa, þykir rétt að veita þessari kröfu sama forgangsrétt.

Um 45. gr.

Í 44. gr. frv. Nd. 1932 er leiguliða veittur aðeins eins árs gjaldfrestur, og er honum þar gert að víkja af jörðinni án útbyggingar, ef hann hefir ekki greitt jarðarverðið að fullu innan ársins. Virðast þetta of harðir kostir leiguliðum, sem einatt eru fátækir menn. Og getur þetta ákvæði orðið til þess, að fátækir leiguliðar verði að hætta búrekstri eða flosna upp. Hér er reynt að gera leiguliða hægara fyrir um kaupin með lengri gjaldfresti. Ef greiðslu jarðarverðsins er svo hagað sem hér er lagt til, mun og landsdrottinn venjulega sjá sér hag í því að taka sjálfur þau lán, er hann getur fengið út á jörð sína, áður en hann býður kaupin. Getur það sparað leiguliðanum mörg ómök auk lántökukostnaðar. Auk þess er leiguliða hér ekki gert að víkja af ábýlisjörð sinni, nema honum sé byggt út á venjulegan hátt.

Um 46.—51. gr.

Þykir eigi þurfa skýringa.

Um 52. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða niðurlagi 33. gr. núgildandi ábúðarlaga. Það þykir ekki rétt, að viðtakandi hafi rétt til þess, að landsdrottni fornspurðum, að semja við fráfarandi um greiðslu álags.

Um 53.—54. gr.

Þykir eigi þurfa skýringa.

Um 55. gr.

Eigi hefir þótt fært að láta ákvæði 11. og 12. greinar um húsabótaskyldu landsdrottna koma til framkvæmda þegar í stað. Og koma þar meðal annars sérstaklega til greina erfiðleikar um lántökur og gjaldeyrisskortur landsins til innkaupa á byggingarefni í stórum stíl á slíkum tímum sem þessum. Hinsvegar er á það að líta, að ákvæðin um húsabótaskyldu landsdrottins munu þegar hafa allmikil áhrif til bóta, þótt þessi frestur sé gefinn, því að landsdrottnar munu annaðhvort gefa leiguliða kost á kaupum með vægari kjörum, eða bæta úr aðknýjandi húsaþörf, þar sem þeir vita, að innan fárra ára eru þeir skyldir til þess að lögum.

Nd. 134. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36, 19. maí 1930, um vigt á síld.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hér eftir skal vega alla síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Mál samkvæmt lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál. Brot gegn lögunum varða sektum, 200—20000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á þinginu í fyrra og átti þar öruggt fylgi, en féll í neðri deild fyrir þá slysni eina, að allmargir þingmenn voru fjarstaddir, er atkvæðagreiðsla fór fram. Þarf því ekki að biðja afsökunar á, að frv. er flutt á ný, og því síður fyrir það, að síðan í fyrra hafa þau tíðindi gerzt, að eftir undangengna rannsókn hefir dómur verið felldur af konunglegum dómara til fordæmingar síldarmælingunum. Samkvæmt dómnum er nærri ógerlegt að smíða síldarmál af ákveðinni stærð, og þó að það tækist, eru þau sífelldum breytingum undirorpin, og æfinlega á þá leið, að þau víkka og stækka, jafnvel svo ört, að hversu oft sem færður er upp í þeim botninn, halda þau æfinlega áfram að vera langt of stór. Löggiltum málum er því engan veginn treystandi. Þarf hér ekki framar vitnanna við, hvílík fásinna það er að ætla sér að komast

að nokkru sönnu um magn síldar með mælingu. Enda munu nú allir sannfærðir um þettå, sem bezt má marka af því, að engir hafa fagnað þessum dómi meira en þeir, sem hingað til hafa með mestri frekju haldið síldarmælingunum fram.

Um yfirburði síldarvoganna nægir að benda til fylgiskjalanna, sem hér fara á eftir.

Fylgiskjal I.

Keflavík 6. apríl 1932.

Herra bankastjóri Jón Baldvinsson, Reykjavík.

Út af tilmælum yðar í símtali yðar við mig í dag, um upplýsingar um síldarvigt og síldarvigtun vora á Sólbakka, leyfi ég mér að gefa þessar upplýsingar:

Á Sólbakka hefir öll síld verið vigtuð frá og með árinu 1928, en það ár var vigtin sett upp, um vorið. Vigtin, sem tekur 2 tonn, var frá norska firmanu Viig & Vraaelsen og kostaði á höfn komin á Flateyri um n. kr. 1100.00 (sbr. reikning ofannefnds firma í fylgiskjölum h/f Andvara 1928).

Vigtin hefir reynzt vel og aldrei bilað, svo ég muni eftir, og hefir síðastliðin 4 ár verið vigtað á hana yfir 32000 tonn af síld og öðru hráefni, fyrir utan kol, salt o. fl. til verksmiðjunnar.

Ég álít, að engin afgreiðslutöf sé að vigtuninni á Sólbakka, enda hafa oftlega verið vigtuð yfir 40 tonn úr 3 skipum samtals á klukkutímanum, þegar síldin hefir verið tekin af þilfari og skipverjar óþreyttir.

Virðingarfyllst

H. Halldórsson.

Fylgiskjal II.

Kostir við vigtun á síld í stað mælingar.

Eftir beiðni skal ég hér með gefa óhlutdræga umsögn, út frá þeirri reynslu, sem ég hefi fengið, viðvíkjandi mælingu eða vigtun síldar.

Mitt álit um málið byggi ég á reynslu sem sjómaður með norsku fiskiskipi árin 1910—1911, vinnu við norskar söltunarstöðvar fyrir stórsíld, vorsíld og feitsíld frá 1914 til 1926, söltun á síld í tvö sumur á Siglufirði og móttöku á síld hjá Dr. Paul's síldarverksmiðju á Siglufirði árin 1927/1928 og 1929, ennfremur 1930/1931 við Síldarverksmiðju ríkisins. Ég skal strax taka það fram, að mæling á síld hefir æfinlega gefið og mun framvegis gefa tilefni til meiri eða minni ágreinings milli kaupanda og seljanda.

Ég hefi einu sinni, sem sjómaður í Noregi fyrir 20 árum síðan, fengið afhenta síldarstampa frá kaupandanum, sem áttu að vera ca. 58 ltr., en við mælingu reyndust að taka ca. 75 ltr. Slíkt setur illt blóð meðal sjómanna og leiðir af sér, meir en góðu hófi gegnir, hatur og ósamlyndi milli sjómanna og kaupanda, eða þess, sem afhendir vöruna, og móttakanda. Síldarkassarnir fyrir ís-

varða síld voru sömuleiðis oft óhæfilega stórir, og orsakaði þetta tortryggni hjá sjómönnum, sem bitnaði á þeim móttakendum og kaupendum á síld, sem raunverulega höfðu rétta mælieining. Útkoman var, að þeir kaupendur, sem höfðu of stóra síldarstampa, fengu of mikla síld, og þeir, sem höfðu rétta stærð af stömpum, fengu of litla síld fyrir peninga sína. Nú á afhending á síld í Noregi að fara fram í löggiltum hektolitramálum bæði við síldarbræðslurnar og söltunarstöðvarnar. Öll önnur mál eru ólögleg. En ekki einu sinni hektólitramálið er það „ideelle" við afhendingu síldar. Sjómönnum finnst, að þeir fylli vel hektólitramálin, og móttakandanum finnst aftur á móti, að þau séu illa fyllt, og svo rís ágreiningurinn aftur.

Um reynslu mína á Íslandi hefi ég að segja:

Fyrsta rekstrarár, 1926, hafði Dr. Paul ekki síldarvigtir við verksmiðju sína, en þá þegar sá hann, að vigtir voru ákjósanlegri og strax 1927 voru keyptar 3 vigtir. Öllum kom ábyggilega saman um, að það var til stórra umbóta. Kaupandinn var viss um, að hann fékk þá síld, sem hann keypti, og sjómennirnir fengu greiðslu fyrir þá síld, sem þeir afhentu.

Af þeirri reynd um yfirburði við vigtun á síld, sem ég hafði, gat ég ekki nema verið ánægður, þegar ég vissi, að Síldarverksmiðja ríkisins ætti að hafa síldarvigtir, og eru 3 vigtir uppsettar þar. Á hverri þessari vigt er hægt að vigta síld frá 2 til 3 skipum samtímis, svo fljótt sem þau geta losað. Þar sem hvert skip getur losað 100 mál á klst., getur maður sem sagt vigtað allt að 300 málum á hverri vigt á klst. Það venjulega er þó, að aðeins 2 skip afhendi við hverja vigt, og þá er maður viss um, að afgreiðsla skipanna tefst ekki vegna vigtunar. Það er heldur ekki aukinn kostnaður við að vigta síldina, þar sem vigtarmaðurinn við hverja vigt kemur í stað skrifara við talningu mála, þegar síld er mæld, og 1 skrifari getur tæplega skrifað (talið) af fleirum en 2 skipum samtímis.

Að endingu vil ég benda á fylgjandi, sem styður mál mitt um kosti við vigtun á síld við síldarbræðslur:

Í stórum síldarförmum er síldin samanpressuð vegna þrýstings og 150 ltr. af þeirri síld vigta ca. 150 kg. eða meira. Úr smáförmum af alveg nýrri síld fer aftur á móti aðeins ca. 135—140 kg. síldar í eitt mál á 150 ltr. Ef síldin afhendist eftir máli, fær þess vegna sá bátur, sem hefir litla veiði, ca. 8% meira verð fyrir sína síld en hinn, sem hefir stóra veiði. Móttakandinn tapar samsvarandi 8% á litlu veiðinni, þar sem útkoman á olíu og mjöli, talin í kilogr., fer eingöngu eftir þeirri afhentu *vigt*. Þegar síldin afhendist eftir vigt, kemst maður þess vegna einnig hjá þessum óréttí. Allir fá fyrir síldina sama verð, hvort heldur veiðin er stór eða smá.

Að síðustu vil ég segja, að af þeirri reynslu, sem ég hefi fengið um kostina við vigtun síldar, þá get ég ekki hugsað mér að breyta um aftur til gamla mátans: Mælingar á síld, með öllum þeim óþægindum, sem venjulega fylgja þar með.

Siglufirði, 7. apríl 1932.

Oscar Ottesen.

Nd. 135. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 71, 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og borið það saman við lög um byggingarsamvinnufélög, sem samþ. voru á síðasta þingi. Nefndin telur, að breytingar í 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins, við lögin um byggingarsamvinnufélög, séu til bóta og mælir því með, að þær séu samþ. óbreyttar. Höfuðbreytingarnar eru þær, að félagar verða ekki samábyrgir fyrir lánum félagsins fyrr en þeir fá lán hjá félaginu, og að félögum er skipt í ábyrgðarflokka. Hvorttveggja þetta telur nefndin breytingar til batnaðar.

Hinsvegar getur nefndin ekki fallizt á það, að öll takmörk séu burt felld um stærð íbúða, en telur þó, að nokkuð megi hækka hámarkstölu herbergja í íbúð hverri frá því, sem lögin ákveða.

Nefndin leggur því til, að deildin samþykki frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Í stað orðanna „með tveggja til fjögurra herbergja íbúðum“ komi: með allt að 6 herbergja íbúðum.

Alþingi, 9. marz 1933.

Bergur Jónsson, form.	Steingr. Steinþórsson, frsm.	Guðbr. Ísberg, fundaskr.
Sveinbjörn Högnason.	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Ed. 136. Breytingartillaga

við frv. til laga um vegarstæði og götulóðir í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

Flm.: Pétur Magnússon.

Við 1. gr. Orðin „svo og til lands ... kauptúninu“ í 2. málsgr. falli burt.

Ed. 137. Frumvarp

til laga um alþýðuskóla á Eiðum.

Flutningsm.: Páll Hermannsson.

1. gr.

Á Eiðum skal vera tveggja vetra alþýðuskóli, vel útbúinn, er samsvari kröfum tímans. Skólinn er jafnt fyrir karla sem konur.

2. gr.

Skólinn skal rekinn á kostnað ríkissjóðs, enda hefir landsstjórnin yfirstjórn hans á hendi.

3. gr.

Kennslugreinar skulu vera þessar: Íslenzka og íslenzk fræði, eitt norðurlandamál, saga, stærðfræði, náttúrufræði, landafræði, félagsfræði, bókhald, teiknun, söngur, leikfimi, handavinna. Auk þess skulu nemendur eiga kost á tilsögn í ensku.

4. gr.

Þegar því verður við komið, skal halda fyrirlestranámsskeið við skólann fyrir almenning í nokkra daga nær miðjum vetri. Ennfremur má halda við skólann vornámsskeið, þegar stjórn skólans telur ástæður fyrir hendi. Fastir kennarar skólans skulu skyldir til að kenna við námsskeiðin, hver í sínum greinum.

5. gr.

Við skólann skal skipaður skólastjóri og tveir kennarar; taka þeir laun eftir 26. gr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna. Auk þess skal séð fyrir nauðsynlegri stundakennslu, svo og kennslu við námsskeiðin, að svo miklu leyti sem kennslukraftar skólans hrökkva ekki til.

6. gr.

Skólaárið telst frá 20. október til fyrsta sunnudags í sumri.

7. gr.

Árspróf skal halda að loknu námi hinn fyrra vetur, og burtfararpróf að loknu námi hinn síðara vetur. Þeir, sem lokið hafa námi, fá prófskírteini, er sýni kunnáttu þeirra í öllum skyldunámsgreinum skólans.

8. gr.

Nánari fyrirmæli um starfstilhögun skólans og skipulag getur ráðuneytið sett með reglugerð.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs, ennfremur lög um breytingu á fyrrnefndum lögum, nr. 24, 27. júní 1921.

Greinargerð.

Frv. þetta er fram komið vegna þess, að skólastjóri Eiðaskóla fór fram á nokkrar breytingar á lögunum um skólann. Þótti þá heppilegra og gleggra til yfirlits að semja lögin upp í heild. Breytingar eru engar stórvægilegar, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu málsins.

Ed. **138. Frumvarp**

til laga um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Seltjarnarneshreppi.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi:

a. Afnotarétt allrar jarðarinnar Hvaleyrar í Hafnarfirði.
b. Afnotarétt landsvæða þeirra úr Garðatorfunni, er þeir hafa nú á leigu Eyjólfur Jóhannsson, Hermann Jónasson og Tryggvi Guðmundsson.
c. Afnotarétt jarðarinnar Kópavogs og Digraness í Seltjarnarneshreppi. Hvoru býlinu um sig fylgi þó 20 hektarar af ræktanlegu og ræktuðu landi.
d. Land jarðarinnar Arnarness í Garðahreppi, að undanskildum 20 ha. af ræktanlegu og ræktuðu landi.
e. Allt óræktað land Jófríðarstaða í Hafnarfirði.

2. gr.

Þegar eignarnámið hefir farið fram, skal kirkjumálaráðherra ráðstafa landinu þannig:

a. Hafnarfjarðarbær gengur inn í afnot þeirrar hálflendu Hvaleyrar, sem er eign bæjarins, og jafnframt skal stjórnarnefnd Flensborgarskólans í Hafnarfirði skylt að selja Hafnarfjarðarbæ á leigu þá hálflendu Hvaleyrar, sem er eign skólans. Náist ekki samkomulag um leigumálann milli aðila, á Hafnarfjarðarbær rétt á að ganga inn í erfðafestusamning þann, sem stjórnarnefnd skólans gerði við Ingólf Flygenring hinn 15. júlí 1916.
b. Landið og afnotaréttinn, sem tekinn er eignarnámi samkvæmt ákvæðum 1. gr. b., d. og e., á Hafnarfjarðarbær rétt á að fá keypt eða selt á leigu, ef samkomulag næst.
c. Þegar afnotaréttur sá, sem um ræðir í 1. gr. c, hefir verið tekinn eignarnámi, á Reykjavíkurbær rétt á að fá umrædd lönd keypt eða seld á leigu, ef um semur.

3. gr.

Lönd þau, sem Hafnarfjörður og Reykjavík á þennan hátt fá umráð yfir, skal þeim þegar skylt að selja á leigu til ræktunar eða ráðstafa til ræktunar á annan hátt í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Þó mega bæirnir ekki selja löndin.

4. gr.

Ef um bætur verður að ræða fyrir eignarnámið, greiðir hvor bærinn um sig þær bætur, sem greiða þarf fyrir eignarnám þess landsvæðis eða þess afnotaréttar, sem þeir öðlast.

Jafnframt skal þeim skylt að greiða hlutaðeigandi hreppum þá tekjurýrnun, sem hreppsfélögin kunna að verða fyrir vegna eignarnámsins á landi eða afnotarétti.

Ef hlutaðeigandi bær og hreppur koma sér ekki saman um þetta atriði, skulu þrír menn, hagstofustjóri, búnaðarmálastjóri og einn maður, skipaður af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, meta, hvort um tekjurýrnun hafi verið að ræða og hve miklar bæturnar eigi að vera.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt í samráði við bæjarstjórann í Hafnarfirði, og fyldi því svo hljóðandi greinargerð:

„Það má undarlegt heita, hve mikið er af góðu ræktanlegu landi í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, sem enn liggur ónotað. Milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar eru örfá dreifð býli með sáralitlum túnblettum, en allt meginlandið óræktað. Mun þetta stafa af því aðallega, að bæirnir hafa ekki átt kost ræktanlegs lands, því áhugi manna fyrir ræktun hefir verið meiri en svo, að hægt hafi verið að fullnægja eftirspurninni.

Síðustu árin hefir því þó fengizt framgengt, að miklum hluta af landi Reykjavíkurbæjar hefir verið úthlutað til ræktunar. Árið sem leið voru seld á erfðafestu fleiri lönd í Reykjavík en nokkru sinni áður, og í undirbúningi er að selja á leigu Fossvoginn, sem er seinasta landsvæðið, sem bærinn á óúthlutað í nágrenni sínu.

Um sérhvert land eru margar umsóknir, og er því bersýnilegt, að miklu fleiri menn hér í Reykjavík vilja leggja fé og vinnu í jarðrækt en þess eiga nú kost. Er því bænum þegar mikil nauðsyn að geta fengið aukin lönd hér í nágrenninu til ræktunar.

Í Hafnarfirði hafa ræktunarmálin verið í alveg einstakri niðurlægingu. Jörðin Selskarð, kirkjujörð skammt frá Hafnarfirði, var árið 1912 seld fyrir 1125 krónur án þess bærinn reyndi að eignast hana. Þessi jörð var 1918 seld fyrir 7000 kr. og 1922 fyrir 11500 kr.

Jörðin Jófríðarstaðir, sem liggur inni í sjálfum bænum, hefir verið seld sex sinnum á síðustu 16 árum án þess að bærinn hafi nokkurntíma notað sér forkaupsrétt. Árið 1905 var hálflenda þessarar jarðar seld fyrir 3 þús. krónur, en 1922 fyrir 35 þúsundir.

Alþýðuflokkurinn fékk meiri hluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar árið 1926.

Jörðin Hraunsholt, kirkjujörð í nágrenni Hafnarfjarðar, var árið 1927 seld fyrir 6000 kr., en 1930 fyrir 24752 kr. En þar átti bærinn ekki forkaupsrétt.

Jörðin Arnarnes, kirkjujörð, sem liggur skammt frá Hafnarfirði og vel fallin til ræktunar, var árið 1923 að forgöngu þáverandi þingmanns Hafnarfjarðar seld fyrir 6000 krónur.

Jörðin Hvaleyri liggur sunnan Hafnarfjarðar og í næsta nágrenni hans. Eignaðist kaupstaðurinn þessa jörð hálfa árið 1912, en Flensborgarskólinn hefir átt hina hálflenduna síðan árið 1877. Ræktað og ræktanlegt land þessarar jarðar mun nú vera hátt á annað hundrað hektara. Að vísu er allmikill hluti þess grýtt land, en talsvert af því er þó einkar vel fallið til garðræktar.

Eignarhelming Hafnarfjarðarkaupstaðar festu forráðamenn bæjarins á sínum tíma í lífstíðarábúð, og við hana situr enn að mestu leyti.

Eignarhelmingur Flensborgarskólans var hinsvegar með bréfi dags. 15. júlí 1916 leigður hr. Ingólfi Flygenring fyrir 150 krónur á ári til 50 ára, og er sá samningur óuppsegjanlegur. Hefir því svo ógiftusamlega til tekizt, að þessi mikla en að mestu leyti óræktaða jörð undir handarjaðri bæjarbúa er þeim kvöðum bundin, að almenningur í Hafnarfirði hefir hennar engin not.

Á síðustu árum hefir hinsvegar vaknað ræktunaráhugi hjá mörgum mönnum í Hafnarfirði, og það litla land, sem þeir eiga aðgang að, verið tekið í not að miklu leyti.

Á Garðatorfunni í Álftaneshreppi eru 14 býli, öll ríkiseign, auk Hraunsholts og Selskarðs, sem seld hafa verið undan jörðinni, og öll í ábúð. Land jarðanna var óskipt, þannig að enginn þessara ábúenda gat tekið land til ræktunar, og háði þetta tilfinnanlega búskap á þessum jörðum og stóð í vegi fyrir ræktun. En með bréfi 28. marz 1930 fól þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra Búnaðarfélagi Íslands að annast um skipti á landi Garðatorfunnar, þannig að hvert býli fengi ákvarðað og útmælt það land, sem því bar. Búnaðarfélagið fól jarðræktarráðunaut sínum, Pálma Einarssyni, að framkvæma þessi skipti, og hafði hann lokið mælingum, uppdráttum og skiptum landsins vorið 1932. Í bréfi P. E. til ráðuneytisins 10. maí 1932 skýrir hann frá því, að sérhvert býli Garðatorfunnar hafi fengið 20—52 ha. af ræktanlegu landi, en auk þess hafi verið útmælt land undir tvö nýbýli, samtals 42,8 ha., úr landi sjálfs prestssetursins, sem talið var of mikið til þess að vera ein jörð. Þessi lönd fengu þeir Tryggvi Guðmundsson ráðsmaður og Hermann Jónasson lögreglustjóri, og eru það þessi lönd, sem Hafnarfjörður hefir sótzt eftir og ætlar að skipta niður í smábletti til ræktunar. Liggur nú fyrir í efri deild frv. til laga um eignarnám þessara framangreindu tveggja erfðafestulanda.

Það, sem fyrst verður að gera sér ljóst, er, eftir hvaða meginreglum á að leysa ræktunarmál Hafnarfjarðar.

Það má vera, að smálönd til grasræktar séu ekki heppilegt fyrirkomulag með öllu, að minnsta kosti í hinum stærri bæjum. Í Reykjavík hafa smærri graslönd flestöll verið seld og ekki þótt svara kostnaði að hafa hér 1—2 kýr. En atvinnuháttum Hafnarfjarðar er öðruvísi háttað. Þetta er og vel skiljanlegt. Það má grípa í það í hjáverkum að slá litinn grasblett og nytja hann, enda fellur þurrkun og hirðing heysins á þann árstíma, sem minnst er að gera við fiskverkun í verstöðvunum og þeim sjávarplássum, sem mest lifa á fiskverkun. Yrði því ræktun smábletta til að fylla út atvinnuleysistímabil, sem óhjákvæmilega hljóta að verða á þessum stöðum við fiskverkunina síðari hluta sumars, og gæti þetta létt lífsbaráttu fátækra verkamanna, með því að útvega þeim ódýra mjólk og garðávexti.

Einnig fer það nú í vöxt bæði hér og erlendis, að bæjarbúar hafi smálönd til garðræktar og til að byggja á lítið garðhús. — Garðræktin er þannig, að hana má hæglega stunda í hjáverkum, ef löndin liggja nægilega nærri bæjunum. Garðarnir geta gefið góða eftirtekju og vinnan í garðinum er hvíld og hollusta fyrir bæjarfjölskyldur um helgar og í öðrum frístundum.

Með þessi sjónarmið fyrir augum verður að líta á ræktunarmál og landþörf Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Samkvæmt manntali frá 1931 voru íbúar Hafnarfjarðar 3568. Miðað við þá íbúatölu er árleg mjólkurþörf bæjarins 1,4 millj. lítra. Svarar það til 550 meðalkýrnytja. Samkvæmt síðustu skýrslum, sem fyrir liggja, eru 70 mjólkurkýr í bæjarlandi Hafnarfjarðar. En til bæjarins er aðallega flutt mjólk úr Garðahreppi, og mun láta nærri, að þaðan sé flutt mjólk úr 180 kúm. Eins og nú standa sakir, skortir því mjög á, að Hafnarfjarðarbær og Garðahreppur framleiði þá mjólk, sem bænum er nauðsynleg, eða sem svarar mjólk úr 300 kúm.

Garðrækt er lítil í Hafnarfirði, þótt nokkuð hafi hún aukizt hin síðustu ár. Samkvæmt síðustu skýrslum, sem fyrir liggja, eru aðeins 4 ha. notaðir til garðræktar í bæjarlandinu, en framleiðslan 220 tunnur jarðepla og 80 tunnur rófur. Meðalneyzla jarðepla hér á landi hefir undanfarið reynzt 54 kg. á mann á ári. Miðað við hana þurfa Hafnfirðingar 1784 tunnur jarðepla til árlegrar neyzlu. Skortir því 1500 tunnur á það, að bærinn framleiði jarðepli handa sjálfum sér. Væri hinsvegar miðað við meðalneyzlu nágrannaþjóðanna á jarðeplum, en hún er hjá Norðmönnum 320 kg., hjá Dönum 300 kg. og Þjóðverjum 620 kg. á mann, yrði ræktunarþörfin margföld.

Ætti Hafnarfjarðarbær að fá fullnægt þörf íbúa sinna um mjólk og garðávexti, mun landþörf bæjarins samkvæmt framanrituðu þessi:

Ræktað land, er fóðri 300 kýr	375 ha.
Land til framleiðslu 1500 tn. jarðepla	15 —
Land til framleiðslu annara matjurta	5 —
Samtals	395 ha.

Ætti matjurtaræktin að vera byggð á ræktun einstaklinga, væri Jófríðarstaðaland og Hvaleyrartorfan langhentugust sakir legu sinnar; fjarlægðin 2 km. Sunnan í hæðinni, sem Hvaleyrin stendur á, er 10 ha. land, ágætlega til garðræktar fallið. Hvaleyrartúnin með óræktuðu mólendi vestur af þeim eru alls rúmir 20 ha., og mætti þar fá land til viðbótar, sem fullnægði þessari þörf Hafnfirðinga. Vegna þess hve Hvaleyrin er nærri Hafnarfirði, virðist eðlilegast að skipuleggja þar smágarðahverfi bæjarins, en slíkt er ógerningur þar, sem fjarlægðir eru meiri.

Hvaleyrin virðist því sjálfsögð í þessu augnamiði, bæði vegna nálægðar við Hafnarfjörð og vegna þess, að þar er ágætt garðræktarland, er liggur móti sól.

Ýmsir munu álíta, að með þessu sé samngjarnri landþörf Hafnarfjarðar fullnægt. Grasræktina eigi sjálfstæðir bændur að stunda í námunda við Hafnarfjörð og Reykjavík.

Landsvæðin, sem taka á eignarnámi samkv. frumvarpinu, eigi því að vera í ábúð bænda, en ekki afhenda þau hlutaðeigandi kaupstöðum. Það skal sérstaklega tekið fram, að ekki er ætlunin með frumvarpi þessu að ganga inn á það sem meginreglu að ákveða landþörf hvers kaupstaðar eftir mjólkurþörf hans og taka löndin kringum kaupstaðina eignarnámi samkvæmt því. En hér virðist standa nokkuð sérstaklega á. Stór landsvæði eru ónotuð milli bæjanna. Í báðum bæjunum, einkum í Reykjavík, er mikið atvinnuleysi, en mikil eftirspurn eftir landi

til ræktunar. Frumvarpið á því að tryggja það, að lönd, sem nú liggja ónotuð, verði ræktuð og við það skapist atvinna og síðar arður af löndunum.

Fyrir þess sök virðist það ekki aðeins réttlætanlegt, heldur næsta sjálfsagt, að þessi lönd verði tekin eignarnámi.

Þá er það enn athugandi, hvort sérstaklega sé gengið á rétt einstaklinga eða sveitarfélaga með eignarnámi þessu.

Þegar um Hvaleyrina ræðir, þá eru þeir samningar, sem um hana gilda, gerðir af því fyrirhyggjuleysi um almennan hag Hafnfirðinga, að ekki er nema sjálfsagt, að löggjöfin komi þar til hjálpar á þann hátt, sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Arnarnesið keypti núverandi ábúandi árið 1923 fyrir 6000 kr., svo sem áður er sagt, og er ekki nema sanngjarnt, svo sem á stendur, að eigandi þeirrar jarðar láti nú af hendi fyrir matsverð það af landi jarðarinnar, sem hann notar ekki, enda ákveðið í frumvarpinu, að hann haldi allt að 20 ha. af ræktuðu og ræktanlegu landi.

Um lönd þeirra þriggja manna, sem um getur í 1. gr. b., er þess að geta, að allir þessir menn hafa þegar hafið verulegan undirbúning undir ræktun með framræslu og öðrum aðgerðum, og hefir við það skapazt atvinna umfram það, sem á sér stað um hin tiltölulega viðáttumiklu lönd, sem enn liggja óhreyfð á jörðum þeim, er frv. fjallar um. Þótt ekki skapist auknir atvinnumöguleikar við það, að löndin séu tekin úr höndum þessara manna og afhent Hafnarfjarðarbæ, þykir allt um það ástæða til, að það sé gert, sakir staðhátta, ef með því mætti takast að koma ræktunarmálum Hafnarfjarðar í horf. Hinsvegar væri það sanngjarnt, að þessir menn sætu að öðru jöfnu fyrir ræktunarlandi úr landi Kópavogs eða Digraness, þar eð þeir eiga allir heimili í Reykjavík.

Jörðin Kópavogur er þjóðjörð í ábúð kvenfélagsins Hringurinn, sem starfrækir hressingarhæli það, sem reist hefir verið á jörðinni. Ræktað land þessarar jarðar er 4,7 ha., en ræktanlegt land 70—90 ha. Talið er, að 20 ha. af ræktuðu landi fullnægðu þörfum hælisins, enda mest af landinu ónotað, en sumt leigt til hagbeitar. Ríkisstjórnin mun á síðasta ári hafa farið fram á, að kvenfélagið léti af hendi land það, sem það hingað til hefir leigt til hagbeitar, svo tekið yrði til ræktunar, en þeirri málaleitun var synjað. Þess má geta, að dvalarkostnað sjúklinga á hæli þessu greiðir ríkissjóður með jafnháum daggjöldum og hvar sem er annarsstaðar.

Jörðin Digranes er og þjóðjörð í ábúð. Ræktað land þessarar jarðar er 4,3 ha., en ræktanlegt land ca. 100 ha. Í frv. er ráðgert, að býli þessu fylgi 20 ha. af ræktanlegu landi. En nú er mest af landinu leigt til hagbeitar. Ábúandinn á þessari jörð mun ekki ófús til að afhenda nokkuð af landi jarðarinnar.

Svo sem að líkum lætur, væri það nokkur viðbót við ræktanlegt land Reykjavíkurbæjar, sem fengist með eignarnámi því, sem hér er gert ráð fyrir á löndum þessara jarða. Og verði frv. þetta að lögum, þá eykur það eigi alllítið atvinnu- og afkomumöguleika manna í báðum bæjunum, enda ekki vanþörf, svo sem nú er háttað atvinnulífi Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Að sjálfsögðu þótti rétt að kveða á um það í frv., að stuðzt yrði við tillögur Búnaðarfélags Íslands um þessi mál, og að hlutaðeigandi bæjarfélag greiddi

hreppsfélaginu tekjurýrnunina, sem kann að leiða af eignarnáminu fyrir hreppsfélagið".

Hér aftan við er prentaður sem fylgiskjal staðfestur útdráttur úr fundargerð bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um leigu á Sveinskoti á Hvaleyri, og þykir rétt að birtist í þingskjali til samanburðar við leigumála, er áður hafa verið prentaðir.

Fylgiskjal.

Ár 1929, hinn 21. maí, samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi eftirfarandi tillögur fasteignanefndar um leigu á Sveinskoti á Hvaleyri:

„Þar sem Guðmundur Kristmundsson, Bröttugötu 6, sækir um ábúð á jörðinni, leggur nefndin til, að honum verði leigð jörðin frá næstu fardögum að telja um næstu 5 ár. Eftirgjald sé kr. 350,00 á ári, og vinni ábúandi að jarðabótum að auki minnst 25 dagsverk á jörðinni. Ábúandi haldi vel við byggingum á sinn kostnað. Sand- og malartekja er undanskilin leigunni".

Rétt eftirrit staðfestir

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði.

Emil Jónsson.

Ed. 139. Frumvarp

til laga um veitingaskatt.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 10% skatt af söluverði matfanga, drykkjarfanga og annara neyzluvara, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum eða öðrum þeim veitingastöðum, sem leyfi þarf til að reka samkv. lögum nr. 21, 15. júní 1926. Ennfremur eru skattskyldar veitingar í kökubúðum (konditori) og tækifærisveitingar þær, sem leyfi þarf til þess að hafa um hönd samkv. áðurnefndum lögum. Skattur samkvæmt lögum þessum skal þó eigi reiknaður af öðrum veitingum en þeim, sem seldar eru til neyzlu á staðnum.

Nú er rekin veitingastarfsemi, sem eigi þarf leyfi til þess að reka samkv. gildandi lögum, en er þó sama eðlis og sú veitingasala, sem skattskyld er samkvæmt framanrituðum ákvæðum, og ber þá að innheimta skatt af þeirri starfsemi.

2. gr.

Veitingasalar, er selja fæði, mjólk og skyr, enda sé hver fullkomin máltíð eigi seld hærra en kr. 1.25, mjólk og skyr eigi með meira álagi en 25% frá söluverði á staðnum, greiða eigi skatt af slíkri sölu, enda sanni þeir fyrir innheimtumanni skattsins, hversu mikill hluti allrar sölu þeirra sé skattfrjáls samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Ef veitingasali, sem veitingaskatt á að greiða samkvæmt lögum þessum, selur sama manni fæði í einn mánuð eða lengri tíma með hærra verði en segir í 2. gr., greiðir hann skatt af ⅓ hluta slíkrar sölu, enda geri hann innheimtumanni skattsins fulla grein fyrir því, hve miklu fæðissala þessi nemi. Fjármálaráðuneytið getur þó sett hámarksákvæði um verð þess fæðis, sem undanþegið er skatti að ⅓ samkvæmt þessari grein, og séu þau ákvæði miðuð við verðlag á hverjum stað. Séu sett hámarksákvæði samkvæmt framanskráðu, er skattskyld að fullu sú upphæð af verði fæðisins, sem er yfir hámarksákvæðið.

4. gr.

Undanþegnar skatti samkv. lögum þessum eru veitingar handa starfsmönnum við fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt þeim, hvort sem þær eru látnar af hendi endurgjaldslaust eða með niðursettu verði.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að undanþiggja veitingaskatti veitingasölu, sem rekin er af félögum í góðgerðaskyni, eða þann rekstur, sem eigi er rekinn til hagsmuna fyrir einstakling, enda séu alveg sérstakar ástæður fyrir hendi.

5. gr.

Allir þeir, sem skyldir eru til að greiða veitingaskatt samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna innheimtumanni skattsins um rekstur sinn innan mánaðar frá því, að lög þessi öðlast gildi. Í tilkynningunni skal skýrt fram tekið, hverskonar reksturinn er, hver (hverjir) sé eigandi hans og hver (hverjir) stjórnandi. Ennfremur, hve margir starfsmenn vinni við reksturinn.

Þeir, sem eftir að lög þessi ganga í gildi byrja starfsemi, sem veitingaskatt ber að greiða af samkvæmt þeim, eru skyldir að tilkynna innheimtumanni skattsins um starfsemina áður en hún hefst og láta fylgja þær upplýsingar, sem getið er um í næstu málsgrein hér á undan.

Hætti starfsemi, sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum, eða breyti um starfshætti eða heimilisfang, ber að tilkynna það tafarlaust innheimtumanni skattsins.

6. gr.

Allir veitingasalar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að færa bækur sínar þannig, að greinilega sjáist sala hvers dags. Ber að bókfæra allt, sem selt er á hverjum degi, án tillits til þess, hvort greiðsla fer fram samdægurs. Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um bókhald veitingasala. Í lok hvers mánaðar, og í síðasta lagi innan 7 daga frá mánaðarlokum ber veitingasala að senda innheimtumanni skattsins tilkynningu, undirritaða af eiganda eða stjórnanda, um samanlagða veitingasölu í mánuðinum, og ennfremur öll gögn viðvíkjandi undanþágum þeim, sem um getur í 2. og 3. gr. þessara laga, ef um þær er að ræða. Samkvæmt þessari tilkynningu ber veitingasala að greiða skattinn eigi síðar en 7 dögum eftir að tilkynning má í síðasta lagi vera gefin út.

Í hver ársfjórðungslok ber að senda innheimtumanni skattsins rekstrarreikning veitingasölunnar fyrir ársfjórðunginn, ásamt nauðsynlegum fylgiskjölum.

Veitingaskattur er forgangskrafa, og má taka hann lögtaki.

7. gr.

Innheimtu veitingaskatts og eftirlit með rekstri skattskyldra veitingastaða annast lögreglustjórar utan Reykjavíkur, en í Reykjavík tollstjóri, enda tilkynni lögreglustjóri í Reykjavík tollstjóra tafarlaust um alla þá, er veitingaleyfi leysa, og lögmaður um alla þá veitingasala, sem látast eða verða gjaldþrota.

8. gr.

Innheimtumenn veitingaskattsins hafa rétt til þess að framkvæma nákvæmt eftirlit með öllum skattskyldum veitingastöðum og rannsaka bókhald þeirra. Geta þeir krafizt þess, að bækurnar séu þeim afhentar til eftirlits, ásamt fylgiskjölum, þegar ástæða þykir til. Forstöðumenn og aðrir starfsmenn á veitingastöðum eru skyldir að láta í té nauðsynlega aðstoð og upplýsingar við eftirlitið.

Innheimtumaður hefir rétt til þess að krefjast upplýsinga um veitingasölu og annað, sem snertir rekstur fyrirtækisins, af hverjum starfsmanni þess, og ennfremur þeim, er vörur selja eða önnur viðskipti hafa við veitingasöluna.

9. gr.

Þeim, sem eftirlit og innheimtu hafa á hendi samkv. lögum þessum, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir kunna að komast að sökum starfs síns um efnahag eða rekstur veitingasala.

10. gr.

Kostnaður við innheimtu og eftirlit samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Ef bækur þær, sem halda á samkv. 6. gr., ásamt þar greindum reikningum, eru ekki færðar eða þær eru rangt færðar, eða ef hinar mánaðarlegu tilkynningar eru rangar eða ekki sendar skattheimtumönnunum, skal viðkomandi veitingamaður greiða sekt, sem er tíföld sú skattupphæð, er tapazt hefir við vanrækslu hans, og auk þess greiða hinn vantalda veitingaskatt. Þó má sektin aldrei nema minnu en 100 kr., auk hins vantalda skatts. Ef ekki er hægt að sjá, hve undandráttur skattsins hefir numið miklu, skal hinn brotlegi veitingamaður sæta sekt, sem nemur 100—10000 kr., og auk þess greiða veitingaskatt, sem nemur jafnhárri upphæð og hin ídæmda sekt.

Ef það sannast, að framangreind brot eru gerð með ráðnum hug og í sviksamlegum tilgangi, má sektin nema allt að 20000 kr., eða dæma má hinn brotlega í allt að 6 mánaða einfalt fangelsi.

12. gr.

Nú er rekin veitingastarfsemi, sem skattskyld er samkv. 1. gr., og vanrækir eigandi eða forstjóri starfseminnar að tilkynna það hlutaðeigandi yfirvaldi samkv. 5. gr. Skal þá greiða í sekt fyrir dag hvern, sem veitingastarfsemi þessi er rekin án þess að vera tilkynnt, allt að 500 kr. Fyrir brot á öðrum ákvæðum 5. gr. laga þessara skal hinn brotlegi sæta allt að 1000 kr. sekt.

13. gr.

Ef veitingasali greiðir ekki veitingaskatt innan þess gjalddaga, sem ákveðinn er í 6. gr., ber honum að greiða 1% í dráttarvexti fyrir hvern dag, sem greiðslan dregst fram yfir lögmæltan gjalddaga.

14. gr.

Öll brot gegn lögum þessum, sem ekki eru ákveðin sérstök viðurlög og refsing fyrir samkv. 11., 12. og 13. gr., varða 100—1000 kr. sektum, og allt að 5000 kr. sektum, ef um endurtekin brot er að ræða. Nú hafa brot þessi valdið skatttapi, og fer þá um sektir og greiðslu vangoldins skatts svo sem segir í 11. gr.

15. gr.

Hegningarákvæðum laga þessara ber að beita gegn þeim, sem stjórnar veitingastarfseminni, og sömuleiðis gegn þeim, sem færa bækurnar og reikningana samkv. 6. gr. Nú sannast, að afgreiðslufólkið eða aðrir þeir, sem vinna við veitingastarfsemina, eru meðsekir í brotum gegn lögum þessum, og skal þá hver hinna brotlegu starfsmanna einnig greiða sekt, sem nemur ⅕ hluta af sekt þeirri, sem brotið varðar.

Greiðist sektir ekki, ber að innheimta þær með aðför að lögum. Ber eigandi veitingafyrirtækisins ábyrgð á greiðslu allra þeirra sekta, sem starfsmönnum fyrirtækisins er gert að greiða. Hafi eigandi leigt veitingastarfsemina, ber leigjandi einnig ábyrgð á greiðslu allra þeirra sekta, sem starfsmönnum fyrirtækisins er gert að greiða.

Nú innheimtist sektin ekki, þrátt fyrir aðför að lögum, og má þá láta hvern þann, sem dæmdur hefir verið til þess að greiða sektina, afplána sektina lögum samkvæmt.

16. gr.

Innheimtumanni skattsins er skylt að tilkynna fjármálaráðuneytinu tafarlaust, ef hann verður þess var, að veitingaskattur sé undandreginn eða að lög þessi séu brotin. Ákveður ráðuneytið refsinguna, nema það eða hinn seki óski málinu vísað til aðgerða dómstólanna, og skal þá farið með málið sem almennt lögreglumál.

17. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum greiðast í ríkissjóð. Þó má greiða lögregluþjóni, tollþjóni eða öðrum þeim, sem hefir kært eða komið upp hinu ólöglega athæfi, allt að helmingi sektanna, ef þeir eru ekki samsekir í hinu brotlega athæfi.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem nú er töluvert liðið á þingtíma, án þess að þingið hafi enn gert nokkrar verulegar tilraunir til að afla fjár með nýjum sköttum, bæði til

að mæta greiðsluhalla undangengins árs og yfirvofandi greiðsluhalla á þessu ári. Þar að auki er bersýnilegt, að þetta þing verður að afla mikilla nýrra tekna vegna kreppuvandræða á yfirstandandi tímum. Frv. er að miklu leyti samið með hliðsjón af löggjöf um sama efni í næstu löndum.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að greiddur verði 10% skattur í ríkissjóð af matar- og drykkjarföngum og öðrum neyzluvörum, sem seldar eru á veitingastöðum. Alþingi hefir með lögum nr. 21, 15. júní 1926, mælt fyrir um, að sérstakt leyfi þyrfti til þess að reka veitingastaði, og þá með það fyrir augum meðal annars, að ekki væri æskilegt fyrir bæjar- eða sveitarfélög, að veitingastarfsemi væri engum takmörkum háð.

Hugsun sú, sem liggur til grundvallar fyrir frv. þessu, er að nokkru skyld hugsun þeirri, er áðurnefnd lög frá 1926 um veitingaleyfi byggjast á. Eins og það er ekki talið heppilegt fyrir sveitarfélögin eða landið í heild, að hægt sé að setja á stofn ótakmarkaðan fjölda veitingastaða, eins er það heldur ekki í frv. þessu talið hyggilegt eða æskilegt, að einstaklingarnir eyði miklu fé á slíkum stöðum, og þykir því rétt að leggja nokkurn skatt á þessa eyðslu, ekki sízt nú, þegar ekki verður komizt hjá því að þyngja á sköttum og tollum til þess að afla ríkissjóði tekna á þessum alvarlegu krepputímum. Það fólk, sem einkum sækir á veitingastaði, er einhleypt fólk, ef það hefir peningaráð, sem ekki hugsar um að spara fé sitt, en eyðir fénu jafnskjótt og það aflast til þess að veita sér skemmtanir og lífsþægindi. Að öðrum þræði munu og veitingastaðirnir sóttir af fólki, sem hefir nokkur fjárráð og þarf þess vegna ekki að neita sér um lífsþægindi. Skattur þessi verður því fyrst og fremst eyðsluskattur, sem kemur til að hvíla á eyðslu einhleypa fólksins og þeirra manna, sem betur mega í þjóðfélaginu.

Engin gögn eru fyrir hendi um það, hvað veitingar þær muni hafa numið miklu undanfarin ár, sem skattskyldar eru samkv. frv. þessu, og er því ómögulegt að áætla, hvað skatturinn kynni að gefa í tekjur. Nefna mætti þó, að fjögur stærstu veitingahúsin í Reykjavík hafa selt fyrir 1¼ millj. kr. árið 1930. Það ár var þó óvenjulega gott fyrir veitingahúsin, svo ekki verður nema að nokkru miðað við þá tölu. Óvarlegt sýnist þó ekki að draga ⅓ part frá þessari upphæð, og myndi þá veitingaskattur þessara 4 veitingahúsa nema freklega 80 þús. kr. Nú eru bæði í Reykjavík og um land allt fjöldamargir veitingastaðir, sem skattskyldir eru, verði frv. þetta að lögum, og er ekki ólíklegt, að þeir allir gæfu sízt minni skatt en þessir 4 áðurnefndu veitingastaðir. Ef þetta er nálægt lagi, ætti að mega áætla tekjuauka af veitingaskatti 150–200 þús. kr. á ári.

Með tilliti til þess, að veitingaskattur er í eðli sínu skattur á eyðslu manna, þótti rétt að undanþiggja skatti ódýra fæðissölu, þótt önnur veitingastarfsemi væri rekin jafnhliða, ennfremur að undanþiggja að mestu leyti eða að ⅔ fæðissölu, þegar um lengri tíma er að ræða (sbr. 2. og 3. gr.). Þá þótti ennfremur rétt að undanþiggja skatti mjólkur- og skyrsölu, ef verðinu væri stillt í hóf (sbr. 2. gr.). Liggja til þess þau rök, að mjólk og skyr á ekkert skylt við munaðarvöru, neyzla þeirra er æskileg, af því að um hollar, hressandi og næringarefnaríkar fæðutegundir er að ræða, og því rétt að stuðla að aukningu neyzlu þeirra, þannig að mjólk og skyr gæti að einhverju leyti komið í staðinn fyrir kaffi, öl og aðrar slíkar vörur. Auk þess er hér um alinnlendar vörur að ræða.

Engin ástæða þykir til þess að skýra sérstaklega einstakar greinar frv. frekar en gert er í þessari almennu greinargerð fyrir frv.

Nd. 140. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 23, 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Flutningsm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi svo hljóðandi grein, er verður 2. gr.:

Ennfremur skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, til þess að standa straum af útgjöldum kaupstaðarins, heimilt að leggja á vörur, sem fluttar verða til og frá Vestmannaeyjum, sérstakt vörugjald, er nemi allt að 50% af vörugjaldi til Vestmannaeyjahafnar eins og það er á hverjum tíma, og skal um upphæð gjaldsins og innheimtu ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórn semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir.

Gjald þetta má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að vörur megi ekki afhenda eða afgreiða til útflutnings, nema sýnd sé kvittun fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir séð sig knúða til þess að leita til Alþingis um þessa breyting á tekjuöflun handa kaupstaðnum, vegna þess að það hefir sýnt sig hin síðari ár, eftir að kreppan skall á, að innheimta útsvara er orðin mjög erfið, enda þótt útsvarsupphæðinni hafi verið haldið svo lágri sem nokkur kostur hefir verið. Á fjárhagsáætlun kaupstaðarins fyrir árin 1931 og 1932 var útsvarsupphæðin ákveðin kr. 130503.00 og kr. 150063.00, en fyrir árið 1933 hefir ekki verið hægt að komast hjá því að hækka útsvarsupphæðina verulega, eða upp í kr. 188423.00. Á síðastliðnu ári varð kaupstaðurinn að verja óvenjumiklu fé úr bæjarsjóði til atvinnubóta og fátækraframfæris.

Meðal annars vegna þess, að viðbúið er, að enn verði miklu fé að verja í þessu skyni, telur bæjarstjórn hækkun útsvara ekki einhlíta og hefir því ákveðið að fara fram á, að Alþingi heimili henni að afla nokkurra tekna með sérstöku vörugjaldi til bæjarsjóðs, eins og frv. ber með sér.

Nú rennur til hafnarsjóðs gjald af öllum vörum, sem fluttar eru um Vestmannaeyjahöfn, og hefir það numið árin 1930 og 1931 kr. 86882.84 og kr. 96234.49.

Bæjarstjórnin hefir hugsað sér að hafa gjald þetta með svipuðum hætti og vörugjaldið til hafnarsjóðs, en um upphæð þess fari eftir ákvörðun bæjarstjórn-

ar og ráðuneytis, eftir því sem þurfa þykir á hverjum tíma, með þeim takmörkunum, sem frv. gerir ráð fyrir.

Nd. 141. Frumvarp

til laga um samþykktir um mat á heyi til sölu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir fyrir einn hrepp eða fleiri um mat á heyi til sölu.

2. gr.

Þegar samþykkt er gerð á sýslufundi, skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlazt er til, að samþykktin nái yfir. Sýslunefndin ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er hún kýs til, auglýsir fundardag og stjórnar fundi. Atkvæðisrétt á þeim fundi eiga allir, er kosningarrétt hafa í sveitarmálefnum.

3. gr.

Á fundi þeim, sem um getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp sýslunefndarinnar til samþykktar. Fallist fundurinn með ⅔ atkvæða á frumvarpið óbreytt, sendir sýslumaður það atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær.

Fallist sýslunefnd ekki á breytingar fundarins, skal kveðja til fundar á ný, og samþykki fundurinn þá frumvarpið óbreytt með ⅔ atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

Frumvarp, sem ekki nær ⅔ atkvæða á samþykktarfundi, er fallið.

4. gr.

Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en hún þykir fara í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, eða hún virðist ekki tryggja nægilega hag kaupanda eða seljanda heys, og synjar þá ráðherra um staðfestingu, endursendir frumvarpið og tilgreinir ástæður fyrir synjaninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla þá, sem kaupa eða selja hey, sem framleitt er á samþykktarsvæðinu.

Staðfestri samþykkt verður ekki breytt á annan hátt en til hennar var stofnað.

5. gr.

Í samþykkt skal ákveða:

a. Að allt hey, sem selt er kaupanda utan hrepps, skuli metið af matsmönnum, er lögreglustjóri nefnir til, nema aðilar séu á annað sáttir. Lögreglu-

stjóri setur heymatsmönnum erindisbréf, og skulu þeir undirrita drengskaparvottorð áður en þeir taka við starfi sínu, um að þeir vilji rækja það af alúð og samvizkusemi.

b. Hversu flokka skal hey eftir gæðum.
c. Hvar mat skal fram fara.
d. Um merkingu á heyi og umbúnað við sendingu.
e. Um borgun til matsmanna.
f. Annað, sem þurfa þykir, eftir atvikum og staðháttum.

6. gr.

Í samþykktum má ákveða sektir í sýslusjóð, allt að 500 kr., fyrir brot gegn þeim. Mál út af þeim brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 142. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50, 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

Lög um útflutning hrossa voru afgreidd á síðasta þingi. Sú hugsun vakti þá fyrir þinginu, að með aukinni vöruvöndun kynni að reynast kleift að vinna á ný markað fyrir hross.

Þetta er enn skoðun landbúnaðarnefndar. Hinsvegar viðurkennir nefndin, að á yfirstandandi vandræðatímum er sérstök ástæða til að halda til verðs öllum þeim vörum landsmanna, sem seljanlegar eru. Þess vegna vill n. fallast á, að efni frv. verði samþ. sem bráðabirgðaráðstöfun, er gildi til ársloka 1935, en leggur til svofellda

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Aftan við 2. gr. laganna bætist:

Til ársloka 1935 getur ráðherra á sama hátt veitt leyfi til þess, að hross séu flutt út á tímabilinu frá 15. okt. til febrúarloka.

Alþingi, 10. marz 1933.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Pétur Magnússon, fundaskrifari.	Jón Jónsson.

Ed. **143. Frumvarp**

til laga um leiðsögu skipa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI

Um leiðsöguumdæmi og leiðsögumenn.

1. gr.

Skipa skal leiðsögumenn umhverfis land allt. Í reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur, skal kveðið á um skipting og tölu leiðsöguumdæma, hvar leiðsögumenn skulu skipaðir og hve margir í stað. Þar skal og kveðið nánar á um starf þeirra, skyldur og réttindi.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, er skipstjóra frjálst, hvort hann notar leiðsögumann eða ekki, en ráðherra er heimilt, þegar nauðsyn þykir, að fyrirskipa leiðsöguskyldu fyrir skip á ákveðnu svæði.

2. gr.

Ráðherra skipar leiðsögumenn og víkur þeim frá. Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra hafnsögumanna, sem skipaðir eru fyrir sérstakar hafnir samkvæmt sérstökum lögum, en um réttindi þeirra til leiðsögu um stærri svæði ákveður ráðherra.

3. gr.

Löggiltur leiðsögumaður skal fylla þau skilyrði, sem hér segir:

1. Vera íslenzkur ríkisborgari, minnst 25 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, góða heilsu, sjón og heyrn.
2. Vera vanur sjómaður, reglusamur og gætinn og að jafnaði hafa tekið stýrimannspróf.
3. Vera kunnur stjórn stórra skipa, þekkja erlenda fána, allsherjar siglingareglur, allsherjarreglur um ljós- og hljóðbendingar skipa og neyðarmerki, notkun sjókorta og áttavita.
4. Vera nákunnugur siglingaleiðum, straumum, sjávarföllum, grynningum, skerjum, boðum, skipalegum, miðum, ljósum, duflum og öðrum siglingamerkjum, allt á leiðsögusvæði sínu.
5. Kunna nokkuð í útlendum málum, sérstaklega ensku og einu Norðurlandamáli.
6. Kunna að leggja skipi að bryggju og báti að skipshlið.
7. Vera nákunnugur öllum reglum fyrir leiðsögumenn og hafnarreglugerðum á svæði sínu.
8. Vera kunnur löggjöf um tolla og gjöld skipa og um sóttvarnarreglur þeirra.

4. gr.

Ráðherra skipar leiðsögumenn eins marga og þurfa þykir. Eru þeir skipaðir um óákveðinn tíma, en 5. hvert ár skulu þeir leggja fram læknisvottorð um heilsu, sérstaklega sjón og heyrn. Nú er slíkt vottorð ekki talið fullnægjandi, eða aðrar ástæður valda, að leiðsögumaður er ekki talinn fullnægja kröfum þeim, sem til hans eru gerðar, og er þá ráðherra heimilt að afturkalla skipun hans. Þar sem hafnarnefnd er, fer skipun leiðsögumanna og afturköllun hennar fram að fengnum tillögum nefndarinnar, sbr. þó. 2. gr. Á öðrum stöðum skulu fengnar tillögur hreppsnefndar og umsögn sýslumanns.

II. KAFLI

Um réttindi og skyldur leiðsögumanna.

5. gr.

Leiðsögumenn eru skyldir til að vera toll- og heilbrigðisstjórn hjálplegir í starfi þeirra eftir föngum. Þeir skulu og tafarlaust gera vitamálastjóra aðvart um allt, sem ábótavant eða skakkt er í vitum, leiðarmerkjum svo og allar torfærur og tálmanir siglingum skipa.

6. gr.

Leiðsögumenn hafa yfirleitt einir heimild til að vísa skipum leið fyrir borgun, hver á sínu svæði. Ráðherra setur gjaldskrá um störf þeirra og birtir hana í Stjórnartíðindum. Skulu leiðsögumenn ávallt hafa hana með sér þegar þeir eru að leiðsögustarfi. Nú óskar skipstjóri að fá leiðsögumann út fyrir leiðsögusvæði hans, og ber honum þá að semja sérstaklega við leiðsögumanninn um þóknun fyrir þann hluta leiðsögunnar. Komi skipið í ferð sinni inn á svæði annars leiðsögumanns, ber skipstjóra að kalla til leiðsögumann svæðisins, nota aðstoð hans innan þess og greiða honum eftir gjaldskrá.

7. gr.

Á hverjum leiðsögustað skulu venjulega vera a. m. k. 2 lögskipaðir leiðsögumenn, og skal a. m. k. annar þeirra ávallt vera viðbúinn að veita skipi leiðsögu, ef á þarf að halda. Eldri eða elzti leiðsögumaðurinn að starfsaldri eða sá, sem ráðuneytið hefir tilnefnt, er talinn leiðsöguformaður á staðnum og ákveður í hvert skipti, hver skuli veita leiðsögu, sem beðið er um. Ef óskað er, má þó fela þessa yfirstjórn leiðsögu- og hafnsögumanna á ákveðnu svæði hafnarstjóra eða formanni hafnarnefndar.

8. gr.

Nú gefur skipstjóri merki um, að hann óski að fá leiðsögumann, en enginn kemur, og skal þá öðrum manni, sem telur sig nægilega kunnugan starfinu, heimilt að bjóða að vísa skipi leið þangað til leiðsögumaður er kominn, en honum ber þegar í stað að benda skipstjóra á, að hann sé ekki lögskipaður

leiðsögumaður, og skipstjóra ber að sýna leiðsögumerkið, þótt sá, er aðstoð sína bauð, sé kominn á skipsfjöl, og ber hinum kunnuga manni að láta af leiðsögu þegar leiðsögumaður er kominn á skip. Nú vanrækir hinn ólöggilti maður að gera skipstjóra aðvart um, að hann sé ekki löggiltur leiðsögumaður, og varðar það sektum samkvæmt 27. gr. Nú dregur skipstjóri niður leiðsögumerkið meðan hinn kunnugi maður er um borð, enda þótt hann viti, að hann sé ekki löggiltur leiðsögumaður, og varðar það sektum. Meðan hinn ólöggilti maður er á skipinu, skal bæði hann og skipstjóri hafa gát á, hvort hinn löggilti leiðsögumaður sé í nánd og taka hann á skipsfjöl eins fljótt og unnt er. Tekur hann þá þegar við leiðsöunni, en hið lögboðna leiðsögugjald skiptist milli beggja hlutfallslega eftir vegalengd. Skipstjóra er heimilt að notfæra sér þekkingu þeirra skipverja, sem eru kunnugir siglingum á sérstökum svæðum.

9. gr.

Enginn leiðsögumaður má vísa skipum leið á öðru leiðsögusvæði en sínu eigin, nema ekki náist í leiðsögumenn þess. Leiðsögumanni er þó heimilt með leyfi skipstjóra að vera áfram í skipi, sem hann hefir veitt leiðsögu, og að veita því leiðsögu í bakaleið. Annars mega leiðsögumenn ekki taka að sér leiðsögu til baka, nema í samráði við leiðsögumenn svæðis síns, eða engir leiðsögumenn séu þar fáanlegir.

10. gr.

Leiðsögumenn fá þóknun fyrir leiðsögustörf sín eftir gjaldskrá, er ráðherra semur. Leiðsögumenn skulu sjálfir sjá sér fyrir farartæki út í skip, en þar, sem hafnarsjóður er, skal leiðsögumaður hafa aðgang að farkosti hafnarinnar til þess, að svo miklu leyti, sem það er hægt vegna annara starfa bátanna.

III. KAFLI

Um leiðsögu.

11. gr.

Leiðsögumenn skulu hafa gætur á skipum, sem nálgast, og veita því nákvæma athygli, hvort þau sýna hið alþjóðlega merki um, að þau óski leiðsögu. Skal leiðsögumaður fara út í skip það, er leiðsögu beiðist, eins fljótt og ástæður leyfa. Nú koma fleiri en eitt skip samtímis, og tekur þá hver leiðsögumaður sitt skip, en að jafnaði skal það skip tekið fyrst, sem næst er komið aðsetri leiðsögumanns.

12. gr.

Skipstjóri, sem vill fá leiðsögumann, skal í tæka tíð sýna hið fyrirskipaða alþjóðaleiðsögumerki, en það skal taka burt þegar er leiðsögumaður er kominn á skipsfjöl.

Nú vill skipstjóri fá leiðsögumann, er hann leggur úr höfn, og skal hann þá beiðast þess í tæka tíð hjá leiðsögumanni eða leiðsöguformanni þar.

13. gr.

Ráðherra lætur gera hæfilega mörg einkennismerki handa leiðsögumönnum, og skal afhenda hverjum leiðsögumanni eitt slíkt merki um leið og hann er skipaður í stöðuna. Leiðsögumaður skal, meðan hann er að starfi sínu, hafa þetta leiðsögumerki hjá sér, og skal hinn löggilti hafnsögufáni hafður uppi á bátnum, sem flytur leiðsögumanninn. Ennfremur skal starfandi leiðsögumaður hafa með sér reglur, sem settar eru um leiðsögu.

14. gr.

Skipstjóri, sem gefið hefir leiðsögumerki, skal stýra skipi sínu þannig, að leiðsögumaður komist sem fljótast og hægast upp í það.

Nú kemst leiðsögumaður ekki í skip, og skal hann þá fara á undan á bát sínum og gefa með bendingum merki um, hvernig skipi skuli stýrt.

15. gr.

Þegar leiðsögumaður er kominn í skip til þess að veita því leiðsögu, ber honum fyrst að leita sér upplýsinga um, hve djúpt skipið ristir og um brúttóstærð þess, og síðan um annað, sem nauðsynlegt er fyrir hann að vita. Jafnframt ber honum að leita upplýsinga um, hvort eldfim efni eða sprengiefni séu í skipi. Þegar nálgast höfn, ber honum að kynna skipstjóra þau ákvæði hafnarreglugerðar, sem gæta skal við innsiglingu á höfnina. Nú gefur skipstjóri rangar eða ófullnægjandi upplýsingar, og ber hann þá sjálfur alla ábyrgð á þeim skaða, sem skipið kann að verða fyrir vegna þess.

16. gr.

Á skipinu fær leiðsögumaður, auk lögákveðins eða umsamins gjalds, ókeypis fæði, og skal hann auk þess eiga kost á viðunandi hvíldarstað til afnota, þegar tími og ástæður leyfa. Nú óskar leiðsögumaður að hafa mann með sér til aðstoðar á skipinu, og fær þá sá maður einnig ókeypis fæði og hvíldarstað, en ekkert kaup.

Að jafnaði skal skipstjóri, þegar leiðsögumaður óskar þess, hafa bát hans í eftirdragi og lána kaðla til þess. Nú stendur svo á, að það er ekki hættulaust fyrir skip eða bát að hafa leiðsögumannsbát í eftirdragi, og skal þá skipstjóra heimilt að neita að taka hann, en verður þá að bæta leiðsögumanni þann aukakostnað, sem hann verður fyrir vegna þess.

17. gr.

Leiðsögumaður ber ábyrgð á leiðsögu sinni. Hann segir fyrir um stjórn skipsins og gætir þess, að allt sé framkvæmt, sem nauðsynlegt er til þess að skipið komist leiðar sinnar óskemmt og án óþarfra tafa.

Leiðsögumaður hefir ekki vald til þess að gefa skipshöfninni fyrirskipanir, en ef sá, sem fyrirskipunarvaldið hefir, framkvæmir ekki hæfilega fljótt það, sem leiðsögumaður segir fyrir um stjórn skipsins, verður leiðsögumanni ekki gefin sök á því, sem af því hlýzt.

Skipstjóra er skylt að láta halda vörð meðan leiðsögumaður er í skipi. Sé

þess ekki gætt, eða skipstjóri gerir ekki leiðsögumanni aðvart í tæka tíð, ef hætt er við árekstri, ber leiðsögumaður enga ábyrgð á skaða, sem kann að verða vegna árekstrar.

18. gr.

Nú sér leiðsögumaður ekki vita, sjómerki eða önnur siglingamerki vegna myrkurs, dimmviðris eða annara slíkra ástæðna, eða skipið lætur ekki vel að stjórn, svo að leiðsögumaður treystir sér ekki til að veita skipinu örugga leiðsögu af þessum eða öðrum ástæðum, sem hann ber eigi ábyrgð á, t. d. að hann telur sjávardýpið ekki nægilegt, og skal hann þá tilkynna skipstjóra það. Vilji skipstjóri þrátt fyrir það fá leiðsögu hans, skal leiðsögumaður í viðurvist minnst tveggja skipverja lýsa því yfir, að hann geti ekki með fullu öryggi veitt skipinu leiðsögu, og fer þá leiðsagan fram án ábyrgðar fyrir leiðsögumanninn, en framkvæma skal hann leiðsöguna svo vel og samvizkusamlega sem unnt er.

19. gr.

Leiðsögumanni ber að leiðbeina skipi til þeirrar hafnar eða til þess staðar, sem skipstjóri óskar, og þangað sem honum er skylt að veita því leiðsögu, nema ástæður leyfi það ekki. Sé svo, ber leiðsögumanni að tjá skipstjóra það og veita honum allar upplýsingar um þær hafnir og legustaði, sem hann eftir atvikum getur leiðbeint skipinu til.

Leiðsögumaður má ekki fara af skipi fyrr en það er komið í höfn eða hefir lagzt fyrir traustum akkerum á þeim legustað, sem því er ætlaður, nema annar leiðsögumaður sé kominn á skipsfjöl og hafi tekið að sér leiðsöguna. Þegar leiðsögumaður leggur skipi, skal hann gæta þess, að það sé sem minnst til tálmunar umferð annara skipa og báta.

Nú veitir leiðsögumaður skipi leiðsögu úr höfn, og má hann þá ekki án samþykkis skipstjóra fara af skipi fyrr en hann hefir leiðbeint því eins langt og honum er skylt, nema skipið neyðist til að snúa aftur til leiðsögustöðvar hans. Þá má hann fara af skipinu, ef skipstjóri þarf ekki þegar aftur á aðstoð hans að halda.

20. gr.

Nú hlekkist skipi á meðan leiðsaga stendur yfir, og má þá leiðsögumaður ekki yfirgefa skipið, nema með leyfi skipstjóra. Leiðsögumaður skal án aukaþóknunar hjálpa skipstjóra að koma skipi á flot.

Nú hlekkist skipi á þegar leiðsögumaður er ekki á skipsfjöl, en skipstjóri gefur leiðsögumerki, og skal þá leiðsögumaður koma út í skipið, en honum ber ekki skylda til að taka að sér leiðsögu, fyrr en skip er laust. Ef skipstjóri á annan hátt óskar eftir aðstoð leiðsögumanns meðan skipið er á grunni, má leiðsögumaður ekki neita henni, en um greiðslu fyrir hana ber honum að semja við skipstjóra. Nú kallar skipstjóri á leiðsögumann, en notar hann ekki, þótt hann komi, og ber honum þó að greiða honum hina ákveðnu þóknun.

21. gr.

Leiðsögumanni ber að vara skipstjóra við að varpa út seglfestu, ösku eða öðru slíku á höfnum og stöðum, þar sem það getur orðið til tálmunar siglinga-

leiðum. Honum ber að benda skipstjóra á, hvar sliku má varpa út. Nú verða leiðsögumenn varir við, að skip varpar út seglfestu, ösku eða öðru sliku þar, sem það er ekki leyfilegt, og skal hann þá þegar tilkynna það lögreglustjóra. Skipstjóra ber að greiða allan kostnað við að nema burt aftur það, sem varpað hefir verið út í óleyfi, nema það hafi verið gert í neyð til þess að bjarga skipinu, en hafi svo staðið á, ber honum þegar að tilkynna það lögreglustjóra.

Skipstjóri, sem er innan landhelgislínu, skal skýra leiðsögumanni frá heimilisfangi skips, nafni þess, áætlunarstað og hvaðan það komi, ef óskað er.

IV. KAFLI.

Gjöld fyrir leiðsögu.

22. gr.

Gjöld fyrir leiðsögu fara eftir gjaldskrá, er ráðherra setur, og skal miða hana við brúttó-stærð skipa, hve djúpt þau rista, leiðsöguleiðina og örðugleika. Fyrir skip, sem fara eftir fastri áætlun og jafnan nota leiðsögumann, má setja lægra gjald. Fyrir landflutning og heimferð leiðsögumanna er gjaldið ákveðið án tillits til stærðar skipa.

Á tímabilinu 1. apríl til 30. september, að báðum dögum meðtöldum, skal farið eftir sumargjaldskrá. Nú fer leiðsaga skips fram á báðum þessum tímabilum, og skal þá fara eftir þeirri gjaldskrá, sem er í gildi þegar leiðsaga byrjar.

Vetrargjaldskrá skal vera ⅓ hærri en sumargjaldskrá.

Varðskip, herskip og skemmtiskip greiða sama leiðsögugjald og önnur skip.

Störf, er leiðsögumenn vinna og gjaldskrá nær ekki til, greiðast eftir samkomulagi milli leiðsögumanns og skipstjóra.

Nú hefir leiðsögumaður ekki komizt á skipsfjöl, heldur leiðbeint með bendingum frá bát eða merki frá landi, og greiðir þá skipstjóri eigi að síður fyrir leiðsögu samkvæmt gjaldskrá.

23. gr.

Leiðsögumaður á ekki kröfu á þóknun fyrir starf sitt, ef skip skemmist vegna árekstrar eða kennir grunns meðan leiðsagan stendur yfir, og honum er um að kenna.

24. gr.

Skipstjóra ber að undirrita leiðsögumiða að leiðsögu lokinni og greiða samtímis leiðsögugjöld, en leiðsögumaður gefur skipstjóra kvittun fyrir gjöldunum á samrit af miðanum.

25. gr.

Nú greiðir skipstjóri ekki leiðsögumanni lögboðin gjöld áður þeir skilja að lokinni leiðsögu, og ber skipstjóra þá að greiða þessi gjöld tvöföld áður en skip hans er afgreitt á næstu höfn. Fari skip beint til útlanda, gerir leiðsögumaður ráðuneytinu aðvart, en það gerir ráðstafanir til innheimtu gjaldanna hjá útgerð skipsins.

26. gr.

Gjöld fyrir leiðsögu og annað, sem stendur í sambandi við hana, renna til leiðsögumanna, nema öðruvísi sé ákveðið.

V. KAFLI.

Um sektir o. fl.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 200 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Fara skal með brot gegn lögum þessum sem almenn lögreglumál.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Nd. 144. Tillaga

til þingsályktunar um björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum á Vestfjörðum.

Flutningsm.: Jón Auðunn Jónsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að láta eitt varðskipanna annast að staðaldri jafnframt landhelgisgæzlu björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum og veiðarfærum þeirra fyrir Vestfjörðum á tímabilinu frá veturnóttum til janúarloka.

Greinargerð.

Á aukaþinginu 1931 var flutt till. í líka átt, en hún varð ekki afgreidd frá því þingi. Á þinginu 1932 var till., sem var lík að efni, vísað til ríkisstjórnarinnar, en ríkisstjórnin hefir ekki gert neinar ráðstafanir.

Nú er svo komið, að ekki verður við unað lengur.

Frá Ísafjarðardjúpi, Súgandafirði og Önundarfirði ganga um 70 mótorbátar, sem sækja á djúpmið skammdegismánuðina október — janúar. Fiskur er ekki á grunnmiðum á þessum tíma árs, og verða sjómenn að sækja hann mestmegnis 12—15 sjómílur út frá yztu annesjum, og alloft 20—24 sjómílur.

Þessi sjósókn er ein hin áhættusamasta hérlendis, bæði er lífshætta ó-venjumikil og tap á veiðarfærum og þar með afla algerlega einsdæmi, þegar frá er talin sjósókn við Vestmannaeyjar.

Enn er þó eitt, sem stórkostlega eykur tap á veiðarfærunum, og það er, að togarar, nálega eingöngu erlendir, sýna hinn mesta yfirgang með því að toga yfir veiðarfæri (línur) sjómanna, og hefir það orðið til stórtjóns hin síðari árin.

T. d. varð yfir 20 þús. króna tjón á veiðarfærum eingöngu, þar með ekki talið aflatapið, á einum degi í janúarmán. síðastl., og þetta tjón orsakaðist af því, að togarinn togaði yfir veiðarfærin.

Það er vist, að tjón Vestfirðinga af þessum sökum hefir á tímabilinu október — janúar síðastl., að meðtöldu aflatjóni, numið 60—70 þús. kr.

Nd. 145. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56, 30. nóv. 1914.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Sjóveðréttur samkvæmt 11. kap. siglingalaganna, nr. 56, 30. nóv. 1914, fyrir kröfum skipstjóra og skipshafnar til kaups og annarar þóknunar, sem þeir eiga lögmætt tilkall til fyrir starf sitt í þjónustu skipsins, skal einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er vátryggingarsala þá óheimilt að láta vátryggingarféð af höndum fyrr en 3 mánuðir eru liðnir frá því, að fyrsta sjópróf var haldið út af slysinu, eða frá því, að skip var dæmt óbætandi með löglegri skoðunargerð samkvæmt 4. gr. siglingalaganna.

2. gr.

Fyrirfram gefið afsal skipshafnar eða einstakra skipverja á sjóveðrétti skal vera ógilt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Samkvæmt 238. gr. siglingalaganna nær sjóveðréttur skipstjóra og skipverja ekki til vátryggingarfjár skips og farmgjalds. Farist skip eða sé dæmt óbætandi, falla forréttindi þeirra niður, enda þótt fullt verð komi fyrir skipið frá vátryggingarsala, og eiga þeir þá á hættu að glata kröfu sinni að öllu sökum annara skuldá skipseiganda. Af þessu leiðir og það, að sé kaup skipshafnar ekki greitt á réttum gjalddaga, er henni nauðugur einn kostur að stöðva skipið þegar í stað, til þess að eiga ekki á hættu, að réttur hennar falli niður bótalaust. Úr þessum göllum er 1. gr. ætlað að bæta.

Um 2. gr.

Samkvæmt siglingalögunum mun vera óvíst, hvort fyrirfram gefið afsal skipverja á sjóveðrétti gagnvart skipseiganda eða öðrum sé gilt að lögum. Greininni er ætlað að taka af allan vafa í því efni.

Nd. **146. Frumvarp**

til laga um hafnargerð á Húsavík.

Flutningsm.: Ingólfur Bjarnarson.

1. gr.

Til hafnargerðar á Húsavík veitast úr ríkissjóði $^2/_5$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 400000 — fjögur hundruð þúsund krónur — gegn $^3/_5$ hlutum frá hafnarsjóði Húsavíkurkauptúns.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 600000 — sex hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Húsavíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Húsavíkur. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Húsavíkur.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hafnarnefndar Húsavíkurkauptúns.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Húsavíkurhrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Húsavíkurhrepps, en 1 af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára. Gengur einn úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmanna skulu eiga heima í Húsavíkurkauptúni.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land við höfnina, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhaldi hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Húsavíkurhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.

d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
f. Allt að ¼ hlutar af hverjum vélbát 12 smál. eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að ⅙ hlutar af smærri vélbátum en 12 smál. og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarnefnd Húsavíkurkauptúns semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a., b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er á, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efna-

hagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram samkvæmt einróma ósk hreppsnefndar Húsavíkurhrepps.

Hefir málið mörg undanfarin ár verið til meðferðar heima í héraðinu, og í sambandi við það gerðar rannsóknir og áætlanir um kostnað við endurbætur á höfninni, bæði með því að byggja bryggju einvörðungu, sem vitanlega væri mikil bót, en jafnframt einnig athugað, hvort gerlegt væri að tryggja höfnina með skjólgarði, er gengi inn úr svonefndum Húsavíkurhöfða. Hefir vitamálaskrifstofa ríkisins látið framkvæma áðurnefndar athuganir og gert þar um kostnaðaráætlanir, bæði um bryggjugerð eingöngu og einnig um fullkomnari hafnarbót, sem sé fyrrnefndan skjólgarð í sambandi við sérstaka bryggju beint fram úr kauptúninu. Liggur fyrir lausleg áætlun um, að sú hafnargerð mundi kosta um eina millj. króna.

Hafa hlutaðeigendur nú eindregið hnigið að því ráði að leggja út í mannvirki þetta, þó kostnaðarsamt sé, sannfærðir um, að þá fyrst sé fengin þarna örugg og varanleg hafnarbót í framtíðinni, er skapi vöxt og viðgang, eigi aðeins kauptúnsins sjálfs, heldur og hinna mörgu og fjölbyggðu sveita, er að liggja.

Eins og vikið er að áður, er hafnargerð þessi í höfuðdráttum í því falin, að byggður sé garður inn úr Húsavíkurhöfða, sem skip og bátar gætu legið innan við. En hinsvegar væri einnig byggð bryggja fram frá kauptúninu, sem annar armur hafnargerðarinnar. Er þá hugsað að byrja á þeim hluta mannvirkisins. Mundi það fljótt koma að miklu gagni, og því meira, sem tækist að auka við bryggjuna smátt og smátt.

Það er alkunna þeim, er til sjávarútvegs þekkja, að Húsavík liggur ágætlega til þess, að þar rísi upp stórfelldur útvegur, ef þar fengist sæmilega trygg höfn. Bæði til þorskveiða, þar eð veiðisæl fiskimið liggja þar mjög nærri, og einnig til síldveiða, því síldargengd er venjulega mikil á Skjálfanda. Má segja, að skipin ausi síldinni þar upp, oft við landsteina, á sumrin. Þarf því ekki orðum að því að eyða, hversu mikil höfuðnauðsyn er til þess að gera höfn sæmilega trygga á þessum stað.

Frumvarpið er mjög sniðið eftir samskonar lögum, er Alþingi hefir sett um hafnargerðir víðsvegar um landið.

Ed. 147. Frumvarp

til laga um fimmtardóm.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Æðsti dómstóll ríkisins nefnist fimmtardómur. Á ensku heitir dómstóllinn The Supreme Court, og tilsvarandi heiti á öðrum erlendum málum.

2. gr.

Hæstarétt skal leggja niður þegar fimmtardómur tekur til starfa. Til fimmtardóms má skjóta málum þeim, sem dæmd hafa verið eða úrskurðuð í héraði, samkvæmt því, er í lögum þessum segir.

3. gr.

Kirkjudóminn (synodaldóminn) skipa 5 dómendur, dómendur fimmtardóms og 2 guðfræðingar, er forseti kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastsdóm í héraði, og í málum þeim gegn biskupum út af samsvarandi brotum, og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastsdómur tekur yfir.

II. KAFLI.

Um skipun fimmtardóms.

4. gr.

Fimmtardóm skipa 3 dómarar, kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu til 6 ára í senn. Kjósa skal um leið á sama hátt þrjá varadómara, og taka þeir sæti í dómnum í forföllum aðaldómara. Elzti dómari í fimmtardómi skal jafnan vera forseti réttarins.

5. gr.

Eigi má setja dóm með færri dómurum en 3.

6. gr.

Dómarar í fimmtardómi skulu án sérstaks endurgjalds starfa í laganefnd, sbr. lög um laganefnd, nr. 48 1929.

7. gr.

Dómarar í fimmtardómi skulu auk almennra dómaraskilyrða fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa tekið lagapróf með 1. einkunn.
2. Hafa starfað a. m. k. í 5 ár, að afloknu embættisprófi, að lögfræðistörfum hér á landi.
3. Vera eigi yngri en þrítugir og eigi eldri en sextugir, er þeir taka sæti í réttinum.
4. Skyldir menn eða mægðir mega ekki samtímis eiga dómarasæti í fimmtardómi.

8. gr.

Eigi má fimmtardómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skipta hann máli.
2. Ef hann er skyldur eða mægður aðila í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðila eða ákærðs, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
3. Ef hann er skyldur eða mægður málaflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Ef hann hefir leiðbeint aðila í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.
5. Ef hann hefir fellt dóm eða úrskurð í málinu í héraði.
6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja megi hætt við, að hann líti eigi óhlutdrægt á málavexti.

9. gr.

Bæði aðilar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í fimmtardómi geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki sæti í einstöku máli, af ástæðum þeim, er í 9. gr. segir.

Dómendur allir, er um slík mál fjalla, úrskurða þau atriði.

III. KAFLI.

Um fimmtardómsritara.

10. gr.

Dómurinn skipar fimmtardómsritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi. Fimmtardómsritari nýtur þeirrar þóknunar, sem ákveðin er í fjárlögum.

11. gr.

Fimmtardómsritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til fimmtardóms.
2. Heldur bækur fimmtardóms.

3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit úr bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómsgjöldum og stendur skil á þeim, og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau störf öll af hendi, er lög mæla fyrir, í þarfir dómsins.

Samsvarandi störf vinnur fimmtardómsritari fyrir kirkjudóminn.

12. gr.

Fimmtardómur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af öllu því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal í hana skrá dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hefir verið tekin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hefir verið þingfest og hvenær dæmt, hvort ný gögn hafi verið lögð fram, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald fimmtardóms, og bætt við nýjum bókum, ef þurfa þykir, eftir tillögum fimmtardóms.

IV. KAFLI.

Um launakjör.

13. gr.

Laun fastra dómara í fimmtardómi skulu ákveðin í launalögum. Þangað til núgildandi launalög verða endurskoðuð, skulu þeir hafa sömu laun og þau, sem nú eru ákveðin hæstaréttardómurunum í launalögum. Forseti hefir að auki 1000 kr. á ári.

V. KAFLI.

Um hvar fimmtardómur skuli haldinn og um þingleyfi.

14. gr.

Fimmtardóm skal halda í Reykjavík. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má fimmtardóm halda utan Reykjavíkur, ef dómendur ákveða svo og dómsmálaráðherra samþykkir.

15. gr.

Aðalþingleyfi fimmtardóms eru frá 1. júlí til 31. ágúst og frá 23. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Auk þess skal þingleyfi vera í dymbilviku og páskaviku.

Eigi skal dóm setja á helgum dögum þjóðkirkjunnar.

Heimilt er dómsmálaráðherra, eftir tillögum fimmtardóms, að lengja einstök þingleyfi, ef ástæður þykja til.

Dómur skal að jafnaði eigi sitja lengur um sinn en 8 stundir samfleytt.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum fimmtardóms, hvaða daga og á hvaða tíma dómþing skuli halda.

VI. KAFLI.

Um málaflutningsmenn við fimmtardóm.

16. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir ríkisborgararétt, er fjár síns ráðandi og hefir óflekkað mannorð, leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi með 1. einkunn. Þó má veita þeim, sem fengið hefir 2. einkunn við lagapróf, leyfi til að þreyta raunina, samkv. 3. tölul. þessarar greinar, ef fimmtardómur, fullskipaður 5 dómendum, mælir með því, enda hafi umsækjandi sýnt sérstaka hæfileika sem fræðimaður í lögfræði eða lögfræðistörfum að öðru leyti.
2. Gegnt málaflutningsstörfum að afloknu prófi í 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða í skrifstofu hæstaréttarmálaflutningsmanns eða málaflutningsmanns við fimmtardóm sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.
3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að áliti fimmtardóms hæfur til þess að vera málaflutningsmaður við dóminn. Öll þau mál skulu vera þess eðlis, að bæði aðal- og aukadómarar dæmi þau, enda skal rétturinn fullskipaður með 5 dómendum ákveða, hvort þrautin sé hæfilega af hendi leyst. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að vera málaflutningsmaður við fimmtardóm.

Þeir, er verið hafa málaflutningsmenn við hæstarétt áður en lög þessi gengu í gildi, eiga rétt á að flytja mál fyrir fimmtardómi.

17. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málaflutningsstarfa við fimmtardóm, skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmennsku og samvizkusemi mál þau, er hann tekur að sér.

18. gr.

Fyrir leyfi til málaflutningsstarfs fyrir fimmtardómi skal greiða 500 kr. í ríkissjóð.

19. gr.

Hafa skulu málaflutningsmenn við fimmtardóm skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grennd.

Skylt er þeim að inna af hendi þau störf fyrir dómi, er aðilar hafa falið þeim. Þó er þeim rétt, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum málaflutningsmanni við fimmtardóm. Þegar mál eru skriflega flutt, eða þegar málaflutningsmaður getur ekki sjálfur sótt þing, sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

20. gr.

Skylt er málaflutningsmönnum við fimmtardóm að flytja opinber mál, er forseti dómsins skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim ekki skylt að annast fyrir fimmtardómi.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar, sér skipaðan ákveðinn málaflutningsmann við fimmtardóm, og skal honum þá sá maður skipaður, nema ef sérstakar ástæður mæla því í gegn. Sama gildir, ef dómsmálaráðherra æskir ákveðins sækjanda í opinberu máli.

21. gr.

Rétt er aðila, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda félags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir fimmtardómi. Einnig er aðila rétt að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema málaflutningsmaður sé við fimmtardóm, eða samband við aðila sé slíkt, sem nú er mælt.

22. gr.

Rétt er málaflutningsmanni við fimmtardóm að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

23. gr.

Ef málaflutningsmaður við fimmtardóm missir einhvers þeirra skilyrða, sem sett eru í 17. gr., þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu á meðan svo er ástatt. Sama er og, ef hann hefir ekki skrifstofu í Reykjavík, flyzt búferlum eða hefir tekið að sér starf, sem ósamrýmanlegt er málaflutningi við fimmtardóm. Þegar svo ber að, skal málaflutningsmaður afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt til málaflutnings fyrir fimmtardómi, og skal leyfið geymt þar, þangað til hann kann að nýju að uppfylla skilyrði til málaflutnings við dóminn, og skal honum þá afhent leyfisbréf sitt aftur endurgjaldslaust.

Dómsmálaráðherra getur, ef fimmtardómur leggur það til, svipt málaflutningsmann leyfi, ef fimmtardómur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir

óhæfilegan drátt á opinberu máli, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

24. gr.

Allir málaflutningsmenn við fimmtardóm skulu skyldir að bindast félagssamtökum. Stjórn þessa félags, sem kosin skal af öllum málaflutningsmönnum við fimmtardóm til tveggja ára í senn, er skipuð þrem mönnum, formanni, varaformanni og einum meðstjórnanda. Félag þetta skal halda fundi, er velja á nýja stjórn, og eins ef mál koma upp, er snerta einhvern málaflutningsmann í félaginu. Að öðru leyti setur félag þetta sér sjálft reglur, í samræmi við lög þessi, og skulu reglurnar staðfestar af dómsmálaráðherra.

25. gr.

Stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm skal líta eftir, að allir málaflutningsmenn, sem í félaginu eru, reki störf sín með samvizkusemi og ráðvendni. Stjórninni er skylt að ákveða þóknanir málaflutningsmanna, ef slíkt er undir hana borið af málaflutningsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra. Þó er aðilum heimilt að bera ágreininginn undir dómstólana.

26. gr.

Virðist stjórn félags málaflutningsmanna við fimmtardóm einhver félagsmaður vanrækja málaflutningsskyldur sínar eða á annan hátt hegða sér svo ósæmilegt megi teljast, getur stjórnin veitt þeim áminningu, bannað málaflutningsmanni að flytja tiltekið mál, rekið hann úr félaginu um skeið eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru, eða úrskurðað í sektir, allt að 300 kr. Þó á sá, sem fyrir slíkri kæru verður, rétt til þess að skýra mál sitt og koma fram með varnarástæður fyrir stjórnina, annaðhvort skriflega eða munnlega.

Rétt er málaflutningsmanni að bera sektarúrskurði félagsstjórnar eða úrskurði um missi réttinda undir dómstólana.

Dómsmálaráðherra hefir eftirlit með starfsemi félags málaflutningsmanna við fimmtardóm, enda gefur stjórn félagsins dómsmálaráðherra árlega skýrslu um störf félagsins og um það, hverjir félagsmenn hafi sætt viðurlögum eða áminningu.

VII. KAFLI.

Um stefnur og stefnufresti.

27. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til fimmtardóms sem hér segir:

1. Stefnur skal taka út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn fimmtardómsritara.

   Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður forseti í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og aug-

lýsir ritari það að minnsta kosti 14 dögum fyrir þingfestingardag, á þann hátt, er dómsmálaráðherra ákveður. Verði mál ekki flutt á þingfestingardegi, er dóminum heimilt að fresta því, þó ekki lengur en 4 mánuði.

2. Stefnufrest skal miða við fyrsta dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.

Fimmtardómsritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufrest, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

28. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal kirkjudómsmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, sem gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til hæstaréttar. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar forseta, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unnt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sérstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar, að minnsta kosti viku tíma hvorum, fyrir þingfestingu.

VIII. KAFLI.

Um hvaða mál megi bera undir fimmtardóm.

29. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til fimmtardóms, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja málinu eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun til hæstaréttar.

30. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til fimmtardóms, ef sakarefnið verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfélagsrétt manns eða þjóðfélagsskyldu, atvinnuréttindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til fimmtardóms, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sérákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til allt að einu.

Hvarvetna þess, er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgrein, eftir því sem við á.

31. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til fimmtardóms, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en 30. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til hæstaréttar.

32. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til fimmtardóms, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður en 6 almanaksmánuðir séu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sérákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sé frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

33. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 32. gr., en máli hans hefir verið vísað frá dómi, og er honum þá rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 32. gr. sé liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

34. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sé liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 32. gr. segir. Ennfremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef alveg sérstaklega stendur á, svo sem ef aðila, án þess að honum verði um kennt, hefir eigi tekizt að koma fram fyrirhugaðri áfrýjun.

Áfrýjunarstefnu skal taka út á 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbréfs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfisbréfi fyrirgert.

Ákvæði 33. gr. skal gilda eftir því sem við á.

35. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

36. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum fimmtardóms, leyft að mál, sem þar hefir verið dæmt, eða í hæstarétti áður en lög þessi öðluðust gildi, verði að nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannazt, eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan myndi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sér um kenna.

37. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til fimmtardóms samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

38. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem áður hafa gilt fyrir hæstarétti sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir fimmtardómi.

39. gr.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, ef liðinn er 6 mánaða frestur sá, er í 32. gr. segir, þegar áfrýjunarstefna er tekin út.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

IX. KAFLI.

Um meðferð máls fyrir fimmtardómi.

40. gr.

Skjóta má dómsathöfn til fimmtardóms í því skyni, að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytingar á þá leið, að máli verði vísað frá undirdómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar, eða að dómsathöfn verði ómerk, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði aðeins breytt að efni til.

41. gr.

Aðilar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrétt sakarefnis samkvæmt því, er tíðkazt hefir, og eftir því, sem samrýmist lögum þessum.

42. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur í einkamálum má eigi bera fram í fimmtardómi, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tíðkazt hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv. með sama hætti og áður gilti um hæstarétt.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sér rétt til þess í áfrýjunarstefnu. Ennfremur skal hann leggja fram ný göng eða afrit af þeim, og skýrslur um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður mál verða þingfest, til afnota handa hinum aðilanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

43. gr.

Málsaðilar eða umboðsmenn þeirra taka saman ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skipta, og leggja það fram í skrifstofu fimmtardóms, að minnsta kosti 14 dögum áður en mál skal sækja og verja, svo mörg eintök, sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðunum, enda þarf ekki fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

Stytta má frest þann, er getur um í grein þessari, eftir samkomulagi dómenda og beggja málflytjenda, ef ástæður þykja til.

44. gr.

Sókn hvers máls og vörn fyrir fimmtardómi skal munnleg vera, á íslenzku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:
1. Ef stefndur sækir ekki þing, og
2. Ef dómurinn leyfir það og báðir aðilar eða umboðsmenn þeirra óska þess.

45. gr.

Málsmeðferð hefst á því, að stefna er framlögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða, ef annarhvor málflytjandi eða dómurinn æskir þess. Þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja tala oftar en tvisvar. Ef aðili flytur ekki mál sitt sjálfur, er honum þó rétt að tala einu sinni.

Þegar mál eru skriflega flutt, er rétt að sókn og vörn sé tvisvar flutt.

46. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 45. gr. segir.

47. gr.

Fresti skal venjulega enga veita, nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður en málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef fimmtardómur frestar opinberu máli til þess að nýrra gagna verði aflað. Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður fimmtardómur þá fresti til sóknar og varnar.

48. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar máls frá fimmtardómi, þá skal hann skýra fimmtardómsritara frá því, og greina ástæður, að minnsta kosti viku áður en málflutningur á fram að fara. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sér.

49. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

X. KAFLI.

Um dómsuppkvaðningu, atkvæðagreiðslu og dóma.

50. gr.

Dóma og úrskurði skal upp kveða svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið, ef mál er munnlega flutt, og má þá að jafnaði eigi fyrir taka munnlegan flutning annars máls, fyrr en dómur er genginn.

51. gr.

Áður en dómur er upp kveðinn, skulu fimmtardómendur þeir, er tekið hafa þátt í meðferð málsins, hafa með sér ráðagerð um efni og ástæður dóms og úrskurðar og greiða þar atkvæði.

Engir hafa rétt til að vera við ráðagerðir nema dómarar og fimmtardómsritari.

Atkvæðagreiðslur fimmtardóms um mál, er munnlega hafa verið flutt, skulu munnlegar vera, opinberar og í heyranda hljóði. Sá af dómendum greiðir fyrst atkvæði og gerir grein fyrir því, sem til þess er valinn af réttinum í hvert sinn. Þó greiðir forseti ætíð atkvæði síðast. Hver dómari gerir í stuttu máli grein fyrir niðurstöðu sinni og ástæðum fyrir henni. Vísa má dómari til niðurstöðu og ástæðna dómara, sem greitt hefir atkvæði á undan honum, ef hann er því samþykkur.

52. gr.

Forseti fimmtardóms stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur saman atkvæði.

Niðurstöðu dóms ræður afl atkvæða.

53. gr.

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, er samkvæmt vali dómsins fær málsskjölin afhent, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Um frumvarp þetta ritar sá dómari, er næst fær málsskjölin í sínar hendur, álit sitt og tillögur, og þannig koll af kolli eftir hlutkesti, þó þannig, að forseti láti síðast uppi álit sitt.

Þegar skriflegt mál þannig hefir gengið á milli allra dómenda, skal fund halda um dóm eða úrskurð, og forsendur og niðurstöður ákveða eftir reglum þeim, er í 51. gr. segir.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls eða ómerkingu, en orðið hefir í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni dóms, eftir því, sem ástæður eru til, og gildir það jafnt, hvort mál er munnlega eða skriflega flutt.

Allar atkvæðagreiðslur um dóma og úrskurði skal skrá í sérstaka bók, sbr. 12. gr., tölulið 3.

54. gr.

Í dómi skal taka fram:

1. Hvern dag dómur sé upp kveðinn.
2. Nöfn aðilja, heimili og stöðu.
3. Stutt yfirlit yfir kröfur aðilja og málsatvik. Þó má vísa til áfrýjaðs dóms eða úrskurðar, að því leyti, sem þeir eru staðfestir óbreyttir að forsendum og niðurstöðum.
4. Ástæður fyrir dómsniðurstöðu, enda sé þar ákveðið og tæmandi gerð grein fyrir rökum þeim, er til grundvallar liggja fyrir niðurstöðu, sé eigi dómsniðurstaða og forsendur staðfest að öllu leyti.
5. Dómsniðurstöðu eða úrskurðar.

Forseti sér um samning dóms.

Dómur skal undirritast af dómurum þeim, er tekið hafa þátt í uppkvaðningu hans.

55. gr.

Í dómi skal þess getið, hvort ágreiningur hafi verið um forsendur hans eða niðurstöður, hver dómari hafi gert ágreining og í hverju sá ágreiningur hafi verið fólginn. Þetta gildir jafnt, hvort sem mál er munnlega eða skriflega flutt.

Ágreiningsatriði og rökstuðning fyrir þeim skal rita í dómabók og birta í dómasafni fimmtardóms.

56. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjanda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er fimmtardómur þó eigi bundinn við kröfu málflytjenda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhutun ríkisvalds eða sökunauts.

57. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í dóma fimmtardóms, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir fimmtardóms skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans, og nafn forseta undir.

Fimmtardómsritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit, sem fengin eru úr bókum dómsins.

XI. KAFLI.

Um réttargjöld, sektir o. fl.

58. gr.

Dómsmálagjöld í fimmtardómi skulu vera sem hér segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—
Fyrir frest	5	—
Fyrir dómkvaðningu hvers manns	5	—

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 300 krónum, greiðist hálft gjald.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

59. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sér fyrir dómi, fer eftir reglum, sem hingað til hafa gilt um hæstarétt. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur.

Nú virðist fimmtardómi aðili augljóslega hafa sagt vísvitandi rangt frá um atvik máls, er máli skipta, og skal þá beita sektum. Fyrir ástæðulausa áfrýjun máls er rétt að dæma áfrýjanda í sektir.

Allar slíkar sektir renna í ríkissjóð.

60. gr.

Ef áfrýjandi sækir ekki eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 kr. aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

XII. KAFLI.

Um málskostnað fyrir fimmtardómi.

61. gr.

Dæma skal sækjanda og verjanda í opinberum málum hæfilegan málskostnað, miðað við hversu mál er stórt og umfangsmikið og hversu mikla vinnu þeir hafa lagt fram til sóknar og varnar.

62. gr.

Nú virðist fimmtardómi máli vera áfrýjað að ástæðulausu, og ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 29 frá 26. okt. 1917, um málskostnað einkamála, fyrir fimmtardómi, að svo miklu leyti sem við á.

XIII. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir.

63. gr.

Fimmtardómur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til hæstaréttar, þegar lög þessi ganga í gildi, en eigi verið dæmd þar, í því ástandi sem þau voru, er fimmtardómur tekur til starfa. Ef málaflutningur var byrjaður fyrir hæstarétti, þá skal hann leiddur til lykta fyrir fimmtardómi, eftir þeim reglum, sem um málaflutning fyrir hæstarétti giltu. Málum þeim, sem stefnt hefir verið til hæstaréttar án þess að málaflutningur hafi byrjað þegar lög þessi öðlast gildi, skulu dæmd eftir ákvæðum laga þessara.

XIV. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

64. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið og samrýmt verður lögum þessum.

65. gr.

Nú er hæstarétti eða einstökum hæstaréttardómara falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá fimmtardómur í staðinn. Þar sem í lögum er nefnd eða ákveðin áfrýjun til hæstaréttar eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur fimmtardómur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Aðaldómarar fimmtardóms eiga sæti í landsdómi.

66. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. sept. 1933.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi numin:

Lög nr. 22 frá 6. okt. 1919, um hæstarétt, lög nr. 37 frá 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 22 1919, lög nr. 19 frá 14. júní 1929, um breytingar á sömu lögum, 1. gr. laga nr. 48 1929, um laganefnd, svo og önnur ákvæði, er lög þessi brjóta í bága við.

Greinargerð.

Um nokkur undanfarin ár hefir Alþingi haft til meðferðar frv. um gagngerða endurbót á æðsta dómstóli landsins. Hefir mál þetta haft mikið og vaxandi fylgi, bæði á þingi, en þó einkum utanþings meðal borgara landsins. Var frv. um fimmtardóm fylgt með meiri athygli um þingtímann í fyrra en nokkru öðru máli, og ber það til, að hinn hugsandi hluti þjóðarinnar finnur til einlægrar löngunar að koma því skipulagi á lokadómstól sinn, að hann verði í fullu samræmi við kröfur frjálsrar og menntaðrar þjóðar.

Þegar þjóðin flutti inn í landið úrskurðarvald í dómsmálum sínum árið 1919, vannst stjórn þeirri, er þá undirbjó málið fyrir Alþingi, ekki tími til að byggja hið nýja skipulag á nægilega traustum grundvelli. Jón Magnússon fékk einn af kennurum lagadeildar háskólans, Einar Arnórsson, til að bræða í eitt skipulag hins gamla landsyfirréttar og nokkuð af formi hins danska hæstaréttar. Ekki var leitað að fyrirmyndum til fornaldar þjóðarinnar, þegar hún var frjáls, hafði fullkomna og frumlega löggjöf og algerlega innlenda dómstóla. Ekki var heldur leitað út fyrir Danmörku um erlend fordæmi. Varð þetta bagalegt, af því að Danir voru í þessum efnum eftirbátar annara germanskra og engilsaxneskra þjóða og eiga í harðri baráttu við að endurbæta þann dómstól, sem forráðamenn Íslands töldu hina einu sönnu fyrirmynd við stofnun hæstaréttar 1919.

Jón Magnússon flutti dómarana úr landsyfirréttinum yfir í hæstarétt og bætti við mönnum, svo að dómendur yrðu 5. Ákveðið var í lögum um hæstarétt, að velja skyldi í réttinn með svonefndu dómaraprófi. Skyldi hver nýr dómari ganga undir einskonar próf í vinnubrögðum dómara hjá hinum eldri dómendum, og hefir mjög verið af því látið, hve mikils virði þessi prófraun væri til að tryggja hlutlausa yfirburðamenn í dómarasæti hæstaréttar. En þó

að liðin séu 14 ár síðan löggjöf þessi var sett, hefir enginn af dómendum hæstaréttar leyst af hendi þessa merkilegu þraut, heldur hafa þeir allir verið valdir til starfsins af pólitískum landsstjórnum án þess að þessari varúðarráðstöfun hafi verið komið að.

Einar Arnórsson flutti frá Kaupmannahöfn eina nýjung um vinnubrögð hæstaréttar, frá því sem áður var í landsyfirrétti. Málfærslan var gerð munnleg, og hefir það haldizt síðan. Dómarar landsyfirréttar, sem allir urðu síðan dómendur hæstaréttar, voru spurðir um þessa nýbreytni. Þeir lögðu eindregið gegn henni, og hafa að líkindum verið alveg ókunnugir vinnubrögðum sambærilegra dómstóla erlendis. En þingið hafði að engu mótmæli þeirra, og var munnlegi málflutningurinn nálega eina umbótin frá vinnubrögðum landsyfirréttar, þegar lokadómstóll kom inn í landið.

Svo lítið hafði sá maður, sem bar fram frv. um hæstarétt, áttað sig á eðli málsins, að ekki liðu nema fáein ár, þar til hann, þ. e. Jón Magnússon, bar fram frv. um gagngerða breytingu á réttinum. Árið 1924 kom Jón Magnússon gegnum þingið þeirri breytingu að fækka um tvo dómendum í hæstarétti og rýra stórum embætti ritarans. Leið svo þar til 1930, að málið var tekið upp af nýju og stefnt að gagngerðri umbót á formi lokadómsins.

Í fyrstu reis sterk alda gegn hverri einstakri umbót á skipulagi réttarins. Þeim, sem höfðu mótazt undir handarjaðri hægrimanna í Danmörku á Estrupstímanum, þótti vel við eigandi, að nafn íslenzka lokadómstólsins væri danskt, eða að minnsta kosti þýðing úr dönsku. Orðið hæstiréttur lét vel í eyrum þeirra. Aftur á móti fannst þeim eitthvað óþægilega þjóðlegur keimur að orðinu fimmtardómur. Nafnið minnti á lýðveldistímann, þegar Íslendingar vildu vera frjálsir og voru það. Smátt og smátt minnkaði mótstaðan gegn nafninu, og þegar málið var rætt í þriðja sinn á þingi, var mótstaðan gegn nafni dómstólsins að mestu dottin niður. Menn voru farnir að sætta sig við íslenzkt nafn á íslenzkum dómstóli.

Opinber atkvæðagreiðsla var ein meginumbótin. Leynilega atkvæðagreiðslan í hæstaréttinum er erfð frá Danmörku, erfð frá kúgunartímum þeirrar þjóðar. Í skjóli leyndarinnar getur hver dómari skotið sér bak við stéttarbróður sinn, getur falið sig þar og verk sín og komizt hjá að gefa ástæður. Þegar frv. var borið undir dómara hæstaréttar, lagaprófessora háskólans og félag málfærslumanna 1930, var ekki sýnilegt, að nokkur verulegur skilningur væri hjá þessum iðkendum lögfræðinnar í landinu fyrir því, að hér var um að ræða stórfellda umbót, að réttaröryggið fær enga betri tryggingu en þá, að hver dómari verði að bera fulla siðferðislega ábyrgð á orðum sínum og ályktunum gagnvart þjóðinni, sem borgar störf þeirra og á að njóta verka þeirra.

En baráttan um þessa hlið málsins í síðastliðin þrjú ár hefir líka opnað augu manna fyrir gildi þessarar umbótar, og nú er svo komið, að opinber atkvæðagreiðsla þykir algerlega sjálfsögð umbót á skipulagi réttarins. Það mun heldur hafa flýtt fyrir skilningi á þessari umbót, að núverandi dómsmálaráðherra í Danmörku leggur nú hið mesta kapp á að fá afnumda hina leynilegu atkvæðagreiðslu í hæstarétti Dana.

Þriðja baráttuefnið var dómaraprófið, sem í raun og veru má kalla sama

og sjálfsköpun réttarins. Þessi þáttur í skipulagi hæstaréttar er lánaður frá Dönum og er, eins og áður er sagt, erfð frá kúgunartímum þeirrar þjóðar.

Dómaraprófið er sett til þess, að þeir dómarar, sem fyrir eru í réttinum, geti sjálfir valið hvern nýjan mann, sem í dóminn kemur. Ríkisstjórnin sendir umsækjanda til dómaranna og óskar, að þeir prófi hann. Það þýðir, að hann dæmir með þeim nokkur mál. Að því búnu segja dómararnir annaðhvort, að hann hafi fallið eða staðizt þrautina. Sá, sem undir prófið gengur, hefir enga vernd eins og menn hafa við önnur próf. Hér er allt leynilegt, umræður gömlu dómaranna um frammistöðu umsækjanda, og atkvæðagreiðsla þeirra. Dómarar þeir, sem koma í réttinn, hafa ábyrgðarlaust veitingarvald á hverju nýju embætti í dómnum.

Jón Magnússon valdi í fyrsta sinn í réttinn, allt nákomna flokksbræður sína. Í sumar valdi Magnús Guðmundsson í réttinn einn af þingmönnum síns flokks, mann, sem m. a. hafði fyrir nokkrum mánuðum tekið þátt í hinum hörðustu flokkadeilum sem málfærslumaður flokks síns.

Enn sem komið er hefir aldrei neinn dómari átt fast sæti í hæstarétti nema þeir, sem allir landsmenn vissu um, að voru ákveðnir fylgismenn kyrrstöðustefnunnar í landinu. Hvort þeirrar stefnu hefir gætt í störfum þeirra, verður ekki rætt um hér. En það, sem skiptir máli fyrir þjóðina, er sú staðreynd, að einn pólitískur flokkur hefir lagt til alla dómara í réttinn og að þeir fylgja sömu þjóðmálastefnu og sá ráðherra, sem fyrstur valdi dómara í réttinn, án allrar prófunar, og að þessir menn hafa vald til, að óbreyttri löggjöf, að velja einhliða í réttinn framvegis.

Í raun og veru má segja, að skipulag dómsins gefi Jóni Magnússyni vald til að endurskapa réttinn, þó að tímar líði. Dómstóllinn getur alveg slitnað frá þjóðlífinu og þeim borgurum, sem hann á að vinna fyrir og borga dómurunum kaup. Í þessu liggur mikil hætta fyrir þjóðina. Það er jafnfjarstætt, að dómstóll geti verið í ósamræmi við borgara landsins eins og að landsstjórnin eða þingið sé það.

Þegar dómarar hæstaréttar voru spurðir um álit þeirra á skipulagi fimmtardómsins um þingtímann 1930, var álit þeirra ákveðin og ókurteis ádeila á landsstjórnina, sem bar frv. fram. Kom þar ótvírætt í ljós, hve mjög dómararnir voru háðir stefnu síns flokks og hve takmörkuð var útsýn þeirra um önnur sjónarmið. Að því leyti var umsögn þeirra ein hin þýðingarmesta sönnun, sem fengizt gat um það, að rétturinn ætti ekki að hafa sjálfsköpunarvald. En álitsskjal dómaranna sýndi meira. Í vörn sinni fyrir ágæti dómaraprófsins héldu þeir því fram, að dómaraprófið væri algengt skipulagsatriði í menningarlöndunum.

Í álitsskjali sínu segja dómarar hæstaréttar um dómaraprófið íslenzka:

„Samskonar ákvæði munu vera lögmælt í flestum nýlegum lögum um úrslitadómstigið utan einræðislandanna“ (Alþt. 1930, A. bls. 999).

Alþingi gerði ráð fyrir, að dómarar hæstaréttar mundu vita um þetta efni og fullyrða það eitt í þessu efni, sem satt væri og rétt. Hafði fullyrðing dómaranna áhrif í þá átt að fastmóta skoðun sumra þingmanna um þetta efni. En með því að þekkingu dómaranna um erlend fræðiatriði var ekki treyst ótak-

markað, fól landsstjórnin, sem þá var, sendiherra Íslands í Danmörku að rannsaka málið. Kom þá í ljós, að ekkert dómarapróf þekktist í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Þýzkalandi eða Englandi. Auk þess var vitað, að í Bandaríkjunum og Svisslandi voru dómarar kosnir.

Hér var þá sannað, að dómendur hæstaréttar höfðu gefið Alþingi algerlega ranga skýrslu um mál, sem snerti metnað þeirra og valdaaðstöðu. Síðar hafa verið leidd rök að því, að dómararnir hafi haldið sjálfir, að þeir skýrðu rétt frá, en verið með öllu ókunnugir skipulagi erlendra úrslitadómstóla. En þessi einangrun dómaranna um nauðsynleg almenn þekkingaratriði benti á, að nýir straumar í dómstól þessum myndu fremur bæta en skaða.

Á síðasta þingi, 1932, urðu átökin um fimmtardóminn nálega öll í sambandi við sjálfsköpun réttarins. Sá flokkur, sem dómararnir í hæstarétti hallast að, beitti sér einhuga um að verja þetta sjálfsköpunarvald dómstólsins, sem í framkvæmdinni hefir verið sama eins og að tryggja það, að allir dómendur í réttinum væru úr þeirra flokki, og ekki hlífzt við að taka að nýju í réttinn flokksmenn, sem staðið hafa einna fremstir í landsmálabaráttunni fyrir flokk sinn. Taldi aðalblað íhaldsmanna það stóran sigur fyrir flokk sinn, er frv. um fimmtardóm „var komið fyrir kattarnef", eins og blaðið komst að orði, og gaf ótvírætt í skyn, að stjórnarskipti hefðu verið nauðsynleg til að verja flokkshagsmunina í þessu efni.

Eftir þriggja ára baráttu er ákveðin umbót á úrslitadómstólnum orðin að einu hinu stærsta þjóðmáli. Íhaldssamir menn í landinu una vel því skipulagi, sem nú er, af ástæðum, sem verða skiljanlegar, þegar litið er á sögu málsins. En umbótamenn landsins eru óánægðir með skipulag hæstaréttar, og munu áreiðanlega halda áfram baráttu í því efni, þar til skipulag réttarins er komið í það horf, sem er samboðið lýðfrjálsri þjóð.

Frv. er nú borið fram í fjórða sinn. Aðalefni þess er hið sama og fyrr. En um þá hlið málsins, sem mest var deilt um í fyrra, hverjir eigi að velja hina nýju dómendur, er komið með nýja úrlausn. Rétturinn á ekki að skapa sig sjálfur. Stjórnin á heldur ekki að veita embættin. *Þjóðin sjálf á að veita embættin í fimmtardómnum.* Dómararnir vinna fyrir þjóðina og hún borgar þeim kaup fyrir vinnu þeirra. Þess vegna er rétt og eðlilegt, að hún velji þá til starfsins.

Á Alþingi hinu forna var dómsvaldið raunar ein grein þingvaldsins. Og eftir að landið komst undir konung, missti Alþingi meir og meir vald yfir löggjöfinni, en hélt áfram að hafa vald í dómsmálum Íslands. Og þegar Alþingi var lagt niður um 1800, var yfirrétturinn myndaður á rústum þess, en úr yfirrétti hæstiréttur. Í ljósi sögunnar er því auðséð, að Íslendingar hafa frá því í fornöld látið dómsmálin endurspegla vald Alþingis.

Þetta skipulag spratt upp á þjóðveldistímanum. Og aðrar lýðveldisþjóðir hafa farið sömu götu. Í Bandaríkjunum og Svisslandi eru dómararnir kosnir annaðhvort af þingum ríkjanna eða með almennu landskjöri.

Hér er lagt til, að Alþingi kjósi dómarana í fimmtardóminn til 6 ára í senn, og að þeir séu kosnir með hlutfallskosningum. Með því móti má búast við, að meiri friður ríki um dóminn heldur en ef svo er um búið, að einni stefnu séu

tryggð þar varanleg og ábyrgðarlaus völd. Um leið og dómarar eru kosnir verður ekki komið við að nota kennara lagadeildar sem aukadómara. Er þess vegna gert ráð fyrir að halda sömu dómaratölu og nú er, enda ætti ekki að vera ofurefli þriggja manna á góðum aldri að afljúka nauðsynlegum störfum.

Hugsanlegt væri að kjósa dómarana til ákveðins tíma með almennu landskjöri um allt land. Hefir það ýmsa kosti fram yfir þingvalið, en er dýrara og umsvifameira. Er því hér fremur hallazt að einfaldari leiðinni.

Guðmundur Grímsson dómari í Norður-Dakota hefir nýlega unnið kosningu í úrslitadómstól ríkisins. Kjörtíminn er þar 6 ár, og Guðmundur Grímsson hefir notið svo mikils trausts, að hann er endurkosinn hvað eftir annað. Mun svo fara um kosna dómara eins og þingmenn, að þeir njóta trausts hjá umbjóðendum sínum, ef þeir vinna til þess.

Í frv. er gert ráð fyrir, að dómendur fimmtardóms starfi í laganefnd, meðan þeir eru dómarar. Er nú mál komið, að slík nefnd byrji að starfa til að bæta úr áberandi göllum á löggjöf landsins, sem jafnan hljóta að koma til greina, þar sem ekkert varanlegt og leiðbeinandi aðhald er við löggjafarstarfið. Auk þess fá dómarar fimmtardóms með þessu móti fræðilegt borgaralegt starf, sem á engan hátt kemur í bága við dómarastarfið, en tryggir á hinn bóginn, að dómari, sem ekki nær endurkosningu, þurfi ekki fremur að fá eftirlaun heldur en ráðherra, sem hættir að starfa fyrir landið.

Þegar Alþingi kýs dómendur til ákveðins tíma, eiga ekki við nema sum þau skilyrði, sem áður voru eðlileg við veitingu dómaraembættis, hvort heldur rétturinn skapaði sig sjálfur eða dómsmálastjórnin veitti embættin.

Ed. 148. Frumvarp

til laga um æðsta dóm.

Flutningsm.: Jón Jónsson.

I. KAFLI.

Um svið og skipun æðsta dóms.

1. gr.

Æðsti dómstóll ríkisins skal skipaður 5 dómendum, fimmtardómur. Til hans má skjóta málum þeim, er dæmd hafa verið eða úrskurðuð í héraði, samkvæmt því, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Konungur skipar dómendur æðsta dóms samkvæmt tillögu forsætisráðherra, er samþykkt hefir verið á ráðherrafundi, en dómendur kjósa sér forseta úr sínum hópi til eins árs í senn.

Lausn dómara frá embætti eftir heimild 57. gr. stjórnarskrárinnar veitir konungur einnig samkv. tillögu forsætisráðherra, samþykktri á ráðherrafundi.

3. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómendum en 5. Ef autt verður sæti forseta, skal sá dómandi, sem lengst hefir átt sæti í æðsta dómi, stýra dómi.

4. gr.

Hver dómari í æðsta dómi skal, auk almennra dómaraskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn.
2. Hafa verið 3 ár hið skemmsta skipaður kennari í lögum við háskólann, málaflutningsmaður eða ritari við æðsta innlenda dómstólinn, héraðsdómari, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, 5 ár fulltrúi lögmanns, lögreglustjóra eða bæjarfógeta í Reykjavík, eða sýnt verulega yfirburði í lögfræðilegri fræðimennsku.

   Rétt er að skipa þann dómara í æðsta dóm, sem hefir gegnt samanlagt í nefndan árafjölda fleiri en einni af áðurnefndum stöðum. Þiggja má undan þessum skilyrðum, ef æðsti dómur mælir með því.
3. Sé eigi yngri en þrítugur og eigi eldri en sextugur, er hann fær veitingu fyrir dómaraembætti.
4. Hafa sýnt það með því að greiða fyrstur dómsatkvæði í 4 málum, og sé að minnsta kosti eitt þeirra einkamál, að hann sé hæfur til þess að skipa sæti í dóminum.
5. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar mega ekki samtímis eiga dómarasæti í æðsta dómi.

5. gr.

Eigi má dómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skipta hann máli.
2. Ef hann er skyldur eða mægður aðila í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðila eða ákærðs, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
3. Ef hann er skyldur eða mægður málaflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Ef hann hefir leiðbeint aðila í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.
5. Ef hann hefir fellt dóm eða úrskurð í málinu í héraði.
6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja megi hætt við, að hann líti eigi óhlutdrægt á málavexti.

6. gr.

Bæði aðilar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í æðsta dómi geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki sæti í einstöku máli, af ástæðum þeim, er í 5. gr. segir. Dómurinn allur í heild sinni úrskurðar um þau atriði.

7. gr.

Dómurinn ræður sér ritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi. Ritari nýtur þeirrar þóknunar, sem ákveðin er í fjárlögum.

8. gr.

Ritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til dómsins.
2. Heldur bækur dómsins.
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit úr bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómsgjöldum og stendur skil á þeim, og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau störf önnur af hendi, er lög mæla fyrir, í þarfir dómsins.

9. gr.

Dómurinn heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af öllu því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal í hana skrá dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hefir verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hefir verið þingfest og hvenær flutt, hvort ný gögn hafi verið lögð fram, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald, að fengnum tillögum dómsins.

10. gr.

Laun dómenda skulu ákveðin í launalögum. Þangað til núgildandi launalög verða endurskoðuð skulu þeir hafa sömu laun og þau, sem nú eru ákveðin hæstaréttardómurum í launalögum. Forseti hefir að auki 1000 krónur á ári.

11. gr.

Dómþing æðsta dóms skulu haldin í Reykjavík. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má þó dómþing heyja utan Reykjavíkur, ef dómendur kveða svo á og dómsmálaráðherra samþykkir.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum dómsins, hvar og hvaða daga og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hvenær þingleyfi skuli vera.

12. gr.

Synodalréttinn skipa 5 dómendur, forseti æðsta dóms sem formaður, ásamt tveimur dómendum, hinum elztu að embættisaldri í dóminum, og tveimur guðfræðingum, sem forseti kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastsdóm í héraði, og í málum gegn biskupum út af samsvarandi brotum, og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastsdómur tekur yfir.

Ritari æðsta dóms vinnur venjuleg ritarastörf fyrir synodalréttinn.

II. KAFLI.

Um varadómara.

13. gr.

Nú verður autt sæti í æðsta dómi, dómari forfallast um stundarsakir eða víkur dómarasæti, og tekur þá varadómari sæti hans.

14. gr.

Dómsmálaráðherra skipar varadómara, 5 að tölu, til 5 ára í senn, að fengnum tillögum æðsta dóms. Auk almennra dómaraskilyrða verður varadómari að uppfylla skilyrðin í 1. og 2. tölulið 4. gr., er hann hlýtur skipun sem varadómari.

15. gr.

Er autt verður sæti í æðsta dómi, kveður forseti eða sá, er stýrir dómi í hans stað, varadómara eftir útnefningarröð í hið auða sæti, og má ekki bregða út af röðinni, nema forföll eða tálmanir banni þeim að sitja dóminn, sem næstur er í röðinni, eða æskilegt þyki að njóta sérþekkingar einhvers annars varadómara við dóm málsins. Ef enginn hinna reglulegu dómenda skipar sæti sitt, ganga allir varadómendurnir í dóminn.

16. gr.

Nú losnar sæti í æðsta dómi, og tekur þá varadómari byrjunarlaun dómara þar til skipað er í embættið, enda taki hann ekki laun úr ríkissjóði fyrir annað embætti. Þá er dómari forfallast eða víkur sæti, fær varadómari þóknun fyrir hvert mál, er hann lýkur dómsorði á eða úrskurðar, er dómurinn ákveður að hverju sinni. Þá er varadómari gegnir störfum dómara án þess að hann sé forfallaður eða hafi orðið að víkja úr dómi, greiðir dómari honum þóknunina.

17. gr.

Ef ekki er unnt að kveðja varadómara í dóminn, setur dómsmálaráðherra aukadómara í hið auða sæti.

III. KAFLI.

Um málaflutningsmenn við æðsta dóm.

18. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir óflekkað mannorð, ríkisborgararétt og er fjár síns ráðandi, leyfi til málaflutnings fyrir æðsta dómi, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi með 1. einkunn.
2. Gegnt málaflutningsstörfum að afloknu prófi í 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða í skrifstofu hæstaréttarmálaflutningsmanns eða málaflutningsmanns við æðsta dóm sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.
3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að áliti æðsta dóms hæfur til þess að vera málaflutningsmaður við dóminn. Enginn má oftar en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að vera málaflutningsmaður við æðsta dóm.

Þeir, er verið hafa málaflutningsmenn við hæstarétt, áður en lög þessi gengu í gildi, eiga rétt á að flytja mál fyrir æðsta dómi.

19. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málaflutnings, skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmennsku og samvizkusemi mál þau, er hann tekur að sér. — Fyrir leyfi til málaflutnings skal greiða 500 krónur í ríkissjóð.

20. gr.

Hafa skulu málaflutningsmenn skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grennd.

Skylt er þeim að inna af hendi þau störf fyrir dómi, er aðilar hafa falið þeim. Þó er þeim rétt, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum málaflutningsmanni við æðsta dóm. Þegar mál eru skriflega flutt, eða þegar málaflutningsmaður getur ekki sjálfur sótt þing, sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

21. gr.

Skylt er málaflutningsmönnum að flytja opinber mál, er forseti dómsins skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim ekki skylt að annast fyrir æðsta dómi.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar, sér skipaðan ákveðinn málaflutningsmann, og skal honum þá sá maður skipaður, nema ef sérstakar ástæður mæla því í gegn. Sama gildir, ef dómsmálaráðherra æskir ákveðins sækjanda í opinberu máli.

22. gr.

Rétt er aðila, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda félags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir æðsta dómi. Einnig er aðila rétt að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdaforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema málaflutningsmaður sé, eða samband við aðila sé slíkt, sem nú er mælt.

23. gr.

Rétt er málaflutningsmanni að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

24. gr.

Ef málaflutningsmaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem sett eru í 18. gr., þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu á meðan svo er ástatt. Sama er og, ef hann hefir ekki skrifstofu í Reykjavík, flyzt búferlum eða hefir tekið að sér starf, sem ósamrýmanlegt er málaflutningi við æðsta dóm. Þegar þannig er, skal málaflutningsmaður afhenda leyfi sitt til málaflutnings dómsmálaráðuneytinu, og skal leyfið þar geymt þar til aðili kann að nýju að uppfylla skilyrði til málaflutnings. Þá skal honum afhent leyfisbréf sitt aftur endurgjaldslaust.

Dómsmálaráðherra getur, ef dómurinn leggur það til, svipt málaflutningsmann leyfi, ef æðsti dómur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberu máli, vísvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

IV. KAFLI.

Um stefnur og stefnufresti.

25. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til æðsta dóms svo sem hér segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn ritara æðsta dóms.

   Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður forseti í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það að minnsta kosti 14 dögum fyrir þingfestingardag, á þann hátt, er dómsmálaráðherra ákveður. Verði mál ekki flutt á þingfestingardegi, er réttinum heimilt að fresta því, þó ekki lengur en 4 mánuði.
2. Stefnufrest skal miða við fyrsta dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.

Ritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufrest, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

26. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalréttarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, sem gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til hæstaréttar. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar forseta, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unnt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sérstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar, að minnsta kosti viku tíma hvorum, fyrir þingfestingu.

V. KAFLI.

Um hvaða mál megi bera undir æðsta dóm.

27. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til æðsta dóms, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja málinu eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun til hæstaréttar.

28. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til æðsta dóms, ef sakarefnið verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfélagsrétt manns eða þjóðfélagsskyldu, atvinnuréttindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir börnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til æðsta dóms, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sérákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til allt að einu.

Hvarvetna þess, er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgrein, eftir því sem við á.

29. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til æðsta dóms, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en 28. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til hæstaréttar.

30. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til æðsta dóms, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður en 6 almanaksmánuðir séu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sérákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sé frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

31. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 30. gr., en máli hans hefir verið vísað frá dómi, og er honum þá rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 30. gr. sé liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávísunardóms.

32. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sé liðinn, þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 30. gr. segir. Ennfremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef alveg sérstaklega stendur á, svo sem ef aðila, án þess að honum verði um kennt, hefir eigi tekizt að koma fram fyrirhugaðri áfrýjun.

Áfrýjunarstefnu skal taka út á 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbréfs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfisbréfi fyrirgert.

Ákvæði 31. gr. skal hér gilda, eftir því sem við á.

33. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

34. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum æðsta dóms, leyft að mál, sem þar hefir verið dæmt, eða í hæstarétti áður en lög þessi öðluðust gildi, verði að nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannazt, eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan myndi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sér um kenna.

35. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til æðsta dóms, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

36. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem áður hafa gilt fyrir hæstarétti sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir æðsta dómi.

37. gr.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

VI. KAFLI.

Um meðferð máls fyrir æðsta dómi.

38. gr.

Skjóta má dómsathöfn til æðsta dóms í því skyni að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytingar á þá leið, að máli verði vísað frá undir-

dómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar, eða að dómsathöfn verði ómerkt, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði aðeins breytt að efni til.

39. gr.

Aðilar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrétt sakarefnis samkvæmt því, er tíðkazt hefir, og eftir því, sem samrýmist lögum þessum.

40. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur í einkamálum má eigi bera fram í æðsta dómi, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, framar en tíðkazt hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv. með sama hætti og áður gilti um hæstarétt.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sér rétt til þess í áfrýjunarstefnu. Ennfremur skal hann leggja fram ný gögn eða afrit af þeim, og skýrslur um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, í skrifstofu æðsta dóms, að minnsta kosti 14 dögum áður mál verða þingfest, til afnota handa hinum aðilanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

41. gr.

Málsaðilar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skipta, og leggja það fram í skrifstofu æðsta dóms, að minnsta kosti 14 dögum áður en mál skal sækja og verja, svo mörg eintök, sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðunum, enda þarf ekki fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

Stytta má frest þann, er getur um í grein þessari, eftir samkomulagi dómenda og beggja málflytjenda, ef ástæður þykja til.

42. gr.

Sókn hvers máls og vörn fyrir æðsta dómi skal munnleg vera, á íslenzku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir ekki þing, og
2. Ef dómurinn leyfir það og báðir aðilar eða umboðsmenn þeirra óska þess.

43. gr.

Málsmeðferð hefst á því, að stefna er framlögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágrip dómsgerða, ef annarhvor málflytjandi eða dómurinn æskir þess. Þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja tala oftar en tvisvar. Ef aðili flytur ekki mál sitt sjálfur, er honum þó rétt að tala einu sinni.

Þegar mál eru skriflega flutt, er rétt að sókn og vörn sé tvisvar flutt.

44. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 43. gr. segir.

45. gr.

Fresti skal venjulega enga veita, nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður en málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef dómurinn frestar opinberu máli til þess að nýrra gagna verði aflað. Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður dómurinn þá fresti til sóknar og varnar.

46. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávísunar máls frá æðsta dómi, þá skal hann skýra ritara frá því og greina ástæður, að minnsta kosti viku áður en mál skal flytja. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sér.

47. gr.

Forseti stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

VII. KAFLI.

Um dómsuppkvaðningu, atkvæðagreiðslu og dóma.

48. gr.

Dóma og úrskurði skal upp kveða svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið, ef mál er munnlega flutt, og að jafnaði má þá eigi fyrir taka munnlegan flutning annars máls, fyrr en dómur er genginn.

49. gr.

Áður en dómur er upp kveðinn, skulu dómendur hafa með sér ráðagerð um efni og ástæður dóms og úrskurðar og greiða þar atkvæði.

Engir hafa rétt til að vera við ráðagerðir nema dómarar.

Atkvæðagreiðslur um mál, er munnlega hafa verið flutt, skulu vera opinberar og í heyranda hljóði. Sá af dómendum greiðir fyrst atkvæði og gerir grein fyrir því, sem til þess er valinn af réttinum í hvert sinn. Þó greiðir forseti ætíð atkvæði síðast. Hver dómari gerir í stuttu máli grein fyrir niðurstöðu sinni og ástæðum fyrir henni. Vísa má dómari til niðurstöðu og ástæðna dómara, sem greitt hefir atkvæði á undan honum, ef hann er því samþykkur.

Forseti stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur saman atkvæði.

Niðurstöðu dóms ræður afl atkvæða.

50. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjanda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er æðsti dómur þó eigi bundinn við kröfu málflytjenda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

51. gr.

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, er samkvæmt vali dómsins fær málsskjölin afhent, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Um frumvarp þetta ritar sá dómari, er næst fær málsskjölin í sínar hendur, álit sitt og tillögur, og þannig koll af kolli eftir hlutkesti, þó þannig, að forseti láti síðast uppi álit sitt.

Þegar skriflegt mál þannig hefir gengið á milli allra dómenda, skal fund halda um dóm eða úrskurð, og forsendur og niðurstöður ákveða eftir reglum þeim, er í 49. gr. segir.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls eða ómerkingu, en orðið hefir í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni dóms, eftir því sem ástæður eru til, og gildir það jafnt, hvort mál er munnlega eða skriflega flutt.

Allar atkvæðagreiðslur um dóma og úrskurði skal skrá í sérstaka bók. sbr. 9. gr. tölulið 3.

52. gr.

Í dómi skal taka fram:

1. Hvern dag dómur sé upp kveðinn.
2. Nöfn aðilja, heimili og stöðu.
3. Stutt yfirlit yfir kröfur aðilja og málsatvik. Þó má vísa til áfrýjaðs dóms eða úrskurðar, að því leyti, sem þeir eru staðfestir óbreyttir að forsendum og niðurstöðu.
4. Ástæður fyrir dómsniðurstöðu, enda sé þar skýrum orðum gerð grein fyrir rökum þeim, er til grundvallar liggja fyrir niðurstöðu, sé eigi dómsniðurstaða og forsendur staðfest að öllu leyti.
5. Dómsniðurstöðu eða úrskurðar.

Forseti sér um samning dóms.

Dómur skal undirritast af dómurum þeim, er tekið hafa þátt í uppkvaðningu hans.

53. gr.

Nú gerir einhver dómenda ágreiningsatkvæði, og skal það þá birt í dómasafni æðsta dóms ásamt með dóminum.

54. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í dóma æðsta dóms, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans, og nafn forseta undir.

Ritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit, sem fengin eru úr bókum dómsins.

VIII. KAFLI.

Um málskostnað fyrir æðsta dómi.

55. gr.

Dæma skal sækjanda og verjanda í opinberum málum hæfilegan málskostnað, miðað við, hversu mál er stórt og umfangsmikið og hversu mikla vinnu þeir hafa lagt fram til sóknar og varnar.

56. gr.

Nú virðist æðsta dómi máli vera áfrýjað að ástæðulausu, og ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 29 frá 26. okt. 1917, um málskostnað einkamála, fyrir æðsta dómi, að svo miklu leyti sem við á.

IX. KAFLI.

Um réttargjöld, sektir o. fl.

57. gr.

Dómsmálagjöld í æðsta dómi skulu vera sem hér segir:

Fyrir útgáfu stefnu	5	krónur
Fyrir þingfestingu	10	—
Fyrir dómsuppsögn	20	—
Fyrir úrskurð	10	—
Fyrir frest	5	—
Fyrir dómkvaðningu hvers manns	5	—

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 300 krónum, greiðist hálft gjald.

Gjöldin renna í ríkissjóð.

58. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sér fyrir dómi, fer eftir reglum, sem hingað til hafa gilt um hæstarétt. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur.

Nú virðist æðsta dómi aðili augljóslega hafa sagt vísvitandi rangt frá um atvik máls, er máli skipta, og skal þá beita sektum. Fyrir ástæðulausa áfrýjun máls er rétt að dæma áfrýjanda í sektir.

Allar slíkar sektir renna í ríkissjóð.

59. gr.

Ef áfrýjandi sækir ekki eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 kr. aukagjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

X. KAFLI.

Ákvæði um stundarsakir.

60. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, taka dómarar hæstaréttar án sérstaks skipunarbréfs sæti í æðsta dómi. Þeir dómendur tveir, sem skipaðir verða í öndverðu í æðsta dóm, skulu undanþegnir ákvæði 1. gr. 1. liðs. Leita skal álits dómenda hæstaréttar um veitingu þessara embætta, og gerir forsætisráðherra síðan tillögu til konungs um veitinguna samkvæmt samþykkt, er gerð hefir verið um hana á ráðherrafundi.

61. gr.

Æðsti dómur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til hæstaréttar, þegar lög þessi ganga í gildi, en eigi verið dæmd þar, í því ástandi sem þau voru, er æðsti dómur tekur til starfa. Ef málaflutningur var byrjaður fyrir hæstarétti, þá skal hann leiddur til lykta fyrir æðsta dómi, eftir þeim reglum, sem um málaflutning fyrir hæstarétti giltu. Málum þeim, sem stefnt hefir verið til hæstaréttar, án þess að málaflutningur hafi byrjað þegar lög þessi öðlast gildi, skulu dæmd eftir ákvæðum laga þessara.

XI. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

62. gr.

Í skipunarbréfi dómara má áskilja, að honum sé skylt án sérstaks endurgjalds að vera landsstjórninni til ráðuneytis um undirbúning laga, er leggja skal fyrir Alþingi, eða um úrlausn mála, er landsstjórnin hefir með höndum. Ennfremur er þremur dómurum, þeim er á hverjum tíma hafa síðast hlotið skipun, skylt án endurgjalds, ef lagadeild háskólans æskir og dómsmálaráðherra mælir með, að flytja fyrirlestra fyrir lögfræðinemum að minnsta kosti eina stund á viku hvert kennslumissiri í einhverri grein lögfræðinnar, er dómarinn velur í samráði við lagadeildina.

63. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

64. gr.

Nú er hæstarétti eða einstökum hæstaréttardómara falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá æðsti dómur í staðinn. Þar sem í lögum er nefnd eða ákveðin áfrýjun til hæstaréttar eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur æðsti dómur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Dómendur í æðsta dómi, þrír hinir elztu að embættisaldri, eiga sæti í landsdómi.

65. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi numin:

Lög nr. 31 frá 2. nóv. 1914, um varadómara í hinum konunglega íslenzka landsyfirrétti, lög nr. 22 frá 6. okt. 1919, um hæstarétt, lög nr. 37 frá 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 22 1919, lög nr. 19 frá 14. júní 1929, um breytingar á sömu lögum, svo og önnur ákvæði, er lög þessi brjóta í bága við.

Greinargerð.

Flutningur æðsta dómsvaldsins í málum þjóðarinnar inn í landið var mikilvægur þáttur í sjálfstæðisbaráttu þjóðar vorrar alla tíð frá 1850 allt til þess, að fullveldi landsins var viðurkennt og hæstiréttur stofnaður hér á landi. Heimflutningur dómsvaldsins var þjóðernismál og beint skilyrði þess, að þjóðin gæti talizt fullvalda. Hins var vitanlega ekki að dyljast, að það er nokkuð erfitt fyrir jafnfámenna þjóð og vora að skipa svo vel dómum landsins, að þeir veiti jafnmikið réttaröryggi sem dómstólar stærri þjóða. Fátt mun þó brýnna skilyrði þess, að þjóðfélagið fái staðizt, en að æðsti dómur þess sé svo sterkur, að þegnarnir almennt hlíti dómum hans með fúsu geði, í því örugga trausti, að hann dæmi ríkum sem óríkum lög og rétt.

Það álit hefir komið nokkuð fram, að dómsmálum þjóðarinnar væri ekki nógu vel skipað eins og nú er, jafnvel ekki hvað sízt um úrslitadómstigið. Hefir það álit komið fram bæði frá mætum og velviljuðum lögfræðingum og einstökum mönnum og blöðum. Loks verður það að teljast vafamál, hvort hæstiréttur nýtur nú svo almenns trausts borgaranna sem þörf er á. Einstakir dómar og einstök afskipti dómaranna við réttinn munu að minnsta kosti nokkuð orka tvímælis, jafnvel hjá gætnum og góðum borgurum, en við slíku má nú líklega jafnan búast, og sem betur fer mun rétturinn njóta allmikils trausts; á það bendir hinn stórvaxandi málafjöldi fyrir honum.

Aftur er hitt kunnara en frá þurfi að segja, hve geysilegri gagnrýni hefir á síðari árum verið beitt, einkum af blöðunum, gegn einstökum dómum bæði undirdóms og æðsta dóms. Hefir verið gerður reglulegur aðsúgur að dómstólunum. Eiga blöð allra flokka þar óskilið mál, þó þessi blöðin hafi veitzt að þessum dómnum og hin að hinum.

Er ekkert við hóflegri gagnrýni að segja, en þegar hún fer að verða jafnóbilgjörn og átt hefir sér stað, þá er ekki gott að segja, hvílíkan slóða hún getur eftir sér dregið, ef hægt er að koma því inn hjá fólki hér á landi og útlendingum, sem hér verða að hlíta dómi, að ekkert sé á dómum hvorki undirdóms né æðsta dóms að byggja. Með slíku er blátt áfram verið að grafa undan einum af hornsteinum þeim, er þjóðfélagið hvílir á.

Löggjafarvaldið getur ekki látið slíkt stórmál afskiptalaust, heldur ber því bein skylda til að gera það, sem í þess valdi stendur, til að efla réttaröryggið í landinu og traust manna á dómstólunum. Skiptir þar mestu um æðsta dóminn.

Flutningsmaður hefir því talið sér skylt að gera sitt til að afla æðsta dómi aukins álits og trausts með því að flytja frv. þetta. Þær endurbætur, sem fyrir honum vöktu, eru einkum þessar:

a. að fjölga dómurum æðsta dómsins,
b. að búa betur um skipun dómaranna, með því að leggja hana undir æðsta trúnaðarmann ríkisins, forsætisráðherra, og ráðherrafund, í stað þess að einn maður hafi þar einræði,
c. að veita einstökum dómurum aðhald með opinberri atkvæðagreiðslu.

Flutningsmaður hefir fengið þá tvo lögfræðinga landsins, sem nú munu njóta einna mests trausts alls landslýðs, til að undirbúa frv. þetta.

Hefir dr. juris Björn Þórðarson lögmaður endurskoðað alla núgildandi löggjöfina um hæstarétt og samið frv., þar sem sameinuð eru í einn bálk og endurskoðuð fleiri en ein lög, er nú gilda um æðsta dóminn, og jafnframt komið fram með ýms nýmæli merkileg, en síðan hefir prófessor juris Ólafur Lárusson farið yfir handrit dr. B. Þ. og gefið ýmsar góðar bendingar. Er því frv. eins og það nú liggur fyrir að mestu leyti sameiginlegt verk þessara manna. Telja þeir aðalákvæði frv. stórmikla réttarbót, ef að lögum verða.

Um höfuðbreyting þá, sem frv. gerir á núgildandi lögum, skal svo fyrst rætt.

Þegar um það er að ræða, hversu skuli með löggjöf afla æðsta dómnum meira trausts en nú hefir hann, virðist það blasa beint við að gera það með því að fjölga dómendum, því að betur sjá augu en auga, og í fjölskipaðra dómi fer síður hjá því, að einhver dómandinn njóti hvers manns trausts, eða að minnsta kosti að hver maður í landinu treysti einhverjum dómaranna til fulls réttdæmis, einn þessum, annar hinum. Því verður varla neitað, að 5 manna dómur er sterkari en 3 manna gegn óbilgjörnum árásum, að öðru jöfnu, og vitanlega betur treystandi til að draga fram til athugunar hin mismunandi sjónarmið, sem hvert mál má skoða frá.

Í allri okkar baráttu fyrir að fá æðsta dóminn inn í landið hefir því jafnan verið haldið fram, að dómendur í æðsta dómi mættu ekki færri vera en fimm. Það virðist almenn skoðun allra þeirra, er rækilegast hafa hugsað og ritað um skipun æðsta dómsins, að 3 manna úrslitadómur sé beinlínis of veikur til að njóta nægilegs álits og trausts til réttdæmis, ekki aðeins innanlands, heldur einnig og ekki síst gagnvart útlöndum, viðskiptaþjóðunum.

Hið alls eina, sem unnt virðist að færa á móti því að fjölga dómurum, er vitanlega kostnaðaraukinn, er af því stafar. Eins og nú standa sakir um fjárhag ríkisins og þjóðarinnar, er kostnaðaraukinn mikilvæg ástæða, því að þess er ekki að dyljast, að flest verður að spara og forðast ný gjöld svo sem verða má.

Árlegi kostnaðaraukinn af dómarafjölguninni er laun 2 dómara, sem eru eftir núgildandi lögum um 16000 kr. Þetta er að vísu nokkur fjárhæð eins og nú stendur, en þegar á það er að líta, að hér er verið að treysta þann hornstein, réttaröryggið, sem einna mest veltur á fyrir þjóðfélagið, þá virðist hún varla eiga að ráða úrslitum.

Jafnframt má benda á, að dómarastörfin við æðsta dóm munu ekki vera það tímafrek, að ekki væri í alla staði réttmætt að gera dómurum að skyldu að

gegna eitthvað meiri störfum fyrir þjóðfélagið án sérstaks endurgjalds, en vitanlega verður vel að gæta þess, að slík aukastörf ríði á engan hátt í bága við dómarastarfið.

Tvennskonar störf virðast sérlega vel fallin sem aukastörf dómaranna. Annað er kennsla í lagadeild háskólans. Mætti háskólanum verða að því hinn mesti styrkur, ef yngri dómurunum væri gert að skyldu að flytja við og við fyrirlestra um lögfræðileg efni fyrir stúdentunum, eftir samráði við deildarforseta.

Þá virðist og vel til fallið að gera dómurunum að skyldu að veita ríkisstjórninni aðstoð við samningu lagafrv. og endurskoðun vissra lagabálka. Hefir slík lögfræðileg aðstoð, sem ríkisstjórnin hefir orðið að kaupa, tíðum numið nokkrum þúsundum, og kæmi þannig nokkuð upp á móti kostnaðinum, er af dómarafjölguninni stafaði. Yrði hann þá ekki tilfinnanlegur, og sennilega enginn, borið saman við kostnaðinn, sem orðið hefði við fimmtardómsfrv. frá síðasta þingi, ef að lögum hefði orðið.

Um einstök atriði frumvarpsins skal nú farið nokkrum orðum, en að þeim einum vikið, sem afbrigðileg eru svo máli skiptir frá gildandi lögum um hæstarétt.

Fyrirsögn laganna er valin í samræmi við það, að dómstóllinn er úrslitadómstig. Hið núverandi heiti dómstólsins er að vísu nothæft, en það er þó ekki annað en þýðing úr dönsku orði, sem málnæmir menn hafa ekki kunnað við, og í frumvarpinu er fylgt dæmi íslenzkusnillingsins Gísla latínuskólakennara Magnússonar, sem þótti það eitt rétt að nefna úrslitadómstigið æðsta dóm.

Um I. kafla.

1. gr. Nafnið fimmtardómur er haft til þess að leggja áherzlu á það, að úrslitadómstig vort skuli skipað 5 mönnum, vera fimmt manna, til þess að teljast nægilega öflugt.

2. gr. Ákvæðin í þessari grein um skipun dómara og lausn frá embætti, sbr. 57. gr. stjskr., eru sett í samræmi við tillögur, sem bornar voru fram á Alþingi í fyrra. Enda mundi heppilegt að búa svo um fleiri mikilsvarðandi embætti.

4. gr. Nýmæli er í 2. tölul., þar sem fulltrúar þar greindra embættismanna eru taldir eftir 5 ár að hafa náð lögfræðiþroska til að vera hæfir til að ganga undir dómararaun. Er það sannast að segja, að engir ungir lögfræðingar öðlast eins víðtæka og margháttaða æfingu í meðferð lögfræðilegra viðfangsefna sem þessir menn, annarsvegar í opinberum málum en hinsvegar í einkamálum. Eftir núgildandi lögum verða þeir að þjóna t. d. sýslumannsembætti í 3 ár til þess að mega þreyta dómararaun, en á hinum sömu árum mundi margt það fyrnast hjá þeim, sem nauðsynlegt er í dómarastarfi. Í annan stað eru stöður þeirra svo laklega launaðar í samanburði við fulltrúa hæstaréttarmálaflutningsmanna, að efnilegum mönnum þykja þær ekki eftirsóknarverðar. Fulltrúastörfunum geta þó aðeins gegnt, svo vel sé, færustu lögfræðingar, og fyrir ríkið ætti það að vera vinningur að laða góða menn, sem sætta sig við léleg laun, í þjónustu sína með því að geta gefið þeim von um réttmætt embættisgengi.

Ákvæði 3. töluliðs er samkvæmt því, sem samþykkt var á Alþingi í fyrra undir meðferð frv. um fimmtardóm.

12. gr. Þessi grein, sem svarar til 3. gr. laga um hæstarétt, er sett hér í lok þessa kafla, en annars mundi að meinfangalausu alveg mega nema úr lögum sérdómstól þennan.

Um II. kafla.

Hér er það lagt til að nema úr gildi þau lagaákvæði, að kennarar í lögum við háskólann séu sjálfkjörnir varadómendur. Á sínum tíma var þetta þarfleg skipun, en nauðsyn hennar virðist ekki vera fyrir hendi lengur, þar sem á svo mörgum öðrum færum mönnum er einnig kostur.

14. gr. Vera má, að nægilegt sé að hafa 3 fasta varadómendur, en þar sem sá möguleiki er fyrir hendi, að allir dómararnir verði að víkja dómarasæti, er það tryggilegast, að varadómendur séu 5, svo að ekki þurfi að setja aukadómara. Þá þykir það og rétt, að varadómarar fullnægi skilyrðum til að mega ganga undir dómararaun.

15. gr. Þá mun það heppilegast, að það fari hvorki eftir hlutkesti né geðþótta, hver varadómari skipar hið auða dómarasæti, og virðist þá réttast, að þeir séu kvaddir til eftir útnefningarröð, eins og fyrir er mælt um tilkvaðning sjódómsmanna. Rétt þykir þó að heimila undanþágu frá þessu ákvæði, ef æskilegt þykir að njóta sérþekkingar einhvers annars varadómara við dóm einstaks máls.

16. og 17. gr. þurfa ekki skýringa.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru engin atriði, sem nauðsyn er að skýra, en það skal tekið fram, að alstaðar þar, sem í lögunum er talað um mál eða málaflutningsmann án frekari auðkenningar, er átt við mann, sem fengið hefir lögboðið leyfi til málaflutnings fyrir æðsta dómi.

V. kafli er að efni til samhljóða gildandi lögum um hæstarétt, að öðru en því, að í 37. gr., sem svarar til 33. gr. hæstaréttarlaganna, er ekki tekin upp fyrri málsgrein greinarinnar, sem er leifar frá þeim tíma, er allt aðrar reglur giltu um ábyrgð dómara en nú, og á ákvæðið engan rétt á sér nú orðið, enda engin ástæða til að láta dómara sleppa við réttmætar ávítur, þó svo vilji til, að aðili vanræki að taka út áfrýjunarstefnu innan hins lögboðna áfrýjunarfrests.

VI. kafli svarar til 34.—43. gr. laga um hæstarétt og er að efni til samhljóða þeim.

Um VII. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru frábrugðin gildandi lögum um hæstarétt um það, að hér er mælt svo fyrir, að atkvæðagreiðslur verði opinberar og í heyranda hljóði. Hefir þetta atriði verið þrautrætt á undanförnum árum, bæði á Alþingi og utan þess, og mun affarasælast að taka upp þá ráðabreytni, sem hér er ætlazt til. Hafa Norðmenn gert þetta fyrir nokkrum árum, og þykir hafa gefizt vel.

Þykir ekki þörf að gera ýtarlegri grein fyrir þessu.

Um VIII. kafla þykir ekki þörf neinna athugasemda.

Um IX. kafla.

Það þykir eðlilegast, að dómarar hæstaréttar taki án nokkurra umsvifa sæti í æðsta dómi, þegar lög þessi öðlast gildi. Og eigi verður séð, að með öðrum hætti verði betur vandað val hinna nýju dómara en þeim, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Um X. kafla er ekki þörf að ræða.

Nd. 149. Frumvarp

til laga um aðflutningsgjald af fiski og síld.

Flutningsm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Af öllum fiski, nýjum og söltuðum, og allri síld, nýrri, freðinni eða kældri og saltaðri, sem veidd er af erlendum skipum og sett á land á Íslandi, eða flutt til landsins á millilandaskipum, skal greiða aðflutningsgjald í ríkissjóð sem hér segir:

Af fiski, nýjum og söltuðum	3	krónur	af hverjum	100	kílóum
— nýsíld til bræðslu	2	—	—	150	—
— — . — söltunar	3	—	—	100	—
— beitusíld, freðinni eða kældri	10	—	—	100	—
— saltsíld í tunnum	5	—	tunnu		

2. gr.

Undanþeginn gjaldi þessu er fiskur og síld, sem áður hefir verið flutt út frá landinu.

3. gr.

Um innheimtu aðflutningsgjalds samkvæmt þessum lögum fer sem um innheimtu vörutolls samkv. l. nr. 54 frá 1926, eftir því sem við verður komið, og ber kaupandi ábyrgð á greiðslu gjaldsins á sama hátt sem um vörutoll væri að ræða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og fiskiveiðalöggjöfin nú er skilin og framkvæmd, geta erlend fiskiskip selt afla sinn hér í land, þó nokkrar hömlur séu á það lagðar. En þar sem það er afartakmarkað síldarmagn, sem markaðurinn þolir árlega, og Íslend-

ingar hinsvegar hafa nægan skipastól til að afla allrar þeirrar síldar, sem seljanleg er héðan, og þó meira væri, er sala erlendu veiðiskipanna þeim til mikils tjóns. Ennþá verra er þó hitt, að þar sem það verður aldrei fyrirfram vitað, hve mikið erlend skip kunna að selja í land af síld, er eigi unnt fyrir íslenzka útgerðarmenn að hafa samtök um söltunina, þannig að öruggt sé, að eigi verði saltað of mikið fyrir markaðinn. Er af þessu nauðsynlegt að leggja nokkrar frekari hömlur á en gert hefir verið, að veiði erlendra skipa verði sett hér á land. Er í þessu frumvarpi þó eigi lengra gengið en aðrar þjóðir gera gagnvart oss, til dæmis Englendingar, að því er innflutning nýs fiskjar snertir.

Ed. 150. Nefndarálit

um frv. til laga um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin lítur svo á, að breytingar þær, sem frv. gerir á núgildandi löggjöf, megi að miklu gagni verða, einkum ákvæði 6. gr., sem heimila atvinnumálaráðherra að áskilja, að í öllu smjörlíki skuli vera ákveðið smjörmagn. Með þessu á það tvennt að vinnast, að tryggja innlendan markað fyrir allt smjör, sem framleitt er í landinu til sölu, og jafnframt að útvega neytendum miklu betri vöru en ella.

Þar sem það mun vera ætlun núv. landbúnaðarráðherra að fela forstöðumanni efnarannsóknarstofu ríkisins eftirlit það með smjörlíkisgerðunum, sem ræðir um í 10. gr., virðist rétt, að það sé beint tekið fram í lögunum.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 8. gr. Í stað „20‰“ komi: 2‰.
2. Við 10. gr. Fyrsta málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Atvinnumálaráðuneytið sér um, að ákvæðum laga þessara sé fylgt, og getur ráðuneytið falið forstöðumanni efnarannsóknarstofu ríkisins eftirlit með starfsemi smjörlíkisgerðanna.

Alþingi, 11. marz 1933.

Páll Hermannsson, form.	Pétur Magnússon, fundaskrifari.	Jón Jónsson, frsm.

Nd. 151. Frumvarp

til laga um bann við því, að bankar og aðrar lánstofnanir greiði hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands ákveður.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Engir bankar, sparisjóðir eða aðrar peningastofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðsstarfsemi, mega greiða hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands ákveður. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er að ræða fé í venjulegum viðskiptabókum stofnunarinnar, á innlánsskírteinum, hlaupareikningi eða til ávöxtunar á annan sérstakan hátt.

2. gr.

Nú hefir peningastofnun tekið við fé til ávöxtunar á innlánsskírteini eða á annan hátt með sérstökum samningi, áður en lög þessi öðlast gildi, með hærri vöxtum en lög þessi leyfa, og skulu þeir þá standa óhaggaðir til næsta gjalddaga, þó eigi lengur en sex mánuði frá því að lög þessi öðluðust gildi.

3. gr.

Lög þessi ná ekki til söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10000—100000 kr. Mál, sem rísa kann af lögum þessum, skal farið með sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ástæður að frumvarpi þessu eru þær, að nauðsyn ber til þess nú á tímum að lækka útlánsvöxtu. Aðalráðið til þess er það, að lækka vöxtu af innstæðufé. En því aðeins myndi því ráði mega verða framgengt, að engin lánstofnun geti dregið til sín innstæðu með því að bjóða hærri vöxtu en Landsbankinn ákveður.

Nd. 152. Breytingartillaga

við frv. til hjúkrunarkvennalaga.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Við 2. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:

Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkon-

ur samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarkvennastarfa við sjúkrahús, sjúkraskýli, elliheimili, barnahæli og aðrar tilsvarandi heilbrigðisstofnanir, né að kaupstaðaskólum sem skólahjúkrunarkonur.

Ed. 153. Nefndarálit

um frv. til ljósmæðralaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. marz 1933.

Magnús Torfason, form., frsm. Jónas Jónsson, fundaskrifari. Pétur Magnússon.

Ed. 154. Breytingartillaga

við frv. til laga um breytingar á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 1. gr. C. 8. lið. Nýr liður:
Mývatnssveitarvegur: Frá Breiðamýri um Mývatnsheiði að Skútustöðum.

Ed. 155. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Flm.: Einar Árnason.

6. gr. A. II. 2. 1. málsgr. orðist svo:

Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn á staðnum. Skattanefnd ákveður arð þennan, enda láti félagið nefndinni í té glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annarskostar áætlar skattanefnd arð af skiptum þessum, og byggist útsvarið á því.

Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, eftir sömu reglum og gilda um áfrýjun útsvara, hvort heldur er sérstökum eða ásamt kæru yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd hefir lagt á arð af þessum viðskiptum.

Greinargerð.

Ákvæði gildandi útsvarslaga um útsvarsskyldu samvinnufélaga af arði af viðskiptum utanfélagsmanna hafa valdið allmiklum ágreiningi í framkvæmdinni. Stafar sá ágreiningur af því, að viðkomandi niðurjöfnunarnefndir hafa í ýmsum tilfellum ekki tekið til greina þær skýrslur, er kaupfélögin hafa í té látið um þessi viðskipti og arð af þeim, heldur lagt útsvar á eftir eigin geðþótta og án þess að gera grein fyrir, hversu mikinn þær teldu arðinn. Hafa út af þessu risið allmiklar erjur og kærumál og úrskurðir gengið sitt á hvað.

Með þessu frumvarpi er ætlazt til, að skattanefnd ákveði fyrirfram, með hliðsjón af skýrslum viðkomandi félags, hversu mikill skuli teljast arður þess af viðskiptum utanfélagsmanna, og byggir þá niðurjöfnunarnefnd útsvarið á þeirri upphæð. Ætti með þessu að vera fenginn grundvöllur undir álagningu niðurjöfnunarnefndar, sem við mætti hlíta.

Ed. 156. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 84, 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. þetta verði samþykkt með nokkrum breytingum. Aðalbreytingarnar eru þær, að innflutningsgjaldið af hjólabörðum og gúmmíslöngum lækki úr 1 kr. niður í 50 au. á kg., og að nokkur hluti bifreiðaskattsins gangi til malbikunar vega í kaupstöðum og verzlunarstöðum með fleiri en 300 íbúum.

Tillagan um lækkun á innflutningsgjaldinu af hjólabörðum og gúmmíslöngum er flutt sakir þess, að það gjald er bílaeigendum sérstaklega tilfinnanlegt og kemur illa niður meðan vegirnir eru yfirleitt svo slitfrekir sem enn er hér á landi. Tillagan um að láta kaupstaði og kauptún njóta nokkurs hluta af bifreiðaskattinum er í samræmi við löggjöf nágrannalandanna á þessu sviði og byggist á því, að um þessa vegi er bílaumferðin mest og þess vegna mest þörf þar á þeim vegabótum, sem gera vegina verulega hæfa fyrir bílaumferð. Hér við bætist svo það, að nokkrir kaupstaðir eru ennþá án sambands við vegakerfi landsins, en mundu þó greiða bifreiðaskatt. Ætlast nefndin til, að skiptingu milli kaupstaðanna á þeim hluta skattsins, sem til þeirra fellur, verði hagað þannig, að kaupstaðir, sem ekki eru í sambandi við vegakerfið, njóti sem næst þeirrar upphæðar af bifreiðaskatti, sem til fellur í umdæmum þeirra.

Samkvæmt þessu, og að öðru leyti til lagfæringar á frv., flytur nefndin eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Í stað orðanna „1 — eina — krónu“ í 1. gr. b. í lögunum komi: 50 aura.

2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Í stað „1931“ í 4 gr. laganna komi: síðastliðnum.
3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
Í stað „ræktunarvegarins“ í 8. gr. b.-lið komi: ræktunarveganna.
4. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
Á undan síðustu málsgr. 8. greinar laganna komi nýr stafliður, þannig:
d. Frá 1. jan. 1934 færist hundraðshlutinn samkvæmt a-lið niður í 50%, en 15% af hvers árs tekjum skal þá verja til þess að malbika umferðarvegi í kaupstöðum og í verzlunarstöðum með fleiri en 300 íbúum, eða gera á þeim slitlag úr öðru varanlegu efni. Ráðherra ákveður með reglugerð skiptingu þessa fjár milli aðilja, og er heimilt að krefjast jafnmikils framlags í móti frá hlutaðeigendum. Að því leyti, sem þessi hluti skattsins verður ekki notaður árlega, skal geyma hann í sérstökum sjóði, er nefnist „sjóður til malbikunar á bæjarvegum“, í vörzlum atvinnumálaráðuneytisins.
5. Á eftir 5. gr. komi ný grein, er verður 6. gr., þannig:
Orðin í 11. gr. laganna „og gilda til ársloka 1933“ falli burt.

Alþingi, 14. marz 1933.

Ingvar Pálmason,	Jónas Jónsson,	Jón Þorláksson,
form.	fundaskrifari.	frsm.

Ed. 157. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50, 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:
Til ársloka 1935 getur ráðherra á sama hátt veitt leyfi til þess, að hross séu flutt út á tímabilinu frá 15. okt. til febrúarloka.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 158. Frumvarp

til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til stofnunar íslenzks happdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 25000, er skiptist í 10 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk á mánuði hverjum, nema janúarmánuð og febrúarmánuð, dráttur fyrsta flokks í marzmánuði og tíunda flokks í desembermánuði.
b) Iðgjald fyrir heilan hlut skal vera 60 kr. fyrir alla 10 flokka, en 6 kr. í hverjum flokki. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og hálfu og ennfremur skipta þeim í fjórðunga, ef reynslan sýnir, að það sé hentugra.
c) Vinningarnir skulu vera samtals 5000 og nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 10 flokkum.
d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skulu að minnsta kosti 2 nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.
e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita til 10 ára, frá 1. jan. 1934 að telja, og skal ágóðanum varið til þess að reisa hús handa háskólanum.

2. gr.

Frá því er happdrættið tekur til starfa er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá, að viðlögðum sektum, 200—2000 kr. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir einn bæ eða sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

3. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins, nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð, að viðlögðum sektum, er nánar má ákveða í reglugerð.

4. gr.

Ekki skal taka tillit til vinninga í happdrættinu við útreikning tekjuskatts eða aukaútsvars það ár, sem vinningarnir falla.

5. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð um starfsemi happdrættisins í einstökum atriðum, og má í henni ákveða sektir fyrir brot. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934, og skal fyrsti dráttur fara fram í marzmánuði það ár.

Greinargerð.

Með lögum nr. 31, 23. júní 1932, er svo kveðið á, að landsstjórninni sé heimilt að láta reisa hús handa Háskóla Íslands á árunum 1934—1940, eftir því sem fé er til þess veitt. Með þessu hefir Alþingi viðurkennt, að þessari bygging þurfi að koma upp sem fyrst, enda mun það alviðurkennt, að hér sé um aðkallandi þörf að ræða. Háskólinn hefir orðið að búa við allsendis ófullnægjandi húsnæði frá stofnun hans, árið 1911, og er í því efni langverst settur allra skóla landsins.

Eins og nú er högum háttað, eru ekki miklar líkur til þess, að fé verði fyrir hendi í þessu skyni eða að fært þyki að taka fjárveitingar til þessa húss í fjárlög fyrst um sinn. Er því sennilegt, að afla þurfi til þess fjár með sérstökum hætti, ef þessi áform eiga að komast í framkvæmd. Er frumvarp þetta borið fram í þeim tilgangi að gera tilraun til slíkrar fjáröflunar án þess að ríkissjóði verði til þyngsla. Má svo segja, að með þessari aðferð sé leitað í ákveðnu formi frjálsra samskota til þess að hrinda einu af nauðsynjamálum þjóðfélagsins í framkvæmd, nauðsynjamáli, sem að öðrum kosti hlýtur að lenda á ríkissjóði.

Frumvarpið er í öllum aðaldráttum sniðið eftir frumvarpi því um íslenzkt ríkishappdrætti, sem borið var fram á Alþingi 1925. Hafði málið þá verið ágætlega undirbúið af erlendum sérfræðingum, og happdrættið sniðið sérstaklega eftir Det kgl. Köbenhavnske Klasselotteri, sem hefir nú starfað um nálega tveggja alda skeið og jafnan þótt hin merkasta stofnun í sinni grein og gefið góðan arð. Hefir háskólaráðið nú tekið upp þessa hugmynd, að setja á stofn slíkt happdrætti og verja ágóða þess til húsbyggingar handa háskólanum, og sent erindi um það.

Um útreikninga á því, hve mikið af happdrættismiðum væri hæfilegt að gefa út hér á landi, svo og um fyrirkomulag allt á dráttum o. s. frv., má vitna í þskj. 341 í Alþt. A. 1925, svo og í greinargerð þá, sem frv. fylgdi frá háskólaráði. Þar er og rakin saga málsins á Alþingi og gerð grein fyrir happdrætti í ýmsum öðrum löndum. Hér skal aðeins taka upp áætlanir um rekstur happdrættisins.

Ef gert er ráð fyrir, að allir miðar seljist, verður útkoman þessi:

Tekjur:

25000 hlutir á kr. 60,00		kr. 1500000

Gjöld:

1.	Vinningar 70%	kr. 1050000	
2.	Til útsölumanna 5%	— 75000	
3.	Stjórn o. s. frv.	— 55000	
			— 1180000
		Ágóði	*kr. 320000*

En ef aðeins helmingur miðanna selst, verður útkoman þessi:

Tekjur:

12500 hlutir á kr. 60,00	kr.	750000

Gjöld:

1. Vinningar 70%	kr.	525000	
2. Til útsölumanna 5%	—	37500	
3. Stjórn o. s. frv.	—	50000	
			— 612500
Ágóði	*kr.*		*138500*

Áhættan er lítil, vegna þess að kostnaður færist yfirleitt niður við það, að salan minnkar.

Sá liðurinn, sem er óákveðinn (auk þess hve mikið tekst að selja af miðum), er 3. liður, stjórn o. s. frv. — Er því rétt að skýra frá því, að hann er yfirleitt mjög varlega áætlaður. Liðirnir eru þessir:

1. Til stjórnarnefndar (formaður verður að vera lögfræðingur, og nefndin hefir talsvert starf við úrskurði o. s. frv.)	kr.	2600,00
2. Laun forstjóra og ágóðahluti, laun eins fulltrúa, eins aðstoðarmanns og 3 stúlkna í skrifstofu má áætla	—	25000,00
3. Húsnæði ljós, hiti, afskrift o. s. frv.	—	5000,00
4. Prentun, pappír, ritföng, bækur (prentun hlutamiða er dýr)	—	20000,00
5. Útibú	—	3000,00
	Kr.	55600,00

Hér eru ekki taldar aukatekjur, sem happdrættið fær við það, að kaupendur koma eftir að nokkrir flokkar eru um garð gengnir. Þær geta numið nokkru, og bæta þá upp, ef meiri kostnaður yrði, eins og ef til vill mætti vænta, einkum fyrst.

Um einstakar greinar frumvarpsins:

1. gr. Farið er fram á einkaleyfið til 10 ára. Er gert ráð fyrir, að á þeim tíma náist nægilegt fé til þess að koma upp háskólahúsi. Ef minni verða tekjurnar, er þá auðvelt að framlengja heimildina. En að þessari bygging lokinni, og ef þetta hefði reynzt vel, mætti láta happdrættið halda áfram að afla tekna til opinberra bygginga, því að nóg er framundan að gera.

2. gr. Einn ávinningur við innlent happdrætti er sá, að koma í veg fyrir, að hér séu seldir miðar erlendra happdrætta og með því tekið fé út úr landinu, sem hér er betur komið.

4. gr. Tekjuskattur og aukaútsvar á vinninga í happdrættinu myndi geta eyðilagt að mestu áhuga manna á því að kaupa miða happdrættisins. Auðvitað verður svo eftirleiðis tekið tillit til þeirra breytinga á efnahag manna, sem verða af völdum vinninganna. Hér er í raun og veru ekki um annað að ræða en það, að einn tekjustofn þess opinbera er studdur með því að slaka á öðrum.

Nd. 159. Þingsályktun

um innflutning karakulasauðfjár.

(Afgreidd frá Nd. 14. marz).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild laga nr. 27, 8. sept. 1931, um innflutning karakulafjár frá Þýzkalandi, og svo fljótt, að unnt sé að hafa það til framtímgunar næsta vetur.

Nd. 160. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 27 frá 1921, um aukatekjur ríkissjóðs.

Flm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbréfabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gera áritun um það á veðskuldabréfið skal greiða 3 krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að mjög litlu er aflýst af skjölum á ári hverju, í hlutfalli við tölu þeirra skjala, sem þinglesin eru. Er mönnum í sjálfsvald sett, hvenær þeir láta aflýsa skjölum sínum, og verður því mörgum að spara sér þann kostnað, sem af því leiðir, í lengstu lög, og þó mun hitt eigi síður valda, að menn muna eigi, hvert gjaldið er, og gera sér oft í hugarlund, að það sé hærra en lögum samkv. verður krafizt. Má telja víst, að fast gjald, hið sama fyrir öll aflýsingarskjöl, sem fljótt mundi verða á allra vitorði, hvert væri, mundi verða miklu vinsælla, enda þótt það alloft yrði heldur hærra en það gjald, sem nú er greitt. Væri það mikil framför, ef takast mætti að fá allan almenning til að láta aflýsa veðskjölum sínum, þeim er greidd eru. Og það, sem ríkissjóður tapaði á hinum tiltölulega fáu bréfum, sem eru að upphæð 5000 krónur og þar yfir, mundi vinnast upp á þeim bréfum, sem eigi ná 4000 krónum, og á því, að miklu fleiri bréfum mundi árlega verða aflýst en nú er. — Nánar í framsögu.

Nd. **161. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 75 frá 1921, um stimpilgjald.

Flm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Aftan við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók, er sýna eignayfirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur, eða maka upp í búshelming hans (lóðseðlar), enda sé eigi samhliða um sölu eða um söluafsal að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Greinargerð.

Ein aðalorsök þess, að afsals- og veðmálabækur eru eigi nú svo örugg heimild fyrir eignarrétti að fasteignum sem vera þyrfti, er sú, að þeir menn, er fá fasteignir að erfð, láta dragast, kostnaðarins vegna, að láta þinglesa eignarheimild sína (lóðseðil). Er það greiðsla stimpilgjaldsins, sem menn sérstaklega fráfælast, enda virðist það eigi sanngjarnt að taka bæði erfðafjárgjald og stimpilgjald af fasteignum, útlögðum við skipti, en aðeins erfðafjárgjald af lausafé. Kemur þetta sérstaklega hart niður og er erfitt í framkvæmd, þegar fasteign er útlögð maka, sumpart sem arfur, sumpart upp í búshelming hans. Mun þetta hafa leitt til mismunandi skilnings og framkvæmda á lögunum, og er sú ástæða ein næg til þess, að leitað sé heppilegri og sanngjarnari ákvæða. Er því hér lagt til, að stimpilgjaldið sé fellt alveg niður að því er lóðseðla snertir. Tekjutap ríkissjóðs vegna þessa getur eigi orðið svo tilfinnanlegt, að í það sé horfandi. — Nánar í framsögu.

Ed. **162. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Í stað orðsins „síldartunnu“ í 1. málsgr. 1. greinar laganna komi: saltsíldartunnu.

Orðin „fiskmjöli þurrkuðu“ í 2. málsgrein sömu greinar falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta fer fram á lækkun á útflutningsgjaldi á tveimur tegundum útflutningsvara, nýrri síld ísvarinni og þurrkuðu fiskmjöli. Ástæður fyrir flutningi þess eru þær, er hér greinir:

Á öndverðum yfirstandandi vetri voru gerðar tilraunir á Austfjörðum með útflutning á nýrri síld ísvarinni, bæði til Englands og lítilsháttar til Þýzkalands. Kom þá í ljós að lög nr. 60, frá 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl., voru skýrð þannig, að af þessari ísuðu síld bæri að greiða útflutningsgjald eins og af saltsíld, þ. e. 1 kr. af hverjum 108—120 lítrum.

Þar sem hér er um að ræða tilraunir til að komast inn á nýjan markað með nokkuð af þeirri vöru, sem mjög erfitt er að fá markað fyrir, þá virðist öldungis óverjandi að skattleggja þessar tilraunir með útflutningstolli, sem nemur allt að 25% af andvirði vörunnar að frádregnum kostnaði.

Að því er snertir lækkun á útflutningsgjaldi af þurrkuðu fiskmjöli virðist nægilegt að taka þetta fram:

Vinnsla á fiskmjöli hefir vaxið allmikið hér á síðari árum, þannig að í stað þess að kasta í burt öllum fiskúrgangi, eins og áður var gert að mestu, eru beinin nú möluð og flutt út sem verzlunarvara.

Hús og vélar, svo og allur rekstur — kol, olía og vinna — krefur mikið stofnfé og einnig rekstrarfé, enda hafa verksmiðjur þær, er reknar hafa verið, tæplega borgað sig, en flestar aukið skuldir við bankana, þar sem afurðirnar — fiskmjölið — hafa eins og flestar vörur farið sílækkandi í verði á heimsmarkaðinum.

Það virðist því vera sterk ástæða til þess að setja útflutningsgjöld á fiskmjöli í samræmi við útflutningsgjöld á öðrum fiskivörum og nema ákvæði um núverandi útflutningsgjöld á fiskmjöli þar með úr lögum.

Frekari grein verður gerð fyrir frv. í framsögu.

Ed. 163. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 70, 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum íslenzkum afurðum, sem fluttar eru til útlanda, nema saltsíld, fóðurkökum og áburðarefnum, skal greiða í ríkissjóð 1½% gjald af verði afurðanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt sem afleiðing af frumvarpi á þskj. 162, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl. Verði það frv. samþ., er breyting sú, er felst í þessu frv., nauðsynleg til samræmis.

Nd. 164. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 152 [Hjúkrunarkvennalög].

I. Frá *Jóhanni Jósefssyni*.
Í stað „kaupstaðaskólum“ komi: skólum.

II. Frá *Pétri Ottesen*.
Á eftir „kaupstaðaskólum“ komi: og alþýðuskólum.

Nd. 165. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1931.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er samið eftir tillögum yfirskoðunarmanna LR. Hefir nefndin sannfært sig um, að fylgt hefir verið sömu reglu og undanfarið um samþykkt aukafjárlaga og þær fjárgreiðslur allar teknar upp í frv., sem landsreikningur gefur tilefni til. Ein villa hefir slæðzt með till. yfirskoðunarmanna um aukafjárveitingu á 14. gr. II. a. til íslenzkra stúdenta í erl. háskólum, kr. 2253,07 fyrir kr. 1053,07, sem stafar af því, að á þann lið hefir verið færður styrkur til Hákonar Bjarnasonar, kr. 1200,00, en fyrir honum er fjárveiting á 16. gr. 11. c. Leggur nefndin til, að þetta verði leiðrétt. Tvær samlagningarvillur eru í frv. í samtölu 4. og 5. gr., um kr. 2,00 á hvorum stað, og prentvillur í 3., 6. og 10. gr., sem nefndin leggur einnig til, að verði leiðrétt:

Helztu tölulegar niðurstöður í sambandi við landsreikninginn og fjáraukalög eru þessar:

Útborganir ríkissjóðs skv. LR.	kr. 18189862,20
Áætlaðar útborganir skv. fjárlögum	— 12821744,25
	Kr. 5368117,95

Lögboðnar fyrirframgreiðslur ..	kr.	15250,17		
Gr. samkv. heimildum í fjárl. ..	—	357003,81		
Gr. samkv. sérstökum lögum ..	—	363884,05		
			kr. 736138,03	
Fjáraukalög 1931	kr.	347909,72		
Leitað er aukafjárv. fyrir	—	3392238,14		
			— 3740147,86	
				kr. 4476285,89
				kr. 891832,06
Gjöld lægri en áætlun				— 800516,27
Hafa þá gjöldin farið fram úr áætlun um				kr. 1692348,33

á þeim liðum, sem talin eru lögboðin gjöld.

Greiðslur umfram eða undir áætlun, sem ekki koma fram í fjáraukalögum, skiptast þannig á hinar ýmsu gr. LR.:

	Umfram áætl.		Undir áætl.
7. gr. kr.	764026,84	kr.	„
9. gr. —	53414,20	—	„
10. gr. —	28513,51	—	5786,19
11. gr. —	3422,52	—	25820,64
12. gr. —	36680,18	—	25948,70
13. gr. —	47140,92	—	320304,81
14. gr. —	300790,49	—	105221,63
15. gr. —	95736,39	—	8837,50
16. gr. —	319706,02	—	170542,33
17. gr. —	34304,28	—	119501,97
18. gr. —	8612,98	—	18552,50
kr.	1692348,33	kr.	800516,27

Umframgreiðslurnar, sem ekki hefir þótt ástæða til að leita aukafjárveitingar fyrir samkv. gildandi venju um samning aukafjárlaga, eru þessar:

Vextir af lánum ríkissjóðs	kr.	704144,14
Afborganir af lánum ríkissjóðs	—	59882,70
Til alþingiskostnaðar	—	53414,20
Til utanríkismála	—	8513,51
Laun samkv. launalögum	—	338801,34
Til sýsluvegasjóða	—	43072,42
Til héraðsskóla	—	30857,92

Til menningarsjóðs	kr.	58603,66
Til þjóðleikhúss	—	32237,73
Gjöld samkv. jarðræktarlögum	—	253275,30
Till. til byggingarsjóða í kaupstöðum	—	29341,00
Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð	—	32019,73
Gjöld samkv. fátækralögum	—	28146,28
Tillag til ellistyrktarsjóða	—	6158,00
Bólusetningarkostnaður	—	871,78
Varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands	—	1240,73
Varnir gegn kynsjúkdómum	—	7381,89
Iðgjöld slysatryggingar verkamanna	—	1984,00
Slysatrygging ríkisins	—	1872,00
Styrkur til námskvenna á ljósmæðraskólanum	—	530,00
	Kr.	1692348,33

Að gjöldin hafa orðið lægri í sumum liðum LR. en fjárlög heimila, stafar af því, að nokkrar fjárveitingar hafa fallið niður, en á öðrum sparazt að meira eða minna leyti. Helztar þeirra fjárveitinga, sem fallið hafa með öllu niður, eru:

Framlag til landhelgissjóðs	kr.	20000,00
Til kaupa fjölsímatækja í Rvík og Ak.	—	75000,00
Til að reisa lofttalstöðvar á Ísaf. og Horni	—	10000,00
Til stúdentagarðs (endurveiting)	—	25000,00
Til að reisa unglingaskóla í kaupstöðum	—	20000,00
Til búfjártryggingarsjóðs Íslands	—	15000,00
Til bústofnslánadeildar	—	50000,00
Til lánadeildar smábýla	—	50000,00
	Kr.	265000,00

Helztir þeirra liða, sem sparazt hefir á, eru: Til berklavarna kr. 107322,08, til bryggjugerða og lendingarbóta kr. 64977,11, laun skv. launalögum kr. 18998,30 og til þjóðvega kr. 68134,33. Vegaféð er þó að mestu tilfærsla á milli liða, því leitað er aukafjárveitingar fyrir mestum hluta þessarar upphæðar til þeirra vega, sem farið hafa fram úr fjárveitingu.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. A. 11. (Til hegningarhúss-
ins og viðhaldskostn. fangah.) ..... Fyrir „4935,00“ komi: 4935,03

2.	Við 4. gr. Fyrir niðurstöðutöluna ..		„30908,52“ komi:	30906,52
3.	— 5. gr. Fyrir niðurstöðutöluna ..		„1253946,93“ komi:	1253944,93
4.	— 6. gr. B. II. a. (Til íslenzkra stúdenta í erl. háskólum)	Fyrir	„2253,07“ komi:	1053,07
5.	Við 6. gr. B. VIII. 2. c. 4. (Ýmis gjöld)	Fyrir	„1838,94“ komi:	1839,94
6.	— 10. gr. (Óviss gjöld)	Fyrir	„82586,48“ komi:	82596,48
7.	— niðurstöðutölu frv.	Fyrir	„3393442,14“ komi:	3392238,14

Alþingi, 14. marz 1933.

H. Stefánsson, form. Hannes Jónsson, framsögum. Jón A. Jónsson, fundaskrifari.
Ólafur Thors. Bernh. Stefánsson.

Nd. 166. Nefndarálit

um frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum 1931.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir borið frumvarpið saman við landsreikninginn, og ber þar ekkert á milli.

Út af aths. yfirskoðunarmanna landsreikningsins, svörum stjórnarinnar og tillögum yfirskoðunarmanna til úrskurðar vill n. vísa til þess, sem þar er fram komið, og sér ekki ástæðu til þess að koma með neinar till. í því sambandi. Getur nefndin fallizt á allt það, sem bent er á til viðvörunar eða eftirbreytni framvegis. 23. og að nokkru leyti 24. aths. er vísað til aðgerða Alþingis. Yfirskoðunarmenn munu ekki hafa haft í huga breyting á því, sem orðið er í þessu efni, og fellst nefndin á það. Hinsvegar telur nefndin sjálfsagt, að stjórnin hafi í huga þau atriði, sem athugasemdirnar fjalla um, og gæti þess, að ekki gefist tilefni til slíkra athugasemda framvegis.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi 14. marz 1933.

H. Stefánsson, form. Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Hannes Jónsson, framsögum.
Ólafur Thors. Bernh. Stefánsson.

Nd. 167. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 82, 23. júní 1932, um sjúkrasamlög.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Á eftir 3. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 4. og 5. gr., svo hljóðandi:

a. (4. gr.) Ráðherra er heimilt o. s. frv. .... og sleppa dagpeningatryggingu.

b. (5. gr.) Enginn má vera hluttækur félagi í meira en einu sjúkrasamlagi í senn.

Nú óskar félagi að flytja sig úr einu samlagi í annað, og er þá stjórn þess samlags, er hann æskir inntöku í, heimilt að veita honum viðtöku án inntökugjalds, sérstakrar læknisskoðunar og án tillits til aldurs hans, enda sýni hann skilríki frá því samlagi, er hann fer úr, að hann sé fullgildur félagi þar.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Ed. 168. Frumvarp

til hjúkrunarkvennalaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur hafa þær konur einar hér á landi, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í hjúkrunarkvennaskóla Íslands í Reykjavík og að loknu prófi þar eru taldar hæfar til hjúkrunarkvennastarfa.

Ráðherra getur og veitt öðrum konum leyfi til að kalla sig hjúkrunarkonur, ef þær hafa lokið að minnsta kosti jafngildu námi og eru að öðru leyti hæfar til hjúkrunarkvennastarfa, að dómi aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis.

2. gr.

Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkonur samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarkvennastarfa við sjúkrahús, sjúkraskýli, elliheimili, barnahæli og aðrar tilsvarandi heilbrigðisstofnanir, né að kaupstaðaskólum og alþýðuskólum sem skólahjúkrunarkonur.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Ef hjúkrunarkona gerir sig seka um einhverja óhæfu í störfum sínum eða hagar sér þannig, að hjúkrunarkonu sé sérstaklega ósamboðið, að dómi aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis, má ráðherra svipta hana rétti til að kalla sig hjúkrunarkonu, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

4. gr.

Þeim hjúkrunarkonum, sem eru starfandi hér á landi sem sjálfstæðar hjúkrunarkonur á sjúkrahúsum eða annarsstaðar, þegar lög þessi ganga í gildi, má ráðherra með ráði aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis veita rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur áfram og til að njóta meðfylgjandi réttinda, þó að þær uppfylli ekki skilyrði 1. gr., enda leiti þær eftir því innan árs.

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og varða brotin sektum, 50—500 kr. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Ed. 169. Frumvarp

til laga um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt það feitmeti, sem líkist smjöri, hver sem uppruni þess er eða samsetning, þegar í því eru einhver fituefni, sem ekki eiga rót sína að rekja til mjólkur.

Ostlíki nefnist ostur, sem í er önnur feiti en mjólkurfeiti.

Rjómalíki nefnist feitijafningur, sem líkist rjóma, en er ekki eingöngu gerður úr mjólkurefnum.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu, en önnur feiti er í en mjólkurfeiti.

Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlíkisgerð, eftirlit með smjörlíkisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Bannað er að framleiða smjörlíki þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, og eigi má nota sömu tæki til skiptis við framleiðsluna.

3. gr.

Hver, sem ætlar sér að búa til smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, skal tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu minnst 2 mánuðum áður en starfsemi byrjar. Atvinnumálaráðuneytið lætur þá þann, er það hefir falið eftirlit með

smjörlíkisgerðum, eða þegar nauðsyn ber til, annan þar til hæfan mann, skoða húsakynnin. Sé þeim ábótavant, má starfsemin eigi byrja fyrr en breytingar eru gerðar, sem fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til húsnæðis og áhalda.

Sé breyting gerð á húsnæði, eða nýtt húsnæði fengið fyrir smjörlíkisgerð, þarf einnig til þess samþykki eftirlitsmanns.

Smjörlíkisgerð má eigi, án samþykkis atvinnumálaráðherra, vera í húsnæði, þar sem önnur starfsemi er höfð með höndum.

Smjörlíkisgerðum er skylt að halda bækur yfir framleiðsluna, og skulu þær um hver áramót senda eftirlitsmanni smjörlíkisgerða nákvæma skýrslu um, hve framleiðslan hefir verið mikil af smjörlíki eða öðrum vörum, sem ræðir um í lögum þessum, á árinu. Einnig skulu þær tilkynna honum, hve mikið hafi verið notað af hverri tegund fituefna til framleiðslu varanna, þar á meðal af mjólk, rjóma og smjöri.

Þess skal gætt, að framleiðslan sé þrifaleg og að fylgt sé nauðsynlegum heilnæmisreglum við hana. Atvinnumálaráðherra getur sett reglur um bókhald og skýrslur smjörlíkisgerða, svo og hverjar kröfur eru gerðar til þrifnaðar o. fl.

4. gr.

Þegar vörur þær, sem um getur í 1. gr. laga þessara, eru boðnar til sölu, sýndar eða auglýstar, fluttar inn í landið eða út úr því, skulu þær nefndar, eftir því sem við á, smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, svo og skal geta nafns framleiðanda. Bannað er, að orðin smjör, mjólk og rjómi séu notuð í sambandi við vörur þær, sem lög þessi fjalla um, á nokkurn annan hátt en í vöruheitunum sjálfum, svo sem þau eru skilgreind í 1. gr.

5. gr.

Í smjörlíki á að vera að minnsta kosti 80% fituefni og eigi meira en 16% vatn. Smjörlíki og önnur þau efni, sem nefnd eru í 1. gr., mega ekki vera blönduð öðrum efnum til varnar skemmdum en matarsalti, og eigi vera lituð með efnum, sem eru hættuleg fyrir heilsu manna, og hefir atvinnumálaráðherra úrskurðarvald um þau efni.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra getur, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, ákveðið, að í öllu smjörlíki, sem framleitt er hér á landi til sölu, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra ákveðið, að í öllu erlendu smjörlíki, sem selt er hér á landi, sé sami hundraðshluti af smjöri sem í íslenzku smjörlíki, og má heimta skilríki fyrir því, að svo sé.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um þetta, eftir því sem þurfa þykir.

Annars er bannað að verzla með smjör, sem á annan hátt en segir í þessari grein er blandað smjörlíki eða öðrum fituefnum en mjólkurfeiti.

7. gr.

Í öllu mjólkurlíki og rjómalíki, sem búið er til eða notað í landinu, skal vera litarefni, sem greini það glögglega frá mjólk og rjóma. Atvinnumálaráðherra ákveður, hver litarefni skuli notuð og hve mikið af þeim.

8. gr.

Í öllu smjörlíki, ostlíki, rjóma- og mjólkurlíki skulu vera 2‰ af hreinni jarðeplasterkju.

9. gr.

Á umbúðum alls innlends smjörlíkis skal standa skýru letri orðið Smjörlíki ásamt nafni smjörlíkisgerðar þeirrar, sem vöruna hefir framleitt. Um innflutt smjörlíki gilda sömu ákvæði, þó svo, að fyrir orðið Smjörlíki má standa Margarine, en á umbúðum standi ávallt með greinilegu letri orðið Útlent. Þessi ákvæði taka einnig til smjörlíkis, sem selt er í lausri vigt í sölubúðum.

Nú er smjörlíki selt mótað, og skal þá þungi skökunnar vera ¼, ½ eða 1/1 kg., og skal skrá það á umbúðirnar.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari reglur um umbúðir og merkingu á vörum þeim, sem lög þessi fjalla um.

10. gr.

Atvinnumálaráðuneytið sér um, að ákvæðum laga þessara sé fylgt, og getur ráðuneytið falið forstöðumanni efnarannsóknarstofu ríkisins eftirlit með starfsemi smjörlíkisgerðanna.

Eftirlitsmanni skal jafnan heimill aðgangur að smjörlíkisgerðum þeim, sem honum er falið eftirlit með. Er honum heimilt að taka sýnishorn til rannsóknar, bæði af hráefnum og fulltilbúnum vörum. Forstöðumönnum smjörlíkisgerða er skylt að veita eftirlitsmanni þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, og sýna honum framleiðslubækur þær, sem nefndar eru í 3. gr.

Eftirlitsmaður hefir þagnarskyldu um allt, sem lýtur að framleiðslu og rekstri smjörlíkisgerða, og má ekki sjálfur notfæra sér eða láta öðrum í té upplýsingar, sem hann kann að fá um sérstakan útbúnað eða aðferðir hverrar verksmiðju.

11. gr.

Lögreglustjórum er falið eftirlit með rekstri smjörlíkisgerða og útsölustöðum í samráði við eftirlitsmann, og skal þeim jafnan heimilt að taka til rannsóknar sýnishorn af hráefnum og vörum þeim, er smjörlíkisgerðirnar framleiða.

Lögreglustjórar og tollstjórinn í Reykjavík hafa eftirlit með inn- og útflutningi á vörum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., og hafa rétt til að láta rannsaka þær.

12. gr.

Til greiðslu á kostnaði við eftirlit og framkvæmd þessara laga getur atvinnumálaráðuneytið lagt gjald á verksmiðjur þær, sem framleiða þær vörur, sem nefndar eru í lögunum. Gjaldið skal miða við framleiðslu verksmiðjanna, og má fela eftirlitsmanni innheimtu þess.

Gjald það, sem verksmiðjunum ber að greiða, má taka lögtaki.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögunum sé að ræða.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla úr gildi lög nr. 38, 20. júní 1923, um verzlun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m., og lög nr. 28, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verzlun með smjörlíki o. s. frv.

Nd. 170. Frumvarp

til laga um kjötmat o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Sláturfénaður: Sauðfé allskonar, nautgripi, svín, hross, alifugla o. s. frv.

Sláturfjárafurðir: Kjöt, hausa, innyfli, gærur og skinn o. s. frv.

Læknir: Dýralækni þann, er kjötskoðunina annast, eða hvern þann annan lækni eða læknisnema, sem löggiltur hefir verið til starfsins samkvæmt 4. gr. laga þessara.

Kjötmatsmaður: Hvern þann undirkjötmatsmann, er lýtur yfirkjötmatsmanni og aðstoðarmönnum hans, sbr. 7. gr.

2. gr.

Sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið fryst eða kælt á erlendan markað, má aðeins slátra í löggiltum sláturhúsum, og frysting eða kæling kjötsins aðeins fara fram í löggiltum frystihúsum.

Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanns og læknis þess, er kjötskoðun annast í hlutaðeigandi umdæmi, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigði- og hreinlætiskröfum. Skylt er löggiltum sláturhúsum að hafa lækni jafnan við hendina til eftirlits meðan slátrun fer fram.

Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefir sérstakt löggildingarmerki.

Ráðherra setur reglur um útbúnað löggiltra sláturhúsa og frystihúsa.

Nú fullnægir löggilt sláturhús eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber yfirkjötmatsmanni eða lækni þegar að skýra ráðuneytinu frá því. Setur ráðuneytið umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að kippa því í lag, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests.

3. gr.

Hús, sem slátrað er í skepnum til söltunar á kjötinu til útflutnings eða til sölu innanlands og ekki eru löggilt sláturhús, skulu vera þrifaleg og svo rúmgóð og þannig hagað, að kjöt geti kólnað þar nægilega fljótt og því sé þar að öðru leyti ekki hætt við skemmdum. Ráðherra getur sett nánari reglur um slík sláturhús, eftir því sem þurfa þykir.

4. gr.

Læknisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði áður en slátrun fer fram, ef kjötið er ætlað til útflutnings fryst, kælt eða saltað, og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar.

Ennfremur skal læknisskoðun á öllu kjöti og innyflum fara fram þegar eftir slátrun og áður en kjötið er fryst, kælt eða saltað. Að skoðun lokinni skal læknirinn merkja kjötið samkvæmt reglum, er ráðherra setur um skoðun og merkingu á kjöti. Ennfremur getur ráðherra sett reglur um skoðun og merkingu skinna og annara sláturfjárafurða. Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, mat og merkingu á kjöti til ákveðinna landa, eftir því hverjar kröfur þar eru gerðar í því efni. Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir skoðun og merkingu kjöts og annara sláturfjárafurða.

Sláturfjárafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis eða á annan hátt, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins á þann hátt, að tryggt sé, að engin hætta geti stafað af þeim.

Ekki má slátra í löggiltu sláturhúsi sjúku sláturfé, er nokkur smithætta getur stafað af, að áliti læknis þess, sem skoðunina hefir á hendi, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu. Sjálfdauðar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús né á lóð þess, nema til komi leyfi læknis þess, er kjötskoðun annast í hlutaðeigandi sláturhúsi.

5. gr.

Þar sem því verður við komið, skipar ráðherra dýralækni til að annast kjötskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra, að fengnum tillögum dýralæknis, lækni eða læknisefni, er að minnsta kosti hefir lokið fyrsta hluta læknaprófs, til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá löggiltum dýralækni hér á landi.

Reynist ókleift að fá lækni til kjötskoðunar á einhverjum slátrunarstað, getur ráðuneytið veitt undanþágu frá læknisskoðun saltkjöts á þeim stað.

6. gr.

Allt kjöt, sem flutt er á erlendan markað, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanns og aðstoðarmanna hans. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanns og nokkurra af helztu útflytjendum, reglur um flokkun, frystingu, söltun, umbúðir og merkingu kjötsins og meðferð.

Kjöt, sem saltað er í sláturhúsum til sölu innanlands, skal einnig metið og flokkað af kjötmatsmönnum samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

7. gr.

Ráðherra skipar einn yfirkjötmatsmann til að hafa umsjón með mati á öllu því kjöti, er meta skal samkvæmt 6. gr. Skal hann hafa fullkomna þekkingu á kjöti og öllu því, er lýtur að meðferð þess. Yfirkjötmatsmaður skal hafa að minnsta kosti 3 menn til aðstoðar við starf sitt meðan aðalsauðfjárslátrun stendur yfir ár hvert.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmanni og aðstoðarmönnum hans reglur um störf þeirra.

Ekki má yfirkjötmatsmaður eða aðstoðarmenn nans þiggja neina þóknun hjá þeim, er við útflutning kjöts eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda né neinskonar milligöngu í því efni, er hann eða þeir geti haft hagnað af.

Yfirmatsmaður skal hafa að árslaunum 1200 kr., en aðstoðarmenn hans 300 kr. hver. Auk þess skulu aðstoðarmenn hafa daglaun fyrir þá daga, sem þeir starfa í yfirmatserindum, og ákveður ráðuneytið þau, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanns.

Auk ferðakostnaðar eftir sanngjörnum reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, skal yfirkjötsmatsmaður og aðstoðarmenn hans fá 4 kr. hver í fæðispeninga og húsnæðis meðan þeir eru frá heimilum sínum vegna yfirmatsins. Allur kostnaður, sem af yfirmatinu leiðir, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

Kaup kjötmatsmanna ákveður yfirkjötmatsmaður í samráði við forstöðumenn sláturhúsa eða hlutaðeigandi verzlanir á hverjum stað, og greiða verzlanir þær eða sláturhús, sem slátrunina framkvæma, kaupið. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta kjöt fyrir eða riðnir eru við útflutning kjötsins, né vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi yfirkjötmatsmanns, og skal yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

9. gr.

Í kaupstað eða kauptúni, þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skal allt kjöt af skepnum, sem slátrað er þar eða flutt er þangað nýtt og ætlað er til sölu þar, skoðað og merkt af lækni þeim, er kjötskoðun annast þar á staðnum, og getur ráðuneytið sett nánari reglur þar um. Ákvæði þetta tekur þó ekki til

kjöts, sem áður hefir verið merkt til útflutnings í löggiltu sláturhúsi eða læknir hefir skoðað og merkt í sláturhúsi, sem í 3. gr. getur. Ráðherra getur sett nánari reglur um þessi atriði, ef þurfa þykir.

Kjöt, sem flutt er að, nýtt, kælt eða frosið, skal flutt í þar til gerðum umbúðum, er læknir tekur gildar.

Ráðuneytið getur einnig, ef ástæður þykja til, fyrirskipað samskonar kjötskoðun í kauptúnum, þar sem búa færri en 1000 manns.

Þar, sem sláturhús er í kaupstað eða kauptúni, getur kjötskoðun og merking farið fram í sláturhúsinu sjálfu, en bæjarfélag eða hreppsfélag skal sjá fyrir löggiltu húsnæði til skoðunar á aðfluttu nýju kjöti, gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi kjötsins greiðir samkvæmt nánari fyrirmælum ráðuneytisins, og skal öllum þeim, er flytja nýtt kjöt, ómerkt, til sölu í kaupstað eða kauptúni, skylt að láta þar fram fara skoðun á kjötinu áður en þeir afhenda það kaupanda.

Nú neitar læknir að merkja kjöt, og er eiganda þess þá óheimilt að selja það eða afhenda innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, en telji hann sig órétti beittan, getur hann innan 12 klst. skotið máli sínu til úrskurðar heilbrigðisnefndar. Úrskurði heilbrigðisnefndin kjötið söluhæft, skal það merkt sérstöku merki.

10. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem lög þessi taka til, má eigi hafa ómerkt kjöt, nýtt eða frosið í kjötbúðum eða á öðrum sölustöðum.

11. gr.

Ráðherra getur sett reglur um útbúnað kjötbúða og um það, hverjar vörur aðrar megi selja í kjötbúðum en þær, sem um ræðir í lögum þessum, og annað, sem lýtur að verzlun með sláturfjárafurðir. Sömuleiðis getur ráðherra sett reglur, eftir því sem þurfa þykir, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað því um líkt.

12. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendum markaði án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merkingu þess og án þess að hafa fengið undanþágu frá kjötmerkingu samkvæmt 5. gr. 2. mgr., og varðar það sektum frá 500 til 5000 kr. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 2000 krónum.

Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingar fyrir brot yfirkjötmatsmanns, aðstoðarmanna hans, kjötmatsmanna og lækna gegn ákvæðum þessara laga, fer sem um brot opinberra starfsmanna almennt.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42, 19. maí 1930, um mat á kjöti til útflutnings, og lög nr. 12. 13. september 1912, um merking á kjöti.

Nd. 171. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá fjárhagsnefnd.

Á síðasta þingi voru samþ. lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast allt að 100000 sterlingspunda rekstrarlán fyrir Útvegsbankann fyrir 1 ár aðeins. Heimild þessi var notuð á næstliðnu ári, þó ekki nema að hálfu leyti, og mun lán það, sem tekið var, verða að fullu greitt á gjalddaga.

Eðlilegast má telja að binda slíka heimild sem þessa við samþykki þingsins í hvert sinn, en sá annmarki er aftur á því, að undirbúningur og ákvörðun um slíka lántöku þarf, vegna hagsmuna og þarfa útgerðarinnar, sem Útvegsbankinn veitir aftur rekstrarlán af fé þessu, að vera um garð genginn áður en lögin geti orðið endurnýjuð af þinginu, ef með þarf.

Af þessum ástæðum getur meiri hl. nefndarinnar fallizt á, að ríkisstjórnin fái heimild til að ábyrgjast rekstrarlán fyrir bankann með þeim takmörkunum, sem í frumvarpinu segir, en vill þó taka það fram jafnframt, að hún ætlast til, að því aðeins noti ríkisstjórnin heimildina án þess að bera það undir samþykki þingsins á ný, að öruggt sé, að bankinn greiði að fullu rekstrarlán næstliðins árs.

Með þessum formála leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. marz 1933.

H. Stefánsson, form., frsm. Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Bernh. Stefánsson.

Hannes Jónsson, með fyrirvara. Ólafur Thors.

Ed. 172. Nefndarálit

við frv. til laga um, að niður falli útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Tveir nefndarmenn (JónasJ og IP) leggja til, að frv. gangi fram óbreytt. Einn nefndarmanna (JónÞ) gerir ráð fyrir að flytja tillögu við lög um ræktunarsjóð í sambandi við það.

Alþingi, 16. marz 1933.

Ingvar Pálmason, form. Jónas Jónsson, fundaskr. og frsm.

Nd. 173. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað orðanna „og er þá félagið löglega stofnað“ í lok 2. gr. komi: og skal leita staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á þeim.

2. gr.

3. gr. B. orðist þannig:

Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

3. gr.

3. gr. C. orðist þannig:

Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lán þessi ábyrgist ríkissjóður. Lánin má taka í erlendri mynt. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 4. gr. í þeim flokki. Ekki mega vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

Nd. 174. Breytingartillaga

við frv. til laga um kjötmat o. fl.

Frá Birni Kristjánssyni.

Við 4. gr. síðustu málsgr. Orðið „löggiltu“ falli burt.

Ed. 175. Breytingartillaga

við frv. til l. um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 6. gr. Síðari málsl. 1. málsgr. orðist svo: Sömuleiðis getur atvinnumálaráðherra ákveðið, að í öllu erlendu smjörlíki, sem selt er hér á landi, sé sami hundraðshluti af íslenzku smjöri og heimtað skilríki fyrir, að svo sé.

Nd. 176. Nefndarálit

um frv. til laga um lífeyrissjóð ljósmæðra.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin telur fulla þörf á, að stofnaður verði lífeyrissjóður fyrir ljósmæður, eins og lagt er til með frv. þessu. Í gildandi fjárlögum eru veittar kr. 7700,00 til eftirlauna ýmsra ljósmæðra, en það verður að játa, að algert handahóf ríkir um það, hvaða ljósmæður verða slíks styrks aðnjótandi. Er líklegt, að til séu margar fyrrv. ljósmæður, sem nú hafa engin eftirlaun, en ættu þó engu síður sanngirniskröfu til þeirra en ýmsar þeirra, er þau hafa hlotið. Virðist því í alla staði æskilegt, að þessu máli verði komið í fast horf með sjóðstofnun og fastar reglur settar um eftirlaun ljósmæðra.

Þrátt fyrir þetta álit nefndarinnar getur hún þó ekki ráðið hv. deild til að samþykkja að þessu sinni frv. á þskj. 63. Telur nefndin enn vanta nokkuð á, að málið sé svo undirbúið sem æskilegt væri, sérstaklega að því er snertir áætlun um afkomu sjóðsins og iðgjaldagreiðslu til hans. Er í frv. allmikið vikið frá því, sem í þessu efni gildir um lífeyrissjóð barnakennara. Virðist nefndinni þó, að um það ættu að gilda líkar reglur.

Þann undirbúning, er nefndin telur á skorta í þessu máli, til þess að ráðlegt sé að afgreiða lög um það, álítur nefndin heppilegast, að stjórn heilbrigðismálanna framkvæmi. Virðist ekkert því til fyrirstöðu, að honum gæti orðið lokið fyrir næsta þing, svo fyrir það væri hægt að leggja vel undirbúið frv. um þetta mál. Er betra, að afgreiðsla málsins dragist um eitt ár og að vel verði þá frá því gengið.

Af þessum ástæðum leggur nefndin til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að stjórnin undirbúi þetta mál rækilega og leggi frv. um það fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. marz 1933.

H. Stefánsson, form.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.	Bernh. Stefánsson, frsm.
Ólafur Thors.	Hannes Jónsson.	

Ed. 177. Nefndarálit

um frv. til laga um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga, en vill taka upp í það efni 7. og 8. gr. frv. sjútvn. Nd. frá vetrarþinginu 1931, sem

felldar hafa verið niður við samningu þessa frv. Heldur nefndin fast við, að upp í frv. verði tekið ákvæði um, að árlega skuli verja álíka upphæð til vitamála og vitagjaldi nemur, meðan stendur á byggingu vita þeirra, er frv. ræðir um, en leggur þó til, að inn í greinina verði bætt orðunum „ef ástæður ríkissjóðs leyfa“, og er það gert aðallega með tilliti til þess fjárhagsástands, sem nú er.

Tillaga nefndarinnar er því, að frumvarpið verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Vitamálastjóri gerir árlega, í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík og forseta Fiskifélags Íslands, tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála næstkomandi ár. Skal það gert svo snemma, að ríkisstjórnin geti haft þær tillögur til hliðsjónar, er frv. til fjárlaga er samið.
2. Á eftir fyrirsögn II. kafla komi ný gr., svo hljóðandi:
   Verja skal árlega, ef ástæður ríkissjóðs leyfa, álíka upphæð til vitamála og vitagjaldi nemur, meðan stendur á byggingu vita þeirra, er ræðir um í 9. gr., ennfremur ef þurfa þykir til sjómerkja, sbr. 11. gr.
3. Við 7. gr.
   Á eftir „Faxaskeri“ komi: Loftstaðahól.
4. Á eftir 8. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Eftir tillögum vitamálastjóra (sbr. 7. gr.) getur ráðherra, eftir því sem vitafé er fyrir hendi, látið setja upp ný sjómerki og leggja út ný dufl, svo og bæta eldri vita og önnur mannvirki, sem ætluð eru sjófarendum til öryggis.

Greinatala og tilvitnanir í einstakar gr. breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 16. marz 1933.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jakob Möller, fundaskrifari.	Magnús Torfason.

Ed. **178. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 82, 23. júní 1932, um sjúkrasamlög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Á eftir 3. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 4. og 5. gr., svo hljóðandi:

a. (4. gr.) Ráðherra er heimilt að lögskrá sjúkrasamlög fyrir skóla, aðra en barnaskóla, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Samlagið nái að jafnaði yfir einn skóla. Þó mega tveir eða fleiri skólar vera saman um samlag, ef þeir eru í sama hreppi eða kaupstað.
2. Samlagið skal veita viðtöku og full félagsréttindi:
   a. hverjum nemanda skólans, nema vitað sé, að hann, ef hann er fullra 16 ára, eða framfærandi hans, ef hann er yngri, hafi þær tekjur eða sé svo efnum búinn, að hann geti ekki þess vegna orðið hlutgengur meðlimur í sjúkrasamlagi samkv. ákvæðum 3. gr., enda sé hann fullhraustur, er hann gengur í samlagið.
   b. hverjum kennara og starfsmanni skólans, sem uppfyllir skilyrði 3. gr.
3. Samlagið uppfylli að öðru leyti skilyrði 3. gr. Þó má takmarka tryggingarnar meira en þar er gert ráð fyrir, svo sem með því að láta tryggingarnar ekki ná til sumarleyfa og sleppa dagpeningatryggingu.

b. (5. gr.) Enginn má vera hluttækur félagi í meira en einu sjúkrasamlagi í senn.

Nú óskar félagi að flytja sig úr einu samlagi í annað, og er þá stjórn þess samlags, er hann æskir inntöku í, heimilt að veita honum viðtöku án inntökugjalds, sérstakrar læknisskoðunar og án tillits til aldurs hans, enda sýni hann skilríki frá því samlagi, er hann fer úr, að hann sé fullgildur félagi þar.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Ed. 179. Frumvarp

til laga um kjötmat o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 170 með þeirri breytingu á 4. gr., sem felst í brtt. á þskj. 174.

Nd. 180. Frumvarp

til laga um bráðabirgðabreyting á núgildandi fasteignamati.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Jón A. Jónsson, Guðbr. Ísberg.

1. gr.

Núgildandi fasteignamat landsins skal til bráðabirgða lækka um 10%.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Greinargerð.

Þegar núgildandi fasteignamat var gefið út, kom það í ljós, að allar eignir, hús, lóðir og jarðir, höfðu hækkað stórlega í mati frá fasteignamatinu

1920—1921, en hið nýja mat gildir, eins og kunnugt er, fyrir árabilið 1932—1942.

Undirmatsnefndir höfðu hækkað matið allmikið, og það jafnvel án þess að nokkrar umbætur ættu sér stað frá fyrra mati. Og þegar landsnefndin fór að samræma matið, hækkaði hún það enn, í sumum kaupstöðum a. m. k. (Reykjavík og Hafnarfirði) um 10%. Nemur sú hækkun í Reykjavík nál. 6 millj. kr. og í Hafnarfirði yfir ½ millj. kr. Kveðst landsnefndin hafa gert þessar hækkanir til að samræma matið. Mörgum mun nú sýnast, að á þeim krepputímum, sem yfir standa, hefði legið nær að fá samræmi í matið með því að lækka það yfirleitt, í stað þess að hækka það.

Það er alkunnugt, að síðan undirmatið fór fram 1930—1931 hafa allar fasteignir, bæði í sveitum og kaupstöðum, fallið stórkostlega í verði í kaupum og sölum vegna kreppunnar, og það svo, að sumstaðar hefir átt sér stað, að í eignir, sem seldar hafa verið nauðungarsölu, hefir ekkert boð fengizt, og hafa því lánsstofnanir eða kröfuhafar neyðzt til að láta leggja sér þær út, og þá venjulega fyrir 1. veðrétti. Aðrar kröfur hafa fallið.

Þá má og benda á það, að húsaleiga í kaupstöðum hefir fallið á 2 síðustu árum, mjög mikið t. d. í Reykjavík, frá 10—20%, og jafnvel meira í sumum tilfellum; auk þess fæst hún víða ekki goldin, vegna atvinnuleysisins. Sama mun vera raunin á í sveitum, þar sem jarðir hafa verið byggðar síðustu ár, að jarðaleigan hefir líka lækkað og eigi fengizt greidd.

Þar sem nú mikið af gjöldum til hins opinbera, ríkis, bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga, er miðað við fasteignamatið, það notað sem gjaldstofn við álagningu skatta, verður það auðsætt, að skattarnir verða þess tilfinnanlegri, sem fasteignamatið er hærra, og eigi sízt þegar þeir koma fram í mörgum myndum á sömu eignirnar, eins og hér á sér stað.

Vitanlegt er það, að afarmiklar skuldir hvíla nú á flestöllum fasteignum landsins og háværar raddir hafa komið fram, síðasta ár a. m. k., um eftirgjafir skulda og vaxtalækkun. En nærri samtímis er fasteignamatið hækkað stórkostlega, og öll gjöld, sem á því eru byggð, að sama skapi. Þetta sýnist ekki vel samrýmanlegt. Virðist því ein af þeim leiðum til að létta undir með hinum þrautpíndu skattþegnum vera sú, að lækka fasteignamatið meðan kreppan stendur yfir.

Nd. 181. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir klofnað um þetta mál. Meiri hlutinn vill fella frv., en ég undirritaður tel rétt að samþykkja frv. að mestu óbreytt. Þó geri ég þá breytingu á frv., að uglur skulu eftir sem áður friðaðar. Þær munu mjög sjaldgæfar á landi hér, og hefir ekki heyrzt, að þær gerðu hér mikinn skaða.

Virðist því tilgangslaust að ófriða þær. Öðru máli er að gegna um svanina, því af þeim er geysifjöldi sumstaðar hér á landi, og gera þeir víða mikinn skaða með því að spilla silungsveiði og skemma engjar og beitilönd.

Samkvæmt framanrituðu legg ég til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Orðin „og snæuglur“ í 1. gr. frv. falli niður.
2. 2. gr. falli niður.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 17. marz 1933.

Bergur Jónsson.

Ed. 182. Nefndarálit

um frv. til laga um, að niður falli útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég get fallizt á, að útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum falli niður, að því tilskildu, að frá sama tíma falli niður greiðsla úr ríkissjóði til ræktunarsjóðs á hluta af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum nr. 11, 29. maí 1925. Samkvæmt þeim lögum skyldi frá 1. jan. 1927 tekjuauka þeim, sem aflaðist af hækkun útflutningsgjaldsins samkvæmt sömu lögum, varið að ¾ til rekstrarkostnaðar við strandgæzluskip, en að ¼ til Ræktunarsjóðs Íslands, unz framlagið til hans úr ríkissjóði væri komið upp í 1 millj. kr. Var með þessu ætlazt til, að landhelgisgæzlan nyti gjaldaukans af sjávarafurðum, en ræktunarsjóðurinn af landbúnaðarafurðum. En nú er svo komið, að allt útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum nemur 40—50 þús. kr., og hluti ræktunarsjóðs af útflutningsgjaldi ámóta upphæð árlega. Virðist því einsætt, að með niðurfellingu útflutningsgjalds af landbúnaðarafurðum falli og niður umrædd greiðsla til ræktunarsjóðs, enda getur hún ekki haft verulega þýðingu fyrir útlánastarfsemi ræktunarsjóðsins, eins og högum hans er nú komið.

Eftir frv. eiga lögin að verka aftur fyrir sig, til 1. marz 1933. Eðlilegast virðist þó að binda þetta við áramót, og flyt ég brtt. samkv. því.

BREYTINGARTILLAGA.

Fyrsta grein frv. orðist svo:

Frá 1. jan. 1933 fellur niður útflutningsgjald af hverskonar landbúnaðar-

afurðum. Frá sama tíma fellur niður greiðsla til Ræktunarsjóðs Íslands samkvæmt 3. gr. laga nr. 11, 29. maí 1925, sbr. 2. gr. 4. tölul. laga nr. 17, 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands.

Alþingi, 17. marz 1933.

Jón Þorláksson.

Ed. 183. Breytingartillögur

við frv. til l. um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Fjórða málsgrein falli burt.
   b. „mjólkurlíkis-“ í fimmtu málsgr. falli burt.
2. Við 3. gr. Fyrir „rjómalíki eða mjólkurlíki“ í fyrstu málsgr. komi: eða rjómalíki.
3. Við 4. gr.
   a. Fyrir „rjómalíki eða mjólkurlíki“ komi: eða rjómalíki.
   b. Orðið „mjólk“ falli burt.
4. Við 7. gr.
   a. Orðin „mjólkurlíki og“ falli burt.
   b. Orðið „mjólk“ falli burt.
5. Við 8. gr. Fyrir „rjóma- og mjólkurlíki“ komi: og rjómalíki.

Nd. 184. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá Hannesi Jónssyni.

Við 1. gr. Orðin „í senn“ falli niður.

Ed. 185. Breytingartillögur

við frumvarp til ljósmæðralaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr. Orðin „að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum“ falli niður.

2. Við 5. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
Ennfremur getur sýslunefnd, með samþykki ráðherra, eða bæjarstjórn ákveðið að greiða skipuðum ljósmæðrum eftirlaun eftir að þær hafa látið af störfum fyrir elli sakir eða vanheilsu, og greiðist þau af sömu aðilum til sama tíma og áður segir.

Nd. 186. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f.

(Afgreidd frá Nd. 17. marz).

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast fyrir eitt ár í senn rekstrarlán fyrir Útvegsbanka Íslands h/f, er hann tekur hjá einni eða fleiri lánsstofnunum, allt að 100000 sterlingspundum, eða tilsvarandi fjárhæð í annari mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 187. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 21, 19. júní 1922, um að veita ríkinu einkarétt til þess að selja allt silfurberg, sem unnið verður á Íslandi.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin fellst á ástæður flutningsmanna fyrir frumvarpinu, einkum þá, að það mundi örva einstaklinga og félög til þess að gera tilraunir um vinnslu silfurbergs, ef verzlunin með silfurberg væri gefin frjáls, því ekki er ólíklegt, að einstaklingar, sem áhuga hafa í þessu efni, gætu fundið markaði fyrir vöruna.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1933.

H. Stefánsson, form. Jón A. Jónsson, fundaskr. og frsm. Ólafur Thors.
Hannes Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Ed. 188. Breytingartillaga

við frv. til laga um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 6. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist: Undanskilið þessum ákvæðum er smjörlíki, sem notað er til iðnaðar.

Nd. 189. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samkomulagi um viðskiptamál milli Íslands og Noregs.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað samninginn, sem ætlazt er til að öðlist gildi fyrir samþykkt frv., og leggur til, að frv. sé samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (JJós) hefir sérstöðu um ýms atriði samningsins og mun gera grein fyrir afstöðu sinni.

Alþingi, 18. marz 1933.

Sveinn Ólafsson, form.	Bergur Jónsson, frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., með fyrirvara.
Ólafur Thors.	Bjarni Ásgeirsson.	

Nd. 190. Frumvarp

til laga um samvinnubyggðir.

Flutningsm.: Steingrímur Steinþórsson, Sveinbjörn Högnason.

I. KAFLI.

Um framlög ríkissjóðs og land til samvinnubyggða.

1. gr.

Ríkissjóður leggur fram árlega 200 þús. kr. til samvinnubyggða, og skal ætla til þess fé í fjárlögum hvers árs. Nokkurn hluta framlags þessa má þó greiða í landi, ef hentara þykir, að dómi samvinnubyggðanefndar, og skal verð þess lands vera jafnhátt fasteignamati.

2. gr.

Framlaginu samkv. 1. gr., að því leyti sem eigi er greitt með landi, skal verja:

a. Til kaupa á landi til samvinnubyggða.
b. Til ræktunar og girðinga í landi samvinnubyggða.
c. Til vegalagninga að landi samvinnubyggða frá opinberum vegum, sem fyrir eru.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem kallast samvinnubyggðanefnd. Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tillögum Búnaðarfélags Íslands og annar samkv. tillögum Búnaðarbanka Íslands. Nefndarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn.

Samvinnubyggðanefnd ráðstafar framlagi ríkissjóðs til samvinnubyggða. Hún rannsakar og ákveður, hvar þær skuli stofnaðar. Skal við þær ákvarðanir fyrst og fremst taka tillit til:

a. Landkosta til ræktunar og beitar.
b. Samgöngu- og markaðsmöguleika.
c. Skilyrða til rafvirkjunar eða hagnýtingar jarðhita.
d. Að tryggja eftir föngum, að menn, sem kunnugir eru staðháttum á hinu fyrirhugaða samvinnubyggðasvæði, vilji mynda samvinnubyggðafélög samkvæmt lögum þessum og taka landið á leigu.

4. gr.

Land það, sem samvinnubyggðanefnd fær til umráða samkv. lögum þessum, skal undirbúið þannig til afhendingar:

1. Fullrækta skal sem nemur 4 ha. lands á hvert býli í væntanlegri samvinnubyggð, eða sem svarar 4 ha. á hvern félaga í samvinnubúi, ef samvinnubúskapur er rekinn samkv. 9. gr.

   Ef landið er aðallega ætlað til garðræktar í sambandi við alifuglarækt, svínarækt eða annan búrekstur, sem ekki krefst mikils graslendis, þarf hið ræktaða land eigi að nema meiru en 2 ha. á býli eða á hvern félaga í samvinnubúi.
2. Gera þær girðingar, sem samvinnubyggðanefnd telur nauðsynlegar fyrir búrekstur á landinu, þó eigi svo, að girðingar skipti landi á milli býla.
3. Leggja veg að landi samvinnubyggðarinnar, sbr. 2. gr. c.-lið þessara laga.

5. gr.

Samvinnubyggðanefnd ákveður býlafjölda og hversu mikið land skuli fylgja býli hverju. Skal séð um það, að hvert býli hafi svo mikið landrými til ræktunar og beitar, að nægi meðalbúi, miðað við þann búrekstur, sem fyrirhugaður er á hverjum stað.

Nánari ákvæði um þessi atriði skulu sett með reglugerð, sbr. 20. gr.

6. gr.

Þegar land hefir verið undirbúið til búrekstrar samkvæmt 4. gr., þá skal samvinnubyggðanefnd reikna út kostnaðarverð landsins, eins og það þá er orðið.

Telst það grunnverð þess. Ef landinu er skipt í sjálfstæð býli, þá skal grunnverð hvers býlis reiknað út sérstaklega.

Leigutaki greiðir ríkissjóði 3% af grunnverði landsins í leigu árlega.

7. gr.

Land það, sem um ræðir í lögum þessum, skal selt á leigu samvinnubyggðafélögum, sem stofnuð kunna að verða samkv. II. kafla laga þessara.

8. gr.

Nú leigist eigi land, sem undirbúið er til samvinnubyggðar, svo að full tala býla eða búenda fáist, eftir því sem upphaflega var ákveðið, og hafa þá aðrir búendur samvinnubyggðarinnar forgangsrétt til afnota þess lands, þar til full tala félaga er fengin.

II. KAFLI.

Um samvinnubyggðafélög.

9. gr.

Tilgangur samvinnubyggðafélaga er:

1. Að taka á leigu land, sem framlagt er og undirbúið samkvæmt lögum þessum, og leigja það félagsmönnum.
2. Að reisa nauðsynleg hús til íbúðar og búrekstrar félagsmanna á landi því, sem þeir leigja af félaginu.
3. Að reka lánsstarfsemi fyrir félagsmenn sína.
4. Að koma á fót rafvirkjum eða mannvirkjum til hagnýtingar hveraorku, eða öðrum mannvirkjum til sameiginlegra afnota fyrir félagsmenn, og annast rekstur þeirra.
5. Að stunda sameiginlega búrekstur (samvinnubúskap) fyrir alla félagsmenn.

Þau samvinnubyggðafélög, sem stunda vilja samvinnubúskap, skulu setja sér samþykktir, er hljóti samþykki samvinnubyggðanefndar og staðfestingu atvinnumálaráðherra.

10. gr.

Ef 10 menn eða fleiri koma sér saman um að stofna samvinnubyggðafélag, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leitað samþykkis samvinnubyggðanefndar og staðfestingar atvinnumálaráðherra á þeim.

11. gr.

Til bygginga þeirra, er félagið kemur upp fyrir félagsmenn, skal afla fjár sem hér segir:

a. Með eigin framlögum félagsmanna, er nemi minnst 20% af kostnaðarverði þeirra bygginga, sem félagið kemur upp fyrir þá.
b. Með lánum, sem félagið tekur og ríkissjóður ábyrgist, með sameiginlegri

ábyrgð félagsmanna að baktryggingu. Lánin má taka í erlendri mynt og gefa út skuldabréf fyrir þeim, er hvert hljóði á fjárhæðir, sem fjármálaráðherra samþykkir. Sama gildir um framkvæmdir félagsins samkv. 9. gr. 4., enda hafi samvinnubyggðanefnd lagt samþykki sitt á framkvæmdina. Lán, sem ríkissjóður ábyrgist til slíkrar framkvæmdar, má eigi nema meiru en 80% af kostnaðarverði hennar. Óheimilt er félaginu að veðsetja slíka eign öðrum en ríkissjóði.

12. gr.

Land það, sem félagið leigir samkv. 9. gr., leigir það félagsmönnum á erfðafestu með sömu kjörum og það sjálft nýtur.

Ef um sjálfstæð býli er að ræða, má aldrei leigja sama manni nema eitt, eins og það er ákveðið af samvinnubyggðanefnd, sbr. þó 8. gr.

13. gr.

Félagið veitir félagsmönnum sínum lán til að koma upp byggingum til eigin afnota, enda uppfylli þeir þau skilyrði um eigin framlög í vinnu eða öðru, sem um getur í 11. gr. a. Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í fasteignum félagsmanna, allt að 60% af virðingarverði eignanna. Ennfremur veitir félagið lán gegn öðrum veðrétti í eignunum, þó þannig, að samanlagðir fyrsti og annar veðréttur nemi ekki meiri fjárhæð en 80% af kostnaðarverði eignarinnar. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

14. gr.

Félagsmenn í samvinnubyggðafélagi fá því aðeins lán til byggingar hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði auk þess, sem um ræðir í 11. gr. a.:

a. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefir ákveðið og samþykktar hafa verið af samvinnubyggðanefnd.
b. Að húsin séu byggð með föstu skipulagi (sem þorp), eftir því sem stjórn félagsins nánar ákveður og samvinnubyggðanefnd samþykkir.
c. Að félagið annist um byggingu húsanna að öllu leyti, og séu þau afhent gegn skuldabréfi með veði í húsunum, er nemi þeirri fjárhæð, er húsin kosta, umfram eigin framlög. Þó hefir væntanlegur eigandi rétt til að leggja fram þá vinnu, sem hann hefir ráð á og nothæf er við byggingu húsanna.

15. gr.

Ákveða má í samþykktum samvinnubyggðafélags, að félagið láti gera á sinn kostnað hús og aðrar framkvæmdir á landi því, sem það tekur á leigu, og leigi síðan félagsmönnum. Leiguna skal ákveða á aðalfundi, og ber að miða hana við það, að leiga hvers býlis nægi til að greiða vexti og afborganir af stofnkostnaði þess, að viðbættum sköttum og kostnaði við viðhald, enda annist félagið sjálft viðhaldið. Þó er leigutaka ávallt heimilt að gera endurbætur á sinn kostnað, og fer um þær við ábúendaskipti eins og aðrar framkvæmdir, sem eru

eign leigutaka. Um slíkar framkvæmdir gilda sömu ákvæði og framkvæmdir samkvæmt 9. gr. 4.

16. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs fyrir lánum til framkvæmda, sem samvinnubyggðafélag lætur gera á sinn kostnað, skulu tryggð með fyrsta veðrétti í öllum eignum félagsins og sameiginlegri ábyrgð félagsmanna.

17. gr.

Nú vill félagsmaður selja hús eða aðrar umbætur á landi því, sem hann hefir leigt af félaginu, og er honum það heimilt, enda samþykki félagið hinn nýja kaupanda, sem þegar í stað gerist meðlimur í félaginu.

Leigurétt á landinu ber seljanda að láta af hendi endurgjaldslaust. Söluverð mannvirkja, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð þeirra, að viðbættu virðingarverði þeirra framkvæmda og endurbóta á þeim, er á kunna að hafa verið gerðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda af landi og mannvirkjum.

Nú sannast, að félagsmaður hafi selt hús eða umbætur hærra verði en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði eigandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða upphæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, en þó því aðeins, að honum hafi, þegar kaupin fóru fram, verið kunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld, með veði í eigninni, næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á eigninni hvíla, fallin í gjalddaga.

18. gr.

Óheimilt er að veðsetja eignir í samvinnubyggðum fyrir hærri upphæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að vera á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

19. gr.

Um stjórn, reikningshald og fundi samvinnubyggða fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

Rekstrarkostnaði félagsins skal jafna niður á félagsmenn á aðalfundi.

20. gr.

Um skrásetningu og félagsslit samvinnubyggðafélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 36 frá 1921.

III. KAFLI.

Ýmisleg ákvæði.

21. gr.

Samvinnubyggðanefnd lætur gera fyrirmyndaruppdrætti að húsum og samvinnubyggðaskipulagi til afnota fyrir samvinnubyggðafélög, og lætur þá í té án endurgjalds. Kostnaður við þetta greiðist af framlagi ríkissjóðs til samvinnubyggða.

22. gr.

Búnaðarfélagi Íslands er skylt að láta samvinnubyggðanefnd í té ókeypis aðstoð þeirra sérfræðinga, sem það hefir í þjónustu sinni.

23. gr.

Kostnaður við störf samvinnubyggðanefndar, svo og þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði. Atvinnumálaráðherra ákveður, hve há sú þóknun skuli vera, og úrskurðar um aðrar greiðslur fyrir störf nefndarinnar.

24. gr.

Nánari ákvæði um samvinnubyggðir samkvæmt lögum þessum setur atvinnumálaráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum samvinnubyggðanefndar.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar fé er veitt til framkvæmda þeirra í fjárlögum.

Greinargerð.

Búnaðarlöggjöf okkar hefir að þessu eingöngu verið sniðin með tilliti til þess, að búskapur væri rekinn á einstökum, dreifðum býlum. Enda er fátt, sem einkennir búskaparháttu okkar jafngreinilega og skipulagsleysið. Kemur það hvað greinilegast í ljós um allt, er snertir skipulag byggða. Býlin eru sett af algerðu handahófi, án þess að nokkurt tillit sé til þess tekið, að lega þeirra sé svo, að notkun helztu menningartækja nútímans sé möguleg.

Nú er talið sjálfsagt, að skipulagsuppdrættir séu gerðir fyrir kauptún og kaupstaði og framvegis verði byggt þar eftir föstum, áður viðteknum reglum.

Frumvarp það, er hér birtist um samvinnubyggðir, er frumdrættir, sem stefna að því, að framvegis verði byggðin skipulögð í sveitum, á sinn hátt svipað og nú er gert í bæjum og kauptúnum.

Það, sem fyrir vakir með nýmæli þessu í landbúnaðarlöggjöf okkar, eru einkum þau meginatriði, sem nú skal greina:

1. Að skapa skilyrði til hagkvæmari og ódýrari framleiðsluaðferða en nú eru, annaðhvort með mjög náinni samvinnu milli sjálfstæðra býla í byggðahverfum, eða algerðum samvinnubúskap.
2. Að skapa sveitafólki aukna möguleika til þess að mynda eigin heimili í

sveitum, svo að það þurfi ekki að hrekjast til sjávarþorpa og kaupstaða.

3. Að tryggja byggðum þessum afnot af samgöngum og öðrum menningartækjum, sem nútímalíf heimtar, en sem eru lítt hugsanleg í strjálbýli, vegna kostnaðar.
4. Að handverk og smáiðnaður nái að þróast í samvinnubyggðum og geti orðið til styrktar aðalatvinnu manna, einkum á vetrum.

Leiðin til að ná þessum tilgangi er, að hin nýja byggð sé í þorpum. Við álítum, að þorpunum eigi að koma upp með samvinnu þeirra, sem þar vilja búa, og með nokkuð takmarkaðri aðstoð hins opinbera og undir eftirliti þess. Aðferðin, sem við hugsum okkur, er sú, að ríkið leggi fram landið og láti leggja vegi að því, og láti ennfremur rækta nokkurt land handa hverju býli. Félögin koma upp byggingum fyrir félagsmenn og útvegi lán og annist ennfremur sameiginlegar framkvæmdir, svo sem rafvirkjun, ef til kemur. Síðan ráði félagsmenn sjálfir, á hvern hátt þeir reka búskapinn, þ. e. hvort hann sé rekinn að miklu eða öllu leyti út af fyrir sig hjá hverjum einstakling, eða að einhverju eða öllu leyti sameiginlega. Um þetta atriði álítum við vafasamt að binda hendur manna, þó að ýmislegt mæli með því, að algerlega sameiginlegur búskapur, með skiptingu afurða eftir á, myndi verða ódýrari.

Við álítum mikilsvert, að ræktun landsins fari **á undan öðrum framkvæmdum**, svo að búskapurinn á býlunum geti verið lífvænlegur þegar í stað. Hinar arðgæfu framkvæmdir verða að koma á undan þeim óarðgæfu. Og mikið veltur á, að hægt verði að finna ódýrt byggingarfyrirkomulag. Æskilegast, að hægt væri að komast af með mjög litlar byggingar í fyrstu og bæta síðar við. Eftirlit með byggingum ætlumst við til, að sé mjög strangt, bæði af hálfu hins opinbera og félaganna, svo að ekki sé hætta á, að býlin yfirbyggist með dýrum húsum. Menn yrðu að sætta sig við, að húsin yrðu sem líkust að stærð og fyrirkomulagi, notuð sú aðferðin, sem ódýrust telst að hlutfalli við afnotagildi.

Hverja samvinnubyggð yrði að miða við ákveðna tegund búskapar og taka tillit til þess þegar í upphafi, bæði með ákvörðun landsstærðar, beitilands, býlafjölda og skipulags í byggðinni. Sumstaðar yrði aðallega kúabú, annarsstaðar sauðfjárrækt (t. d. á Norðausturlandi), á öðrum stöðum garðrækt eða alifuglarækt. Á hverjum stað verður fyrst og fremst að miða við þá staðhætti, sem fyrir hendi eru, þannig að stunduð sé aðallega sú framleiðslan, sem bezt borgar sig, með tilliti til landkosta.

Samvinnubyggðirnar ættu að keppa að því að vera sjálfum sér nógar. Þar ætti, er stundir líða, að komast á fót ýmiskonar handverk og iðnaður í smærri stíl í sambandi við rafmagnið. Þá myndi því að einhverju leyti varnað, að menn þyrftu að sitja auðum höndum yfir vetrartímann.

Af þeim þægindum, sem þetta fyrirkomulag myndi hafa í för með sér, mætti margt telja. Þar myndi með tiltölulega litlum kostnaði geta verið sími til afnota fyrir hvert heimili, rafmagn til ljósa, suðu og hitunar (ef ekki væri jarðhiti), daglega póstferðir á hvert heimili, sameiginlegt útvarp, ný aðstaða til menntunar fyrir börn og unglinga, skilyrði fyrir sameiginleg afnot bóka — og það, sem ekki má gleyma, aðstaða til félagsskapar og dægrastyttingar, sem margt fólk má leita eftir til kaupstaðanna.

Frumvarpið er í þremur köflum. Fjallar fyrsti kafli um framlög ríkisins til byggða þessara og um eftirlit frá þess hálfu með undirbúningi og framkvæmdum öllum. Ætlazt er til, að ríkissjóður leggi árlega fram í fjárlögum 200 þús. kr. til samvinnubyggða. Munum við bera fram sérstakar tillögur til þess að afla ríkissjóði tekna í þessu skyni.

Nokkuð af framlagi ríkissjóðs má leggja fram í landi. Því að þótt búið sé að selja meginhluta hinna opinberu jarðeigna, á þó ríkið enn allmargar jarðir, sem eru vel fallnar til slíkra byggðahverfa. Að öðru leyti verður framlag ríkisins að miklu leyti notað til vinnu, sem fellur í skaut landsmanna sjálfra, svo sem til vegagerðar, framræslu og annarar jarðvinnslu. Þetta mundi því skapa aukna atvinnu og má nota fé að nokkru leyti sem framlög til atvinnubóta, um leið og lagður er grundvöllur að aukinni og fjölbreyttari framleiðslu.

Ekki virðist ástæða til þess að skýra einstakar greinar frumvarpsins, hvað þennan fyrsta kafla þess snertir, frekar en gert hefir verið hér að framan.

Annar kafli frumvarpsins er um samvinnubyggðafélög, sem stofnuð kunna að verða samkvæmt lögum þessum. Hér skal ekki farið inn á einstakar greinar, aðeins drepið á meginstefnu þá, sem í kafla þessum felst. Samvinnubyggðafélögin eiga að starfa innan ramma samvinnulaganna frá 1921. Megináherzlan er lögð á það, að öll óeðlileg verðhækkun á mannvirkjum sé útilokuð með öllu, svo að verð fasteigna hækki ekki úr hófi fram og geri allan búrekstur óarðbæran.

Svo er til ætlazt, að hvert samvinnubyggðafélag setji sér sjálft samþykktir um það skipulag, sem félagið vill hafa um starfsháttu alla og samvinnu, innan þess ramma, er samvinnubyggðalögin ákveða. Getur þar verið um allmikla fjölbreytni að ræða, enda er það ákjósanlegast, að slíkt sé ekki sett í fastar skorður með allsherjarlögum, heldur setji hvert félag sér samþykktir samkvæmt staðháttum á hverjum stað og því skipulagi, sem það vill hafa um búrekstur og annað, er snertir byggðir þessar.

Þá er og reynt að tryggja með ákvæðum 11. og 13. gr., að ábyrgð ríkissjóðs fyrir lánum til húsabygginga eða annara mannvirkja verði sem áhættuminnst, þar sem svo er tilskilið, að aldrei megi veðsetja mannvirki þessi fyrir hærri fjárhæð en nemur 80% af kostnaðarverði þeirra.

Loks er í þriðja kafla frumvarpsins ákveðin störf samvinnubyggðanefndar, að svo miklu leyti, sem þau hafa ekki verið ákveðin áður, og fleira, er þurfa þótti. Þarf það engrar skýringar við.

Ed. 191. Frumvarp

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 49 23. júní 1932.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. gr.

Á eftir orðunum „5 fulltrúum“ í fyrstu málsgr. 3. gr. l. nr. 49 23. júní 1932 (6. gr. l. nr. 19 11. júlí 1911) komi: og 5 varafulltrúum.

2. gr.

Aftan við 10. gr. l. nr. 19 11. júlí 1911 bætist:

Gjöld þessi hafa forgangsrétt samkvæmt 83. gr. b. 3. skiptalaganna, og eru skipagjöldin auk þess tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í eitt ár fyrir samningsveði í skipinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið til að bæta úr nokkrum göllum, er hafnarstjórn Reykjavíkur telur vera á núgildandi hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað. 1. gr. mælir svo fyrir, að kjósa skuli varafulltrúa í hafnarstjórn, er tekið geti sæti á fundum hafnarstjórnar í forföllum aðalfulltrúa, og er það í samræmi við ákvæði þau, er gilda um fulltrúa bæjarstjórnar.

2. gr. frumvarpsins er til þess sett að lögfesta þá venju, sem fylgt hefir verið af skiptaréttinum undanfarið, að hafnargjöldin séu forgangsskuldir, en lagaheimild fyrir því hefir ekki verið skýr. Ennfremur þykir nauðsynlegt að tryggja tekjur hafnarinnar, með því að veita henni í eitt ár lögveð í skipunum fyrir skipagjaldinu.

Samkvæmt núgildandi lögum hefir höfnin eingöngu lögtaksrétt fyrir skipagjöldunum, og er það venjulega algerlega ófullnægjandi, vegna veðskulda þeirra, er jafnaðarlega hvíla á skipunum.

Nd. 192. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sölu kirkjujarðarinnar Mið-Sámsstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. marz 1933.

Bergur Jónsson, form.	Guðbr. Ísberg, fundaskr. og frsm.	Steingr. Steinþórsson.
Jóhann Þ. Jósefsson.	Sveinbjörn Högnason.	

Nd. 193. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. marz 1933.

Bergur Jónsson, form. Guðbr. Ísberg, fundaskr. og frsm. Steingr. Steinþórsson.
Jóhann Þ. Jósefsson. Sveinbjörn Högnason.

Nd. 194. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar lítur svo á, að sízt sé ástæða til að fara nú að láta undan síga á þeirri braut, sem farin er um að friða sjaldgæfar fuglategundir á landi hér, og þær tegundir, sem hætta er á, að fljótt myndu hverfa, ef friðunar nyti ekki við, -- en svo er um þær tvær tegundir, sem frv. þetta fer fram á, að ófriðaðar verði.

Uglan er hér svo sjaldgæf, að fáar fuglategundir munu sjaldgæfari, og um svanina er það að segja, að í flestum héruðum landsins mega þeir teljast harla sjaldséðir, og myndu fljótt hverfa, ef engin, eða svo að segja engin takmörk væru sett fyrir útrýmingu þeirra.

Meiri hl. nefndarinnar ræður því deildinni frá að samþykkja frv.

Alþingi, 18. marz 1933.

Sveinbjörn Högnason, frsm. Guðbr. Ísberg, fundaskr.
Jóhann Þ. Jósefsson. Steingr. Steinþórsson.

Nd. **195. Frumvarp**

til áfengislaga.

Flm.: Jón A. Jónsson, Bergur Jónsson, Ólafur Thors, Hannes Jónsson, Guðbr. Ísberg, Magnús Jónsson, Bernharð Stefánsson, Lárus Helgason, Bjarni Ásgeirsson, Jónas Þorbergsson, Jóhann Þ. Jósefsson.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

2. gr.

Veiti Alþingi með sérstökum lögum heimild til tilbúnings áfengs öls á Íslandi, skal það, að því leyti sem þau lög ná til, vera undanþegið ákvæðum þessara laga um tilbúning, sölu og veitingar í landinu.

II. KAFLI.

Innflutningur áfengis.

3. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnist. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn.

Sendiræðismönnum erlendra ríkja skal þó heimilt að flytja frá útlöndum hæfilegan áfengisforða til heimilisþarfa sinna án tollgreiðslu og álagningar, en tilkynna skulu þeir Áfengisverzlun ríkisins í hvert skipti, er innflutningur á sér stað.

4. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Nú hefir skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 3. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglan og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenzkt eða erlent. Hefir hann vald til þess að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

5. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins. Kjósi hann innan 12 mánaða frá tilkynningu, að það sé sent úr landi á hans kostnað, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er, ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu, og skal þá telja frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

6. gr.

Enginn má taka við neinskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hér við land eða í íslenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi, allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

III. KAFLI.

Tilbúningur áfengis.

7. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar, sbr. þó 2. gr.

8. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það á-

fengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í ríkissjóð.

IV. KAFLI.

Sala og veitingar áfengis.

9. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 3. gr. Heimilt er henni að leggja á áfengið allt að 100%, miðað við verð þess, hingað komið, að tolli viðbættum.

10. gr.

Heimilt er Áfengisverzlun ríkisins að selja annað áfengi en það, sem um ræðir í lögum nr. 3, 4. apríl 1923, á útsölustöðum í kaupstöðum landsins, nema meiri hluti viðkomandi bæjarstjórnar greiði atkvæði gegn því.

Áfengisverzluninni er og heimilt að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, þó aðeins í kauptúnum, sem hafa yfir 300 íbúa. Áður en útsalan er sett á stofn skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í kauptúninu, eða í viðkomandi hreppi, ef kauptúnið er ekki hreppur út af fyrir sig, um það, hvort útsalan skuli leyfð. Atkvæðagreiðslan skal fara fram á almennum hreppsfundi. Verði meiri hluti greiddra atkvæða móti útsölunni, skal hún ekki leyfð.

11. gr.

Heimild til þess að selja aftur áfengi, er keypt hefir verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsölum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja. Smáskammtalæknum, sem lækningaleyfi hafa samkvæmt lögum, er og heimilt að selja smáskammtalyf með vínanda í, er þeir kaupa í innlendum lyfjabúðum, enda fylgi pöntun þeirra meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra.
2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.
3. Sala vínanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, skal lúta sömu reglum og um venjulegar verzlunarvörur gilda.

12. gr.

Dómsmálaráðherra hefir heimild til þess að leyfa veitingahúsum í kaupstöðum veitingar á vínum þeim, er um ræðir í lögum nr. 3, 4. apríl 1923. Hann getur og leyft veitingar annara vína, ef leyfisbeiðni fylgja meðmæli hlutaðeigandi bæjarstjórnar, og með þeim skilyrðum um veitingastað og veitingatíma, sem bæjarstjórnin setur.

13. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni, að áfengissölubúðir

skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni næsta virkan dag.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

V. KAFLI.

Meðferð áfengis í landinu.

14. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs, og varðar sektum samkvæmt 32. gr., ef út af er brugðið.

15. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist ólöglegt áfengi í vörzlum manns, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 24. gr.

16. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 10. og 11. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

17. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 30. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátur eða flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

18. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram.

Ekkert félag manna má hafa um hönd í félagsskap áfengisveitingar né heldur má áfengisnautn fara fram í félagsherbergjum, hvort sem þau eru í húsi félagsins eða annara, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

VI. KAFLI.

Ölvun.

19. gr.

Hver sá, sem sökum áberandi ölvunar veldur óspektum eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum eða skipum hér við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

20. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar embættismissi eða frávikning úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sé um lækni að ræða, missir hann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

21. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

22. gr.

Séu skipstjórar, stýrimenn, bátaformenn eða vélstjórar ölvaðir við störf sín á skipi, sem þeir eiga að stjórna, sæta þeir sömu refsingu og embættismenn samkvæmt 20. gr. Kemur þá missir réttar til skipstjórnar, stýrimennsku eða vélgæzlu, eftir því sem við á, í stað embættismissis eða sýslunarmissis.

23. gr.

Ef flugmenn eða bifreiðastjórar eru undir áhrifum áfengis við flug eða akstur, varðar það missi flug- eða ökuskírteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

VII. KAFLI.

Refsiákvæði.

24. gr.

Fyrir brot gegn 3. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni	1000— 5000 kr.
Öðru sinni	2000—10000 —
Þriðja sinni	4000—20000 —

Auk þess greiðist í sekt 40 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má ennfremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal það gert upptækt með dómi handa ríkissjóði.

Brot gegn 3. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvorutveggja.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 100—3000 kr.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

25. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 3. gr., skal hann sekur um 500—5000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði eins og segir í 24. gr. 1., síðustu málsgrein.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsiglan eða vanrækt að skýra frá.

26. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 24. gr.

27. gr.

Brot gegn 7. gr. varða sektum, 100—5000 kr., og skal sökunautur ennfremur sæta fangelsi, ef áfengið hefir verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

28. gr.

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 200—2000 kr. Ítrekað brot varðar sektum 400—5000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað, eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengisseðla. Lágmark leyfissviptingar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 30. gr. 2. málsgr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

29. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar víntegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 30. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 31. gr.

30. gr.

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 200—2000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 400—5000 krónum.

Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi allt að 3 mánuðum.

31. gr.

Verði maður, sem leyfi hefir til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21, 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 16. gr., varðar það refsingu samkvæmt 30. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinni ekki skemur en einn mánuð, í annað sinni ekki skemur en þrjá mánuði og í þriðja sinni að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæti sektum, 50—1000 kr.

32. gr.

Brot gegn ákvæðum 14. gr. varða sektum frá 25—500 krónum.

33. gr.

Brot gegn 17. gr. varða sektum 50—2000 kr. og ítrekað brot 100—4000 kr.

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

34. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 18. gr. 1. málsgr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 50—1000 kr. sekt og neytanda 25—500 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 18. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 50—2000 króna sektum.

35. gr.

Brot gegn 19. gr. varða sektum frá 25—500 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

36. gr.

Brot gegn 20.—22. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Þriðja sinni stöðu- eða starfsmissi samkvæmt ákvæðum áðurnefndra greina.

37. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 3., 6. gr. 1. málsgr. eða 7. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til þess að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum, 50—4000 kr.

VIII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

38. gr.

Af ágóða ríkisins af áfengissölu skulu árlega ganga 15000 kr. til Stórstúku Íslands til bindindisstarfsemi innanlands.

39. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, að því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

40. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

41. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

42. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

43. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64, 19. maí 1930, og öll þau lagaákvæði, er koma í bág við þessi lög.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi því, er flutt var á síðasta þingi. Allar hinar sömu ástæður eru enn fyrir hendi, og þó í fyllri mæli. Heimabruggun hefir aukizt að mun frá í fyrra, og er sýnilegt, að hún fer vaxandi með ári hverju, þar til bannið er afnumið, en samfara heimabruggi vex ofneyzla áfengis, og þá sérstaklega „landans“, einkum í þeim héruðum, sem áður voru að mestu „þurr“. Munu ekki finnast nú nema tvær eða þrjár sýslur á landinu, þar sem ekki er heimabruggað í smærri eða stærri stíl.

Ríkissjóður er svo skuldum hlaðinn, að hann getur að minnstu leyti bætt úr þeim kröfum, sem til hans eru gerðar með sanngirni, og svo langt er frá því, að hagur hans batni, að enginn, sem til þekkir, lætur sér koma til hugar, að skuldir hans fari lækkandi á næstu árum, heldur er þvert á móti fyrirsjáanlegt, að þær aukast að mun, jafnvel þó atvinnuvegunum sé um of íþyngt, eins og undanfarið hefir verið gert. Hinsvegar er ríkissjóði vís mikill tekjuauki af einkasölu áfengis, ef frv. þetta verður samþykkt. Gróðann af óleyfilegu áfengi taka nú smyglarar og „landa“-bruggarar. Þeir eru hinir einu, sem græða á því ástandi, sem nú ríkir, en aðrir ríkisborgarar tapa bæði fjárhagslega og siðferðislega.

Bandaríkjamenn eru á leið að afnema bannið. Mikill meiri hluti þjóðarinnar hefir séð, hvílíkt kák bannlögin þar í landi hafa verið, og hefir þó ekki skort á fjárframlög til að reyna að halda þeim uppi.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar frumvarpsins frá í fyrra.

Nd. **196. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1931.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum 1931, eru veittar kr. 3392238.14 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. grein hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt.

I. Ráðuneytið o. fl.

		Kr.	Kr.
Við	4. Annar kostnaður	38268.51	
—	5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum	12530.24	
—	6. b. Til pappírs og prentunar	14519.25	
	c. Til kostnaðar við sendingar	599.50	
	II. Hagstofan.		
—	3. Prentun eyðublaða	1386.48	
—	5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	1740.57	
—	6. Manntal 1703	40.56	
			69085.11

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn.

Við	1. b. Annar kostnaður	6849.98	
—	4. b. Húsaleiga o. fl.	120.00	
	d. Samning spjaldskrár	1140.00	
—	5. a. Laun fulltrúa og 4 skrifara	11230.00	
	b. Laun 6 tollvarða	3480.00	
	c.—d. Húsaleiga, hiti og ljós	800.00	
	e. Innheimtukostnaður	7845.00	
—	6. a. Laun fulltrúa og 3 skrifara	7130.80	
	b.—c. Húsaleiga, hiti og ljós	1287.00	
	d. Ýmis gjöld	1358.91	
—	7. Skrifstofukostn. sýslumanna og bæjarfógeta	8700.00	
—	9. Til landhelgisgæzlu	235242.09	
	Flyt	285183.78	69085.11

		Kr.	Kr.
	Flutt	285183.78	69085.11
Við 11.	Til hegningarhússins og viðhaldskostn. fangah.	4935.03	
— 12.	Til vinnuhælisins á Litla Hrauni	47000.00	
— 13.	Annar sakamálakostn. og lögreglumála m. m.	122156.60	
— 14.	Þóknun til sjódómsmanna	64.00	
— 15.	Þóknun til setu- og varadómara	7858.75	
	B. Sameiginl. kostn. við embættisrekstur.		
— 1.	a. Burðareyrir	38289.98	
	b. Embættisskeyti	9006.81	
— 4.	Skattanefndakostnaður m. m.	62089.56	
— 5.	Eyðublöð o. fl.	32696.35	
			609280.86

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaskipunar og heilbrigðismála.

Við 2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis	4745.02	
— 3.	Læknisvitjanastyrkur	600.00	
— 8.	Geislalækningastofa ríkisins	1249.28	
— 10.	Styrkur til héraðslækna til utanferða	257.51	
— 13.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	9887.50	
— 15.	b. Til sjúkraskýla og læknisbústaða	13190.28	
	h. Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum	826.93	
	m. Til styrktar mönnum, er þurfa gervilimi	150.00	
			30906.52

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

Til samgöngumála.

A. Póstmál:

Við 1.	b. Póstafgreiðslumenn utan Rvíkur	5516.67	
— 2.	Póstflutningur	60512.98	
— 3.	a. Skrifstofukostnaður	17578.91	
	d. Önnur gjöld	52709.55	
	B. Vegamál:		
—	I. 3. Ferðakostn. og fæðispeningar	1447.98	
—	4. Til aðstoðarm. og mælinga	2677.82	
—	5. Skrifstofukostnaður	8079.30	
—	II. Þjóðvegir:		
—	a. 4. Vesturlandsvegur	19010.96	
—	5. Húnavatnssýsluvegur	1547.84	
	Flyt	169082.01	709272.49

			Kr.	Kr.
		Flutt	169082.01	709272.49
Við		10. Þistilfjarðarvegur	7920.60	
—		12. Biskupstungnabraut	580.19	
—		13. Skaftártunguvegur	15529.04	
—		b. Viðhald og umbætur	319088.50	
—	III.	Til brúargerða samkv. brúalögum	38047.71	
—	IV.	Til slitlags á akvegum	45000.00	
—	V.	Fjallvegir	6643.08	
—	VI.	1. Til áhalda	24318.82	
—	VII.	1. Til akfærra sýsluvega	1791.04	
—	X.	Til vetrarflutninga	10037.78	
—	XIII.	Til húsa í Bakkaseli	238.71	
—	XIV.	Til útihúsa í Fornahvammi	6673.53	
		C. Samgöngur á sjó:		
—		1. a. Til strandferða	327389.49	
		D. Vitamál og hafnargerðir:		
—	I.	3. Til verkfróðra aðstoðarmanna	1018.00	
—		4. Til skrifstofuhalds	7099.58	
—		5. Ferðakostnaður og fæðispeningar	131.60	
—	III.	Rekstrarkostnaður vitanna	20015.77	
—	IV.	Sjómerki og viðhald sæluhúsa	3046.46	
—	V.	Til vitagerðar	14013.12	
—	VII.	Ýmislegt	10168.34	
		F. Hraðskeyta og talsímasamband:		
—	I.	Til viðauka símakerfa o. fl.	2459.19	
—	II.	Til einkasíma í sveitum	489.30	
—	III.	Til nýrra símlagninga	17169.19	
—	V.	2. Kostnaður af aðalskrifstofu	6017.16	
—		3. Ritsímastöðin í Reykjavík	6234.06	
—		4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	4276.35	
—		5. Bæjarsíminn í Reykjavík	39178.08	
—		6. Áhaldahúsið	3257.27	
—		7. Ritsímastöðin á Akureyri	4682.72	
—		8. — á Seyðisfirði	3517.14	
—		9. — á Ísafirði	683.32	
—		10. Símastöðin á Borðeyri	222.55	
—		11. — í Hafnarfirði	2996.02	
—		12. — í Vestmannaeyjum	2168.23	
—		13. — á Siglufirði	3812.09	
—		14. Til aukaritsímaþjónustu	3546.62	
		Flyt	1128542.66	709272.49

			Kr.	Kr.
		Flutt	1128542.66	709272.49
Við	15.	Til annara símast. og eftirlitsst.	2166.28	
—	16. b.	Til uppbótar á launum símritara o. fl.	3485.00	
	c.	Til uppb. á launum kvenvarðstj. o. fl.	949.86	
—	VI.	Eyðublöð, prentun, ritföng o. fl.	5555.96	
—	VII.	Viðbót og viðhald stöðvanna	9767.98	
—	IX.	Ferðakostnaður	4427.25	
—	X.	Viðhald landssímanna	23446.77	
—	XIII.	Tillag til alþjóðaskrifst. í Bern	326.30	
—	XIV.	Ýmis gjöld	3823.01	
		G. Útvarp:		
—	II. 2.	Útvarpsráð og útvarpsefni	56749.48	
—	3.	Viðhald, ræsting, ljós, hiti o. fl.	6996.36	
—	4.	Ýmis gjöld	7708.02	
				1253944.93

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

Til kirkju- og kennslumála.

		A. Andlega stéttin:		
Við	b. 7.	Til húsabóta á prestssetrum	7552.53	
		B. Kennslumál:		
—	I. l.	Hiti, ljós, ræsting o. fl.	1130.89	
—	m. 2.	Ýmis gjöld	9148.05	
—	II. a.	Til íslenzkra stúdenta í erl. háskólum	1053.07	
	b.	Námsstyrkir	649.45	
—	III. b. 2.	Eldiviður, ljós og ræsting	2020.36	
	3.	Til skólahúss, utan og innan	5817.44	
	9.	Ýmis gjöld	1789.58	
	10.	Til verðlaunabóka	117.40	
—	IV. b. 1.	Aukakennarar og stundakennarar	10431.99	
	4.	Eldiviður og ljós	3771.35	
	7.	Til viðhalds	67.68	
	8.	Ýmis gjöld	8001.88	
—	V. b. 1.	Stundakennsla	2882.68	
	2.	Eldiviður og ljós	46.15	
	3.	Bókakaup og áhöld	212.40	
	5.	Vornámskeið	1872.14	
	6.	Til viðhalds	1383.01	
		Flyt	57948.05	1963217.42

			Kr.	Kr.
		Flutt	57948.05	1963217.42
		7. Ýmis gjöld	1897.92	
Við	VI.	b. 1. Stundakennsla	300.00	
		2. Eldiviður og ljós	315.77	
		5. Ýmis gjöld	125.46	
—	VII.	b. 1. Stundakennsla	180.00	
		5. Til prófhalda	188.00	
—	VIII.	1.e. 2. Kennsluáhöld	207.00	
		3. Eldiviður og ljós	633.68	
		4. Ýmis gjöld	835.32	
—		2.c. 1. Verklegt nám	1360.30	
		2. Kennsluáhöld	149.01	
		3. Eldiviður og ljós	1323.72	
		4. Ýmis gjöld	1839.94	
—	XI.	2. b. Annar kostnaður	1136.33	
—	XIII.	1. Skrifstofukostnaður	5560.00	
—		5. Prófdómarar	1499.20	
—		6. Barnaskólahús utan kaupstaða	879.00	
—		8. Utanfararstyrkur barnakennara	1000.00	
—	XIV.	1. b. 2. Eldiviður og ljós	500.00	
		c. Til vatnsveitu í skólann	1978.68	
—		5. Til að reisa héraðsskóla	63136.38	
—	XVI.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja	9730.05	
—	XVII.	1. Til kennslu blindra barna	81.11	
				152804.92

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmennta og lista.

Við	1.	d. Bækur, handrit og bókband	34.29	
—	5.	a. Eldiviður, ljós og ræsting	380.54	
		b. Viðhald og áhöld	2416.14	
—	41.	Til listasafnshúss Einar Jónssonar	10777.70	
—	45.	Ferðastyrkur til útlanda	931.70	
				14540.37

8. gr.

Til viðbótar við gjöld í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja.

Við	17.	b. Til aðstoðar	7310.98	
		c. Til veðurathugana o. fl.	439.17	
		Flyt	7750.15	2130562.71

		Kr.	Kr.
	Flutt	7750.15	2130562.71
	d. Til veðurskeyta o. fl.	2613.07	
	e. Til loftskeytatækja	361.78	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	962.14	
	h. Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum	400.00	
Við 18.	Til landmælinga	1525.71	
— 21.	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	5285.59	
— 22.	b. Skrifstofukostnaður	3340.11	
— 23.	Til markaðsleitar erlendis	1596.57	
— 24.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndum	5904.10	
— 40.	Til dýraverndunarfél. Íslands	750.00	
— 45.	Til mælinga og rannsókna á vatnasv. Þverár og Markarfljóts	8591.89	
			39081.11

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

Til almennrar styrktarstarfsemi.

Við 6.	Til slysatryggingar	5268.18

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Óviss gjöld.

	Óviss gjöld	82596.48

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 25. gr. er veitt:

Greiðslur samkvæmt lögum m. m.

	Bryggjugerð í Borgarnesi	6346.71	
	Væntanleg fjáraukalög	1118569.75	
	Þingsályktanir	9813.20	
			1134729.66
		Kr.	3392238.14

Ed. 197. Frumvarp

til laga um salerni í sveitum.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson, Guðmundur Ólafsson.

1. gr.

Salerni skal vera á hverjum sveitabæ, eitt eða fleiri eftir þörfum. Gerð þeirra skal fullnægja þeim kröfum, sem landsstjórnin gerir, og þeim fyrirmyndum, sem hún lætur í té.

2. gr.

Vorið 1933 skulu hreppsnefndir telja saman, hve mörg býli eru salernislaus í hverjum hreppi. Á hverju ári frá því lög þessi ganga í gildi skulu gerð salerni á ekki færri en ⅕ salernislausu býlanna, og tiltekur hreppsnefnd, á hvaða býlum skuli gera salerni það árið. Salernagerðinni skal lokið innan 5 ára frá því hún hófst.

3. gr.

Um gerð salerna, leiðbeiningar og uppdrætti fer eftir því, sem ákveðið verður í reglugerð, er ráðherra gefur út.

4. gr.

Ríkissjóður styrkir gerð salernafora eftir sömu reglum og aðrar safnþrær. Að öðru leyti ber jarðeigandi eða umboðsmaður hans kostnaðinn af gerð salerna.

5. gr.

Nú vanrækir einhver að gera salerni eftir því, sem sveitarstjórn ákveður, og sætir hann þá 10—50 kr. sekt í sveitarsjóð. Sé vanrækslan ítrekuð næsta ár, skal, auk sekta, dæma hlutaðeiganda til salernisgerðar, að viðlögðum 2—10 kr. dagsektum, er einnig renna í sveitarsjóð.

6. gr.

Brot á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þó salerni væru hér algeng í fornöld og ef til vill á öllum bæjum, þá lagðist sá siður niður á eymdarárum vorum, og um langan aldur hafa flest sveitabýli verið salernislaus. Vér erum orðnir svo vanir þessu menningarleysi, að enn er fjöldi býla salernislaus, þrátt fyrir allar upphvatningar og allt, sem um það hefir verið ritað. Jafnvel í kauptúnum vorum hefir orðið að skylda húseigendur til salernagerðar með heilbrigðissamþykktum.

Þó þetta hafi breytzt mikið til batnaðar í sveitum, þá mun það ekki ofmælt, að að minnsta kosti annaðhvert býli sé salernislaust. Þetta er blettur á

landi og þjóð, órækur vottur um menningarleysi, hirðuleysi um þýðingarmikið heilbrigðismál og illa áburðarmeðferð. Alla þá vansæmd, sem hlotizt hefir af þessu, þekkja þeir bezt, sem ferðast hafa um landið með útlendum ferðamönnum. Þeir eru algerlega forviða á því, að slíkt skuli geta átt sér stað hjá fólki, sem kallast menningarþjóð. Fylgdarmennirnir reyna sífellt til að breiða yfir þetta, en tekst það sjaldnast, því glöggt er gests augað.

Flestir munu hafa gert sér góðar vonir um það, að svo sjálfsagður hlutur sem salernin eru kæmi af sjálfu sér án alls aðhalds. Þessi von hefir að miklu leyti brugðizt, og má ganga að því vísu, að enn líði mannsaldur áður en salerni eru komin á hvern bæ. Með frv. þessu er reynt til þess að fá máli þessu hrundið í framkvæmd á 5 árum.

Þrátt fyrir erfiðar ástæður manna um þessar mundir ætti þetta að vera kleift. Timbur í salerni kostar um 50 kr. Þó forin sé steinsteypt, ætti styrkur til hennar að borga sementið. Þar, sem erfitt er um steypuefni, er ekki ógerningur að gera for og salerni úr torfi, og nemur þá aðkeypt efni litlu. Þá má ekki gleyma því, að gott salerni borgar sig á fáum árum með áburði.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir því (sbr. 3. gr.), að landsstjórnin láti í té leiðbeiningar og uppdrætti af öllum þeim salernagerðum, sem bezt gætu átt hér við. Nú er það ekki ætíð vandalaust að koma salerni hentuglega fyrir, sérstaklega svo, að innangengt sé í það, hvort heldur sem um torfbæ er að ræða eða hús úr steini eða timbri. Það hefir vakað fyrir, að mælingamenn, sem mæla jarðabætur, leiðbeindu bændum í þessu.

Um 2. gr.

Með því að dreifa salernagerðinni á 5 ár verður kostnaður minni á ári hverju, og gætu sveitarstjórnir valið þá úr á hverju ári, sem auðveldast eiga með að byggja.

Um 4. gr.

Það virðist sjálfsagt, að salernaforir séu styrktar engu síður en aðrar safnþrær.

Aðrar greinar frv. þarfnast ekki skýringa.

Ed. 198. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 18. marz 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Þorláksson.	Jónas Jónsson, fundaskr. og frsm.

Nd. **199. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	8 (Stimpilgjald). Fyrir „425000“ kemur	400000
2.	—	2. —	12 (Áfengistollur). Fyrir „500000“ kemur	450000
3.	—	2. —	13. (Tóbakstollur). Fyrir „1200000“ kemur	1150000
4.	—	2. —	15. (Annað aðflutningsgjald). Fyrir „150000“ kemur	100000
5.	—	2. —	16 (Vörutollur). Fyrir „1300000“ kemur	1200000
6.	—	2. —	17 (Verðtollur). Fyrir „1100000“ kemur	1000000
7.	—	3. —	A. I. 1 (Rekstrarhagnaður póstsjóðs). Liðurinn fellur burt.	
8.	—	3. —	A. II. — Nýr liður á undan 1: Rekstrarhalli póstsjóðs	77140
9.	—	3. —	A. Sundurliðun. Póstsjóður I. Fyrir „650000“ kemur	550000
10.	—	3. —	A. Sundurliðun. Póstsjóður II. 1. a. Fyrir „100000“ kemur	110000
11.	—	7. —	2. (Dönsk lán). Liðinn skal orða svo: Dönsk lán, d. kr. 114585.99 á 100.00	114586
12.	—	8. —	(Borðfé konungs). Fyrir „69000“ kemur	60000
13.	—	10. —	III. 2. (Utanríkismál). Fyrir „13800“ kemur	12000
14.	—	12. —	4. Liðinn skal orða svo: Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi, Mosfellssveit og Reykjavíkurhéraði, utan kaupstaðarins, og fara eftir taxta héraðslækna	1200
15.	—	12. —	5 (Lúðvík Nordal). Liðurinn fellur burt.	
16.	—	12. —	(Utanfararstyrkur héraðslækna). Liðurinn fellur burt.	
17.	—	12. —	14. aths. (Heilsuhælið á Vífilsstöðum). Fyrir „105“ kemur	120
18.	Við	13. gr.	A. II. a. 3. Nýr liður: Saurbæjarvegur	4000

19. — 13. — A. II. a. 6. Nýr liður:
Kollafjarðarvegur 3000
20. — 13. — A. II. a. 14. Nýr liður:
a. Fjarðarheiðarvegur 8000
b. Breiðdalsvegur 3000
21. — 13. — A. II. a. 15. Nýr liður:
a. Suðursveitarvegur 3000
b. Síðuvegur 3000
22. — 13. — A. IV. (Fjallvegir).
Fyrir „20000“ kemur 25000
23. — 13. — C. I. 2. (Aðstoðarverkfræðingur vitamála).
Fyrir „5200“ kemur 6160
24. — 14. — A. b. 7. (Húsabætur á prestssetrum).
Liðurinn fellur burt.
25. — 14. — B. I. e. (Námsstyrkur háskólanemenda).
Fyrir „16000“ kemur 15000
26. — 14. — B. I. f. (Húsaleigustyrkur háskólanemenda).
Fyrir „10000“ kemur 9000
27. — 14. — B. I. g. (Rannsóknarstofa háskólans).
a. Fyrir „25000“ kemur 20000
b. Athugasemdin fellur burt.
28. — 14. — B. II. d. (Matthías Lárusson).
Liðurinn fellur burt.
29. — 14. — B. X. e. (Verklegt nám erlendis).
Liðurinn fellur burt.
30. — 14. — B. XIII. 5. (Eftirlitskennarar).
Liðurinn fellur burt.
31. — 14. — B. XIII. 6. (Utanfararstyrkur barnakennara).
Liðurinn fellur burt.
32. — 14. — B. XV. 2. (Húsmæðrafræðsla á Hallormsstað).
Fyrir „8000“ kemur 7000
33. — 14. — B. XV. 5. (Björg C. Þorláksson).
Liðurinn fellur burt.
34. — 15. — 1. a. (Laun við Landsbókasafnið).
Fyrir „24740“ kemur 22550
35. — 15. — 1. d. (Bókakaup Landsbókasafnsins o. fl.).
Fyrir „14000“ kemur 12000
36. — 15. — 9. (Bókmenntafélagið).
Fyrir „3800“ kemur 2800
37. — 15. — 13. (Norræna félagið).
Liðurinn fellur burt.
38. — 15. — 15. (Útgáfa þjóðsagna Sigf. Sigf.).
Liðurinn fellur burt.
39. Við 15. gr. 16. (Björn K. Þórólfsson).
Liðurinn fellur burt.

40. — 15. — 23. (Skáld og listamenn).
Liðurinn fellur burt.
41. — 15. — 26. (Jón Leifs).
Liðurinn fellur burt.
42. — 15. — 30. (Sigurður Nordal).
„Dýrtíðaruppbót 400“ fellur burt.
43. — 15. — 38. (Þórður Flóventsson).
Liðurinn fellur burt.
44. — 15. — 41. (Fréttastofa blaðamannafél.).
Liðurinn fellur burt.
45. — 15. — 42. (Ferðastyrkur til útlanda).
Liðurinn fellur burt.
46. — 16. — 9. (Veiði- og loðdýrafél. Íslands).
Liðurinn fellur burt.
47. — 16. — 11. c.—d. (Eggert Magnúss. og Halld. Kr. Jónss. til dýralækninga).
Liðirnir falla burt.
48. — 16. — 16. (Eftirlit með verksm. og vélum).
Fyrir „1600“ kemur 600
49. — 16. — 18. (Fiskifélagið).
Fyrir „70000“ kemur 80000
50. — 16. — 19. (Birting veðurfregna).
Orðin: „Til sama félags“ falla burt.
51. — 16. — 21. b. (Skrifstofukostn. skipaskoðunarstj.).
Fyrir „8800“ kemur 7000
52. — 16. — 28 (Kvenfélagasamband Íslands).
Fyrir „2000“ kemur 1600
53. — 16. — 36. (Vinnumiðstöð kvenna).
Liðurinn fellur burt.
54. — 17. — 1. (Berklasjúklingar).
Athugasemdin fellur burt.
55. — 17. — 11. (Rauðakrossfél. Íslands).
Liðurinn fellur burt.
56. — 18. — I. a. (Eftirlaun embættismanna).
Fyrir „44256.27“ kemur 43256.27
57. — 18. — II. d. 42. Nýr liður.
Til Bergljótar Blöndal 200
58. — 18. — II. g. 9. (Stefán frá Hvítadal).
Liðurinn fellur burt.
59. — 18. — II. g. 12. (Guðm. Kamban).
Liðurinn fellur burt.
60. — 20. — Út. I. 1. b. (Dönsk lán). Liðinn skal orða svo:
Dönsk lán, d. kr. 321353.99 á 100.00 = 321354.

61. Við 22. gr. I. Liðurinn orðist svo:
Að kaupa fyrir fasteignamatsverð íbúðarhús sýslumannsins í Borgarnesi.

62. — 22. — V. Nýir liðir:
a. Að láta Fiskifél. Íslands í té ókeypis lóð á Arnarhólstúni á horni Ingólfsstrætis og Skúlagötu.
b. Að endurgreiða Jóni Halldórssyni fyrrverandi ríkisféhirði úr lífeyrissjóði embættismanna það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn.
c. Að taka 24 þús. kr. lán úr Byggingar- og landnámssjóði til þess að fullnægja ákvæðum laga nr. 63 1931, um húsbyggingu prestssetra, og greiða vexti af því og afborganir úr ríkissjóði, enda greiði prestar, sem húsanna njóta, lögmæltar kvaðir af þeim.

Nd. 200. Breytingartillögur

við frv. til ljósmæðralaga.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

1. Við 4. gr.:
a. Fyrir „300 krónur“ í tölul. 1. komi: 400 krónur.
b. Fyrir „5 ár“ á tveimur stöðum í 1. málsgr. eftir tölul. 3. komi: 3 ár.
2. Við 8. gr. Fyrir „7 krónur“ í fyrri málsgr. komi: 10 krónur.

Ed. 201. Breytingartillaga

við frv. til l. um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 6. gr. Síðari málsl. 1. málsgr. orðist svo:
Skylt er, að í öllu erlendu smjörlíki, sem selt er hér á landi, sé sami hundraðshluti af smjöri og í íslenzku smjörlíki, og getur ráðherra ákveðið, að það smjör skuli vera íslenzkt.

Nd. **202. Nefndarálit**

um till. til þál. um breyting á leyfisbréfi 31. júli 1926, um sæsimasambandið.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir rætt tillögu þessa á 3 fundum og kvatt ráðherra og landssímastjóra til viðtals um hana. Telur nefndin samningsbreytingar þær, sem felast í greinargerð tillögunnar og samkomulag hefir fengizt um milli landssímastjóra annarsvegar og Mikla norræna ritsímafélagsins ásamt símastjórninni dönsku hinsvegar, yfirleitt hagfelldar.

Aðalbreytingin, sem er við 7. gr. sérleyfisins frá 1926 og lýtur að heimild Íslendinga til að starfrækja talsamband við önnur lönd jafnhliða ritsímanum, er að vísu því skilyrði bundin, að ekki hefjist slíkt talsamband með sæþræði fyrir árslok 1934. En með því að loftsamband er líklegri leið að markinu en þráðsamband, þurfa framkvæmdir eigi að tefjast vegna þessa skilorðs. Hinsvegar má ætla, að viðbúnaður að myndun sambandsins taki nokkurn tíma. Telur nefndin þó rétt að veita ríkisstjórninni heimild til framkvæmda svo fljótt sem efni leyfa og flytur brtt. við aðaltill., sem að því lýtur.

Um 2. meginatriði breytinga hins eldra samnings, skiptingu tekna af sæsímanum milli eignaraðila og starfrækjanda, hefir einnig fengizt nokkur ívilnun, þar sem hluti Íslands er færður úr 27,7% í 30,7%, þegar heildartekjur ná 180000 gullfranka upphæð, en reynsla undanfarinna ára bendir til þess, að heildartekjur muni verða talsvert ofan við þá fjárhæð.

Þá hafa einnig með breytingu sérleyfisins frá 1926 fengizt hagfelldari ákvæði um uppsögn samninga, ef til þarf að koma.

Eftir framansögðu leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Aftan við tillgr. bætist:
og að heimila ríkisstjórninni að koma á talsambandi milli Íslands og útlanda svo fljótt sem henni virðist það tiltækilegt.

Alþingi, 18. marz 1933.

Sveinn Ólafsson, form. og frsm. | Jón Ólafsson, fundaskrifari. | Sveinbjörn Högnason.

Hannes Jónsson. | Jón A. Jónsson.

Nd. 203. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 43, 23. júní 1932, um barnavernd.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist tveir nýir tölulíðir, svo hljóðandi:

11. Í reglugerð, er nefndin setur og ráðherra staðfestir, má setja ákvæði, er banna í umdæmi nefndarinnar sölu á tóbaki til barna og unglinga innan 16 ára aldurs, banna að setja sælgætis- og tóbaksverzlanir á stofn í nánd við barnaskóla, leikvelli eða aðra samkomustaði barna, banna umferðasölu sælgætis og tóbaks og takmarka eða banna með öllu einstakar sælgætistegundir, sem talizt geta, beinlínis eða óbeinlínis, hættulegar börnum o. s. frv.

12. Í reglugerð, er nefndin setur og ráðherra staðfestir, má takmarka eða banna opinbera blaðasölu barna í umdæmi nefndarinnar.

2. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist við ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er bæjarstjórn eða sveitarstjórn að veita, samkvæmt tillögum barnaverndarnefndar eða skólanefndar, fátækum barnaheimilum styrk, sem eigi telst þurfamannastyrkur, enda sjái nefndin um það, að styrknum sé varið börnunum til hjálpar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við barnaverndarráðið, sem gefur því eindregin meðmæli.

Nd. 204. Nefndarálit

um frv. til laga um vörzlu opinberra sjóða.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin fellst á, að rétt sé að setja almenn lög um vörzlu opinberra sjóða, og þar með fellst hún á meginhugsun frumv. Hinsvegar vill hún gera nokkra röskun á efni þess og framsetningu og hefir því orðað það um. Leggur n. til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. 1. gr. orðist svo:

Fjármálaráðuneytið skal hafa yfirumsjón um stjórn allra þeirra opinberra sjóða, sem stofnaðir eru með lögum eða hafa konunglegar skipu-

lagsskrár og eru í umsjá og vörzlu ríkisstjórnar eða embættismanna ríkisins. Það skal hafa sérstakt eftirlit með því, að með sjóðina sé farið eftir því, sem fyrir er mælt í lögum eða skipulagsskrám sjóðanna, og að fé þeirra sé tryggilega ávaxtað.

Reikningar sjóðanna séu árlega yfirskoðaðir af ríkisendurskoðuninni, og skulu þeir birtir í B.-deild Stjórnartíðindanna.

II. 2. gr. orðist svo:

Stjórnendum og forráðamönnum allra annara sjóða, sem varða almenning, er skylt að birta reikninga þeirra árlega í opinberu blaði eða riti, áritaða af endurskoðendum, skipuðum, kosnum eða tilnefndum á annan hátt.

Endurskoðendum er skylt að fullvissa sig um, að meðferð og varzla sjóðanna sé sú, sem til er ætlazt af stofnendum eða gefendum í stofnskrám eða skipulagsskrám sjóðanna.

III. 3. gr. orðist svo:

Stofnunum og fyrirtækjum, sem njóta styrks af almannafé eða opinberrar ábyrgðar, er skylt að birta ársreikninga sína opinberlega.

IV. 4. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þegar.

V. 5. grein falli niður.

Alþingi, 17. marz 1933.

H. Stefánsson, form., frsm. Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Hannes Jónsson.
Bernh. Stefánsson. Ólafur Thors.

Nd. 205. Frumvarp

til laga um einkaleyfi til að flytja út og selja á erlendan markað nýja tegund af saltfiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1938 veitist Sveini Árnasyni, yfirfiskimatsmanni á Seyðisfirði, einkaleyfi til þess að flytja út og selja á erlendum markaði saltfiskstegund, er hann nefnir „Magna“ og verkuð er með sérstakri aðferð, sem hann hefir tekið upp og endurbætt. Saltfiskur þessi líkist að verkun, útliti og eðli vörunnar saltfiskstegund þeirri, sem í hinum ýmsu stöðum í Miðjarðarhafslöndunum er nefnd ýmsum nöfnum, svo sem „shorefish“, „bankfish“, „Gaspe“, „Newfoundlandfish“ og „Bacalao Ingles“, eftir stærð, uppruna eða markaðslandi.

2. gr.

Heimilt er leyfishafa að framselja einkaleyfið, að meira eða minna leyti, sameignarfélagi eða hlutafélagi, sem hann sjálfur er þátttakandi í og veitir forstöðu. Gengur sá félagsskapur þá inn í réttindi og skyldur leyfishafa samkvæmt þessum lögum.

3. gr.

Fisk þann, er einkaleyfishafi flytur út samkvæmt heimild laga þessara, getur atvinnumálaráðherra undanþegið ákvæðum laga nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat, enda sé berum orðum fram tekið á farmskírteini, að fiskurinn sé „Magna"-fiskur (shorefish, bankfish o. s. frv.).

4. gr.

Einkaleyfi þetta er bundið eftirfarandi skilyrðum:

a) Að leyfishafi flytji eða láti flytja út af umræddri saltfiskstegund að minnsta kosti 300 smálestir árlega eftir lok ársins 1933.
b) Að hann greiði í ríkissjóð 500 króna árlegt gjald fyrir einkaleyfi þetta.
c) Að hann kenni íslenzkum útgerðar- og fiskverkunarmönnum verkunaraðferð sína, eftir því sem markaður og aðrar ástæður leyfa, og að aðferðin verði almenningseign að leyfistíma loknum.

Verði þessi skilyrði ekki haldin, getur atvinnumálaráðherra svipt hann einkaleyfinu, og skal þá leyfissviptingin auglýst í Lögbirtingablaðinu.

5. gr.

Meðan leyfistíminn stendur er öllum öðrum óheimilt, án leyfis leyfishafa, að flytja út vöru þá, er einkaleyfið nær til, eða eftirlíkingar af henni, er seldar yrðu á erlendum markaði sem tegundir þær, er nefndar eru í 1. gr. Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varða sektum frá 2000—20000 kr., er renna í ríkissjóð, svo og skaðabótum til leyfishafa eftir almennum reglum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 8. þ. m. sendi Sveinn Árnason yfirfiskimatsmaður sjávarútvegsnefnd neðanskráð bréf:

p. t. Reykjavík, 8. marz 1933.

Ég leyfi mér hér með að óska þess, að hið háa Alþingi veiti mér með sérstökum lögum einkarétt í 5 ár til þess að framleiða, flytja út og selja á erlendan markað saltfiskstegund, sem mér hefir tekizt að framleiða og ég nefni „Magna". Einkaréttinum fylgi leyfi til að framselja þessi réttindi til annara íslenzkra þegna, ef þörf er á.

Ég hefi í nokkur ár gert tilraunir til þess að eftirlíkja fisktegund, sem er vel þekkt á fiskmarkaði Suðurlanda og er nefnd „Shorefish" (Bacalao Ingles).

Ég er þó ekki eini maðurinn hér á landi, sem hefi reynt þetta, því allmargir aðrir, sem hafa kynnzt þessum fiski á erlendum markaði, hafa gert slíkar tilraunir áður, en þær hafa allar mistekizt. Fyrsta tilraunin hér á landi af þessu tægi mun hafa verið gerð árin 1908—1910.

Mér hefir nú að vísu tekizt að verka þessa fisktegund („Shore"), en vegna loftslagsskilyrða hér álít ég, að nákvæm eftirlíking þessa fiskjar sé of áhættusöm og miklum vandkvæðum bundin. En við tilraunir mínar hefir mér tekizt að framleiða afbrigði frá þessari verkun, sem að vísu er kostnaðarsamara, en um leið öruggara að verka án mikillar áhættu af skemmdum.

Ég á auðvelt með að sýna fram á, að þetta verkunarafbrigði er líklegt til að njóta góðs gengis á erlendum markaði og koma þar í stað „shore" fiskjar. Þetta hefir mikla þýðingu, þar sem þessi fiskur á að geta numið alveg ný markaðssvið án þess að keppa við annan íslenzkan saltfisk. Það er sem sé staðreynd, sem allir kunnir þessum málum þekkja, að þeir menn, sem kaupa þessa tegund til neyzlu, kaupa alls ekki venjulegan íslenzkan fisk. Hér er því fyrir hendi möguleiki til þess, þegar fram líða stundir, að koma miklum hluta af íslenzkri fiskframleiðslu inn á nýjar brautir og geta á þann hátt rýmt svo til á markaðnum, að framleiðslan megi aukast og verðið yfirleitt hækka.

Í grein, sem ég ritaði í 3. tölublað „Ægis" 1930, benti ég á, að oss hefði tekizt að framleiða eftirlíking af labradorfiski (erlendis oftast nefndur „style"), sem nú væri alstaðar tekinn fram yfir hinn upprunalega labradorfisk. Oss hefir ennfremur tekizt að verka pressufisk („Lave-style", almennast kallaður „Pressado"), sem að miklu leyti hefir útrýmt frönskum „Lavé". En mikilsverðasta atriði taldi ég það, að okkur tækist að framleiða vöru, sem gæti keppt við „shore", með því að þar væri um stærst markaðssvið að ræða. Taldi ég, að þetta mundi mögulegt með nokkurri þolinmæði. Og nú fullyrði ég, að mér hafi tekizt að verka samkeppnisfæra vöru við „shore". En það skal um leið tekið fram, að verkun hennar er bæði umfangsmeiri og vandasamari en á labra- og pressufiski, og þó ekki vandameiri en svo, að hver fiskframleiðandi í landinu ætti eftir t. d. 5 ár að geta verkað hæfilegan hluta af saltfiski sínum á þann hátt.

Ég vil geta þess, að verkunaraðferðin, sem hér er um að ræða, er ólík hinni venjulegu saltfisksverkun hér á landi, svo ólík, að hvert stig í verkuninni (söltun, pressun, þurrkun o. s. frv.) eru í verulegum atriðum frábrugðin hinu venjulega og fiskurinn ólíkur að útliti og eðli vörunnar. Mér virðist því miklar líkur til, að mér yrði ekki synjað um einkaleyfi á aðferðinni, samkvæmt einkaleyfislögum, nr. 12 frá 20. júní 1923, ef ég sækti um það til ríkisstjórnarinnar. Er því rétt, að ég geri grein fyrir, hvers vegna ég fer ekki þessa leið, heldur leita beint til Alþingis.

Þegar ég fór að fást við þessar tilraunir, þá var það alls ekki tilgangur minn að finna upp einhverja nýjung, sem ég gæti grætt fé á persónulega, heldur var ég að reyna að finna umbætur á fiskverkun, sem gæti víkkað markaðssvið og haft þýðingu fyrir almenning. Við tilraunirnar kom það í ljós, að verkunin er vandameiri en hin venjulega verkun, útheimtir sérstök áhöld og er verulega frábrugðin hinni, eins og áður er sagt. Ef ég nú fengi venjulegt einkaleyfi samkvæmt fyrrgreindum lögum t. d. í 15 ár, þá mundi ég verða að stofna félag til

stórframleiðslu á einum stað eða máske á örfáum stöðum, framleiðslan sennilega verða takmörkuð í mörg ár og ekki koma almenningi að eins miklum notum.

Ef ég hinsvegar fengi full umráð yfir framleiðslu þessarar vöru í næstu fimm ár, þá gæti mikið unnizt fyrir framleiðendur í heild, en ekkert tapazt. Á þeim tíma fengi ég næði til þess að fullkomna vöruna og „standardisera", kenna verkunina almennt og útvega vörunni markað. Ætlast ég þá til, að enginn megi framleiða þessa vöru nema með mínu leyfi og eftir leiðbeiningum, sem ég læt í té. Ég geri ráð fyrir, að eftir 5 ár yrði þekking á verkun þessarar fisktegundar orðin svo almenn, að ekki þyrfti að óttast, að markaðnum yrði spillt með skakkri eða misjafnri vöru, gerðri af skilningsleysi eða vankunnáttu.

Það er nú alls ekki óhugsandi, að ýmsir yrðu nú til þess að verka þessa vöru, þegar vitanlegt er, að hægt er að framleiða hana hér á landi. Því gæti einhverjum háttvirtum alþingismönnum virzt, að ekki væri ástæða til að veita neitt einkaleyfi í þessu skyni, enda mundi ég án þess fús á að leiðbeina þeim, sem þess óskuðu, þar sem ég líka er í þjónustu ríkisins. Ég vil því strax taka þetta fram:

Það hefir tekið mig 4—5 ár að komast að niðurstöðu, og þó ekki fengizt nein fullkomnun í framleiðslunni, heldur má hún enn þá heita á tilraunastigi. Mér hefir þó gefizt tækifæri til þess að athuga vöruna sjálfa á markaðnum, aflað mér á þessum tíma upplýsinga hjá hinum kunnugustu mönnum, bæði í framleiðslu- og markaðslöndunum, og gert að þessu fengnu margar tilraunir. Auk þess er ég talsvert kunnugur fiskverkun yfirleitt. Ég er því hræddur um, að mönnum með enn lakari þekkingu gengi þetta illa, enda hefir reynslan sýnt, að slyngum mönnum á þessu sviði hefir mistekizt.

En svo hefi ég reyndar gildar ástæður til að ætla, að enginn verði til að taka þetta upp, og sú þekking, sem þegar er fengin, komi að litlum eða engum notum. Ég hefi reynslu fyrir mér um það, að menn eru seinir til að taka upp nýjungar á þessu sviði, þó til stórbóta séu og auðveldar, nema þær séu knúðar fram af áhuga eða vegna hagsmuna þess, er fyrir þeim gengst. Ég skal aðeins nefna tvennt: Árið 1912 fann ég upp á því að þurrka fisk á lausum grindum, sem um leið eru börur. Ég lýsti þessari þurrkunaraðferð í „Ægi" 1918 og birti myndir af áhöldunum. Síðan hefi ég sýnt fram á, að vinnusparnaður með þessum áhöldum væri mikill, þau ódýrari en fiskreitir úr grjóti, með notkun þeirra hægt að framkvæma fiskþurrkun nærri hvar sem er, og þurrka fisk á öllum tímum árs. Árið 1929 birti ég, líka í „Ægi", niðurstöðu af tilraun, sem ég hafði gert með kassasöltun á fiski. Leiddi hún í ljós, að vegna saltsparnaðar og minna hráefnis væri að minnsta kosti 11% hagnaður á þessari verkun, en ótalið var þá, að fiskurinn er miklu hæfari fyrir þann markað, sem hæst verð borgar. Hvorug þessara endurbóta hefir þó enn verið tekin upp annarsstaðar en á Austurlandi, en þar eru þær viðhafðar af nálega hverjum fiskframleiðanda. Nú er það staðreynd, að oftast er greitt um 10 kr. hærra verð fyrir skippund af Austfjarðafiski en t. d. sunnlenzkum, og ég leyfi mér að fullyrða, að það er ekki sízt að þakka þessum tveimur umbótum. Það, að hvorug þeirra hefir ver-

ið tekin upp annarsstaðar, gefur ekki glæsilegar vonir um, að vandameiri umbætur verði almennt teknar upp, nema á það sé ýtt af áhuga eða hagsmunalegum ástæðum.

Með því, sem hér hefir verið sagt, þykist ég hafa rökstutt og að nokkru gert grein fyrir ástæðum mínum til þessarar málaleitunar, en er að sjálfsögðu fús til að láta sjávarútvegsnefndum þingsins í té frekari upplýsingar um málið.

Virðingarfyllst.

Sveinn Árnason
yfirfiskimatsmaður.

Til Alþingis.

Eftir að nefndin hafði rætt þetta mál allýtarlega, urðu allir nefndarmenn sammála um að flytja ofangreint frumvarp, ef Sölusamband ísl. fiskframleiðenda væri málinu hlynnt.

Hinn 17. þ. m. barst nefndinni neðanskráð bréf til Sveins Árnasonar frá stjórn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda.

Reykjavík, 17. marz 1933.

Hr. yfirfiskimatsm. Sveinn Árnason,
p. t. Hotel Borg,
Reykjavik.

Í bréfi yðar í gær óskið þér þess, að vér látum í ljós álit vort á fyrirætlun yðar um að fá einkaleyfi á framleiðslu og sölu saltfisktegundar, er þér nefnið „Magna“.

Oss er það vel kunnugt, að fisktegund sú (Shorefish, Bacalao Ingles o. s. frv.), er þér hafið reynt að eftirlíkja, er eftirspurð vara á markaði í Miðjarðarhafslöndunum og víðar. Vér álítum því, að frekari tilraunir yðar og aðgerðir megi ekki falla niður, og getum því eftir atvikum mælt með, að yður verði veittur einkaréttur sá, er þér sækið um til Alþingis, með því vér getum fallizt á, að það muni verða örugg leið til þess að koma þessari verkun svo langt áleiðis, að hún verði að almennum notum, og þannig úr garði gerð, að sneitt verði hjá misfellum sem frekast er unnt.

Það skal tekið fram, samkvæmt ósk yðar, að vér erum yður samdóma um, að eftirlíking yðar (Magna) spilli ekki markaði eða keppi við annan íslenzkan fisk. Hinsvegar ætti framkoma þessarar nýju vöru hér að geta orðið til þess að bæta framleiðsluskilyrðin að ýmsu leyti, svo framarlega sem yður tekst að koma verkuninni í framkvæmd, svo að um muni.

Virðingarfyllst,

Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda.

Ó. Proppé. Richard Thors. Kr. Einarsson.

Nefndin telur það tvímælalaust, að ef það tekst að verka þessa fisktegund hér á landi, geti það orðið til mikilla hagsbóta fyrir fiskframleiðendur, en engu til kostað af almenningsfé, þótt tilraunir verði gerðar eftir ákvæðum frumvarpsins. Væntir nefndin því, að mál þetta mæti engri mótspyrnu og nái lögfestu á þessu þingi.

Ed. 206. Breytingartillaga

við frv. til ljósmæðralaga.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

Við 4. gr. Orðin „í kaupstöðum“ og „úr bæjarsjóði, en utan kaupstaða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum“ falli burt.

Ed. 207. Ljósmæðralög.

(Afgreidd frá Ed. 20. marz).

1. gr.

Rétt til að kalla sig ljósmæður eða yfirsetukonur og stunda ljósmæðrastörf hér á landi hafa þær konur einar, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í Ljósmæðraskóla Íslands í Reykjavík og að loknu prófi þar eru taldar til þess hæfar.

Ráðherra getur og veitt öðrum konum leyfi til að kalla sig ljósmæður og stunda ljósmæðrastörf, ef þær hafa lokið að minnsta kosti jafngildu námi og eru að öðru leyti til þess hæfar að dómi aðalkennara Ljósmæðraskólans og landlæknis.

2. gr.

Hverri sýslu landsins skal skipta í ljósmæðraumdæmi, og gerir sýslunefnd það með samþykki ráðherra. Skipa skal eina ljósmóður til að gegna hverju umdæmi, og hefir hún þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa. Um stundarsakir má þó, ef nauðsyn krefur og með ráði héraðslæknis, fela skipaðri ljósmóður að gegna nágrannaumdæmum ásamt sínu umdæmi.

Í hverjum kaupstað skal vera skipuð ljósmóðir, ein eða fleiri. Því ræður bæjarstjórn, hversu margar þær eru.

3. gr.

Sýslumaður skipar ljósmóður í umdæmi eftir tillögum sýslunefndar og fær þeim veitingarbréf, en í kaupstöðum bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), eftir tillögum bæjarstjórnar.

Ekki má skipa ljósmæður í kaupstaðarumdæmi, nema þær hafi að loknu tilskildu námi verið að minnsta kosti eitt ár aðstoðarljósmæður á fæðingardeild Landsspítalans, eða notið framhaldsmenntunar sem því svarar, að dómi aðalkennara Ljósmæðraskólans og landlæknis.

Jafnan skal leita álits hlutaðeigandi héraðslæknis áður en ljósmóðir er skipuð. Ef héraðslæknir telur hana óhæfa til starfsins, skal fresta skipuninni og skjóta því máli undir fullnaðarúrskurð landlæknis.

4. gr.

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en utan kaupstaða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Í kaupstöðum skulu launin greidd mánaðarlega, en á manntalsþingi utan kaupstaða.

Launin skal miða við manntal umdæmisins við síðustu áramót, þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 300 krónur.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaunin vera 300 krónur að viðbættum 10 krónum fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í kaupstöðum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir 1000 krónur í byrjunarlaun.

Laun allra skipaðra ljósmæðra skulu hækka eftir 5 ár um 50 kr. og eftir önnur 5 ár um 50 kr. Þó mega launin án dýrtíðaruppbótar aldrei fara fram úr 1500 krónum.

Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það hálf byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans, hver þau skuli vera.

5. gr.

Ef skipuð ljósmóðir slasast, þegar hún er að gegna lögmæltu starfi sínu, svo að hún verður að fá lausn, og er ekki fær um að vinna fyrir sér á annan hátt, þá skal hún, unz skipuðum ljósmæðrum hefir verið tryggður lífeyrir með lögum, eiga kröfu til eftirlauna frá sömu aðiljum, og greiði þeir henni launin í sömu hlutföllum. Sýslunefndir, með samþykki ráðherra, og bæjarstjórnir ákveða upphæð eftirlaunanna. Ef sýslunefndir, með samþykki ráðherra, eða bæjarstjórnir til þess tíma ákveða að greiða ljósmæðrum eftirlaun, eftir að þær hafa látið af störfum sínum sem skipaðar ljósmæður, fyrir elli sakir eða vanheilsu, greiðir ríkissjóður sinn hluta af eftirlaununum til móts við sýslusjóð.

6. gr.

Ljósmóðir, sem ekki er skipuð, en óskar að setjast að í umdæmi sem starfandi ljósmóðir, skal tilkynna það hlutaðeigandi héraðslækni, leggja fyrir hann skilríki sín og sanna honum, að hún hafi nauðsynleg áhöld til jafns við áhöld skipaðra ljósmæðra. Sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) getur með ráði héraðslæknis bannað henni að stunda ljósmóðurstörf í umdæminu, ef hún hefir

ekki tilskilin áhöld, eða ef ætla má, að umdæmið verði ofsett ljósmæðrum, ef hún bætist við, svo að hætta geti orðið á, að því haldist ekki á skipaðri ljósmóður. Ef ljósmóður er bannað að stunda ljósmóðurstörf í umdæmi af hinni síðartöldu ástæðu, má hún þó leita úrskurðar bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

7. gr.

Allar starfandi ljósmæður, skipaðar og óskipaðar, eru skyldar til að láta aðstoð sína tafarlaust í té hverri þeirri sængurkonu í umdæminu, er gerir boð eftir þeim.

Nú baga ljósmóður veikindi eða önnur lögleg forföll, og eru þá ljósmæður í næstu umdæmum skyldar að gegna, ef þær mega því við koma án þess að vanrækja sín umdæmi.

Allar ljósmæður, þó óstarfandi séu, eru skyldar til, ef þær eru nærstaddar og ekki næst í skipaða eða starfandi ljósmóður — nema því alvarlegri forföll banni — að veita sængurkonu nauðsynlegustu hjálp, unz til starfandi ljósmóður hefir náðst.

8. gr.

Ljósmæðrum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og hjúkrun sængurkvenna og að auki ókeypis fararbeini báðar leiðir. Þessi þóknun skal eigi vera minni en 7 krónur fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem ljósmóðir dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 kr. fyrir hverja vitjun í kaupstað, þar sem ljósmóðir býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimtingu á, að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

9. gr.

Landlæknir skal í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans semja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skyldur ljósmæðra og gjöld fyrir aukaverk þau, er þær inna af hendi.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og ljósmæðrareglugerðinni varða sektum, 50—500 kr., nema þyngri hegning liggi við brotinu að lögum. Fyrir ítrekað brot og mikilsháttar (sbr. næstu grein) er rétt að svipta ljósmóður rétti til ljósmæðrastarfa um stundarsakir, og fyrir fullt og allt, ef sakir eru miklar.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) má víkja skipaðri ljósmóður frá starfi sínu, ef hún að dómi héraðslæknis hefir brotið alvarlega af sér sem ljósmóðir, einkum ef hún hefir oftar en einu sinni skorazt undan að vitja sængurkvenna tafarlaust og að forfallalausu, ef hún hefir ljóstað upp trúnaðarmáli, sem hún hefir komizt að sem ljósmóðir, eða ef hún hefir gert sig seka um

óafsakanleg afglöp eða óhæfu í ljósmóðurstörfum. Á sama hátt má banna starfandi ljósmóður ljósmóðurstörf í umdæmi fyrir tilsvarandi sakir. Ef um einhverja óhæfu er að ræða að dómi landlæknis og aðalkennara Ljósmæðraskólans, má ráðherra svipta ljósmóður rétti til ljósmóðurstarfa, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

12. gr.

Ákvæði 1. málsgr. 1. greinar ná ekki til þeirra lærðra ljósmæðra, sem rétt hafa til ljósmæðrastarfa hér á landi, þegar lög þessi ganga í gildi, þó að þær hafi ekki lokið námi eins og þar segir.

Ekki má banna starfandi ljósmóður ljósmóðurstörf í umdæmi samkvæmt 6. grein, ef hún hefir starfað þar áður en lögin ganga í gildi, nema hún hafi ekki tilskilin áhöld til ljósmóðurstarfa.

13. gr.

Yfirsetukvennalög, nr. 63 19. maí 1930, og lög nr. 15, 23. júní 1932, eru úr gildi numin.

Nd. 208. Nefndarálit

um frumvarp til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ., og einnig framkomnar brtt. á þskj. 61, með þessum

BREYTINGUM.

I. Við brtt. á þskj. 61.
   1. Við 1. brtt. fyrri málsgr.
      Í stað orðanna „heilbrigðisvottorð skuli gefa“ komi: heilbrigðisvottorð megi gefa.
   2. Við sömu brtt. síðari málsgr.
      Síðari málsl., „Nú vill skipstjóri“ .... o. s. frv., falli burt.

II. Við frumvarpið:
   1. Við 17. gr. Greinin falli burt og greinatalan breytist samkv. því.
   2. Við 25. gr.
      Stafliður b. falli burt og stafliðirnir færist til samkv. því.

Tveir nefndarmenn eru óbundnir um einstök atriði frv.

Alþingi, 20. marz 1933.

Bergur Jónsson, form., með fyrirvara.	Steingr. Steinþórsson, framsögum.	Guðbr. Ísberg. fundaskrifari.
Sveinbjörn Högnason.	Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirvara.	

Nd. 209. Nefndarálit

um till. til þál. um rýmkun á innflutningsleyfi fyrir sauðfé.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin telur rétt að breyta tillögunni svo, að ekki orki tvímælis, að það, sem fyrir vakir með þingsályktun þessari, sé það, að leyfa einstökum mönnum eða félögum stofnfjárrækt hinna erlendu sauðfjárkynja.

Tveir nefndarmenn (BÁ og PO) hafa þó, þrátt fyrir þessa breytingu, fyrirvara um þingsályktunartillögu þessa.

Nefndin leggur til, að till. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka fyrir næsta Alþingi, hvort eigi sé unnt að rýmka ákvæði laga nr. 27, 8. sept. 1931, um innflutning sauðfjár til sláturfjárbóta, þannig, að einstökum mönnum verði, með leyfi ráðuneytisins, heimiluð stofnfjárrækt hinna erlendu kynja, en þó megi haldast fullt öryggi um það, að ekki flytjist til landsins sjúkdómar með hinu innflutta fé.

Alþingi, 20. marz 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form., með fyrirvara.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr., frsm.	Pétur Ottesen, með fyrirvara.
Lárus Helgason.	Guðbr. Ísberg.	

Ed. 210. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 8. sept. 1931 [Laun embættismanna].

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. nefndarinnar getur ekki fallizt á, að ástæða sé til að framlengja lögin óbreytt, þegar litið er til afkomuerfiðleika flestra atvinnurekenda og verkafólks i landinu. Hinsvegar viðurkennir meiri hl., að margir af starfsmönnum ríkisins eru svo lágt launaðir, að nokkur ástæða megi teljast fyrir því, að þeir njóti uppbótar, meðan launalögin eru ekki endurskoðuð. Vill því meiri hl. nefndarinnar ganga inn á, til samkomulags, að dýrtíðaruppbótin haldist á hinum lægri launum, og leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Frvgr. orðist þannig:
   Síðari málsgr. 2. gr. laga nr. 16, 13. júní 1925, skal orða svo:
   Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnri hundraðstölu af ⅔ launanna eins og allsherjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir, að verðhækkunin hafi numið, þó eigi frekar en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 3000 kr. fyrir þá, sem eigi hafa menn á skyldufamfæri, og 4200 kr. fyrir þá, sem hafa menn á skyldufamfæri. Uppbótin greiðist samtímis launununum.
2. Á eftir frvgr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.
3. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um laun embættismanna.

Alþingi, 20. marz 1933.

Ingvar Pálmason,	Jónas Jónsson,
form. og frsm.	fundaskrifari.

Nd. **211. Frumvarp**

til laga um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt það feitmeti, sem líkist smjöri, hver sem uppruni þess er eða samsetning, þegar í því eru einhver fituefni, sem ekki eiga rót sína að rekja til mjólkur.

Ostlíki nefnist ostur, sem í er önnur feiti en mjólkurfeiti.

Rjómalíki nefnist feitijafningur, sem líkist rjóma, en er ekki eingöngu gerður úr mjólkurefnum.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu, en önnur feiti er í en mjólkurfeiti.

Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlíkisgerð, eftirlit með smjörlíkisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Bannað er að framleiða smjörlíki þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, og eigi má nota sömu tæki til skiptis við framleiðsluna.

3. gr.

Hver, sem ætlar sér að búa til smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, skal tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu minnst 2 mánuðum áður en starfsemi byrjar. Atvinnumálaráðuneytið lætur þá þann, er það hefir falið eftirlit með smjörlíkisgerðum, eða þegar nauðsyn ber til, annan þar til hæfan mann, skoða húsakynnin. Sé þeim ábótavant, má starfsemin eigi byrja fyrr en breytingar eru gerðar, sem fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til húsnæðis og áhalda.

Sé breyting gerð á húsnæði, eða nýtt húsnæði fengið fyrir smjörlíkisgerð, þarf einnig til þess samþykki eftirlitsmanns.

Smjörlíkisgerð má eigi, án samþykkis atvinnumálaráðherra, vera í húsnæði, þar sem önnur starfsemi er höfð með höndum.

Smjörlíkisgerðum er skylt að halda bækur yfir framleiðsluna, og skulu þær um hver áramót senda eftirlitsmanni smjörlíkisgerða nákvæma skýrslu um, hve framleiðslan hefir verið mikil af smjörlíki eða öðrum vörum, sem ræðir um í lögum þessum, á árinu. Einnig skulu þær tilkynna honum, hve mikið hafi verið notað af hverri tegund fituefna til framleiðslu varanna, þar á meðal af mjólk, rjóma og smjöri.

Þess skal gætt, að framleiðslan sé þrifaleg og að fylgt sé nauðsynlegum heilnæmisreglum við hana. Atvinnumálaráðherra getur sett reglur um bókhald og skýrslur smjörlíkisgerða, svo og hverjar kröfur eru gerðar til þrifnaðar o. fl.

4. gr.

Þegar vörur þær, sem um getur í 1. gr. laga þessara, eru boðnar til sölu, sýndar eða auglýstar, fluttar inn í landið eða út úr því, skulu þær nefndar, eftir því sem við á, smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, svo og skal geta nafns framleiðanda. Bannað er, að orðin smjör, mjólk og rjómi séu notuð í sambandi við vörur þær, sem lög þessi fjalla um, á nokkurn annan hátt en í vöruheitunum sjálfum, svo sem þau eru skilgreind í 1. gr.

5. gr.

Í smjörlíki á að vera að minnsta kosti 80% fituefni og eigi meira en 16% vatn. Smjörlíki og önnur þau efni, sem nefnd eru í 1. gr., mega ekki vera blönduð öðrum efnum til varnar skemmdum en matarsalti, og eigi vera lituð með efnum, sem eru hættuleg fyrir heilsu manna, og hefir atvinnumálaráðherra úrskurðarvald um þau efni.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra getur, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, ákveðið, að í öllu smjörlíki, sem framleitt er hér á landi til sölu, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri. Skylt er, að í öllu erlendu smjörlíki, sem selt er hér á landi, sé sami hundraðshluti af smjöri og í íslenzku smjörlíki, og getur ráðherra ákveðið, að það smjör skuli vera íslenzkt.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um þetta, eftir því sem þurfa þykir.

Annars er bannað að verzla með smjör, sem á annan hátt en segir í þessari grein er blandað smjörlíki eða öðrum fituefnum en mjólkurfeiti.

7. gr.

Í öllu mjólkurlíki og rjómalíki, sem búið er til eða notað í landinu, skal vera litarefni, sem greini það glögglega frá mjólk og rjóma. Atvinnumálaráðherra ákveður, hver litarefni skuli notuð og hve mikið af þeim.

8. gr.

Í öllu smjörlíki, ostlíki, rjóma- og mjólkurlíki skulu vera 2‰ af hreinni jarðeplasterkju.

9. gr.

Á umbúðum alls innlends smjörlíkis skal standa skýru letri orðið Smjörlíki ásamt nafni smjörlíkisgerðar þeirrar, sem vöruna hefir framleitt. Um innflutt smjörlíki gilda sömu ákvæði, þó svo, að fyrir orðið Smjörlíki má standa Margarine, en á umbúðum standi ávallt með greinilegu letri orðið Útlent. Þessi ákvæði taka einnig til smjörlíkis, sem selt er í lausri vigt í sölubúðum.

Nú er smjörlíki selt mótað, og skal þá þungi skökunnar vera ¼, ½ eða 1/1 kg., og skal skrá það á umbúðirnar.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari reglur um umbúðir og merkingu á vörum þeim, sem lög þessi fjalla um.

10. gr.

Atvinnumálaráðuneytið sér um, að ákvæðum laga þessara sé fylgt, og getur ráðuneytið falið forstöðumanni efnarannsóknarstofu ríkisins eftirlit með starfsemi smjörlíkisgerðanna.

Eftirlitsmanni skal jafnan heimill aðgangur að smjörlíkisgerðum þeim, sem honum er falið eftirlit með. Er honum heimilt að taka sýnishorn til rannsóknar, bæði af hráefnum og fulltilbúnum vörum. Forstöðumönnum smjörlíkisgerða er skylt að veita eftirlitsmanni þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, og sýna honum framleiðslubækur þær, sem nefndar eru í 3. gr.

Eftirlitsmaður hefir þagnarskyldu um allt, sem lýtur að framleiðslu og rekstri smjörlíkisgerða, og má ekki sjálfur notfæra sér eða láta öðrum í té upplýsingar, sem hann kann að fá um sérstakan útbúnað eða aðferðir hverrar verksmiðju.

11. gr.

Lögreglustjórum er falið eftirlit með rekstri smjörlíkisgerða og útsölustöðum í samráði við eftirlitsmann, og skal þeim jafnan heimilt að taka til rannsóknar sýnishorn af hráefnum og vörum þeim, er smjörlíkisgerðirnar framleiða.

Lögreglustjórar og tollstjórinn í Reykjavík hafa eftirlit með inn- og útflutningi á vörum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., og hafa rétt til að láta rannsaka þær.

12. gr.

Til greiðslu á kostnaði við eftirlit og framkvæmd þessara laga getur atvinnumálaráðuneytið lagt gjald á verksmiðjur þær, sem framleiða þær vörur, sem nefndar eru í lögunum. Gjaldið skal miða við framleiðslu verksmiðjanna, og má fela eftirlitsmanni innheimtu þess.

Gjald það, sem verksmiðjunum ber að greiða, má taka lögtaki.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögunum sé að ræða.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla úr gildi lög nr. 38, 20. júní 1923, um verzlun með smjörliki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m., og lög nr. 28, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verzlun með smjörliki o. s. frv.

Nd. 212. Tillaga

til þingsályktunar um að fela Skipaútgerð ríkisins stjórn varðskipanna.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson, Steingrímur Steinþórsson, Sveinn Ólafsson, Þorleifur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Skipaútgerð ríkisins að stjórna varðskipunum við landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi beirra.

Greinargerð.

Á síðastliðnu ári var sú breyting á gerð um stjórn varðskipanna, að hún var flutt frá Skipaútgerð ríkisins til skrifstofustjórans i dómsmálaráðuneytinu.

Um ástæðu til þessarar breytingar er ókunnugt, en þar sem vitað er, að henni mun fylgja um 4000 kr. aukakostnaður á ári, og ekki sjáanlegt, að þetta fyrirkomulag sé á nokkurn hátt hagkvæmara fyrir strandvarnir eða björgunarstarfsemi skipanna, nema síður sé, þykir okkur rétt að leggja það til, að breytt sé aftur í hið fyrra horf og Skipaútgerð ríkisins falin stjórn varðskipanna undir yfirstjórn dómsmálaráðherra.

Til skýringar þykir rétt að taka upp eftirfarandi kafla úr skýrslu frá Skipaútgerð ríkisins, sem lögð hefir verið fyrir fjárveitinganefndir Alþingis:

„Áður en Skipaútgerðin tók til starfa var landhelgisgæzlunni stjórnað frá dómsmálaráðuneytinu, og mun skrifstofustjórinn þar aðallega hafa haft það á hendi, þar til síðari hluta ársins 1930, að dómsmálaráðherra gerði þá breytingu, að fela Skipaútgerðinni að stjórna varðskipunum við gæzluna. Mun það hafa verið gert með skilningi á því, að forstjóri Skipaútgerðarinnar hafði sjómannsþekkingu, en í ráðuneytinu var enginn með slíka þekkingu, og varð því algerlega að vera komið upp á tillögur skipstjóranna á skipunum um þau atriði, sem þurftu sjómannsþekkingar við, og má því segja, að skipstjórar

varðskipanna hafi stjórnað gæzlunni, án þess að hafa nokkurt aðhald, sem þó öllum mönnum er nauðsynlegt, hvað góðir sem þeir annars eru.

Eftir að Skipaútgerðin tók að stjórna varðskipunum við gæzluna, eins og áður er sagt, voru gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að bæta landhelgisvörnina, t. d. voru settir trúnaðarmenn á þá staði, sem mest voru útsettir fyrir ágangi landhelgisbrjóta. Sögðu þeir svo til um ferðir togaranna, og kom það oft að góðum notum við vörnina. Sömuleiðis var allt kapp lagt á það, að halda öllu leyndu um, hvar varðskipin héldu sig í það og það skiptið, bæði með sérstöku fyrirkomulagi á notkun loftskeytatækja skipanna, fullkomnu dulmáli og á ýmsan annan hátt.

Þá var einnig lögð meiri stund á björgunarstarfsemi skipanna en verið hafði áður. Björgunartækin voru aukin og bætt. Einnig þegar veður eða útlit var mjög slæmt og bátar voru á sjó á hættulegum stöðum, þar sem búast mátti við, að aðstoð væri nauðsynleg, var skipunum haldið þangað, svo þau gætu verið til staðar, ef á þyrfti að halda. Var þá unnið ýmist í samráði við Slysavarnafélagið eða beint við verstöðvarnar og séð um, að nætursímasamband væri við flestar þeirra í því augnamiði.

Annar liður í björgunarstarfsemi varðskipanna var að bjarga strönduðum skipum. Er „Ægir“ tiltölulega bezt búinn tækjum til þess, enda hefir hann bjargað síðustu 2 árin 6 skipum, 5 útlendum togurum og 1 íslenzku mótorskipi“.

Nd. 213. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

Frá fjárveitinganefnd.

Um leið og nefndin afgreiðir frumvarpið til hv. deildar vill hún láta þess getið, að þótt afgreiðsla þess hafi dregizt lengur en hún hefði óskað, hefir nefndin haft fullan hug á að koma því áfram, svo þingið þyrfti eigi að tefjast vegna seinnar afgreiðslu fjárlagafrv. Hefir nefndin þegar haldið 45 fundi, og jafnan unnið 3 klukkustundir daglega. En starfið hefir reynzt tafasamt, bæði vegna fyrirliggjandi málafjölda og að nefndin hefir þurft að hafa viðtal við fjölda manna, er til hennar hafa leitað með erindi. Einnig við ríkisstjórnina og ýmsa forstöðumenn ríkisstofnananna. En auk þessa hefir starfið að þessu sinni reynzt óvenjulega erfitt, að því er snertir að geta skilað frumvarpinu með sæmilegri útkomu.

Undanfarin ár hefir verið mikill halli á rekstri ríkisins, svo sem yitað er. Var nefndinni fullljóst, að fyllsta nauðsyn bar til að hverfa af þeirri braut, en hitt erfiðara, að finna úrræði, sem hjálpuðu í því efni. Eftir því, sem hin ríkjandi kreppuvandræði standa lengur og rýra meira og meira fjárhagsgetu einstaklinga þjóðfélagsins, eftir því dragast jafnframt saman tekjustofnar þjóðarbúsins. Og þar sem nauðsynlegt hefir þótt að grípa til innflutningstakmarkana á ýmsum miður þörfum varningi, til þess að ná viðunanlega hagstæðum verzl-

unarjöfnuði við útlönd, hafa þær ráðstafanir einnig allmjög dregið úr tekjum ríkisins.

Horfurnar framundan um viðskiptaástandið virðast ekki enn benda á breytingu til batnaðar. Telur nefndin því enga ástæðu fyrir hendi að gera ráð fyrir, að ríkistekjurnar reynist yfirleitt meiri árið 1934 en síðastl. ár, að óbreyttri tekjulöggjöf. Kemur sú skoðun nefndarinnar fram í tillögum hennar um lækkun á nokkrum tekjuliðum frv.

Hinsvegar hefir nefndinni eigi reynzt auðvelt að draga saman útgjaldahlið frv. svo nokkru verulegu nemi, sem að hennar dómi var þó sjálfsögð nauðsyn, til þess að fá jöfnuð á rekstur þjóðarbúsins. Fjöldinn af útgjaldaliðunum má heita fastbundinn og á síðasta þingi var gerð veruleg tilraun til að þrýsta niður útgjöldunum, með nokkrum árangri, sem frumvarp þetta einnig mótast af. Þegar því er litið til þess, sem hér hefir verið sagt, bæði um tekjuhorfur og útgjaldasparnað fyrir árið 1934, og jafnframt athuguð útkoma síðustu ára, virðist muni erfitt að fá jöfnuð á ríkisbúskapinn, nema með auknum tekjum í einhverri mynd eða sérstökum ráðstöfunum um niðurfærslu gjaldanna, sem nefndin mun taka til frekari athugunar til 3. umræðu.

Starf nefndarinnar hefir orðið að mótast ærið einhliða af hinum þröngu fjárhagsástæðum, sem öllum eru vitanlegar og vikið hefir verið að. Þannig hefir hún eigi séð sér fært að sinna að nokkru þeim ótal mörgu fjárbeiðnum, sem til hennar hafa borizt. Og eins hefir hún þótzt til neydd að gera tillögur um að fella niður hinar og þessar smærri fjárveitingar í frv. stjórnarinnar, er hún taldi óréttmætt að taka upp, til samræmis við svo margt annað, sem vísa varð á bug. En um framlög til verklegra framkvæmda, sem að vísu má segja um, að eigi séu bundin með lögum og því hreyfanleg, var það einhuga álit nefndarinnar, að með engu móti væri gerlegt að draga úr þeim. Fyrir það fyrsta væru framkvæmdir þessar mjög aðkallandi til hjálpar og hagsbóta héruðum þeim, sem hlut eiga að máli og lengi hafa eftir þeim beðið. Og í annan stað kæmu fjárveitingar til þessara framkvæmda héruðunum til hjálpar sem atvinnubætur, er gera mörgum frekar kleift að inna af höndum ýms þau opinber gjöld, sem annars yrði engin leið að greiða. Með þetta fyrir augum hefir nefndin lagt til, að rífka lítils háttar framlögin til vegagerða. Lítur hún svo á, að þau eigi að sitja fyrir öðrum framkvæmdum, þar eð svo má segja, að þau gangi öll í vinnulaun. Og tillögum sínum um þessa aukningu hefir nefndin hagað á þann veg, að vegaframlögin dreifðust víðar um héruðin en ella myndi eftir frumvarpinu.

Tillögur sínar og áætlanir, bæði tekju- og gjaldamegin, hefir nefndin byggt á því, að sömu ákvæði gildi áfram, sem nú eru og áhrif hafa á tekjur og gjöld ríkisins.

Niðurstaða eftir tillögum nefndarinnar er þessi:

Lækkanir á ýmsum tekjuliðum nema	475000.00
Hækkanir á ýmsum gjaldaliðum nema	50160.00
Samtals kr.	525160.00

Lækkanir á gjaldaliðum	kr.	157981.00	
Tekjuafgangur á frv. er	—	351011.55	
			508992.55
Eftir till. n. verður þá tekjuhalli á sjóðsyfirliti kr.			16167.45

Skal þá vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Tekjubálkurinn.

2. gr.

Nefndin lítur svo á, eins og áður er vikið að, að eigi sé varlegt að gera ráð fyrir betri afkomu um ríkistekjurnar í heild árið 1934 en þær reyndust síðastl. ár. Og við nána athugun þess, hver útkoman hefir orðið þá, með hliðsjón af því einnig, hvað tekjurnar hafa reynzt síðustu 5 árin, virðist nefndinni, að tekjuáætlunin muni yfirleitt í hæsta lagi, og sumstaðar hærri en líkur séu til, að geti staðizt. Leggur nefndin því til, að nokkrir liðir séu lækkaðir. Nema lækkunartillögur þær samtals 475 þús. kr., og verður nánari grein gerð fyrir hinum einstöku tillögum í framsögu.

Gjaldabálkurinn.

3. gr.

Í áætlun um gjaldaliði póstmálanna í frv. eru launin vantalin um 10 þús. kr., sem er leiðrétt. Sömuleiðis leggur nefndin til að lækka áætlun póstteknanna um 100 þús. kr. frá því, sem stendur í frv. Er sú tillaga byggð á raunverulegri útkomu síðasta árs og því áliti póstmálastjóra, að ekki sé hægt að vænta meiri tekna 1934, að óbreyttu því viðskiptaástandi, sem nú er.

Í þessa árs fjárlögum eru ætlaðar 60 þús. kr. til lagningar nýrra símalína. Hefir landssímastjóri talið, að fyrir þá fjárveitingu verði lagðar eftirtaldar símalínur komandi sumar:

Bíldudalur—Selárdalur	kostn.áætlun		16500
Víðimýri—Goðdalir	—	—	16500
Ferstikla—Þyrill	—	—	9000
Kvígindisdalur—Breiðavík	—	—	18000
		Samtals kr.	60000

Er þessi ráðstöfun í samræmi við ákvæði fyrri þinga.

Tillögur landssímastjóra um, hverjar símalínur beri að leggja næst, eru þannig — ásamt kostnaðaráætlun:

1.	Jökuldalslína	30 þús.
2.	Skarð—Staðarfell	18 —
3.	Framlenging stöðvarlínu frá Svignaskarði að Fornahvammi ..	15 —
4.	Borgarnes—Búðardalur	90 —

5.	Viðbótarlína Akureyri—Breiðamýri	20 þús.
6.	Stöðvarlína Ögur—Arngerðareyri	16 —
7.	Arngerðareyri—Melgraseyri	9 —
8.	Stóra Fjarðarhorn—Broddanes	6 —
9.	Gröf í Grundarfirði—Bryggja	4 —
10.	Torfastaðir—Geysir	15 —
11.	Skagalína	27 —
12.	Fnjóskadalslína	22 —
	Samtals	272 þús.

Nú er eigi ætlað til nýbygginga símalína í frv. nema 90 þús. kr. Hrekkur það að vísu skammt til að fullnægja fyrirliggjandi beiðnum, sem liggja fyrir fleiri en talið er upp hér á undan. Landssímastjóri hefir gert tillögu um, að varið væri 150 þús. kr. til nýlagninga árið 1934. En þótt þörfin sé mikil, treystir nefndin sér eigi að bera fram hækkun á þessum lið frv., og því síður, sem framlag til símalagninga skapar tiltölulega litla vinnu, en gengur að töluverðu leyti til efniskaupa frá útlöndum. Hvað snertir tillögur landssímastjóra, sem að framan eru taldar, bendir nefndin á, að um liðina 3, 4, 5 og 6, sem alls er áætlað, að kosti um 141 þús. kr. að framkvæma, er þess að geta, að þar er að mestu um að ræða þráðafjölgun á eldri símalínum, til tryggingar greiðari og öruggari afgreiðslu. Játar nefndin að vísu, að slíkt væri æskilegt, en getur þó eigi fallizt á, að það eigi að sitja fyrir lagningu hinna annara lína, sem nefndar eru og hin mesta nauðsyn er á, enda veitir þráðafjölgunin enn minni vinnu en nýlagningar.

Að öðru leyti fellst nefndin á tillögur landssímastjóra um tilhögun símalagninganna.

7., 8. og 10. gr.

Í þessum greinum hefir nefndin lækkað nokkra áætlunarliði vegna gengislækkunar dönsku krónunnar, þar eð upphæðirnar greiðast í dönskum krónum, og fært þá til samræmis við núverandi gengi danskrar krónu.

12. gr.

Styrkinn til Lúðvíks Nordals læknis leggur nefndin til að fella niður, þar sem nefndur læknir er nú ráðinn við Reykjahælið í Ölfusi með 350 kr. mánaðarlaunum.

Nefndinni hafa borizt kvartanir um, að ferðir augnlækna, sem styrks njóta samkv. 6. lið, séu stundum eigi farnar og áætlun sú eigi haldin, er augnlæknarnir hafa auglýst, er valdi almenningi óþæginda og kostnaðar að ástæðulausu. Vill nefndin beina því til heilbrigðisstjórnarinnar, að fyrirmælum um framkvæmdir þessara augnlækningaferða sé vandlega fylgt.

13. gr.

Eins og áður er vikið að, taldi nefndin rétt að hækka dálítið framlag til vegagerða, með það fyrir augum sérstaklega, að það dreifðist víðar um og

kæmi fleiri héruðum til nota sem atvinnuhjálp, um leið og það bætir úr mjög brýnni og aðkallandi þörf fyrir bættar samgöngur. Leggur nefndin þannig til, að bætt sé í frv. smáframlögum til 6 þjóðvegakafla. Nemur sú hækkun þjóðvegafjárins samtals 24 þús. kr. Eru tillögurnar gerðar í samræmi við bendingar frá vegamálastjóra, og eins og fram er tekið áður, miðaðar við það sumpart, að til þessara héraða fer annars lítið af framlögum til opinberra framkvæmda.

Vegamálastjóri hefir í tillögum sínum viljað fá 30 þús. kr. til fjallvegagerða, en stjórnin lækkað þá upphæð niður í 20 þús. Nefndin viðurkennir, að mikil þörf sé að koma ýmsum þeim fjallvegum áfram, sem fé hefir verið veitt til undanfarið, svo þeir verði nothæfir. Er þar sumstaðar aðeins um herzlumun að ræða, svo sem Svalbarðseyrarveginn, er kemur allfjölmennu héraði í akvegasamband, en framkvæmd þess vegar dregizt meira en upphaflega var ætlað.

Vill nefndin hækka framlagið til fjallvega um 5 þús. krónur, en ætlast þá jafnframt til, að áherzla sé lögð á að koma fyrrnefndum vegi í akvegasamband, með fjárveitingu af þessari viðbót.

Af beiðnum þeim, sem fyrir nefndinni lágu um styrk til bryggjugerða og lendingabóta, vill hún mæla með því, að styrkur verði veittur til þeirra svo sem hér segir:

1. Til bátabryggju á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Liggur fyrir athugun og áætlun vitamálastjóra, og meðmæli um styrk. Heildarkostnaður áætl. 10500 kr.
2. Til bátabryggju í Þórkötlustaðahverfi í Grindavík. Þar hefir vitamálastjóri látið gera rannsókn og áætlun um kostnaðinn, sem ráðgerður er 25500 kr. Fylgir uppdráttur og eindregin meðmæli frá vitamálastjóra um venjulegan ríkisstyrk.
3. Til bátabryggju á Kópaskeri. Þar hefir verið smábátabryggja úr timbri, sem gereyðilagðist nú í vetur í ofviðri. Er hugsað að byggja þar upp aftur bátabryggju með steinsteyptum stöplum og timburpalli, sem eftir lauslegri áætlun vitamálaskrifstofunnar mundi kosta 8—9 þús. kr. Mælir vitamálastjóri með því, að styrkur sé veittur til bryggjunnar. Hefir enda eigi fyrr verið veittur styrkur til bryggjugerðar á þessum stað.
4. Þá leggur vitamálastjóri einnig til, að veittur sé styrkur til endurbyggingar bátabryggju á Djúpavogi, og áætlar hann, að allur kostnaðurinn muni nema um 4500 kr.
5. Enn liggur fyrir beiðni um 40 þús. króna styrk til bryggjugerðar á Húsavík, sem er byrjunarliður í fyrirhugaðri hafnargerð. Liggur mál það fyrir Alþingi. Mælingar og áætlanir vitamálaskrifstofunnar liggja fyrir um bryggjugerð þarna, sem nú eru undir nýrri athugun. Nefndin treystist eigi til að mæla með því, að hin umbeðna upphæð verði öll veitt nú. En vill hinsvegar leggja til, að helmingur hennar, eða 20 þús. kr., verði veittur að þessu sinni og annað eins á árinu 1935, þar eð hún telur bryggjugerð þessa sérstaklega nauðsynlega og réttmæta.

6. Til að dýpka innsiglingarleið á Stokkseyri vill nefndin mæla með, að endurveitt verði allt að helmingi kostnaðar, 4000 kr.

Það skilyrði telur nefndin sjálfsagt að setja fyrir framannefndum styrkveitingum, að hlutaðeigandi hreppsfélög hafi starfrækslu og viðhald þessara mannvirkja og öllum sé jafnheimill aðgangur að notkun þeirra.

Tillögur nefndarinnar verða þá, um framlög til bryggjugerða og lendingabóta 1933 og 1934:

1.	Til bryggjugerðar á Arnarstapa Snæfellsnesi ..	⅓	kostn.,	allt að	3500 kr.
2.	— — í Þórkötlust.hverfi Grindavík	⅓	—	— —	8500 —
3.	— — á Kópaskeri	⅓	—	— —	3000 —
4.	— — - Djúpavogi	⅓	—	— —	1500 —
5.	— — - Húsavík	⅓	—	— —	20000 —
6.	— dýpkunar innsiglingarleiðinni á Stokkseyri (Snepilrás) endurveiting	½	—	— —	4000 —
				Samtals	40500 kr.

sem heita má sama upphæð og samanlagt er ætlað til þessara hluta í núg. fjárlögum og frv. því, sem hér liggur fyrir. Hefir nefndin kynnt sér, að fjárveitingunni til bryggjugerða 1933 er enn óráðstafað. Verður stjórnin því að skipta fjárveitingum þessum á þessi 2 ár, eftir því sem bezt hentar og þörfin kann að sýna.

14. gr.

Nefndin leggur til, að liðurinn til húsabóta á prestssetrum (24000 kr.) falli niður, en ber hinsvegar fram brtt. við 22. gr. um heimild til lántöku úr Byggingar- og landnámssjóði í þessu skyni.

Í núgildandi fjárlögum eru veittar 15 þús. kr. til námsstyrks og 9 þús. kr. til húsaleigustyrks við Háskóla Íslands. Í frv. eru þessar upphæðir hækkaðar í 16 þús. kr. og 10 þús. kr. Nefndin telur ekki fært, eins og ástæður eru, að hækka þessa liði, þó að þörf sé ærin, og leggur til að færa til þess, sem nú er.

Nefndin er því sammála að sameina rannsóknarstofu háskólans og rannsóknarstofu í þarfir atvinnuveganna, eins og gert er ráð fyrir í frv. (14. gr. B. I. g.) og þeirri hækkun liðarins, sem nauðsynleg er. Hinsvegar telur nefndin, að fresta verði að stofna til jarðvegsrannsókna þeirra, sem um getur í athugasemdinni, og leggur því til, að liðurinn lækki sem því svarar.

Nefndin getur ekki fallizt á að taka í fjárlög nú nýja utanfararstyrki til náms. Hún leggur því til, að niður sé felldur styrkur til Matthíasar Jónassonar (14. gr. B. II. d. — Í frumvarpinu stendur Lárusson, en það er prentvilla).

Nefndin telur sig knúða til að bera fram tillögur um að fella niður alla utanfararstyrki, sem mögulegt er að spara. Verður það annaðhvort að ganga jafnt yfir eða ekki. Þrjá slíka liði leggur nefndin því til að fella niður: Til verklegs náms erlendis (14. gr. B. X. e.), utanfararstyrk til barnakennara (14. gr. B. XIII. 6.) og ferðastyrki til útlanda (15. gr. 42).

Í frumvarpinu er styrkur til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað hækkaður

frá því, sem er í núgildandi fjárlögum. Nefndin leggur til að lækka þennan lið um 1000 kr. — einnig til meira samræmis við styrkinn til húsmæðradeildar við alþýðuskóla Þingeyinga.

Alþingi síðasta ætlaðist til, að „kennsluprófastarnir" svonefndu féllu niður í bili. Eigi að síður er veitt fé, 10000 kr., til þessarar starfsemi í frumvarpinu (14. gr. B. XIII. 5.). Nefndin vill halda fast við ákvörðun Alþingis um þetta og fella liðinn niður.

Nefndin telur ástæðulaust að festa í fjárlögum fjárveitingu til leiðbeininga í næringarefnafræði. Er veitt fé til þessa á yfirstandandi ári.

15. gr.

Tillaga nefndarinnar um lækkun á launaliðnum til Landsbókasafnsins er leiðrétting einungis, samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldinu.

Í frumvarpinu er lagt til að hækka um 2000 kr. liðinn til bókakaupa o. fl. á Landsbókasafninu. Nefndin telur, að una verði við sömu fjárhæð til þessa sem veitt er í núgildandi fjárlögum.

Fyrir Alþingi í fyrra lá beiðni frá Bókmenntafélaginu um aukinn styrk í því skyni að byrja á útgáfu æfisögusafns merkra manna íslenzkra. Þessi beiðni fékk ekki samþykki á Alþingi. Nú hefir stjórnin hækkað styrk til félagsins í þessu skyni. Nefndin verður að telja það í ósamræmi við annað að byrja nýja styrkveitingu til þessa samtímis því sem felldur er niður styrkur til útgáfu hinna mestu nytjarita í sögu landsins, t. d. ferðabók Árna Magnússonar og manntalið 1703.

Nefndin getur ekki fallizt á að bæta á tölu þeirra félaga, sem Alþingi veitir árlegan styrk, eins og nú horfir. Hún leggur því til, að niður sé felldur styrkur til norræna félagsins, sem nú er tekinn upp í fyrsta sinn í frv.

Nefndin leggur til, að niður sé felldur styrkur til útgáfu þjóðsagnasafns Sigfúsar Sigfússonar. Er safn þetta miklu ómerkara en búizt var við.

Um nokkur ár hefir verið veittur styrkur til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá um skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn. Telur nefndin, að hlé geti orðið á því verki að skaðlausu.

Nefndin leggur til, að felldur sé niður hinn almenni styrkur til skálda og listamanna. Ber til hvorttveggja, að með öllu er horfið frá hinum upprunalega tilgangi með þennan lið, þar sem fjöldi þessara manna fær sérstakan styrk bæði í 18. gr. fjárlaga og víðar að, og í annan stað telur nefndin, að lítt hafi verið á haldið um úthlutun.

Nefndin telur, að styrkur til Jóns Leifs tónskálds megi falla niður, og sömuleiðis sú viðbót við ritstarfastyrk Sigurðar Nordals prófessors, sem sett er í frumvarpið, en ekki er í núgildandi fjárlögum.

Nefndin getur ekki fallizt á að taka upp nýjan styrk til Þórðar Flóventssonar, og ekki fremur þótt honum sé nú komið fyrir í þeirri grein fjárlaganna, sem fjallar um vísindi, bókmenntir og listir.

Óþarft virðist að veita styrk lengur til fréttastofu blaðamannafélagsins. Er nú opinn aðgangur að útlendum fréttum um hendur útvarpsins, blöðunum mjög að kostnaðarlitlu.

16. gr.

Nefndin hefir frestað því til 3. umr. að taka til athugunar fimm fyrstu liði 16. greinar. Búnaðarþing er nýbyrjað, og verður beðið umsagnar þess og tillagna um þessa liði.

Nefndin telur ástæðulaust að styrkja veiði- og loðdýrafélag Íslands. Hefir nefndin fengið vitneskju um, að Búnaðarfélag Íslands muni taka að sér málefni þetta, og telur það vel farið.

Nefndin telur, að fella verði niður styrk þann til dýralækninga, sem tveim mönnum var veittur á síðasta þingi og enn eru í frumvarpinu. Er vitað, að mjög margir fleiri gætu komið til greina um styrk til þessa, eigi miður verðugir.

Liðinn til eftirlits með verksmiðjum og vélum má lækka um 1000 kr. Var gert ráð fyrir, að sú upphæð færi til ferðakostnaðar eftirlitsmanns, en hann getur borgazt af skoðunargjöldunum. Þær 600 kr., sem eftir eru, eru þóknun til vegamálastjóra fyrir yfirumsjón með verkinu.

Nefndinni barst erindi frá Fiskifélagi Íslands, sem bar það með sér, að samkv. ákvörðunum Fiskiþings vantar tæpar 20 þús. kr. upp á það, að ríkisstyrkurinn hrökkvi til að kosta starfsemina. Nú lítur nefndin svo á að vísu, að Fiskiþing verði að miða áætlanir félagsins við fjárveitingar Alþingis, en verður hinsvegar að játa, að sá réttmætur vöxtur sé í starfseminni, að hún leggur til, að þessi liður sé hækkaður um 10 þús. kr.

Leiðréttur er liðurinn til að annast birtingu útvarpaðra veðurfregna í samræmi við núgildandi lög. Fiskifélagið hefir ekki lengur það starf á hendi.

Nefndin getur ekki fallizt á að hækka skrifstofukostnað skipaskoðunarstjórans um 1800 kr., eins og gert er í frumvarpinu. Er lagt til, að til þessa sé veitt sama upphæð og í núgildandi fjárlögum.

Nefndin verður sömuleiðis að telja ástæðulaust að hækka styrkinn til kvenfélagasambands Íslands um 400 kr., eins og gert er í frumv. Er lagt til, að hann verði hinn sami og í núgildandi fjárlögum.

Enn getur nefndin ekki fallizt á að taka upp nýjan lið til „vinnumiðstöðvar kvenna“ í Reykjavík, eins og gert er í frumv. Nefndin verður að líta svo á, að þessi og aðrar ráðningarskrifstofur verði að bera sig sjálfar.

17. gr.

Nefndin getur ekki fallizt á, að greiddur sé berklastyrkur fram yfir heimildir berklavarnalaganna, þ. e. til sjúklinga utan sjúkrahúsa. Er auðsætt, hversu mikil aukning berklakostnaðarins gæti af þessu leitt. Nefndin leggur því til, að athugasemdin við berklasjúklingaliðinn falli niður. Skal það ennfremur tekið fram, að sú konan, sem þar getur og lengur hefir verið gerð undantekning um, dvelur nú aftur í sjúkrahúsi, svo að undantekning þarf ekki lengur hennar vegna.

Nefndin telur ástæðulaust að styrkja Rauðakrossfélag Íslands lengur, enda standa að því nægar stoðir.

18. gr.

Leiðrétt er upphæð embættismannaeftirlauna, að fengnum upplýsingum.

Nefndin leggur til, samkv. tillögu frá hlutaðeigandi prófasti og biskupi, að veita Bergljótu Björnsdóttur 200 kr. eftirlaun.

Nefndin hefir fengið upplýsingar um, að Guðmundur Kamban nýtur nú góðra launa, og telur því ástæðulaust að veita honum styrk.

22. gr.

Nefndin getur fallizt á, að stjórninni sé heimilað að kaupa sýslumannshúsið í Borgarnesi, en telur hinsvegar ekki rétt, að kaupin séu gerð við hærra verði en fasteignamatsverði.

Fiskifélag Íslands ætlar að reisa hús vegna margháttaðrar starfsemi sinnar og hefir óskað ókeypis lóðar frá ríkinu. Hefir það verið gert áður, og sízt að meiri ástæðu. Vill nefndin leggja til, að það verði gert.

Jón Halldórsson, fyrrv. ríkisféhirðir, sem nú starfar hjá Landsbankanum, hefir sótt um að fá endurgreitt fé það, sem hann hefir greitt í lífeyrissjóð embættismanna, enda á hann ekki lengur rétt til lífeyris þaðan. Vill nefndin verða við þeirri ósk, enda er nýlegt fordæmi um slíkt.

Alþingi, 20. marz 1933.

Ing. Bjarnarson, form. og frsm. fyrri hluta.
Tryggvi Þórhallsson, frsm. síðari hluta.
B. Kristjánsson, fundaskrifari.
Pétur Ottesen.
Þorleifur Jónsson.
Pétur Halldórsson.
Jónas Þorbergsson.

Nd. 214. Breytingartillaga

við frumv. til l. um breyting á lögum nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir 3. gr. frumv. kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi:

Orðin „með tveggja til fjögurra herbergja íbúðum, auk eldhúss og geymslu“ í 6. gr. A. falli burt.

Í þess stað komi: og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum.

Ed. 215. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 177 [Stjórn vitamála og vitabyggingar].

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við brtt. 1.

Orðin „næstkomandi ár“ falli niður.

Ed. **216. Frumvarp**

til laga um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Um stjórn vitamála.

1. gr.

Ráðherra hefir með höndum yfirstjórn allra vitamála í landinu.

2. gr.

Konungur skipar vitamálastjóra, er stjórni framkvæmdum allra vitamála landsins og sé ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að vita- og hafnamálum.

3. gr.

Vitamálastjóri hefir með höndum undirbúning að og yfirstjórn við byggingu nýrra vita og gerð nýrra sjómerkja, umsjón með allri starfrækslu vita ríkisins og sjómerkja, svo og umsjón og eftirlit með vitum og sjómerkjum, sem hafnarstjórnir, sveitarstjórnir eða einstakir menn byggja eða setja upp, sbr. lög nr. 23 11. júlí 1911, lög nr. 43 14. júní 1929 og lög nr. 16 14. júní 1929.

Ennfremur má fela vitamálastjóra undirbúning, framkvæmd og eftirlit með öllum hafnarmannvirkjum, bryggjugerðum og lendingabótum, sem gerðar eru að öllu eða nokkru leyti fyrir fé ríkissjóðs eða með styrk af því.

Nánari ákvæði um starf vitamálastjóra setur ráðherra í erindisbréfi.

4. gr.

Um laun vitamálastjóra fer eftir launalögum. Í fjárlög skal árlega taka upp fjárveitingu til greiðslu á skrifstofukostnaði hans.

5. gr.

Ráðherra skipar vitaverkfræðing til aðstoðar vitamálastjóra. Um laun hans fer eftir launalögum.

6. gr.

Ráðherra skipar vitaverði eftir tillögum vitamálastjóra, með þeim kjörum, sem ákveðin eru í launalögum eða í fjárlögum.

7. gr.

Vitamálastjóri gerir árlega, í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík og forseta Fiskifélags Íslands, tillögur og áætlun um fjárveitingar

úr ríkissjóði til vitamála. Skal það gert svo snemma, að ríkisstjórnin geti haft þær tillögur til hliðsjónar, er frv. til fjárlaga er samið.

II. KAFLI.

Um byggingu vita og sjómerkja.

8. gr.

Verja skal árlega, ef ástæður ríkissjóðs leyfa, álíka upphæð til vitamála og vitagjaldi nemur, meðan stendur á byggingu vita þeirra, er ræðir um í 9. gr., ennfremur ef þurfa þykir til sjómerkja, sbr. 11. gr.

9. gr.

Ráðherra lætur reisa vita þá, sem taldir eru hér á eftir, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum og aðrar ástæður leyfa:

Á Þjófakletti í Borgarfirði		ljósviti
– Borgareyjum		—
– Rauðanesi		—
– Hjörtsey á Mýrum		—
– Búðarhrauni		—
– Stórfiskaskeri við Hagabót		—
– Bjargtöngum	stækkun	ljósvita
– —		radioviti
– Vatneyri við Patreksfjörð		ljósviti
– Álftamýri við Arnarfjörð		—
– Þingeyri við Dýrafjörð		—
– Fjallaskaga við Dýrafjörð		—
– Flateyri við Önundarfjörð		—
– Gelti í Önundarfirði		radioviti
– —		hljóðviti
– Óshólum í Bolungavík		ljósviti
– Æðey		—
– Sléttaeyri í Jökulfjörðum		—
– Aðalvík		—
– Hornbjargi		radioviti
– —		hljóðviti
– Munaðarnesi		ljósviti
– Krossnesi		—
– Kaldrananesi		—
– Kjörseyri við Hrútafjörð		—
– Ánastaðabökkum		—
– Skagaströnd		—
– Kálfshamarsnesi	stækkun	ljósvita
– Skagatá	stækkun	—

Á Reykjadisk á Skagafirði		ljósviti
– Hegranesi		—
– Straumnesi eða Málmey		—
– Sauðanesi við Siglufjörð		—
– — — —		hljóðviti
– Siglunesi		radioviti
– Grímsey		ljósviti
– Húsavíkurhöfða		—
– Snartastöðum		—
– Hjálmarsnesi við Þistilfjörð		—
– Svínalækjartanga		—
– Langanesi	stækkun	ljósvita
– —		radioviti
– —		hljóðviti
– Digranesi		ljósviti
– Kolbeinstanga í Vopnafirði		—
– Glettinganesi		hljóðviti
– Hellisnesi við Norðfjörð		ljósviti
– Grímutanga við Reyðarfjörð		—
– Selnesi		—
– Seley		—
– —		radioviti
– —		hljóðviti
– Hvalsnesi		ljósviti
– Stokknesi		radioviti
– Hestgerði		ljósviti
– Ingólfshöfða	stækkun	ljósvita
– Stórhöfða	—	—
– Faxaskeri		ljósviti
– Loftsstaðahól		—
– Hafnarnesi við Þorlákshöfn		—
– Reykjanesi		radioviti
– —		hljóðviti
– Gróttu		radioviti
– —		hljóðviti

10. gr.

Vitar þeir, sem taldir eru í 9. gr. skulu byggðir í þeirri röð, sem ráðherra ákveður eftir tillögum vitamálastjóra.

Eftir tillögum vitamálastjóra er ráðherra og heimilt að breyta legu vita þessara, ef það þykir hentugt eftir nánari rannsóknir á þeim svæðum, sem vitunum er ætlað að ná til.

11. gr.

Eftir tillögum vitamálastjóra (sbr. 7. gr.) getur ráðherra, eftir því sem vitafé er fyrir hendi, látið setja upp ný sjómerki og leggja út ný dufl, svo

og bæta eldri vita og önnur mannvirki, sem ætluð eru sjófarendum til öryggis.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Nd. 217. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 38, 14. júní 1929 [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

a. Lína frá Stóra-Ási að Húsafelli.
b. Lína frá Þyrli að Stóra-Botni.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, er mikil bílaumferð um Kaldadal á sumrin. Leið þessi er um 67 km. milli byggða, og er Húsafell næsti bær við Kaldadal að norðan og viðkomustaður flestra þeirra, er þessa leið fara. Það er því brýn nauðsyn vegfarendum, að sími verði lagður að Húsafelli. Bili bílar á þessari leið, svo að eigi verði að gert án þess að fá hjálp að, þá getur af því stafað hin mesta hætta, en með því að leggja síma að Húsafelli er mjög dregið úr þeirri hættu.

Um línuna frá Þyrli að Stóra-Botni er það að segja, að í ráði er, að lögð verði í sumar símalína frá Ferstiklu að Þyrli. Er lína sú, sem hér um ræðir, áframhald af þeirri línu í Botnsdalinn. Upp frá Stóra-Botni liggja tveir fjallvegir, annar yfir Botnsheiði í Skorradalinn framanverðan, en hinn um Leggjabrjót á Þingvöll. Er allmikil umferð um báðar þessar leiðir, þó einkum þá síðarnefndu.

Ed. 218. Frumvarp

til laga um endurgreiðslu á útflutningsgjaldi af saltsíld.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

1. gr.

Íslenzkum fiskiskipum, er síldveiði stunda hér við land, skal endurgreiða útflutningsgjald af síld, er nemi 75 aurum á hverri uppsaltaðri síldartunnu, sem útflutt er af veiði þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Engum atvinnuvegi landsmanna hefir verið jafníþyngt með tollum eins og síldveiðum, þar sem útflutningsgjald af síld er nú 1 kr. á tunnu, en ætti að vera 17—25 aurar, samanborið við útflutningsgjald af öðrum útfluttum afurðum. Nú er á uppsiglingu á þessu þingi samningur milli Íslendinga og Norðmanna, sem gerir síldarútvegnum enn örðugra fyrir, verði hann samþykktur. Virðist því full nauðsyn á að styrkja þennan atvinnuveg, sem nauðsynlegur er þjóðarbúinu, áður en hann leggst í rústir, en til þess eru full líkindi eins og nú er stefnt, ef ekkert er aðgert.

Ed. 219. Tillaga

til þingsályktunar um leigu á síldarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að taka á leigu yfir næsta síldveiðatímabil síldarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði, ef samkomulag næst við eigendur hennar um leiguskilmála, og að starfrækja verksmiðjuna í sambandi við síldarbræðslustöð ríkisins.

Greinargerð.

Síðastliðin sumur hefir síldveiðaskipum veitzt örðugt að losna við afla sinn í bræðslu, þau orðið að bíða lengri tíma eftir afgreiðslu og varan oft skemmd, er hægt hefir verið að losa skipin; stundum jafnvel orðið að moka aflanum í sjóinn. Síldarbræðslustöð sú, er hér er farið fram á að taka til leigu, og síldarbræðslustöð ríkisins liggja hlið við hlið; en þar eð dr. Pauls stöðin hefir ekki geymi fyrir síldarolíu, er ógerningur að starfrækja hana út af fyrir sig, nema með ærnum tilkostnaði, og því lítt kleift fyrir einstaklinga, þó þeir vildu slá sér saman um leigu. Aftur á móti væri hægt að starfrækja stöðina með litlum tilkostnaði og rekstur hennar komið að fullum notum, ef ríkið starfrækti hana í sambandi við síldarbræðslustöð ríkisins.

Ed. 220. Breytingartillaga

við frv. til laga um, að niður falli útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

Frá Jakob Möller.

2. gr. frumv. orðist svo:
Um leið eru úr gildi numin lög nr. 11 29. maí 1925.

Nd. 221. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 71, 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Aftan við frv. bætist ný grein:

Ríkisábyrgðin fyrir lánum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að fyrsti veðréttur að viðbættri ríkisábyrgð nemi ekki hærri upphæð en 15 þús. kr. fyrir hverja einstaka íbúð.

Nd. 222. Nefndarálit

um frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og átt tal við fjármálaráðherra um málið. Leggur hann áherzlu á, að 20% af nettóársarði af happdrættinu renni í ríkissjóð. Hefir nefndin til samkomulags aðhyllzt þá tillögu og orðið sammála um að afgreiða málið með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Aftan við e-lið bætist: enda greiði leyfishafi í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

Alþingi, 21. marz 1933.

H. Stefánsson, form.
Ólafur Thors, frsm.
Jón A. Jónsson, fundaskr.
Hannes Jónsson, með fyrirvara.
Bernh. Stefánsson.

Nd. 223. Nefndarálit

um till. til þál. um útborgun á launum embættismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir leitað álits póstmálastjóra og ríkisféhirðis um ofangreinda tillögu til þingsályktunar og telur, að fengnum þeim upplýsingum, að ástæða sé til að greiða fyrir því, að embættis- og starfsmenn ríkisins, þeir, sem búa utan Reykjavíkur, geti hafið laun sín með sem minnstri fyrirhöfn og tilkostnaði. Álítur nefndin, að eftir atvikum fái þessi þörf embættis- og starfsmanna ríkisins

heppilegasta lausn með því, að þeir, sem þess óska, geti fengið launin greidd inn á reikning þeirra í Landsbanka Íslands.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta greiða laun þeirra embættis- og starfsmanna ríkisins, sem utan Reykjavíkur búa og þess óska, inn á reikning þeirra í Landsbanka Íslands.

Alþingi, 21. marz 1933.

H. Stefánsson, form. Ólafur Thors, frsm. Jón A. Jónsson, fundaskr.

Hannes Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Ed. 224. Frumvarp

til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir, Halldór Steinsson.

1. gr.

Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnum að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslu- eða bæjarfélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir síns sýslu- eða bæjarfélags, þar sem þeir eiga heimili, 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis húsavist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla í 6 mánaða tíma næsta vetur eftir að vinnan hefir farið fram.

Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa tekið próf í héraðsskóla í annari sýslu. Sömuleiðis allir þeir, er stundað hafa nám innan 18 ára í gagnfræðaskólum eða menntaskólum.

2. gr.

Nú lízt meiri hluta sýslunefndar eða bæjarstjórnar að starfrækja lýðskóla með slíku fyrirkomulagi fyrir karlmenn, og skal það þá með leynilegri atkvæðagreiðslu borið undir alla kjósendur til sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.

3. gr.

Ef ⅔ hlutar allra kosningarbærra manna í sýslunni eða bænum samþykkja starfrækslu lýðskóla með slíku fyrirkomulagi, þá skal fullkomið skólahús, þegar

fé er veitt til þess í fjárlögum, af þeirri stærð, er áætlað nemendatal í sýslunni eða bæjarfélaginu útheimtir, byggt á kostnað ríkissjóðs á þeim stað, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður og yfirstjórn fræðslumála getur fallizt á.

4. gr.

Hætti sýslu- eða bæjarfélag að starfrækja skóla með þessu fyrirkomulagi áður en 40 ár eru liðin frá þeim tíma, að skólahúsið var fullgert, skal sýslu- eða bæjarfélag endurgreiða til ríkissjóðs byggingarkostnaðinn á 40 árum. Þó skal dragast frá $\frac{1}{40}$ hluti þess fjár fyrir hvert ár, sem skólinn hefir verið starfræktur samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Með reglugerð, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn semur og samþykkir og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal ákveða stjórn, tilhögun vinnunnar og skólans.

Þar má setja ákvæði um undanþágu að því er aldurstakmark nemenda snertir, svo og sektarákvæði gagnvart þeim, sem eru þess valdandi, að nemandi kemur eigi til skólavinnunnar, þegar hann er kallaður. Skulu sektirnar renna í sýslu- eða bæjarsjóð.

Loks má í reglugerð setja ákvæði um það, að þann tíma skólaársins, er vinnan og skólinn stendur eigi yfir, sé hverjum nemanda heimilt að leita sér atvinnu þar, sem hann vill, án þess að leysa lausamennskuleyfi, og sömuleiðis ákvæði um það, að ef einhver nemandi vill eigi nota rétt sinn til skólans, þá standi plássið hverjum þeim opið, er stunda vill nám í skólanum lengur en einn vetur.

Greinargerð

fyrir frv. felst í eftirfarandi athugasemdum eftir Björgvin Vigfússon sýslumann:

„Stutt ágrip af sögu frumvarpsins.

Ofanritað frumvarp hefir verið í meðförum Alþingis síðan 1929. Var það sýslunefnd Rangárvallasýslu, sem þá lét bera frumvarpið fram, því fylgdi greinargerð, sem hefir enn sitt fulla gildi (sjá þingskjal 98 þ. á.), að undanteknum þeim breytingum, er orðið hafa á frumvarpinu í meðförum þingsins, fram að þeim tíma, er menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hafði afgreitt það á síðasta þingi til deildarinnar.

I.

Kostir frumvarpsins eins og það nú birtist hafa verið taldir sem hér segir:

1. Frjálslegt að því leyti, að hér er um **heimildarlög** að ræða fyrir sýslu- og bæjarfélög, sem undanþiggja þá unglinga á vissum aldri, sem kysu fremur að stunda nám í skólum með öðru fyrirkomulagi, sjá 1. gr. 2. mgr. frumvarpsins, og lögleiða ekki beina skólaskyldu.

2. Lögin knýja hverja kynslóð, er undir þau gengur, til þess að leysa göfugt og sjálfstætt verk af hendi, að auka menningu sína fyrir sjálfs sín atorku.
Um það, hve útlend lög koma til greina.

Fjórtándi kapituli.

79. gr.

Hvort erlendur maður sé umkominn þess að gangast undir víxilskyldur, skal meta eftir lögum þess lands, er hann er ríkisfastur í. Mæli þau lög svo fyrir, að lögum annars lands skuli beitt, skal eftir hinum síðastnefndu lögum farið.

Erlendur maður, sem eigi væri þess umkominn að gangast undir víxilskyldur samkvæmt ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, er þó samt sem áður skuldbundinn hér í landi, ef hann hefir gengizt undir skylduna í einhverju því landi, þar sem hann að lögum þess lands hefði verið þess umkominn að skuldbinda sig.

80. gr.

Um form víxilskuldbindingar skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir skylduna var gengið.

Nú er víxilskuldbinding ógild samkvæmt fyrstu málsgr. þessarar greinar, en gild að lögum þess lands, þar sem síðar er gengizt undir skuldbindingu, og leiðir þá ógildi hinnar fyrri skuldbindingar eigi til þess, að hin síðari einnig skuli metin ógild.

Víxilskuldbinding, sem íslenzkur ríkisborgari gengst undir erlendis og fullnægir skilyrðum íslenzkra laga um form, skal talin gild hér á landi gagnvart öðrum íslenzkum ríkisborgara, þótt skuldbindingin ella myndi talin ógild samkvæmt ákvæðum fyrstu málsgr. þessarar greinar.

81. gr.

Um áhrif þess, að víxill á hendur öðrum manni er samþykktur eða eiginvíxill gefinn út, skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem víxillinn á að greiðast.

Um áhrif annara víxilskuldbindinga skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir þær var gengizt, enda sé eigi öðruvísi fyrir mælt.

82. gr.

Um fresti til að leita fullnustu skal fara eftir lögum þess lands, þar sem víxillinn var gefinn út, hver víxilskuldara sem hlut á að máli.

83. gr.

Nú er svo litið á að lögum þess lands, þar sem víxillinn var gefinn út, að víxilhafi sé einnig eigandi kröfu þeirrar, er varð tilefni þess, að víxillinn var út gefinn, og skal þá farið eftir þeim lögum um það efni.

84. gr.

Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem víxillinn á að greiðast, um það, hvort takmarka megi samþykki við nokkurn hluta víxilfjárhæðar og hvort víxilhafi geti neitað að taka við greiðslu á nokkrum hluta víxilfjárhæðarinnar aðeins.

85. gr.

Um form afsagnargerðar og annara gerða, er nauðsynlegar eru til þess, að víxilrétti verði beitt eða hann varðveittur, og um frest til slíkra gerða, skal farið eftir lögum þess lands, þar sem gerðin fer fram.

86. gr.

Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem víxill á að greiðast, um það, hversu farið skuli að, ef víxill glatast eða er stolið.

87. gr.

Eigi að beita erlendum lögum í dómsmáli, samkvæmt þeim fyrirmælum, sem um það eru sett, og séu dómnum eigi hin erlendu lög kunn, getur hann lagt fyrir hlutaðeigandi aðila að afla þeirra upplýsinga, er með þarf, um það efni.

FJÓRÐI ÞÁTTUR

Lokaákvæði.

Fimmtándi kapituli.

88. gr.

Afsögn samkvæmt lögum þessum gerir notarius publicus eða embættismaður sá, sem að lögum gegnir notarialstörfum. Náist eigi til þessa embættismanns í tækan tíma, má láta hreppstjóra eða einn stefnuvott gera afsögnina.

89. gr.

Afsagnar má beiða munnlega, þann sem á að gera hana, ef víxillinn er fenginn honum.

90. gr.

Sé afsagnar á sama víxli krafizt hjá fleirum á sama stað, þarf eigi meira en eina afsagnargerð.

91. gr.

Afsagnargerðir skulu, sé eigi um annað samið, fara fram á tímabilinu frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, í starfhýsi hlutaðeigandi manns, eða á heimili hans, eigi hann ekkert starfhýsi á afsagnarstaðnum. Sé sá eigi viðstaddur, er þola skal afsagnargerð, má gera hana í eða hjá starfhýsi hans eða heimili. Sé eigi starfhýsi hans eða heimili kunn, og geti sá, er afsögn gerir, eigi fengið vitneskju um þau hjá lögreglustjórn þess staðar, skal geta þess í afsagnargerðinni.

Því, sem hér var fyrir mælt um stað og stund afsagnargerðar, skal einnig beita, eftir því sem við á, um sýningu víxils til samþykkis eða til greiðslu.

92. gr.

Nú á afsögn vegna greiðslufalls fram að fara, og býðst sá, sem afsögn á að gera hjá, til að greiða víxilinn að nokkru eða öllu, og skal þá sá, sem afsögn gerir, veita fénu móttöku, enda sé enginn annar maður viðstaddur, er veitt geti því móttöku fyrir gerðarbeiðanda hönd. Rita skal kvittun fyrir greiðslunni á víxilinn, og sé víxilfjárhæðin greidd að fullu, ásamt vöxtum þeim, er áskildir kunna að hafa verið, sbr. 5. gr., skal afhenda víxilinn þeim, er greiðir hann, ef gerðarbeiðandi hefir eigi látið öðruvísi um mælt við þann, er afsögn gerir.

93. gr.

Í afsagnargerð skal rita: eftirrit af víxlinum eða eftirriti hans og öllu því, er á honum stendur, tilmæli eða kröfu gerðarbeiðanda og svar þess, er afsögn er gerð hjá; hafi hann engu svarað eða eigi fundizt, skal þess getið; svo skal og greina stað og stund afsagnargerðarinnar, og skal sá, er afsögn gerir, rita nafn sitt undir.

Á víxilinn eða eftirrit hans skal rita vottorð um afsagnargerðina.

94. gr.

Færa skal afsagnargerð orðrétta inn í notarialbók lögsagnarumdæmisins. Hafi hreppstjóri eða stefnuvottur gert afsögn, skal hann senda staðfest eftirrit af afsagnargerðinni til notarius innan þriggja daga frá afsagnardegi.

Eftirrit af afsagnargerð má eigi veita öðrum en gerðarbeiðanda.

95. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi víxillög fyrir Ísland, nr. 1 13. jan. 1882, og 10. gr. laga um víxilmál og víxilafsagnir, nr. 2 13. jan. 1882. Þó skal ákvæðum víxillaganna frá 13. jan. 1882, öðrum en ákvæðum þeirra um afsagnargerðir, beitt um víxla, er út voru gefnir áður en lög þessi öðlast gildi.

Greinargerð.

Fram til þessa hafa lagaákvæðin um víxla verið mjög ólík í ýmsum löndum. Hefir þetta reynzt óhentugt á ýmsa lund, því víxlaviðskipti eiga sér oft stað milli manna, þar sem sinn er í hvoru landi. Það er því langt síðan mönnum varð það ljóst, að æskilegt væri, að samvinna kæmist á milli þjóðanna um það að samrýma víxillög sín sem mest. Fyrsti alþjóðafundurinn, sem um þetta mál var haldinn, var háður í Brimum árið 1876, og voru síðan öðruhverju fundir háðir um þetta efni, án þess þó að verulegur árangur yrði af þeim, þar til alþjóðasamþykkt var loks gerð á fundi í Haag árið 1912 og undirrituð af hálfu 27 ríkja, er skuldbundu sig til þess að lögtaka hvert fyrir sig svipuð víxillög. Úr framkvæmd samþykktar þessarar varð þó ekki neitt. Ófriðurinn mikli tók fyrir alla alþjóðasamvinnu um þetta efni, en eftir að ófriðnum lauk hefir málið verið tekið upp af nýju, og hefir þjóðabandalagið einkum haft forgöngu í því síðan. Eftir að nefndir höfðu um málið fjallað og fundir verið um það haldnir varð loks sú niðurstaða, að samþykkt var undirrituð í Geneve 7. júní 1930, af hálfu 22 ríkja, er skuldbundu sig til að lögtaka svipuð víxillög. Fylgdi samþykktinni frumvarp að víxillögum, sem samningsaðiljum ber að fara eftir við lögtöku hver hjá sér, en þó svo, að heimilt var að víkja frá því um nokkur tiltekin atriði. Síðan hafa nokkur fleiri ríki bætzt við sem samningsaðilar, og þó að litlar líkur séu taldar á því, að enskumælandi löndin fallist á samþykktina að svo komnu máli, þá er það þó víst, að með þessu er stigið mjög stórt skref að því marki að skapa alþjóðavíxilrétt.

Ísland tók eigi þátt í fundinum í Geneve 1930 og samþykktin hefir eigi verið undirrituð af þess hálfu. Norðurlandaríkin voru hinsvegar aðilar að samþykktinni, og hafa þau nú breytt víxillögum sínum samkvæmt henni. Eins og kunnugt er, höfðu þau áður nær því samhljóða víxillög, og hin nýju víxillög þeirra eru einnig nær því samhljóða og samin af nefnd, er öll ríkin skipuðu. Íslenzku víxillögin frá 13. jan. 1882 eru sniðin eftir víxillögunum norrænu, og því þótti rétt, er íslenzk víxillög nú verða færð í samræmi við alþjóðavíxillögin, að fylgja að öllu verulegu hinum nýju norrænu lögum. En þess ber að geta, að alþjóðalögin

hafa í för með sér tiltölulega litlar breytingar á gildandi víxillögum á Norðurlöndum og hér á landi, vegna þess að þau lög voru á sínum tíma sniðin eftir þýzkum víxillögum, er lögð voru til grundvallar frumvarpinu, er Geneve-samþykktinni fylgir.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

FYRSTI ÞÁTTUR.

Um víxla á hendur öðrum manni.

Fyrsti kapítuli.

Um útgáfu víxils og form.

Um 1. gr.

Svarar til 1. gr. víxill. 1882. Hér er það þó tekið fram berum orðum, í 2. tölulið, að í víxlinum eigi að standa skilyrðislaus tilmæli um greiðslu. Þessa er eigi sérstaklega getið í víxill., en ekki felst þó nein efnisbreyting í þessum viðauka. Þá er heldur eigi áskilið í víxill., að gjalddagi skuli tilgreindur (sbr. 4. tölulið). Um þetta vísast til 2. mgr. 2. gr. frv., sbr. 33. gr. og til 3. gr. víxill.

Um 2. gr.

1. mgr. svarar til 5. gr. víxill.

2. mgr. svarar, eins og áður var sagt, til niðurlags 3. gr. víxill.

3. mgr. svarar til 2. mgr. 4. gr. víxill.

4. mgr. er nýmæli, er svarar, að því er útgáfustaðinn snertir, til ákvæðis 3. mgr. um greiðslustað.

Um 3. gr.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 2. gr. víxill.

2. mgr. svarar til 2. mgr. 2. gr. víxill., með þeirri breytingu, að víxlar þessir teljast ekki eiginvíxlar eftir frv. eins og eftir víxill. Er þetta byggt á því, að rétt þótti bæði að gefa útgefanda rétt á að ákveða sjálfur, hver víxilskylda sín yrði, og að láta form víxilsins skipta mestu máli um það, eftir hvaða reglum færi um hann.

3. mgr. er nýmæli, sem eigi er nauðsynlegt að vorum lögum, þar sem aldrei hefir verið efazt um, að hægt væri að setja slíkt ákvæði í víxla, en ákvæðið hinsvegar enga þýðingu hefir um víxilréttinn.

Um 4. gr.

Ákvæði greinar þessarar um vistun víxla eru að nokkru frábrugðin ákvæðum 1. mgr. 4. gr. víxill. um það efni. Samkv. þeim var víxill því aðeins vistaður, að hann hljóðaði um borgun á öðrum stað (þ. e. í öðrum kaupstað eða þinghá) en greiðandi átti heimili í. Víxill á hendur manni búsettum í Reykjavík, er greiðast átti í Landsbankanum þar, taldist því ekki vistaður víxill. Í frv. er þessu

breytt þannig, að allir víxlar, sem greiðast eiga hjá þriðja manni, teljast vistaðir víxlar, eins þótt þeir eigi að greiðast hjá þriðja manni á þeim stað, þar sem greiðandi býr. Þess skal getið, að orðið staður, sem í frv. þessu er notað fyrir orðið locality í hinum enska texta Geneve-frumvarpsins (localité í franska textanum), merkir í frv. sama sem kaupstað eða þinghá, þar sem eigi verður af samhenginu ráðið, að það merki annað.

Um 5. gr.

Samkv. 7. gr. víxill. eru öll ákvæði í víxlunum um vexti metin sem óskráð. Hér er frá þessu vikið og heimilað að áskilja vexti í víxli, ef víxillinn annaðhvort á að greiðast við sýningu eða tilteknum tíma eftir sýningu. Í báðum þessum tilfellum er óvíst, hve langur tími muni líða frá útgáfu víxils og þar til greiðslu er krafizt. Um aðra víxla má vita þetta fyrirfram, og er þá hægt að leggja vextina við höfuðstólinn og eigi þörf á að hafa sérstakt ákvæði um þá í víxlinum.

Um 6. gr.

Hér er að því leyti vikið frá ákvæðum 6. gr. víxill., að samkv. þeim gildir ávallt lægsta upphæðin, án tillits til þess, hvort hún er skrifuð með bókstöfum eða tölustöfum. Hér er sú upphæð, sem skráð er með bókstöfum, látin gilda, eða hin lægsta þeirra, sé um fleiri upphæðir skrifaðar með bókstöfum að ræða. Þessi breyting var byggð á því, að talið var líklegra, að aðilar gæfu þeirri upphæðinni meiri gaum, er tilgreind er í bókstöfum, en hinni, sem í tölustöfum er skráð, og að síður væri hætta á, að hún brjálaðist. Þó vafasamt sé um gildi þeirra röksemda, þótti þó rétt að fylgja Geneve-frumv. að þessu leyti.

Um 7. gr.

Gr. er að efni til í samræmi við 88. gr. víxill.

Um 8. gr.

Í víxill. eru engin ákvæði um það efni, er hér ræðir um. Er hér ákveðið, að sá maður, sem ritar á víxil í nafni annars manns, en hefir eigi umboð til þess eða fer út fyrir umboð sitt, verði sjálfur víxilskuldari, enda öðlist hann, er hann greiðir víxilinn, sama rétt og sá maður hefði öðlazt, er hann skrifaði fyrir.

Um 9. gr.

1. mgr. er samhljóða 8. gr. víxill.

Í 2. mgr. felst sú nýung, að útgefandi megi undanskilja sig ábyrgð á samþykki víxilsins, en það er honum talið óheimilt samkv. víxill. Í sambandi við þetta er ákvæði 22. gr. frv., um að útgefandi geti lagt bann við sýningu víxilsins til samþykkis. Sumstaðar erlendis hafa slíkir víxlar tíðkazt, og því var þetta ákvæði tekið í Geneve-frv.

Um 10. gr.

Um það efni, er hér ræðir um, eru engin ákvæði í víxill. En eftir grundvallarreglum núg. laga mundi verða farið með óútfyllta víxla eins og í þessari gr. frv. segir, og er hér því eigi um neina breytingu að ræða.

Annar kapituli.

Um framsal víxla.

Um 11. gr.

1. og 2. mgr. eru í samræmi við 9. gr. víxill.
3. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 10. gr. víxill.

Um 12. gr.

Samskonar ákvæði er ekki í víxill., og er hér þó eigi um neina verulega nýjung að ræða. Ákvæði 1. mgr. um, að framsal skuli vera skilyrðislaust, felst væntanlega óbeinlínis í ákvæðum 3. kap. víxill., eins og líka skilyrði í framsali ekkert gildi munu hafa að núgildandi lögum. Ákvæði 2. mgr. felst í 14. gr. víxill., og 3. mgr. er í samræmi við þá reglu ísl. réttar, að viðskiptabréf megi framselja handhafa. Ákvæði þessarar gr. útiloka að sjálfsögðu eigi þá fyrirvara af hálfu framseljanda, sem leyfðir eru annarsstaðar í frv., sbr. 15, 22. og 23. gr.

Um 13. gr.

1. mgr. svarar til 11. gr. víxill.
2. mgr. svarar til 12. gr. víxill.

Um 14. gr.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 10. gr. víxill.
2. mgr. 1. svarar til 13. gr. víxill. Framsöl þau, er ræðir um í 2. og 3., eru og talin heimil nú, þó þeirra sé eigi sérstaklega getið í víxill.

Um 15. gr.

1. mgr. svarar til 14. gr. víxill.
2. mgr. svarar til 15. gr. víxill.

Um 16. gr.

1. mgr. er sama efnis og 39. gr. víxill.
2. mgr. svarar til 76. gr. víxill.

Um 17. gr.

Í víxill. er ekki sérstakt ákvæði um þetta, en gr. er í samræmi við meginreglur ísl. réttar um mótmælatap skuldara gegn framsalshafa viðskiptabréfs, sbr. tsk. 9. febr. 1798. Þó eru hér gerðar nokkuð aðrar kröfur um grandleysi framsalshafa en venjulega eru gerðar, en gr. er að þessu leyti að nokkru í samræmi við 2. mgr. 16. gr. frv. og 76. gr. víxill.

Um 18. gr.

1. mgr. er í samræmi við 16. gr. víxill.
2. mgr. er nýmæli, sem leiðir af eðli framsals þess, er hér er um að ræða. Í víxill. eru engin ákvæði, er svari til 3. mgr., en hún er í samræmi við alm.

réttarreglur, að öðru en því, að umboðið er hér eigi látið falla niður, þótt umbjóðandi sé sviptur fjárræði.

Um 19. gr.

Gr. þessi er nýjung í ísl. víxilrétti, en var tekin upp í Geneve-frv. úr frönskum víxill. Að vísu hafa svonefndir tryggingarvíxlar verið notaðir nokkuð hér á landi að undanförnu, og að nokkru leyti mundu ákvæði gr. þessarar geta átt við þá. Hér er því um framsal með takmörkun að ræða, eins og í 18. gr., og ákvæði gr. hliðstæð ákvæðum 1. og 2. mgr. 18. gr.

Um 20. gr.

Í víxill. eru engin sérstök ákvæði um framsal víxils eftir gjalddaga eða áhrif þess. Fyrri liður 1. mgr. má þó teljast vera í samræmi við núgildandi rétt. Aftur er í 2. lið sömu mgr. vikið frá því, sem hæstiréttur Dana taldi lög þar í landi, — hér á landi hefir enginn dómur um það efni gengið, svo vitanlegt sé, — en ákvæðið er í samræmi við það, sem talið var vera lög hjá Svíum, og felst í því það, að slíkt framsal hefir aðeins gildi sem alm. framsal á kröfu.

Þriðji kapituli.

Um samþykki víxla.

Um 21. gr.

Gr. svarar í aðalatriðunum til 17. gr. víxill.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru nýmæli í ísl. víxilrétti. Útgefanda, og að nokkru leyti framseljendum, er hér veitt heimild til þess bæði að fyrirskipa sýningu víxils til samþykkis og setja frest til hennar, svo og að banna hana, annaðhvort algerlega eða fyrir tiltekinn tíma.

Um 23. gr.

1. mgr. svarar til 19. gr. víxill., með þeirri breytingu, að sýningarfresturinn er hér ávallt eitt ár.

2. og 3. mgr. leiðir af hinum nýju ákvæðum í 22. gr.

Um 24. gr.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 21. gr. víxill. Þar er greiðanda jafnan áskilinn sólarhrings umhugsunarfrestur, en samkv. þessari gr. frv. getur hann krafizt þess, að víxillinn sé sýndur sér að nýju næsta dag. Víxileiganda til hægðarauka er þó mælt svo fyrir, að þessarar kröfu greiðanda skuli getið í afsagnargerð. Ella þarf víxilhafi eigi að hlíta því, að sú vörn sé höfð frammi.

2. mgr. mun vera í samræmi við það, sem nú er talið gilda um það efni, þótt ber ákvæði séu eigi um það í víxill.

Um 25. gr.

1. mgr. svarar til 2. mgr. 21. gr. víxill.

2. mgr. svarar að mestu til loka 1. mgr. 19. gr. víxill.

Um 26. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. lið 22. gr. víxill.

2. mgr. svarar til 2. liðs 22. gr. víxill. Þó er sú breyting gerð hér, að samþykkjandi sé skuldbundinn samkv. hljóðan samþykkis síns, en samkv. víxill. voru fyrirvarar þessir metnir sem óskráðir væru. Er ákvæði frv. um þetta bæði eðlilegri regla, og auk þess leiða ákvæði víxill. til þess, að víxilhafi, er svo er ástatt sem hér ræðir um, getur ekki leitað fullnustu fyrir samþykkisskort, enda þótt ljóst sé, að samþykkjandi ætli sér ekki að greiða víxilinn á réttum tíma.

Um 27. gr.

1. mgr. svarar til 24. gr. víxill., en regla þessi verður þó nokkru víðtækari í frv. en í víxill., og leiðir það af breytingu þeirri, er gerð er með 4. gr. frv. í reglunum um það, hvaða víxlar skuli taldir vera vistaðir.

2. mgr. er nýmæli. Leiðir af henni það, að samþykki með slíkri viðbót er gilt samþykki, en ella hefði það samkv. 26. gr. verið talið ófullnægjandi, og þá talið heimila víxilhafa að krefjast fullnustu fyrir greiðslufall.

Um 28. gr.

1. mgr. svarar til 23. gr. víxill. Hér er þó eigi tekið fram, eins og í víxill., að samþykkjandi hafi ekki víxilrétt gegn útgefanda, enda óþarft að geta þess sérstaklega.

2. mgr. svarar til 36. gr. víxill., með þeirri breytingu, að samkv. frv. má jafnan krefja samþykkjanda um þóknun (provision).

Um 29. gr.

Hér er vikið algerlega frá ákvæði 3. mgr. 21. gr. víxill., en samkv. því hefir samþykki fullt gildi, þótt það síðar sé strikað út, afturkallað eða breytt. Er þessi regla víxill. algerð undantekning frá alm. reglum um gildi löggerninga. Var hún tekin í víxill. til þess að tryggja sem bezt gildi víxla sem viðskiptabréfa. Skoðanir eru þó skiptar um það, hvort þessi regla sé nauðsynleg og heppileg, og í Geneve-frv. var hinni gagnstæðu reglu fylgt, að leyfa afturköllun samþykkisins að öllum jafnaði.

Fjórði kapituli.

Um ábyrgð á víxilkröfu (aval.).

Um 30.—32. gr.

Í 87. gr. víxill. er mælt svo fyrir, að þeir, sem ritað hafa á víxil, að þeir gerist borgunarmenn (aval.), og sá, sem gengið er í borgun fyrir, beri, allir fyrir einn og einn fyrir alla, ábyrgð á víxilskyldunni. Önnur ákvæði eru eigi í víxill. um

slíka ábyrgð á víxilkröfu, enda mun hún mjög fátíð hér á landi, því ábyrgð á lánsvíxlum er hér að jafnaði í framsalsformi. Í gr. þessum eru ýtarlegri ákvæði um ábyrgð og þurfa þau ekki skýringar við, en þess er að vænta, að þau verði til þess, að ábyrgð á lánsvíxlum komist sem mest í það horf að verða eiginleg ábyrgð, en eigi ímynduð framsalsábyrgð.

Fimmti kapituli.

Um gjalddaga víxils.

Um 33. gr.

Gr. er að efni til í samræmi við 3. gr. víxill.

Um 34. gr.

Gr. svarar til 32. gr. víxill. með þeirri breytingu, að sýningarfresturinn er alltaf eitt ár, sé eigi öðruvísi ákveðið, sbr. 23. gr. Í gr. er veitt heimild til að stytta frestinn eða lengja, og þá einnig að ákveða, að hann skuli telja frá síðari tíma en útgáfudegi, og eru þau ákvæði hliðstæð ákvæðum 22. gr. um sýningarfrest til samþykkis.

Um 35. gr.

Svarar í öllu verulegu til 19. gr. víxill., og eru ákvæði þessi hliðstæð ákvæðum 23. og 2. mgr. 25. gr. frv.

Um 36. gr.

1. mgr. svarar til 90. gr. víxill.

2. mgr. svarar til niðurl. 2. mgr. 33. gr. víxill.

3. mgr. svarar til 1. mgr. 33. gr. víxill.

4. mgr. er nýmæli, sem þó mun vera í samræmi við það, sem ætla má að gildi nú.

5. mgr. svarar til upphafs 2. liðs, 2. mgr. 33. gr. víxill.

Um 37. gr.

Samkv. 34. gr. víxill. miðast gjalddagi víxils og aðrar tímaákvarðanir við tímatalið á útgáfustaðnum, en í frv. er frá þessu vikið og farið eftir tímatali greiðslustaðarins aðallega.

Sjötti kapituli.

Um greiðslu víxla.

Um 38. gr.

1. mgr. svarar til 41. gr. víxill.

2. mgr. er nýmæli.

Um 39. gr.

1. mgr. svarar til 1. liðs 38. gr. víxill.
2. mgr. svarar til 37. gr. víxill.
3. mgr. svarar til 2. liðs 38. gr. víxill.

Um 40. gr.

Í víxill. er ekkert ákvæði, er svari til 1. mgr., en líklega hefði það þó eigi verið talinn viðtökudráttur frá víxilhafa hendi, að hann tók eigi við greiðslu, er boðin var fram fyrir gjalddaga, og er þá eigi um neina nýja reglu að ræða með þessu ákvæði.

2. mgr. svarar til 40. gr. víxill.

3. mgr. svarar til 39. gr. víxill. Þegar hér er talað um greiðslu víxils á gjalddaga er átt við greiðslu hans fram til þess að afsögn vegna greiðslufalls hefir farið fram.

Um 41. gr.

Í víxill. eru ákvæði um greiðslu víxla, er hljóða um borgun í erlendri mynt, í 35., 2. lið 36. gr. og 51. gr., og kemur þessi gr. frv. í þeirra stað. Reglurnar eru nokkru ýtarlegri hér, og er tilgangur þeirra að koma í veg fyrir, að annar aðili geti grætt á gengisbreytingum á kostnað hins.

Ákvæði 4. mgr. er nýjung, sem m. a. hefir mikla þýðingu um víxilviðskipti milli Íslands og Norðurlanda.

Um 42. gr.

Samsvarandi ákvæði er ekki í víxill., en gr. er í samræmi við alm. reglur kröfuréttarins. Samkv. l. nr. 10, 15. apríl 1928, 51. gr., er Landsbankinn og útibú hans löggiltur geymslustaður fyrir slíkt geymslufé.

Sjöundi kapituli.

Um fullnustu vegna samþykkisskorts eða greiðslufalls.

Um 43. gr.

Gr. kemur í staðinn fyrir ákvæði 25., 30. og 41. gr. víxill. um fullnustu fyrir samþykkisskort og fyrir greiðslufall. Ákvæði frv. eru að því leyti einfaldari en ákvæði víxill., að heimildinni til að krefjast tryggingar, er neitað er um samþykki eða það reynist ótryggt, er felld niður. Auk þess er gerð sú breyting með frv., að heimilt er jafnan að leita fullnustu, er fjárþrot greiðanda eru sönnuð, þótt hann hafi eigi samþykkt víxilinn, og í 3. mgr. er gefin sú nýja regla, að leita megi fullnustu, er útgefandi verður gjaldþrota eða leitar nauðasamninga, þegar um víxla er að ræða, sem bannað er að sýna til samþykkis.

Um 44. gr.

1. mgr. svarar til 81. gr. víxill.

Að öðru leyti kemur gr. í stað ákvæðanna í 25. gr. víxill., sbr. 19., 32. og 41.

gr., þó með allverulegum breytingum. Þannig er samkv. frv. aldrei rétt að afsegja víxil vegna greiðslufalls á gjalddaga. Samkv. víxill. er það heimilt, en að vísu mun það sjaldan hafa komið fyrir, og bankarnir munu ávallt hafa látið afsegja víxla eftir gjalddaga. Önnur þýðingarmikil breyting er í 4. mgr. Samkv. henni þarf eigí að sýna víxil, sem afsagður hefir verið vegna samþykkisskorts, til greiðslu eða afsegja hann vegna greiðslufalls, en samkv. víxill. er þetta nauðsynlegt með þeirri takmörkun, er felst í niðurl. 41. gr.

Um 45. gr.

Gr. svarar til 45.—47. gr. víxill., sbr. 20. gr., með lítilsháttar breytingum. Þannig á víxilhafi ávallt að senda útgefanda tilkynningu, tilkynningarfrestur víxilhafa er lengdur um 2 daga, framseljandi, er tilkynningu sendir, á að tilgreina nöfn og heimili þeirra, er áður hafa sent tilkynningu, og skaðabótaupphæðin er takmörkuð við víxilfjárhæðina.

Um 46. gr.

Svarar til 42. gr. víxill., með þeim breytingum, að víxilhafi, er látið hefir afsegja víxil þrátt fyrir fyrirvara útgefanda, verður sjálfur að bera afsagnarkostnaðinn, að ábyrgðarmaður getur sett þennan fyrirvara á víxilinn og að fyrirvarinn verður að vera ritaður á víxilinn sjálfan. Afsal á afsögn í sérstöku skjali hefir því framvegis aðeins gildi fyrir þann, sem undir það hefir ritað, en eigi fyrir aðra víxilskuldara.

Um 47. gr.

Er í samræmi við ákvæði 25., 30., 49. og 87. gr. víxill. um ábyrgð víxilskuldara.

Um 48. gr.

1. mgr. svarar til 50. gr. víxill.

2. mgr. svarar til niðurl. 1. mgr. 29. gr. víxill., þó þannig, að samkv. frv. má draga frá venjulega bankaforvexti, en 5% ársvexti samkv. víxill.

Um 49. gr.

Gr. svarar til 52. gr. víxill.

Um 50. gr.

Samskonar ákvæði að öllu verulegu eru í 48., 54. og 55. gr.

Um 51. gr.

Engin ákvæði eru í víxill., er svari til þessarar gr. Hér er að ræða um fullnustu fyrir skort á samþykki, að því er tekur til nokkurs hluta víxilfjárhæðarinnar aðeins, og er mælt svo fyrir í gr., að þeirrar fullnustu verði leitað samkv. eftirriti af víxlinum.

Um 52. gr.

Svarar til 53. gr. víxill., en þó eru ákvæði þessi nokkru fyllri hér.

Um 53. gr.

Gr. svarar að mestu til ákvæða 32., 41. og 44. gr. víxill. um missi réttar til að leita fullnustu. Þó er sá munur á frv. og víxill., að samkv. frv. er afsögn aldrei nauðsynleg til að halda víxilrétti gegn samþykkjanda, sbr. aftur á móti 43. gr. víxill. Það er og nýmæli í frv., að víxilréttur glatist, sé víxillinn eigi sýndur til samþykkis innan frests þess, sem áskilinn er í víxlinum.

Um 54. gr.

Gr. kemur í stað 92. gr. víxill. Þegar slík óviðráðanleg atvik, sem hér er um að ræða, ber að höndum, getur aðallega verið um tvennt að velja, að leyfa víxilhafa að leita fullnustu hjá víxilskuldurunum strax, þótt hann hafi eigi getað komið víxilréttargerð þeirri fram, er ella hefði verið nauðsynleg, eða láta hann verða að bíða með að leita fullnustu þar til tálmunin væri horfin og hann gæti framkvæmt gerðina. Síðari leiðin er valin í 92. gr. víxill., en í frv. er farinn meðalvegur, fullnusturéttinum að vísu frestað, en aðeins um tiltekinn tíma. Var ákvæði þetta tekið í Geneve-frv. úr Haag-frv. 1912, og þótti það hafa gefizt vel á ófriðarárunum í löndum þeim, er sniðið höfðu víxillög sín eftir Haag-frv.

Áttundi kapituli.

Um meðalgöngu.

1. Almenn ákvæði.

Um 55. gr.

1. mgr. eru nánari ákvæði en í 56. gr. víxill. um það, hverjir nauðleit geti ritað á víxil.

2. og 3. mgr. eru í samræmi við 57. og 58. gr. víxill.

4. mgr. svarar til síðari hluta 59. gr. víxill. Skaðabótaupphæðin er takmörkuð hér með sama hætti og í 45. gr.

2. Samþykki fyrir meðalgöngu.

Um 56. gr.

1. mgr. svarar að nokkru leyti til upphafs 56. gr. víxill. Ákvæðið í niðurl. mgr., sem leiðir af 22. gr. frv., er þó eigi í víxill.

2. mgr. svarar til ákvæðanna í 56. gr. víxill.

3. mgr. kemur í stað 57. gr. víxill., þó er víxilhafa samkv. frv. eigi skylt að taka samþykki greiðanda, sem boðið er í heiðursskyni.

Um 57. gr.

Gr. svarar til 58. gr. víxill., en samkv. frv. verður meðalgöngusamþykki þó eigi ritað á eftirrit víxils.

Um 58. gr.

1. mgr. svarar til 60. gr. víxill.
2. mgr. svarar til 2. liðs 61. gr. víxill.

3. Greiðsla meðalgöngumanna.

Um 59. gr.

Tilsvarandi ákvæði eru eigi í víxill., en í gr. felst þó varla annað en það, sem leiðir af reglum víxill. um meðalgöngu. Þó er sú breyting gerð með frv., að frestur til borgunar er lengdur um einn dag.

Um 60. og 61. gr.

Svara að öllu verulegu til 62. gr. víxill.

Um 62. gr.

Svarar til fyrra liðs 63. gr. víxill.

Um 63. gr.

Svarar til 63. og 64. gr. víxill., þó er ekki í víxill. neitt ákvæði, er banni meðalgöngumanni að framselja víxil, er hann hefir greitt.

Níundi kapituli.

Um samrit og eftirrit víxla.

Um 64. gr.

1. og 2. mgr. svara til 66. gr. víxill.
3. mgr. svarar til 67. gr. víxill.

Um 65. gr.

Svarar til 68. gr. víxill.

Um 66. gr.

1. mgr. svarar til 69. gr. víxill.
2. mgr. svarar til 70. gr. víxill.

2. Eftirrit.

Um 67. gr.

Svarar til 71. gr. víxill., sbr. 11. gr.

Um 68. gr.

1. mgr. svarar til niðurl. 71. gr. víxill. og að nokkru leyti til 72. gr.
2. mgr. svarar til niðurl. 72. gr.

3. mgr. er nýmæli. Með því að nota fyrirvara þann, er þar greinir, má koma í veg fyrir, að frumvixillinn og eftirritið séu framseld hvort í sínu lagi.

Tíundi kapítuli.

Um breytingar á víxli.

Um 69. gr.

Samskonar ákvæði er ekki í víxill., en að efni til má þó ætla, að gr. sé í samræmi við núgildandi rétt.

Ellefti kapítuli.

Um fyrningu víxla.

Um 70. gr.

1. mgr. svarar til 77. gr. víxill.

Um fyrningu á öðrum víxilkröfum greina 78. og 79. gr. víxill. á milli þess, hvort greiða á hér á landi eða erlendis (78. gr.), eða framseljandi, er leyst hefir víxilinn til sín, býr hér á landi eða erlendis (79. gr.), og er fyrningarfresturinn ýmist 6 mán. eða eitt ár. Í frv. er aftur á móti greint á milli þess, hvort um víxilkröfu víxilhafa eða framseljanda, sem leyst hefir til sín víxilinn, sé að ræða. Í fyrra tilfellinu er fyrningarfresturinn eitt ár, í hinu síðara 6 mán.

Um 71. gr.

Hér er kveðið á um slit fyrningar, og koma ákvæði þessi í stað 80. gr. víxill. Ákvæðin eru nokkuð fyllri hér og ákvæðin í 2. og 3. mgr., um slit fyrningar erlendis, eru nýmæli.

Tólfti kapítuli.

Almenn ákvæði.

Um 72. gr.

Gr. kemur í stað ákvæðanna í 91., 31. og 1. l. 2. mgr. 33. gr. og er að öllu verulegu í samræmi við þau.

Um 73. gr.

1. mgr. svarar til 73. gr. víxill. Þó er ákvæðið um varnarþing nýmæli.

2. mgr. svarar til 74. gr. víxill.

Um 74. gr.

Svarar til 93. gr. víxill.

ANNAR ÞÁTTUR.

Um eiginvíxla.

Þrettándi kapituli.

Um 75.—78. gr.

Í víxill. er aðeins ein gr. um eiginvíxla (95. gr.), og er þar vísað til ákvæða laganna um víxla á hendur öðrum manni, þó með þeim breytingum, sem leiðir af því, að útgefandi hefir sömu skyldur og væri hann samþykkjandi, og auk þess er tekið fram, að ákvæði laganna um samrit víxla taki eigi til þeirra og að eigi megi gefa þá út til eigin ráðstöfunar. Frv. byggir á sömu meginreglu og víxill. um muninn á eiginvíxlum og víxlum á hendur öðrum manni. En í stað þess að láta sér nægja almenna tilvísun til ákvæðanna, er á undan eru komin, eru hér sett ýtarlegri ákvæði um eiginvíxla. Um efnisbreytingar er þó eigi að ræða neinar verulegar, aðrar en þær, er leiðir af breytingum þeim, sem frv. gerir á reglunum um víxla á hendur öðrum manni.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR.

Um það, hve útlend lög koma til greina.

Fjórtándi kapituli.

Um 79.—87. gr.

Víxlar eru oftlega notaðir í viðskiptum milli landa, og ber það því oft við, að aðilar eru eigi allir sömu þjóðar og að eigi er undir allar víxilskyldurnar gengið í sama landinu. Er þá spurningin sú, eftir hvers lands lögum fari um slíka víxla. Venjulega eru nokkuð ýtarlegar reglur um þetta efni í víxillöggjöf landanna. Í víxill. 1882 eru fyrirmæli um þetta í 84.—86. gr., en þó taka þau ekki nema til nokkurra atriða þessa máls. Það er auðskilið, að mikils er vert, að sem flestar þjóðir fari eftir svipuðum reglum um þetta efni, en hingað til hafa þessi ákvæði víxill. verið mjög sitt með hverjum hætti. Í Geneve-frv. voru þó eigi tekin nein ákvæði um þetta, en í þess stað var gerð sérstök alþjóðasamþykkt um málið. Ákvæði þessara 84.—86. gr. frv. eru í samræmi við þessa alþjóðasamþykkt, en í 87. gr. er aðilum víxilmáls gert að skyldu að láta hlutaðeigandi dómi í té upplýsingar um hinn erlenda rétt, ef þess gerist þörf.

FJÓRÐI ÞÁTTUR.

Lokaákvæði.

Fimmtándi kapituli.

Um 88. gr.

1. liður svarar til 81. gr. víxill., sbr. 1. lið 10. gr. l. nr. 2, 13. jan. 1882.

2. liður svarar til 2. liðs 10. gr. l. nr. 2 1882. Þó er hér gerð sú breyting, að í stað þess, að heimilt er að láta 2 óræka votta gera afsögn samkv. l. 1882, er hér heimilað að láta hreppstjóra eða einn stefnuvott gera afsögn, ef eigi næst til notarius. Þykir rétt að láta jafnan sýslunarmann gera afsögn, og væntanlega ætti ávallt að nást annaðhvort til eins stefnuvotts eða til hreppstjóra.

Um 89. gr.

Svarar til 3. liðs 10. gr. l. nr. 2 1882.

Um 90. gr.

Svarar til 83. gr. víxill.

Um 91. gr.

Svarar til 89. gr. víxill.

Um 92. gr.

Samsvarandi ákvæði eru eigi í víxill., en reglan er eðlileg og heppileg.

Um 93. gr.

Svarar til 82. gr. víxill.

Um 94. gr.

Í víxill. er ekkert ákvæði, er svari til 1. mgr., en að því er snertir afsagnir, sem notarius gerir, er hún í samræmi við það, sem tíðkazt hefir. Hvað aðrar afsagnir snertir, þá sýnist sjálfsagt, að það sé tryggt, að þær séu færðar inn í embættisbók notarii, þar sem hægt sé að ganga að þeim síðar, ef þörf gerist.

2. mgr. svarar til niðurl. 10. gr. l. nr. 2 1882.

Um 95. gr.

Þarf eigi skýringar.

Nd. **232. Frumvarp**

til laga um tékka.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

FYRSTI KAPÍTULI.

Um útgáfu tékka og form.

1. gr.

Í tékka skal greina:

1. Orðið tékka í meginmáli skjalsins og á því máli, sem skjalið er ritað á.
2. Skilyrðislaus tilmæli um að greiða ákveðna upphæð peninga (tékkafjárhæð).
3. Nafn þess, er greiða skal (greiðslubanki, sbr. 3. gr.).
4. Greiðslustað.
5. Útgáfustað og útgáfudag tékkans, og
6. Undirskrift þess, er tékkann gefur út (útgefandi).

2. gr.

Nú brestur á, að greind séu í skjali öll þau atriði, sem nefnd eru í næstu gr. hér á undan, og hefir skjalið þá eigi tékkagildi, nema þegar svo er ástatt sem segir síðar í þessari grein.

Sé greiðslustaður eigi tilgreindur sérstaklega, skal sá staður, sem tilgreindur er við nafn greiðslubankans, talinn vera greiðslustaður tékkans. Séu fleiri staðir en einn tilgreindir við nafn greiðslubankans, er tékkinn gjaldkræfur á þeim stað, er nefndur er fyrstur.

Sé greiðslustaður eigi tilgreindur með þeim hætti, er nú var sagt, eða með öðrum hætti, er tékkinn gjaldkræfur á þeim stað, þar sem greiðslubankinn á aðalaðsetur sitt.

Sé útgáfustaður eigi tilgreindur, skal líta svo á, að tékkinn hafi verið undirritaður á þeim stað, sem tilgreindur er við nafn útgefanda.

3. gr.

Tékka má aðeins gefa út á hendur banka eða sparisjóði, sbr. 54. gr.

Ávísanir, sem gefnar eru út á hendur öðrum en banka eða sparisjóði, hafa eigi tékkagildi, enda þótt þær fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. gr., sbr. 2. gr.

4. gr.

Útgefandi skal hafa til umráða fé hjá greiðslubankanum, er honum sé heimilt, samkv. samningi við greiðslubankann, að ráðstafa með tékkum.

5. gr.

Tékki má hljóða um greiðslu:

til tiltekins manns, hvort sem bætt er við eða eigi orðunum „eða þess, er hann framselur“,

til tiltekins manns, með viðbótinni „eigi til framsals“ eða samsvarandi orðum, eða

til handhafa.

Nú er tékki gefinn út til tiltekins manns, og bætt við orðunum „eða til handhafa“ eða samsvarandi orðum, og skal þá líta svo á, sem tékkinn sé gefinn út til handhafa.

Nú er eigi greint í tékka, hver við borgun eigi að taka, og skal þá einnig líta svo á, sem tékkinn sé gefinn út til handhafa.

6. gr.

Tékka má gefa út til ráðstöfunar útgefanda sjálfs.

Gefa má tékka út fyrir reikning þriðja manns.

Tékka má eigi gefa út á hendur útgefanda sjálfum. Þó má gefa út tékka, er eigi hljóðar um greiðslu til handhafa, milli tveggja starfsdeilda sama banka.

7. gr.

Sé í tékka gefið loforð um vexti, skal meta það sem óskráð.

8. gr.

Tékki getur hljóðað um greiðslu hjá öðrum banka en greiðslubankanum, annaðhvort á þeim stað, þar sem hann hefir aðsetur sitt, eða á öðrum stað.

9. gr.

Nú er fjárhæð tilgreind í tékka bæði með bókstöfum og með tölustöfum, og ber upphæðum þessum eigi saman, og gildir þá sú fjárhæðin, sem með bókstöfum er skráð.

Sé fjárhæðin tilgreind oftar en einu sinni í tékkanum, annaðhvort með bókstöfum eða með tölustöfum, og beri þeim eigi saman, gildir hin lægsta upphæðin ein.

10. gr.

Séu á tékka nöfn manna, er brestur hæfi til að taka á sig tékkaskyldu, fölsuð nöfn, nöfn, sem fundin eru upp, eða nafnritanir, sem af öðrum ástæðum eigi baka þeim skuldbindingu, er þau rituðu, eða þeim manni, er þau voru rituð í nafni hans, er þó skuldbinding hinna tékkaskuldaranna gild, þrátt fyrir það.

11. gr.

Sá, sem ritar nafn sitt á tékka fyrir hönd annars manns, en hefir eigi umboð til þess, verður sjálfur skuldbundinn eftir tékkanum, enda öðlast hann, er hann hefir greitt tékkann, sama rétt og hinn myndi hafa öðlazt. Sama gildir um þann mann, er farið hefir út fyrir umboð sitt.

12. gr.

Útgefandi ábyrgist greiðslu tékkans. Hver sá fyrirvari, er hann setur og miðar til þess að undanþiggja hann ábyrgð á greiðslu tékkans, skal metinn sem óskráður væri.

13. gr.

Nú er tékki eigi ritaður að fullu, er hann er gefinn út, og er hann seinna fylltur út á annan veg en um hafði verið samið, og verður þetta þá eigi borið fyrir við tékkahafann, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk tékkann, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

ANNAR KAPÍTULI.

Um framsal tékka.

14. gr.

Tékka, sem hljóðar um greiðslu til tiltekins manns, má framselja, með áritun á hann, þriðja manni (framsalshafa), enda þótt tékkinn sé eigi berum orðum gefinn út til framsals.

Tékki, sem hljóðar um greiðslu til tiltekins manns, með viðbótinni „eigi til framsals" eða samsvarandi orðum, verður aðeins framseldur með því formi og með þeim áhrifum, sem gilda um almennt framsal kröfu.

Framselja má tékka einnig til útgefanda, til fyrri framseljanda eða ábyrgðarmanns. Þessir menn geta framselt tékkann aftur.

15. gr.

Framsal skal vera skilyrðislaust. Sé það skilyrðum bundið, skal meta þau sem óskráð væru.

Framsal á nokkrum hluta tékkafjárhæðarinnar aðeins er ógilt.

Framsal frá greiðslubankanum er einnig ógilt.

Framsal til handhafa gildir sem eyðuframsal.

Framsal til greiðslubankans gildir einungis sem kvittun, nema þá er svo stendur á, að bankinn hefir fleiri starfsdeildir en eina og tékkinn er gefinn út á hendur annari starfsdeild en þeirri, sem hann er framseldur.

16. gr.

Framsal skal rita á tékkann sjálfan eða á miða, sem festur er við hann (allonge). Framseljandi skal undirrita það.

Framsal er gilt, þótt eigi sé greint í því, hverjum tékkinn er framseldur, eða framseljandi aðeins hafi ritað nafn sitt (eyðuframsal). Í hinu síðarnefnda tilfelli er framsalið þó því aðeins gilt, að það sé ritað á bakhlið tékkans eða á miða, sem við tékkann er festur.

17. gr.

Við framsalið hverfa öll þau réttindi, er tékkinn veitir, til framsalshafa.

Sé framsalið eyðuframsal, getur tékkahafinn:

1. fyllt það með nafni sjálfs sín eða annars manns,
2. framselt tékkann að nýju með eyðuframsali eða til ákveðins manns, eða
3. afhent tékkann þriðja manni, án þess að fylla eyðuframsalið eða rita framsal á tékkann.

18. gr.

Sá, er ritað hefir framsal á tékka, ábyrgist greiðslu hans, nema hann hafi sérstaklega undanskilið sig þeirri ábyrgð.

Hann getur lagt bann við því, að tékkinn sé framseldur aftur, og er hann þá laus við ábyrgð gagnvart þeim, er tékkann fá framseldan eftir það.

19. gr.

Sá, sem hefir í höndum tékka, er framselja má samkv. 1. mgr. 14. gr., skal talinn réttur tékkahafi, ef hann sannar rétt sinn með óslitinni röð af framsölum, þótt hið síðasta framsal sé eyðuframsal. Framsöl, er út hafa verið strikuð, skulu um þetta efni metin sem óskráð væru. Nú er annað framsal næst á eftir eyðuframsali, og skal þá litið svo á, sem sá, er undir það framsal hefir ritað, hafi öðlazt tékkann við eyðuframsalið.

20. gr.

Nú er framsal ritað á tékka, sem hljóðar um greiðslu til handhafa, og ber þá sá, sem framsalið ritaði, ábyrgð samkvæmt þeim reglum, er um fullnustu gilda, en tékkinn greiðist handhafa eftir sem áður.

21. gr.

Nú hefir tékki komizt úr vörzlum manns með einhverju móti, og er þá handhafa tékkans, er sannar rétt sinn með þeim hætti, sem segir í 19. gr., eða sé um tékka að ræða, sem hljóðar um greiðslu til handhafa, eigi skylt að skila tékkanum, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk tékkann, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

22. gr.

Nú er lögsókn hafin út af tékka, og getur varnaraðili þá eigi borið fram neinar þær varnir gegn tékkahafa, er lúta að viðskiptum hans við útgefanda eða þá, er áður áttu tékkann, nema því aðeins, að tékkahafi, er hann eignaðist tékkann, hafi af ásettu ráði viljað baka skuldara tjón.

23. gr.

Séu orðin „til innheimtu“ í framsali, eða önnur orð, sem aðeins felst í umboð, getur tékkahafi neytt allra þeirra réttinda, er tékkinn veitir, en eigi framselt hann, nema framsali til umboðs.

Tékkaskuldarar mega þá bera þær varnir einar fram gegn tékkahafa, er bornar yrðu fram gegn framseljanda.

Umboð það, er felst í framsali til umboðs, fellur eigi úr gildi, þótt umbjóðandi andist eða missi hæfi til að taka á sig skuldbindingar.

24. gr.

Framsal, sem ritað er eftir að afsagnargerð hefir fram farið, sbr. síðustu málsgr. 40. gr., eða eftir lok sýningarfrests, hefir aðeins áhrif sem almennt framsal kröfu.

Ódagsett framsal skal talið ritað áður en afsagnargerð fór fram eða fyrir lok frests þess, er ræðir um í næstu málsgr. hér að framan, nema annað sannist.

ÞRIÐJI KAPITULI.

Um áritanir greiðslubankans á tékka.

25. gr.

Hafi greiðslubankinn látið rita á tékka áritun, er skilja má á þá leið, að tékkinn muni verða greiddur (bókað, athugað eða því um líkt), eða hafi hann látið rita nafnritun sína á framhlið tékkans, er honum skylt að leysa til sín tékkann, sé hann sýndur til greiðslu innan þess frests, sem kveðið er á um í 29. gr.

Áritanir greiðslubankans á tékka, er fela í sér viðtækari greiðsluskyldu en þær áritanir, er ræðir um í 1. málsgr. þessarar gr., hafa þó eigi frekari áhrif en þar segir.

Leysi greiðslubankinn eigi tékkann til sín, er hann er sýndur honum, á tékkahafi, eins þó útgefandi sé, beina kröfu á hendur honum um greiðslu alls þess, er krefjast má samkv. 45. og 46. gr.

FJÓRÐI KAPITULI.

Um ábyrgð á tékkakröfu (aval.).

26. gr.

Tryggja má greiðslu tékka með ábyrgð á allri tékkafjárhæðinni eða nokkrum hluta hennar. Ábyrgð getur tekið á sig jafnt þriðji maður sem einhver tékkaskuldaranna, að greiðslubankanum undanskildum.

Ábyrgð skal rituð á tékkann eða á miða, sem við hann er festur, og skal henni lýst með orðunum „sem ábyrgðarmaður“ eða með öðrum samsvarandi orðatiltækjum.

Ábyrgðin skal undirrituð af þeim, er í hana gengur. Nafnritun ein sér á framhlið tékkans skal metin sem ábyrgð, nema um nafnritun útgefanda sé að ræða.

Í ábyrgð skal greina, fyrir hvern hún sé tekin. Nú er það eigi gert, og telst hún þá tekin fyrir útgefanda.

27. gr.

Ábyrgðarmaður er skuldbundinn með sama hætti og sá maður, er hann gekk í ábyrgðina fyrir.

Skuldbinding hans er gild, þótt skuldbinding þess manns, er hann gekk í ábyrgðina fyrir, sé ógild, enda stafi ógildi hennar eigi af formgalla.

Greiði ábyrgðarmaður tékka, öðlast hann allan rétt samkvæmt tékkanum gegn þeim manni, er hann gekk í ábyrgð fyrir, og þeim mönnum, er samkvæmt tékkanum bera ábyrgð gagnvart honum.

FIMMTI KAPITULI.

Um sýningu tékka og greiðslu.

28. gr.

Greiða skal tékka, er hann er sýndur. Meta skal sem óskráð væri hvert það ákvæði, er í bága við þetta fer.

Enda þótt tékki sé sýndur til greiðslu fyrir þann dag, sem talinn er vera útgáfudagur hans, þá er hann þó gjaldkræfur á sýningardegi.

29. gr.

Tékka, sem gefinn er út hér á landi og greiðast á innanlands, skal sýna til greiðslu innan 20 daga.

Tékka, sem gefinn er út í öðru landi í Evrópu, eða í landi, sem liggur að Miðjarðarhafinu, skal sýna til greiðslu innan 20 daga, og tékka, sem gefinn er út í annari heimsálfu, innan 70 daga.

Frestir þeir, sem að ofan greinir, skulu taldir frá útgáfudegi þeim, sem í tékkanum greinir.

30. gr.

Nú er tékki gefinn út milli tveggja staða með mismunandi tímatali, og skal þá reikna út þann dag í tímatali greiðslustaðarins, er til útgáfudagsins svarar, og miða við hann.

31. gr.

Afhending tékka til greiðslujöfnunarstöðvar (clearing-house) jafngildir sýningu hans til greiðslu.

32. gr.

Hafi útgefandi tilkynnt greiðslubankanum, að hann afturkalli tékkann, er greiðslubankanum eigi heimilt að innleysa tékkann, sbr. þó 25. gr.

Nú hefir tékki eigi verið afturkallaður, og er greiðslubankanum þá heimilt að innleysa hann, þótt sýningarfrestur sé liðinn.

33. gr.

Nú andast útgefandi eftir útgáfu tékka eða missir hæfi til að taka á sig skuldbindingar, og varðar það engu um gildi tékkans.

34. gr.

Nú greiðir greiðslubankinn tékka, og getur hann þá krafizt þess, að tékkinn sé afhentur sér með áritaðri kvittun tékkahafa.

Tékkahafi getur eigi neitað að taka á móti greiðslu á nokkrum hluta tékkafjárhæðarinnar aðeins.

Nú er nokkur hluti tékkafjárhæðar greiddur, og getur greiðslubankinn þá krafizt þess, að þeirrar greiðslu sé getið á tékkanum og að sér sé fengin sérstök kvittun fyrir henni.

35. gr.

Nú greiðir greiðslubankinn tékka, sem ræðir um í 1. málsgr. 14. gr., og er honum þá skylt að fullvissa sig um, að framsölin séu í réttri og samfelldri röð, en eigi þarf hann að ganga úr skugga um það, hvort undirskriftir framseljenda séu ófalsaðar.

36. gr.

Hljóði tékkinn um greiðslu í mynt, sem eigi er gjaldgeng á greiðslustaðnum, má, fram að lokum sýningarfrestsins, greiða fjárhæðina í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, eftir gengi hennar á greiðsludegi. Sé tékkinn eigi greiddur við sýningu, getur tékkahafi krafizt þess, að fjárhæðin sé greidd í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, hvort sem hann heldur vill eftir gengi hennar á sýningardegi eða á greiðsludegi.

Þegar reikna á gildi erlendrar myntar, skal farið eftir því, sem verzlunartízka er á greiðslustaðnum, enda hafi útgefandi eigi kveðið svo á, að tékkafjárhæðina skuli greiða eftir gengi, sem ákveðið er í tékkanum sjálfum.

Ákvæði þessi gilda eigi, er útgefandi hefir mælt svo fyrir, að greitt skuli í vissri, ákveðinni mynt (fyrirvari um virka greiðslu í erlendri mynt).

Sé tékkafjárhæð greind í myntartegund, er hefir sama nafn en mismunandi gildi í landi því, þar sem tékkinn er gefinn út, og í landi því, þar sem hann á að greiðast, eru líkurnar fyrir því, að átt sé við mynt greiðslustaðarins.

SJÖTTI KAPITULI.

Um strikaða tékka.

37. gr.

Útgefandi eða handhafi tékka geta strikað hann, með þeim áhrifum, sem í 38. gr. segir.

Strikunin er fólgin í því, að tvö samhliða strik eru dregin á framhlið tékkans.

Strikun er ýmist almenn eða sérstök. Almenn er strikunin, ef ekkert er skráð milli strikanna eða þar eru skráð orðin „til banka“ eða samsvarandi orð. Sérstök er strikunin, ef nafn tiltekins banka er skráð milli strikanna.

Breyta má almennri strikun í sérstaka strikun, en eigi sérstakri í almenna.

Strikun eða nafn hins tilgreinda banka verður eigi, svo gilt sé, strikað út aftur.

38. gr.

Tékka, sem almenn strikun er á, má greiðslubankinn aðeins greiða öðrum banka eða einhverjum viðskiptamanni sínum.

Tékka, sem sérstök strikun er á, má greiðslubankinn aðeins greiða hinum tilgreinda banka, eða, sé það greiðslubankinn sjálfur, þá einhverjum viðskiptamanni sínum. Þó má banki sá, sem nefndur er milli strikanna, fela öðrum banka að innheimta tékkann fyrir sig.

Strikaðan tékka má banki aðeins eignast frá einhverjum viðskiptamanna sinna eða frá öðrum banka. Hann má eigi taka slíkan tékka til innheimtu fyrir aðra en þá, er nú voru nefndir.

Greiðslubankinn má eigi innleysa tékka, sem á eru fleiri en ein sérstök strikun. Þetta gildir þó eigi, séu strikanirnar aðeins tvær og önnur til innheimtu á greiðslujöfnunarstöð.

Nú gætir banki eigi ákvæða greinar þessarar, og ábyrgist hann þá tjón það allt, er af því leiðir, þó eigi með hærri upphæð en fjárhæð tékkans.

39. gr.

Nú eru orðin „til reiknings“ („nur zur Verrechnung“) eða samsvarandi orðatiltæki skráð þversum á framhlið tékka, og skal tékkinn þá talinn vera strikaður.

SJÖUNDI KAPITULI.

Um fullnustu vegna greiðslufalls.

40. gr.

Sé tékki eigi greiddur, er hann er sýndur til greiðslu á réttum tíma, getur handhafi hans krafizt fullnustu hjá framseljendum, útgefanda og öðrum tékkaskuldurum, enda sé greiðslufallið sannað:

1) með opinberri gerð (afsagnargerð),
2) með dagsettri yfirlýsingu greiðslubankans, ritaðri á tékkann, og sé þar tilgreindur sýningardagurinn, eða
3) með dagsettri yfirlýsingu frá greiðslujöfnunarstöð, um að tékkinn hafi verið afhentur þangað á réttum tíma og eigi fengizt greiddur.

Orðið „afsögn“ merkir í lögum þessum einnig yfirlýsingar þær, sem getið er um í 2) og 3) hér að framan, enda sé eigi á annan veg fyrir mælt í lögunum.

41. gr.

Afsögn skal gera áður en sýningarfrestur sé liðinn.

Nú hefir tékki verið sýndur til greiðslu á síðasta degi sýningarfrestsins, og má þá afsögn gera næsta virkan dag þar á eftir.

42. gr.

Tékkahafi skal senda síðasta framseljanda og útgefanda tilkynningu um greiðslufallið innan 4 virkra daga eftir afsagnardag, eða, hafi verið gerður fyrirvari um fullnustu án kostnaðar, þá eftir sýningardag. Hver framseljandi skal, í síðasta lagi á öðrum virkum degi eftir að hann fékk slíka tilkynningu, skýra þeim framseljanda, er næstur er fyrir framan hann, frá tilkynningu þeirri, er

hann fékk, og greina nafn og heimili þeirra, sem áður hafa sent tilkynningar, og skal þannig haldið áfram þar til kemur að útgefanda. Frestir þeir, sem að ofan eru nefndir, teljast frá móttöku næstu tilkynningar á undan.

Þegar tilkynning er send tékkaskuldara samkv. því, sem fyrir er mælt í næstu málsgr. hér á undan, skal einnig senda þeim manni, er gengið hefir í ábyrgð fyrir þann skuldara, samsvarandi tilkynningu og á sama fresti.

Nú hefir framseljandi eigi greint heimili sitt, eða tilgreint það svo, að ólæsilegt er, og er þá nægilegt, að tilkynning sé send þeim framseljanda, sem næstur er fyrir framan hann á tékkanum.

Sá, sem skyldur er til að senda tilkynningu, getur gert það með hverjum hætti sem vera skal, jafnvel með því aðeins að endursenda tékkann.

Honum ber að sanna, að hann hafi sent tilkynninguna áður en frestur sá var liðinn, er hann hafði til að senda hana. Tilkynning telst send nógu snemma, ef bréf, er hefir hana að geyma, er afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Sá, sem eigi sendir tilkynningu innan nefnds frests, glatar eigi fullnusturétti sínum, en ábyrgjast skal hann allt það tjón, er af vanrækslu hans hlýzt; skaðabæturnar mega þó eigi fara fram úr tékkafjárhæðinni.

43. gr.

Nú er rituð á skjalið athugasemdin „fullnusta án kostnaðar“, „án afsagnar“ eða því um lík athugasemd, og undirrituð af útgefanda, framseljanda eða ábyrgðarmanni, og þarf tékkahafi þá eigi að láta afsegja tékkann vegna greiðslufalls, til þess að halda fullnusturétti sínum.

Fyrirvari þessi leysir tékkahafa hvorki undan því að sýna tékkann innan frests þess, sem til þess er settur, né undan því að senda tilkynningu þá, sem mælt er fyrir um í 42. gr. Sönnun þess, að fresturinn hafi verið látinn hjá líða, hvílir á þeim, sem bera vill það fyrir sig gagnvart tékkahafa.

Hafi útgefandi sett fyrirvarann, hefir hann gildi gegn öllum tékkaskuldurum. Hafi framseljandi eða ábyrgðarmaður sett hann, hefir hann aðeins gildi gegn þeim, er setti hann. Nú hefir tékkahafi látið afsagnargerð fram fara, þrátt fyrir fyrirvara af hálfu útgefanda, og verður hann þá sjálfur að bera kostnað allan af henni. Sé fyrirvarinn hinsvegar settur af framseljanda eða ábyrgðarmanni, má krefja hvern tékkaskuldara sem vill um afsagnarkostnaðinn, hafi afsögn verið gerð.

44. gr.

Tékkaskuldararnir bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð gagnvart tékkahafa.

Tékkahafa er rétt að beina kröfu sinni gegn hverjum sem hann vill af þessum mönnum, gegn einum þeirra sér eða fleirum saman, og þarf hann eigi að fara eftir þeirri röð, sem skuldbindingar þeirra eru í á tékkanum.

Sama rétt á hver tékkaskuldari, sem leyst hefir tékkann til sín.

Nú er mál höfðað gegn einum af tékkaskuldurunum, og er það eigi því til fyrirstöðu, að krafa sé gerð gegn hinum, þó að þeir séu á tékkanum á eftir þeim, er fyrstur var lögsóttur.

45. gr.

Tékkahafi getur krafizt hjá þeim, er hann leitar fullnustu hjá:
1) þess hluta tékkafjárhæðarinnar, er eigi var greiddur,
2) vaxta af þeirri upphæð, 6% ársvaxta frá sýningardegi, og
3) kostnaðar við afsagnargerð og við tilkynningar samkv. 42. gr. og annars kostnaðar, er hann hefir haft.

46. gr.

Sá, sem tékka leysir til sín, getur krafizt af þeim tékkaskuldurum, er ábyrgð bera gagnvart honum:
1) allrar þeirrar fjárhæðar, sem hann hefir greitt,
2) vaxta af þeirri upphæð frá þeim degi, er hann greiddi hana, 6% í ársvexti, og
3) kostnaðar, er hann hefir haft.

47. gr.

Hver sá tékkaskuldari, er krafinn er eða krefja má um fullnustu, á rétt á því að fá tékkann afhentan sér, ásamt afsagnargerð og kvittuðum reikningi, enda greiði hann innlausnarféð.

Hver sá framseljandi, sem innleyst hefir tékkann, getur strikað út af honum nafn sitt og þeirra framseljenda, sem á eftir honum koma.

48. gr.

Komi á fresti þeim, sem veittur er til sýningar tékka eða til afsagnargerðar, fyrir óviðráðanleg tálmun, innlend eða erlend lagaákvæði eða aðrir óviðráðanlegir atburðir, og verði gerðir þessar eigi framkvæmdar þess vegna, lengjast frestirnir.

Tékkahafa er skylt að senda síðasta framseljanda þegar í stað tilkynningu um slíka tálmun, og geta þessarar tilkynningar á tékkanum eða á miða, sem við tékkann sé festur, og dagsetningar hennar og rita nafn sitt undir. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðunum í 42. gr.

Jafnskjótt og tálmuninni er lokið skal tékkahafi tafarlaust sýna tékkann til greiðslu og láta afsegja hann, ef með þarf.

Vari tálmunin lengur en fimmtán daga frá þeim degi, er tékkahafi sendi síðasta framseljandanum tilkynningu um tálmunina, þá má tékkahafi leita fullnustu, án þess að nauðsynlegt sé að sýna tékkann eða afsegja hann. Gildir þetta einnig, þótt tilkynningin hafi verið send áður en sýningarfresti lauk.

Atvik, er aðeins varða tékkahafa persónulega, eða þann mann, er hann hefir falið að sýna tékkann eða afsegja hann, skulu eigi talin óviðráðanlegir atburðir.

ÁTTUNDI KAPÍTULI.

Um samrit tékka.

49. gr.

Gefa má tékka út í fleiri samhljóða eintökum (samritum), ef hann á að greiðast erlendis og er eigi gefinn út til handhafa. Í texta hvers eintaks skal greina, hvert það sé í röðinni; að öðrum kosti gildir hvert eintak sem sjálfstæður tékki.

50. gr.

Greiðsla samkvæmt einu af eintökum tékkans leysir undan tékkaskyldunni, þótt það sé eigi áskilið, að hin eintökin skuli úr gildi felld með henni. Greiðslubankinn ábyrgist þó eftir sem áður hvert það eintak, sem ritað er á samkv. ákvæðum 25. gr. og honum hefir eigi verið skilað.

Hafi framseljandi framselt ýmsum mönnum eintök tékkans, þá ábyrgist hann og framseljendur þeir, er á eftir honum koma, hvert það eintak, sem nafnritun þeirra er á og eigi hefir verið skilað aftur.

NÍUNDI KAPÍTULI.

Um breytingar á tékka.

51. gr.

Nú eru breytingar gerðar á texta tékka, og eru þá þeir, er ritað hafa nöfn sín á tékkann eftir að breytingin var gerð, skuldbundnir í samræmi við hinn breytta texta, en hinir, er áður höfðu ritað nöfn sín á tékkann, eru skuldbundnir í samræmi við hinn upphaflega texta hans.

TÍUNDI KAPÍTULI.

Um fyrningu tékka.

52. gr.

Kröfur tékkahafa gegn framseljendum, útgefanda og öðrum tékkaskuldurum fyrnast á sex mánuðum frá lokadegi sýningarfrestsins að telja.

Hafi tékkaskuldari leyst tékkann til sín, fyrnast kröfur hans gegn hinum tékkaskuldurunum á sex mánuðum, frá þeim degi að telja, er hann leysti tékkann til sín eða fyrningu var slitið gagnvart honum, sbr. 53. gr.

53. gr.

Fyrningu tékka er slitið, er stefna er birt í tékkamáli, krafa gerð í máli um notkun tékkakröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar, tékkakröfunni lýst í bú skuldunauts, er tekið hefir verið til opinberra skipta, eða kröfunni lýst

fyrir skiptarétti, er skuldunautur leitar nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi sínu. Fyrningu tékka er og slitið, ef sá, sem sóttur er um tékkakröfu, tilkynnir lögsóknina (litis denuntiatio) einhverjum, sem er fyrir framan hann á tékkanum.

Fyrningu tékka er slitið með stefnu til erlends dómstóls, ef skuldunautur á heimili í því landi, eða hann ber fram varnir í málinu, en ber það þó eigi fyrir sig, að dómstóllinn sé eigi dómbær, eða stefnan er birt honum sjálfum. Tilkynning um lögsókn (litis denuntiatio) við erlendan dómstól slítur fyrningu með sama hætti og stefna. Sömuleiðis er fyrningu slitið, er tékkakrafa er notuð til skuldajafnaðar í máli, sem rekið er fyrir erlendum dómstóli samkvæmt þeim lögum, er þar gilda.

Fyrningu er slitið með lýsingu tékkakröfu í bú skuldunauts, er tekið hefir verið erlendis til opinberra skipta, ef skuldunautur átti heima í því landi, er skiptameðferðin hófst.

Fyrningu er eigi slitið gegn öðrum tékkaskuldurum en þeim, sem einhverri af fyrrnefndum gerðum er beint að, en fyrningarslitin koma öllum þeim að notum, sem eru fyrir framan þann á tékkanum, er fyrningu sleit.

Nú hefir fyrningu verið slitið, en lögsóknin er eigi til lykta leidd, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er málið síðast var til meðferðar í rétti.

Verði gerð til slita fyrningar eigi komið fram vegna tálmana þeirra, sem ræðir um í 48. gr., glatast tékkaréttur samt eigi, ef fyrningu er slitið innan mánaðar frá því, að tálmuninni lauk.

ELLEFTI KAPITULI.

Almenn ákvæði.

54. gr.

Orðið „banki“ merkir í lögum þessum banka, er stofnaðir eru með sérstökum lögum eða starfa samkvæmt sérstakri lagaheimild, svo og sparisjóði, er fengið hafa staðfestingu á samþykktum sínum.

55. gr.

Eigi má sýna tékka til greiðslu né afsegja hann, nema á virkum degi.

Nú á gerð, er tékkarétt varðar, svo sem sýning til greiðslu eða afsögn, fram að fara á tilteknum fresti, og er lokadagur frestsins löghelgur dagur, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Aðrir löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

Nú er kveðið á um frest í lögum þessum, og telst þá sá dagur, er fresturinn er talinn frá, eigi með í frestinum.

Frestdagar til greiðslu eftir sýningu gilda eigi um tékka.

56. gr.

Nú glatast tékki, er greiðast á hér á landi, og má þá ógilda hann með dómi, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um ógilding skjala með dómi. Ógildingarmál skal höfða á greiðslustað tékkans.

57. gr.

Nú hefir fullnustukrafa fyrnzt eða glatazt fyrir vangeymslu, og er þá tékkahafa rétt að sækja tékkaskuldara um þá fjárhæð, er hann mundi vinna honum úr hendi, ef fjárheimtan félli niður, sem um hverja aðra skuld. Sé eigi annað gert sennilegt, skal telja, að útgefandi vinni tékkafjárhæðina tékkahafa úr hendi.

TÓLFTI KAPITULI.

Um það, hve útlend lög koma til greina.

58. gr.

Hvort erlendur maður sé þess umkominn að ganga undir tékkaskyldur, skal meta eftir lögum þess lands, er hann er ríkisfastur í. Mæli þau lög svo fyrir, að lögum annars lands skuli beitt, skal eftir hinum síðastnefndu lögum farið.

Erlendur maður, sem eigi væri þess umkominn að gangast undir tékkaskyldur samkv. ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, er samt sem áður skuldbundinn hér á landi, ef hann hefir gengizt undir skylduna í einhverju því landi, þar sem hann að lögum þess lands hefir verið þess umkominn að skuldbinda sig.

59. gr.

Um það, á hendur hverjum tékki verði gefinn út, skal dæmt eftir lögum þess lands, þar sem tékkann á að greiða. Þó er tékki, sem út er gefinn í öðru landi en greiðslulandinu, aldrei ógildur af þeirri ástæðu, að hann sé gefinn út á hendur einhverjum þeim, er eigi getur verið greiðandi tékka að lögum greiðslulandsins.

Nú er skjalið eigi gildur tékki samkvæmt ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, og hefir það ógildi þess þó engin áhrif á gildi skuldbindinga, sem á það eru ritaðar í öðru landi, enda væri skjalið gildur tékki að þess lands lögum.

60. gr.

Um form tékkaskuldbindingar skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir skuldbindinguna var gengizt. Þó er nægilegt, að þeirra fyrirmæla hafi verið gætt, er gilda á greiðslustaðnum.

Nú er tékkaskuldbinding ógild samkvæmt fyrstu málsgr. þessarar greinar, en gild að lögum þess lands, þar sem síðar er ritað undir skuldbindingu, og leiðir þá ógilding hinnar fyrri skuldbindingar eigi til þess, að hin síðari einnig skuli metin ógild.

61. gr.

Um áhrif tékkaskuldbindingar skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir hana var gengizt.

62. gr.

Um fresti til að leita fullnustu skal fara eftir lögum þess lands, þar sem tékkinn var gefinn út, hver tékkaskuldaranna sem hlut á að máli.

63. gr.

Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem tékki á að greiðast, um þessi atriði:

1. Hvort greiða skuli tékka við sýningu eða hvort tékki verði gefinn út til greiðslu tilteknum tíma eftir sýningu, svo og, hver áhrif það hafi, að tékki er dagsettur eftir á.
2. Sýningarfrest.
3. Hvort samþykkja megi tékka eða rita á hann athugasemd um, að hann sé bókaður, athugaður eða því um líkt, svo og, hver áhrif slíkar áritanir hafi.
4. Hvort tékkahafi geti krafizt greiðslu á nokkrum hluta tékkafjárhæðarinnar aðeins eða sé skylt að taka við slíkri greiðslu.
5. Hvort tékki verði strikaður, eða hvort rita megi á hann athugasemdina „til reiknings“ („nur zur Verrechnung“) eða aðra þesskonar athugasemd, svo og, hver áhrif strikunin eða athugasemdirnar hafi.
6. Hvort handhafi tékka eigi sérstakan rétt yfir fé því, sem ætlað er til greiðslu tékkans, og ef svo er, hver sá réttur hans sé.
7. Hvort útgefandi geti afturkallað tékka eða gert ráðstafanir til að stöðva greiðslu hans.
8. Hverjar ráðstafanir megi gera, ef tékki týnist eða er stolið.
9. Hvort afsögn sé nauðsynleg til varðveizlu fullnusturéttar á hendur framseljendum, útgefanda eða öðrum tékkaskuldurum.

64. gr.

Um form afsagnargerðar og frest til hennar, svo og um form annara gerða, er nauðsynlegar eru til þess, að tékkarétti verði beitt eða hann varðveittur, skal fara eftir lögum þess lands, þar sem gerðin fer fram.

65. gr.

Eigi að beita erlendum lögum í dómsmáli, samkvæmt þeim fyrirmælum, sem um það eru sett, og séu dómnum eigi hin erlendu lög kunn, getur hann lagt fyrir hlutaðeigandi aðila að afla þeirra upplýsinga, er með þarf um það efni.

ÞRETTÁNDI KAPÍTULI.

Um afsagnargerðir o. fl.

66. gr.

Afsögn samkvæmt lögum þessum gerir notarius publicus eða embættismaður sá, sem að lögum gegnir notarialstörfum. Náist eigi til þessa embættismanns í tækan tíma, má láta hreppstjóra eða einn stefnuvott gera afsögnina.

67. gr.

Afsagnar má beiða munnlega, þann sem á að gera hana, ef tékkinn er fenginn honum.

68. gr.

Sé afsagnar á sama tékka krafizt hjá fleirum á sama stað, þarf eigi meira en eina afsagnargerð.

69. gr.

Afsagnargerðir skulu, sé eigi um annað samið, fara fram á tímabilinu frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, í starfhýsi hlutaðeigandi manns eða á heimili hans, eigi hann ekkert starfhýsi á afsagnarstaðnum. Sé sá eigi viðstaddur, er þola skal afsagnargerð, má gera hana í eða hjá starfhýsi hans eða heimili. Sé eigi starfhýsi hans eða heimili kunn, og geti sá, er afsögn gerir, eigi fengið vitneskju um þau hjá lögreglustjórn þess staðar, skal geta þess í afsagnargerðinni.

Því, sem hér var fyrir mælt um stað og stund afsagnargerðar, skal einnig beitt, eftir því sem við á, um sýningu tékka til greiðslu.

70. gr.

Í afsagnargerð skal rita: eftirrit af tékkanum og öllu því, er á honum stendur, tilmæli eða kröfu gerðarbeiðanda og svar þess, er afsögn er gerð hjá; hafi hann engu svarað eða eigi fundizt, skal þess getið; svo skal og greina stað og stund afsagnargerðarinnar, og skal sá, er afsögn gerir, rita nafn sitt undir.

Á tékkann skal rita vottorð um afsagnargerðina.

71. gr.

Færa skal afsagnargerð orðrétt inn í notarialbók lögsagnarumdæmisins. Hafi hreppstjóri eða stefnuvottur gert afsögn, skal hann senda staðfest eftirrit af afsagnargerðinni til notarius innan þriggja daga frá afsagnardegi.

Eftirrit af afsagnargerð má eigi veita öðrum en gerðarbeiðanda.

72. gr.

Um mál, sem sótt eru til fullnustu tékkakröfu, fer sem um víxilmál.

73. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi lög um tékkávísanir, nr. 38 8. nóv. 1901. Þó skal síðastnefndum lögum beitt um tékka, er út voru gefnir áður en lög þessi öðlast gildi.

Greinargerð.

Tékkar eru að mörgu leyti áþekkir víxlum. Hvorttveggja eru viðskiptabréf, er miklu máli skipta nú á tímum. Tékkunum er að vísu ætlað að nokkru leyti annað hlutverk en víxlunum, þar sem þeir eiga að vera borgunarskjal aðeins, en ekki lánsskjal, eins og víxlar oft eru. En alstaðar gilda um tékka að miklu leyti sömu reglur og um víxla. Svo er einnig að núgildandi lögum hér á landi. Lög nr. 38 8. nóv. 1901 hafa að geyma ýmsar reglur um tékka, er hlið-

stæðar eru reglunum um víxla, auk þess að þau vísa beinlínis til ýmsra ákvæða víxillaganna og kveða svo á, að þeim skuli einnig beitt um tékka.

Tékkar eru, eins og víxlar, notaðir mjög í viðskiptum milli landa nú á tímum. Því var það, að nauðsyn þótti til þess bera að samrýma tékkalög þjóðanna sem mest um leið og víxillög þeirra voru samrýmd. Eftir að samþykktin um víxilrétt hafði verið gerð í Geneve 7. júní 1930, var gerð önnur samskonar samþykkt um tékkalög, í sama bæ, hinn 19. marz 1931. Var sú samþykkt undirrituð af hálfu 20 ríkja, þar á meðal Norðurlandaríkjanna fjögurra, Þýzkalands, Frakklands, Ítalíu og Spánar. Síðan hafa nokkur önnur ríki fallizt á samþykktina. Samþykktinni fylgdi frumvarp að tékkalögum, og skuldbundu aðilar sig til þess að haga tékkalöggjöf sinni eftir því. Er frv. þetta sniðið mjög eftir frv., er fylgdi víxilréttarsamþykktinni. Norðurlandaþjóðirnar sömdu hin nýju tékkalög sín í sameiningu, og nálega samhljóða, enda voru tékkalög þeirra, nema Finnlands, áður samhljóða. Er hér fylgt hinum nýju norrænu tékkalögum, enda eru og hin núgildandi lög vor um þetta efni ekki annað en þýðing á norrænu tékkalögunum.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

FYRSTI KAPITULI.

Um útgáfu tékka og form.

Um 1. gr.

Svarar til 1. mgr. 1. gr. tékkal. 1901, og er hér tekið fram, hver formskilyrði tékka séu, sbr. og 2. gr. Eru ákvæði þessi hliðstæð 1. gr. frv. til víxill., og má vísa til athugas. um þá gr.

Um 2. gr.

Gr. er hliðstæð 2. gr. frv. til víxill. Er hér einnig gerð nokkur takmörkun á því, að tékki sé ógildur vegna formgalla. Til 2. mgr. svarar að nokkru leyti 3. mgr. 1. gr. tékkal., en þó fer frv. hóti lengra, í 4. mgr., því ákvæði hennar leiða til þess, að tékki er gildur, þótt enginn greiðslustaður sé nefndur í honum.

Um 3. gr.

Hér er um mikilsverða nýjung að ræða. Skv. tékkal. má gefa tékka út á hendur hverjum sem er, og er þetta í samræmi við eldri tékkalögin norrænu. Í enskum og þýzkum rétti voru aftur á móti þær ávísanir einar taldar tékkar, er gefnar voru út á hendur peningastofnunum, og var þessi regla tekin upp í Geneve-frv. Ástæður þess voru í stuttu máli þessar: Tékkar eru og eiga aðeins að vera borgunarskjöl. Þeir eiga að vera til þess, að hægt sé að spara gjaldeyri. Sá, er greiða þarf öðrum manni fé, sparar sér að liggja með handbæra peninga með því að ávísa á innstæðu, sem hann á annarsstaðar. Yfirleitt eru það aðeins peningastofnanir, sem hafa að jafnaði svo mikið fé í sjóði, að þær geti leyst inn ávísanir, svo að nokkru nemi, auk þess sem þær

standa betur að vígi en aðrir um lúkningu slíkra ávísana með millifærslu. Ávísanir á peningastofnanir verða líka að jafnaði fremur teknar í greiðslustað en ávísanir á aðra. Reynslan hefir einnig sýnt það, að þar sem tékka mátti gefa út á hendur hverjum sem skyldi, hafa samt varla tíðkazt aðrir tékkar en þeir, sem gefnir voru út á peningastofnanir, og hér á landi munu aðrir tékkar alls ekki hafa tíðkazt.

Um 4. gr.

Samskonar ákvæði er eigi í tékkal. og er í rauninni óþarft, en réttara þótti þó að taka það í Geneve-frv. Enginn vafi hefir þótt á því hingað til, að ólöglegt væri að gefa tékka út á enga innstæðu, og hefir það verið talið varða refsingu skv. 253. gr. hegnl., sbr. hæstaréttardóm 11. maí 1925. Þá hefir og enginn vafi verið talinn á því, að eigi mætti gefa út tékka á innstæðu, án þess að samningur, beinn eða óbeinn, væri um það við þann mann, er innstæðan stóð hjá. Loks hefir það eigi verið talið hafa nein áhrif á tékkagildi skjalsins, þó engin væri innstæðan, og verður um þessi atriði öll engin breyting við þessa gr. frv.

Um 5. gr.

Gr. er í samræmi við núgildandi lög, sbr. 2. og 3. gr. tékkal. og 9. gr. víxill.

Um 6. gr.

Gr. er hliðstæð 3. gr. frv. til víxill. og er í samræmi við núgildandi rétt, sbr. 2. gr. víxill., nema hvað 2. mgr. er nýmæli, eins og samsvarandi ákvæði í 3. gr. frv. til víxill.

Um 7. gr.

Samhljóða 5. mgr. 1. gr. tékkal.

Um 8. gr.

Svarar til 4. gr. frv. til víxill. Talið hefir verið, að heimilt sé að vista tékka að núgildandi lögum, sbr. 4. gr. víxill.

Um 9. gr.

Svarar til 6. gr. frv. til víxill., og vísast til aths. við þá gr.

Um 10. gr.

Svarar til 7. gr. frv. til víxill., sbr. 88. gr. víxill. og 3. gr. tékkal.

Um 11. gr.

Svarar til 8. gr. frv. til víxill.

Um 12. gr.

Svarar til 9. gr. frv. til víxill., að öðru en því, að eigi verður að ræða um neina ábyrgð útgefanda á samþykki tékka.

Um 13. gr.

Svarar til 10. gr. frv. til víxill.

ANNAR KAPITULI.

Um framsal tékka.

Um 14. gr.

Svarar til 11. gr. frv. til víxill. Þess skal þó getið, að ef greiðslubankinn hefir ritað á tékkann skv. 25. gr., og með því bakað sér skyldu til að greiða hann, þá verður tékkinn þó eigi framseldur honum, sbr. og 15. gr., og er því sá munur á þessum reglum og samsvarandi reglum um víxla, að um framsal til greiðanda getur ekki verið að ræða.

Um 15. gr.

1., 2. og 4. mgr. svara til 12. gr. frv. til víxill.

Ákvæði 3. og 5. mgr. eru sérákvæði um tékka, og eru þau í samræmi við 6. gr. tékkal.

Um 16. gr.

Svarar til 13. gr. frv. til víxill.

Um 17. gr.

Svarar til 14. gr. frv. til víxill.

Um 18. gr.

Svarar til 15. gr. frv. til víxill., að öðru en því, að hér verður eigi um ábyrgð á samþykki að ræða.

Um 19. gr.

Svarar til 1. mgr. 16. gr. frv. til víxill., með þeirri breytingu einni, að gr. þessi tekur eigi til tékka, sem gefnir eru út til handhafa, og leiðir það af ákvæðum 20. gr.

Um 20. gr.

Samkv. þessari gr. má eigi breyta tékka, sem gefinn var út til handhafa, í nafnbréf með framsali til tiltekins manns. Er hér vikið frá því, sem nú gildir skv. 5. gr. tékkal. Þetta ákvæði var tekið upp í Geneve-frv. af hentugleikaástæðum, til þess að starfsmenn bankanna, er daglega fá fjölda tékka milli handa, þyrftu eigi að tefja sig á að athuga framsölin á bakhlið tékkans, er þeir sæju, að hann hefði verið gefinn út til handhafa.

Um 21. gr.

Svarar til 2. mgr. 16. frv. til víxill., með þeirri breytingu, sem leiðir af því, að tékka má gefa út til handhafa.

Um 22. gr.

Svarar til 17. gr. frv. til víxill.

Um 23. gr.

Svarar til 18. gr. frv. til víxill.

Um 24. gr.

Svarar til 20. gr. frv. til víxill., með þeim afbrigðum, er leiðir af því, að tékki á jafnan að greiðast við sýningu.

ÞRIÐJI KAPITULI.

Um áritanir greiðslubankans á tékka.

Um 25. gr.

Samkv. 8. gr. tékkal. er samþykki, sem ritað er á tékka, þýðingarlaust. Sama regla er í 4. gr. í Geneve-frv., en þó var aðilum samþykktarinnar leyft að mæla svo fyrir, að áritanir af hálfu greiðslubankans á tékka hefðu skuldbindandi gildi fyrir bankann að nokkru leyti, þó eigi yrðu þær metnar sem fullkomið samþykki. Norðurlandaþjóðirnar töldu rétt að nota þessa heimild samþykktarinnar, og þykir rétt að lögleiða samskonar reglu hér á landi. Slík áritun á tékka, sem hér um ræðir, er einkar hagkvæm, þegar tékkar eru notaðir til greiðslu milli manna, er búa sinn á hvorum stað. Viðtakandi getur þá treyst því, að tékkinn verði greiddur, hafi á hann verið ritað, og getur því óhultari tekið hann sem gilda borgun.

FJÓRÐI KAPÍTULI.

Um ábyrgð á tékkakröfu (aval.).

Um 26. og 27. gr.

Vafasamt hefir þótt, hvort ákvæði 87. gr. víxill., um ábyrgð á víxilkröfu, gilti um tékka. Í Geneve-frv. voru tekin samsvarandi ákvæði um tékka að þessu leyti og sett eru um víxla í frv. til víxill. Þótti rétt að hafa þessar reglur sem líkastar um tékka og um víxla. Má því um gr. þessar vísa til athugasemdanna við 30.—32. gr. í frv. til víxill. Eina breytingin, sem hér er gerð, er sú, að greiðslubankanum er bannað að taka ábyrgð á tékka. Er það gert til þess að koma í veg fyrir, að ábyrgð greiðslubankans verði notuð sem samþykki á tékkanum, og í því sambandi er rétt að taka það fram, að áritun skv. 25. gr. er hvorki samþykki eða ábyrgð á tékkanum.

FIMMTI KAPÍTULI.

Um sýningu tékka og greiðslu.

Um 28. gr.

1. mgr. er í samræmi við það, sem ákveðið er í 2. mgr. 1. gr. tékkal.

2. mgr. er hinsvegar nýmæli. Af ýmsum ástæðum getur það komið fyrir, að útgefandi dagsetji tékka síðar en hann er gefinn út, t. d. af því hann á þá eigi fé inni í bankanum, en á bráðlega von á því, eða af því að hann vill lengja

gildistíma tékkans. Fyrra atriðið fer í bága við 4. gr. þessa frv., og er útgáfa tékka með þessum hætti varhugaverð á margan veg. Vegna viðtakanda tékkans þótti þó ekki rétt að mæla svo fyrir, að tékkar þessir skyldu vera ógildir, en hitt þótti rétt að taka fram, að þeir skyldu greiðast við sýningu, hvað sem útgáfudeginum liði, og leiðir af því, að útgefandi verður að bera alla áhættu af því, að tékkinn er sýndur fyrr en hann ætlast til.

Um 29. gr.

Gr. þessi kemur í stað 10. gr. tékkal., og eru sýningarfrestirnir hér ákveðnir nokkuð frábrugðnir því, er nú gildir. Frestirnir eru hér ávallt fastákveðnir, og er það framför frá því, sem nú er, er fresturinn m. a. fer eftir því, hve langan tíma það tekur að senda tékkann frá útgáfustað til fyrsta viðtakanda og þaðan aftur til greiðslustaðarins, en oft mun vera vafasamt, hvernig þá tímalengd eigi að telja. Gr. er annars í samræmi við 29. gr. Geneve-frv., nema hvað frestur til sýningar innanlandstékka er settur 20 dagar, í stað 8 daga, og er þar fylgt því, sem er í Norðurlandalögunum.

Um 30. gr.

Svarar til 2. mgr. 37. gr. frv. til víxill. Þó er þess að geta, að þar sem 2. mgr. 37. gr. frv. til víxill. þokar fyrir því, ef öðruvísi er ákveðið í víxlinum, þá er þetta ákvæði frv. þessa ófrávíkjanlegt, sem leiðir af því, að sýningarfrestir hafa ólíka þýðingu um tékka og um víxla.

Um 31. gr.

Samhljóða 2. mgr. 38. gr. frv. til víxill.

Um 32. gr.

Hér er kveðið svo á, að útgefandi geti bannað greiðslubankanum að greiða tékkann, þó eigi ef bankinn hefir ritað á tékkann skv. 25. gr., og jafnfr. í 2. mgr., að bankanum sé heimilt að greiða tékka, sem eigi hefir verið afturkallaður, þótt sýningarfrestur sé liðinn. Um hvorugt þetta eru ákvæði í núgildandi lögum, en þetta hefir hvorttveggja verið talið leiða af samningi útgefanda tékkans og greiðanda, Með gr. er ekkert um það sagt, hvort útgefanda sé gagnvart tékkahafa heimilt að afturkalla tékkann, né hvaða ábyrgð hann bakar sér gagnvart honum með afturköllueninni.

Um 33. gr.

Samskonar regla er ekki í tékkal., en ástæða þótti til að taka þetta fram hér, svo að eigi væri vafi á því, að umboð það til greiðanda, er í tékkanum felst, héldi gildi sínu, þrátt fyrir atvik þau, er gr. nefnir.

Um 34. gr.

Gr. svarar til 39. gr. frv. til víxill. og er í samræmi við 3. gr. tékkal., sbr. 37. og 38. gr. víxill.

Um 35. gr.

Gr. svarar til síðara liðs 3. mgr. 40. gr. frv. til víxill. og er í samræmi við núgildandi lög, 3. gr. tékkal., sbr. 39. gr. víxill.

Um 36. gr.

Gr. svarar til 41. gr. frv. til víxill.

SJÖTTI KAPÍTULI.

Um strikaða tékka.

Um 37.—39. gr.

Í 7. gr. tékkal. eru ákvæði um strikun tékka, og eru þau sniðin eftir reglum ensks réttar um *crossed checks*. Þessi ákvæði tékkal. eru þó of ónákvæm. Í Geneve-frv. voru tekin ýtarlegri ákvæði um þetta, og þá jafnframt tekið tillit til þýzks réttar (tékkar nur zur Verrechnung). Er hér eigi þörf á að skýra einstök atriði í ákvæðum þessum; þess skal aðeins getið, að tilgangur þeirra er sá, að auka gildi tékka og gera þá öruggari. Sé strikuðum tékka stolið eða týnist hann, er auðveldara að varna því, að þjófurinn eða finnandinn geti fengið hann innleystan en ef hann væri óstrikaður.

SJÖUNDI KAPÍTULI.

Um fullnustu vegna greiðslufalls.

Um 40. gr.

Gr. kemur í stað ákvæðanna í 9. gr. tékkal. og er að öllu verulegu í samræmi við þau.

Um 41. gr.

1. mgr. er í samræmi við 9. gr. tékkal., en 2. mgr. er nýmæli, og er skv. því stundum heimilt að afsegja tékka að sýningarfresti liðnum, og svarar það ákvæði til síðara liðs 2. mgr. 44. gr. frv. til víxill., um sýningarvíxla.

Um 42. gr.

Svarar til 45. gr. frv. til víxill.

Um 43. gr.

Svarar til 46. gr. frv. til víxill.

Um 44. gr.

Svarar til 47. gr. frv. til víxill.

Um 45. gr.

Svarar til 48. gr. frv. til víxill., með þeim afbrigðum, er leiðir af því, að vextir greiðast eigi af tékka fyrir gjalddaga, að tékki á að greiðast við sýningu, og að þóknunar verður eigi krafizt.

Um 46. gr.

Svarar til 49. gr. frv. til víxill., nema hvað þóknunar verður eigi krafizt.

Um 47. gr.

Svarar til 50. gr. frv. til víxill.

Um 48. gr.

Svarar til 54. gr. frv. til víxill.

ÁTTUNDI KAPÍTULI.

Um samrit tékka.

Um 49. gr.

Svarar til 1. og 2. mgr. 64. gr. frv. til víxill. Þó er heimildin til að gefa út samrit tékka nokkru þrengri en til að gefa út samrit víxla, enda er þörfin á útgáfu þeirra minni.

Um 50. gr.

Svarar til 65. gr. frv. til víxill.

NÍUNDI KAPÍTULI.

Um breytingu á tékka.

Um 51. gr.

Svarar til 69. gr. frv. til víxill.

TÍUNDI KAPÍTULI.

Um fyrningu tékka.

Um 52. gr.

Gr. er hliðstæð 2. og 3. mgr. 70. gr. frv. til víxill. og kemur í stað ákvæðanna í 3. sbr. 11. gr. tékkal. Breytingar eru þó nokkrar gerðar hér. Fyrningarfresturinn er þannig ávallt 6 mán., og telst fyrningarfrestur á kröfum tékkahafa frá lokadegi sýningarfrests, en eigi frá útgáfudegi tékkans, svo sem ákveðið er í 11. gr. tékkal.

Um 53. gr.

Svarar til 71. gr. frv. til víxill., nema hvað niðurlagsákvæði 1. mgr. 71. gr. er ekki tekið upp hér, þar sem ekki er um neitt samþykki á tékka að ræða.

ELLEFTI KAPÍTULI.

Almenn ákvæði.

Um 54. gr.

Þess var getið í aths. við 3. gr., að sú nýjung er tekin upp með henni, að telja þær ávísanir einar tékka, sem gefnar eru út á peningastofnun, banka. Hér er það nánar skýrt, hverjar stofnanir skuli taldar vera bankar. Þótti ekki þörf á að hafa það víðtækara en svo, að undir það féllu: 1) bankar, sem stofnaðir eru með sérstökum lögum, og mundi það ákvæði eiga við alla þá banka, er nú starfa hér á landi; 2) bankar, sem starfa samkv. sérstakri lagaheimild, og er þar það haft í huga, að bankar, er heimild hefðu til starfsemi samkv. almennum bankalögum, er hér kynnu að verða sett, féllu hér undir; loks eru 3) sparisjóðir, sem staðfestingu hafa fengið í samþykktum sínum, sbr. l. nr. 44 3. nóv. 1915.

Um 55. gr.

Svarar að öllu verulegu til 72. gr. frv. til víxill.

Um 56. gr.

Svarar til 1. mgr. 73. gr. frv. til víxill.

Um 57. gr.

Svarar til 74. gr. frv. til víxill.

TÓLFTI KAPÍTULI.

Um það, hve útlend lög koma til greina.

Um 58.—65. gr.

Gr. svara til 12. kap. frv. til víxill., með þeim afbrigðum, er leiðir af mun þeim, sem er á tékkum og víxlum.

ÞRETTÁNDI KAPÍTULI.

Um afsagnargerðir.

Um 66.—71. gr.

Í gr. þessum eru sett samskonar ákvæði um afsögn tékka og sett eru um afsögn víxla í 15. kap. frv. til víxill.

Um 72. gr.

Svarar til 15. gr. tékkal.

Um 73. gr.

Þarf eigi skýringar.

Nd. **233. Frumvarp**

til laga um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Víxilmál má höfða og sækja í þinghá þeirri, þar sem víxillinn á að greiðast.

2. gr.

Stefnufrestir í víxilmálum skulu vera sem í gestaréttarmálum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi lög um sérstakt varnarþing í víxilmálum, nr. 33 11. júlí 1911. Síðastnefndum lögum skal þó beita um tékka, er út voru gefnir áður en þessi lög öðlast gildi.

Greinargerð.

Í lögunum um víxilmál og víxilafsagnir, nr. 2 13. jan. 1882, eru engin ákvæði um varnarþing eða um stefnufresti. Málin varð því að höfða á heimilisvarnarþingi stefnds, nema þegar svo stóð á, að unnt var að nota greiðsluvarnarþingið samkv. N. L. 1.—2.—16., sem þó sjaldan var unnt. Fyrir forgöngu bankanna var þessu breytt með l. nr. 33 11. júlí 1911. Var þar heimilað að höfða víxilmál fyrir gestarétti á greiðslustað víxilsins. En lögin taka aðeins til mála út af víxlum, „sem samkv. ákvæði á víxlinum sjálfum eiga að greiðast á tilteknum stað", og er þetta orðalag mjög óheppilegt og óhönduglegt. Í raun og veru má segja, að allir víxlar eigi skv. ákvæði í þeim sjálfum að greiðast á tilteknum stað, því það er eitt af formskilyrðum víxils skv. 1. gr. víxill., að tiltekið sé í honum, hvar borgun skuli greiða, og sé þess eigi getið sérstaklega, verður skv. 4. gr. að geta staðar við nafn greiðanda, og telst þá sá staður greiðslustaður. Lögin gætu því í raun og veru átt við um alla víxla, en það var eigi til þess ætlazt, er lögin voru sett, heldur að þau tækju aðeins til þeirra víxla, þar sem greiðslustaðurinn er sérstaklega tilgreindur, en ekki til hinna, þar sem hann aðeins er nefndur í sambandi við nafn greiðanda, og þannig hafa lögin jafnan verið skilin. En að byggja mismunandi réttarfarsreglur á þessu, virðist vera ástæðulaust. Í sambandi við endurskoðun víxill. þótti því rétt að breyta þessu og heimila að höfða og reka öll víxil- og tékkamál á greiðsluvarnarþinginu. Ákvæði 2. gr. um stefnufresti er í sömu átt og ákvæði 5. og 6. gr. víxilmálal. um aðra fresti í þeim málum.

Ed. 234. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 62, 8. sept. 1931 [Laun embættismanna].

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég legg til, að frv., sem felur það í sér, að núgildandi ákvæði um dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkissjóðs haldist óbreytt árið 1934, verði samþ. Tel ég sérstaklega ósanngjarnt að fella uppbót þessa niður að nokkru eða öllu leyti sakir þess, að niðurfærslan mundi eingöngu koma niður á þeim starfsmönnum, sem taka laun eftir launalögum, en ekki á þeim fjölda starfsmanna, sem nú taka laun eftir stjórnarákvörðun, og þau yfirleitt miklu hærri en hinir, sem uppbótar njóta.

Alþingi, 22. marz 1933.

Jón Þorláksson.

Nd. 235. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 23, 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr.

Á eftir orðunum „Lög þessi öðlast þegar gildi“ komi: og gilda til ársloka 1935.

Alþingi, 22. marz 1933.

Bergur Jónsson, form.	Guðbr. Ísberg, fundaskrifari.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.
Steingr. Steinþórsson.		Sveinbjörn Högnason.

Nd. 236. Nefndarálit

um frv. til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og telur rétt, að það verði samþ.

Breytingartill. þm. Ísaf. á þskj. 62 hafa verið bornar undir nefndina, og er hún þeim samþykk.

Alþingi, 22. marz 1933.

Bergur Jónsson, form.	Guðbr. Ísberg, fundaskrifari.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.
Steingr. Steinþórsson.		Sveinbjörn Högnason.

Ed. 237. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 20, 27. júní 1925, um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 23. marz 1933.

Páll Hermannsson, form.	Jón Jónsson, frsm.	Pétur Magnússon, fundaskr.

Ed. 238. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað orðanna „og er þá félagið löglega stofnað“ í lok 2. gr. komi: og skal leita staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á þeim.

2. gr.

3. gr. B. orðist þannig:

Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

3. gr.

3. gr. C. orðist þannig:

Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Lán þessi ábyrgist ríkissjóður. Lánin má taka í erlendri mynt. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 4. gr. í þeim flokki. Ekki mega vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

4. gr.

Orðin „með tveggja til fjögurra herbergja íbúðum, auk eldhúss og geymslu“ í 6. gr. A. falli burt.

Í þess stað komi: og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum.

5. gr.

Ríkisábyrgðin fyrir lánum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að fyrsti veðréttur að viðbættri ríkisábyrgð nemi ekki hærri upphæð en 15 þús. kr. fyrir hverja einstaka íbúð.

Nd. 239. Frumvarp

til laga um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Um stjórn vitamála.

1. gr.

Ráðherra hefir með höndum yfirstjórn allra vitamála í landinu.

2. gr.

Konungur skipar vitamálastjóra, er stjórni framkvæmdum allra vitamála landsins og sé ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að vita- og hafnamálum.

3. gr.

Vitamálastjóri hefir með höndum undirbúning að og yfirstjórn við byggingu nýrra vita og gerð nýrra sjómerkja, umsjón með allri starfrækslu vita ríkisins og sjómerkja, svo og umsjón og eftirlit með vitum og sjómerkjum, sem hafnarstjórnir, sveitarstjórnir eða einstakir menn byggja eða setja upp, sbr. lög nr. 23 11. júlí 1911, lög nr. 43 14. júní 1929 og lög nr. 16 14. júní 1929.

Ennfremur má fela vitamálastjóra undirbúning, framkvæmd og eftirlit með öllum hafnarmannvirkjum, bryggjugerðum og lendingabótum, sem gerðar eru að öllu eða nokkru leyti fyrir fé ríkissjóðs eða með styrk af því.

Nánari ákvæði um starf vitamálastjóra setur ráðherra í erindisbréfi.

4. gr.

Um laun vitamálastjóra fer eftir launalögum. Í fjárlög skal árlega taka upp fjárveitingu til greiðslu á skrifstofukostnaði hans.

5. gr.

Ráðherra skipar vitaverkfræðing til aðstoðar vitamálastjóra. Um laun hans fer eftir launalögum.

6. gr.

Ráðherra skipar vitaverði að fengnum tillögum vitamálastjóra, með þeim kjörum, sem ákveðin eru í launalögum eða í fjárlögum.

7. gr.

Vitamálastjóri gerir árlega, í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík og forseta Fiskifélags Íslands, tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála. Skal það gert svo snemma, að ríkisstjórnin geti haft þær tillögur til hliðsjónar, er frv. til fjárlaga er samið.

II. KAFLI.

Um byggingu vita og sjómerkja.

8. gr.

Verja skal árlega, ef ástæður ríkissjóðs leyfa, álíka upphæð til vitamála og vitagjaldi nemur, meðan stendur á byggingu vita þeirra, er ræðir um í 9. gr., ennfremur ef þurfa þykir til sjómerkja, sbr. 11. gr.

9. gr.

Ráðherra lætur reisa vita þá, sem taldir eru hér á eftir, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum og aðrar ástæður leyfa:

Á Þjófakletti í Borgarfirði		ljósviti
– Borgareyjum		—
– Rauðanesi		—
– Hjörtsey á Mýrum		—
– Búðarhrauni		—
– Stórfiskaskeri við Hagabót		—
– Bjargtöngum	stækkun	ljósvita
– —		radioviti
– Vatneyri við Patreksfjörð		ljósviti
– Álftamýri við Arnarfjörð		—
– Þingeyri við Dýrafjörð		—
– Fjallaskaga við Dýrafjörð		—
– Flateyri við Önundarfjörð		—
– Gelti í Önundarfirði		radioviti
– —		hljóðviti
– Óshólum í Bolungavík		ljósviti
– Æðey		—
– Sléttaeyri í Jökulfjörðum		—
– Aðalvík		—
– Hornbjargi		radioviti
– —		hljóðviti
– Munaðarnesi		ljósviti
– Krossnesi		—
– Kaldrananesi		—
– Kjörseyri við Hrútafjörð		—
– Ánastaðabökkum		—
– Skagagrönd		—

Á Kálfshamarsnesi	stækkun	ljósvita
– Skagatá	stækkun	—
– Reykjadisk á Skagafirði		ljósviti
– Hegranesi		—
– Straumnesi eða Málmey		—
– Sauðanesi við Siglufjörð		—
– — — —		hljóðviti
– Siglunesi		radioviti
– Grímsey		ljósviti
– Húsavíkurhöfða		—
– Snartastöðum		—
– Hjálmarsnesi við Þistilfjörð		—
– Svínalækjartanga		—
– Langanesi	stækkun	ljósvita
– —		radioviti
– —		hljóðviti
– Digranesi		ljósviti
– Kolbeinstanga í Vopnafirði		—
– Glettinganesi		hljóðviti
– Hellisnesi við Norðfjörð		ljósviti
– Grímutanga við Reyðarfjörð		—
– Selnesi		—
– Seley		—
– —		radioviti
– —		hljóðviti
– Hvalsnesi		ljósviti
– Stokknesi		radioviti
– Hestgerði		ljósviti
– Ingólfshöfða	stækkun	ljósvita
– Stórhöfða	—	—
– Faxaskeri		ljósviti
– Loftsstaðahól		—
– Hafnarnesi við Þorlákshöfn		—
– Reykjanesi		radioviti
– —		hljóðviti
– Gróttu		radioviti
– —		hljóðviti

10. gr.

Vitar þeir, sem taldir eru í 9. gr. skulu byggðir í þeirri röð, sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum vitamálastjóra.

Eftir tillögum vitamálastjóra er ráðherra og heimilt að breyta legu vita þessara, ef það þykir hentugt eftir nánari rannsóknir á þeim svæðum, sem vitunum er ætlað að ná til.

11. gr.

Eftir tillögum vitamálastjóra (sbr. 7. gr.) getur ráðherra, eftir því sem vitafé er fyrir hendi, látið setja upp ný sjómerki og leggja út ný dufl, svo og bæta eldri vita og önnur mannvirki, sem ætluð eru sjófarendum til öryggis.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Nd. 240. Frumvarp

til laga um eignarnámsheimild á landi við Skerjafjörð.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Magnús Jónsson, Pétur Halldórsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að láta taka eignarnámi um 80 hektara landsvæði, sem liggur suðvestan í og vestan við Öskjuhlíð hér í bænum, en landsvæði þetta er nú þinglesin eign The Harbours and Piers Association.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í landi því, sem hér um ræðir, liggur hin svonefnda Nauthólsvík, og önnur vík er og í strandlengjunni í þessu landsvæði, en báðar þessar víkur eru mjög vel fallnar til sjóbaða. Eins og nú er komið hefir Reykjavíkurbær engan viðunandi stað til sjóbaða. Úti í Effersey er golusamt og sjórinn talsvert óhreinn vegna rennslis úr innri höfninni. Sjórinn við ströndina inn með Laugarnesi er og óhæfur til sjóbaða, en útfiri svo mikið í Kleppsvíkinni, að erfitt er um sjóböð þar.

Tvær umræddar víkur í strandlengjunni við Skerjafjörðinn eru langbeztu og nálægustu staðirnir til sjóbaða, enda hafa Reykvíkingar sótt þangað til sjó- og sólbaða í hundraða tali undanfarin sumur, og fer það hraðvaxandi með hverju ári. Suðvesturhluti Öskjuhlíðarinnar liggur í þessu umrædda landsvæði, og er þar víða mjög skjólasamt og tilvalið svæði til útiveru á sumrum.

Reykjavík er það því mikil þörf að fá landsvæði þetta til afnota til útiveru fyrir bæjarbúa og sól- og sjóbaða, þegar þannig viðrar á sumrum.

Íþróttafélög bæjarins hafa lagt mikla áherzlu á, að bærinn fengi landsvæði þetta til umráða, og hefir Í. S. Í., samkvæmt áskorun frá öllum íþróttafélögum og skólum bæjarins, ritað bæjarstjórn Reykjavíkur bréf fyrir meira en ári síðan og í því skorað mjög eindregið á bæjarstjórn Reykjavíkur að koma því til leiðar, að bærinn fengi umráð yfir þessu landi.

Það kann að þykja vafasamt, að bærinn hafi þörf fyrir allt þetta land í þeim tilgangi, sem að framan greinir. En því er nú til að svara, að um leið og nota á sjóinn undan landi þessu til sjóbaða verður að fyrirbyggja, að byggt verði á landinu í grenndinni með skolpræsum út í sjóinn rétt hjá baðstaðnum.

Ennfremur er Reykjavík í aðkallandi þörf fyrir ræktanlegt land í námunda við bæinn.

Þess má geta að lokum, að landsvæðið er nú í eign útlends félags, svo sem 1. gr. segir. Félag þetta hefir ekki, samkvæmt landslögum, heimild til að eiga landið. Það hefir aldrei verið hirt um land þetta til ræktunar, heldur hefir það verið notað til hagbeitar undanfarin ár.

En Reykjavík er, svo sem áður segir, í aðkallandi þörf fyrir þetta óræktaða og ónotaða land.

. Samþykkt var á bæjarstjórnarfundi Reykjavíkur 16. þ. m. að fela bæjarráðinu að koma þessu máli á framfæri við Alþingi, og er frv. flutt samkvæmt tilmælum þaðan.

Ed. 241. Frumvarp

til laga um verzlunar- og siglingasamninga.

Flutningsm.: Jón Þorláksson.

1. gr.

Þau lönd, sem samkvæmt gildandi verzlunar- og siglingasamningum láta Ísland njóta beztu kjara hjá sér, skulu hér á landi njóta þeirrar aðstöðu um aðflutningsgjöld af vörum, sem flytjast hingað frá þeim löndum, og um skipagjöld af skipum, sem þar eru skrásett og sigla undir fána þeirra, svo og um önnur slík gjöld, að þau verði innheimt með þeirri upphæð einungis, sem tilgreind er í gildandi íslenzkum lögum, reglugerðum og gjaldskrám.

Sömu aðstöðu er íslenzku stjórninni heimilt að veita með samningi eða á annan hátt þeim löndum, er samkvæmt gildandi verzlunar- og siglingasamningum láta Ísland njóta slíkra kjara, sem íslenzka stjórnin telur eigi óhagstæðari fyrir Ísland en almenn beztu kjara ákvæði.

2. gr.

Nú eru eigi gildandi verzlunar- og siglingasamningar við eitthvert land með þeim hætti, er segir í 1. gr., og skal þá innheimta og greiða öll gjöld, er um getur í 1. gr., af vörum, sem flytjast hingað frá því landi, og af skipum, sem skrásett eru í því landi og sigla undir fána þess, með þrefaldri þeirri upphæð, sem tilgreind er í íslenzkum lögum, reglugerðum og gjaldskrám.

3. gr.

Nú standa yfir málaleitanir um nýja verzlunar- og siglingasamninga, þegar svo er ástatt, sem segir í 2. gr., og er íslenzku stjórninni þá heimilt að ákveða, að

umrædd gjöld skuli innheimta og greiða samkvæmt ákvæðum 1. gr., meðan þær málaleitanir standa yfir, þó aldrei lengur en 4 mánuði frá því, er byrja bar að innheimta og greiða gjöldin með þrefaldri upphæð samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð þau ákvæði, er þurfa þykir, vegna framkvæmdar þessara laga, svo sem um upprunavottorð og um meðferð á gegnumfluttum vörum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verzlunar- og siglingasamningar þeir, sem í gildi eru milli Íslands og annara landa, munu af Íslands hálfu allir vera byggðir á beztu kjara reglunni. Hinsvegar vantar alveg í íslenzka löggjöf ákvæði um það, hverra kjara þau lönd skuli njóta um viðskipti sín hér á landi, sem ekki búa við slíka samninga gagnvart oss. Í framkvæmdinni hafa allir hingað til notið hér beztu kjara, hvort sem samningar stóðu til eða ekki.

Þetta ástand gerir aðstöðu íslenzku stjórnarinnar og samningamanna hennar í samningum við aðrar þjóðir óhæfilega veika, og hefir þetta að mínu áliti komið afarberlega í ljós í málaleitunum þeim um endurnýjun verzlunar- og siglingasamnings við Noreg, sem yfir stóðu árið sem leið. Virðist því nauðsyn að fyrirbyggja það með viðeigandi lagaákvæðum, að það komi fyrir oftar, að vér getum ekki notið þeirrar aðstöðu í slíkum samningum gagnvart öðrum þjóðum, sem eðlileg er eftir verzlunarviðskiptum vorum við þær.

Hjá öðrum þjóðum er það alsiða nú á tímum að hafa tvo eða þrjá mismunandi taxta á tollum og gjöldum, og gildir þá lægsti taxtinn venjulega fyrir þá eina, sem njóta beztu kjara samkvæmt gildandi samningum. Hér er stungið upp á að gera taxtana einungis tvo, og virðist að svo stöddu mega bjargast við það.

Ed. **242. Breytingartillögur**

við frv. til laga um virkjun Efra-Sogsins.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
   Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að reisa og reka raforkustöð við Sogið, til þess að vinna úr því o. s. frv.
2. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
   Ríkisstjórnin lætur á árunum 1933 og 1934 gera þær umbætur á vegum, er nota þarf vegna flutninga og aðdrátta við virkjunina. Til þessara

umbóta leggur Reykjavíkurbær fram helming kostnaðar, og telst hann með kostnaði við byggingu orkuversins og greiðist jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Verði orkuverið reist við Efra-Sogið, má ennfremur telja með kostnaði kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra-Sogi, sem Reykjavíkurbær hefir keypt af eigendum Úlfljótsvatns. Þurfi vegna virkjunarinnar að gera brú á Efra-Sogið og veg frá henni vestan árinnar, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins.

3. Við 6. gr. Í stað „Efra-Sogi“ í 2. málslið komi: Sóginu.
4. Við 7. gr.
   a. Síðasta málslið 1. málsgr. skal orða svo:
      Verði orkuverið reist við Efra-Sogið, skal með kostnaði við fyrstu aukningu samkvæmt þessari grein telja vatnsréttindi í Efra-Sogi fyrir landi Kaldárhöfða, með sömu upphæð og áðurnefnd vatnsréttindi fyrir landi Úlfljótsvatns.
   b. Í stað „Efra-Sogi“ í síðustu málsgrein komi: Soginu.
5. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til laga um virkjun Sogsins.

Ed. 243. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykktir um mat á heyi til sölu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. marz 1933.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Pétur Magnússon, fundaskr.	Jón Jónsson.

Nd. 244. Nefndarálit

um frv. til laga um bann við því, að bankar og aðrar lánstofnanir greiði hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands ákveður.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Fyrri málsl. orðist svo:
   Bankar, sparisjóðir eða aðrar stofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðs-

starfsemi eða til að taka á móti innlánsfé til ávöxtunar, mega ekki greiða hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir.
2. Við 4. gr. Fyrir „kann“ komi: kunna.
3. Við fyrirsögn frv. Fyrir „ákveður“ komi: greiðir.

Alþingi, 22. marz 1933.

H. Stefánsson, form. Bernh. Stefánsson, frsm. Jón A. Jónsson, fundaskr.
Hannes Jónsson. Ólafur Thors.

Ed. **245. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að gera tillögur um kaup hins opinbera á jarðeignum þeim, sem nú eru einkaeign.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna milliþinganefnd til þess að gera tillögur um kaup hins opinbera á jarðeignum, sem nú eru einkaeign, fyrir hvaða verð þær skuli keyptar og hvernig andvirði jarðanna skuli innt af hendi.

Nefndarmenn skulu skipaðir þannig, að stjórn Alþýðusambands Íslands og stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefna sinn manninn hvor, en ríkisstjórnin hinn þriðja, og er sá formaður nefndarinnar.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Alþýðuflokkurinn hefir frá upphafi fylgt þeirri stefnu, að bæjarfélög eignist landið, er bæirnir standa á og umhverfis þá, og að landið sé síðan selt á leigu með hæfilegum kjörum og leiga eftir lóðir og lönd ákveðinn hundraðshluti af verði þeirra, en mat á þeim fari fram með nokkurra ára millibili.

Í samræmi við þetta hefir Alþýðuflokkurinn einnig ávallt haldið því fram, að hið opinbera skuli eiga allar jarðir á landinu, en bændum sé tryggður afnotaréttur jarðanna fyrir hæfilegt eftirgjald eða leigu.

Fyrir landskjörið 1930 rökræddu jafnaðarmenn þessa tillögu um opinbera eign á jörðunum á nokkrum þingmálafundum, og fékk hún mjög ómilda dóma í blöðum íhaldsfólksins, og var þá kölluð þar „jarðránskenningin“. En við umræður þær, er síðar hafa komið fram, hefir málinu stóraukizt fylgi, eins og jafnan verður um góð mál, að fylgi þeirra eykst við íhugun og umræður.

Nú í kreppunni hefir málinu stórlega aukizt fylgi meðal bænda, sem margir telja sér hagkvæmast, að ríkið eða hið opinbera eigi jarðirnar. Hefir mál þetta

verið nú til umræðu á mörgum þingmálafundum í sveitum og víða átt fylgi að fagna. Og úr því þetta mál er komið á dagskrá hjá bændunum sjálfum og margir þeirra telja þetta hagkvæmt, þá líður naumast á löngu þangað til meiri hluti bænda hnígur að þessu ráði. Það, sem erfiðast er að ráða fram úr í sambandi við kaup hins opinbera á jörðunum er það, hvernig kaupverðið skuli innt af hendi. Í umræðum um þetta mál hafa að vísu verið uppi tillögur í þessa átt, og eru sumar þeirra líklegar til úrlausnar. En af því að þetta er umsvifamikið og vandasamt, er stungið upp á því, að skipa milliþinganefnd til þess að gera tillögur um kaup hins opinbera á jarðeignum, sem nú eru einkaeign, fyrir hvaða verð þær skuli keyptar og hvernig andvirðið skuli innt af hendi.

Verður að þessu nánar vikið í framsögu málsins.

Ed. 246. Lög

um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

(Afgreidd frá Ed. 24. marz).

1. gr.

Upphaf 13. gr. laganna orðist svo:

Heilsuhælislæknarnir á Vífilsstöðum og í Kristnesi o. s. frv.

2. gr.

Aftan við sömu grein bætist:

Aldursuppbót núverandi heilsuhælislæknis í Kristnesi miðast við þann tíma, er hann tók við forstöðu hælisins, 1. október 1927.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Nd. 247. Lög

um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

(Afgreidd frá Nd. 24. marz).

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar, og í Reykjavík lögmaður, skulu þegar eftir að lög þessi öðlast gildi gera skrá, hver fyrir sitt umdæmi, um þau þinglýst veðbréf í fasteignum, sem dagsett eru fyrir 1. janúar 1905 og ekki hafa verið afmáð úr veðmálabókunum.

Í skrár þær, sem um er getið í 1. málsgr., skal þó ekki taka þau fasteigna-

veðsbréf, er standa skulu um aldur og æfi eða alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma svo langan, að þau hafi ekki átt að vera greidd að fullu fyrir 1. janúar 1930.

2. gr.

Þegar skrár þær, sem í 1. gr. getur, eru fullgerðar, skal hlutaðeigandi dómari senda eigendum þeirra fasteigna, sem veðsettar eru, og eigendum veðbréfanna fyrirspurn um, hvort veðskuldin muni vera greidd eða ekki.

Nú bera afsals- og veðmálabækur ekki með sér, hver er eigandi fasteignar, og er dómara þá ekki skylt að senda honum fyrirspurn eftir 1. málsgr. þessarar gr., nema hann á annan hátt viti um eigandann. Hið sama er, ef veðbréf sýnir ekki, hver er eigandi þess, eða hann er látinn eða óvíst er um bústað hans eða hann er fluttur af landi burt, eða stofnun á í hlut, sem liðin er undir lok.

3. gr.

Nú berst dómara svar eða svör við fyrirspurn, sem hann hefir sent samkvæmt 2. gr., og skal hann þá, ef það eða þau að áliti hans sýna, að veðbréf það, sem við er átt, sé ekki greitt að fullu, gera athugasemd um þetta í veðmálabókina, þar sem veðbréfið er skráð, og í fasteignaskrána. Jafnframt gerir hann athugasemd um þetta í skrá þá, sem í 1. gr. getur.

4. gr.

Nú eru liðnir 4 mánuðir frá því fyrirspurnir þær, sem um er rætt í 2. gr., voru sendar, og skal þá dómari gefa út opinbera stefnu í samræmi við reglurnar um ógildingu viðskiptabréfa með dómi, til ógildingar þeirra veðbréfa, sem í skrá eru tekin samkvæmt 1. gr. og ekki falla burt eftir reglum 2. og 3. gr. Stefna skal í einni stefnu í lögsagnarumdæmi hverju, og birtir dómari stefnuna þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Fyrir birtinguna greiðist ekkert gjald.

Stefnur samkvæmt þessari gr. skal birta fyrir 1. apríl 1934.

5. gr.

Þau mál, sem 4. gr. ræðir um, skulu rekin fyrir aukarétti, þar sem dómari er búsettur. Réttargjöld greiðast ekki í þeim málum.

6. gr.

Nú gefur einhver sig fram á þeim degi, sem til er tekinn í stefnunni, eða áður, og færir þær líkur eða sannanir, er dómari tekur gildar, fyrir því, að það veðskuldabréf, sem um ræðir, sé ekki að fullu greitt, og fellur þá málið niður, að því leyti sem það bréf snertir, en dómari gerir athugasemd í veðmálabók um þetta eftir reglum 3. gr.

7. gr.

Nú gefur einhver sig fram og skýrir frá, að umstefnt veðskuldabréf sé enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur, ekki styttri en 1 mánuður og ekki lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnur á það, að eigandi hinnar veðsettu eignar kannist við veðskuldbindinguna eða

að veðhafi hafi undirbúið málssókn til ógildingar bréfinu. Ef veðhafi gerir hvorugt, fer um bréfið eins og segir í 8. gr., en kannist eigandi fasteignarinnar við veðskuldbindinguna, fer um það eftir 6. gr., ella skal bíða dóms í hinu nýja máli, og fer þá um bréfið eftir úrslitum hans.

8. gr.

Um þau veðskuldabréf, sem enginn gefur sig fram sem eigandi að í síðasta lagi á þeim degi, er stefna tilgreinir, skal með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókum, og skal það síðan gert ókeypis og vísað til heimildar í dóminum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 248. Þingsályktun

um útborgun á launum embættismanna.

(Afgreidd frá Nd. 24. marz).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta greiða laun þeirra embættis- og starfsmanna ríkisins, sem utan Reykjavíkur búa og þess óska, inn á reikning þeirra í Landsbanka Íslands.

Ed. 249. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um manntal í Reykjavík.

Flutningsm.: Jakob Möller.

Störf þau, sem lögreglustjóranum í Reykjavík eru falin í lögum nr. 18, 13. sept. 1901, skulu hér eftir falin borgarstjóranum í Reykjavík.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk bæjarráðsins í Reykjavík, sem óskar eftir því, að vinnan við hið árlega manntal í Reykjavík verði framvegis unnin í skrifstofu borgarstjóra. Kostnaður allur við þetta er hvort sem er greiddur úr bæjarsjóði, og í framkvæmdinni hefir ekki orðið komizt hjá því að láta talsverðan hluta vinnunnar fara fram í skrifstofu borgarstjóra. Þykir hentugra að safna allri vinnunni á einn stað, og auk þess vakir sú hugsun fyrir bæjarráðinu, að manntalsskrifstofan geti þá jafnframt orðið vísir að hagstofu fyrir bæjarmálefnin sérstaklega.

Nd. 250. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 1, 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Minni hlutinn (JAJ og ÓTh) vill samþykkja það, en meiri hl. (HStef, BSt og HJ) telur nauðsyn bera til að hafa sterkar hömlur á innflutningi ónauðsynlegra vara, til að tryggja það, að ekki verði skortur á erlendum gjaldeyri til greiðslu á þeim vörum, sem landsmönnum eru nauðsynlegastar.

Í greinargerð frv. er bent á það, að hætta geti stafað af of örum innflutningi, ef innflutningshöftunum væri af létt. Þetta er vitanlega rétt, og verður því um leið og slíkt spor er stigið að gera ráðstafanir til að hindra allt of öran innflutning óþarfa varnings, t. d. með háum verðtolli, meðan jafnvægi væri að komast á innflutninginn.

Flm. frv. hefir ekki komið með neinar tillögur í þessa átt. Enda er sennilegt, að stjórnin þyrfti að athuga þetta mál rækilega áður en borið yrði fram frv. um afnám þessara laga, eða áður en reglugerð nr. 102 frá 23. okt. 1931 yrði numin úr gildi.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 23. marz 1933.

H. Stefánsson, form.	Hannes Jónsson, frsm. meiri hl.	Bernh. Stefánsson.

Nd. 251. Breytingartillaga

við frv. til laga um happdrætti fyrir Ísland.

Frá Jónasi Þorbergssyni.

1. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Þegar nægilegs fjár hefir verið aflað til þess að reisa hús handa háskólanum, skal ríkið taka happdrættið í sínar hendur og reka það á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.
   Hreinum ágóða af happdrættinu skal varið til þess að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ályktun á fundi í sameinuðu þingi í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar, eftir því sem til vinnst og þörf krefur.
2. Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Ed. 252. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 32 frá 1931, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Frvgr. verði 1. gr. og orðist svo:
   a. Á eftir orðunum „taka þátt í sameiginlega kostnaðinum, sbr. 3. gr.“ í 1. mgr. 7. gr. laganna komi: og má taka hið niðurjafnaða gjald lögtaki.
   b. Orðin „nema hálfan“ í 2. mgr. sömu greinar falli niður.
2. Á eftir komi tvær greinar, sem verði 2. og 3. gr., svo hljóðandi:
   a. (2. gr.). Á eftir orðunum „lög nr. 19, 15. júní 1926“ í 89. gr. komi: lög nr. 27, 7. maí 1928.
   b. (3. gr.). Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 24. marz 1933.

Páll Hermannsson, form.	Pétur Magnússon, fundaskr.	Jón Jónsson, frsm.

Nd. 253. Frumvarp

til laga um ríkisábyrgð vegna bæjarútgerðar Reykjavíkur.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast allt að 2½ millj. kr. lán til Reykjavíkurkaupstaðar til byggingar og kaupa fimm til tíu togara.

2. gr.

Ríkisábyrgðin má ekki nema meiru en ⅔ hlutum kaupverðs togaranna útbúinna til veiða, og skal, auk ábyrgðar Reykjavíkurkaupstaðar, vera tryggð með veðrétti í skipunum, eða ekki lakara fasteignaveði.

3. gr.

Ríkisábyrgðin skal bundin við það, að bærinn eigi skipin og reki útgerð þeirra.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar.

Greinargerð.

Það horfir til stórvandræða út af hinu stöðuga atvinnuleysi í Reykjavík, sem er jafnvel um hábjargræðistímann, vertíðina, svo mikið, að hundruð manna ganga atvinnulaus. Stór þáttur í þessu er minnkandi útgerð í bænum, og hefir sú stefna almennt fylgi meðal bæjarbúa, að öflugasta ráðstöfunin til þess að auka atvinnuna sé, að bærinn sjálfur takist á hendur togaraútgerð. Bæjareignin og bæjarreksturinn á togurunum tryggi það, að útgerðin haldist í bænum, bæjarbúar njóti atvinnunnar af henni og hægt sé að hafa hagkvæma tilhögun á öllu. Á bæjarstjórnarfundi 3. nóv. 1932 var samþykkt svofelld tillaga:

„Bæjarstjórn ákveður að fela bæjarráðinu að rannsaka, hvað 5—10 góðir togarar, sem væru keyptir nú, myndu kosta, og fyrir hvaða verð sama tala skipa fáist smíðuð, og séu þau öll með nýjasta útbúnaði, miðunartækjum, bergmálsdýptarmæli o. s. frv. Sé jafnframt rannsakað, hvort heppilegra myndi að nota gufuvélar eða dieselvélar í togurum hér við land. Bæjarráðið rannsaki einnig, hvar heppilegast myndi að hafa bækistöð 5—10 togara, er bærinn ræki".

En án ríkisábyrgðar er vonlítið að leita kaupa togara með hæfilegum gjaldfresti og kjörum.

Ed. 254. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 79 14. nóv. 1917 komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskipti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sé þar seldur.

Þá er og bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum. Til að tryggja vinnutíma sendisveina má í samþykkt meðal annars ákveða, að útsendingu á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skuli lokið eigi síðar en einni klukkustund fyrir lokunartíma. Heimilt er að ákveða vinnutíma sendisveina misjafnlega stuttan, eftir aldri þeirra.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 12 7. maí 1928, um viðauka við lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir verið flutt á undanförnum þingum með svolátandi greinargerð:

„Samkvæmt heimild í lögum frá 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, hafa bæjarstjórnir í kaupstöðum gert samþykktir, sem takmarka vinnutíma verzlunarfólks. Áður voru engin lög til um þetta og ekkert því til fyrirstöðu, að búðir væru opnar frá því kl. 6 á morgnana til kl. 12 á kvöldin, enda þekktust þess dæmi. Má geta nærri, hvert slit það hefir verið á verzlunarfólki að hafa svo langan vinnudag, og það alveg að óþörfu, því verzlunin varð eigi meiri, þótt lengi væri opin búð.

Með viðauka við þessi lög, er samþ. var á Alþingi 1928, hið svonefnda „rakarafrv.“, sem frægt er orðið, var heimildin látin ná til sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eru seldar, og til vinnustofa, er hafa viðskipti við almenning, og hafa bæjarstjórnir einnig sett reglur um lokunartíma samkvæmt þessum viðauka við lögin.

Sá viðauki við lögin, sem þetta frv. felur í sér, heimilar bæjarstjórnum að takmarka vinnutíma sendisveina. Það er sem sé alkunnugt, að þótt lokun búða og vinnustofa sé nú ákveðin, þá losnar ekki starfsfólk verzlana að jafnaði þá þegar. Þá er venjulega mikið starf eftir; jafnvel má segja, að þá fyrst byrji í alvöru vinnudagur sendisveinanna, enda er ekki óalgengt að sjá þá vera að flytja vörur heim til kaupenda fram yfir miðnætti. Hvílík áníðsla þetta er á sendisveinum, þarf eigi að lýsa, eða óþægindi fyrir aðstandendur þeirra, að þurfa að bíða eftir því fram eftir allri nóttu, að þeir komi heim frá starfi. En þetta verður ekki lagað nema með því, að settar séu reglur um vinnutíma þeirra. Í viðbótinni við lögin, sem hér er flutt, er bæjarstjórnum heimilað að setja í samþykkt, að vörur frá verzlunum verði eigi sendar heim til kaupenda lengur dags en svo, að ein klukkustund sé til lokunartíma. Ef kaupendur vara vissu það, að þeir fengju vörur eigi heimsendar eftir tiltekinn tíma dagsins, þá mundi ekki ske annað en það, að þeir gerðu innkaup í verzlunum fyrr dags en nú er gert. Því þetta sleifarlag, sem nú er, býður þeim beinlínis upp á að draga fram að lokunartíma kaup sín. Því alltaf er hægt að síma í kaupmanninn og fá vöruna senda heim.

Er því meiri þörf á að setja um þetta reglur að opinberri tilhlutun sem sendisveinarnir eru algerlega varnarlausir fyrir þeirri áníðslu, sem þeir eru ofurseldir undir þessu fyrirkomulagi.

Í fv. eru ekki settar neinar ákveðnar reglur um það, hve langur skuli vera vinnutími sendisveina; það er bæjarstjórnum ætlað að gera. En í frv. er heimild til þess að ákveða vinnutíma í flokkum, misjafnlega langan eða stuttan, eftir aldri sendisveinanna“.

Nd. **255. Frumvarp**

til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til stofnunar íslenzks happdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 25000, er skiptist í 10 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk á mánuði hverjum, nema janúarmánuð og febrúarmánuð, dráttur fyrsta flokks í marzmánuði og tíunda flokks í desembermánuði.

b) Iðgjald fyrir heilan hlut skal vera 60 kr. fyrir alla 10 flokka, en 6 kr. í hverjum flokki. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og hálfu og ennfremur skipta þeim í fjórðunga, ef reynslan sýnir, að það sé hentugra.

c) Vinningarnir skulu vera samtals 5000 og nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 10 flokkum.

d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skulu að minnsta kosti 2 nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.

e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita til 10 ára, frá 1. jan. 1934 að telja, og skal ágóðanum varið til þess að reisa hús handa háskólanum, enda greiði leyfishafi í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Þegar nægilegs fjár hefir verið aflað til þess að reisa hús handa háskólanum, skal ríkið taka happdrættið í sínar hendur og reka það á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Hreinum ágóða af happdrættinu skal varið til þess að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ályktun á fundi í sameinuðu þingi í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar, eftir því sem til vinnst og þörf krefur.

3. gr.

Frá því er happdrættið tekur til starfa er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá, að viðlögðum sektum, 200—2000 kr. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerða-

skyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir einn bæ eða sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

4. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins, nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð, að viðlögðum sektum, er nánar má ákveða í reglugerð.

5. gr.

Ekki skal taka tillit til vinninga í happdrættinu við útreikning tekjuskatts eða aukaútsvars það ár, sem vinningarnir falla.

6. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð um starfsemi happdrættisins í einstökum atriðum, og má í henni ákveða sektir fyrir brot. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934, og skal fyrsti dráttur fara fram í marzmánuði það ár.

Nd. 256. Frumvarp

til laga um breyt. á jarðræktarlögunum, nr. 43 20. júní 1923.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson.

Niðurlag 2. gr., orðin „meiri hluta í stjórn þess“ o. s. frv., falli burt.

Í þeirra stað komi: annan endurskoðanda að reikningum félagsins og varamann hans.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir verið borið fram á undanförnum þingum og rætt mikið, svo að þingmönnum mun kunnugt um tilgang þess. Það er nú fram borið eftir ósk yfirstandandi búnaðarþings.

Nd. 257. Nefndarálit

um till. til þingsályktunar um björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum á Faxaflóa. (Þingskj. 123).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Eins og kunnugt er, hefir ríkisstjórnin talið sig tilneydda vegna fjárskorts að draga nokkuð úr landhelgisgæzlunni á þann hátt, að láta strandvarnarskipin

annast landhelgisgæzluna til skiptis meginhluta síðastliðins árs, og má búast við, að til þess þurfi einnig að grípa af fjárhagsástæðum á yfirstandandi ári. Þess vegna sér nefndin sér ekki fært að leggja til, að kvaðir þær, sem um getur í þingsályktunartillögunni, verði lagðar á landhelgisgæzluna. Hinsvegar vill nefndin leggja áherzlu á það, að ríkisstjórnin reyni að haga landhelgisgæzlunni þannig, að sem mest gagn geti orðið að henni til eftirlits og björgunarstarfsemi vegna fiskiflotans.

Leggur nefndin því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin hagi landhelgisgæzlunni þannig, að hún jafnframt geti orðið að sem mestu liði í eftirlits- og björgunarstarfsemi vegna fiskibátaflota landsmanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. marz 1933.

Sveinn Ólafsson, form. Bjarni Ásgeirsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.
Ólafur Thors, með fyrirv. Bergur Jónsson.

Nd. 258. Nefndarálit

um till. til þingsályktunar um björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum á Vestfjörðum. (Þingskj. 144).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Með skírskotun til nefndarálits um till. til þingsályktunar um björgunarstarf og eftirlit með fiskibátum á Faxaflóa leggur nefndin til, að máli þessu verði vísað til stjórnarinnar.

Alþingi, 25. marz 1933.

Sveinn Ólafsson, form. Bjarni Ásgeirsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.
Bergur Jónsson. Ólafur Thors.

Nd. 259. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 23, 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi svo hljóðandi grein, er verður 2. gr.:

Ennfremur skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, til þess að standa straum af útgjöldum kaupstaðarins, heimilt að leggja á vörur, sem fluttar verða til og frá Vestmannaeyjum, sérstakt vörugjald, er nemi allt að 50% af vörugjaldi til Vestmannaeyjahafnar eins og það er á hverjum tíma, og skal um upphæð gjaldsins og innheimtu ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórn semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir.

Gjald þetta má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að vörur megi ekki afhenda eða afgreiða til útflutnings, nema sýnd sé kvittun fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1935.

Nd. 260. Frumvarp

til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Það er almenn skylda að gæta sem mestrar varúðar við hverskonar næmum sjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfa sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er og þýðingu hefir.

Læknum og þeim, sem með lækningar fara, svo og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum, er sérstaklega skylt, hverjum í sínum verkahring, að vekja athygli á sýkingarhættum og gefa ráð og leiðbeiningar hér að lútandi.

Skylt er hlutaðeigendum jafnan að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar, viðurkenndar og venjulegar ráðstafanir til varnar gegn sóttnæmisútbreiðslu frá sjúklingi, er hann hefir til meðferðar.

2. gr.

Héraðslæknar skulu, hver í sínu umdæmi, undir umsjón landlæknis og ráðherra, sjá um opinberar varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma samkvæmt lögum þessum. Fari svo, að hlutaðeigandi héraðslæknir geti eigi leyst það starf að hendi, er lög þessi leggja honum á herðar, skal ráðherra sjá um, að einn eða fleiri læknar verði settir honum til aðstoðar.

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar (í Reykjavík lögreglustjóri), hreppsstjórar, svo og sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita héraðslæknum hjálp við framkvæmd hinna opinberu sóttvarna.

Ráðherra gefur út almennar reglur fyrir því, hvernig haga skuli opinberum vörnum gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

3. gr.

Ætíð skal beita opinberum vörnum gegn þessum sjúkdómum: pest, austurlenzkri kóleru, bólusótt, dílasótt, blóðkreppusótt og gulri hitasótt.

Ráðherra getur fyrirskipað, að opinberum vörnum skuli og beita gegn öðrum næmum sjúkdómum, svo sem influenzu, mislingum, skarlatssótt, barnaveiki, kikhósta, taugaveiki, blóðsótt, hettusótt, heilasótt og mænusótt, þegar þessar sóttir eru skæðar, þegar líklegt þykir, að hefta megi hættulega útbreiðslu þeirra með opinberum vörnum en ekki án slíkra varna, eða þegar aðrar sérstaklega knýjandi ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Í hvert sinn er einhver sá sjúkdómur kemur upp, er nefndur er í 1. málsgr. 3. gr., skal hlutaðeigandi héraðslæknir þegar í stað beita hinum almennu sóttvarnarreglum, en tilkynna það landlækni jafnskjótt.

Telji héraðslæknir nauðsyn til bera að beita hinum almennu sóttvarnarreglum að meira eða minna leyti gegn öðrum næmum sjúkdómum samkvæmt 2. málsgr. sömu gr., ber hann málið undir landlækni og bíður fyrirmæla ráðherra. Ef héraðslæknir telur svo aðkallandi að beita hinum almennu sóttvarnarreglum að meira eða minna leyti, að hverskonar töf sé hættuleg, er honum heimilt að gera það til bráðabirgða, án þess að leita til þess heimildar fyrirfram, en tilkynna skal hann landlækni jafnskjótt ráðstafanir sínar.

Um varnir gegn berklaveiki, holdsveiki og kynsjúkdómum fer eftir sérstökum lögum.

5. gr.

Nú hafa verið teknar upp opinberar sóttvarnir samkvæmt lögum þessum, og kveður þá ráðherra nánar á um það, hverjar ráðstafanir skuli gera til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Þegar þau fyrirmæli hafa verið lögð fyrir hlutaðeigandi héraðslækni, hagar hann sóttvörnunum samkvæmt þeim þangað til öðruvísi verður fyrir mælt af ráðherra. Ef héraðslæknir telur nauðsynlegar breytingar á tilhögun sóttvarnanna, leggur hann tillögur sínar þar að lútandi fyrir landlækni og bíður nýrra fyrirmæla ráðherra. Ef héraðslæknir telur breytingarnar svo aðkallandi, að hverskonar töf sé hættuleg, er honum heimilt að framkvæma þær til bráðabirgða, enda séu varnirnar eftir sem áður í samræmi við hinar almennu sóttvarnarreglur, en tilkynna skal hann landlækni jafnskjótt ráðstafanir sínar.

6. gr.

Þegar ástæða er til að ætla, að maður hafi dáið úr einhverjum þeim sjúkdómi, sem annaðhvort er skylt eða nauðsynlegt að beita opinberum vörnum

við samkvæmt lögum þessum, eða hinn dáni er grunaður um að hafa verið smitberi einhvers þess sjúkdóms, getur hlutaðeigandi lögreglustjóri lagt fyrir, að rannsaka skuli parta af líkinu eða jafnvel kryfja það, ef þörf er á til þess, að ákveðið verði, hvort opinberum vörnum skuli beitt.

7. gr.

Eigi má nota farþegaskip, farþegabifreiðar, farþegaloftför eða önnur tilsvarandi fólksflutningatæki til að flytja sjúklinga með sjúkdómum, né smitbera þeirra sjúkdóma, sem skylt er að beita opinberum vörnum við eða opinberum vörnum er beitt við, nema fylgt sé öllum fyrirmælum um flutning slíkra sjúklinga eða smitbera.

Ákvæði þessarar greinar ná jafnan til skarlatssóttar, barnaveiki, taugaveiki og heilasóttar, þó að opinberum vörnum sé ekki beitt gegn útbreiðslu þeirra.

8. gr.

Nú kemur sjúkdómur upp á heimili, eða yfirvofandi er, að hann komi upp á heimili og auðsætt þykir eða líklegt, að sé einhver af þeim sjúkdómum, sem nefndir eru í 3. gr. 1. eða 2. málsgrein, eða vitað er eða grunsamlegt, að einhver heimilismaður sé smitberi einhvers þess sjúkdóms, og skal þá húsráðanda þegar skylt að skýra lækni sínum frá því. Ef læknirinn er ekki hlutaðeigandi héraðslæknir og fellst á, að um slíkan sjúkdóm eða smitbera geti verið að ræða, tilkynnir hann það héraðslækninum. Húsráðanda, sem er fjarri lækni, er og heimilt, ef hann kýs það heldur, að tilkynna sjúkdóminn eða smitberann hreppstjóra eða hreppsnefndarmanni í hreppi sínum, en hann skal þá jafnskjótt láta hlutaðeigandi héraðslækni vita. Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn þeir, er hafa þar húsnæði eða náttstað um stundarsakir, og þeir, er þar eru í fæði. Nú kemur slíkur sjúkdómur eða smitburður upp meðal þeirra, er í nauðungarvist eru á einhverjum stað, eða í sjúkrahúsum, elliheimilum, barnahælum, skólum og líkum stofnunum, og er þá forstöðumanni eða forráðamanni skylt að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn eða smitburðurinn upp á skipi eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal skipstjóri eða formaður skýra frá því.

Starfandi læknum er sérstaklega skylt að hafa vakandi auga á næmum sjúkdómum, er ástæða gæti verið til að beita opinberum vörnum við, svo og smitberum slíkra sjúkdóma og tilkynna jafnskjótt hlutaðeigandi héraðslækni, ef þeir verða þeirra varir.

Viti einhver til þess að vanrækt hafi verið að segja héraðslækni frá sjúkdómi eða smitburði samkvæmt þessari grein, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt, er að framan er sagt.

Þurfi hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður, samkv. grein þessari, að takast ferð á hendur, fær hann kostnaðinn endurgreiddan úr sveitarsjóði eftir reikningi, er hreppsnefndin samþykkir.

9. gr.

Nú er eigi unnt að hafa sjúkling eða smitbera svo afskekktan á heimili sínu, að óhætt sé við útbreiðslu sóttnæmisins, og er þá héraðslækni heimilt, í

samræmi við ákvæði 3. og 4. gr., að láta flytja hann á sjúkrahús eða eitthvert annað hús, er til þess er hentugt og hægt er að fá. Er sjúklingur eða smitberi skyldur að vera þar, þangað til hættulaust er að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda fái hann þar hæfilega læknishjálp og aðhjúkrun. Heimilt er og að fara eins að, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstilfelli eða smitburð. Við flutning sjúklingsins eða smitberans skal þess gætt, að svo vel fari um hann sem unnt er, án þess að hætt sé við sóttnæmisútbreiðslu.

10. gr.

Ef sjúklingur eða smitberi er ekki fluttur frá heimili sínu, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri eftir fyrirmælum héraðslæknis, í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr., takmarkað samgöngur milli heimilis hans (húss eða bæjar) og annara heimila, eða bannað með öllu utanheimilismönnum að koma á heimilið, og einnig heimamönnum að fara á annara manna heimili. Þegar samgöngur eru takmarkaðar, skal, ef þörf er á, setja mann af öðru heimili til að líta daglega eftir hinu sýkta heimili og annast nauðsynlega aðflutninga, en skylt er að gera það, ef samgöngur eru með öllu bannaðar. Banna má og að flytja af sýktu heimili muni og matvæli, einkum mjólk og mjólkurafurðir.

Á sama hátt getur héraðslæknir takmarkað eða bannað sölu varnings, sem sótthætta getur stafað af, einnig verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, ennfremur veitingar á gistihúsum og veitingastöðum.

Matvælakaupmenn, matsalar, veitingamenn, brauðsalar og einkum mjólkursalar eru skyldir til, ef krafizt verður vegna framkvæmda þessara laga, að láta í té skrá yfir viðskiptamenn sína, að svo miklu leyti, sem þeir eru þeim kunnir. Einnig eru menn skyldir að gefa sig fram, sem viðskipti hafa haft við slíkan ákveðinn kaupmann, útsölumann eða veitingamann, ef héraðslæknir krefst þess með auglýsingu.

11. gr.

Nú hefir sjúkdómur, er opinberum vörnum er beitt við, gert vart við sig á heimili, þar sem eru börn eða aðrir nemendur, er ganga í skóla, eða smitberi slíks sjúkdóms hefst þar við, og mega þá nemendurnir ekki sækja skólann fyrr en ekki er hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá þeim, að áliti héraðslæknis eða samkvæmt úrskurði ráðherra. Þessa skal og jafnan gætt um skarlatssótt, barnaveiki, taugaveiki, heilasótt og mænusótt, þó að opinberum vörnum sé ekki beitt gegn þeim, og um næmar sóttir yfirleitt, nema þær séu svo útbreiddar orðnar, að þýðingarlaust teljist.

Um skólakennara gildir hið sama að þessu leyti og nemendur.

12. gr.

Í byggðarlagi, þar sem sjúkdómur gengur, er opinberum vörnum er beitt við, svo og í nærsveitunum, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri, eftir fyrirmælum héraðslæknis í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr., skipað, að loka skuli skólum, jafnt almennum skólum sem skólum einstakra manna, bannað al-

menna mannfundi og opinberar skemmtisamkomur (kvikmyndasýningar, leiksýningar, samsöngva, dansleiki, hlutaveltur o. s. frv.), aðrar samkomur (brúðkaupsveizlur, innanfélags skemmtanir o. s. frv.), þar sem margir koma saman í sama húsi, svo og messugerðir og líkfylgdir.

Á sama hátt getur lögreglustjóri eða hreppstjóri lokað verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, ennfremur gistihúsum og veitingastöðum.

13. gr.

Þegar mjög mikil hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri, eftir fyrirmælum héraðslæknis í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr., skipað fyrir, að afkvía skuli sýkta kaupstaði, kauptún, þorp eða sveitir eða hluta þeirra, svo og önnur stór svæði, og skal hann annast nauðsynlegar ráðstafanir um samgöngubannið.

Nú óskar bæjarstjórn þess, sýslunefnd eða hreppsnefnd, fyrir hönd kaupstaðar, sýslu eða hrepps, að afkvía kaupstaðinn, sýsluna eða hreppinn eða hluta þeirra, til þess að ekki berist þangað hættulegur faraldur. Getur þá ráðherra, ef ástæða virðist til, heimilað afkvíunina og falið lögreglustjóra framkvæmdirnar í samráði við hlutaðeigandi héraðslækni. En þegar svo stendur á, skal allur kostnaður við þær ráðstafanir greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sýslusjóði.

14. gr.

Nú hefir verið beitt sóttvarnarráðstöfunum gegn grunuðum taugaveikissmitbera eða öðrum grunuðum smitbera, og á hann þá kröfu á, að hann verði rannsakaður til hlítar, og úr því skorið, ef unnt er, hvort grunurinn er á rökum byggður. Á sama hátt á taugaveikissmitberi, eða annar smitberi, sem sóttvarnarráðstöfunum hefir verið beitt gegn, kröfu á að fá þá læknishjálp, sem til þess þarf, að hann verði, ef unnt er, losaður við smitburðinn.

Ráðherra er heimilt að semja um að veita viðvarandi taugaveikissmitbera eða aðstandendum slíks smitbera, og eins þó að aðeins sé um grun að ræða, sem ekki verður hnekkt, styrk úr ríkissjóði um lengri eða skemmri tíma, gegn því að smitberanum verði tryggilega ráðstafað, svo að sýkingarhætta stafi ekki af honum.

15. gr.

Skylt er mönnum að þola, að fram fari sótthreinsun á sjálfum þeim, á búsloðum þeirra, húsum og bæjum, einnig á skipum og öðrum farartækjum, svo og á lausum munum, þar er verið hefir einhver af sjúkdómum þeim, er nefndir eru í 3. gr., 1. og 2. málsgr., eða smitbera slíkra sjúkdóma, og þá endranær, er héraðslæknir fyrirskipar það í samræmi við þessi lög.

Sé það miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að hreinsa lausa muni, má láta brenna þá eða eyða þeim á annað hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda.

Til þess að hafa sótthreinsanir á hendi skal héraðslæknir ráða sótthreinsunarmenn, fleiri eða færri innan héraðs síns, og setur þeim umdæmi. Hann veitir hverjum sótthreinsunarmanni næga tilsögn til starfans, og semur við hann um ákveðna borgun fyrir hverja sótthreinsun eftir fyrirmælum ráðherra.

Nú fær héraðslæknir engan hæfan mann til að taka að sér sótthreinsun fyrir hæfilega borgun, og getur hann þá leitað aðstoðar sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), sem er heimilt að skipa eftir tillögum héraðslæknis hvern þann mann, er honum sýnist, á aldrinum 25—50 ára, til þess að hafa á hendi sótthreinsun innan síns hrepps eða kaupstaðar í 3 ár. Ef sá, er þannig er skipaður sótthreinsunarmaður, þykist ekki geta haft starfann á hendi sökum heilsubrests eða annara orsaka, getur ráðherra leyst hann frá að gegna þessum starfa, telji hann ástæður hans á rökum byggðar. Verði ekki samkomulag um hæfilega borgun fyrir hverja sótthreinsun, ákveður ráðherra borgunina.

Heimilismönnum er skylt að annast endurgjaldslaust alla þá vinnu við sótthreinsunina, sem þeir geta af hendi leyst og sótthreinsunarmaður þarf með og heimtar. Þeim er og skylt að leggja til ókeypis heitt vatn og kalt, eldivið og sápu eftir þörfum, en ekki önnur efni, sem til sótthreinsunar þarf.

Ráðherra sér um, að ætíð séu fyrirliggjandi á kostnað ríkissjóðs hjá læknum nægar birgðir af efnum þeim, sem þarf til sótthreinsunar samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Allan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum þeim, er gerðar eru samkvæmt lögum þessum, skal greiða úr ríkissjóði, nema þar sem sérstaklega er tekið fram, að hann skuli greiða úr sveitarsjóði eða sýslusjóði (7. gr. 3. málsgr., og 12. gr. 2 málsgr.). Þar á meðal skal greiða úr ríkissjóði kostnað allan við flutning sjúkra manna og ferðakostnað smitbera af heimili á sjúkrahús eða annað, svo og fyrir dvöl þeirra þar samkvæmt 8. gr., þar með talin aðhjúkrun, lyf og læknishjálp. Einnig á sama hátt ferðakostnað smitbera til rannsóknar eða lækninga samkvæmt 13. gr., svo og allan kostnað við rannsóknina og læknishjálpina, þar með talinn dvalarkostnaður á sjúkrahúsi.

Ráðherra er og heimilt að láta greiða úr ríkissjóði að meira eða minna leyti kostnað við læknishjálp, aðhjúkrun og eftirlit með sjúklingum í heimahúsum, þegar um sjúkdóm er að ræða, sem opinberum vörnum er beitt við, og ætla má, að slíkt sé nauðsynlegt til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

Ríkissjóður greiðir ekki þann kostnað, sem leiðir af því, er ferðir manna eða farartækja eru hindraðar samkvæmt lögum þessum, né heldur skaðabætur fyrir þau atvinnuspjöll, er leiða kann af framkvæmd þeirra.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum eða gegn almennum eða sérstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim varða fangelsi eða sektum, 50—5000 krónum, nema hærri hegning sé ákveðin í almennum lögum.

Ef maður hefir einhvern þann sjúkdóm, sem um ræðir í 3. gr. 1. málsgr., eða er smitberi slíks sjúkdóms, eða maður hefir dvalið á heimili, þar sem einhver af þeim sjúkdómum gengur, eða slíkur smitberi dvelur, þá skal hann jafnan, er hann kemur á önnur heimili, á skip eða í önnur fólksflutningatæki, láta húsráðanda, skipstjóra eða forráðamann vita. Sama gildir um þá sjúkdóma, sem taldir eru í 2. málsgr. sömu greinar, ef opinberum vörnum er beitt

gegn þeim, og einnig án þess um skarlatssótt, barnaveiki, taugaveiki og heilasótt. Nú vanrækir hann þetta, og má þá, auk hegningarinnar, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar greinar, dæma hann til skaðabóta fyrir það, er leiða kann af vanrækslu hans.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

18. gr.

Lög nr. 24 16. nóvember 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, og lög nr. 14 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum, eru úr gildi numin.

Nd. 261. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um bættar samgöngur við Austfirði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir leitað álita framkvæmdarstjóra „Eimskips“ og „Ríkisskips“ um tillöguna, og hafa hvorirtveggja tjáð sig fúsa að leita færis um auknar og bættar samgöngur við Austfirði.

Framkvæmdarstjóri „Eimskips“ gerir ráð fyrir því, að hægt verði — án þess að hagga að nokkrum mun áætlun skipanna — að bæta við 3 viðkomum á 3 höfnum austanlands á útleið þeirra næsta haust, ef verulegur flutningur fáist, en þó aðeins með þeim hætti, að október að mestu falli undan.

Um „Ríkisskip“ er miður við áætlun bundið, með því að strandferðaáætlun þess miðast við 2 mánuði í senn og því auðveldara að breyta henni. Hinsvegar er því frá annari hálfu haldið fram, að ekki megi með auknum strandferðum fara fram úr ákveðnum strandferðastyrk yfirstandandi árs, og vill nefndin að vísu virða þá varfærni og stilla kröfum í hóf, en hún lítur svo á, að með þeim 230000 kr., sem til umráða eru til strandferða á þessu ári, megi auðveldlega bæta að verulegum mun samgöngur þær, sem tillagan lýtur að, enda viðurkennir nefndin, að þess sé full þörf og að krafan um þær bættu samgöngur sé á rökum byggð.

Með hliðsjón af framanritaðri greinargerð telur nefndin rétt að breyta að nokkru orðbúningi tillögunnar og leggur til, að hún verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að skip Eimskipafélags Íslands taki upp á næsta hausti, eftir því sem við verður komið, viðkomur á nokkrum höfnum austanlands, helzt eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði á útleið skipanna frá 1. september til áramóta. Ennfremur að Esja verði milli hringferða látin fara nokkrar hraðferðir á komandi sumri milli

Reykjavíkur og Austfjarða, en Súðin í október og nóvember 2—3 hringferðir, með sérstöku tilliti til flutningaþarfa austanlands og norðan.

Alþingi, 27. marz 1933.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. Jón Ólafsson, fundaskrifari. Jón A. Jónsson, með fyrirvara
Sveinbjörn Högnason. Hannes Jónsson.

Nd. 262. Breytingartillaga

við frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Íslands.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 7. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fyrsti dráttur fara fram í marzmánuði 1934.

Ed. 263. Frumvarp

til laga um stóríbúðaskatt.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Hver sá, sem býr í íbúð, sem metin er til fasteignamats yfir 18000 kr. virði með tilheyrandi lóð, og eigi hefir fleiri í heimili en 5 manns, skal greiða af henni árlega stóríbúðaskatt í ríkissjóð. Fyrir hvern heimilismann umfram 5 skal hækka skattfrjálst íbúðarverð um 2500 kr. og lækka um sömu upphæð fyrir hvern mann, sem heimilismenn eru færri en 5.

2. gr.

Stóríbúðaskattur samkvæmt 1. gr. skal nema: Ef hinn skattskyldi hluti íbúðarinnar er undir 5000 kr., greiðist af honum 3%.

Af	5000	til	15000	kr.	gr.	150	kr.
—	15000	—	25000	—	—	500	—
—	25000	—	35000	—	—	900	—
—	35000	—	45000	—	—	1350	—
—	45000	—	55000	—	—	1850	—
—	55000	—	65000	—	—	2400	—
—	65000	—	75000	—	—	3000	—
—	75000	og	þar yfir	—	—	3650	—

af 5000 og 3,5% af afgangi
af 15000 — 4,0% — —
af 25000 — 4,5% — —
af 35000 — 5,0% — —
af 45000 — 5,5% — —
af 55000 — 6,0% — —
af 65000 — 6,5% — —
af 75000 — 7,0% — —

3. gr.

Stóríbúðaskattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstofunni í Reykjavík og af skattanefndum annarsstaðar á landinu.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um allt það, er varðar framkvæmd álagningarinnar, þ. á. m. nánari ákvæði um frádrátt á skattskyldu íbúðarverði vegna fjölskyldu og leigjenda og um meðferð kærumála út af álagningu skattsins.

4. gr.

Húseigandi er ábyrgur fyrir skattgreiðslu leigjenda sinna, enda hvílir skatturinn sem lögveð á húseigninni. Skattinn má taka lögtaki.

Skatturinn greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn 1. ágúst 1933.

Skattheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu skattsins.

5. gr.

Þær tekjur, sem skattstofn þessi kann að gefa, skulu ganga til að stofna samvinnubyggðir samkvæmt sérstökum fyrirmælum laga um það efni.

6. gr.

Skattfrjálsar eru íbúðir sendiherra erlendra ríkja.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta fluttu á síðasta þingi Jónas Þorbergsson, Bergur Jónsson, Hannes Jónsson og Sveinbjörn Högnason, en þá dagaði það uppi í neðri deild. Þykir nú rétt, að málið verði athugað í efri deild. Er það flutt óbreytt nema um ákvörðunina á meðferð þess, sem skattstofn þessi kann að veita.

Frv. fylgdi í fyrra eftirfarandi greinargerð:

„Mjög er það tíðkað í mörgum löndum að miða skattgreiðslu manna við eyðslu þeirra. Er þetta einnig gert hér á landi með því að leggja háa tolla á óþarfa vöru. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að þeir, sem búa í svo stórum íbúðum, að óþarft má kalla, greiði skatt í ríkissjóð, sem miðaður sé við verðmæti íbúðarinnar. Er hér gert ráð fyrir, að sköttuð verði sú sérstaka tegund eyðslu, sem kemur fram í notkun óþarflega mikils húsnæðis. Í sambandi við skatt þann af stóríbúðum, er frumvarpið gerir ráð fyrir, má og geta annars atriðis, sem ætla má, að skatturinn hefði áhrif á, ef frumvarpið yrði að lögum. Mjög hefir borið á húsnæðiseklu í kaupstöðum landsins, einkum þó í Reykjavík, hin síðari árin. Hefir húsnæðiseklan haft áhrif á húsaleiguna, þar sem framboð á leiguhúsnæði hefir oftlega verið minna en eftirspurnin. Jafnhliða því, að húsnæðisvandræðin og há leiga hafa þannig þjakað fjölda manna, hafa fjölmargir haft til notkunar meira húsrúm en nauðsynlegt er. Gera má ráð fyrir því, að ef stóríbúðaskattur yrði lögtekinn, mundu ýmsir, er hann yrðu að greiða, minnka við sig nokkuð húsrúm það, sem þeir nú nota, og bjóða það fram til leigu. Gæti þessi skattur

því orðið til þess að hjálpa til að létta á húsnæðisvandræðum þeim, er undanfarið hafa verið mjög tilfinnanleg, og ef til vill haft áhrif á húsaleiguna til lækkunar.

Hér fer á eftir umsögn um einstakar greinar frumvarpsins, eftir því, sem tilefni þykir til.

Um 1. gr.

Það mun nærri lagi, að góðar íbúðir í Reykjavík fyrir 5 manna fjölskyldur séu um 12 þús. kr. að fasteignamati, samkvæmt nýja matinu.

Þó þykir eigi rétt að skattleggja sem óþarflega stórar íbúðir minni íbúðir en þær, sem eru 18 þús. kr. að fasteignamati og 5 menn búa í, og ætla síðan kr. 2500 til viðbótar eða frádráttar skattskyldu íbúðarverði fyrir hvern mann, sem vantar á, til þess að 5 menn séu í íbúðinni eða eru umfram þá tölu.

Um 2. gr.

Eigi verður sagt, hve miklu stóríbúðaskatturinn muni nema í heild.

Til leiðbeiningar um skattaupphæðir í einstökum dæmum skulu hér nefnd nokkur dæmi úr Reykjavík:

1. Íbúð er að fasteignamati 81500 kr., 9 manns í heimili. Skattur samkvæmt frumvarpinu kr. 2317,50. Ef 5 manns væru í heimilinu, mundi skatturinn nema kr. 2910,00.
2. Íbúð er að fasteignamati 70800 kr., 10 manns í heimili. Skattur samkvæmt frumvarpinu kr. 1615,00. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 2279,00.
3. Íbúð er að fasteignamati 52800 kr., 9 manns í heimili. Skattur samkvæmt frumvarpinu kr. 892,00. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 1341,00.
4. Íbúð er að fasteignamati 41000 kr., 9 manns í heimili. Skattur samkvæmt frumvarpinu kr. 430,00. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 820,00.
5. Íbúð er að fasteignamati 33700 kr., 8 manns í heimili. Skatturinn yrði samkvæmt frumvarpinu kr. 262,00. Ef 5 manns væru í heimili, yrði skatturinn kr. 528,00.

Um 3., 4., 5. og 6. gr.

Greinar þessar gefa ekki tilefni til athugasemda".

Ed. 264. Frumvarp

til laga um háleiguskatt.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Af hverskonar húsaleigu, sem nemur meira en 15% af kaupverði húseignar, að meðtalinni lóð, skal húseigandi greiða í ríkissjóð háleiguskatt af því, sem

umfram er. Kaupverð telst það verð, sem eigandi eignaðist eignina fyrir í upphafi, hvort sem um kaup eða byggingu hefir verið að ræða, að viðbættu hæfilega metnu andvirði endurbóta og viðbygginga, en að frádreginni eðlilegri fyrningu. Hafi eigandi fengið eignina að erfðum, vegna stofnunar eða slita hjúskapar eða á annan þvílíkan hátt, telst það kaupverð, sem eignin var honum útlögð fyrir. En ef um gjöf er að ræða, skal eignin sérstaklega metin í þessu skyni til verðs, svo sem það telst verið hafa á þeim tíma, er eigandinn fékk hana í hendur.

2. gr.

Háleiguskattur samkv. 1. gr. skal reiknaður af þeim hluta húsaleigunnar, sem er umfram 15% af kaupverði, og skal hann nema:

Af því, sem leigan nemur yfir	15%	allt að	20%	af kaupverði, greiðist	10%			
——„——	—„—	20—	—„—	25—	——	——„——	20—	
——„——	—„—	25—	—„—	30—	——	——„——	30—	
——„——	—„—	30—	—„—	35—	——	——„——	40—	
——„——	—„—	35—	—„—	40—	——	——„——	50—	
——„——	—„—	40—	—„—	45—	——	——„——	60—	
——„——	—„—	45—	—„—	50—	——	——„——	70—	
——„——	—„—	50—	—„—	55—	——	——„——	80—	
——„——	—„—	55—	—„—	60—	——	——„——	90—	
——„——	—„—	60—	—„—	65—	——	——„——	100—	

3. gr.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um allt það, sem varðar framkvæmd álagningu fólki, sem jafnframt er efnalítið og hefir ekki meiri tekjur, að meðtöldum tekjum af húsaleigu, en svo, að rétt nægi til framfæris, undanþágu frá greiðslu háleiguskatts.

4. gr.

Háleiguskattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstofunni í Reykjavík og af skattanefndum annarsstaðar á landinu.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja sérstakar reglur, er veita öryrkja ingarinnar, þ. á. m. ákvörðun kaupverðs, mat á endurbótum, viðbyggingum og fyrningu og hversu greina skal sundur og meta einstaka hluti í húsi til eignar eða kaupverðs, um meðferð kærumála út af álagningu skattsins og umsóknir um undanþágur frá skattinum handa öryrkjum samkvæmt 3. gr., svo og um kærur út af skattinum.

5. gr.

Skattur samkvæmt lögum þessum greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn 1. ágúst 1933.

Skattheimtumenn ríkissjóðs annast um innheimtu skattsins. Skattinn má taka lögtaki, enda hvílir hann sem lögveð á húseigninni.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á þingi 1932, og voru flutningsmenn þeir Steingrímur Steinþórsson, Halldór Stefánsson, Jónas Þorbergsson og Sveinbjörn Högnason, en málið átti erfitt uppdráttar í neðri deild, og þykir eðlilegt að athuga, hvort betur myndi blása fyrir hugmynd þessari í efri deild. Er og sérstök ástæða til að afla ríkissjóði aukinna tekna, þar sem miklar líkur eru til, að deildin, og sennilega Alþingi í heild sinni, felli niður útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum, og þarf að bæta ríkissjóði það tekjutap, ef unnt er.

Með hverju ári verður meir óviðunandi, mitt í almennri fátækt, sem leiðir af kreppunni, að láta húsaspekúlanta raka saman stórfé á þennan hátt. Eru þess nú orðin dæmi, að húsaspekúlantar flytji lögheimili sitt úr Reykjavík í önnur sveitarfélög, sem hafa minni skattabyrðar, til að komast hjá að greiða skatta í samræmi við tekjur, og það engu síður þó að sumir slíkir menn hafi 20—30 þús. kr. hreinar tekjur af gömlum húsum, sem leigð eru með hliðstæðri leigu við þá, sem greiða verður af nýjum og dýrum húsum.

Frv. fylgdi í fyrra eftirfarandi greinargerð:

„Á síðari árum hefir verðmæti fasteigna hækkað mjög í kaupstöðum landsins, einkum þó í Reykjavík. Húsaleiga er nú miklu hærri en hún var fyrir nokkrum árum. Veldur því bæði húsnæðisekla og einnig aukinn byggingarkostnaður húsanna á síðari árum og hækkað lóðarverð.

Vegna þess, hve hækkun þessi hefir orðið á fáum árum, er það eigi ótítt, að ýmsir húseigendur, sem eignazt hafa húseignir sínar á meðan verðlag þeirra var miklu lægra en nú er, bera úr býtum árlega óhæfilega háa vexti af því fé, sem þeir eiga í eignum þessum. Þykir sanngjarnt, að sá gróði, er þannig myndast vegna hækkandi verðlags á fasteignum, og sem að miklu leyti stafar af aðgerðum hins opinbera, verði hittur nokkuð með sérstökum skatti.

Af þessum ástæðum er borið fram frumvarp þetta um skatt af leigu þeirri, sem fer fram úr 15% af kaupverði fasteigna. En þegar leigan er orðin yfir 15%, þykir ástæða til þess að hitta það, sem fram yfir er, með skattinum, enda er ágóði á rekstri fasteigna þá orðinn allmikill undir öllum venjulegum kringumstæðum.

Það skal fram tekið, að frumvarp þetta er að efni til því nær eins og ákvæði um háleiguskatt, sem voru í frumvarpi því um ráðstafanir vegna atvinnukreppunnar, sem borið var fram af þingmönnum Alþýðuflokksins í neðri deild á sumarþinginu 1931.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um, hversu ákveða skuli verðgrundvöll þann, er leigan sé við miðuð, og eins og þau ákvæði bera með sér, er til þess ætlazt, að hann verði raunverulegt kostnaðarverð eignarinnar á hverjum tíma, að frádreginni fyrningu fyrir sliti.

Um 2. gr.

Eigi verður sagt, hve miklu háleiguskatturinn muni nema í heild. En rétt er að nefna einstök dæmi, sem sýna, hvernig skatturinn verkar:

1. Hús er keypt á 26000 kr. Ársleiga nú kr. 11100,00, eða 42,69% af kaupverði. Skattur yrði samkv. frumvarpinu kr. 2370,00.
2. Hús er keypt á 30000 kr. Ársleiga er nú kr. 12360,00, eða 41,2% af kaupverði. Skattur yrði samkv. frumvarpinu kr. 2466,00.
3. Hús er keypt á 25000 kr. Ársleiga er nú kr. 5000,00, eða 20% af kaupverði. Skattur yrði samkv. frumvarpinu kr. 125,00.
4. Hús er keypt á 36000 kr. Ársleiga er nú kr. 24000,00, eða 66,6% af kaupverði. Skatturinn yrði samkv. frumvarpinu kr. 10500,00.

Um 3. gr.

Rétt þykir að hafa heimild til þess að undanþiggja þessum skatti þá húsaleigu, enda þótt háleiga sé, sem verður að teljast meðal brýnustu þurftartekna öryrkja manna.

Um 4., 5. og 6. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda".

Nd. 265. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 40 20. júní 1923, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Stafliður b. í 3. grein laganna orðist svo:

Skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til styrktar málefna, er miða að almenningsheill, þar á meðal kvikmyndasýningar, reknar af bæjar- og sveitarfélögum, ef öllum ágóðanum er varið til menningarmála og á þann hátt, að með því sé ekki létt sjálfsagðri kvöð af bæjar- eða sveitarsjóðunum, enda fari um það samkvæmt reglugerð, er ráðherra staðfestir.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, sem hefir rekið kvikmyndahús um skeið, haft fyrir það sérstakt reikningshald og sett þegar í upphafi reglugerð um, að öllum ágóða skyldi varið „til styrktar málefna, er miða að almenningsheill" innan kaupstaðarins. Hugði hún sig á þann hátt vera lausa við skemmtanaskatt samkv. lögum nr. 40, 20. júní 1923, 3. gr. staflið b. En þegar til kom, reis ágreiningur um þetta, og mun ríkisstjórnin telja kvikmyndahúsið eftir sem áður skattskylt.

Hvort sem sá skilningur á bókstaf laganna fær staðizt eða ekki, verður það að teljast hart að gengið, að undanþiggja ekki bæjar- og sveitarfélög þessum skatti, ef þau verja öllum ágóða af kvikmyndasýningunum á þann hátt, er í frv. greinir, ekki sízt ef tryggt er með reglugerð, staðfestri af ráðherra, að misbeiting eigi sér ekki stað.

Kvikmyndasýningar geta verið eitt hið þýðingarmesta menningartæki, ef reynt er að beita þeim á þann hátt. Er þeirrar viðleitni helzt að vænta, ef sýningarnar eru í höndum hins opinbera, en jafnframt eiga slíkar sýningar á hættu að verða ekki önnur eins gróðafyrirtæki og kvikmyndasýningar einstakra manna, sem miða við gróðann einan, og má ekki minna vera en að ríkið geri þar einhvern mun á.

Ed. 266. Nefndarálit

um frv. til laga um afnám laga nr. 21, 19. júní 1922, um að veita ríkinu einkarétt til þess að selja allt silfurberg, sem unnið verður á Íslandi.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt, af þeim ástæðum, sem taldar eru í greinargerð á þskj. 128.

Alþingi, 27. marz 1932.

Ingvar Pálmason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr.	Jón Þorláksson, frsm.

Nd. 267. Frumvarp

til laga um bann við því, að bankar og aðrar lánstofnanir greiði hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bankar, sparisjóðir eða aðrar stofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðsstarfsemi eða til að taka á móti innlánsfé til ávöxtunar, mega ekki greiða hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er að ræða fé í venjulegum viðskiptabókum stofnunarinnar, á innlánsskírteinum, hlaupareikningi eða til ávöxtunar á annan sérstakan hátt.

2. gr.

Nú hefir peningastofnun tekið við fé til ávöxtunar á innlánsskírteini eða á annan hátt með sérstökum samningi, áður en lög þessi öðlast gildi, með hærri

vöxtum en lög þessi leyfa, og skulu þeir þá standa óhaggaðir til næsta gjalddaga, þó eigi lengur en sex mánuði frá því að lög þessi öðluðust gildi.

3. gr.

Lög þessi ná ekki til söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10000—100000 kr. Mál, sem rísa kunna af lögum þessum, skal farið með sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 268. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á l. nr. 27 frá 1921, um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að fyrir þau skjöl, sem eru yfir 8 þús. kr. að fjárhæð, greiðist tvöfalt gjald.

Nefndin leggur því til, að frumv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: ef fjárhæð skjalsins, skuldabréfsins eða afborgunarinnar er 8000 kr. eða lægri, ella 6 krónur.

Alþingi, 24. marz 1933.

H. Stefánsson, form. Jón A. Jónsson, fundaskr., frsm. Bernh. Stefánsson.

Ólafur Thors. Hannes Jónsson.

Nd. 269. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 75 frá 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin fellst á efni frv. og rökstuðning. Einkum er ósamræmi í því, að gift kona, sem á óskilinn fjárhag með manni sínum, skuli þurfa að greiða stimpilgjald til þess að fá þinglesna eignarheimild á sínum búshluta, vegna þess að maður

hennar hefir einn verið talinn eigandi eignarinnar í veðmálabókinni. — Líkt er um erfingja, sem fá útlagða fasteign upp í arf.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „úr skiptabók“ komi: og önnur skjöl.

Alþingi, 24. marz 1933.

H. Stefánsson, form. Jón A. Jónsson, fundaskr., frsm. Bernh. Stefánsson.
Ólafur Thors. Hannes Jónsson.

Nd. 270. Breytingartillaga

við frv. til l. um bann við því, að bankar og aðrar lánstofnanir greiði hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir..

Frá Bernh. Stefánssyni.

Við 4. gr. Fyrir orðin „Mál, sem rísa kunna af lögum þessum, skal farið með“ komi: Með mál út af brotum skal farið.

Nd. 271. Frumvarp

til laga um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Meðalalýsi lýsi til manneldis, sem er unnið úr fisklifur, samkvæmt skilmerkingu viðurkenndrar lyfjaskrár (pharmacopoea).

Lýsisverkun hverskonar hreinsun á meðalalýsi, svo og aðskilnað á efnum þess, með eða án kælingar.

Lýsismatsmaður hvern þann undirmatsmann, sem lýtur yfirmatsmanni.

2. gr.

Hver, sem ætlar að vinna eða verka meðalalýsi til sölu innanlands eða til útlanda, skal sækja um leyfi til atvinnumálaráðuneytisins, áður en starfrækslan hefst, og hlíta fyrirmælum þess um meðferð lifrar og lýsis.

3. gr.

Meðalalýsisvinnsla og verkun meðalalýsis má aðeins fara fram í löggiltum vinnslustöðvum og verkunarstöðvum, hvort heldur er á sjó eða landi.

Atvinnumálaráðuneytið löggildir lýsisvinnslustöðvar og lýsisverkunarstöðvar, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns.

Ráðherra setur reglur um útbúnað löggiltra lýsisvinnslustöðva og lýsisverkunarstöðva. Nú fullnægir löggilt lýsisvinnslustöð eða lýsisverkunarstöð ekki lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingunni, og ber yfirlýsismatsmanni þegar að skýra ráðuneytinu frá því. Setur ráðuneytið umráðamönnum stöðvarinnar hæfilegan frest til þess að kippa því í lag, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins setta frests.

4. gr.

Allt meðalalýsi, sem er selt innanlands eða flutt á erlendan markað, skal vegið, metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af lýsismatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirlýsismatsmanns. Flokkun lýsisins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns og nokkurra helztu útflytjenda, reglur um rannsókn, flokkun, umbúðir og merkingu lýsisins og meðferð.

Meðalalýsissendingu til útlanda, sem er yfir 10 kg., skal fylgja vottorð um þunga, tegund og gæði lýsisins, eftir nánari ákvæðum ráðuneytisins, og skal vottorðið vera ritað á farmskírteinið fyrir sendingunni.

5. gr.

Ráðherra skipar einn yfirlýsismatsmann til að hafa umsjón með framleiðslu og mati á meðalalýsi. Skal hann hafa fullkomna þekkingu á öllu því, er lýtur að meðferð þess og flokkun. Yfirlýsismatsmaður skal sanna þekkingu sína og hæfileika til starfsins með vottorði frá lögskipuðum lýsismatsmanni um æfingu í að bragðreyna lýsi, og vottorði frá rannsóknarstofu, er hefir með höndum rannsókn á lýsi, hvorttveggja eftir þeim þekkingarkröfum, sem ráðuneytið setur um þessi efni.

Ráðuneytið setur yfirlýsismatsmanni reglur um störf hans.

Ekki má yfirlýsismatsmaður þiggja þóknun hjá þeim, sem eru riðnir við lýsisvinnslu eða útflutning, né heldur hafa með höndum sölu á lýsi til útlanda eða innanlands.

Árleg laun yfirlýsismatsmanns skulu vera 1500 krónur.

Auk ferðakostnaðar eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, skal yfirlýsismatsmaður fá kr. 4.00 í fæðispeninga á dag meðan hann er frá heimili sínu vegna starfa sins sem yfirlýsismatsmaður. Allur kostnaður, sem af starfsemi hans leiðir, greiðist úr ríkissjóði.

Yfirlýsismatsmaður skal vera búsettur í Reykjavík eða grennd.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar lýsismatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirlýsismatsmanns.

Lýsismatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

Yfirlýsismatsmaður ákveður kaup lýsismatsmanna, í samráði við útflytjendur lýsis á hverjum stað, sem greiða kaupið. Ef ágreiningur verður um kaupið, sker ráðherra úr. Eigi mega lýsismatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta fyrir.

Nú vanrækir lýsismatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi yfirlýsismatsmanns, og skal yfirlýsismatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega lýsismatsmanni endanlega frá, eftir rannsókn á máli hans, og skipar annan í hans stað.

7. gr.

Nú vinnur einhver meðalalýsi eða verkar það, eða flytur út meðalalýsi án þess að gæta fyrirmæla þessara laga, og varðar það sektum frá 50—5000 krónum.

Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingar fyrir brot yfirlýsismatsmanns og lýsismatsmanna gegn ákvæðum laganna fer sem um brot opinberra starfsmanna almennt.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42 1917, um lýsismat.

Greinargerð.

Frv. þetta er undirbúið af Lýsissamlagi íslenzkra botnvörpunga, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Með lögum um lýsismat frá 1917 var lýsisútflytjendum aðeins gefinn kostur á að fá meðalalýsi flokkað og metið. Lýsismatsmönnum er skylt að gefa vottorð um lýsið, en nánari reglur um matið skyldu settar eftir tillögum Fiskifélags Íslands.

Slíkar reglur hafa eigi verið settar svo kunnugt sé, og hefir matið því verið framkvæmt nokkuð af handahófi víðsvegar um land, án þess að nokkur sameiginlegur grundvöllur hafi verið lagður fyrir matinu eða flokkun lýsis. Afleiðingin varð sú, að matsmennirnir á aðalframleiðslustöðunum hafa einir reynzt hæfir til að meta lýsið, og er það m. a. því að þakka, að útflytjendurnir hafa þar getað haft hönd í bagga með matinu. Lýsi frá minni verstöðvum hefir hinsvegar reynzt mjög brigðult, svo að matið hefir eigi orðið til gagns, enda hefir lýsi frá smærri stöðum verið selt með því skilyrði að metast í Reykjavík eða jafnvel í öðrum löndum.

Er augljóst, að það er til mikils álitshnekkis fyrir íslenzkt lýsi í öðrum löndum, ef eigi má treysta matinu, hvaðan sem lýsið kemur, og á hinn bóginn er lýsisframleiðendum það til baga fjárhagslega að þurfa að selja lýsi sitt ómetið.

Verzlunarskýrslur bera það ljóslega með sér, að íslenzkt þorskalýsi hefir stórum batnað á síðari árum. Er það fyrst og fremst því að þakka, að farið var

að bræða lifur um borð í fiskveiðaskipunum, en ekki síður má þakka það því, að botnvörpuskipaeigendur hófu árið 1929 samstarf um verkun og sölu á meðalalýsi frá skipum sínum. Áhrif þessa samstarfs urðu brátt mikil. Fram að þeim tíma var þorskalýsið selt nær eingöngu til Noregs, en þar var lýsið verkað til sölu í öðrum löndum um heim allan. Nú hófst sala á verkuðu lýsi til Bandaríkjanna í stórum stíl, en þar í landi er mest neyzla þorskalýsis. Bandaríkjamenn kaupa aðeins vel hreinsað og jafnað þorskalýsi, og til að fullnægja kröfum þeirra varð að koma á fót umbótum í verkun lýsisins, sem tryggðu gæði þess óskert. Varð af þessu hinn bezti árangur, og jafnframt kom í ljós, að íslenzkt þorskalýsi er sérstaklega ríkt af þeim efnum, sem marka gildi meðalalýsis, fjörefnunum. Hinn skjóti árangur og fjárhagslegi ágóði af verkunarbótunum hvatti útgerðarmenn botnvörpuskipa til að stíga lokasporið í verkun meðalalýsis og ráðast í að reisa kaldhreinsunarstöð fyrir lýsi, til fullverkunar á því. Með þeim umbótum opnast íslenzku lýsi leiðir til neytenda meðalalýsis í þeim löndum, sem hafa ekki slíkar stöðvar til umráða og kaupa því aðeins fullverkað lýsi.

Þegar slík sala hefst héðan af landi, er nauðsynlegt að vera búinn að koma á föstum reglum um meðferð lifrar og lýsis, sem hið opinbera setur, til þess að friðþægja erlendum lýsiskaupendum og gera þá örugga um það, að lýsi héðan af landi sé eins vel og þrifalega úr garði gert og annarsstaðar tíðkast.

Þess vegna er háttvirt sjávarútvegsnefnd beðin að athuga þetta frumvarp og leggja það fyrir Alþingi nú.

Um einstakar greinar þarf ekki að orðlengja. Frumvarpið er að formi til sniðið nokkuð eftir frumvarpi um kjötmat.

Ætlazt er til, að lýsismatsmenn geti flestir verið hinir sömu og nú starfa, en þeir þurfa ýtarlegar leiðbeiningar um starfið, sem gefnar yrðu í reglugerð og með skýringum yfirlýsismatsmanns. Jafnframt þurfa þeir að geta litprófað lýsi og sýruprófað það, sem er tiltölulega auðvelt að læra.

Vegna þess að mat á meðalalýsi er nú að talsverðu og verulegu leyti efnafræðilegt, er þörf á því, að yfirmatsmaður sé sæmilega fróður í þeim efnum. Efnarannsóknarstofa ríkisins hefir nú með höndum slíkar rannsóknir og gefur vottorð um þær. Er því eðlilegt, ef fært þykir, að fela forstjóra hennar fyrst um sinn starf yfirlýsismatsmanns.

Vér erum fúsir að gefa háttvirtri sjávarútvegsnefnd hverjar þær upplýsingar um málið, sem hún kynni að óska eftir.

Reykjavík, 18. marz 1933.

Virðingarfyllst.

Lýsissamlag íslenzkra botnvörpunga.

Kjartan Thors. Ásg. Þorsteinsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis“.

Nd. 272. Breytingartillögur

um frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá Hannesi Jónssyni og Pétri Ottesen.

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Ráðuneytinu er heimilt að stofna íslenzkt happdrætti með þeim skilyrðum, er nú skal greina:
   b. E-liður orðist svo:
      Ágóði happdrættisins skal til ársloka 1936 renna í ríkissjóð upp í greiðslur vegna kreppuráðstafana.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Frá árslokum 1936 skal ágóðanum af happdrættinu varið til þess að að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ákvæðum fjárlaga í hvert skipti til að reisa opinberar byggingar, eftir því sem til vinnst og þörf krefur.

Ed. 273. Frumvarp

til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til stofnunar íslenzks happdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 25000, er skiptist í 10 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk á mánuði hverjum, nema janúarmánuð og febrúarmánuð, dráttur fyrsta flokks í marzmánuði og tíunda flokks í desembermánuði.
b) Iðgjald fyrir heilan hlut skal vera 60 kr. fyrir alla 10 flokka, en 6 kr. í hverjum flokki. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og hálfu og ennfremur skipta þeim í fjórðunga, ef reynslan sýnir, að það sé hentugra.
c) Vinningarnir skulu vera samtals 5000 og nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 10 flokkum.
d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skulu að minnsta kosti 2 nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.
e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita til 10 ára, frá 1. jan. 1934 að

telja, og skal ágóðanum varið til þess að reisa hús handa háskólanum, enda greiði leyfishafi í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Þegar nægilegs fjár hefir verið aflað til þess að reisa hús handa háskólanum, skal ríkið taka happdrættið í sínar hendur og reka það á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Hreinum ágóða af happdrættinu skal varið til þess að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ályktun á fundi í sameinuðu þingi í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar, eftir því sem til vinnst og þörf krefur.

3. gr.

Frá því er happdrættið tekur til starfa er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá, að viðlögðum sektum, 200—2000 kr. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir einn bæ eða sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

4. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins, nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð, að viðlögðum sektum, er nánar má ákveða í reglugerð.

5. gr.

Ekki skal taka tillit til vinninga í happdrættinu við útreikning tekjuskatts eða aukaútsvars það ár, sem vinningarnir falla.

6. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð um starfsemi happdrættisins í einstökum atriðum, og má í henni ákveða sektir fyrir brot. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fyrsti dráttur fara fram í marzmánuði 1934.

Nd. **274. Frumvarp**

til laga um að leggja á tekju- og eignarskattsauka til atvinnubóta.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal árin 1933 og 1934 innheimta 100% álag á tekjuskatt af skattskyldum tekjum, er nema 5000 krónum eða meiru í Reykjavík, 4000 kr. eða meiru í öðrum kaupstöðum og 3000 kr. eða meiru utan kaupstaða, og 200% álag á eignarskatt af skattskyldum eignum, er nema 10000 kr. eða meiru, og ákveðst skatturinn af skattanefndum og skattstjórum samkv. framtalsskýrslum fyrir árin 1932 og 1933.

2. gr.

Skattur samkv. 1. gr. rennur í atvinnubótasjóð, er stjórnað skal af 3 mönnum. Tilnefnir ríkisstjórnin einn, Alþýðusamband Íslands annan, en hinn þriðji skal kosinn af bæjarstjórnum kaupstaðanna, eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Atvinnubótasjóðnum skal varið til þess að leggja fram styrk til þeirra sveitar- og bæjarfélaga, er halda uppi atvinnubótavinnu innan sinna umdæma.

3. gr.

Nú framkvæmir sveitar- eða bæjarfélag hafnarbætur, ræktun eða önnur mannvirki í atvinnubótaskyni, sem gefa af sér tekjur, og nýtur til þess styrks úr atvinnubótasjóði, og skal þá ríkisstjórnin ábyrgjast lán, er hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélag tekur til þeirra framkvæmda. Þó má það lán aldrei nema meiru en svo, að áætlaðar tekjur af mannvirkinu nægi til að standa straum af láninu, og ekki meiru en ¾ þess, er hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag hefir lagt fram til framkvæmdanna auk styrksins.

4. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 79 23. júní 1932 ná eigi til tekjuskatts, sem lagður er á skattauki samkv. lögum þessum. Heimildarákvæði 2. gr. sömu laga um innheimtu ná og til álags samkv. lögum þessum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkv. yfirliti fjármálaráðherra yfir tekjur ríkissjóðs síðastl. ár nam innborgaður tekju- og eignarskattur 400 þús. kr. meiru en áætlað var í fjárlögum, eða 1350 þús. í stað 950 þús. kr. Eftir reynslu fyrri ára og með tilliti til laga frá síðasta þingi um innheimtu 25% skattauka má ætla, að upphæðin hafi skipzt þannig:

Eignarskattur ..... ca. kr. 200 þús.
Tekjuskattur ..... — — 900 —
Skattauki ..... — — 250 —
———————— 1350 þús.

Virðist ekki óvarlegt að gera ráð fyrir svipaðri skatthæð á þessu ári, og yrðu þá tekjur skv. frv.:

Álag á eignarskatt ..... 200% kr. 400 þús.
Álag á ca ⅔ tekjuskatts 100% — 600 —
———————
Kr. 1000 þús.

hvort árið, eða um 2 millj. króna bæði árin.

Sé gert ráð fyrir, að sveitar- og bæjarfélög leggi að minnsta kosti jafnt á móti, yrðu til ráðstöfunar til atvinnubóta 4 millj. króna á næstu 2 árum, og meira, ef meira framlag er fáanlegt af hálfu sveitar- og bæjarfélaga, t. d. með lántöku sbr. 3. gr. frv.

Engar horfur eru á því, að atvinnuleysið fari minnkandi fyrst um sinn. Þvert á móti. Síðastliðið ár munu a. m. k. 3000—4000 manns hafa verið atvinnulausir í kaupstöðum og kauptúnum mánuðum saman og sumir mikinn hluta árs. Orkar það vart tvímælis, hvort sæmilegra sé og hagkvæmara þjóðfélaginu að sjá þessum mönnum fyrir vinnu, svo að þeir geti unnið fyrir sér og skylduliði sínu, alls 10000—15000 manns, með gagnlegum störfum, eða fleyta þessum fjölmenna hóp fram á fátækrastyrkjum mismunandi útilátnum og með þeim afleiðingum, sem þeim fylgja. Með atvinnubótum má í senn bæta úr sárri neyð fjölda manna og skapa varanleg verðmæti, sem eru almenningseign og geta bætt stórlega framtíðaratvinnuskilyrði heilla héraða og þar með lagt grundvöll til varanlegrar atvinnuaukningar.

Til þess að sýna, hversu skattur þessi kæmi niður, skal bent á eitt dæmi: Maður, sem hefir 12500 kr. í hreinar tekjur og 5 manns í heimili, greiðir nú 462 kr. í tekjuskatt. Samkv. frv. ætti hann að greiða 924 krónur. Er þó enn nokkuð eftir til að leggja á útsvar til bæjar- eða sveitarþarfa. Skatturinn lendir aðeins á þeim, sem hafa háar tekjur, en alls eigi á lágtekjur eða miðlungstekjur fjölskyldufólks.

Nd. 275. Frumvarp

til laga um ráðstafanir til varanlegs atvinnuauka.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal fyrir 1. ágúst 1933 bjóða út innanlands happdrættislán, allt að 3 milljónum kr., til 12 ára með eigi hærri ársvöxtum en 5%.

Helmingur vaxtanna, allt að 2½%, greiðist árlega skuldabréfaeigendum, en um hinn helminginn skal stofnað happdrætti, er allir skuldabréfaeigend-

ur eru þátttakendur í, og honum varið til að greiða happdrættisvinninga. Dregið sé um happdrættisvinningana eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Fyrstu tvö árin greiðist engin afborgun af láninu, en síðan skal einn tíundi hluti skuldabréfanna innleystur ár hvert. Skuldabréfin hljóði á nafn og séu lægst 25 kr., en hæst 5 þús. kr. Vextir af þeim og happdrættisvinningar skulu undanþegnir tekjuskatti. Ríkisstjórnin setur reglur um gerð skuldabréfanna, innlausn þeirra, tilhögun lánsútboðs og annað þar að lútandi, svo og um upphæð og fjölda happdrættisvinninga og allt, er lýtur að tilhögun happdrættisins. Jafnframt er bönnuð sala á erlendum happdrættismiðum og skuldabréfum annara happdrættislána hér á landi. Brot gegn þessu varða sektum frá 500—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

2. gr.

Lánsfé það, sem ríkissjóði áskotnast samkv. 1. gr., skal ríkisstjórnin lána sveitar- og bæjarfélögum og samvinnufélögum, sem stofna vilja til nýrra atvinnufyrirtækja, er sýnt þykir, að verði til varanlegs atvinnuauka, svo sem samyrkjufyrirtækja, báta- og skipakaupa til útgerðar, iðnaðarfyrirtækja, svo sem tunnugerðar, veiðarfæragerðar, hreyfivélagerðar og annars iðnaðar, er sérstaklega sé miðaður við þarfir landsmanna og innlent hráefni.

3. gr.

Lán þessi skulu veitt eftir tillögum þriggja manna nefndar, er sé skipuð þannig: Einn tilnefnir Alþýðusamband Íslands, annan Búnaðarfélag Íslands og hinn þriðja Fiskifélag Íslands. Þau skulu veitt gegn 2. veðrétti í fyrirtækjunum og mega nema 45% af stofnkostnaði fyrirtækisins, en þó aldrei vera hærri en svo, að samanlögð 1. og 2. veðréttarlán nemi meiru en 95% stofnkostnaðar. Lánstími skal vera allt að 12 ár og fyrstu 1—2 árin afborganalaust, vextir 5% á ári og greiðast eftir á einu sinni eða tvisvar á ári.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnubætur í venjulegri merkingu eru einskonar bráðabirgðahjálp við vandræðum, sem vara skamman tíma, og gera sem slíkar geysimikið gagn, ef rétt er á haldið. En mest gagn gera þær, ef þeim er hagað svo, að með þeim sé lagður grundvöllur að varanlegri framtíðaratvinnu. Einkum er þessa brýn þörf á krepputímum eins og nú, þegar atvinnufyrirtæki einstaklinga ganga úr sér og enginn kostur er endurnýjunar eða viðbótar á þeim, en fólksfjölgunin í landinu heldur áfram jafnt og þétt.

Með frv. þessu er ætlazt til þess, að tvennt vinnist í senn: að bætt sé úr augnabliks atvinnuskorti með vinnu við stofnun nýrra atvinnufyrirtækja, að svo miklu leyti sem hægt er að vinna að slíku hérlendis, og að lagður sé um leið grundvöllur varanlegs atvinnurekstrar.

Þau fyrirtæki, er flm. hafa helzt í huga, eru: útgerðarfyrirtæki, kaup eða smíði skipa og báta, samyrkjufyrirtæki, þar sem hentug skilyrði eru fyrir hendi, allskonar iðnaðarfyrirtæki, er vinni vörur, sem við þurfum nú að kaupa að, svo sem tunnur, veiðarfæri, hreyfivélar o. fl. o. fl., eða vinni úr efnum, er vér sjálfir framleiðum, svo sem fiski, síld, ull, kjöti, gærum, mjólk o. fl. o. fl.

Þar sem hér er eigi um að ræða fé, er verða eigi eyðslueyrir, heldur ganga til að stofna arðvænleg fyrirtæki í eigu almennings, þykir eigi ástæða til að afla þessa fjár með sköttum. Er því gert ráð fyrir, að ríkisstj. taki lán innanlands til þessara framkvæmda og hafi vexti nokkru hærri en innlánsvexti og úthluti nokkrum hluta þeirra sem happdrættisvinningum, til að gera skuldabréfin útgengilegri. Hafa slíkar leiðir verið farnar víða erlendis við lántökur innanlands og þótt gefast vel.

Hiklaust má gera ráð fyrir, að erlendis verði auðfengið lánsfé fyrir miklum hluta þess, sem kaupa þarf erlendis frá, gegn öruggum 1. veðrétti í fyrirtækjunum. Alstaðar er atvinnuleysi, og alstaðar kappkosta þjóðirnar að auka útflutning sinn og greiða fyrir sölu til annara landa, t. d. með lánsfé, ef greiðsla er tryggð. Þykir því óhætt að gera ráð fyrir, að a. m. k. 55% af stofnkostnaði fyrirtækjanna fáist annarsstaðar frá sem framlag hlutaðeigenda og lán, og ætti þá að vera hægt að verja til stofnunar nýrra atvinnufyrirtækja í eign almennings um 6 millj. króna á næstu 2 árum og tryggja fjölda fólks varanlega framtíðaratvinnu.

Nd. 276. Frumvarp

til laga um stóríbúða- og háleiguskatt til húsnæðisbóta.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Hver sá, sem býr í íbúð, sem metin er til fasteignamats yfir 20000 kr. virði með tilheyrandi lóð, og eigi hefir fleiri í heimili en 5 manns, skal greiða af henni stóríbúðaskatt. Fyrir hvern heimilismann umfram 5 skal hækka skattfrjálst íbúðarverð um 3000 kr. og lækka um sömu upphæð fyrir hvern mann, er heimilismenn eru færri en 5. Þó skulu íbúðir, sem að fasteignamati eru 12000 kr. virði eða minna, jafnan vera skattfrjálsar.

Stóríbúðaskatturinn skal nema:

Ef hinn skattskyldi hluti íbúðarverðsins er undir 5000 kr., greiðist af honum 3%.

Af	5000	til	15000	kr.	greiðast	150	kr. af	5000	kr.	og	3,5% af afgangi
—	15000	—	25000	—	—	500	— —	15000	—	—	4 % — —
—	25000	—	35000	—	—	900	— —	25000	—	—	4,5% — —
—	35000	—	45000	—	—	1350	— —	35000	—	—	5 % — —
—	45000	—	55000	—	—	1850	— —	45000	—	—	5,5% — —
—	55000	—	65000	—	—	2400	— —	55000	—	—	6 % — —
—	65000	—	75000	—	—	3000	— —	65000	—	—	6,5% — —
—	75000	og	þar yfir		—	3650	—	75000	—	—	7 % — —

Húseigandi er ábyrgur fyrir skattgreiðslu leigjenda sinna, enda hvílir skatturinn sem lögveð á húseigninni. Skattinn má taka lögtaki.

Skatturinn greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn 1. maí 1933.

Skattfrjálsar eru íbúðir sendiherra erlendra ríkja, svo og íbúðir í húsum, sem reist eru eftir að lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Af hverskonar húsaleigu, sem nemur meiru en 15% af kaupverði húseignarinnar, að meðtalinni lóð, skal húseigandinn greiða háleiguskatt af því, sem umfram er. Kaupverð telst það verð, er eigandi eignaðist eignina fyrir í upphafi, að viðbættu hæfilega metnu andvirði endurbóta og viðbygginga, en að frádreginni eðlilegri fyrningu. Hafi eigandi fengið eignina að erfðum, vegna stofnunar eða slita hjúskapar eða á annan þvílíkan hátt, telst kaupverðið það, sem eignin var honum útlögð fyrir. En ef um gjöf er að ræða, skal eignin sérstaklega metin í þessu skyni til verðs, svo sem það telst verið hafa á þeim tíma, er eigandinn fékk hana í hendur.

Háleiguskattinn skal reikna af þeim hluta húsaleigunnar, sem er umfram 15% af kaupverði, og skal hann nema:

Af	því,	sem	leigan	nemur	yfir	15%	allt	að	20%	af kaupverði,	greiðist 10%
—	„	—	—	„	—	20	—	„	25	— —	„ — 20
—	„	—	—	„	—	25	—	„	30	— —	„ — 30
—	„	—	—	„	—	30	—	„	35	— —	„ — 40
—	„	—	—	„	—	35	—	„	40	— —	„ — 50
—	„	—	—	„	—	40	—	„	45	— —	„ — 60
—	„	—	—	„	—	45	—	„	50	— —	„ — 70
—	„	—	—	„	—	50	—	„	55	— —	„ — 80
—	„	—	—	„	—	55	—	„	60	— —	„ — 90
—	„	—	—	„	—	60	—	„	65	— —	„ — 100

Skattur þessi hvílir sem lögveð á eignunum, hefir lögtaksrétt og greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinni 1. maí 1933.

Öryrkja fólk, sem jafnframt er efnalítið og ekki hefir meiri tekjur, að meðtöldum tekjum af húsaleigu, en svo, að nægi til framfæris, má undanþiggja háleiguskatti.

Nú selur húseigandi eftir 1. maí 1933 húseign, sem leigð er fyrir meira en 15% af kaupverði, og skal hann þá greiða skatt af söluverðinu, er nemi sömu

upphæð og háleiguskatturinn mundi nema með óbreyttum leigumála frá söludegi til 31. desember 1935.

3. gr.

Skattur samkv. 1. og 2. gr. ákveðst af skattstjóra í Reykjavík, en af skattanefndum utan Reykjavíkur. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um ákvörðun skattsins, ákvörðun kaupverðs og mat á endurbótum, viðbyggingum og fyrningu og hversu greina skal sundur og meta einstaka hluta í sama húsi til eignar, kaupverðs eða leigu.

Skattana innheimta skattheimtumenn ríkissjóðs.

4. gr.

Skatturinn rennur til byggingarsjóða verkamanna, sbr. lög nr. 71 8. sept. 1931, og skiptist hlutfallslega milli sjóðanna eftir íbúatölu kaupstaðanna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1935.

Greinargerð.

Ekki er unnt að gera áreiðanlega áætlun um tekjur samkv. frv., en flm. telja mjög varlegt að áætla þær um 150 þús. kr. á ári. Til þess að sýna, hvernig skatturinn kemur niður, eru látin fylgja nokkur raunveruleg dæmi hér úr Reykjavík, og eru þau miðuð við skýrslur frá 1930.

I. Stóríbúðaskattur.

a. Íbúð er að fasteignamati kr. 81500,00. 9 manns í heimili. Verður þá skattur samkv. frumvarpinu kr. 2097,50. Ef 5 manns væru í þessu heimili, mundi skatturinn nema kr. 2790,00.
b. Íbúð er að fasteignamati kr. 65100,00. 9 manns í heimili. Verður þá skattur samkv. frv. kr. 1264,50. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 1855,50.
c. Íbúð er að fasteignamati kr. 51800,00. 8 manns í heimili. Verður þá skattur samkv. frv. 812,00. Ef 5 manns væru í heimilinu, yrði skattur kr. 1206,00.
d. Íbúð er að fasteignamati kr. 41000,00. 9 manns í heimili. Skattur yrði samkv. frv. kr. 290,00. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 740,00.
e. Íbúð er að fasteignamati kr. 33700,00. 8 manns í heimili. Skattur yrði samkv. frv. kr. 141,00. Ef 5 manns væru í þessu heimili, yrði skatturinn kr. 454,50.

II. Háleiguskattur.

a. Hús er keypt á kr. 26000,00. Ársleiga nú 11100,00, eða 42,69% af kaupverði. Skattur yrði samkv. frv. kr. 2370,00.
b. Hús er keypt á kr. 30000,00. Ársleiga er nú kr. 12360,00, eða 41,2% af kaupverði. Skattur yrði samkv. frv. kr. 2466,00.
c. Hús er keypt á kr. 25000,00. Ársleiga er nú kr. 5000,00, eða 20% af kaupverði. Skattur yrði samkv. frv. kr. 125,00.

d. Hús er keypt á kr. 36000,00. Ársleiga er nú kr. 24000,00, eða 66,6% af kaupverði. Skattur af þessari leigu yrði samkv. frv. kr. 10500,00.

Í öðru frv., er sömu flm. flytja, er gert ráð fyrir, að ákvæði laga um tóbakseinkasölu ríkisins, um að hálfur arður hennar skuli renna til byggingarsjóða verkamanna, skuli nú þegar koma til framkvæmda. Áætlar stjórnin tekjur tóbakseinkasölunnar 300 þús. kr. á ári, og yrði þá hlutur byggingarsjóðanna um 150 þús. kr. hvort árið, og tekjur þeirra samkv. þessum 2 frv. um 600 þús. kr. samanlagt næstu 2 ár.

Sé gert ráð fyrir, að framlög félagsmanna og lán nemi a. m. k. sömu upphæð, er hægt að byggja fyrir 1200 þús. til 1500 þús. á þessu og næsta ári, en það svarar til 150—200 íbúða.

Væru með slíkum ráðstöfunum slegnar tvær flugur í einu höggi: Stórum aukin atvinna þeirra, er við byggingar fást og nú flestir verða að sitja auðum höndum, og mikilsverð bót ráðin á húsnæðisvandræðunum og þar með dregið úr hinni óhæfilega háu húsaleigu, sem er einn meginþáttur dýrtíðarinnar hér í höfuðstaðnum, og reyndar fleiri kaupstöðum.

Nd. 277. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 76 23. júní 1932, um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Liðirnir 2. (skemmtanaskattur) og 3. (arður tóbakseinkasölu) skulu úr gildi felldir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkv. lögum um einkasölu ríkisins á tóbaki skal hálfur arður einkasölunnar renna til byggingarsjóða verkamanna. Þykir óhæfa eins og nú er ástatt að svipta sjóðina þessum tekjum, einmitt þegar hin mesta þörf er húsnæðisbóta og atvinnuaukningar. Skemmtanaskattinn þykir eftir atvikum sjálfsagt að taka til sérstakra kreppuráðstafana, meðan honum ekki er varið samkv. hinum upphaflega tilgangi, og er gert ráð fyrir því í öðru frv., er við flm. flytjum.

Nd. **278. Frumvarp**

til laga um lækkun vaxta.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Engir bankar, sparisjóðir eða aðrar peningastofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðsstarfsemi, mega greiða hærri vexti en lög þessi ákveða. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er að ræða fé í venjulegum viðskiptabókum stofnunarinnar, á innlánsskírteinum, hlaupareikningi eða til ávöxtunar á annan hátt.

2. gr.

Hámark vaxtanna skal vera:

a. af innstæðufé í viðskiptabókum 2½% á ári,
b. af innlánsskírteinum til 6 mánaða eða lengri tíma 3% á ári,
c. af innstæðufé á hlaupareikningi 2% á ári.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal gera ráðstafanir til þess, að útlánsvextir peningastofnana þeirra, er starfa með innstæðufé, lækki tilsvarandi við lækkun innlánsvaxta, svo fljótt sem verða má og eigi síðar en frá 1. júlí 1933, og er henni heimilt að ákveða hámark útlánsvaxta fyrir hinar einstöku peningastofnanir, ef þörf gerist.

4. gr.

Frá þeim tíma, er útlánsvextir peningastofnana hafa verið ákveðnir samkv. 3. gr., er og öðrum óheimilt að taka hærri vexti af tilsvarandi lánum en peningastofnunum hefir verið heimilað.

5. gr.

Nú hefir peningastofnun tekið við fé til ávöxtunar á innlánsskírteini eða á annan hátt með sérstökum samningi, áður en lög þessi öðlast gildi, með hærri vöxtum en í 2. gr. segir, og skulu þeir þá standa óhaggaðir til næstu gjalddaga, þó eigi lengur en 6 mánuði frá því lög þessi öðlast gildi.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10000—100000 kr. Mál, sem rísa kunna út af lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. júlí 1935.

Greinargerð.

Nauðsyn ber til þess að lækka útlánsvexti, en slíkt verður eigi gert án þess vextir af innstæðufé jafnframt séu lækkaðir. Þykir flm. réttara, að Alþingi ákveði hámark innlánsvaxta fyrir ákveðið árabil, 2 ár samkv. frv., en að leggja slíkt ótímabundið á vald stjórnarinnar. Hinsvegar þykir rétt að ætla stjórninni að ákveða hámark útlánsvaxta til samræmis við innlánsvextina.

Innstæðufé bankanna pr. $^{31}/_{12}$ 1932 var sem hér segir:

Landsbankans:			
a. Sparisjóður og innlán	kr. 34355 þús.		
b. Hlaupareikningar	— 6300 —		
		kr.	40655000.00
Útvegsbankans:			
a. Sparisjóður og innlán	kr. 4360 þús.		
b. Hlaupareikningar	— 1750 —		
		—	6110000.00
Búnaðarbankans:			
a. Sparisjóður og innlán	kr. 1650 þús.		
b. Hlaupareikningar	— 270 —		
		—	1920000.00
		Samtals kr.	48685000.00
Innstæða í sparisjóðum pr. $^{31}/_{12}$ 1929 var		—	8645000.00
		Alls. kr.	57330000.00

Nd. 279. Frumvarp

til laga um kreppusjóð.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð í því skyni að leggja fram styrk og lán til smábænda, smáútgerðarmanna, iðnaðarmanna og annara smáatvinnurekenda, verkafólks og sjómanna, til þess að koma í veg fyrir, að þeir verði sviptir jörðum, íbúðarhúsum, útvegi og öðrum starfstækjum af völdum viðskiptakreppunnar.

2. gr.

Í sjóðinn skal renna til ársloka 1935:

1. Tekjur samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.
2. Helmingur tekna samkv. lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

3. Lögákveðið tillag til Búnaðarbanka Íslands.
4. Framlag úr ríkissjóði 200000 kr. á ári, enda sé frestað framkvæmd jarðræktarlaga að svo miklu leyti, að gjöld ríkissjóðs samkv. þeim lögum fari ekki fram úr kr. 200—250 000 á ári.
5. Álag á áfengistoll 200%, og skal álag þetta innheimt með tollinum.

3. gr.

Tilgangur kreppusjóðs er:

1. Að veita lán til þeirra, er í 1. gr. segir, til þess að inna af hendi greiðslur samningsbundinna afborgana og vaxta af veðskuldum eða til lánsstofnana þeirra, er skuldakröfurnar eiga.
2. Að veita styrk eða lán þeim, er í 1. gr. segir, til að ná samningum um greiðslufrest, vaxtalækkun eða skuldaeftirgjafir.
3. Að veita styrk eða lán til að gera bústofn bænda, starfstæki og búsafurðir fjölbreyttari og bæta söluskilyrði afurða þeirra.
4. Að veita styrk eða lán til að gera tilraunir með óreynd veiðarfæri og verkunaraðferðir.

4. gr.

Fjármálaráðherra hefir á hendi yfirstjórn sjóðsins og veitir styrk og lán úr honum eftir tillögum 3 manna nefndar, er sé skipuð þannig: Einn maður af Alþýðusambandi Íslands, einn af Búnaðarfélagi Íslands og einn af atvinnumálaráðuneytinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú hætta vofir yfir miklum þorra hinna smærri bænda, að þeir verði sviptir jörðum sínum og bústofni vegna vanskila, sem eru orsakir kreppunnar og þeim með öllu ósjálfráðar, ef ekki eru gerðar ráðstafanir af hálfu hins opinbera til að hindra slíkt.

En ekki hæfir að líta til bænda einna í þessu efni. Fleiri eiga um sárt að binda af völdum kreppunnar en þeir.

Alveg sama gildir um smáútgerðarmanninn, sem á atvinnu sína og afkomu undir því að fá að halda bátnum sínum, en vegna hins lága afurðaverðs getur ekki staðið í skilum með vexti og afborganir. Um báða gildir hið sama: Séu þeir sviptir þessum starfstækjum sínum, eiga þeir ekki annars úrkosta en að skipa sér í hinn fjölmenna hóp atvinnuleysingjanna. Og hæpið er, eins og nú árar, að aðrir taki við starfrækslu þeirri, sem þeir áður höfðu með höndum.

En það, sem hér hefir sagt verið um bændur og smáútgerðarmenn, má og að miklu leyti segja um verkamenn og sjómenn, sem eignazt hafa hús til eigin nota. Sé gengið að þeim, þegar þeir vegna langvarandi atvinnuleysis eru þess ómegnugir að greiða vexti og afborganir, og húsin seld, er ekki einasta allt sparifé þeirra glatað, heldur og stórspillt möguleikum þeirra til að sjá fyrir

sér. Tilgangur frv. er að ákveða fjárframlög til að standast þann kostnað, sem gera verður ráð fyrir, að leiði af nauðsynlegum ráðstöfunum í þessu efni, til ársloka 1935. Það, sem þá kallar fyrst að, er að gera ráðstafanir til þess, að veðhafar gangi eigi að þegar tryggingar eru nægar. Í öðru lagi er ætlazt til, að jafnvel þótt menn geti ekki staðið straum af skuldum sínum, miðað við venjuleg vaxtakjör, þá sé sjóðnum ætlað að hjálpa með styrk eða láni, eftir efnahag, til þess að fá samninga um lækkaða vexti, greiðslufrest eða skuldaeftirgjafir, ef skuldirnar eru meiri en svo, að líkur séu til, að unnt sé að greiða þær, en ástæður mæla með, að maðurinn haldi áfram starfrækslu sinni.

Þá er og til þess ætlazt, að sjóðurinn veiti eftir atvikum styrk eða lán til bænda til þess að gera bústofninn og afurðirnar fjölbreyttari, t. d. með því að hefja alifugla- eða loðdýrarækt, aukna og fjölbreyttari matjurtaræktun o. fl. þess háttar, sem gæfi nokkurn tekjuauka, en ekki eykur rekstrarkostnað búanna verulega og eigi krefst mikils stofnfjár. Hliðstæða hjálp er ætlazt til, að sjóðurinn veiti smáútgerðarmönnum.

Tekjur sjóðsins áætla flm. um 1400 þús. kr. á ári.

Nánar í framsögu.

Nd. 280. Tillaga

til þingsályktunar um enska lánið.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að gera sitt ýtrasta til þess að fá enska láninu frá 1922 breytt í annað lán með hagfelldari kjörum og neyta til þess heimildar samkv. lögum nr. 67 23. júní 1932, um lántöku fyrir ríkissjóð.

Nd. 281. Breytingartillaga

við frv. til l. um bann við því, að bankar og aðrar lánstofnanir greiði hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir.

Flutningsm.: Steingrímur Steinþórsson.

1. Við 3. gr. Greinin falli niður.
2. Greinatalan breytist samkvæmt því.

Nd. 282. Breytingartillögur

við frumv. til laga um bann við því, að bankar og aðrar lánstofnanir greiði hærri vöxtu af innlánsfé en Landsbanki Íslands greiðir.

Frá Guðbrandi Ísberg og Birni Kristjánssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Heimilt er ráðherra að undanþiggja Söfnunarsjóð Íslands ákvæðum þessara laga, gegn því að sjóðurinn lækki útlánsvexti sína niður í 5% — fimm af hundraði — á ári, enda taki þetta einnig til eldri lána hans.
2. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Nd. 283. Frumvarp

til laga um dráttarvexti.

Flutningsm.: Guðbrandur Ísberg, Halldór Stefánsson.

1. gr.

Bannað er lánsstofnunum, hverju nafni sem nefnast, að taka hærri dráttarvexti en 1% — einn af hundraði — á mánuði af vaxtaupphæð þeirri, er greiðsludráttur hefir orðið á, og telst brot af mánuði heill mánuður.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll ákvæði laga, er koma í bága við þessi lög.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Greinargerð.

Flestar lánsstofnanir munu taka svipaða dráttarvexti, sem hér er farið fram á að leyfðir verði sem hámark. Hinsvegar er þó vitað, að til er hér á landi lánsstofnun, sem tekið hefir dráttarvexti allt að þrefalt hærri en hér er lagt til að leyfðir verði. Virðist slíkt nálgast okur, og er sérstaklega tilfinnanlegt á krepputímum þeim, sem nú eru.

Ed. 284. Breytingartillögur

við breytingartillögur á þskj. 156 [Bifreiðaskattur].

Frá Jóni Jónssyni og Einari Árnasyni.

1. Við 1. Breytingartill. orðist svo:
   Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   a. Í stað orðanna „4 aura“ í 1. gr. laganna komi: 5 aura.
   b. Í stað orðanna „1 -- ein króna“ í sömu grein komi: 50 aura.
2. Við 4.
   a. Í stað orðanna „Ráðherra ákveður .... frá hlutaðeigendum“ komi: Ráðherra ákveður með reglugerð skipting þessa fjár milli aðilja, og er heimilt að krefjast tvöfalds framlags á móti frá hlutaðeigendum, svo og að setja önnur skilyrði, er tryggja hagkvæma framkvæmd verksins, og að fé þessu verði varið þar, sem þörf er mest.
   b. Við breytingartillöguna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Styrkur samkv. b.- og d.-lið þessarar greinar er því skilyrði bundinn, að hlutaðeigandi bæjarfélag, sýsla eða kauptún verji á því ári til vegaviðhalds að minnsta kosti sem svarar 2‰ af verði fasteigna innan bæjar, sýslu eða kauptúns eftir fasteignamati.

Ed. 285. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu kirkjujarðarinnar Mið-Sámsstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. marz 1933.

Magnús Torfason, form.	Pétur Magnússon, frsm.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.

Ed. 286. Nefndarálit

um frv. til hjúkrunarkvennalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

2. gr. frv. orðist svo:
Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkonur sam-

kvæmt 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarkvennastarfa við sjúkrahús, sjúkraskýli, elliheimili, barnahæli og aðrar þess háttar stofnanir, að skólum sem skólahjúkrunarkonur, né til að starfa að öðrum tilsvarandi almennum hjúkrunarkvennastörfum.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Ákvæði greinarinnar ná ekki til almennrar hjúkrunar og hjálparstarfsemi á heimilum utan kaupstaða, hvort sem hún fer fram á vegum sveitarfélaga eða einstakra hjúkrunar- eða líknarfélaga í sveitum.

Alþingi, 29. marz 1933.

Magnús Torfason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr., frsm.	Pétur Magnússon.

Ed. 287. Lög

um samþykktir um mat á heyi til sölu.

(Afgreidd frá Ed. 29. marz).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir fyrir einn hrepp eða fleiri um mat á heyi til sölu.

2. gr.

Þegar samþykkt er gerð á sýslufundi, skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlazt er til, að samþykktin nái yfir. Sýslunefndin ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er hún kýs til, auglýsir fundardag og stjórnar fundi. Atkvæðisrétt á þeim fundi eiga allir, er kosningarrétt hafa í sveitarmálefnum.

3. gr.

Á fundi þeim, sem um getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp sýslunefndarinnar til samþykktar. Fallist fundurinn með ⅔ atkvæða á frumvarpið óbreytt, sendir sýslumaður það atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær.

Fallist sýslunefnd ekki á breytingar fundarins, skal kveðja til fundar á ný, og samþykki fundurinn þá frumvarpið óbreytt með ⅔ atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

Frumvarp, sem ekki nær ⅔ atkvæða á samþykktarfundi, er fallið.

4. gr.

Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en hún þykir fara í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, eða hún virðist ekki tryggja nægilega

hag kaupanda eða seljanda heys, og synjar þá ráðherra um staðfestingu, endursendir frumvarpið og tilgreinir ástæður fyrir synjaninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla þá, sem kaupa eða selja hey, sem framleitt er á samþykktarsvæðinu.

Staðfestri samþykkt verður ekki breytt á annan hátt en til hennar var stofnað.

5. gr.

Í samþykkt skal ákveða:

a. Að allt hey, sem selt er kaupanda utan hrepps, skuli metið af matsmönnum, er lögreglustjóri nefnir til, nema aðilar séu á annað sáttir. Lögreglustjóri setur heymatsmönnum erindisbréf, og skulu þeir undirrita drengskaparvottorð áður en þeir taka við starfi sínu, um að þeir vilji rækja það af alúð og samvizkusemi.
b. Hversu flokka skal hey eftir gæðum.
c. Hvar mat skal fram fara.
d. Um merkingu á heyi og umbúnað við sendingu.
e. Um borgun til matsmanna.
f. Annað, sem þurfa þykir, eftir atvikum og staðháttum.

6. gr.

Í samþykktum má ákveða sektir í sýslusjóð, allt að 500 kr., fyrir brot gegn þeim. Mál út af þeim brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 288. Lög

um viðauka við lög nr. 20, 27. júní 1915, um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði.

(Afgreidd frá Ed. 29. marz).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 20, 27. júní 1925, um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði, komi svo hljóðandi málsgrein:

d. sýslufélögum, til að fyrirbyggja kornvöruskort vegna samgöngutálma af hafísvöldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 289. Þingsályktun

um rýmkun á innflutningsleyfi fyrir sauðfé.

(Afgreidd frá Nd. 29. marz).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka fyrir næsta Alþingi, hvort eigi sé unnt að rýmka ákvæði laga nr. 27, 8. sept. 1931, um innflutning sauðfjár til sláturfjárbóta, þannig, að einstökum mönnum verði, með leyfi ráðuneytisins, heimiluð stofnfjárrækt hinna erlendu kynja, en þó megi haldast fullt öryggi um það, að ekki flytjist til landsins sjúkdómar með hinu innflutta fé.

Ed. 290. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 82 23. janúar 1932, um sjúkrasamlög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frv. með þessum

BREYTINGUM.

1. Frvgr. verði 1. gr.
2. Á eftir kemur ný gr. (2. gr.):
   Þegar lög þessi hafa verið staðfest, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 82 1932 og gefa þau út svo breytt.

Alþingi, 29. marz 1933.

Magnús Torfason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr., frsm.	Pétur Magnússon.

Nd. 291. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum gufuskipum.

Flutningsmaður: Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Önnur grein laganna orðist svo:

Sá einn, er öðlazt hefir vélgæzluskírteini, á rétt til að vera undirvélstjóri á íslenzku gufuskipi með 300 ha. vél (indiseret) og minni.

Skirteinið öðlast sá einn, er:

a. hefir staðizt vélgæzlu eða vélstjóraskólann í Reykjavík,
b. hefir stundað járnsmíði í 3 ár og verið kyndari í eitt ár eða verið aðstoðarmaður í vél eða vélstjóri með undanþágu í 3 ár og hefir meðmæli smiða þeirra eða vélstjóra, er hann hefir unnið með,
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt telst að almenningsáliti.

Stjórnarráðið setur reglugerð, eftir tillögum þar um fróðra manna, hvernig vélgæzlukennslunni skuli háttað, svo og um vélgæzluprófið og prófskilyrði.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Sá einn, er fullnægir skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. laga þessara, og hefir verið undirvélstjóri á gufuskipi með meira en 75 ha. vél (indiseret) í eitt ár, á rétt til að vera yfirvélstjóri á gufuskipum með 300 ha. vél og minni. Sama gildir um þá, er hafa verið vélstjórar á gufuskipum með undanþágu, ef þeir hafa próf af vélgæzludeildinni eða vélstjóraskólanum.

3. gr.

1. janúar 1935 falla úr gildi lög nr. 14 15. júní 1926, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Það er óþarfi að hafa langa greinargerð fyrir frumvarpi þessu. Það er fram komið eftir ósk Félags undanþáguvélstjóra og Vélstjórafélags Íslands. Með lögunum 1915 um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum gufuskipum er svo ráð fyrir gert, að stofnuð verði vélgæzludeild við vélstjóraskólann í Reykjavík, þar sem inntökuskilyrði verði minni en til aðalskólans og réttindi auðvitað í samræmi við þá menntun, sem hún veitir. Þessi deild hefir, eins og kunnugt er, aldrei verið stofnuð, en hinsvegar hefir hér risið upp heil stétt manna, sem eru undanþáguvélstjórarnir. En eftir núgildandi lögum fá menn engin réttindi, þótt þeir sigli um margra ára skeið sem vélstjórar, enda vafasamt, hvort slíkt væri rétt án þess eitthvert bóknám komi til. Hafa því þau 2 félög, sem áður eru nefnd, komið sér saman um að fara þess á leit, að Alþingi veitti fé til stofnunar slíkrar deildar við vélstjóraskólann samkvæmt heimild laga frá 1915, og hefir ósk þess efnis, svo og áætlun um kostnað við slíka deild, verið lögð fyrir fjárveitinganefnd Nd. Alþingis.

En með því að lögin frá 1915 um réttindi þau, er þeir, sem próf tækju af vélgæzludeildinni, eru að ýmsu leyti ekki viðeigandi nú, þá þótti rétt að auka réttindi þessi að nokkru, þar sem skipastól vorum er að ýmsu leyti öðruvísi háttað en þá var. Með breytingu þeirri, sem hér er farið fram á eftir frv. þessu, er svo ráð fyrir gert, ef hún verður samþykkt, að menn þeir, sem koma út af deildinni, öðlist réttindi sem vélstjórar á allflestum línuveiðagufuskipum, þeim er hér eru nú við land. Ennfremur er breyting sú, sem farið er fram á, að gerð

verði eftir frv. á gildandi lögum, sniðin eftir því, að svo má gera ráð fyrir, að þeir, er sækja deildina, hafi verið vélstjórar um margra ára skeið, og að frumvarpið er samið eftir óskum og samkomulagi undanþáguvélstjóra og Vélstjórafélags Íslands.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 14. jan. 1933.

Samkvæmt beiðni frá hinu háa kennslumálaráðuneyti gef ég hér með yfirlit yfir kostnað þann, er fyrirhuguð vélgæzludeild við Vélstjóraskóla Íslands mun hafa í för með sér. Yfirlit mitt nær yfir allan kostnað að undanskildu húsnæði, sem ég ekki að svo stöddu get ákveðið.

Gagnvart kostnaði vegna húsnæðis skal ég til skýringar geta þess, að starfstími deildarinnar er fyrirhugaður 4 mánuðir.

Stundakennsla	kr.	2400.00
Prófkostnaður	—	150.00
Ræsting	—	150.00
Kol og rafmagn	—	125.00
Húsgögn	—	300.00
Ýms kostnaður	—	375.00
	Alls kr.	3500.00

Virðingarfyllst.

M. E. Jessen.

Til kennslumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 1. febr. 1933.

Samkvæmt ósk yðar, herra kennslumálaráðherra, læt ég hér með í ljós álit mitt um fyrirhugaða vélgæzludeild við vélstjóraskóla Íslands.

Ástæðan fyrir því, að ég álít deild þessa nauðsynlega, er fyrst og fremst sú, að menn þeir, sem sækja ætla deildina, hafa að ýmsu leyti nú þegar nokkuð meiri rétt en aðrir til þess að fá próf frá henni, af þeirri ástæðu, að þeir hafa þegar gegnt vélstjórastarfi í mörg ár, vegna þess að menn með réttindum hafa ekki verið til. Þessa menn álít ég því hafa nokkra kröfu til þess að fá að halda áfram starfi sínu, þar sem þeir eru komnir nokkuð inn í verkahring vélstjóra fyrir starfsemi sína.

Ég tel það ákaflega nauðsynlegt, að menn þessir fái menntun nokkra undir framhaldsstarf í þessa átt. Þó að menn þessir hafi að vísu verið nothæfir

við starf þetta fram að þessu, þá er því ekki að leyna, að þá skortir ýmsa þá kunnáttu í starfinu, sem ég álít nauðsynlega. Vélar eru alltaf að fullkomnast í skipum vorum, og svo er einnig um ýmislegan útbúnað, að hann er stöðugt að breytast og fullkomnast. Til þess að mál þetta fái viðunanlega lausn, þá álít ég það rétt, að fyrirhuguð deild verði stofnuð. Þar fer það saman, að menn þessir geta fært sér í nyt þann tíma, sem þeir hafa þegar eytt til starfs þessa, og einnig notið þar bóklegrar menntunar á tiltölulega ódýran hátt.

Ég legg því eindregið til, að framkvæmdum í þessa átt, þ. e. stofnun deildarinnar, verði flýtt svo mikið, sem auðið er.

Hvað viðkemur kostnaði við deildina, þá mun hann ekki verða meiri en ég hefi tilgreint í bréfi mínu til kennslumálaráðuneytisins, dags. 14. f. m., að undanskildri húsaleigu, sem ætti ekki að vera mjög tilfinnanleg, læt ég þess getið, að vegna þess, að ég álít deild þessa mjög nauðsynlega, þá hefi ég gert mér allt far um, að tilvera hennar verði svo ódýr sem auðið er.

Virðingarfyllst.

(sign) M. E. Jessen.

Til kennslumálaráðuneytisins.

Nd. 292. Breytingartillaga

við frv. til laga um stjórn vitamála og um vitabyggingar (þskj. 239).

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 9. gr.

Á eftir „Glettinganesi ..... hljóðviti“ komi: Brimnesi við Seyðisfjörð ..... ljósviti.

Ed. 293. Nefndarálit

um frv. til laga um hámarkslaun.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Minni hlutinn, Jón Þorlaksson, vill fella frv., en meiri hlutinn vill ráða til að samþykkja það með þeim breytingum, sem kynnu að bæta það, en ekki raska megintilgangi þess.

Síðan á stríðsárunum hafa laun og tekjur manna orðið miklu misskiptari en áður var. Samningsbundin laun komust í Íslandsbanka upp í 40 þús. kr., og skipstjórar á togurum og framkvæmdarstjórar við sum útgerðarfélögin fengu jafnvel hærri tekjur en þetta. En svo mikið ósamræmi var í þessari þróun, að

Íslandsbanki og flest þau fyrirtæki, sem greiddu hæst laun, voru allra verst stödd, og sum á barmi gjaldþrotsins eða lögðust í rústir.

Í skjóli þessarar háu kaupgreiðslu hækkuðu laun starfsmanna ríkisins meira en góðu hófi gegndi í sumum starfsgreinum, en í öðrum héldust lágu launin, svo sem hjá símafólki, barnakennurum, prestum o. fl. En alstaðar þar, sem samanburður gat komizt að við hin háu laun útvegs og verzlunar, hækkaði kaupið, og varð margfalt hærra en fyrir strið.

Hinar geysiháu tekjur fésýslustéttanna og nokkurra af starfsmönnum ríkis og bæjarfélaga höfðu skaðleg áhrif í landinu. Eyðslan óx miklu meira en efni stóðu til. Í Reykjavík sýna verkin merkin, að á síðustu árum hafa þotið upp skrauthýsi fyrir þessa nýju eyðslustétt, sum sem kosta frá 60—250 þús. kr., og má segja, að heilar götur séu sumstaðar byggðar í þessum stíl. Til að búa í þessum húsum þarf mjög háar tekjur, miklu hærri tekjur heldur en samrýmast efnalegu ástandi þjóðarinnar.

Hin mikla eyðsla þessara stétta hefir orðið að fyrirmynd fyrir margan mann, sem lítið hefir handa milli. Hefir á þann hátt skapazt stóreyðsla þeirra fátæku, sem reyna að tolla í tízkunni og semja sig að siðum þeirra, sem mest láta á sér bera og mest nota af peningum til fávíslegra hluta. Þetta óheilbrigða eyðslulíf er að verða þjóðarvoði. Því hefir verið haldið uppi með að sökkva í það milljónum af starfsfé bankanna og af útlendum lánum. Almennt er búizt við, að þegar ekki verði lengur tekin eyðslulán til að halda uppi óhófslífi því, sem nú hefir verið lýst stuttlega, þá muni töluvert mikið hrynja af þeim spilaborgum, sem reistar hafa verið á síðustu 16 árunum.

Með verðfalli landbúnaðarafurða og auknu atvinnuleysi við sjóinn hefir skapazt ný andstaða við óhófseyðslu fésýslustéttarinnar. Nú er bæði af minna að taka úr framleiðslulífinu til að halda uppi stóreyðslu til persónulegra þarfa, og á hinn bóginn þolir ekki hinn vinnandi hluti þjóðarinnar það misræmi, sem nú færist í vöxt. Bændur, verkamenn og sjómenn spara við sig og sína, jafnvel brýnustu lífsnauðsynjar, en sjá marga þá, sem mest skulda bönkunum og minnst vinna til gagns, byggja sér skrauthýsi fyrir 100—150 þús. kr. og lifa dýru veizlulífi, sem fer illa a. m. k. á tímum almennra þrenginga.

Með lögum um embættislaun er talið, að ekki sé hægt að breyta gildandi samningum um veittar stöður. Og auk þess er mest eyðsla hjá einkafyrirtækjum og fésýslustofnunum. Þar er hin sanna uppspretta eyðslunnar og háu launanna. Og þangað nær ekki armur launalaganna.

En armur skattalaganna nær líka til þeirra manna. Kreppan hefir kennt þjóðinni þetta, og nú í haust og vetur hafa komið einróma raddir frá þingmálafundum svo að segja í hverri byggð á landinu um að taka kúfinn ofan af háum launum og stórtekjum, sem varið er til persónulegrar eyðslu, og verja því, sem á þann hátt kemur í ríkissjóð, til að létta lífsbaráttu þeirra, sem erfiðast eiga í þjóðfélaginu og fremur öðrum bera hita og þunga framleiðslubaráttunnar. Þess munu engin dæmi hér á landi, að nokkur tillaga um nýjan skatt hafi á fáum mánuðum náð jafnmiklum vinsældum hjá borgurum landsins eins og frv. það, sem hér liggur fyrir. Það, sem borgarar landsins meta mest við þetta frv., er, að það bendir á leið til að draga úr hinni óhóflegu persónulegu eyðslu fé-

sýslustéttarinnar, sem er ofurefli framleiðslu landsins og sem hefir stórlega spillandi áhrif á æsku landsins og allt þjóðlífið. Sá byltingarhugur, sem nú bólar á í landinu hjá ungu kynslóðinni, er sumpart bein uppreistarhneigð hinna fátæku, sem bera kjör sín saman við líf eyðslustéttarinnar og finna þar engan sameiginlegan réttlætisgrundvöll, en að sumu leyti getur óreyndum unglingum þótt glæsilegt að vinna sér framtíðarheimili í skrautbyggingum eyðslustéttarinnar, þó að eigendaskiptin verði ekki að öllu leyti með löglegum hætti. Ekkert myndi hafa betri áhrif á þá æsku, sem á þann hátt er afvegaleidd af kynnum og samanburði við eyðslustéttina, heldur en ef þær byrjuðu hófsamt líf, vinnusemi og sparneytni í hvívetna, en að nokkru af því fé, sem áður gekk til að halda uppi þeim lífsvenjum, sem voru ofurefli raunverulega fátækri þjóð, yrði varið til að koma atvinnulífi þjóðarinnar á fastan grundvöll.

Sumir menn hyggja, að hér á landi sé enginn „kúfur“ til í efnalegum kringumstæðum, sem taka megi um stundarsakir í hallærisráðstafanir. Til að sanna, að svo sé ekki, eru látnar fylgja til skýringar frv. tvær stuttar yfirlitsskýrslur um hag betur settu stéttanna í Reykjavík árið 1931. Páll Zophoníasson ráðunautur hefir gert þessa hagskýrslu eftir skattaframtölum þess árs, eins og þau lágu fyrir ríkisskattanefndinni. Sýna þær skýrslur báðar, að vel má án varanlegs skaða um 3 ára skeið minnka nokkuð alla meiri háttar persónulega eyðslu í landinu, til að styrkja þjóðina alla í erfiðri lífsbaráttu.

Alþingi, 29. marz 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr. og frsm.

Fylgiskjal I.

Skýrsla um nettóskattskyldar tekjur Reykvíkinga árið 193[illegible].

(Persónufrádrag alstaðar dregið frá).

Nettótekjur voru milli kr. í heilum þúsundum.	Tala manna, er höfðu tekjur í fyrsta dálki.	Alls tekjur manna þeirra, er taldir eru hér að framan.	Prósent af öllum tekjum í bænum.	Meðaltekjur á mann.
65 til 70000	1	67000	0,3	67000
40 — 45000	1	42500	0,2	42500
35 — 40000	4	148000	0,6	37000
30 — 35000	5	160000	0,65	32000
25 — 30000	8	216000	0,85	27000
20 — 25000	19	418000	1,6	22000
15 — 20000	36	612000	2,4	17000
10 — 15000	133	1596000	6,2	12000
5 — 10000	777	5439000	21,2	7000
3 — 5000	1831	7324000	28,6	4000
1/10 — 3000	8235	9597050	37,4	1165
Alls	11050	25619550	100,0	

Fylgiskjal II.

Skattskyldar eignir Reykvíkinga 31. des. 1931 skiptust þannig:

Milli	6	og	10000	áttu	563	samtals kr. 4317800
—	10	—	20000	—	586	— 8155800
—	20	—	30000	—	202	— 1863600
—	30	—	50000	—	171	— 6553500
—	50	—	70000	—	69	— 4022900
—	70	—	100000	—	54	— 4462200
—	100	—	150000	—	31	— 3755100
—	150	—	200000	—	16	— 2757800
—	200	—	300000	—	21	— 5010100
—	300	—	500000	—	10	— 3938000
Yfir	500000			—	3	— 1992800

Ed. 294. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32 frá 1931, um búfjárrækt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir orðunum „taka þátt í sameiginlega kostnaðinum, sbr. 3. gr.“ í 1. mgr. 7. gr. laganna komi: og má taka hið niðurjafnaða gjald lögtaki.

Orðin „nema hálfan“ í 2. mgr. sömu greinar falli niður.

2. gr.

Á eftir orðunum „lög nr. 19, 15. júní 1926“ í 89. gr. laganna komi: lög nr. 27, 7. maí 1928.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 295. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 282 [Vextir af innstæðufé].

Frá Jónasi Þorbergssyni.

Tillgr. orðist svo:

Heimilt er ráðherra að veita Söfnunarsjóði Íslands leyfi til þess að ákveða útlánsvexti sína 1% — einn af hundraði — á ári hærri en Landsbanka Íslands.

Nd. **296. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934 og við brtt. á þskj. 199.

I. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 12. gr. 3 (Læknisvitjanastyrkur).
a. Liðurinn hækki um 250 kr.
b. Aftan við aths. bætist nýr tölul.:
Til Álftveringa 250 kr.

II. Frá *Vilmundi Jónssyni.*
1. Við 12. gr. 9. Nýr liður.
Til fjörefnarannsókna á þjóðlegum íslenzkum matvælum 5000
2. Við 12. gr. 10. Nýr liður:
Til Jónasar Kristjánssonar héraðslæknis, Sauðárkróki, ferðastyrkur til að sækja læknafund í Stokkhólmi, þar sem rætt verður um hollustu og óhollustu mataræðis 1000

III. Frá *Sveinbirni Högnasyni* og *Jóni Ólafssyni.*
Við 12. gr. 10. Nýr liður:
Til Kristjáns Grímssonar læknis, til framhaldsnáms í handlækningum erlendis 1000

IV. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 12. gr. 17. b. Nýr liður:
Styrkur til viðbyggingar sjúkrahússins á Seyðisfirði 12000

V. Frá *Guðbrandi Ísberg.*
Við 12. gr. 17. j. (Rauðakrossdeild Akureyrar).
Fyrir „500“ kemur 1500

VI. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Bernh. Stefánssyni.*
Við 12. gr. 17. k. Nýr liður:
Til Gísla Kristjánssonar, til þess að standast kostnað við dvöl á sjúkrahúsi erlendis 1500

VII. Frá *Magnúsi Jónssyni.*
Við 12. gr. 17. m. Nýr liður:
Til Magnúsar Magnússonar, til þess að leita sér lækningar vegna áverka, er hann fékk við vegavinnu ríkisins 2000

VIII. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 4. (Holtavörðuheiðarvegur).
Fyrir „40000“ kemur 20000

IX. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 5. Nýr liður:
Langadalsvegur í Ísafjarðarsýslu 4000

X. Frá *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 8. (Hofsósvegur).
Fyrir „3000“ kemur 6000

XI. Frá *Birni Kristjánssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 12. (Þistilfjarðarvegur).
Fyrir „5000“ kemur 10000
Til vara 8000
XII. Frá *Halldóri Stefánssyni.*
A. Við 13. gr. A. II. a. 13. (Bakkafjarðarvegur).
1. Fyrir „4000“ kemur 6000
2. Nýir liðir á eftir:
a. Vopnafjarðarvegur 6000
b. Úthéraðsvegur 6000
B. Við 13. gr. A. II. a. 14. (Jökuldalshliðarvegur).
1. Fyrir „Jökuldalshliðarvegur“ kemur Jökulsárhliðarvegur.
2. Fyrir „4000“ kemur 6000
XIII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við brtt. 199, 20. a. (Við 13. gr. A. II. a. 14.). (Fjarðarheiðarvegur).
Í stað „8000“ kemur 13000
XIV. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 14. Nýr liður:
Skriðdalsvegur 3000
XV. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 16. Nýr liður:
Hvolsvallarvegur 3000
XVI. Frá *Sveini Ólafssyni* og *Halldóri Stefánssyni.*
Við 13. gr. B. 1. b. (Eimskipafélag Íslands).
Við liðinn bætist athugasemd: enda hagi félagið áætlun svo, að strandsiglingar taki sem jafnast til allra landshluta.
XVII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
Fyrir „20000“ kemur 25000
XVIII. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. Við liðinn kemur athugasemd:
Þar af til bátabryggju á Vattarnesi 3000
XIX. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. Nýr liður:
Til viðgerðar á öldubrjótnum í Bolungavík 20000
XX. Frá *Bernh. Stefánssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. Nýr liður:
Til öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn tvöföldu tillagi frá hafnarsjóði Siglufjarðar 200000
XXI. Frá *Pétri Halldórssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. I. i. Nýir liðir:
a. Til þess að halda uppi kennslu í tauga- og geðsjúkdómum 1000

b. Til Matthíasar Þórðarsonar, til fyrirlestrahalds í háskólanum 1000
c. Risnufé rektors háskólans 2000
Til vara 1500

XXII. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni*.
Við 14. gr. B. II. d. Nýr liður:
Til Jóns Gissurarsonar, til lokanáms í verzlunarfræði við þýzkan háskóla 1000

XXIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni*.
Við 14. gr. B. II. d. Nýr liður:
a. Til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til að ljúka vélfræðinámi í Þýzkalandi 1000
b. Til Árna Skúlasonar, til að ljúka trésmíðanámi í Kaupmannahöfn 1000
Til vara 800

XXIV. Frá *Ólafi Thors* og *Bjarna Ásgeirssyni*.
Við 14. gr. B. II. d. Nýr liður:
Til Jóns Blöndals, til lokanáms í hagfræði 1200

XXV. Frá *Guðbrandi Ísberg*.
Við 14. gr. B. X. b. (Iðnfræðsla á Akureyri).
Fyrir „1500“ kemur 2500
Til vara 2000

XXVI. Frá *Jóhanni Jósefssyni*.
Við 14. gr. B. X. d. Nýr liður:
Til iðnaðarmannafélagsins í Vestmannaeyjum, til kvöldskólahalds 1200

XXVII. Frá *Jóni A. Jónssyni*.
Við 14. gr. B. XIII. 4. (Barnaskólahús utan kaupstaða).
Fyrir „15000“ kemur 17000

XXVIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni, Ólafi Thors* og *Haraldi Guðmundssyni*.
Við 14. gr. B. XXI. Nýr liður:
Til glímufélagsins Ármanns, upp í halla af ferð glímuflokks til Stokkhólms í tilefni af íslenzku vikunni þar 1500

XXIX. Frá *Bergi Jónssyni*.
Við 15. gr. 15. Nýr liður:
Til Helga Guðmundssonar kennara í Austmannsdal, til þjóðsagnasöfnunar á Vestfjörðum og útgáfu safnsins 1000
Til vara 600

XXX. Frá *Sveinbirni Högnasyni* og *Steingrími Steinþórssyni*.
Við 15. gr. 24. (Guðm. Finnbogason).
Liðurinn fellur niður.

XXXI. Frá *Guðbrandi Ísberg*.
Við 15. gr. 25. (Halldór Kiljan Laxness).
Liðurinn fellur niður.

XXXII. Frá *Sveinbirni Högnasyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 15. gr. 29. (Hannes Þorsteinsson).
Liðurinn fellur niður.

XXXIII. Frá *sjávarútvegsnefnd.*
Við 15. gr. 33. Nýr liður:
Til Árna Friðrikssonar, vegna ritstarfa og fyrirlestra um fiskilíf og fiskiveiðar 1200
Til vara 1000

XXXIV. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 16. gr. Nýr liður á undan 1:
Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum 1000000
gegn jafnháu framlagi frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélögum, enda sé þeim og gefinn kostur á láni, er nemi helmingi framlags þeirra, eða ríkisábyrgð.

XXXV. Frá *landbúnaðarnefnd.*
1. Við 16. gr. 3. (Gjöld skv. jarðræktarlögum).
Fyrir „400000“ kemur 355000
2. Við 16. gr. 7. (Tilbúinn áburður). Liðinn skal orða svo:
Vegna framkvæmdar laga um tilbúinn áburð 75000

XXXVI. Frá *Guðbrandi Ísberg.*
Við 16. gr. 24. Nýr liður:
Til Geirs Þormars, tréskurðarmeistara á Akureyri, til þess að halda uppi kennslu og námskeiðum í tréskurði 650

XXXVII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 34. Nýr liður:
Til Sambands sunnlenzkra kvenna, styrkur til að halda uppi námskeiðum fyrir húsmæður og húsmæðraefni 2500

XXXVIII. Frá *Magnúsi Jónssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Bernh. Stefánssyni.*
Við 16. gr. 36.
a. Liðinn skal orða svo:
Til vinnumiðstöðvar kvenna, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 2000
b. Nýr liður á eftir:
Til Sigrúnar Kjartansdóttur, til þess að setja á stofn saumastofu fyrir skinnhanzka og fleiri vörur úr íslenzkum skinnum 2000

XXXIX. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 16. gr. 46. Nýr liður:
Til þess að ljúka við fyrirhleðslu Skálmar í Álftaveri, gegn ⅓ annarsstaðar að 2000

XL. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Magnúsi Jónssyni.*

Við 16. gr. 46. Nýr liður:

Til Búnaðarbanka Íslands, fyrsta greiðsla vaxta og afborgana af viðlagasjóðslánum málaranna Ásgríms Jónssonar og Jóns Stefánssonar, að upphæð samtals 13 þús. kr. til hvors, sem ríkið tekur að sér að greiða að fullu 3300

enda greiði skuldunautar aftur ríkinu, hvor að sínum hluta, í eigin málverkum jafnvirði þess, er ríkissjóður greiðir af skuldinni á hverju ári, að mati manns eða manna, sem stjórnin kveður til þess í hvert sinn.

XLI. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*

Við 16. gr. 46. Nýr liður:

Til Búnaðarbanka Íslands, til greiðslu á viðlagasjóðsláni Grímsneslæknishéraðs til læknisbústaðar og sjúkraskýlis, þar í taldir vextir 12393

XLII. Frá *Ólafi Thors.*

Við 16. gr. 46. Nýr liður:

Til Búnaðarbanka Íslands, til lækkunar á ræktunarsjóðsláni vegna kaupa á þjóðjörðinni Leirvogstungu í Mosfellssveit 15000

Til vara 12000

XLIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*

Við 17. gr. 7 (Slysavarnir).

a. Fyrir „8000“ kemur 15000

b. Við aths. bætist málsgrein:

Af framlagi þessu skal verja allt að 7000 kr. til símalagninga að Hjörsey og Straumfirði á Mýrum.

XLIV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*

Við 17. gr. 22. Nýr liður:

Til Ekknasjóðs Vestmannaeyja 1000

Til vara 800

XLV. Frá *Birni Kristjánssyni.*

Við 18. gr. II. d. 3. (Guðrún Björnsdóttir).

Fyrir „300“ kemur 500

XLVI. Frá *Hannesi Jónssyni.*

Við 18. gr. II. d. 41. Nýr liður:

Til Líneyjar Sigurjónsdóttur prófastsekkju 500

Til vara 300

XLVII. Frá *Bergi Jónssyni.*

Við 18. gr. II. e. 20. Nýr liður:

Til Ingivalds Nikulássonar kennara 300

Til vara 200

XLVIII. Frá *Jónasi Þorbergssyni.*

Við 18. gr. II. h. 7. Nýr liður:

Til Sigríðar Jónsdóttur 500

XLIX. Frá *Bergi Jónssyni* og *Ólafi Thors*.
Við 18. gr. II. i. 63. Nýr liður:
Til Snæbjarnar Kristjánssonar fyrrv. hreppstjóra í Hergilsey 300

L. Frá *Bergi Jónssyni*.
Við 22. gr. II. Nýr liður:
Að kaupa læknisbústað Reykhólalæknishéraðs á Reykhólum, ásamt lóð og öllu tilheyrandi, við því verði, er skuldir þær nema, sem á eigninni hvíla þegar kaup fara fram.

LI. Frá *Magnúsi Jónssyni*.
Við 22. gr. II. Nýr liður:
Að kaupa af Lofti Guðmundssyni hirðljósmyndara kvikmynd af íslenzkum atvinnuháttum, til notkunar í skólum.

LII. Frá *Jóni A. Jónssyni*.
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að endurgreiða Sigurði Kristjánssyni fyrrverandi barnakennara úr lífeyrissjóði barnakennara það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn, án vaxta.

LIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni*.
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að veita Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara allt að 10 þús. kr. lán til þess að reisa sér vinnustofu, gegn þeim skilyrðum, er stjórnin ákveður, og má skipta útborgun lánsins á 3 ár.

LIV. Frá *Sveini Ólafssyni* og *Haraldi Guðmundssyni*.
Við 22. gr. V. Nýir liðir:
a. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 120000 kr. láni fyrir samvinnufélag á Eskifirði til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meiru en ⅘ af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskiveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Eskifjarðarhrepps og 1. veðrétti í skipunum. Forstöðumaður og annar endurskoðandi félagsins skulu samþykktir af ríkisstjórninni. (Endurveiting 90000 kr.).
b. Að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir láni til kaupa á fiskiskipum, allt að ⅘ kaupverðs skipanna fullbúinna til fiskiveiða, samtals allt að 100000 kr. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar og 1. veðrétti í skipunum. Ráðning forstöðumanns og annars endurskoðanda skal samþykkt af ríkisstjórninni. (Endurveiting).

LV. Frá *Jóni A. Jónssyni*.
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 60 þús. kr. lán fyrir h/f Djúpbátinn

til bátskaupa, gegn 1. veðrétti í skipinu og endurábyrgð sýslufélags Norður-Ísafjarðarsýslu. (Endurveiting).

LVI. Frá *Vilmundi Jónssyni* og *Jóni A. Jónssyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 600 þús. kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

LVII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 200 þús. kr. lán til Hólshrepps, til byggingar raforkustöðvar, gegn endurábyrgð sýslufélags Norður-Ísafjarðarsýslu og 1. veðrétti í raforkustöðinni.

LVIII. Frá *Bernh. Stefánssyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að ábyrgjast lán, allt að 400000 kr., fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar, til byggingar öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

Nd. 297. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

4. gr. orðist svo:
Ákvæðin um skilorðsbundna hegningardóma í 1.—4. gr. laga nr. 39 16. nóvember 1907 taka til allra, sem dæmdir eru í allt að 1 árs betrunarhúsvinnu. Fjársektardóma má þó ekki skilorðsbinda, að því er sektir snertir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til þeirra brota, sem þá eru ódæmd.

Greinargerð.

Lögin um skilorðsbundna hegningardóma ná, eins og kunnugt er, aðeins til þeirra afbrota, sem falla undir hin almennu hegningarlög. Hið sama er um ákvæði laga nr. 51 7. maí 1928. En í fjölda annara laga eru refsiákvæði, og fyrir brot gegn þeim má ekki beita skilorðsbundinni refsingu, þótt þau, allmörg þeirra að minnsta kosti, séu smáfelldari en þau brot, sem um er rætt í hinum almennu hegningarlögum. Það þykir því rétt að gefa dómurum kost á að dæma í skilorðsbundna refsingu einnig þá, sem verða brotlegir gegn öðrum lögum en hinum almennu hegningarlögum, þar sem slíkir dómar virðast hafa gefizt vel.

Ed. 298. Frumvarp

til laga um bann við því, að bankar og aðrar lánstofnanir greiði hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bankar, sparisjóðir eða aðrar stofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðsstarfsemi eða til að taka á móti innlánsfé til ávöxtunar, mega ekki greiða hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er að ræða fé í venjulegum viðskiptabókum stofnunarinnar, á innlánsskírteinum, hlaupareikningi eða til ávöxtunar á annan sérstakan hátt.

2. gr.

Nú hefir peningastofnun tekið við fé til ávöxtunar á innlánsskírteini eða á annan hátt með sérstökum samningi, áður en lög þessi öðlast gildi, með hærri vöxtum en lög þessi leyfa, og skulu þeir þá standa óhaggaðir til næsta gjalddaga, þó eigi lengur en sex mánuði frá því að lög þessi öðluðust gildi.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að undanþiggja Söfnunarsjóð Íslands ákvæðum þessara laga, gegn því að sjóðurinn lækki útlánsvexti sína niður í 5% — fimm af hundraði — á ári, enda taki þetta einnig til eldri lána hans.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10000—100000 kr. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Nd. 299. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 27 frá 1921, um aukatekjur ríkissjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbréfabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gera áritun um það á veðskuldabréfið skal greiða 3 krónur, ef fjárhæð skjalsins, skuldabréfsins eða afborgunarinnar er 8000 kr. eða lægri, ella 6 krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Nd. 300. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 75 frá 1921, um stimpilgjald.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur skjöl, er sýna eignayfirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur, eða maka upp í búshelming hans (lóðseðlar), enda sé eigi samhliða um sölu eða um söluafsal að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Ed. 301. Nefndarálit

um frv. til laga um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 9. gr. Upphaf síðustu málsgr. orðist svo:
   Í tillögunum skal farið eftir 82.—89. gr. skiptalaga 12. apríl 1878 o.s.frv.
2. Við 10. gr.
   a. 2. og 3. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
      Ráðherra getur, ef aðstoðarmaður leggur það til, krafizt þess, að veðið verði lagt sveitarfélaginu út fyrir hæsta boð sem uppboðsráðandi tekur gilt, og þá einnig ákveðið greiðsluskilmála, enda verði uppboðsandvirðið tryggt með veði í eigninni og ábyrgð sýslusjóðs.
   b. Í stað orðanna „ekki innheimtulaun af söluandvirði“ í síðustu málsgr. komi: hvorki innheimtulaun af söluandvirði né gjöld til ríkissjóðs.
   c. Við greinina bætist ný málsgrein:
      Fasteignir sveitarfélags, sem ætlaðar eru til almennra afnota, skulu virtar af 2 mönnum, og nefnir veðhafi, sem hlut á að, annan, en sveitarfélag hinn, en vilji veðhafi ekki nefna virðingarmann, skal ráðherra gera það. Verði ágreiningur um matsverðið, sker ráðherra úr, og skal þá með samskonar skilyrðum og áður segir sveitarfélaginu afhent fasteignin fyrir það verð.

3. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Nú samþykkja skuldheimtumenn, sem ráða yfir meiri hluta skulda, o. s. frv.
4. Við 13. gr.
   a. Við síðari a-lið. Upphafsorðin hljóði svo:
      Skrifstofustjórinn í atvinnumálaráðuneytinu, sýslumaður sveitarfélags, er hlut á að, og hagstofustjórinn o. s. frv.
   b. c-liður í niðurlagi greinarinnar falli niður.
5. Við 16. gr. Aftan við greinina bætist: og forgangsskuldum.

Alþingi, 30. marz 1933.

Magnús Torfason, form., frsm.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon.

Nd. 302. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám laga nr. 1 8. marz 1920, um heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði fellt, en minni hl. nefndarinnar er því meðmæltur, að innflutningshöftum þeim, sem staðið hafa síðan í október 1931, verði af létt, og leggur því til, að frv. verði samþykkt.

Innflutningstálmanir hafa jafnan ýmislegt það í för með sér, sem gerir það æskilegt, að þeim sé ekki beitt lengur en nauðsyn knýr til. Má þar til nefna t. d.:

1. Innflutningshöft hafa jafnan skaðleg áhrif á verzlunarhættina og valda á þann hátt örðugleikum fyrir landsbúa; vöruverð hækkar óeðlilega og vörugæði rýrna. Athafnafrelsi manna er takmarkað á margan hátt, einnig í atvinnumálum.
2. Ríkissjóður verður fyrir þungum búsifjum af völdum haftanna, því einmitt þær vörur, sem höftin koma aðallega niður á, eru hentugustu vörurnar til tekjuöflunar með innflutningstollum, vegna þess að þær eru hæst tollaðar samanborið við innkaupsverð. Þetta er ekki óverulegt atriði eins og högum ríkissjóðs er komið.
3. Auk þessa draga höftin úr tekjum ríkis og bæjarfélaga, með því að lama atvinnumöguleika og gjaldþol manna.
4. Þessi lömun á atvinnumöguleikum veldur einnig atvinnuleysi, eykur framfærsluþörf þess opinbera og er ekki hættulaus lánsstofnunum. Þá má og benda á það, að höftin koma víða við óbeinlínis, t. d. fyrir Eimskipafélagið o. fl.
5. Á þessum tímum, þegar þjóðin þarf að berjast harðri baráttu við aðrar

þjóðir um markaðsmöguleika fyrir afurðir sínar, er engan veginn útilokað, að innflutningshöftin geti gert oss ógagn á því sviði.

Þessar og fleiri ástæður hljóta að valda því, að ekki beri að halda innflutningshöftunum lengur en brýnasta nauðsyn krefur. Minni hl. fær ekki séð, að sú nauðsyn sé nú orðið fyrir hendi.

Eins og komið er, er mjög lítil hætta á, að innflutningur aukist úr hófi, vegna þess hvað kaupgetan er takmörkuð og verzlanir munu vart lána vörur, því reynsla undanfarinna ára sannar, að ekki er auðvelt að fá verzlunarskuldir greiddar.

Við mælum því með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 28. marz 1933.

Jón A. Jónsson, fundaskr., frsm. Ólafur Thors.

Nd. 303. Frumvarp

til laga um aukaútflutningsgjald af söltuðum fiski.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Af öllum fiski, sem aflaður er á árinu 1933 og fluttur er út úr landinu saltaður, á hvaða verkunarstigi sem er, skal greiða aukaútflutningsgjald, er nemur 5% af verði fiskjarins. Gjald þetta nær þó ekki til þess fiskjar, sem út er fluttur af Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda eða fyrir þess milligöngu.

2. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., skal ákveðið svo sem fyrir er mælt í 2. gr. laga nr. 70 27. júní 1921, og gilda ákvæði þeirra laga einnig að öðru leyti um gjald þetta, eftir því sem við á.

3. gr.

Tekjum þeim, sem ríkissjóður hlýtur samkvæmt lögum þessum, skal varið í þágu fiskframleiðslunnar í landinu og til öflunar markaða fyrir íslenzkan fisk á þann hátt, sem ríkisstjórnin ákveður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sölusamlag íslenzkra fiskframleiðenda, sem stofnað var á öndverðu síðastliðnu sumri, hefir starfað með þeim hætti, að almenn ánægja mun ríkjandi

meðal fiskframleiðenda með það verð, sem tekizt hefir að fá fyrir fiskinn. Þátttakan í sölusamlaginu hefir verið almenn, en þó hafa nokkrir stórframleiðendur, sem fyrir utan standa, valdið talsverðum óþægindum. Þeir, sem utan samlagsins standa, hafa hag af því, að samlag er til, sem ræður yfir og jafnar á allt árið framboði fiskjarins í markaðslöndunum. Þeir geta sparað sèr vexti, geymslukostnað, vátryggingu, gæða- og vigtarrýrnun að nokkrum mun, og 2% af andvirði fiskjarins, sem samlagið dregur frá fyrir sölukostnaði. Samlagið tryggir þeim stöðugt og jafnt verðlag, og verður aðstaða þeirra til sölu hin hægasta í skjóli þess. Það er óeðlilegt, að þeir, sem ekki vilja aðhyllast samtökin, geti orðið aðnjótandi þessarar góðu aðstöðu endurgjaldslaust. Um 10% af meðalframleiðslu síðustu ára mun nú vera fyrir utan samtökin, og er það réttlátt, að þeir, sem kjósa sér að njóta þeirrar aðstöðu, sem samlagið skapar þeim, án þess að taka þátt í samtökunum, verði látnir bera nokkurt gjald til að jafna aðstöðuna, og telst það hæfilega áætlað 5% af andvirði útflutts fiskjar.

Frumvarpið er fram borið í samráði við Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda.

Nd. 304. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Sveinn Ólafsson, Jón A. Jónsson, Jón Ólafsson, Björn Kristjánsson.

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvern gjaldskyldan mann.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 3 kr. á ári, en kvenmaður 1 kr. 50 au.

3. gr.

12. gr. laganna skal orða svo:

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta öllu því gjaldi, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár í kaupstaðnum eða hreppnum, ennfremur ⅔ af þeim styrk, sem lagður er til styrktarsjóðsins úr ríkissjóði og sveitar- eða bæjarsjóði á árinu, og hálfum vöxtum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

4. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Rétt er umsækjanda að kæra til sýslunefndar eða bæjarstjórnar yfir úthlutun ellistyrks.

Kærur skulu bréflegar og komnar til formanns nefndarinnar innan tveggja mánaða frá úthlutun, enda hafi úthlutunarnefnd verið gefinn kostur á að láta í té umsögn um kæruna. Sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar svo kæruna á næsta fundi, og er henni heimilt að hækka styrk kæranda, ef hún telur ástæðu til. Hækkunin greiðist úr sveitar- eða bæjarsjóði.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það virðist ekki ætla að ganga svo fljótt sem skyldi, að almenn tryggingarlöggjöf komist á. Hinsvegar er mjög mikil þörf þess að styðja ellihrumt fólk til sjálfsbjargar og forða því frá að leita á náðir fátækrastjórnanna.

Ellistyrkirnir, þó litlir séu, eru mjög kærkomnir aldurhnignu fólki, því flest er það tregt til að leita sveitarstyrks. Ef sú breyting, sem hér er farið fram á, næði fram að ganga, myndi hæsti ellistyrkur geta numið um eða yfir 200 kr., og myndi sú hjálp verða kærkomnari mörgum en sveitarstyrkur og jafnframt létta byrðir sveitarfélaganna til fátækraframfæris.

Frv. er að mestu samhlj. samskonar frv., er flutt voru á þingunum 1929 og 1930 af þáverandi 2. landsk. (Ingibjörgu H. Bjarnason), og vísast til greinargerðar í Alþt. 1929, A. þskj. 146.

Ed. **305. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 3. nóv. 1915, um ullarmat.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir sent Sambandi ísl. samvinnufélaga frv. þetta til umsagnar. — Í bréfi, er forstjóri útflutningsdeildar sambandsins ritaði n. um málið, farast honum m. a. þannig orð um frv.: „Vér álítum, að umræddar breytingar muni verða til bóta og einkum stuðla að meira samræmi á ullarmatinu yfirleitt, og þá jafnframt því, að betra samræmi náist um matið frá ári til árs“. — Þessu er nefndin sammála.

Þá benti forstjórinn á nokkur fleiri atriði í ullarmatslögunum frá 1915, er þyrfti að breyta. Eru flestar þær breytingar teknar til greina í brtt. n. hér á eftir.

Nefndin ræður því deildinni til að samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, sem verður 1. gr., svo hljóðandi:
   a. Fyrir orðin „Öll vorull og þvegin haustull“ í upphafi 1. gr. laganna komi: Öll ull.
   b. Orðin „og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána“ í niðurlagi þriðja málsl. sömu greinar falli niður.
2. Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein:
   Stjórnarráðið (atvinnumálaráðherra) getur í reglugerð lagt bann við því, að opinberar verzlanir kaupi ómetna ull eða taki hana í umboðssölu. Ennfremur má leggja bann við því, að verzlanir kaupi óþvegna vorull, nema ullin sé metin og hlutaðeigandi verzlanir starfræki ullarþvottahús, sem sé svo fullkomið, að dómi ullarmatsformanns, að meðferð og mat ullarinnar geti verið í góðu lagi.
3. Við 2. gr. frv. Fyrir „Skal og hann“ komi: Skal hann og.
   Greinatalan breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 30. marz 1933.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Pétur Magnússon, fundaskrifari.	Jón Jónsson.

Nd. 306. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

I. Frá *Bernh. Stefánssyni.*
   Við 13. gr. A. II. a. 10 (Öxnadalsvegur).
   Fyrir „7000“ kemur: 10000

II. Frá *Lárusi Helgasyni, Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
   Við 14. gr. B. II. d. Nýr liður:
   Til Gústafs E. Pálssonar, til lokanáms í verkfræði í Þýzkalandi 1200

III. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
   Við 14. gr. B. XX. Nýr liður:
   Til Sínu Ásbjörnsdóttur leikfimikennara, til framhaldsnáms erlendis 1500
   Til vara 1200

IV. Frá *Lárusi Helgasyni.*
   Við 16. gr. 11. d. Nýr liður:
   Til Brands Einarssonar, til dýralækninga 300

V. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
   Við 16. gr. 46. Nýr liður:
   Til Búnaðarbanka Íslands, til greiðslu á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni til áveitunnar á Miklavatnsmýri 10800

VI. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 17. gr. 10. (Stórstúkan). Við aths. bætist:
og til Péturs Sigurðssonar 3500 kr.

VII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 18. gr. II. i. 63. Nýr liður:
Til Halldórs Brynjólfssonar blinda 350

VIII. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 60 þús. kr. lán til Hvammshrepps til raforkuveitu í Vík í Mýrdal, gegn endurábyrgð sýslufélags Vestur-Skaftafellssýslu og 1. veðrétti í raforkustöðinni.

Ed. 307. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 49 23. júní 1932.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. marz 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Jakob Möller, fundaskr., frsm.	Magnús Torfason.

Sþ. 308. Skýrslur

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A.

Skýrsla um „Gjöf Jóns Sigurðssonar" frá 1. janúar 1931 til 31. desember 1932.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1930:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	3000.00	
b. Veðskuldabréf	—	2000.00	
c. Lán Laugarvatnsskóla	—	10000.00	
d. Í Landsbankanum	—	5772.34	
			kr. 20772.34

2. Vextir:				
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	270.00		
b. — veðskuldabréfum	—	1436.80		
c. — innstæðu í Landsbankanum	—	434.49		
			—	2141.29
3. Skilað aftur verðlaunum (Vigfús Guðmundsson)			—	250.00
			Kr.	23163.63

Gjöld:

1. Verðlaun greidd:				
a. Vigfúsi Guðmundssyni	kr.	250.00		
b. Sögufélaginu	—	1600.00		
			kr.	1850.00
2. Auglýsingakostnaður			—	188.71
3. Eignir í árslok 1932:				
a. Bankavaxtabréf	kr.	3000.00		
b. Veðskuldabréf	—	2000.00		
c. Lán Laugarvatnsskóla	—	9500.00		
d. Í Landsbankanum	—	6624.92		
			—	21124.92
			Kr.	23163.63

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. marz 1933.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

B.

Skýrsla frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Undirrituð nefnd, er kosin var á Alþingi 1931 til þess að meta rit til verðlauna af Gjöf Jóns Sigurðssonar, gaf hinn 9. janúar 1932 út auglýsingu um, að þeir, er til verðlauna hygðu, skyldu hafa sent nefndinni ritgerðir sínar fyrir lok desembermánaðar 1932, en að fresti þessum loknum höfðu nefndinni engar ritgerðir borizt.

Á fundi sínum 21. þ. m. ákvað nefndin að veita Sögufélaginu kr. 1600.00 af vöxtum sjóðsins til útgáfu Alþingisbóka Íslands.

Þetta leyfum vér oss hér með að tilkynna hinu háa Alþingi.

Reykjavík, 24. janúar 1933.

Hannes Þorsteinsson. Ólafur Lárusson. Barði Guðmundsson.

Ed. 309. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932 [Bifreiðaskattur o. fl.].

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað orðanna „1 — eina — krónu“ í 1. gr. b. í lögunum komi: 50 aura.

2. gr.

Í stað „1931“ í 4. gr. laganna komi: síðastliðnum.

3. gr.

Fyrir „750“ í 7. gr. laganna komi: 250.

4. gr.

Í stað „ræktunarvegarins“ í 8. gr. b.-lið komi: ræktunarveganna.

5. gr.

Á undan síðustu málsgr. 8. greinar laganna komi nýr stafliður, þannig:

d. Frá 1. jan. 1934 færist hundraðshlutinn samkvæmt a-lið niður í 50%, en 15% af hvers árs tekjum skal þá verja til þess að malbika umferðarvegi í kaupstöðum og í verzlunarstöðum með fleiri en 300 íbúum, eða gera á þeim slitlag úr öðru varanlegu efni. Ráðherra ákveður með reglugerð skiptingu þessa fjár milli aðilja, og er heimilt að krefjast jafnmikils framlags í móti frá hlutaðeigendum. Að því leyti, sem þessi hluti skattsins verður ekki notaður árlega, skal geyma hann í sérstökum sjóði, er nefnist „sjóður til malbikunar á bæjarvegum“, í vörzlum atvinnumálaráðuneytisins.

6. gr.

Orðin í 11. gr. laganna „og gilda til ársloka 1933“ falli burt.

Ed. 310. Nefndarálit

um frv. til laga um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. apríl 1933.

Magnús Torfason, form., frsm.	Jónas Jónsson, fundaskr.	Pétur Magnússon.

Ed. 311. Nefndarálit

um frv. til laga um sjúkrahús o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. síðari málsgr. Orðið „fyrirkomulagi“ falli niður.
2. Við 6. gr. Orðið „nein“ í síðari málsgrein verður: veruleg.
3. Við 10. gr. Niðurlag greinarinnar breytist þannig, að á eftir orðunum „þess eignarhluta“ kemur: er þá fellur til þeirra, að mati dómkvaddra manna.

Alþingi, 1. apríl 1933.

Magnús Torfason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr., frsm.	Pétur Magnússon.

Ed. 312. Nefndarálit

um frv. til laga um salerni í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin lítur svo á, að með frv., ef að lögum verði, sé ráðin bót á allmeinlegu og leiðinlegu menningarleysi hjá þjóðinni.

Allir kaupstaðirnir og flest kauptúnin, sem eru hreppsfélag út af fyrir sig, munu hafa heilbrigðissamþykktir, er fyrirskipa meðal annars um salernin. Aftur munu nokkur hin smærri þorp, sem í raun og veru teljast með sveitum, enda oft ekki sérstök sveitarfélög, ekki hafa neinar heilbrigðissamþykktir, og virðist því rétt að láta ákvæði frv. ná einnig til íbúðarhúsa í slíkum þorpum.

Rétt virðist, að hreppsnefndum sé gert að skyldu að láta héraðslækni í té í lok hvers árs meðan á salernagerðinni stendur skýrslu um, hvað henni miðar áfram, þar sem það virðist standa þeim einna næst að fylgjast með þessu menningarstarfi og sjá um, að lögunum sé framfylgt. Ýmsar smærri lagfæringar á frv. virðast og nauðsynlegar.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Innan ársloka 1938 er skylt að reisa salerni, eitt eða fleiri eftir þörfum, á hverjum bæ og við hvert íbúðarhús í sveitum og þorpum landsins, þar

sem þau eru ekki þegar til. Hvílir sú skylda á eigendum jarða og húsa eða umboðsmönnum þeirra.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Hreppsnefndir skulu hafa eftirlit með því, hver í sínum hreppi, að árlega á árunum 1934—38 verði reist salerni á ⅕ salernislausu býlanna og íbúðarhúsanna, og hefir vald til að ákveða, á hvaða bæjum eða húsum það skuli gert hvert ár, ef samkomulag næst ekki um það meðal aðilja.

Í lok hvers árs skal hreppsnefndin láta héraðslækni í té skýrslu um, hve margir bæir og hús séu salernislaus í hreppnum og hversu mörg salerni hafi reist verið á árinu og af hvaða gerð.

3. Við 4. gr. Síðari málslið skal orða svo:

Að öðru leyti ber jarðeigandi eða húseigandi kostnaðinn af gerð salernis. Nú eiga fleiri jörð eða hús saman, og skiptist þá kostnaðurinn eftir eignarhlutföllum.

4. Við 4. gr. Á eftir greininni komi ný grein, er verður 5. gr., svolátandi:

Nú vanrækir eigandi jarðar eða íbúðarhúss skyldur sínar samkv. 2. og 4. gr., og er þá leiguliða rétt að reisa salerni, enda sé fullrar hagsýni gætt, og er eiganda þá skylt að greiða leigutaka allan kostnað, er af því leiðir.

5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Alþingi, 1. apríl 1933.

Páll Hermannsson, form.	Jón Jónsson, frsm.	Pétur Magnússon, fundaskr.

Ed. 313. Frumvarp

til hjúkrunarkvennalaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur hafa þær konur einar hér á landi, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í hjúkrunarkvennaskóla Íslands í Reykjavík og að loknu prófi þar eru taldar hæfar til hjúkrunarkvennastarfa.

Ráðherra getur og veitt öðrum konum leyfi til að kalla sig hjúkrunarkonur, ef þær hafa lokið að minnsta kosti jafngildu námi og eru að öðru leyti hæfar til hjúkrunarkvennastarfa, að dómi aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis.

2. gr.

Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkonur samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarkvennastarfa við sjúkrahús, sjúkraskýli, elliheimili, barnahæli og aðrar þess háttar stofnanir, að skólum sem skólahjúkrunarkonur, né til að starfa að öðrum tilsvarandi almennum hjúkrunarkvennastörfum.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Ákvæði greinarinnar ná ekki til almennrar hjúkrunar og hjálparstarfsemi á heimilum utan kaupstaða, hvort sem hún fer fram á vegum sveitarfélaga eða einstakra hjúkrunar- eða líknarfélaga í sveitum.

3. gr.

Ef hjúkrunarkona gerir sig seka um einhverja óhæfu í störfum sínum eða hagar sér þannig, að hjúkrunarkonu sé sérstaklega ósamboðið, að dómi aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis, má ráðherra svipta hana rétti til að kalla sig hjúkrunarkonu, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

4. gr.

Þeim hjúkrunarkonum, sem eru starfandi hér á landi sem sjálfstæðar hjúkrunarkonur á sjúkrahúsum eða annarsstaðar, þegar lög þessi ganga í gildi, má ráðherra með ráði aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis veita rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur áfram og til að njóta meðfylgjandi réttinda, þó að þær uppfylli ekki skilyrði 1. gr., enda leiti þær eftir því innan árs.

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og varða brotin sektum, 50—500 kr. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Ed. 314. Lög

um afnám laga nr. 21, 19. júní 1922, um að veita ríkinu einkarétt til þess að selja allt silfurberg, sem unnið verður á Íslandi.

(Afgreidd frá Ed. 1. apríl).

1. gr.

Lög nr. 21, 19. júní 1922, eru með lögum þessum úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 315. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 82, 23. júní 1932, um sjúkrasamlög.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 4. og 5. gr., svo hljóðandi:

a. (4. gr.) Ráðherra er heimilt að lögskrá sjúkrasamlög fyrir skóla, aðra en barnaskóla, með eftirfarandi skilyrðum:
   1. Samlagið nái að jafnaði yfir einn skóla. Þó mega tveir eða fleiri skólar vera saman um samlag, ef þeir eru í sama hreppi eða kaupstað.
   2. Samlagið skal veita viðtöku og full félagsréttindi:
      a. hverjum nemanda skólans, nema vitað sé, að hann, ef hann er fullra 16 ára, eða framfærandi hans, ef hann er yngri, hafi þær tekjur eða sé svo efnum búinn, að hann geti ekki þess vegna orðið hlutgengur meðlimur í sjúkrasamlagi samkv. ákvæðum 3. gr., enda sé hann fullhraustur, er hann gengur í samlagið.
      b. hverjum kennara og starfsmanni skólans, sem uppfyllir skilyrði 3. gr.
   3. Samlagið uppfylli að öðru leyti skilyrði 3. gr. Þó má takmarka tryggingarnar meira en þar er gert ráð fyrir, svo sem með því að láta tryggingarnar ekki ná til sumarleyfa og sleppa dagpeningatryggingu.

b. (5. gr.) Enginn má vera hluttækur félagi í meira en einu sjúkrasamlagi í senn.

Nú óskar félagi að flytja sig úr einu samlagi í annað, og er þá stjórn þess samlags, er hann æskir inntöku í, heimilt að veita honum viðtöku án inntökugjalds, sérstakrar læknisskoðunar og án tillits til aldurs hans, enda sýni hann skilriki frá því samlagi, er hann fer úr, að hann sé fullgildur félagi þar.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Þegar lög þessi hafa verið staðfest, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 82 1932 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 316. Breytingartillaga

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 38 14. júní 1929 (Ritsíma- og talsímakerfi).

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Aftan við b. bætist tveir nýir liðir:

c. Lína frá Skinnastað að Austaralandi.

d. Lína frá Skinnastað að Garði í Kelduhverfi.

Nd. **317. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1934.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1934 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er á, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	330000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1000000	
3.	Lestagjald af skipum	45000	
			1375000
4.	Aukatekjur	550000	
5.	Erfðafjárskattur	55000	
6.	Vitagjald	425000	
7.	Leyfisbréfagjöld	15000	
8.	Stimpilgjald	400000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	280000	
			1740000
11.	Útflutningsgjald	800000	
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	450000	
	Flyt ...	1250000	3115000

	kr.	kr.
Flutt ...	1250000	3115000
13. Tóbakstollur	1150000	
14. Kaffi- og sykurtollur	975000	
15. Annað aðflutningsgjald	100000	
16. Vörutollur	1200000	
17. Verðtollur	1000000	
		5675000
18. Gjald af innlendum tollvörum		150000
19. Skemmtanaskattur		100000
Samtals ...	... ...	9040000

3. gr.

	kr.	kr.
A.		
I. Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:		
1. Rekstrarhagn. símans	220000	
2. — víneinkasölu	700000	
3. — tóbakseinkasölu	300000	
4. — ríkisprentsmiðju	40000	
5. — ríkisvélsmiðju	25000	
6. — Vífilsstaðabús	4000	
7. — Kleppsbús	3000	
		1292000
II. Frá dregst:		
1. Rekstrarhalli póstsjóðs	77140	
2. — útvarps	11125	
		88265
Eftir	... ...	1203735

		kr.	kr.
Sundurliðun.			
Póstsjóður.			
I. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Eftir launalögum	110000		
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	87000		
c. Bréfhirðingamenn	25000		
		222000	
2. Póstflutningar		280000	
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík, eftir reikningi	24000		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur	20000		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	12000		
d. Önnur gjöld	65000		
e. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)...	4140		
		125140	
			627140
II. Tekjur			550000
Fært á 3. gr. A. II. 1. tekjuhalli		... ...	77140
Síminn.			
I. Tekjur			1750000
II. Gjöld:			
a. Til einkasíma í sveitum		25000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna...	60000		
2. Ritsímastöðin í Reykjavík	157000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík.	31000		
4. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	490000		
5. Áhaldahúsið	12000		
6. Ritsímastöðin á Akureyri	45000		
7. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	58000		
8. Ritsímastöðin á Ísafirði...	28000		
9. Símastöðin á Borðeyri	15000		
10. Símastöðin í Vestmannaeyjum	23500		
Flyt ...	919500	25000	1750000

		kr.	kr.
	Flutt ... 919500	25000	1750000
11.	Símastöðin á Siglufirði 17000		
12.	Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva 120000		
		1056500	
	Launabætur símritara, kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl., svo og Steindórs Björnssonar, Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, greiðist eftir sömu reglum sem verið hefir, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.		
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	45000	
d.	Viðbót og viðhald stöðvanna	50000	
e.	Kostnaður af ferðalögum vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að	10000	
f.	Viðhald landssímanna...	185000	
g.	Framhaldsgjald	23000	
h.	Til kennslu handa símamönnum	2000	
i.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	2000	
j.	Ýmis gjöld	5000	
k.	1. Fyrning á sjálfv. stöð og línukerfi ... 100000		
	2. — á húsum og áhöldum 25000		
		125000	
l.	Slysatrygging...	1500	
			1530000
	Fært á 3. gr. A. I. 1	... ...	220000
	Eignabreytingar.		
	Út.		
I.	Afborgun af láni L. M. Ericsson, húseign á Seyðisf. o. fl.		75000
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		45000
III.	Til nýrra símalína		90000
	að því tilskildu, að samkomulag náist við héruð, er hlut eiga að máli.		
	Fært á 20. gr. Út I. 2. a og II. 3	... ...	210000
	Víneinkasalan.		
I.	Tekjur (brúttó af vörusölu)		900000
II.	Gjöld:		
a.	Ýmiskonar rekstrarkostnaður	192000	
b.	Fyrning á pakkhúsi og áhöldum (sjá 20. gr.) ...	8000	
			200000
	Fært á 3. gr. A. I. 2	... ...	700000

		kr.	kr.
Útvarpið.			
I. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Yfirstjórn	17000		
2. Útvarpsstöðin	55000		
3. Útvarpssalur	20000		
4. Útvarpsefni	70000		
5. Skrifstofan...	18000		
6. Óviss gjöld	10000		
7. Húsaleiga, hiti o. fl.	25000		
		215000	
b. Vextir af láni frá Marconifélaginu í London		16125	
c. Fyrning húss, véla og áhalda (sjá 20. gr.)		30000	
			261125
II. Tekjur (þar í ágóði viðtækjaverzlunar)			250000
Fært á 3. gr. A. II. 2. tekjuhalli			11125
Eignabreytingar.			
Út.			
Afborgun af láni frá Marconifélaginu í London £ 5600 á 22,15 (fært á 20. gr. Út I. 2. b.)			124040
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..			20000
2. Tekjur af kirkjum			100
3. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		60000	
b. Gjöld:			
1. Vextir (6,2% af 363500)	22500		
2. Ýmiskonar rekstrarkostnaður	30230		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	7270		
		60000	
Samtals ...		... ...	20100

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		17000
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180000
3. Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1,5 millj.		90000
4. Aðrir vextir...		235625
Samtals ...	... ...	522625

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 60000 kr.

Þar í 1/4 af tekjum Menningarsjóðs.

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1934 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
Vextir:		
1. Innlend lán		116961
2. Dönsk lán, d. kr. 114585.99 á 100.00		114586
3. Ensk lán, £ 49220 - 0 - 0 á 22.15		1090223
4. Vextir af lausaskuldum		135000
Samtals ...	... ...	1456770

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		225000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		4000
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2170
Samtals ...	... ...	231170

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun...	32700		
b. Til risnu	6000		
		38700	
2. Til utanferða ráðherra..		6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins		89200	
4. Annar kostnaður		60000	
5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum		32000	
Þar af 1000 kr. persónuleg launabót til núverandi ríkisbókara.			
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	700		
b. Til pappírs og prentunar	18000		
c. Til kostnaðar af sendingu með póstum	1000		
		19700	
Flyt ...		245600	

		kr.	kr.
	Flutt ...	245600	
	kr.	kr.
Inn.		
I. Fyrningar:		
1. Samkvæmt 3. gr. A.	167140	
2. — 3. — B.	7270	
3. — 9. —	2170	
4. — 10. —	2046	
5. — 11. —	5300	
6. — 12. —	67693	
7. — 13. —	134982	
8. — 14. —	12852	
9. — 15. —	4350	
		403803
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum, keyptum skv. lögum nr. 14, 9. júlí 1909		24000
III. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		100000
V. Tekjur Menningarsjóðs, 3/4 hlutar		30000
Samtals ...	... ...	567803
Út.		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán 163950,00		
b. Dönsk lán, d.kr. 321353,99 á 100.00 321354,00		
c. Ensk lán, £ 6762—4—0 á 22.15 149783,00		
	635087	
2. Lán ríkisstofnana:		
a. Síminn (sjá 3. gr. A. Út I.) 75000		
b. Útvarpið (sjá 3. gr. A. Út) 124040		
	199040	
		834127
Flyt ...	... ...	834127

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	834127
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
1. Búið á Vífilsstöðum (sjá 3. gr. A. I. 6)	4000	
2. Búið á Kleppi (sjá 3. gr. A. I. 7)	3000	
3. Síminn: Ný símakerfi o. fl. (sjá 3. gr. Út II—III.)	135000	
		142000
III. Til bygginga nýrra vita		60000
IV. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10000
V. Til Menningarsjóðs (sjá 20. gr. Inn V)		30000
Samtals	... ...	1076127

21.

I. Rekstr

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		9040000,0
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	1203735	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	20100	
			1223835,0
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		522625,0
5. gr.	Óvissar tekjur		60000,0
	Samtals ...	... ...	10846460,0

II. Sjóð

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	10846460,0
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	403803,0
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	24000,0
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000,0
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	100000,0
— V.	Tekjur Menningarsjóðs	30000,0
	Greiðslujöfnuður	52577,4
	Samtals ...	11466840,4

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

firlit.

irlit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1456770,00
8. gr.	Borðfé konungs		60000,00
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		231170,00
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		390446,00
11. gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	947260,00	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	207000,00	
			1154260,00
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		621406,00
13. gr. A.	Vegamál	1021062,00	
— B.	Samgöngur á sjó	632000,00	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	359790,00	
			2012852,00
14. gr. A.	Kirkjumál	340320,00	
— B.	Kennslumál	1279392,00	
			1619712,00
15. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista...		161960,00
16. gr.	Til verklegra fyrirtækja		1393260,00
17. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		911700,00
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		227177,46
19. gr.	Óviss útgjöld		150000,00
	Rekstrarafgangur		455746,54
	Samtals ...	... ...	10846460,00

firlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	10390713,46
	Aðrar útborganir:	
20. gr. I.	Afborganir lána	834127,00
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	142000,00
— III.	Til byggingar nýrra vita	60000,00
— IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000,00
— V.	Til menningarsjóðs	30000,00
	Þar af kr. 3000 til menntamálaráðs.	
	Samtals ...	11466840,46

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að kaupa, því verði er hún telur hæfilegt, íbúðarhús sýslumannsins í Borgarnesi, með þeim skilmálum, að ríkissjóður taki að sér greiðslu láns þess, sem á húsinu hvílir í viðlagasjóði, og greiði sýslumanni það, sem umfram verður, enda greiði hann þá leigu af húsinu, sem um semur.

II. Að kaupa, fyrir fé úr kirkjujarðasjóði, húseignir séra Ólafs Sæmundssonar í Hraungerði, er hann lætur af prestskap.

III. Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn mjólkurbúum til osta- og smjörgerðar og mjólkurniðursuðu. Styrkurinn nemi allt að 1/4 kostnaðar og sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

IV. Að taka á leigu á hentugum stað í Reykjavík kjallara til öruggrar geymslu á innlendum kartöflum, sem ætlaðar eru til sölu hér á landi, og lána hann aftur íslenzkum kartöfluframleiðendum og þeim, sem verzla með íslenzkar kartöflur, gegn hæfilegum leigumála, er stjórnin ákveður.

V. Að láta Fiskifélagi Íslands í té ókeypis lóð á Arnarhólstúni á horni Ingólfsstrætis og Skúlagötu.

VI. Að endurgreiða Jóni Halldórssyni, fyrrverandi ríkisféhirði, úr lífeyrissjóði embættismanna það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn.

VII. Að endurgreiða Sigurði Kristjánssyni, fyrrverandi barnakennara, úr lífeyrissjóði barnakennara það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn, án vaxta.

VIII. Að taka 24 þús. kr. lán úr Byggingar- og landnámssjóði til þess að fullnægja ákvæðum laga nr. 63 1931, um húsbyggingu prestssetra, og greiða vexti af því og afborganir úr ríkissjóði, enda greiði prestar, sem húsanna njóta, lögmæltar kvaðir af þeim.

IX. Að veita Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara allt að 10 þús. kr. lán til þess að reisa sér vinnustofu, gegn þeim skilyrðum, er stjórnin ákveður, og má skipta útborgun lánsins á 3 ár.

X. Að ábyrgjast lán, allt að kr. 50000, til þess að reisa stúdentagarð í Reykjavík.

XI. Að ábyrgjast allt að 60 þús. kr. lán fyrir h/f. Djúpbátinn til bátskaupa, gegn 1. veðrétti í skipinu og endurábyrgð sýslufélags Norður-Ísafjarðarsýslu. (Endurveiting).

XII. Að ábyrgjast allt að 600 þús. kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

XIII. Að ábyrgjast allt að 60 þús. kr. lán til Hvammshrepps til raforkuveitu í Vík í Mýrdal, gegn endurábyrgð sýslufélags Vestur-Skaftafellssýslu og 1. veðrétti í raforkustöðinni.

23. gr.

Stjórn landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1934, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra,

eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1933 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 318. Lög

um breyting á lögum nr. 32 frá 1931, um búfjárrækt.

(Afgreidd frá Nd. 3. apríl).

1. gr.

Á eftir orðunum „taka þátt í sameiginlega kostnaðinum, sbr. 3. gr.“ í 1. mgr. 7. gr. laganna komi: og má taka hið niðurjafnaða gjald lögtaki.

Orðin „nema hálfan“ í 2. mgr. sömu greinar falli niður.

2. gr.

Á eftir orðunum „lög nr. 19, 15. júní 1926“ í 89. gr. laganna komi: lög nr. 27, 7. maí 1928.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 319. Nefndarálit

um frv. til laga um geldingu hesta og nauta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 1. apríl 1933.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Pétur Magnússon, fundaskr.	Jón Jónsson.

Ed. 320. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Ef frv. á þskj. 162 um breyting á útflutningsgjaldi af síld o. fl. verður samþ., er sú breyting, sem í þessu frv. felst, bein afleiðing af því. Er nefndin sammála um að mæla með frv. að efni til, en telur réttara eftir atvikum að samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGU.

1. gr. orðist þannig:

Í stað orðanna „síld, fóðurmjöli“ í 1. gr. laganna komi: hverskonar saltaðri síld, síldarmjöli.

Alþingi, 1. apríl 1933.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Jakob Möller, fundaskr.	Magnús Torfason.

Ed. 321. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 60 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir eindregið með, að frv. verði samþykkt. Í fyrirsögn frumvarpsins álítur nefndin réttara, að vísað sé til laga nr. 15 14. júní 1929, því breytingar þær, sem frv. gerir ráð fyrir, falla nákvæmlega inn í texta þeirra. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Fyrirsögn frv. skal orða svo:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 15 14. júní 1929 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

Alþingi, 1. apríl 1933.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Jakob Möller, fundaskr.	Magnús Torfason.

Ed. **322. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 45 3. nóv. 1915, um ullarmat.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrir orðin „Öll vorull og þvegin haustull“ í upphafi 1. gr. laganna komi: Öll ull.

Orðin „og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána“ í niðurlagi þriðja málsl. sömu greinar falli niður.

2. gr.

Upphaf 2. gr. laganna orðist þannig:

Sameiginlegt merki á allri ull, sem flutt er út frá Íslandi, skal vera stimpill með nafni landsins.

3. gr.

Stjórnarráðið (atvinnumálaráðherra) getur í reglugerð lagt bann við því, að opinberar verzlanir kaupi ómetna ull eða taki hana í umboðssölu. Ennfremur má leggja bann við því, að verzlanir kaupi óþvegna vorull, nema ullin sé metin og hlutaðeigandi verzlanir starfræki ullarþvottahús, sem sé svo fullkomið, að dómi ullarmatsformanns, að meðferð og mat ullarinnar geti verið í góðu lagi.

4. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Einn af yfirullarmatsmönnum, sá er ráðherra skipar til þess, skal jafnframt vera ráðunautur stjórnarinnar í öllu því, sem að ullarmati lýtur, og nefnist hann ullarmatsformaður. Skal hann og veita ullarmatsmönnum og yfirullarmatsmönnum fræðslu um framkvæmd ullarmatsins og flokkun ullarinnar, og er yfirullarmatsmönnum og ullarmatsmönnum skylt að haga ullarmatinu eftir fyrirmælum hans, og má leita úrskurðar hans, ef ágreiningur verður um ullarmatið.

Ráðuneytið tiltekur nánar starfsvið hans eftir því sem þurfa þykir.

5. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist þannig:

Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 800 kr., en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 400 kr. til hvers þeirra og greiðast úr ríkissjóði.

6. gr.

Orðin „allt að 200 kr. hver þeirra“ í niðurlagi 8. gr. laganna falla burt.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 323. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 3. apríl 1933.

Magnús Torfason, form.	Pétur Magnússon, frsm.	Jónas Jónsson, fundaskr.

Ed. 324. Frumvarp

til laga um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bæjarfélag eða hreppsfélag, sem er í svo mikilli fjárþröng, að það telur sér ekki fært að standa í skilum, getur snúið sér til atvinnumálaráðherra um aðstoð eftir lögum þessum, ef ætla má, að ekki greiðist úr í náinni framtíð.

2. gr.

Beiðni um aðstoð, sem í 1. gr. getur, skulu fylgja nákvæmar skýrslur um eignir og skuldir sveitarfélags, hvern arð eignir gefa, hvaða veðbönd hvíla á þeim, hvernig skuldum er fyrir komið, af hverju þær stafa, hve mikið af þeim er fallið í gjalddaga, hversu þær eru tryggðar og annað, sem telst skipta máli, er athuga skal nákvæmlega fjárhag sveitarfélags.

Ennfremur skal fylgja beiðni afrit af síðustu skattskrá og niðurjöfnunarskrá og greinargerð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um, hverjar aðalástæður séu til fjárþrotanna.

3. gr.

Nú hefir ráðherra borizt beiðni samkvæmt 2. gr., en hann telur fjárhag sveitarfélagsins þannig, að það geti uppfyllt skyldur sínar án aðstoðar, og synjar hann þá um aðstoðina og færir rök fyrir.

4. gr.

Nú hefir ráðherra borizt beiðni samkvæmt 2. gr., sem hann telur bera með sér, að svo sé ástatt um sveitarfélagið sem í 1. gr. getur, og skipar hann þá mann til þess að vera til aðstoðar sveitarfélagi eftir því, sem lög þessi mæla fyrir.

5. gr.

Aðstoðarmaður sveitarstjórnar, sem um ræðir í 4. gr., skal kynna sér nákvæmlega allan hag sveitarfélags og athuga nákvæmlega í samráði við sveitarstjórn, hvort fjárhagsörðugleikunum verði af létt með því að draga úr gjöldum eða auka tekjur eða hvorttveggja. Telji aðstoðarmaður það fært án þess að vanræktar séu skyldur sveitarfélags eða íbúum þess íþyngt um of, skal hann bera málið undir sveitarstjórn og senda það síðan ráðherra ásamt tillögum sínum og sveitarstjórnar. Ráðherra sker þá úr, hvort fylgja skuli tillögum aðstoðarmanns að nokkru eða öllu leyti eða hvort hreppnum skuli látin í té frekari aðstoð eftir lögum þessum.

6. gr.

Nú verður ekki bót ráðin á fjárhagsörðugleikum sveitarfélags með þeim hætti, sem í 5. gr. getur, og skal þá aðstoðarmaður reyna að koma á samkomulagi milli sveitarstjórnar og skuldheimtumanna sveitarfélags um greiðslu skulda með eða án greiðslufrests og með eða án eftirgjafar eða vaxtalækkunar. Í þeim tilgangi getur aðstoðarmaður kallað saman skuldheimtumenn eða umboðsmenn þeirra þar sem hentast þykir. Á fundi þeim skal liggja fyrir nákvæm skýrsla eins og segir í 2. gr. Ef samkomulag næst milli aðilja á fundinum eða á annan hátt, er málinu lokið.

7. gr.

Nú heppnast aðstoðarmanni ekki að koma á samkomulagi samkvæmt 6. gr., en hann telur, að sveitarfélag geti uppfyllt þá skilmála, sem í boði voru, og skal þá bera málið undir ráðherra eftir reglum 5. gr. og sker hann úr.

8. gr.

Ef samkomulag hefir ekki náðst samkvæmt 6. gr. og málið er ekki útkljáð samkvæmt 7. gr., skal aðstoðarmaður í samráði við sveitarstjórn semja yfirlit yfir þau gjöld, sem sveitarfélag getur komizt af með minnst, og þær tekjur, sem fært þykir að afla eftir gildandi lögum, án þess að íbúum þess sé íþyngt um of. Yfirlit þetta, með umsögn sveitarstjórnar, sendir aðstoðarmaður skuldheimtumönnum sveitarfélags, þeim er það varðar, í ábyrgðarbréfi, svo og þeim, sem í ábyrgð kunna að vera, ásamt tillögum sínum um, hversu skuli fara um þann hluta skuldanna, sem yfirlitið sýnir, að ekki getur orðið greiddur eins og þá er ástatt.

9. gr.

Í tillögum eftir 8. gr. getur aðstoðarmaður lagt til:

a) eftirgjöf skulda að nokkru eða öllu leyti,
b) greiðslufrest um ákveðinn tíma,
c) vaxtalækkun eða brottfall vaxta,

allt eftir því, sem hann telur óhjákvæmilegt með hliðsjón af fjárhag sveitarfélags.

Í tillögunum skal farið eftir 82.–89. gr. skiptalaga 12. apríl 1878 að því leyti, sem þær eiga við. Skuldir við önnur sveitarfélög teljast ekki forgangsskuldir, nema veð sé fyrir.

10. gr.

Nú er skuld tryggð með veði, og skal þá selja veðið eftir fyrirmælum 87. gr. skiptalaga 12. apríl 1878, eins fljótt og við verður komið og áður aðstoðarmaður gerir tillögur eftir 8. og 9. gr. Ráðherra getur, ef aðstoðarmaður leggur það til, krafizt þess, að veðið verði lagt sveitarfélaginu út fyrir hæsta boð sem uppboðsráðandi tekur gilt, og þá einnig ákveðið greiðsluskilmála, enda verði uppboðsandvirðið tryggt með veði í eigninni og ábyrgð sýslusjóðs.

Þegar svo stendur á sem segir í þessari grein, greiðast hvorki innheimtulaun af söluandvirði né gjöld til sýslusjóðs.

Fasteignir sveitarfélags, sem ætlaðar eru til almennra afnota, skulu virtar af 2 mönnum, og nefnir veðhafi, sem hlut á að, annan, en sveitarfélag hinn, en vilji veðhafi ekki nefna virðingarmann, skal ráðherra gera það. Verði ágreiningur um matsverðið, sker ráðherra úr, og skal þá með samskonar skilyrðum og áður segir sveitarfélaginu afhent fasteignin fyrir það verð.

11. gr.

Nú samþykkja skuldheimtumenn, sem ráða yfir meiri hluta skulda, sem tillögur aðstoðarmanns ná til, að ganga að því, sem í tillögunum greinir, og er það þá bindandi fyrir hina skuldheimtumennina. Atkvæðisrétt eiga þeir einir, sem úrslit atkvæðagreiðslunnar snertir fjárhagslega.

Skuldheimtumenn, sem ekki hafa komið svari sínu til aðstoðarmanns áður 3 mánuðir eru liðnir frá því hann afhenti tillögur sínar á póst, teljast samþykkja þær.

12. gr.

Nú fæst ekki fullnægjandi samþykki skuldheimtumanna samkvæmt 11. gr., og sendir þá aðstoðarmaður skjöl málsins til ráðherra ásamt skýringum sínum. Ráðherra leggur síðan úrskurð á málið, að fengnum nánari upplýsingum, ef hann telur þeirra þörf.

13. gr.

Í úrskurði þeim, sem í 12. gr. getur, er ráðherra heimilt að ákveða:

a) að skuldir skuli gefnar eftir að nokkru eða öllu leyti,
b) að skuldir skuli greiðast á ákveðnum fresti,
c) að vextir skuli lækka eða falla niður,

allt eftir því, sem hann telur óhjákvæmilegt með hliðsjón af fjárhag sveitarfélags.

Ákvörðun þá, sem um ræðir í a-lið þessarar greinar, má ráðherra þó því aðeins gera, að

a) skrifstofustjórinn í atvinnumálaráðuneytinu, sýslumaður sveitarfélags, er hlut á að, og hagstofustjórinn telji, að hinnar eftirgefnu skuldir séu að mestu

eða öllu leyti tapaðar með hliðsjón af gjaldgetu og framtíðarhorfum, enda sé ekki framar gengið í eftirgjöfum en embættismenn þessir eru sammála um að leggja til,

b) ríkissjóði sé gert að greiða allt að 10% af hinu eftirgefna,

c) hlutaðeigandi sýslusjóði sé gert að greiða jafnmikið og ríkissjóði af hinu eftirgefna, nema ráðherra telji, að fengnum upplýsingum, fjárhag sýslufélags svo þröngan, að greiðslan verði því til verulegs hnekkis.

14. gr.

Eignir sveitarfélags verða ekki teknar til gjaldþrotaskipta.

15. gr.

Aðför eða kyrrsetning getur ekki farið fram hjá sveitarfélagi, sem leitað hefir aðstoðar eftir lögum þessum. Þó má veðhafi í fasteign gera aðför.

16. gr.

Meðan stendur á ákvörðunum þeim, sem lög þessi ráðgera, ber aðstoðarmanni og sveitarstjórn, að viðlagðri ábyrgð að lögum, að sjá um, að í fjármálefnum sveitarfélags sé ekkert aðhafzt, sem rýri möguleika skuldheimtumanna til að fá greiðslu. Fyrir því má ekki inna af hendi önnur gjöld en þau, sem þarf til að halda uppi lögboðinni starfsemi svo að sæmilegt sé, eða samningsbundnar greiðslur af fasteignaveðslánum og forgangsskuldum.

17. gr.

Þóknun aðstoðarmanna sveitarfélaga eftir lögum þessum greiðir ríkissjóður eftir reikningi, sem ráðherra úrskurðar.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 325. Nefndarálit

um frv. til laga um alþýðuskóla á Eiðum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 1933.

Jón Jónsson, form., frsm.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskr.	Einar Árnason.

Ed. **326. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

Frá samgöngumálanefnd.

Fyrir þinginu 1932 var frumvarp um ýmsar breytingar á vegalögunum. Var því frumvarpi vísað til ríkisstjórnarinnar eftir tillögu samgöngumálanefndar Nd. Mun tilætlunin hafa verið sú, að stjórnin legði fyrir þetta þing frumvarp um breytingar á vegalögunum, sem fæli í sér réttmætar aukningar á þjóðvegakerfi landsins.

Frumvarp þetta er samið af vegamálastjóra. Er með því bætt í þjóðvegatölu ýmsum nýjum vegum, sem samtals eru að lengd um 636 km., en felldir úr nokkrir kaflar, samtals 54 km. að lengd. Af þessari vegalengd eru um 393 km. nú taldir akfærir. Er kostnaðurinn við aðgerð og endurbygging þessara nýju vega áætlaður um 580 þús. kr. Flestir þessir nýju þjóðvegakaflar eru nú í tölu sýsluvega og myndu því verða kostaðir að allmiklu leyti af ríkissjóði. Aðrir kaflar eru fjallvegir, sem ríkissjóður kostar viðhald og endurbætur á hvort sem er. Mun þá láta nærri, að aukinn kostnaður ríkissjóðs af byggingu og endurbótum þessara nýju vega verði um 250 þús. kr.

Með þessu frumvarpi er ætlazt til, að óslitið akvegasamband komist á milli Norðurlands og Austurlands, frá Jökulsárbrú í Axarfirði um Hólsfjöll, Möðrudalsöræfi og Jökuldal að Fossvöllum. Verður þá akfær sumarvegur frá Reykjavík norður um land til Reyðarfjarðar, og er með því fullnægt langþráðri ósk allra Austfirðinga.

Nefndin hefir athugað frv. og brtt. þær, er fram hafa komið við það. Hefir hún og fengið vegamálastjóra til viðtals um málið, og lét hann nefndinni í té margvíslegar upplýsingar. Eru skýrslur þær um vegamálin, er hann lét nefndinni í té, prentaðar með nál. sem fskj. Telur nefndin, að í frumvarpinu felist svo miklar endurbætur fyrir framtíðina á vega- og samgöngumálakerfi landsins, að nauðsynlegt sé að afgreiða frumvarpið á þessu þingi. En fyrsta skilyrðið til þess álítur nefndin það, að ekki verði á því gerðar verulegar efnisbreytingar. Ef um það væri að ræða að bæta nýjum vegum inn í frumvarpið, verður alltaf álitamál, hverjir vegir ættu að koma til greina. Og þó það væri gert, er mjög vafasamt, að þeim héruðum, sem vegina ættu að fá, væri það nokkur greiði, þar sem óvíst er, að vegirnir yrðu fyrr byggðir en ella. Eins og nú er ástatt, er þegar mikið ógert af þeim lögákveðnu þjóðvegum, og þegar við bætast þeir nýir vegir, sem frumv. gerir ráð fyrir, er auðsætt, að ríkissjóður getur ekki í náinni framtíð lagt fram fé til þeirra vega, er við kynni að verða bætt. Gagnið af lögfestingu fleiri þjóðvega nú fyrir hlutaðeigandi héruð myndi því verða lítið eða ekkert.

Á þessu stigi málsins getur því nefndin ekki mælt með nýjum þjóðvegum fram yfir það, sem upp er tekið í frumvarpinu, og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. B. 9. Fyrir „Frá Búðardal“ komi: Frá vegamótum sunnan Laxár.
2. Við 2. gr. C. 7. Fyrir „Frá Akureyri“ komi: Frá vegamótum sunnan Akureyrar.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Hvergi má festa upp auglýsingaspjöld meðfram alfaravegum utan kaupstaða og kauptúna, eða setja upp auglýsingar á annan hátt, nema um opinberar tilkynningar sé að ræða.

Heimilt er þó þeim, sem býr við alfaraveg, að auglýsa þar atvinnurekstur sinn.

Alþingi, 28. marz 1933.

Páll Hermannsson, form.	H. Steinsson, fundaskrifari.	Einar Árnason, frsm.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 23. marz 1933.

Í tillögum mínum um fjárveitingar til vegamála hefi ég jafnan árlega gert grein fyrir áformuðum framkvæmdum næstu ára að vegabótum, en heildaryfirlit um vegabætur á þjóðvegum hefi ég ekki sent ráðuneytinu síðan 1925, og er það birt í Alþingistíðindum frá því ári sem fylgiskjal með nefndaráliti fjárveitinganefndar neðri deildar. Heildaryfirlit um áformaðar brúagerðir næstu 10—15 ára var í greinargerð minni fyrir frv. til laga um brúagerðir, er lagt var fyrir Alþingi 1931.

Á undanförnum árum hefir verið unnið að því að safna gögnum að nýju heildaryfirliti um nauðsynlegustu framkvæmdir að vegagerðum á þjóðvegum, og er það starf nú komið svo langt áleiðis, að ég tel rétt að birta niðurstöður þær, er ég hefi komizt að.

Samkvæmt yfirlitinu frá 1925 var lengd þjóðvega	*2153,6*	*km.*
Voru þá taldir akvegir	611,7	—
kerrufærir vegir	712,0	—
aðeins reiðfærir vegir	829,9	—

Taldir voru þá í 1. flokki nýbygginga vegakaflar að lengd samtals 198,7 km., sem talið var, að ættu að sitja í fyrirrúmi um að gera akfæra, og kostnaður við þær framkvæmdir áætlaður rúmlega 1,4 millj. kr. Í öðrum flokki voru taldir samtals 94,6 km. og áætlaðir að kosta 800 þús. kr., og loks í þriðja flokki 68,5 km., áætlaðir 700 þús. kr. Af vegum þessum er talið samkvæmt áætlun, að enn sé ógert:

Í 1. flokki fyrir kr.	162000.-	eða 11,4%	af upprunal. áætlun
Í 2. — — —	483000.-	— 60,5%	— — —
Í 3. — — —	650000.-	— 93,0%	— — —
Samtals kr.	1295000.-		

En miðað við áætlun hefir verið unnið fyrir samtals kr. 1628000.- að vegum þeim, sem taldir voru í þessum flokkum.

Sést þannig, að í aðaldráttum hefir framkvæmdum verið hagað samkvæmt áætlun minni. — Með ófullkomnum endurbótum hefir ennfremur tekizt fram úr öllum vonum að gera akfæra langa kafla þjóðveganna, svo akfært hefir orðið milli landsfjórðunga miklu fyrr en búizt var við. Eru endurbætur þessar að vísu mjög víða aðeins til bráðabirgða, t. d. yfir Holtavörðuheiði og Vatnsskarð, en hafa þó orðið til mikils gagns.

Í sérstakri skýrslu (fskj. 1) fylgir hér með áætlun um endurbætur þjóðvega, og eru þeir þar taldir samkvæmt stjórnarfrv. því, sem nú liggur fyrir Alþingi. Er lengd þjóðvega talin samtals 3103 km., en var samkvæmt lögunum frá 1924 2154 km. Með lögum frá 1930 var bætt við þjóðvegina um 370 km., og í stjfrv. er lagt til að bæta enn við 582 km., og verða þeir þá samtals 44% lengri en 1924. Akfærir eru nú taldir samtals 2377 km., sem í skýrslunni er skipt í 3 flokka eftir ástandi veganna, og eru um 32% í 1. flokki, en þar eru yfirleitt eingöngu akbrautirnar. Kaflarnir í 2. fl., 922 km., og sérstaklega í 3. fl., 450 km., eru yfirleitt aðeins sumarbílfærir, og víða stirður vegur, sem mjög þarf umbóta, þó talinn sé bílfær. Talið er, að 725 km., eða um 23%, séu ekki akfærir. Þá hefir verið gerð yfirleitt nokkuð lausleg kostnaðaráætlun um endurbætur þjóðveganna, sem miðaðar eru við þá flutningaþörf og þá umferð, sem ætla má, að verði á næstu 15—20 árum. Hér er þó ekki talinn með kostnaður við nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus samkv. l. nr. 25 23. júní 1932, né heldur endurbætur þær á Suðurlandsbraut, sérstaklega malbikun vegarins, sem ráðgerðar hafa verið í sambandi við þennan nýja veg. Þá er og heldur ekki talin malbikun annara fjölförnustu veganna, sem vænta má, að komist í framkvæmd á næsta áratug.

Samkvæmt skýrslunni eru umbætur þjóðveganna áætlaðar að kosta rúmlega 3½ millj. kr., og eru brýr ekki meðtaldar. Ég hefi nú leitazt við að flokka þessar umbætur eftir nauðsyn þeirra og tel

í 1. flokki umbætur fyrir um	.....	1,20 millj. kr.
í 2. — — — —	.....	1,02 — —
í 3. — — — —	.....	1,36 — —

Ætti að mega gera sér von um, að takast mætti að fullgera umbætur þær, sem taldar eru í 1. flokki, á 6 árum.

Fer hér á eftir nánari sundurliðun á þeim köflum, er ég hefi sett í 1. flokk:

		Áætlun kr.		
A. Um Suðurland:				
I.	*Suðurlandsvegur.*			
	1. Hvolhreppsvegur í Rangárvallas.	15000.–		
	2. Eyjafjallavegur	40000.–		
	3. Mýrdalsvegur	38000.–		
	4. Síðuvegur	15000.–		
	5. Suðursveitarvegur	5000.–		
VI.	*Laugardalsvegur*	5000.–		
VII.	*Skeiða- og Hreppavegur* sunnan Stóru-Laxár	13000.–		
IX.	*Gnúpverjavegur*	20000.–		
XI.	*Fljótshlíðarvegur*	3000.–		
X.	*Landvegur*	20000.–		
			kr.	174000.–
B. Um Vesturland:				
I.	*Vesturlandsvegur.*			
	1. Kjalarnesvegur um Ártúnsmela	8000.–		
	2. Kjósarvegur að Hvammsvík sunnan Hvalfj.	111000.–		
	3. Suðurdalavegur í Dalasýslu	21000.–		
	4. Svínadalsvegur í Dalasýslu	7000.–		
	5. Saurbæjarvegur í Dalasýslu	6000.–		
	6. Geiradalsvegur í Barðastr.s.	22000.–		
II.	*Hafnarfjallsvegur*, yfir Andakíl	27000.–		
VI.	*Stykkishólmsvegur*	70000.–		
VII.	*Ólafsvíkurvegur*	20000.–		
X.	*Strandavegur* í Hrútafirði	10000.–		
	—— í Kollafirði	5000.–		
XII.	*Vestfjarðavegur:* Breiðadalsheiðarvegur	28000.–		
	—— Önundarfjarðarvegur	18000.–		
			—	353000.–
C. Um Norðurland:				
I.	*Norðurlandsvegur.*			
	1. Holtavörðuheiði	230000.–		
	2. Hrútafjarðarvegur	15000.–		
	3. Víðidalsvegur	15000.–		
	4. Blönduhlíðarvegur	27000.–		
	5. Öxnadalsvegur	50000.–		
	6. Ljósavatnsskarðsvegur	30000.–		
	7. Reykjaheiði	10000.–		
VI.	*Hofsósvegur*	19000.–		
VIII.	*Dalvíkurvegur*	33000.–		
IX.	*Tjörnesvegur*	20000.–		
X.	*Kópaskers- og Raufarhafnarvegur*	40000.–		
„	*Þistilfjarðarvegur*	40000.–		
			—	529000.–

D. Um Austurland:

		Áætlun kr.	
I.	*Austurlandsvegur.*		
	1. Möðrudalsöræfavegur	26000.—	
	2. Jökuldalsvegur	27000.—	
	3. Breiðdalsvegur	10000.—	
	4. Geithellna- og Lónsheiðarvegur	14000.—	
II.	*Stranda- og Vopnafjarðarvegur.*		
	1. Langanesstrandarvegur	15000.—	
	2. Vopnafjarðarvegur	14000.—	
	3. Jökulsárhlíðarvegur	10000.—	
IV.	*Fjarðarheiðarvegur*	25000.—	
			— 141000.—
		Samtals kr.	1197000.—

Í fjárl. þessa árs er veitt til endurbóta á vegum þeim, sem hér eru taldir ..... kr. 150000.

Í fjárl.frv. fyrir 1934, eins og það er afgreitt frá fjárv.nefnd Nd. Alþingis, er ætlað til sömu vega — 186000.—

Samtals kr. 336000.—

Vantar þá enn um 861 þús. kr., sem líklegt þykir, að fáist á árunum 1935—38, jafnvel þó einhverjar fjárveitingar bættust við til vega, sem ég hefi talið í öðrum flokki.

Að loknum þeim vegabótum, er hér voru taldar, mun verða bílfært á aðalleiðum, svo sem hér segir, og er þá gert ráð fyrir því, að jafnframt verði gerðar helztu brýr, sem enn vantar á leiðum þessum:

Um Suðurland. Gert sæmilega akfært frá Landeyjum austur í Fljótshverfi.

Um Vesturland. Fullgerður nýr akvegur að Hvammsvík í Hvalfirði, en vegurinn frá Hvammsvík meðfram Hvalfirði út að Ferstiklu er í 2. flokki. Gert sæmilega vel akfært vestur Dalasýslu og Barðastrandarsýslu að Þorskafirði. Gerð ný akbraut á Hafnarfjallsvegi yfir Andakílinn. Fullgerð akbraut á Stykkishólmsvegi, nema tæpir 7 km. á háfjallinu.

Um Norðurland. Fullgerð akbraut yfir Holtavörðuheiði og í Blöndudlíð í Skagafirði skammt inn fyrir Úlfsstaði. Fullgerð akbraut frá Bægisá að Þverá í Öxnadal, sömuleiðis frá Djúpá í Ljósavatnsskarði yfir Skjálfandafljótsbrýr. Gert bílfært frá Kópaskeri til Raufarhafnar og frá Þórshöfn um Þistilfjörð að Svalbarði. Vegur um Vatnsskarð er talinn að hálfu í 2. fl., en að hálfu í 3. fl. Vegur um Norðurárdal í Skagafirði og um Öxnadalsheiði er í 3. fl. Vegur um Ljósavatnsskarð frá Fnjóská að Djúpá er í 2. flokki.

Um Austurland. Gert bílfært um Möðrudalsöræfi og Jökuldal í samband við akvegakerfið á Fljótsdalshéraði. Gert bílfært frá Djúpavogi til Lónssveitar. Gert bílfært frá Seyðisfirði yfir Fjarðarheiði til Héraðs.

Um nánari upplýsingar vísast til sjálfrar skýrslunnar.

Umbætur þær, sem taldar eru í 2. fl. og 3. flokki, má naumast vænta, að

komist til framkvæmda á styttri tíma en 10—12 árum, sérstaklega er þess er gætt, að vænta má, að einhverjir nýir þjóðvegir bætist við á þessu tímabili.

Í áætluninni er gert ráð fyrir, að allir þjóðvegir verði gerðir bílfærir, nema þessir kaflar: Á *Suðurlandi* um Skeiðarársand og Öræfi og yfir farvegi Jökulsár á Breiðamerkursandi og Jökulsár í Lóni. Á *Vesturlandi* yfir Þorskafjarðarheiði, Bitruháls og hæsta kafla Breiðadalsheiðar. Á *Norðurlandi* enginn. Á *Austurlandi* yfir Hellisheiði í Vopnafirði. Eru þessir kaflar samtals um 130 km. En vitanlega verða flestir kaflar þjóðveganna þó aðeins bílfærir um sumartímann og miðað er við, að sem minnstu verði til kostað, þar sem sýnt er, að umferð verður mjög lítil.

Í 3. flokki áætlunarinnar eru taldir nokkrir vegakaflar, sérstaklega milli byggða, sem hæpið er, að rétt sé að gera akfæra fyrr en akvegakerfið í sveitunum er orðið fullkomnara en vænta má, að það verði á næstu 1—2 áratugum. En mér þótti eigi að síður rétt vegna heildaryfirlitsins að taka þessa vegakafla með.

Þegar lokið er umbótum þeim, sem taldar eru í greindri skýrslu í 1.—3. flokki, verður meðal annars sumarbílfært frá Reykjavík vestur að Þorskafirði í Barðastrandarsýslu, einnig norður í Steingrímsfjörð og þaðan yfir Steingrímsfjarðarheiði til Arngerðareyrar. Ennfremur um Norður- og Austurland allt suður að Jökulsá í Lóni og sunnanlands allt austur í Fljótshverfi. Ennfremur um Kópasker, Raufarhöfn og Þórshöfn til Vopnafjarðar.

Ég læt hér fylgja heildaryfirlit yfir greiðslur ríkissjóðs til vegamála á árunum 1876—1930 (fskj. 2). Skýrsla þessi er samin eftir landsreikningunum og sýnir jafnframt, hvernig vegabótakostnaðurinn hefir skipzt milli sýslna frá byrjun. Er þá kostnaði við vegi yfir heiðar og fjöll milli sýslna, t. d. yfir Holtavörðuheiði, skipt eftir lengd vegar í hverri sýslu, sem hver vegarkafli telst vera í. Þannig telst t. d. Suðurlandsbraut upp fyrir Árbæ í Gullbringusýslu, þaðan að Hólmsá í Kjósarsýslu, þaðan upp undir Svínahraun í Gullbringusýslu og loks þaðan að Þjórsá í Árnessýslu.

Þá fylgir og yfirlit yfir skiptingu þjóðvega eftir sýslum (fylgiskjal 3).

Geir G. Zoëga.

Til samgöngumálanefndar Ed. Alþingis.

Fylgiskjal 1.

Áætlun um endurbætur þjóðvega.

A. Um Suðurland.	Ástand veganna: Vegarl. km.	Yfirleitt akbraut km.	Sæmilega sumarbílfært km.	Illa bílfært km.	Ekki akfært km.	Kostnaðaráætlun þús. kr.: Alls	1. fl.	2. fl.	3. fl.
1. Suðurlandsbraut	488,1	127,8	240,5	90,8	29,0	178,0	113,0	10,0	25,0
2. Þingvallabraut	33,0	33,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
3. Geysisvegur	52,0	5,0	42,0	5,0	0,0	70,0	0,0	65,0	5,0
4. Biskupstungnabr.	52,0	52,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
5. Eyrarbakkabraut	11,0	11,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0

	Ástand veganna					Kostnaðaráætlun þús. kr.			
	Vegarl. km.	Yfirleitt akbraut km.	Sæmilega sumar-bílfært km.	Illa bílfært km.	Ekki akfært km.	Alls	1. fl.	2. fl.	3. fl.
6. Laugardalsvegur	12,4	11,4	1,0	0,0	0,0	5,0	5,0	0,0	0,0
7. Skeiða-, Hreppav.	50,8	14,0	3,5	33,3	0,0	68,0	13,0	55,0	0,0
8. Gullfossvegur	16,0	0,0	16,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
9. Gnúpverjavegur	10,0	0,0	0,0	10,0	0,0	45,0	20,0	25,0	0,0
10. Landvegur	23,5	7,5	0,0	16,0	0,0	20,0	20,0	0,0	0,0
11. Fljótshliðarvegur	14,8	11,3	3,5	0,0	0,0	7,0	3,0	0,0	4,0
12. Hafnarbraut	4,9	4,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13. Reykjanesbraut	44,56	44,56	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
14. Vífilsstaðavegur	2,2	2,2	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
15. Útvarpsstöðvarv.	4,4	4,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Samtals	819,66	329,06	306,5	155,1	29,0	393,0	174,0	185,0	34,0
B. Um Vesturland.									
1. Vesturlandsv.	297,41	101,45	100,82	49,50	45,64	512,0	175,0	259,0	78,0
2. Hafnarfjallsv.	50,0	7,0	37,0	6,0	0,0	77,0	27,0	10,0	40,0
3. Akranesvegur	14,0	13,0	0,0	1,0	0,0	5,0	0,0	5,0	0,0
4. Borgarnesbr.	10,8	10,8	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
5. Borgarfj.br.	23,0	23,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
6. Stykkishólmsv.	99,3	79,2	20,1	0,0	0,0	95,0	70,0	25,0	0,0
7. Ólafsvíkurv.	60,0	5,0	44,0	11,0	0,0	63,0	20,0	13,0	30,0
8. Hellusandsv.	10,6	0,0	0,0	0,0	10,6	37,0	0,0	37,0	0,0
9. Laxárdalsv.	35,0	0,0	19,0	16,0	0,0	62,0	0,0	34,0	28,0
10. Strandavegur	142,46	3,0	60,7	17,8	60,96	115,0	15,0	24,0	76,0
11. Steinadalsv.	17,0	0,0	13,0	4,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12. Vestfjarðav.	79,7	0,0	6,6	11,3	61,8	166,0	46,0	5,0	115,0
Samtals	839,27	242,45	301,22	116,6	179,0	1132,0	353,0	412,0	367,0
C. Um Norðurland.									
1. Norðurlandsv.	456,51	214,8	89,0	122,71	0,0	1179,0	377,0	262,0	540,0
2. Hvammstangabr.	5,5	5,5	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
3. Vesturhópsvegur	12,4	6,0	1,4	5,0	0,0	29,0	0,0	9,0	20,0
4. Skagastrandarv.	23,7	3,7	20,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
5. Sauðárkróksbr.	24,3	24,3	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
6. Hofsósvegur	41,1	10,1	24,8	6,2	0,0	46,0	19,0	27,0	0,0
7. Eyjafjarðarbr.	25,1	25,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
8. Dalvíkurvegur	34,0	28,5	0,0	5,5	0,0	33,0	33,0	0,0	0,0
9. Tjörnesvegur Hvík—Lón	41,9	6,0	1,5	0,0	34,4	145,0	20,0	0,0	125,0
10. Kópaskers- og Raufarhafnarv.	147,3	3,2	47,9	18,0	78,2	140,0	80,0	0,0	60,0
Samtals	811,81	357,2	184,6	157,41	112,6	1572,0	529,0	298,0	745,0

D. Um Austurland.	Ástand veganna: Vegarl. km.	Yfirleitt akbraut km.	Sæmilega sumar-bílfært km.	Illa bílfært km.	Ekki akfært km.	Kostnaðaráætlun þús. kr.: Alls	1. fl.	2. fl.	3. fl.
1. Austurlandsvegur	371,6	34,6	97,2	0,0	239,8	157,0	77,0	20,0	60,0
2. Stranda-,Vopnafj.v.	138,7	7,7	0,0	20,4	110,6	183,0	39,0	28,0	116,0
3. Úthéraðsvegur	48,9	0,0	13,4	0,0	35,5	116,0	0,0	81,0	35,0
4. Fjarðarheiðarvegur	23,0	0,0	4,0	0,0	19,0	25,0	25,0	0,0	0,0
5. Fagradalsbraut	35,0	35,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
6. Eskifjarðarvegur	15,0	0,0	15,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Samtals	632,2	77,3	129,6	20,4	404,9	481,0	141,0	129,0	211,0
Yfirlit.									
A. Um S.land	819,66	329,06	306,5	155,1	29,0	393,0	174,0	185,0	34,0
B. Um V.land	839,27	242,45	301,22	116,6	179,0	1132,0	353,0	412,0	367,0
C. Um N.land	811,81	357,2	184,6	157,41	112,6	1572,0	529,0	298,0	745,0
D. Um A.land	632,2	77,3	129,6	20,4	404,9	481,0	141,0	129,0	211,0
Samtals	3102,94	1006,01	921,92	449,51	725,5	3578,0	1197,0	1024,0	1357,0

Fylgiskjal 2.

Skrá um greiðslur ríkissjóðs til vegamála á árunum 1876—1930
(Skipt eftir sýslum).

Sýsluheiti	Þjóðvegir	Brýr	Fjallvegir	Sýsluvegir	Sýsluvegasj.	Samtals
Gullbringusýsla	802898.95	20720.60	4608.21	202546.24	60043.75	1090817.75
Kjósarsýsla	688411.86	84308.51	6183.11	7094.38	„	785997.86
Borgarfjarðarsýsla	118352.20	104750.94	1995.84	89327.30	„	314426.28
Mýrasýsla	1053330.41	280518.24	275.00	30184.15	14845.20	1379153.00
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	309333.66	84435.18	12705.99	14434.72	„	420909.55
Dalasýsla	175671.31	54064.30	11617.72	6905.41	13479.60	261741.34
Barðastrandarsýsla	53640.40	42071.69	15359.84	625.00	„	111696.93
Ísafjarðarsýsla	16081.90	21011.62	4068.35	18501.29	„	59663.16
Strandasýsla	136555.32	63820.43	19354.41	6000.00	„	225730.16
Húnavatnssýsla	850238.95	127943.62	20724.89	103092.05	57490.54	1159490.05
Skagafjarðarsýsla	361258.44	369874.18	27418.70	99646.07	71835.77	930006.16
Eyjafjarðarsýsla	344056.45	250230.62	9104.80	68781.03	84952.80	757125.70
Suður-Þingeyjarsýsla	442392.67	162102.16	44168.18	43427.81	„	692090.82
Norður-Þingeyjarsýsla	16462.29	86243.60	20016.37	85472.81	„	208195.07
Norður-Múlasýsla	333799.50	167051.44	21340.04	48159.79	„	570850.77
Suður-Múlasýsla	471263.86	67746.02	13558.18	22069.31	„	574637.37
Austur-Skaftafellssýsla	150283.62	„	„	18989.83	„	169273.45
Vestur-Skaftafellssýsla	216656.08	328516.45	2838.02	3967.27	„	551977.82
Rangárvallasýsla	613562.31	177617.77	3756.38	8247.27	29203.31	832387.04
Vestmannaeyjar	„	„	„	47868.17	„	47868.17
Árnessýsla	2216513.39	275113.26	13352.43	269519.24	„	2774498.32
Til brúarsmiðjunnar (1920—21)	„	57310.90	„	„	„	57310.90
Fjallvegir milli N.- og S.-lands	„	„	72925.98	„	„	72925.98
Slysatrygging verkamanna	18506.82	4873.64	44.80	„	„	23425.26
Stjórn og undirbúningur vegamála	„	„	„	„	„	712555.55
Til áhalda	„	„	„	„	„	602998.32

Sýsluheiti	Þjóðvegir	Brýr	Fjallvegir	Sýsluvegir	Sýsluvegasj.	Samtals
Til bókasafns verkamanna	„	„	„	„	„	3286.65
Styrkur til að halda byggð og gist.	„	„	„	„	„	96874.74
Bifreiðastyrkir	„	„	„	„	„	5800.00
Til kaupa á snjóbifreið (v. mokstur)	„	„	„	„	„	25000.00
Slysatr. verkam. (sérst. fjárv. 1930)	„	„	„	„	„	12000.00
Samtals krónur:	9389273.39	2830298.17	325917.24	1194859.14	331850.97	1553071417

Fylgiskjal 3.

Skipting þjóðvega eftir sýslum.

	Samkv. gild. lögum	Viðbót í stjfrv.	Samtals
Gullbringusýsla	71,41 km.	0,9 km.	71,50 km.
Kjósarsýsla	74,81 —	0,0 —	74,81 —
Borgarfjarðarsýsla	47,65 —	64,0 —	111,65 —
Mýrasýsla	124,06 —	0,0 —	124,06 —
Snæfellsn.- og Hnappadalss.	72.6 —	70.6 —	143,20 —
Dalasýsla	113,67 —	6,5 —	120,17 —
Barðastrandarsýsla	55,12 —	27,0 —	82,12 —
Ísafjarðarsýsla	69,12 —	15,0 —	84,12 —
Strandasýsla	158,06 —	10,5 —	168,56 —
V.-Húnavatnssýsla	84,0 —	0,0 —	84,0 —
A.-Húnavatnssýsla	87.4 —	0,0 —	87,4 —
Skagafjarðarsýsla	97,5 —	25,5 —	123,0 —
Eyjafjarðarsýsla	85,35 —	34,8 —	120,15 —
Suður-Þingeyjarsýsla	113,7 —	121,0 —	134.7 —
Norður-Þingeyjarsýsla	149,8 —	122,8 —	272,6 —
Norður-Múlasýsla	180,0 —	97,0 —	277,0 —
Suður-Múlasýsla	227,4 —	48,8 —	276,2 —
A.-Skaftafellssýsla	182,45 —	0,0 —	182,45 —
V.-Skaftafellssýsla	142,15 —	0,0 —	142,15 —
Rangárvallasýsla	129,1 —	2,8 —	131,9 —
Árnessýsla	252,44 —	38,4 —	290,84 —
Samtals	2517,79 km.	585,6 km.	3103,39 km.

Vegalengdir innan lögsagnarumdæma kaupstaðanna eru taldar með vegum í þeirri sýslu, sem kaupstaðurinn er í.

Nd. 327. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 36 19. maí 1930, um vigt á síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í nefndinni er nokkur skoðanamunur um það, hvort hagfelldara sé og vissara að vega síld til bræðslu eða mæla í mælikerum. Álítur meiri hluti nefndar-

innar, að öruggara muni yfirleitt að vega bræðslusíld en mæla. Hinsvegar litur öll nefndin svo á, að nauðsyn geti borið til þess að nota mæliker í stað vogar, þegar bræðslusíld er afhent á skipsfjöl eða þar, sem nothæf vog er eigi tiltæk. Virðist eigi hlýða að banna mælingu þegar svo stendur á, eða að leggja við mælingu stórsektir, þegar aðilar eru ásáttir um að nota hana.

Sektarákvæðin í 2. gr. frv. telur nefndin óeðlilega há, nema um sviksamlega mælingu væri að ræða, en þá mundi verknaðurinn falla undir refsiákvæði hegningarlaga og eftir þeim dæmt verða.

Eftir framansögðu hefir samkomulag orðið í nefndinni um að mæla með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Aftan við 1. gr. bætist:
   Heimilt skal þó að mæla bræðslusíld, ef afhending fer fram á skipsfjöl, eða þar, sem nothæf vog er eigi tiltæk, enda séu kaupandi og seljandi ásáttir um mælingu.
2. Við 2. gr. Fyrir „200—20000“ komi: 50—5000.

Alþingi, 1. apríl 1933.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Bjarni Ásgeirsson.
Ólafur Thors. Bergur Jónsson.

Nd. 328. Tillaga

til þingsályktunar um launakjör embættis- og starfsmanna ríkis og ríkisstofnana.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Hannes Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til rækilegrar íhugunar launakjör embættis- og starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og gera fyrir næsta þing tillögur um nýja og réttlátari skipun þeirra mála, og þann veg, að launakjör séu sniðin eftir fjárhagsgetu ríkis og afkomu almennings í landinu.

Nd. 329. Nefndarálit

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 43 frá 1927 (Fátækralög).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir haft frumvarp þetta til athugunar og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. apríl 1933.

Guðbr. Ísberg, fundaskr., frsm. Sveinbjörn Högnason. Steingr. Steinþórsson.
Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 330. Frumvarp

til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Ísafjörð, nr. 34 19. júní 1922.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar og hafnarumbóta á Ísafirði veitist úr ríkissjóði $^{2}/_{5}$ hlutar kostnaðar, eftir áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund — krónur, gegn $^{3}/_{5}$ hlutum úr hafnarsjóði Ísafjarðar. Fé þetta greiðist bæjarstjórn Ísafjarðar hlutfallslega við framlag hafnarsjóðs til fyrirtækisins árlega.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk hafnarnefndarinnar á Ísafirði, sem gerir kröfu til þess, að hafnarlög kaupstaðarins séu samræmd við hafnarlög þau, sem sett hafa verið hin síðari ár, að því er snertir áætlað framlag ríkissjóðs til hafnarbóta þar. Er krafan borin fram með tilliti til þess, að í undirbúningi er að koma upp sérstakri fiskibátahöfn eða kví á Ísafjarðarpolli, sem er hið mesta nauðsynjamál fyrir útgerðina þar. Verður þó ekki farið fram á fjárveitingu í því skyni að svo stöddu, en tryggara þykir, að úrelt ákvæði hafnarlaganna séu ekki til fyrirstöðu þegar að því kemur, að réttmætt þykir og kleift að veita fé úr ríkissjóði til þessa nauðsynlega fyrirtækis.

Nd. 331. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. það, er hér um ræðir, og álítur hún, að þær breytingar, sem þar er farið fram á, verði að gerast í sambandi við þá almennu endurskoðun nefndra laga, sem nauðsynlegt er, að fram fari innan skamms.

Nefndin hafði borið málið undir lögmanninn í Reykjavík, og fylgir álit hans hér með.

Samkvæmt ofanrituðu ákvað nefndin að leggja til, að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 28. marz 1933.

Sveinn Ólafsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm.	Bjarni Ásgeirsson.
	Ólafur Thors.	

Fylgiskjal.

LÖGMAÐURINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. marz 1933.

Með bréfi dags. 20. þ. m. hefir háttvirt sjávarútvegsnefnd Nd. Alþingis beiðzt umsagnar minnar um frumvarp til laga á þingskjali nr. 145, um breyting á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914, og upplýsinga um, hvaða venju fylgt hafi verið undanfarið í þeim efnum, sem 1. gr. frv. ræðir um.

Út af þessu skal ég virðingarfyllst leyfa mér að geta þessa: Samkvæmt alþjóðasamþykkt, sem gerð var í Bruxelles fyrir 7 árum síðan um samræming siglingalaga, hafa nú flestar þjóðir — og þar á meðal Norðurlandaþjóðirnar — endurskoðað siglingalög sín, þótt hin endurskoðuðu lög muni ekki alstaðar vera komin til framkvæmda enn. Það rekur því óhjákvæmilega að því, að vér verðum einnig að færa siglingalög vor í samræmi við annara þjóða, og mundi réttast að taka ákvæði þau, sem frv. hefir að geyma, til athugunar í sambandi við nefnda heildarendurskoðun. Hversu hún verður að vera víðtæk, hefi ég ekki kynnt mér, en því atriði mun prófessorinn í sjórétti við háskólann, Ólafur Lárusson, vera kunnugastur.

Ef vér leiðum í lög sérákvæði, sem rýra veðgildi skipa fyrir samningsveð eins og þau, er 1. gr. frv. geymir, ættu þau aðeins að taka til skipa, sem stöðugt eru hér við land, en ekki þeirra, sem fara á milli landa. En venja hefir engin getað myndazt um þau atriði, sem 1. gr. frv. ræðir um.

Fskj. endursendist.

Björn Þórðarson.

Sjávarútvegsnefnd Nd. Alþingis.

Nd. 332. Breytingartillaga

við frv. til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 32. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1934.

Nd. **333. Frumvarp**

til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Orðaskýringar og almenn ákvæði.

1. gr.

Í lögum þessum hafa orð þau, er nefnd eru hér á eftir, þá merking, sem tilfærð er við hvert þeirra.

„Útlönd" merkir öll lönd önnur en Ísland.

„Skip" tekur yfir sérhvert fljótandi far.

„Aðkomuskip" er hvert skip, sem hér kemur að landi, ef það annaðhvort síðast hefir lagt út frá útlöndum eða á leið sinni tekið við mönnum eða farangri frá öðru skipi, er síðast hefir lagt út frá útlöndum. Er skipið aðkomuskip þar til það hefir fengið heilbrigðisvottorð á íslenzkri höfn.

„Sóttgæzluskírteini" merkir skírteini gefið út af heilbrigðisyfirvaldi því, er í hlut á, um það, hvort nokkur erlend eða önnur sérstaklega tilgreind næm sótt gangi á brottfararstaðnum eða þar í nánd.

„Erlendar sóttir" tekur yfir pest (pestis), austurlenzka kóleru, (cholera asiatica), bólusótt (variola), dílasótt (typhus exanthematicus), blóðkreppusótt (dysenteria tropica) og gula hitasótt (febris flava).

„Heilbrigðisvottorð" merkir vottorð, er aðkomuskip fær hjá sóttgæzlumanni á komustað sínum hér við land, þess efnis, að ekkert sé því til fyrirstöðu samkvæmt lögum þessum, að mönnum eða farangri frá skipinu sé hleypt í land á höfnum á Íslandi.

„Sóttgæzlumaður" er sá maður í hafnarstað á Íslandi, er samkvæmt lögum þessum skal skoða sóttgæzluskírteini aðkomuskipa og veita þeim heilbrigðisvottorð.

„Höfn" merkir löggilta höfn, þar sem sóttgæzlumaður er (5. gr.).

„Farangur" tekur yfir alla lausa muni í skipi, líka afla.

„Bannaður farangur" merkir farangur, sem ráðherra hefir bannað með auglýsingu að flytja inn vegna sótthættu, eða þá bundið hann vissum skilyrðum (21. gr.).

2. gr.

Skipstjóri á skipi, sem fer frá útlöndum til Íslands og ætlar sér að hafa samband við land eða landsbúa, en tekur ekki með sér sóttgæzluskírteini (sbr. 1. gr.), skal kynna sér, hvort alvarlegir, næmir sjúkdómar ganga á brottfararstaðnum eða þar í nánd um það leyti, sem hann leggur af stað, og vera við því búinn að láta í té skriflega yfirlýsingu þar að lútandi samkvæmt 8. gr.

3. gr.

Ekkert aðkomuskip má, nema tilneytt sé, hleypa mönnum eða farangri í land, né hafa annað samband við land eða landsbúa, annarsstaðar en á höfnum, sbr. 7. gr.

4. gr.

Íslenzk skip skulu ekki utan hafna, hvorki innan landhelgi né utan, taka við mönnum né farangri úr aðkomuskipum, hleypa mönnum út í slík skip né hafa önnur mök við þau eða menn úr þeim, nema tilneydd séu.

II. KAFLI

Sóttvarnarnefndir og sóttvarnarhús.

5. gr.

Sóttvarnarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og á hverjum löggiltum verzlunarstað hér á landi, þar sem föst verzlun er.

Í kaupstöðum skulu í nefndinni vera bæjarfógeti (í Reykjavík tollstjóri), héraðslæknir og einn maður, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki. Bæjarfógeti (í Reykjavík tollstjóri) er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Á öllum öðrum stöðum skal í nefndinni vera sýslumaður, hafi hann aðsetur þar á staðnum, héraðslæknir og einn maður, er sýslunefnd kýs, búsettur þar. Hafi sýslumaður eigi aðsetur á verzlunarstaðnum, skal umboðsmaður hans þar koma í hans stað. Sýslumaður eða umboðsmaður hans er formaður nefndarinnar og sóttgæzlumaður.

Sóttvarnarnefndir skulu sjá um, að lögum þessum sé hlýtt.

Hafnsögumönnum, hreppstjórum, bæjar- og sveitarstjórnum er skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir við skyldustörf þeirra.

Sóttvarnarnefndir og héraðslæknar skulu við framkvæmdir þessara laga, jafnan þegar unnt er, leita sem nánastra leiðbeininga landlæknis. Þegar um meiri háttar ráðstafanir er að ræða, skal, ef við verður komið, leita fyrirfram samþykkis ráðherra, og einkum, ef um er að ræða ráðstafanir samkvæmt ákvæðum 3. og 4. málsgr. 8. greinar, 13.—17., 19. og 20. greinar, en tilkynna skal annars tafarlaust allar þess háttar ráðstafanir, sem gerðar eru án slíks samþykkis.

Ráðherra setur að öðru leyti reglur um störf sóttvarnarnefnda

6. gr.

Í Reykjavík skal vera sóttvarnarhús fyrir allt landið, sóttvarnarhús ríkisins, er sé jafnan til taks með öllum útbúnaði til þess að taka við sjúkum mönnum frá aðkomuskipum, ef þörf gerist að sóttkvía þá. Sóttvarnarnefndin í Reykjavík skal hafa umsjón yfir húsinu, annast viðhald á því og öllum útbúnaði þess, og ráða þjónustufólk eftir þörfum, er jafnan sé til taks.

Héraðslæknirinn í Reykjavík annast lækningu þeirra sjúklinga, sem hafðir eru í sóttvarnarhúsinu, nema ráðherra skipi til þess annan lækni.

Ráðherra setur reglur um afnot sóttvarnarhússins.

III. KAFLI

Almenn ákvæði um varnir gegn næmum sjúkdómum.

7. gr.

Nú vill aðkomuskip hleypa mönnum eða farangri á land á höfn eða hafa önnur mök við land eða menn úr landi, sbr. 3. gr., og skal það þá bíða þess, að sóttgæzlumaður (eða í kaupstöðum fyrir hans hönd tollgæzlumaður eða lögregluþjónn) komi út að skipinu eða út í skipið. Gerir skipstjóri sóttgæzlumanni grein fyrir heilsufari manna á skipinu og leggur fyrir hann sóttgæzluskírteini þess, ef til er. Á undan sóttgæzlumanni má enginn fara út í skipið úr landi né frá öðrum skipum, nema hafnsögumaður, ef nauðsyn krefur, og enginn má fara úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður né sóttgæzlumaður, engan farangur setja á land né í önnur skip, og engin mök hafa við land eða menn úr landi fram yfir það, sem leiðir af ákvæðum 8. greinar, fyrr en skipstjóri hefir fengið heilbrigðisvottorð samkvæmt 8. grein.

8. gr.

Nú leggur skipstjóri á aðkomuskipi fram fullgilt sóttgæzluskírteini, og er þess eigi getið í því, og heldur eigi kunnugt eða grunað á annan hátt, að á brottfararstað skipsins hafi gengið alvarlegur, næmur sjúkdómur. Skal þá sóttgæzlumaður þegar veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lýsir því yfir fyrir honum, að í skipinu séu eigi eða hafi verið á leiðinni menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á að væru næmir, og að hann viti ekki til, að skipið geti verið sóttmengað á annan hátt.

Hafi skipið ekkert eða ekki fullgilt sóttgæzluskírteini, skal sóttgæzlumaður engu að síður að jafnaði tafarlaust veita því heilbrigðisvottorð, ef skipstjóri lætur honum í té skriflega yfirlýsingu upp á æru og samvizku um, að honum sé ekki kunnugt um, að á brottfararstaðnum hafi gengið neinn alvarlegur næmur sjúkdómur, að á skipinu séu eigi eða hafi verið, hvorki á brottfararstaðnum né á leiðinni, menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á, að væru næmir, eða lík manna, sem dánir séu úr næmum sjúkdómum, og að hann viti ekki til, að skipið geti verið sóttmengað á annan hátt.

Ef þess er getið í sóttgæzluskírteini skipsins, eða kunnugt eða grunað á annan hátt, að alvarlegur næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum, ef sjúkir menn eru eða hafa verið á skipinu á leiðinni, eða lík, og grunur er á, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða, eða grunur er um sóttmengun skipsins á annan hátt, svo og ef framburður eða vottorð skipstjóra er á einhvern hátt tortryggilegt, þá má eigi veita heilbrigðisvottorð fyrr en héraðslæknir hefir rannsakað skipið og úrskurðað, að heilbrigðisvottorð megi gefa. Nú reynist erlend sótt í skipinu, og skal þá farið með það samkv. ákvæðum IV. kafla þessara

laga, en ef um annan næman sjúkdóm er að ræða, sem opinberum vörnum er beitt við samkv. lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, eða héraðslæknir telur ástæðu til að beita slíkum vörnum, skal farið með skipið samkv. ákvæðum þeirra laga og ekki veita því heilbrigðisvottorð fyrr en þær ráðstafanir hafa verið gerðar, að öruggt þykir, að sjúkdómurinn berist ekki í land eða breiðist út.

Læknisrannsókn á skipi og þeim, er á því eru, skal jafnan fram fara svo fljótt sem auðið er, og öllum sóttvarnarráðstöfunum skal, eftir því sem unnt er, haga svo, að skipinu verði til sem minnstrar tafar og trafala. Sé héraðslæknir eigi viðstaddur, er sóttvarnarnefnd heimilt að fela öðrum lækni rannsóknina. Sé enginn læknir viðstaddur, skal skipstjóra gefinn kostur á að leita annarar hafnar, þar sem læknir býr. Ef einangra þarf sjúklinga af skipinu, en tormerki eru á að gera það á staðnum, er heimilt að vísa skipinu til næstu hafnar, þar sem einangrun er framkvæmanleg, en þó því aðeins, að sjúklingum sé eigi hætta búin af þeim flutningi. Ef skipið er sóttkvíað, er skipstjóra heimilt að velja sér höfn til að liggja á, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við nauðsynlega læknisrannsókn og lækniseftirlit.

Þegar skip strandar, skal sá, er ræður fyrir björguninni, sjá um, að farið sé eftir fyrirmælum greinar þessarar og 7. greinar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

9. gr.

Ráðherra getur veitt herskipum, sem hafa lækni, þá tilslökun á ákvæðum 7. og 8. greinar, sem ráðlegt þykir og gerlegt eftir atvikum.

IV. KAFLI

Sérstök ákvæði um varnir gegn erlendum sóttum.

10. gr.

Í hvert sinn er áreiðanleg vitneskja er fengin um, að einhver erlend sótt hafi gert vart við sig einhversstaðar í útlöndum, og ástæða er til að ætla að sóttin geti borizt þaðan til Íslands, gefur ráðherra út auglýsingu um, að sjúkdómur sá sé talinn ganga á þessum stað, og ef svo virðist, sem eigi sé beitt fulltryggum vörnum gegn því, að sóttin breiðist út þaðan, á stöðum þar í nánd, svo víða sem ástæða þykir til.

Þessu skal þó eigi beitt, ef aðeins ein manneskja eða örfáar hafa sóttina, og eigi er ástæða til að ætla, að hún muni breiðast út.

Ráðherra gefur aftur út auglýsingu um, hvenær ráðstöfunum þessum skuli hætt.

11. gr.

Þá er svo ber til:

1) að skip kemur frá eða hefir á leið sinni haft viðskipti við stað, sem auglýsing er gefin út um samkvæmt 10. grein, eða stað, sem getið er um í sóttgæzluskírteini skipsins, eða á annan hátt er vissa fyrir eða grunur á, að erlend sótt gangi á;

2) að skip á leið sinni hefir átt mök við skip, sem á eru eða hafa verið sjúkir menn eða dauðir, og vissa er fyrir eða grunur á, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða;
3) að á skipi eru eða hafa verið á brottfararstað þess eða á leiðinni sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða, eða vissa fyrir eða grunur á, að skipið sé á annan hátt alvarlega mengað erlendri sótt,

skal skipið, þá er það kemur í landhelgi við Ísland, eða ef það ætlar til íslenzkrar hafnar, undir eins og land er í sýn, draga gula sóttvarnarveifu upp á framsigluhúni, og ef gul veifa er ekki til á skipinu, þá hvíta veifu, og skal veifan vera uppi þangað til skipið er komið aftur út fyrir landhelgi, eða hefir tekið íslenzka höfn og fengið þar heilbrigðisvottorð. Ef skipið hefir senditæki, skal það sem fyrst senda ráðherra skeyti með tilkynningu um, hversu ástatt sé fyrir því og hvar og hvenær það sé væntanlegt að landi.

12. gr.

Ef svo er ástatt fyrir skipi sem sagt er í 11. gr. 1) og 2), er skipinu frjálst að taka hverja höfn sem vill.

Sé aftur á móti svo ástatt, sem sagt er í 11. gr. 3), má skipið ekki leita hafnar annarsstaðar en í Reykjavík, nema það sé til neytt.

13. gr.

Þangað til rannsókn héraðslæknis hefir fram farið og leyfi hefir verið gefið til þess að hafa samgöngur við land, skal skip, sem svo er ástatt um sem segir í 11. gr., afkvíað, og má engum, sem á skipinu er, hleypa úr því á land, og ekki heldur má neinn fara úr landi eða öðrum skipum út í það, nema í embættiserindum. Þeir, sem hafa verið úti í skipinu, eru háðir þeim sótthreinsunarfyrirmælum, sem sóttvarnarnefnd eða héraðslæknir setur þeim, og má, ef þörf gerist, láta þá sæta sömu meðferð og þá, er komið hafa á skipinu.

14. gr.

Ef læknir finnur engan mann á skipinu sjúkan eða dauðan af erlendri sótt og skipstjóri lætur í té skriflega yfirlýsingu upp á æru sína og samvizku um, að á leiðinni hafi ekki verið í skipinu menn með sjúkdóma, er grunur gæti leikið á að væru erlendar sóttir, að hann viti ekki til, að skipið geti verið mengað af þeim á annan hátt, og ennfremur að enginn bannaður farangur sé í því, skal þá, ef framburður eða vottorð skipstjóra er á engan hátt tortryggilegt, veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef 5—14 dagar, eftir því um hverja sótt er að ræða, eru liðnir frá því er skipið hafði síðast mök við sóttmengað byggðarlag eða skip, enda sé ekkert því til fyrirstöðu vegna hinna almennu ákvæða um næma sjúkdóma, sbr. 8. gr.

Nú er þessi frestur ekki útrunninn, og skal þá sóttvarnarnefnd, ef þörf gerist, sóttkvía skipið, þar til sá tími er liðinn, er á vantar. Að þeim tíma liðnum skal veita skipinu heilbrigðisvottorð, ef enginn hefir sýkzt á því af erlendri sótt, meðan það var sóttkvíað. Ef skipið er herskip, þá þarf héraðslæknir ekki

að skoða skipið, ef skipslæknir lætur honum í té skýrslu um heilsufar á skipinu. Þær sóttvarnarreglur, er slíku skipi eru settar samkvæmt þessari eða eftirfarandi greinum og byggðar eru á greindri skýrslu, skulu birtar foringja skipsins.

15. gr.

Nú kemur það upp, að á skipinu hafa á brottfararstaðnum eða á leiðinni verið sjúkir menn eða dauðir, og er ástæða til að ætla, að um erlenda sótt hafi verið að ræða, eða þá að á skipinu er bannaður farangur eða grunur um, að skipið sé á einhvern hátt mengað erlendum sóttum, og má þá ekki leyfa neinar samgöngur við land, fyrr en skipið hefir verið tryggilega sótthreinsað og bönnuðum farangri lógað, þeim er eigi hefir auðið verið að sótthreinsa í skipinu. Að því búnu skal farið eftir ákvæðum undanfarandi greinar.

16. gr.

Nú kemur það í ljós við læknisrannsókn, að annaðhvort eru á skipinu sjúkir menn eða dauðir, og ástæða er til að ætla, að um erlenda sótt sé eða hafi verið að ræða eða skipið sé á annan hátt alvarlega mengað erlendri sótt, og skal þá, ef unnt er, vísa skipinu tafarlaust til Reykjavíkur, og láta lækni fara á því, ef þörf gerist. Nú er slíkt skip komið til Reykjavíkur, og skal þá sóttvarnarnefndin þar annast um það, um leið og hún að öðru leyti heldur skipinu alveg afkvíuðu, 1) að sjúkir menn, þar með taldir smitberar, séu fluttir í sóttvarnarhúsið, 2) að lík séu flutt í land og jarðsett eða brennd, 3) að skipið sé sótthreinsað eins og með þarf, 4) að lógað sé bönnuðum farangri, sem ekki er unnt að sótthreinsa í skipinu, 5) að dýrum, sem í skipinu kunna að vera og breitt geta út sjúkdóminn, sé eytt eða þau gerð skaðlaus, og 6) að allir ósjúkir skipverjar og farþegar séu einangraðir annaðhvort úti á skipinu eða í sérstöku húsi á landi, þar til 5—14 dagar eru liðnir frá því, er skipið var sótthreinsað eða þeir fluttir í land.

Ef ekki er unnt að vísa skipinu til Reykjavíkur eða þess ekki þörf að dómi ráðherra, skal sóttvarnarnefndin fara með skipið þar á staðnum eftir ákvæðum þessarar greinar að svo miklu leyti sem unnt er eða eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

17. gr.

Þegar um skip er að ræða, sem ætluð eru til fólksflutninga, eða skip, sem virðast vera óheilnæm vegna óþrifnaðar eða af öðrum ástæðum, má fara með þau eftir ákvæðum 16. greinar, þótt önnur skilyrði fyrir því séu ekki fyrir hendi. Ef mikill rottugangur er í skipum eða önnur óþrifadýr, má og gera sérstakar ráðstafanir til varnar því, að þau berist í land eða til að eyða þeim í skipunum. Aldrei má þó vísa skipi, sem hreinsa þarf aðeins vegna óþrifa eða óþrifadýra, lengra en til næstu hafnar þar sem slík hreinsun er framkvæmanleg.

18. gr.

Ráðherra setur reglur um sótthreinsun á skipum og farangri.

Það er skylt, ef sóttvarnarnefndin æskir þess, að af skipsins hálfu sé lát-

inn í té við sótthreinsun þess og einnig við eyðingu rotta eða annara óþrifadýra allur sá vinnukraftur og önnur aðstoð, sem skipinu er auðið.

19. gr.

Þegar skip á að leita hafnar í Reykjavík samkvæmt 12. gr. 2. mgr., en hefir neyðzt til að leita hafnar annarsstaðar, skal sóttgæzlumaður á þeim stað tafarlaust kalla saman sóttvarnarnefndina, og skal hún fara með skipið samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina, að svo miklu leyti sem unnt er.

Nú er brýn nauðsyn að veita skipinu hjálp tafarlaust, áður en læknir er kominn, og skal þá sóttgæzlumaður annast hjálpina, og skal hún, ef þess er kostur, veitt án þess, að nokkur maður fari á land úr skipinu eða úr landi út í skipið.

20. gr.

Um strandað skip og bannaðan farangur á því gerir næsta sóttvarnarnefnd eða lögreglustjóri þær ráðstafanir, er með þarf, að svo miklu leyti sem auðið er, samkvæmt ákvæðum undanfarinna greina.

Reki skip á land eða bannaðan farangur, sem ætla má að sé frá stað, þar sem erlend sótt gengur, skal það látið kyrrt liggja, eftir að því hefir verið bjargað undan sjó með mestu varkárni, þangað til lögreglustjóri hefir látið fram fara rannsókn og ákveðið, hvernig með það skuli fara. Ef telja verður hið bjargaða sóttmengað, skulu björgunarmenn einangraðir á hæfilegan hátt samkvæmt meginreglum undanfarinna greina.

21. gr.

Ráðherra er heimilt, þegar hann gefur út auglýsingu samkvæmt 10. gr., að banna það jafnframt eða binda skilyrðum, að fluttar séu til landsins frá hinum sóttgrunaða stað þær tegundir farangurs, sem nánar verða tilgreindar í auglýsingunni.

22. gr.

Nú gengur influenza einhversstaðar í útlöndum og er þar mjög útbreidd eða illkynjuð, og er ráðherra þá heimilt að gefa út auglýsingu um þá sótt eftir því sem ákveðið er í 10. grein um aðrar erlendar sóttir, og sé eins ástatt um einhverja aðra næma sótt, sem eigi er talin með erlendum sóttum í lögum þessum, má með konungsúrskurði ákveða, að ákvæðunum í þessum kafla skuli beitt.

Ef svo mikil hætta stafar af einhverri þesskonar sótt, er síðast ræðir um, að ekki tjáir að fresta ráðstöfunum gegn henni, getur ráðherra fyrirskipað þessar ráðstafanir, en leita skal þó konungsúrskurðar tafarlaust.

V. KAFLI

Kostnaðarákvæði, refsiákvæði o. fl.

23. gr.

Fyrir venjulegt sóttvarnareftirlit samkvæmt lögum þessum skal greiða af skipum, sem ná 60 smálestum, 4 krónur, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum, 6 kr., og 10 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir, auk kostnaðar við flutning sóttgæzlumanns út í skipið.

Gjöld þessi renna í sérstakan sjóð, sóttvarnarsjóð, sem vera skal í vörzlum fjármálaráðherra.

24. gr.

Sóttvarnarhús ríkisins í Reykjavík skal útbúa, halda við og endurnýja á kostnað sóttvarnarsjóðs. Sömuleiðis skal greiða úr sóttvarnarsjóði allan legukostnað sjúklinga í húsi þessu, eða annarsstaðar, þar sem þeir kunna að verða einangraðir samkvæmt lögum þessum, útfararkostnað framliðinna og allan annan kostnað, sem af lögum þessum leiðir, meðan tekjur hans hrökkva, en síðan úr ríkissjóði, að því undanteknu, er hér greinir:

a. Skipið skal ávallt greiða gjald það, sem nefnt er í 23. gr., svo og kostnað við flutning út í skipið og í land aftur. Einnig aukreitis jafnhátt gjald til læknis fyrir skoðunargerð hans, ef hann er tilkvaddur samkvæmt lögum þessum, ennfremur fyrir ferð hans eða ferðir út í skipið samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, svo og flutningskostnað hans og dagpeninga, 20 krónur á sólarhring, ef þörf gerist að hann sé sóttkvíaður vegna skoðunargerðarinnar, þangað til þeirri sóttkvíun er lokið.
b. Sé um fiskiskip frá öðru ríki að ræða, þá skal það greiða allan þann kostnað, sem annars fellur á sóttvarnarsjóð. Hið sama er og um önnur útlend skip, ef þau hafa ekki ætlað sér á íslenzka höfn, og álitið verður, að þau hafi einungis komið þar vegna veikinda eða til þess að ganga þar undir sóttkvíun.
c. Þann kostnað, sem leiðir af lögum þessum, er skip stranda, skal greiða af strandfénu, að svo miklu leyti sem það hrekkur til.
d. Fari einhver í banni laga þessara út í skip, sem eiga að hafa uppi sóttvarnarveifu, skal hann sjálfur greiða allan kostnað, er af því kann að hljótast, að svo miklu leyti sem efni hans hrökkva til. Skal taka kostnað þann lögtaki, ef þörf gerist.
e. Úr sóttvarnarsjóði eða ríkissjóði verður ekki greiddur sá kostnaður, er leiðir af töfum skipa samkv. lögum þessum, hvorki útgerðinni, skipverjum né farþegum, ekki heldur skaðabætur fyrir tjón á skipum eða farangri, né fyrir atvinnuspjöll, er leiða kann af framkvæmd laganna.

Unz safnazt hefir í sóttvarnarsjóð svo að nægi til viðunandi endurnýjunar á núverandi sóttvarnarhúsi ríkisins í Reykjavík, er ráðherra heimilt að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, sem leiðir af lögum þessum.

25. gr.

Hvert það skip, sem afgreitt er hér á landi, á heimting á að fá hjá sóttgæzlumanni skírteini um það, hvort nokkur erlend sótt eða annar alvarlegur næmur sjúkdómur gangi á brottfararstaðnum eða í grenndinni. Skírteini þetta veitist ókeypis.

Hver sá, er sóttkvíaður hefir verið, á heimting á eftir afstaðna sóttkvíun að fá vottorð um það. Skipstjóri á heimting á samskonar vottorði fyrir skip sitt, þegar sóttkvíun þess er löglega afstaðin. Vottorð þessi veitast ókeypis.

26. gr.

Ákvæði þessara laga ná til hverskonar loftfara á sama hátt og til skipa, eftir því sem við getur átt. Til skipstjóra svarar loftfarsstjóri. Gjöld (sbr. 23. og 24. gr.) af 1—2 hreyfla flugvélum skulu vera sem af skipum undir 60 smálestum, af yfir 3 hreyfla flugvélum sem af skipum frá 60 og upp að 100 smálestum og af loftskipum sem af skipum yfir 100 smálestir.

27. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða fyrirskipunum þeim, sem gefnar eru úr samkvæmt þeim, varða sektum frá 50—2000 kr., ef þyngri hegning er eigi við lögð eftir almennum lögum. Þegar gefin hefir verið út auglýsing samkvæmt 10. gr. og sérstakar varnir upp teknar gagnvart erlendri sótt, varða brot gegn ákvæðum laganna þar að lútandi fangelsi (almenn hegningarlög 26. gr.) eða 100—5000 kr. sektum, ef miklar málsbætur eru. Sektirnar renna í sóttvarnarsjóð.

Farangur þann, sem reynt hefir verið að flytja inn eða fluttur hefir verið inn gegn banni, útgefnu samkvæmt lögum þessum, skal gera upptækan. Ef eigi þarf að lóga honum, rennur ágóðinn í sóttvarnarsjóð.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

28. gr.

Lög nr. 34 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, lög nr. 34 27. júní 1925, um breyting á þeim lögum, lög nr. 24 11. júlí 1911, um sóttgæzluskírteini skipa, og lög nr. 31 20. júní 1923, um læknisskoðun aðkomuskipa, eru úr gildi numin, og önnur ákvæði, er fara kynnu í bága við þessi lög.

29. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, svo stórt upplag, að nægilega mörg eintök verði send íslenzkum ræðismönnum í öðrum löndum, og eitt eintak fengið hverju sóttvarnarskyldu skipi.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1934.

Nd. **334. Nefndarálit**

um frv. til l. um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir orðið ásátt um að mæla með samþykkt frv. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Síðari málsl. gr. orðist svo: Bannað er, að orðin smjör, mjólk og rjómi eða nokkur orð eða myndir, sem minnt geti á landbúnaðarafurðir, séu notuð í sambandi við vörur þær, sem lög þessi fjalla um, á nokkurn annan hátt en í vöruheitunum sjálfum, svo sem þau eru skilgreind í 1. gr.
2. Við 6. gr. Í stað síðari málsl. fyrstu málsgr. komi tveir nýir málsliðir, svo hljóðandi: Skylt er að blanda erlent smjörlíki, sem selt er hér á landi, sama hundraðshluta af íslenzku smjöri og ákveðið er um innlent smjörlíki á sama tíma. Skal sú blöndun fram fara hér á landi og undir sama eftirliti og íslenzku smjörlíkisgerðirnar eru háðar.
3. Við 9. gr. Aftan við síðustu málsgr. greinarinnar komi: svo og um hámarksverð á smjörlíki, sem blandað er smjöri.

Alþingi, 3. apríl 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Steingr. Steinþórsson, fundaskr. Guðbr. Ísberg.
Pétur Ottesen. Lárus Helgason.

Ed. **335. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 3. nóv. 1915, um ullarmat.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Á eftir 1. gr. frv. kemur ný grein, svolátandi:
   Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svolátandi, og breytist greinatala laganna eftir því:
   Ráðherra getur lagt bann við því, að verzlanir kaupi ómetna ull eða taki hana í umboðssölu. Ennfremur má leggja bann við því, að verzlanir kaupi óþvegna vorull, nema ullin sé metin og hlutaðeigandi verzlanir starfræki ullarþvottahús, sem sé svo fullkomið, að dómi ullarmatsmanns, að meðferð og mat ullarinnar geti verið í góðu lagi.
2. 3. gr. frv. falli burt.

3. Á eftir 7. gr. frv. kemur ný grein:

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 45 1915 og gefa þau út svo breytt.

Greinatalan breytist samkv. atkvgr.

Ed. 336. Lög

um sölu kirkjujarðarinnar Mið-Sámsstaða.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Búnaðarfélagi Íslands kirkjujörðina Mið-Sámsstaði í Fljótshlíðarhreppi innan Rangárvallasýslu fyrir fjögur þúsund krónur, frá fardögum 1933 að telja.

2. gr.

Kaupverðið greiðist eins og venja er, þá er kirkjujarðir eru seldar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 337. Frumvarp

til laga um salerni í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Innan ársloka 1938 er skylt að reisa salerni, eitt eða fleiri eftir þörfum, á hverjum bæ og við hvert íbúðarhús í sveitum og þorpum landsins, þar sem þau eru ekki þegar til. Hvílir sú skylda á eigendum jarða og húsa eða umboðsmönnum þeirra.

2. gr.

Hreppsnefndir skulu hafa eftirlit með því, hver í sínum hreppi, að árlega á árunum 1934—38 verði reist salerni á $^1/_5$ salernislausu býlanna og íbúðarhúsanna, og hefir vald til að ákveða, á hvaða bæjum eða húsum það skuli gert hvert ár, ef samkomulag næst ekki um það meðal aðilja.

Í lok hvers árs skal hreppsnefndin láta héraðslækni í té skýrslu um, hve margir bæir og hús séu salernislaus í hreppnum og hversu mörg salerni hafi reist verið á árinu og af hvaða gerð.

3. gr.

Um gerð salerna, leiðbeiningar og uppdrætti fer eftir því, sem ákveðið verður í reglugerð, er ráðherra gefur út.

4. gr.

Ríkissjóður styrkir gerð salernafora eftir sömu reglum og aðrar safnþrær. Að öðru leyti ber jarðeigandi eða húseigandi kostnaðinn af gerð salernis. Nú eiga fleiri jörð eða hús saman, og skiptist þá kostnaðurinn eftir eignarhlutföllum.

5. gr.

Nú vanrækir eigandi jarðar eða íbúðarhúss skyldur sínar samkv. 2. og 4. gr., og er þá leigulíða rétt að reisa salerni, enda sé fullrar hagsýni gætt, og er eiganda þá skylt að greiða leigutaka allan kostnað, er af því leiðir.

6. gr.

Nú vanrækir einhver að gera salerni eftir því, sem sveitarstjórn ákveður, og sætir hann þá 10—50 kr. sekt í sveitarsjóð. Sé vanrækslan ítrekuð næsta ár, skal, auk sekta, dæma hlutaðeiganda til salernisgerðar, að viðlögðum 2—10 kr. dagsektum, er einnig renna í sveitarsjóð.

7. gr.

Mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 338. Breytingartillögur

við frv. til laga um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga (þskj. 324).

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 1. gr. Orðin „Bæjarfélag eða“ í upphafi greinarinnar falli burt.
2. Við 2. gr. Orðin „bæjarstjórnar eða“ í síðari málsgr. falli burt.
3. Fyrir „sveitarfélag“ komi: hreppsfélag — og fyrir „sveitarstjórn“ komi hreppsnefnd, alstaðar í frv. í viðeigandi beygingarmynd.

Ed. **339. Frumvarp**

til laga um sjúkrahús o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Enginn má setja á stofn eða starfrækja undir neinu nafni sjúkrahús, sjúkraskýli, geðveikrahæli, heilsuhæli, hjúkrunar- eða hressingarheimili, baðstaði, nuddstofur, ljóslækningastofnanir, fæðingarheimili, elliheimili, barnahæli eða aðrar tilsvarandi heilbrigðisstofnanir, nema með leyfi ráðherra.

Sama gildir um breytingar á húsakynnum og starfrækslu slíkra stofnana, enda skipti breytingarnar einhverju máli.

2. gr.

Beiðni til ráðherra um leyfi samkvæmt 1. grein ber að fylgja upplýsingar um verksvið stofnunarinnar og hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og löndum og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingum á húsakynnum, innanstokksmunum og áhöldum, ennfremur greinargerð um eigendur stofnunarinnar og fjárhagsástæður hennar og loks skýrsla eða áætlun um stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag, hversu mörgum sjúklingum eða vistmönnum henni er ætlað að taka á móti og með hverjum kjörum o. s. frv.

Ráðherra veitir ekki leyfið, nema stofnunin verði talin fullnægja heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún leysi á viðunandi hátt þau verkefni, sem henni er gert að leysa, enda leiði hún ekki til óheilbrigðrar samkeppni við tilsvarandi opinberar stofnanir á sama stað eða í grennd.

Leita skal staðfestingar ráðherra á reglugerðum um starfrækslu sjúkrahúsa og annara stofnana, sem um getur í lögum þessum, og getur ráðherra krafizt, þegar honum þykir ástæða til, að slíkar reglugerðir séu settar.

3. gr.

Heilbrigðisyfirvöld skulu jafnan eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum þeim, sem um getur í lögum þessum.

4. gr.

Við hvert sjúkrahús eða stofnun, sem tekur sjúklinga til dvalar og lækninga, skal vera sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir.

Sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir annast að jafnaði öll læknisstörf eða hefir yfirumsjón með öllum læknisstörfum við sjúkrahúsið. Hann hefir lækniseftirlit með rekstri sjúkrahússins, er til andsvara heilbrigðisyfirvöldum, stendur skil á skýrslum þeim, sem af sjúkrahúsinu kunna að verða heimtaðar, o. s. frv.

Ef sjúkrahús er í fleiri en einni deild, má sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir vera fyrir hverri deild.

Nú er heimilað, að fleiri en einn læknir starfi sjálfstætt við eitt og sama sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, og skal þá engu síður vera sérstakur yfirlæknir

við sjúkrahúsið eða deildina, og eins þó að sjúkrahúsið eða deildin sé opin fyrir alla lækna.

5. gr.

Héraðslæknar skulu teljast hæfir til að vera sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar við almenn sjúkrahús eða sjúkraskýli, hver innan síns héraðs, enda séu þau sjúkrahús eða sjúkraskýli við hæfi héraðanna og taki ekki yfir 20 sjúklinga.

Að öðrum sjúkrahúsum eða stærri má ekki ráða sjúkrahúslækni eða yfirlækni, nema að fenginni viðurkenningu ráðherra fyrir því, að hann sé til þess hæfur.

Í reglugerð, sem læknadeild háskólans semur og ráðherra staðfestir, má setja reglur um þær kröfur, sem gera ber til lækna til þess að þeir eigi rétt á að teljast hæfir sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar við hin ýmisháttar sjúkrahús og sjúkrahúsdeildir.

6. gr.

Nú hefir sveitar- (bæjar- eða sýslu-) stjórn eða stjórnir innan læknishéraðs samþykkt að stofna eða starfrækja fyrir læknishéraðið sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, eða að taka þátt í stofnun eða starfrækslu sjúkrahúss eða sjúkraskýlis með sveitarfélögum annars héraðs eða héraða, einstökum mönnum eða félögum, en samþykki annara sveitarstjórna innan læknishéraðsins ekki náðst, og getur þá ráðherra gert samþykktina skuldbindandi fyrir öll sveitarfélög læknishéraðsins, ef meiri hluti héraðsbúa er innan þeirra sveitarfélaga, sem að samþykktinni standa.

Ráðherra getur þó leyst einstök sveitarfélög eða hluta sveitarfélaga undan þátttökunni, ef þau teljast ekki geta haft veruleg not fyrirtækisins eða eiga hægara með að hafa not annarar tilsvarandi stofnunar, enda taki þau þátt í starfrækslu hennar.

7. gr.

Þegar samþykkt hefir verið, að sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félög reisi eða starfræki eða taki þátt í að reisa eða starfrækja, beinlínis eða með einhverskonar styrkveitingum eða hlunnindum, sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, skulu sveitarfélögin og þeir aðrir, er að fyrirtækinu standa, gera samning um þátttökuna, hluttöku í stofnkostnaði og rekstri, hvernig eign og ábyrgð skiptist á milli aðila, hvernig fyrirtækinu skuli stjórnað og það annað, er fyrirtækið varðar.

Rétt er að miða þátttöku sveitarfélaganna í kostnaðinum við hlutfallslegan fólksfjölda þeirra, aðstöðu til að hafa not af stofnuninni, og þegar um læknisbústað er að ræða, mismunandi kostnað við læknisvitjanir úr hinum einstöku sveitum.

Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á samningum þeim, sem hér um ræðir. Ef ágreiningur er á milli sveitarfélaga um einstök atriði, sker ráðherra úr.

8. gr.

Nú vilja eigendur eða forráðamenn sjúkrahúsa, sjúkraskýlis, læknisbústaðar eða annarar heilbrigðisstofnunar, sem um getur í lögum þessum og reist

hefir verið með styrk úr ríkissjóði, hætta að starfrækja hana, og skulu þeir þá tilkynna það ráðherra, sem getur krafizt endurgreiðslu á ríkissjóðsstyrknum, ef stofnunin er lögð niður eða þeirri starfrækslu hætt, sem hún var upphaflega ætluð til. Á ríkissjóður þá kröfu til jafnmikils hluta af þáverandi verðmæti eignarinnar, sem ríkissjóðsstyrkurinn telst hafa verið af kostnaðarverði hennar, og hvílir veð á eigninni næst á eftir áður áhvílandi veðkröfum fyrir kröfuupphæðinni.

Nú hefir ríkissjóður lagt fram fé til þess að reisa heilbrigðisstofnun, sem lög þessi ná til, og má þá ekki, án samþykkis ráðherra, veðsetja hana fyrir öðrum skuldum en þeim, sem stafa af stofnkostnaði hennar, viðaukum eða endurbótum.

9. gr.

Sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir, sem um getur í lögum þessum og ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir sameiginlegri yfirstjórn fimm manna nefndar, er ráðherra skipar. Það er hlutverk nefndarinnar að skipuleggja rekstur þessara stofnana og samræma hann þeim til hagsbóta, koma á samvinnu á milli þeirra, eftir því sem hagkvæmt þykir, láta þær koma fram sem eina heild við samninga um vörukaup og annað o. s. frv. Að öðru leyti ákveður ráðherra verksvið nefndarinnar.

10. gr.

Sjúkrahús, sjúkraskýli, læknisbústaðir og aðrar stofnanir, sem um getur í lögum þessum og eru í eigu sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga eða starfrækt af þeim, þegar lög þessi ganga í gildi, eru undanþegin því að sækja um leyfi til starfrækslunnar samkvæmt fyrri málsgrein 1. greinar þessara laga.

Nú vilja slíkir opinberir eigendur eða þátttakendur í starfrækslu sjúkrahúss, sjúkraskýlis eða læknisbústaðar koma betra skipulagi á sameignina eða hinn sameiginlega rekstur með því að komast undir ákvæði 6. og 7. gr. þessara laga, og getur þá ráðherra gert það heimilt, ef fyrir liggja tilsvarandi samþykktir um það og 6. gr. mælir fyrir um, þegar um nýjar stofnanir eða starfrækslu er að ræða. Ekki má þó gegn vilja sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga úrskurða þau þannig eftir á til að taka á sig kvaðir vegna eignarhlutdeildar í sjúkrahúsum, sjúkraskýlum eða læknisbústöðum, er fari fram úr sannvirði þess eignarhluta, er þá fellur til þeirra, að mati dómkvaddra manna.

11 gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 10 þús. kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **340. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkaleyfi til að flytja út og selja á erlendan markað nýja tegund af saltfiski.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 4. apríl 1933.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jakob Möller, fundaskrifari.	Magnús Torfason.

Nd. **341. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 45 3. nóv. 1915, um ullarmat.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrir orðin „Öll vorull og þvegin haustull“ í upphafi 1. gr. laganna komi: Öll ull.

Orðin „og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána“ í niðurlagi þriðja málsl. sömu greinar falli niður.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svolátandi, og breytist greinatala laganna eftir því:

Ráðherra getur lagt bann við því, að verzlanir kaupi ómetna ull eða taki hana í umboðssölu. Ennfremur má leggja bann við því, að verzlanir kaupi óþvegna vorull, nema ullin sé metin og hlutaðeigandi verzlanir starfræki ullarþvottahús, sem sé svo fullkomið, að dómi ullarmatsmanns, að meðferð og mat ullarinnar geti verið í góðu lagi.

3. gr.

Upphaf 2. gr. laganna orðist þannig:

Sameiginlegt merki á allri ull, sem flutt er út frá Íslandi, skal vera stimpill með nafni landsins.

4. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einn af yfirullarmatsmönnum, sá er ráðherra skipar til þess, skal jafnframt vera ráðunautur stjórnarinnar í öllu því, sem að ullarmati lýtur, og nefnist hann ullarmatsformaður. Skal hann og veita ullarmatsmönnum og yfirullarmatsmönnum fræðslu um framkvæmd ullarmatsins og flokkun ullarinnar, og er

yfirullarmatsmönnum og ullarmatsmönnum skylt að haga ullarmatinu eftir fyrirmælum hans, og má leita úrskurðar hans, ef ágreiningur verður um ullarmatið.

Ráðuneytið tiltekur nánar starfsvið hans, eftir því sem þurfa þykir.

5. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist þannig:

Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 800 kr., en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 400 kr. til hvers þeirra og greiðast úr ríkissjóði.

6. gr.

Orðin „allt að 200 kr. hver þeirra“ í niðurlagi 8. gr. laganna falla burt.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 45 1915 og gefa þau út svo breytt.

Ed. 342. Breytingartillögur

við frv. til l. um sjúkrahús o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „ber að“ komi: skulu.
2. Við 5. gr. 3. mgr. Orðin „hin ýmisháttar“ falli niður.
3. Við 7. gr. 2. mgr. Orðið „mismunandi“ falli niður.
4. Við 9. gr. Í stað orðsins „hlutverk“ komi: verkefni.

Nd. 343. Breytingartillaga

við breytingartillögu um tillögu til þingsályktunar um bættar samgöngur við Austfirði.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Fyrir orðin „Neðri deild Alþingis“ í upphafi tillögunnar komi: Alþingi.

Nd. 344. Nefndarálit

um frv. til laga um dráttarvexti.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Einstökum nefndarmönnum þykir þó álitamál, hvort ekki beri að setja hámark dráttarvaxtanna lægra en frv. gerir, og áskilja sér rétt til að bera fram um það breytingartillögu.

Alþingi, 5. apríl 1933.

H. Stefánsson, form., frsm. Jón A. Jónsson, fundaskr. Ólafur Thors.
Hannes Jónsson. Bernh. Stefánsson.

Nd. 345. Breytingartillaga

við frv. til laga um dráttarvexti.

Frá Bernh. Stefánssyni.

Við 1. gr.
Fyrir „1% — einn af hundraði“ — komi: ¾% — þrír fjórðu af hundraði.

Ed. 346. Breytingartillaga

við frv. til l. um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga.

Frá allsherjarnefnd.

Við 10. gr. bætist ný málsgr.:
Það, sem umfram er veðskuldir, ákveðnar samkvæmt því, er í greininni segir, er heimilt að strika út í veðmálabók.

Nd. 347. Tillaga

til þingsályktunar um innlenda lífsábyrgðarstofnun.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Pétur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til laga um innlenda lífsábyrgðarstofnun.

Greinargerð.

Hér er átt við innlenda stofnun hliðstæða því í líftryggingum, sem Brunabótafélag Íslands er hvað brunatryggingar snertir. Hér starfa að vísu mörg lífsábyrgðarfélög, öll útlend, en telja má mjög líklegt, að nægilegt starfssvið sé til fyrir innlent félag, sem ríkið tæki ábyrgð á hér, líkt og á sér stað í Danmörku með eitt félag þar, nefnilega Statsanstalten for Livsforsikring. Sú stofnun er hin eina á því sviði í Danmörku, sem ríkið tekur ábyrgð á.

Sérstaklega virðist tvennt geta áunnizt við það, að ríkistryggð lífsábyrgðarstofnun starfi hér á landi, það annað, að hinir tryggðu hefðu hið fyllsta öryggi fyrir tryggingum sínum, og hitt, að þeir sjóðir, er smátt og smátt myndu þannig safnast, yrðu kyrrir í landinu, og er það mikilsvert í þessu peningalitla landi.

Almennt mun álitið, að nauðsyn sé á því, að sem flestir tryggi líf sitt, og er líklegt, að það yrði mjög til að örva menn í þessum efnum að eiga aðgang að tryggri innlendri stofnun, sem byði jafngild kjör og hinar útlendu, sem hér starfa.

Auðvitað yrði innlend líftryggingarstofnun, slík sem hér um ræðir, að hafa eins fjölbreyttar tryggingar á boðstólum eins og önnur félög, sem hér starfa. Mundi lífsábyrgðarstofnunin danska, sú er hér að ofan ræðir um, geta verið til fyrirmyndar, þó víða yrði að breyta til um skipulag að því er okkur snertir, vegna annara staðhátta.

Nd. **348. Nefndarálit**

um flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir viljað halda sér innan takmarka fjárlagafrumv. um styrk til flóabátaferðanna. Hinsvegar er nefndinni ljóst, að upphæð sú, sem frv. gerir ráð fyrir að varið sé í þessu skyni, er langt frá því nægileg til þess að fullnægja brýnustu þörfum. Einkum er tap á rekstri Djúpbátsins og Flateyjarbátsins ískyggilega mikið, en þó sér nefndin ekki fært, eins erfiðar og fjárhagsástæður ríkissjóðs eru, að hækka styrkinn til þeirra.

Farið hefir verið fram á miklum mun hærri styrk til allra hinna stærri báta en þann, sem nefndin leggur til, að veittur verði. Í ýmsum héruðum eru þessar bátaferðir þær einu samgöngur á sjó, sem héruðin hafa. Svo er um Ísafjarðardjúp, norðanverðan Breiðafjörð, Skaftafells- og Rangárvallasýslur. Við Ísafjarðardjúp og norðanverðan Breiðafjörð eru heldur engar samgöngur á landi.

Það hefir átt sér stað nokkur óánægja með, hvernig styrk þeim, sem Hornafjarðarbátur hefir fengið í fjárlögum, hefir verið varið. Á Hornafirði reka Austfirðingar talsverðar fiskveiðar á vetrar- og vorvertíð. Flutningaþörf er mikil á þessum tíma árs, og gerir nefndin því tillögu um, að 4000 kr. af upphæð-

inni verði varið til styrktar samgöngum við Austfirði á vertíðinni, og þar með létt undir með útgerðinni.

Flateyjarbáturinn (Norðri) sótti um 1000 kr. aukastyrk til vélarkaupa í bátinn. Vegna hinnar erfiðu afkomu þessa báts vill nefndin, að veittar verði 500 kr. í þessu skyni; hefir þá verið veittur styrkur til að kaupa vél í þennan bát alls 3500 kr.

Öræfingar hafa enn á ný farið fram á flutningastyrk. Vill nefndin verða að nokkru við beiðni þeirra, en telur, að Skaftfellingur eigi að fullnægja brýnustu þörfum þeirra og ber því fram sérstaka brtt. um, að þeir fái 600 kr. af því fé, sem áætlað er til Skaftfellings.

Nefndin leggur til, að þeim 78000 kr., sem veittar eru til flóabátaferða í fjárlögum 1934, verði skipt þannig:

1.	Borgarnesbátur, enda fari hann minnst 4 ferðir til Breiðafj. ..	20000 kr.
2.	Djúpbáturinn	19000 —
3.	Hornafjarðarbátur (þar af 4000 kr. til flutninga milli Hornafj. og Austfjarða á vertíðinni)	7500 —
4.	Til bátaferða innan A.-Skaftafellssýslu	800 —
5.	Til millilandaskips, með viðkomum við Rangársand, Vík, Skaftárós og Hvalsíki	4000 —
6.	Rangársandsbátur	1000 —
7.	Hvalfjarðarbátur	1200 —
8.	Rauðasandsbátur	400 —
9.	Mýrabátur	400 —
10.	Langeyjarnesbátur	200 —
11.	Lagarfljótsbátur	800 —
12.	Eyjafjarðarbátur, enda fari hann fimm áætlunarferðir til Grímseyjar	11000 —
13.	Grímseyjarbátur	600 —
14.	Stykkishólmsbátur	2600 —
15.	Flateyjarbátur	8000 —
	Sami upp í kostnað við kaup á mótorvél	500 —
		Alls 78000 kr.

Alþingi, 31. marz 1933.

Sveinn Ólafsson, form. — Jón A. Jónsson, frsm. — Jón Ólafsson, fundaskrifari.

Hannes Jónsson, með fyrirvara. — Sveinbjörn Högnason, með fyrirvara.

Nd. 349. Þingsályktun

um bættar samgöngur við Austfirði.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að skip Eimskipafélags Íslands taki upp á næsta hausti, eftir því sem við verður komið, viðkomur á nokkrum höfnum austanlands, helzt eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði á útleið skipanna frá 1. september til áramóta. Ennfremur að Esja verði milli hringferða látin fara nokkrar hraðferðir á komandi sumri milli Reykjavíkur og Austfjarða, en Súðin í október og nóvember 2—3 hringferðir, með sérstöku tilliti til flutningaþarfa austanlands og norðan.

Nd. 350. Þingsályktun

um enska lánið.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl).

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að gera sitt ýtrasta til þess að fá enska láninu frá 1922 breytt í annað lán með hagfelldari kjörum og neyta til þess heimildar samkv. lögum nr. 67 23. júní 1932, um lántöku fyrir ríkissjóð.

Nd. 351. Frumvarp

til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að gefa eftir skuld þá, sem stofnað hefir verið til vegna áveitu á Flóann, að öðru en því, er í lögum þessum segir, og með þeim skilmálum, er þar greinir.

2. gr.

Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta vill ívilnunar laga þessara, skal skyldur til að láta land af hendi við ríkissjóð upp í áveitukostnaðinn, svo framarlega sem hann, að dómi nefndar þeirrar, er um ræðir í 3. gr., getur gert það án þess að rýra ábýli sitt svo, að það geti ekki framfleytt þeirri áhöfn, sem þar er, eða telja verður nauðsynlega til framfærslu meðalfjölskyldu. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef sér-

stakar ástæður mæla með og það, að dómi nefndarinnar, kemur ekki í bága við afhendingu annars lands.

3. gr.

Skipuð skal þriggja manna nefnd til að veita móttöku löndum þeim, er um ræðir í 2. gr. Nefndin skal svo skipuð, að atvinnumálaráðherra nefnir einn manninn, stjórn Flóaáveitufélagsins annan, en stjórn Búnaðarfélags Íslands hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Enginn nefndarmanna má vera landeigandi á áveitusvæðinu eða þar búsettur.

Verði ágreiningur í nefndinni, ræður afl atkvæða.

Kostnaður við nefndarstörf greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Nú telur nefndin, að jarðeiganda sé fært að láta land af hendi upp í áveitukostnað, og skal hún þá tilkynna honum það og gefa honum kost á að gæta hagsmuna sinna. Ákveður nefndin síðan, hvar úr landareign hans land skuli tekið. Nefndin hefir frjálsar hendur um, hvort hún vill heldur taka áveituland eða beitiland, en samræma skal hún, eftir því sem við verður komið, að taka það land, sem hentugast er fyrir jarðeiganda að missa og að beztum notum kemur fyrir ríkissjóð að fá, með tilliti til stofnunar nýrra býla.

5. gr.

Nú ákveður nefndin, að áveituland skuli tekið, og skal það þá þannig gert, að af hverjum 4 hekturum, sem veitt er á, fær ríkissjóður einn. Sé hinsvegar tekið óræktað land, skal á sama hátt taka einn hektara fyrir hverja þrjá hektara áveitulands. Þó er nefndinni heimilt að breyta því hlutfalli, eftir því sem henni þykir ástæða til með tilliti til gæða landsins og legu.

6. gr.

Hafi landeigandi gert mannvirki á hinu tekna landi, svo sem flóðgarða o. s. frv., skal nefndin meta þau til verðs á móti landi og taka þeim mun minna land sem verðmæti mannvirkjanna nemur.

7. gr.

Að svo miklu leyti sem því verður við komið, skal nefndin taka löndin í samhangandi spildum og með það fyrir augum, að unnt verði síðar að skipta þeim niður í sjálfstæð býli. Skal þess þannig gætt, að bæjarstæði verði hæfilega mörg og að lögun landsins og landkostir verði þannig, að hentugt sé til yrkingar.

8. gr.

Þar, sem svo stendur á, að landi jarðar eða torfu hefir verið skipt milli fleiri ábúenda eða eigenda, en óhentugt þykir að taka land upp í áveitukostnað í réttum hlutföllum við skiptin, skal nefndinni heimilt að taka land án tillits til skiptanna. En fari svo, að einn landeigandi eða notandi verði harðara

úti en annar við landtökuna, skulu ný landskipti þegar fara fram samkvæmt landskiptalögum, og ber ríkissjóður allan kostnað við þau skipti.

9. gr.

Nefndin getur, ef sérstaklega stendur á, tekið spildu úr landi áveitujarðar í skiptum fyrir land, sem ríkissjóður fær upp í áveitukostnað frá öðrum jörðum eða hefir eignazt á annan hátt, enda geri skiptin kleift að taka upp í áveitukostnað land, sem ríkissjóði kæmi annars ekki að notum, eða sameina landspildur, sem annars yrðu aðskildar.

Skiptin skulu gerð þannig, að hlutaðeigandi jarðeigendur bíði ekki tjón við þau.

Að því leyti er landamerki breytast milli jarða, tilkynnir nefndin eigendum breytinguna og annast um, að ný landamerki séu sett í samræmi við skiptin, og breytingin jafnframt tilkynnt til landamerkjaskrár sýslunnar.

10. gr.

Jafnóðum og nefndin hefir lokið útmælingu þeirra landa, er tekin verða upp í áveitukostnað, skal hún sjá um, að sett verði upp greinileg landamerki milli þeirra og aðliggjandi jarða, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar mælir fyrir um. Hún annast og um, að uppdráttur sé gerður af þeim löndum, er ríkissjóður fær.

11. gr.

Nú telur nefndin, að eiganda áveitujarðar sé eigi fært að láta land, að nokkru eða öllu, upp í áveitukostnað, eða lega jarðarinnar er þannig, að ríkissjóði mundi eigi koma að gagni að fá spildu úr landi hennar, eða undanþága er veitt samkv. ákvæðum 2. gr., og skal þá landeigandi greiða af jörðinni áveituskatt í 30 ár, er nemi 80 au. árlega af hverjum hektara lands, sem mælt hefir verið til áveitu. Áveituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum samningsbundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar. Gjalddagi hans skal ákveðinn af atvinnumálaráðherra.

12. gr.

Nú er land látið upp í áveitukostnað af jörð, sem er í leiguábúð, og breytir það í engu umsömdum leigumála jarðarinnar. Falli á hana áveituskattur samkv. ákvæðum 11. gr., ber leiguliða að standa skil á honum til jarðeiganda.

13. gr.

Þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, skal landsstjórnin, að svo miklu leyti sem unnt er, leigja út lönd þau, er ríkissjóður fær samkvæmt ákvæðum laga þessara. Ábúendur þeirra jarða, sem löndin eru tekin frá, skulu hafa forleigurétt fyrir það verð, er ríkisstjórnin ákveður.

14. gr.

Útmæling landa samkvæmt ákvæðum laga þessara skal fram fara, að svo miklu leyti sem unnt er, sumarið 1933. En verði verkinu eigi lokið á þeim tíma, skal það framkvæmt á sumarmánuðunum 1934.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frumv. þetta er flutt að tilmælum atvinnumálaráðherra. Landbúnaðarnefnd álítur, að breyta þurfi ýmsum ákvæðum frumvarpsins, og áskilur sér því rétt til að bera fram breytingartillögur við 2. umr. málsins hér í deildinni.

Nefndarálit frá nefnd þeirri, er síðasta Alþingi heimilaði að skipa vegna Flóaáveitunnar, fylgir hér með til skýringar, og einnig eftirfarandi greinargerð:

„Um greinargerð fyrir frv. þessu má að mestu vísa til meðfylgjandi nefndarálits, en um einstakar greinar frv. þykir rétt að taka þetta fram:

Við 1. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Við 2. gr.

Nefndin gerir ráð fyrir, að yfirleitt taki ríkissjóður land upp í áveitukostnaðinn, þar sem því verður við komið án þess að það rýri jarðirnar um of. Hinsvegar þykir rétt, að atvinnumálaráðherra geti veitt undanþágu frá þessu, ef ástæða þykir til, er lögin koma til framkvæmda, og komi þá árlegt gjald upp í áveitukostnaðinn í stað landsins.

Við 3. gr.

Framkvæmd landtökunnar er mikið og vandasamt verk og sá, sem það hefir með hendi, verður að fá vald til þess að fella úrskurði, sem einstakir jarðeigendur á áveitusvæðinu verða að hlíta. Þess vegna er talið nauðsynlegt, að skipuð verði nefnd, er hafi þessa framkvæmd á hendi, og virðist eðlilegt, að hvor aðili, áveitufélagið og ríkisstjórnin, nefni mann í hana, en Búnaðarfélag Íslands nefni oddamanninn.

Við 4. gr.

Nefndin þarf að hafa frjálsar hendur um, hvaða land hún tekur, til þess að geta séð um, að ríkissjóður fái land, sem hann getur notfært sér.

Við 5. gr.

Gefur ekki tilefni til skýringar.

Við 6. gr.

Viðast mun haga svo til, að hægt er að taka land, sem lítil eða engin mannvirki hafa verið gerð á, en verði ekki hjá því komizt, er eðlilegast, að þau séu tekin eftir mati.

Við 7. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Við 8—9. gr.

Ákvæði 8. og 9. greinar eru sett til þess, að auðveldara sé við landtökuna að fylgja ákvæðum 7. greinar.

Við 10.—15. gr.

Greinarnar þurfa eigi skýringar við".

Fylgiskjal.

NEFNDARÁLIT.

Alþingi 1932 samþykkti í 22. gr. fjárlaga svo látandi tillögu:

„Stjórninni er heimilt:

Að skipa 3 menn til að athuga ástand Flóaáveitunnar og fjárhagsgetu bænda á áveitusvæðinu til greiðslu á skuldum við ríkissjóð vegna áveitunnar og Mjólkurbús Flóamanna. Skal ríkisstjórnin, að fengnu áliti þeirrar nefndar, leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um lausn þessara mála. Sömu menn athugi fjárhagsástæður Mjólkurbús Ölfusinga og sendi stjórninni skýrslu þar um".

Samkvæmt þessari samþykkt skipaði ríkisstjórnin í þessa nefnd með bréfi, dags. 8. ágúst f. á., þá

Pál Eggert Ólason, fyrrv. bankastjóra, sem form. nefndarinnar,

Jörund Brynjólfsson, Skálholti, og

Stein Steinsen, verkfræðing.

Hinn 3. september gerðist Páll Eggert Ólason skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu og lét þá skömmu síðar af störfum í nefndinni sakir annríkis, en í hans stað skipaði ríkisstjórnin í nefndina Pétur Magnússon alþm.

Laust eftir að nefndin var skipuð hittust nefndarmenn í Reykjavík og skiptu með sér verkum til undirbúnings nefndarstarfinu.

Fundarhöld byrjaði nefndin í október, og var Pétur Magnússon kosinn ritari nefndarinnar. Hefir nefndin starfað saman síðan nær óslitið.

Nefndin aflaði sér skýrslu búenda á áveitusvæðinu yfir efnahag þeirra fyrir árið 1931. Búnaðarskýrslur frá 1915—1930, eftir því sem kostur hefir verið á.

Ennfremur hefir nefndin athugað reikninga áveitunnar yfir stofnkostnað hennar og reikninga yfir byggingarkostnað Mjólkurbús Flóamanna og reikninga yfir stofnkostnað Mjólkurbús Ölfusinga ásamt rekstrarreikningum búanna frá byrjun.

Fyrir byggingarkostnaði mjólkurbúanna og rekstri þeirra verður gerð sérstök grein.

Skal þá vikið að áveitumálinu nánar.

Nefndin sér ekki ástæðu til að skrifa langt mál um Flóaáveituna nú eða fara hér að rekja sögu hennar. Um málið hefir áður verið mikið skrifað, og

eru í ýmiskonar prentuðum skýrslum margskonar upplýsingar um það, og eru sumar þeirra frá síðustu árum. Vill nefndin vísa til þeirra rita um þetta efni.

Vafalaust hefir ekkert eins ýtt undir að framkvæma áveitu á Flóann eins og það, hvað grasbrestur var þar tilfinnanlegur og spretta virtist ganga mikið úr sér eftir að Hvítá hætti að renna yfir. Þegar vorveðrátta var þerrisöm og köld, var gróður þar jafnan lítill og kyrkingslegur. Þá er veðrátta féll þannig, var mjög miklum erfiðleikum háð að afla heyja í Flóanum. Urðu þau bæði lítil og ekki góð. Mikið fóður þarf þar að ætla fénaði sakir þess, hvað beit er þar lítilfjörleg víðast hvar.

Þessi stórkostlegu áraskipti að heyafla og óvissa um nægilegt fóður fyrir búpeninginn varð til þess, að búskapur gat þar ekki tekið þeim framförum, sem annars hefði mátt búast við, ef grasspretta hefði ekki verið eins misbrestasöm.

Þegar úrkomutíð var í gróandanum, var jafnan heldur góð spretta í Flóanum. Það var því talið fullvíst, að með því að tryggja nóg vatn á engjarnar, þá myndi jafnan verða sæmileg grasspretta.

Þar, sem Hvítá hljóp yfir, spratt ætíð vel, og gerðu menn sér því vonir um, að með því að taka vatn úr Hvítá til áveitu, myndi fást góð og mikil grasspretta og betri og meiri hey en áður, og búskapur á þessu svæði myndi taka miklum og skjótum framförum þegar áveitan væri komin.

Fyrir þessar sakir óx mönnum ekki svo mjög í augum sú fjárhæð, sem talið var að þyrfti til þess að framkvæma áveituna. Almennt hafði verið talið af þeim, er höfðu kynnt sér málið, að áveitan myndi skapa mjög fljótlega meira verðmæti heldur en nemur þeim fjármunum, er þyrfti til að framkvæma verkið, ef áveitulandið yrði notað eins og kostur væri.

Málinu var um margra ára skeið haldið vakandi af áhugasömum mönnum, áður en til framkvæmda kom.

Af innanríkislántökunni 1920, 3 millj. kr., hétu Landsbanki Íslands og Íslandsbanki 2 millj. kr. af lánsupphæðinni með því skilyrði, að 1 millj. kr. af láninu gengi til Flóaáveitunnar.

Með þessari ákvörðun bankanna var í raun og veru framkvæmd áveituverksins ráðin.

Þangað til hafði jafnan staðið á peningum til framkvæmda verksins, en nú var sú þraut leyst.

Vorið 1922 var hafin framkvæmd áveitunnar og var lokið 1931.

Hér er birt skýrsla yfir tölu nautgripa og sauðfjár í hreppunum á áveitusvæðinu frá 1915—1930 og skýrsla yfir útheysafla á sama tíma. Má af henni sjá, hverjum breytingum búnaðurinn hefir í þessum efnum tekið á þessu tímabili.

Ennfremur er sýndur til samanburðar útheysafli á jörðum utan áveitunnar í Flóanum á sama tíma.

Frá því fyrst er áveitumálið var ýtarlega rannsakað, hefir mönnum verið það ljóst, að það myndi íbúum áveitusvæðisins ofvaxið, ef þeir ættu að greiða allan áveitukostnaðinn.

Karl Thalbitzer, er fyrstur gerði allýtarlegar mælingar á áveitusvæðinu, áætlaði áveitukostnaðinn kr. 600000. Áætlun hans er gerð 1907.

Í bréfi 20. ágúst 1919 áætlar vegamálastjóri, að aðalskurðakerfi og flóðgáttir Flóaáveitunnar muni kosta 1100000 kr., en flóðgarðar og aukaskurðir 600000 kr.

Nú hefir kostnaðurinn við framkvæmd verksins numið 1430 þús. kr., og eru vextir þar ekki taldir með. Þó að þetta sé að vísu miklu hærri upphæð en Thalbitzer áætlaði, þá mun mega telja, að framkvæmd áveituverksins hafi yfirleitt farið vel úr hendi. Frá því er Thalbitzer samdi sína áætlun og til þess tíma; er verkið var framkvæmt, urðu, eins og kunnugt er, stórkostlegar breytingar á öllu verðlagi. Er því ekki tiltökumál, þó að áveitukostnaðurinn yrði miklu meiri en þar var gert ráð fyrir.

Fyrir forgöngumönnum málsins hefir það jafnan vakað frá því fyrsta, að réttmætt væri að framkvæma þetta stórfellda ræktunarfyrirtæki, þó að svo kynni að fara, að það ekki beinlínis borgaði sig fyrir ríkissjóðinn á fyrstu árum. Hinn óbeini hagur, sem verkið skapaði, er stundir liðu, og hin miklu auknu skilyrði til fjölgunar býla á áveitusvæðinu og aukinnar framleiðslu meira en réttlættu þá fjármunaeyðslu, sem af framkvæmd verksins leiddi. Hafa ummæli ýmsra merkra manna innan þings og utan hnigið í þessa átt.

Thalbitzer telur, að skilyrðið fyrir því, að þetta verk verði framkvæmt, sé, að fjármunir fáist með hagfelldum kjörum og að stuðlað verði að því, að fólki fjölgi á áveitusvæðinu til hagnýtingar landinu.

En til þess að fólki fjölgi að marki á áveitusvæðinu, telur Thalbitzer, að óhjákvæmilegt sé að láta því í té land fyrir býli með hagfelldum kjörum. Hann telur og, að ef ríkið sjái fyrir því, að það fólk, er á áveitusvæðið flytur, fái býli með góðum kjörum, þá geti það vænzt þess með tíð og tíma að fá áveitukostnaðinn endurgoldinn að fullu, og meira en það. Og til þess að greiða fyrir því, að býlum fjölgi, telur hann hyggilegt, að eigendur jarðanna á áveitusvæðinu greiði áveitukostnaðinn með landi, eftir því sem við verður komið, Með þessu móti fái eigendur áveitujarðanna áveituna án beinna gjalda. Jafnvel telur Thalbitzer, að hugsazt geti, að einstöku áveitubændur fái meira fyrir land, er þeir láta af höndum, en áveitukostnaðinum nemur, og geti þeir þá mjög fljótlega fært sér áveituna í nyt, og muni efnahagur þeirra við það taka miklum framförum.

Fyrir framlag sitt til áveitunnar eignast ríkið með þessu móti miklar lendur, sem það gæti gert sér arðberandi með ýmsu móti, t. d. með sölu til nýrra býla, eða með því að leigja það fólki, er stofnaði býli á landinu. Þannig hefir strax í byrjun við athugun málsins komið sú skoðun fram, að hyggilegt væri, að áveitukostnaðurinn yrði greiddur með landi.

Á Alþingi 1915 var svo hljóðandi þingsályktun samþykkt:

„Alþingi ályktar að skora á stjórnina að:

1. Láta á næsta sumri 3 hæfa menn rannsaka Flóaáveitumálið, og má verja til þess allt að 2500 kr. af landsfé. Menn þessir skulu:
   a. Leita samninga við jarðeigendur í Flóanum um allt, er til þeirra tekur

viðvíkjandi áveitumálinu, sérstaklega hæfilegt endurgjald í landi, ef verkið er framkvæmt á landssjóðskostnað.

b. Athuga og gera áætlun, ef nauðsyn krefst, um það, hversu lögnám á jörðunum á áveitusvæðinu yrði framkvæmt, hver kostnaður og áhætta flyti af því fyrir landssjóð.

c. Gera tillögur um það, hversu byggðinni, skiptingu lands, býlastærð og býlafjölda á áveitusvæðinu, túnstæðum og þvíl. yrði bezt og haganlegast komið fyrir.

2. Að undirbúa að öðru leyti áveitumálið fyrir næsta þing".

Eins og sjá má á þingsályktun þessari, hefir það vakað fyrir þinginu, að land yrði tekið upp í áveitukostnaðinn, svo framarlega sem hann yrði af ríkissjóði greiddur. Í umræðunum, sem urðu um þessa þingsályktun, kemur það fram hjá helztu talsmönnum málsins í báðum deildum, að þeir hafa mikla trú á fyrirtækinu og ráðgera, að áveitukostnaðurinn verði með landi greiddur.

Nefnd sú, er skipuð var samkvæmt þessari þingsályktun og undirbjó Flóaáveitulögin, hefir og við því búizt, að áveitukostnaðurinn yrði að meira eða minna leyti greiddur með landi. Og landbúnaðarnefndir beggja deilda Alþingis 1917, er lögin um áveitu á Flóann voru sett, hafa búizt við því, að með landi yrði áveitukostnaðurinn greiddur.

Við umræður málsins í þinginu um frv. er þess getið, að þó að svo kunni að fara, að eigendur áveitujarðanna skorti getu til þess að endurgreiða ¾ hluta áveitukostnaðarins, þá sé hér um svo stórfellt ræktunarmál að ræða, að það tjái ekki annað en að greiða fyrir framgangi þess.

Af meðferð þingsins 1917 á málinu verður ekki annað ráðið en að það hafi verið mjög eindreginn vilji hjá því, að málið gengi fram.

Austanfjalls var almennur áhugi fyrir því, að áveitan yrði framkvæmd, og nægir í því efni að vísa til þess, er opinberlega hefir komið fram í því efni. (Sjá t. d. álit Flóaáveitunefndarinnar 1916 o. fl.).

Fullvíst er, að ýmsir jarðeigendur á áveitusvæðinu hafa ætíð hugsað sér að greiða áveitukostnaðinn með landi. Eru það auðvitað fyrst og fremst þeir, er hafa meira áveituland en þeir geta notfært sér, og um þá má segja, að það geri þeim ekkert til, þó að þeir láti eitthvað af áveitulandi sínu upp í áveitukostnaðinn. Nú má telja það nokkurnveginn víst, að meginþorra býlanna sakí ekki, þó að þau skerði nokkuð land sitt til greiðslu á áveitukostnaðinum, sérstaklega ef landtakan er ekki bundin við áveituland, en ekki má þó gleyma því, að allmörg býli eru á þessu svæði, sem ekki eru aflögufær um land, mega alls ekkert áveituland missa, og sum enda ekkert land, þó utan áveitu sé.

Nefndin gerir því tillögur um það, að jafnframt því, sem að sjálfsögðu áveituland verði tekið upp í áveitukostnaðinn, þá megi líka taka land utan áveitu, þar sem það hentar aðiljum betur (jarðeiganda og ríkissjóði). Getur það komið sér vel vegna býlastæða og túnræktar og sömuleiðis fyrir þann, er landið lætur af höndum.

Vera má, að sumir telji, að æskilegast hefði verið fyrir ríkissjóð að fá það af áveitukostnaðinum, sem greitt verður, í peningum, en það er einhuga álit

nefndarinnar, að með því móti gæti ekki verið að tala um greiðslu nema á örlitlu broti af áveitukostnaðinum.

Nær undantekningarlítið myndi eigendum jarðanna á áveitusvæðinu ómögulegt að greiða í peningum sem nokkru nemur af áveitukostnaðinum, þegar frá eru taldar þær jarðir, sem eru í eigu hins opinbera.

Eftir þeim skýrslum, sem nefndin hefir aflað sér yfir eignir manna og skuldir á áveitusvæðinu, þá er efnahagur búenda í Hraungerðis-, Villingaholts-, Gaulverjabæjar- og Sandvíkurhreppi þannig, að þeir eiga við mikla fjárhagsörðugleika að stríða, og eru samanlagðar eignir þeirra og skuldir að kalla jafnar, þegar tekið er tillit til þess, sem þeim er gert að greiða samkv. frumvarpi nefndarinnar.

Um Stokkseyrar- og Eyrarbakkahrepp skal þess getið, að áveitan er gerð fyrir svo fá býli í þessum hreppum, að ekki er hægt að bera saman fjárhag íbúa þeirra með tilliti til áveitumálsins, eins og í hinum sveitunum. Og um áveitulandið í Eyrarbakkahreppi er það að segja, að Landsbankinn á mikið af því.

Af þessu efnahagsyfirliti hyggjum vér, að ljóst sé, að ekki getur verið um annað að ræða en að eigendur áveitujarðanna greiði áveitukostnaðinn með landi. Langæskilegast hefði verið, að allir hefðu getað greitt hann á þann hátt, en nokkrar undantekningar munu þó verða frá því, og fyrir því verður að gera ráð fyrir peningagreiðslu að einhverju leyti, og eru ákvæði frv. um þetta efni við það miðuð.

Þegar litið er á landverð jarðanna á áveitusvæðinu í hinu nýja fasteignamati, sést það, að landverð þeirra jarða flestra, er áveituland hafa, er ekki nærri eins hátt og áveitukostnaðinum nemur.

Þetta bendir á, að áveitukostnaðurinn, sem er yfir 120 kr. pr. ha., er það hár, að þó að land jarðarinnar hefði verið talið verðlaust áður en veitt var á það, þá er það, eftir að áveitan kom, ekki talið standa fyrir áveitukostnaðinum, eins og líka er rétt.

Það er því bert, að þegar til þess kemur að ákveða, hvað mikinn hluta af áveitulandi eigi að taka til að greiða áveitukostnað hverrar jarðar, þá verður fyrst og fremst á það að líta, hvað jarðirnar yfirleitt mega missa mikið land, án þess að land jarðanna verði með því skert um of, og jarðirnar fyrir þær sakir ekki sviptar skilyrðum til aukinnar ræktunar og farsæls búskapar.

Landrými jarða á áveitusvæðinu er mjög mismikið, eins og áður er sagt, og áveitulandið nokkuð misjafnt að gæðum, en ekki virðist ástæða til að gera mun á því hvað greiðslu áveitukostnaðar snertir pr. hektar. Það virðist heppilegast, að það sé jafnmikið hvar sem er á áveitusvæðinu. Áveitan breytir landinu svo mismunandi, að það, sem nú yrði talið verðlítið áveituland, verður ef til vill talið gott eftir nokkur ár, og betra en annað, sem nú er talið gott, en tekur minni endurbótum. Hinsvegar er ekki hægt annað en að meta það land, sem tekið er utan áveitu, því það getur verið svo afarmisjafnt og breytist ekki eins og áveitulandið.

* * *

Nefndin telur sjálfsagt, að þeim mönnum, er veita landinu móttöku, verði veittur réttur til íhlutunar um það, að landið, sem ríkið fær upp í áveitukostnaðinn, verði sem mest samfellt, að hægt er við að koma, og þannig lagað, að sæmi-

leg bæjarstæði og nógu mörg fáist á því á hentugum stöðum, og má gera ráð fyrir því, að til þess að þetta geti orðið, þurfi að færa landamerki stöku jarða lítið eitt úr stað, en gera verður ráð fyrir því, að það verði gert með fullri hagsýni fyrir báða aðilja og á þann hátt, að þeir megi vel við una.

Komið getur það fyrir, að nauðsyn þyki á því, að ríkið fái land í skiptum frá áveitujörð, sakir skilyrða til stofnunar nýrra býla eða hagnýtingar á landinu. En nefndin býst við, að ekki muni víða þurfa á þessu að halda.

Þegar nú kemur til þess að ákveða, hvað mikinn hluta af áveitulandi ber að láta til greiðslu á áveitukostnaðinum, hefir nefndin orðið ásátt um að leggja til, að með 1 ha. af áveitulandi væri greiddur áveitukostnaðurinn á 3 ha. En þeir, sem greiddu í peningum, greiddu árlega 80 au. fyrir hvern hektar áveitulands í 30 ár.

Er þessi niðurstaða nefndarinnar fengin eftir nákvæma athugun á landstærð jarða á áveitusvæðinu og þörfum ábúendanna og notum þeim, er þeir hafa af áveitunni.

Nefndin telur, að ekki komi til mála að skerða land áveitujarðanna svo með landtökunni upp í áveitukostnaðinn, að þær verði margar hverjar sviptar skilyrðum til aukinnar ræktunar og ábúendurnir möguleika til góðrar afkomu í búskap sínum á jörðunum.

Um peningagreiðsluna er það að segja, að hún er að kalla í samræmi við landtökuna, og litlar vonir til að meira greiddist, þó að hærra gjald væri ákveðið.

Nefndin hefir reynt að gera sér grein fyrir, hvað ríkissjóður myndi á þennan hátt eignast mikið land, og býst hún við, að það mundi verða um 2000 ha. Væri það land nægilegt fyrir mörg býli.

Það er sjáanlegt af þessari niðurstöðu, að áveitukostnaðurinn er ekki á beinan hátt ríkissjóði að fullu greiddur. En hverra ráða, sem ríkissjóður leitaði með innheimtu áveitukostnaðarins, myndi hann ekki fá nema nokkurn hluta hans, og óvíst, að hann fengi meira en hér er gert ráð fyrir, þó gengið væri svo hart að, að tryggingar þær, er ríkissjóður hefir, væru teknar honum til handa.

Á þann hátt fengi ríkissjóður ekki nema lítinn hluta áveitukostnaðarins greiddan. En auk þess álítum vér, að ekki myndi neinni ríkisstjórn detta í hug að láta íbúa áveitusvæðisins sæta þeirri meðferð, sem af slíkri ráðstöfun leiddi, sérstaklega með tilliti til þess, hvernig þessu máli er háttað frá fyrstu tíð. Vér teljum þá eina lausn þessa máls verjandi, að ekki verði gerðar harðari kröfur um greiðslu á áveitukostnaðinum til eigenda jarðanna en svo, að ábúendurnir geti þeirra hluta vegna tekið framförum í búskap sínum. Mun og vera, er stundir líða, með því móti bezt séð fyrir hagsmunum ríkissjóðsins sjálfs.

Ábúendur áveitujarðanna þurfa líka, áveitunnar vegna, að greiða meiri gjöld heldur en áveitukostnaðinn. Hinn árlegi eftirlits- og viðhaldskostnaður, sem þeir þurfa að greiða, nemur verulegri upphæð. Undanfarin ár hefir verið ákveðið 75 au. pr. ha. áveitulands fyrir eftirlit og viðhald.

Gera má ráð fyrir, að sá kostnaður aukist að mun, eftir því sem fyrirtækið eldist og gengur úr sér. Verða sumar áveitujarðirnar á þennan hátt að greiða hátt gjald. Þá er kostnaður við byggingu flóðgarða og viðhald þeirra, sem er mjög mikill, eða sem svarar kr. 1.50 á ári á hvern ha. áveitulands. Þó þessi gjöld,

hvert út af fyrir sig, kunni að þykja ekki svo ýkjahá, þá nema þau þó til samans mikilli upphæð af mörgum jörðum, og mun mörgum hverjum ábúandanum fullerfitt að standa straum af þeim, þó ekki séu þau hærri en hér er talið. Enda er þessi niðurstaða nefndarinnar um áveituskattinn fengin eftir eins góða athugun á þessu máli og nefndin hefir frekast haft tök á, og með það eitt fyrir augum, að málalokin yrðu sem farsælust fyrir ríkissjóðinn og íbúa héraðsins.

Nefndin álítur, að gera megi ráð fyrir, að á landi því, er ríkissjóður eignast, verði síðar reist býli. Hinsvegar eru ekki líkur til, að það verði gert nú þegar, og er því ekki ástæða til að gera nú áætlanir um skipulag býlanna, enda telur nefndin það utan við verksvið sitt.

Reykjavík, 7. marz 1933.

Jörundur Brynjólfsson. Pétur Magnússon. Steinn Steinsen.

Til atvinnumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Nd. 352. Nefndarálit

um frumvarp til laga um hafnargerð á Húsavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og fallizt á að mæla með því óbreyttu. Er hún sammála því, að þessu blómlega kauptúni sé hin mesta nauðsyn að fá sem fyrst fullkomna höfn til þess að geta notið til fulls þeirra auðugu fiskimiða, er í nánd við það liggja, og sömuleiðis hinu viðlenda og landkostamikla héraði, sem upp af kauptúninu liggur, sem vafalaust á mikla framtíð með bættum markaðs- og samgönguskilyrðum. Og þó að sumir nefndarmenn séu þeirrar skoðunar, að fulllangt hafi verið gengið í útgjaldaaukningu ríkissjóðs með hafnarlögum þeim, er samþykkt hafa verið á síðustu árum, þar sem framlag ríkisins var hækkað úr ⅓ í ⅖, þá sjá þeir ekki ástæðu til gera þessari höfn lægra undir höfði en hinum í þessu falli, enda er frumvarp þetta alveg samhljóða hafnarlögum þeim, sem Alþingi hefir samþykkt hin síðari árin.

Alþingi 6. apríl 1933.

Sveinn Ólafsson, form., með fyrirvara. Bjarni Ásgeirsson, frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Ólafur Thors.

Nd. 353. Nefndarálit

um frv. til laga um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. apríl 1933.

Sveinn Ólafsson, form.	Bjarni Ásgeirsson, frsm.	Ólafur Thors.
	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.	

Nd. 354. Breytingartillögur

við frv. til laga um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Lýsismatsmaður hvern þann undirlýsismatsmann, sem lýtur yfirlýsismatsmanni.
2. Við 3. gr. Upphaf 3. málsgr. orðist svo:
   Ráðherra setur, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns, reglur o. s. frv.
3. Við 5. gr. 1. og 2. málsgr. orðist svo:
   Ráðherra skipar, að fengnum tillögum Lýsissamlags íslenzkra botnvörpunga, einn yfirlýsismatsmann til að hafa umsjón með verkun og mati á meðalalýsi. Skal hann hafa fullkomna þekkingu á öllu því, er lýtur að meðferð þess og flokkun.
   Ráðuneytið setur, í samráði við Lýsissamlag íslenzkra botnvörpunga, yfirlýsismatsmanni reglur um störf hans.
4. Við 6. gr. 3. málsgr. orðist svo:
   Ráðherra ákveður kaup lýsismatsmanna í samráði við yfirlýsismatsmann, og greiða þeir það, sem mats beiðast. Eigi mega lýsismatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta fyrir.

Ed. 355. Nefndarálit

um frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Við 8. gr. 1. mgr. Fyrir orðin „að tilkynna sjúkdóminn — hreppi sínum“ komi: að tilkynna sjúkdóminn hreppstjóra eða hreppsnefndarmanni í hreppi sínum eða skýra þeim frá smitberanum.
2. Við 15. gr.
   a. Við 1. mgr. Í stað „smitbera“ komi: smitberar.
   b. Við 3. mgr. Í stað orðanna „fyrirmælum ráðherra“ komi: reglum, sem ráðherra setur.
3. Við 16. gr.
   a. Upphaf gr. orðist svo:
      Allan kostnað við opinberar ráðstafanir samkvæmt lögum þessum (sbr. þó 15. gr. 5. mgr.) skal greiða úr ríkissjóði o. s. frv.
   b. Við 1. mgr. 3. málsl. Í stað orðanna „Einnig á sama hátt‘ komi: ennfremur.

Alþingi, 6. apríl 1933.

Magnús Torfason, form., frsm.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon.

Ed. 356. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum um manntal í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 6. apríl 1933.

Magnús Torfason, form.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon. frsm.

Ed. 357. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 49 23. júní 1932.

Flm.: Pétur Magnússon.

Aftan við 1. gr. frv. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Í stað „eitt ár“ í 2. málsgr. sömu gr. laganna komi: fjögur ár — og orðið „nefnda“ í sömu málsgr. falli burt.

Ed. 358. Breytingartillögur

við frv. til laga um geldingu hesta og nauta.

Flutningsm.: Halldór Steinsson, Ingvar Pálmason, Bjarni Snæbjörnsson.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Húsdýr, sem gelda þarf, skal staðdeyfa áður en gelding fer fram.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Sýslunefndir hlutast til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með staðdeyfingarlyf og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu og afhendingu deyfingarlyfja til geldingamanna. Án sérstaks endurgjalds skal dýralæknum skylt að kenna mönnum innan þeirra umdæmis geldingaaðferðir og meðferð á deyfingarlyfjum.
3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
   Frumvarp til laga um geldingu húsdýra.

Nd. 359. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um dráttarvexti.

Frá Guðbrandi Ísberg og Halldóri Stefánssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „Bannað er lánsstofnunum“ komi: Bannað er sjóðum og lánsstofnunum.

Ed. 360. Frumvarp

til laga um að stofna nýbýli.

Flm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal leita samninga við landeigendur og ábúendur í Ölfushreppi í Árnessýslu og Holtahreppi í Rangárvallasýslu um að selja eða láta af hendi land meðfram þjóðveginum, er nægi handa 25 nýbýlum í hvorum þessara hreppa. Í Ölfushreppi skal ætla hverju nýbýli eigi meira land en 10 ha. af ræktuðu landi og í Holtahreppi eigi meira en 20 ha.

2. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefir fengið nægilegt land undir nýbýli, skal hún láta velja bæjarstæði eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands. Skal reynt að haga þannig til, að bæir standi sem flestir saman og sem næst þjóðveginum.

3. gr.

Þegar valin hafa verið bæjarstæði, skal ríkisstjórnin gefa byggingarmeisturum kost á því að gera uppdrætti að nauðsynlegum byggingum á nýbýlum. Má heita allt að 5 þús. króna verðlaunum fyrir beztu og hentugustu uppdrætti, er gerðir verða, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Þegar uppdrættir hafa verið gerðir að byggingum og öðrum undirbúningi undir tilhögun verksins er lokið, skal ríkisstjórnin láta reisa byggingar á þeim 50 nýbýlum, er 1. gr. getur.

5. gr.

Í land það, er ætlað er nýbýlunum til ræktunar, skal, á kostnað ríkissjóðs, gera aðalskurði og holræsi, eftir því sem með þarf til að þurrka allt að 5 ha. af landi hvers nýbýlis. Ennfremur skal allt að 5 ha. af landi hvers býlis búið undir ræktun á þann hátt, er Búnaðarfélag Íslands telur hentugast.

6. gr.

Nýbýli þau, er reist verða samkvæmt lögum þessum, skal ríkissjóður leigja með þeim kjörum, er ákveðin verða í reglugerð, er ráðherra setur, samkvæmt tillögum Búnaðarfélags Íslands. Fyrstu 5 árin skal leiga þó eigi vera hærri en 4 af hundraði á ári af byggingarverði húseigna. Síðan skal leiga miðuð við meðalnytjar nýbýlis, þó aldrei hærra en 6 af hundraði af fé því, er lagt hefir verið í býlin.

7. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um það, hvernig meta skuli umbætur á nýbýli, þegar leiguliði fer burt, svo og um skyldu leigjanda til að halda við byggingum og ræktun lands, að viðlagðri riftingu leigumála.

8. gr.

Eigi skal leigjanda heimilt að framselja leigumála á nýbýlum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

9. gr.

Fé það, er þarf til framkvæmda lögum þessum, skal ríkissjóður leggja fram, og hefir ríkisstjórnin heimild til þess að taka allt að 1 milljón og 200 þús. kr. lán í þessu skyni.

Greinargerð.

Þetta frv. var flutt fyrir nokkrum árum á Alþingi til þess að marka þá stefnu, sem Alþýðuflokkurinn vildi láta fylgja að því er snertir fjölgun býla í sveitum, og fylgdu því þá þessar athugasemdir:

„Á undanförnum árum hafa komið fram margar tillögur í þá átt að efla ræktun landsins og fjölga býlum í sveitum. Árlega er miklu fé varið úr ríkissjóði til eflingar landbúnaði, og ber það vafalaust nokkurn árangur, en þó hefir eigi tekizt að stöðva fólksstrauminn úr sveitunum til sjávarhéraðanna. Enda hefir lítið eða ekkert verið til þess gert að fjölga býlum í sveitum, en til þess að sveitirnar taki sjálfar við fólksfjölgun þeirri, er þar verður, þá þarf að gera mönnum kleift að stofna heimili í sveitinni. Þær tillögur, er fram hafa komið í nýbýlamálinu, gera heldur ráð fyrir hægvirkri fjölgun býla, að minnsta kosti fyrst í stað. En af því lengi hefir dregizt að undirbúa þetta mál, og þörfin um fjölgun býla aðkallandi, þá þykir rétt að bera fram frv. þetta. Gerir það ráð fyrir því, að ríkissjóður taki lán til þess að koma upp sem allra fyrst 50 nýbýlum í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Til þess er ætlazt, að ríkisstjórnin kaupi land undir býlin af eigendum jarða á svæði því, er í frv. getur. Á báðum þessum svæðum, í Ölfusi og í Holtum, eru meðfram þjóðvegunum stórar landspildur hentugar til ræktunar. Séu landsjóðsjarðir á svæðinu, þyrfti að semja við ábúendur um að láta land af hendi.

Kostnaður við hvert býli er gert ráð fyrir, að verði nálægt 25 þús. kr. Þar af myndu byggingar verða um 20 þús. kr. Byggingar eru hugsaðar þessar: íbúðarhús, fjós og hlaða og safnþró. Til hliðsjónar er haft býli það, er „Freyr“ flutti mynd af árið 1926, og er af nýbýli, er reist hefir verið í Sogamýri við Reykjavík. Hefir uppdráttur sá verið gerður af Jóhanni Kristjánssyni húsagerðarmeistara, og er uppdrátturinn mjög smekklegur. Þó er ekki loku skotið fyrir, að enn kunni að finnast betra, smekklegra og hentugra byggingarfyrirkomulag, og því er í frv. gert ráð fyrir verðlaunum fyrir beztu teikningar á byggingum á nýbýlunum.

Ríkissjóði er ætlað að eiga þessi býli og leigja þau, en eigi selja. Er ætlazt til, að um leigumála verði síðar settar reglur, en þó sett hámark leigu í frv., sem fyrstu árin er aðeins miðuð við lága vexti af byggingunum, nokkurskonar húsaleiga.

Tekið er fram í frv., að um nokkur atriði eigi að fara eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, en vafalaust verða allar framkvæmdir eftir frv. gerðar í samráði við stjórn þess“.

Ed. 361. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað orðanna „síld, fóðurmjöli“ í 1. gr. laganna komi: hverskonar saltaðri síld, síldarmjöli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **362. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 15 14. júní 1929 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað orðsins „síldartunnu“ í 1. málsgr. 1. greinar laganna komi: saltsíldartunnu.

Orðin „fiskmjöli þurrkuðu“ í 2. málsgrein sömu greinar falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **363. Breytingartillaga**

við breytingartill. á þskj. 327 (Vigt á síld).

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 1. tölulið.

Orðin „eða þar, sem nothæf vog er eigi tiltæk“ falli burt.

Nd. **364. Lög**

um breyting á lögum nr. 82 23. júní 1932, um sjúkrasamlög.

(Afgreidd frá Nd. 6. apríl).

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 4. og 5. gr., svo hljóðandi:

a. (4. gr.) Ráðherra er heimilt að lögskrá sjúkrasamlög fyrir skóla, aðra en barnaskóla, með eftirfarandi skilyrðum:
   1. Samlagið nái að jafnaði yfir einn skóla. Þó mega tveir eða fleiri skólar vera saman um samlag, ef þeir eru í sama hreppi eða kaupstað.
   2. Samlagið skal veita viðtöku og full félagsréttindi:
      a. hverjum nemanda skólans, nema vitað sé, að hann, ef hann er fullra 16 ára, eða framfærandi hans, ef hann er yngri, hafi þær tekjur eða sé svo efnum búinn, að hann geti ekki þess vegna orðið hlutgengur meðlimur í sjúkrasamlagi samkv. ákvæðum 3. gr., enda sé hann fullhraustur, er hann gengur í samlagið.
      b. hverjum kennara og starfsmanni skólans, sem uppfyllir skilyrði 3. gr.

3. Samlagið uppfylli að öðru leyti skilyrði 3. gr. Þó má takmarka tryggingarnar meira en þar er gert ráð fyrir, svo sem með því að láta tryggingarnar ekki ná til sumarleyfa og sleppa dagpeningatryggingu.

b. (5. gr.) Enginn má vera hluttækur félagi í meira en einu sjúkrasamlagi í senn.

Nú óskar félagi að flytja sig úr einu samlagi í annað, og er þá stjórn þess samlags, er hann æskir inntöku í, heimilt að veita honum viðtöku án inntökugjalds, sérstakrar læknisskoðunar og án tillits til aldurs hans, enda sýni hann skilríki frá því samlagi, er hann fer úr, að hann sé fullgildur félagi þar.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Þegar lög þessi hafa verið staðfest, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 82 1932 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 365. Hjúkrunarkvennalög.

(Afgreidd frá Nd. 6. apríl).

1. gr.

Rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur hafa þær konur einar hér á landi, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í hjúkrunarkvennaskóla Íslands í Reykjavík og að loknu prófi þar eru taldar hæfar til hjúkrunarkvennastarfa.

Ráðherra getur og veitt öðrum konum leyfi til að kalla sig hjúkrunarkonur, ef þær hafa lokið að minnsta kosti jafngildu námi og eru að öðru leyti hæfar til hjúkrunarkvennastarfa, að dómi aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis.

2. gr.

Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkonur samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarkvennastarfa við sjúkrahús, sjúkraskýli, elliheimili, barnahæli og aðrar þess háttar stofnanir, að skólum sem skólahjúkrunarkonur, né til að starfa að öðrum tilsvarandi almennum hjúkrunarkvennastörfum.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Ákvæði greinarinnar ná ekki til almennrar hjúkrunar og hjálparstarfsemi á heimilum utan kaupstaða, hvort sem hún fer fram á vegum sveitarfélaga eða einstakra hjúkrunar- eða líknarfélaga í sveitum.

3. gr.

Ef hjúkrunarkona gerir sig seka um einhverja óhæfu í störfum sínum eða hagar sér þannig, að hjúkrunarkonu sé sérstaklega ósamboðið, að dómi aðal-

kennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis, má ráðherra svipta hana rétti til að kalla sig hjúkrunarkonu, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

4. gr.

Þeim hjúkrunarkonum, sem eru starfandi hér á landi sem sjálfstæðar hjúkrunarkonur á sjúkrahúsum eða annarsstaðar, þegar lög þessi ganga í gildi, má ráðherra með ráði aðalkennara hjúkrunarkvennaskólans og landlæknis veita rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur áfram og til að njóta meðfylgjandi réttinda, þó að þær uppfylli ekki skilyrði 1. gr., enda leiti þær eftir því innan árs.

5. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, og varða brotin sektum, 50—500 kr. Sektirnar renna í ríkissjóð.

Nd. **366. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

I. Frá *Héðni Valdimarssyni.*

1. Við 3. gr. A. II. 1. (Rekstrarhalli póstsjóðs).
Fyrir „77140“ kemur 78940

2. Við 3. gr. A. Sundurliðun. Póstsjóður I. 3. d. (Önnur gjöld).
a. Fyrir „65000“ kemur 66800
b. Við liðinn bætist aths.:
Þar af til kaupa á einkennisbúningum handa bréfberum í Reykjavík 1800 kr.

II. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

Við 3. gr. A. Sundurliðun. Síminn. Eignabreytingar. Út. III. (Nýjar símalínur).
a. Liðurinn hækki um 12000 kr.
b. Við aths. bætist:
Þar af 12 þús. kr. til símalínu frá Sandeyri til Staðar í Grunnavík.

III. Frá *Vilmundi Jónssyni.*

1. Við 12. gr. 8. Nýr liður:
Til fjörefnarannsókna á þjóðlegum íslenzkum matvælum 2500

2. Við 12. gr. 10. Nýr liður:
Til að kaupa stórsegul til augnlækninga 2000

IV. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*

Við 12. gr. 16. b. Nýr liður:
Styrkur til viðbyggingar sjúkrahússins á Seyðisfirði 6000

V. Frá *Bergi Jónssyni.*
Við 12. gr. 16. b. Nýr liður:
Til Reykhólalæknishéraðs, til greiðslu vaxta af skuldum (er nema nál. 20500 kr.) vegna læknisbústaðar á Reykhólum 1200

VI. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Jóhanni Jósefssyni* og *Jónasi Þorbergssyni.*
1. Við 12. gr. 16. k. (Gervilimastyrkur).
Við liðinn bætist: enda verði styrknum varið til gervilimakaupa innanlands.
2. Við 12. gr. 16. n. (Halldór Arnórsson).
Fyrir „1200“ kemur 1600

VII. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 12. gr. 16. l. Nýr liður.
Til hjónanna Finnboga Sveinssonar og Sæunnar Sæmundsdóttur á Velli í Hvolhreppi, styrkur til hælisvistar handa fávita syni þeirra 1000

VIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. A. II. a. 6. Nýr liður:
Langadalsvegur í Ísafjarðarsýslu 3000

IX. Frá *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 10. (Hofsósvegur).
Fyrir „3000“ kemur 5000

X. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 14. (Þistilfjarðarvegur).
Fyrir „5000“ kemur 7000
2. Við 13. gr. A. II. a. 15. Nýr liður:
Vopnafjarðarvegur 4000
3. Við 13. gr. A. II. a. 16. (Jökuldalshlíðarvegur).
a. Fyrir „Jökuldalshlíðarvegur“ kemur Jökulsárhlíðarvegur.
b. Fyrir „4000“ kemur 5000

XI. Frá *Halldóri Stefánssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 16. Nýr liður:
Úthéraðsvegur 6000

XII. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 17. (Fjarðarheiðarvegur).
Í stað „8000“ kemur 13000

XIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. A. II. a. 17. (Fjarðarheiðarvegur).
Fyrir „8000“ kemur 10000

XIV. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 17. Nýr liður:
Skriðdalsvegur 3000

XV. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 18. (Breiðdalsvegur).
Fyrir „3000“ kemur 4000
2. Við 13. gr. A. II. a. 19. (Geithellnavegur).
Fyrir „4000“ kemur 5000

XVI. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 22. Nýr liður:
Hvolsvallarvegur 3000

XVII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. B. 1. b. (Eimskipafélag Íslands).
Fyrir „200000“ kemur 250000

XVIII. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. B. 1. c. (Skaftfellingur). Við liðinn kemur athugasemd:
Þar af flutningastyrkur til Öræfinga 600 kr. Báturinn hafi viðkomur við Rangársand, þegar ástæður leyfa og þörf krefur.

XIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. C. VIII. Liðinn skal orða svo:
Til bryggjugerða og lendingarbóta allt að ⅓ kostnaðar, gegn ⅔ annarsstaðar að, enda sé það fé fyrir hendi, stjórnarráðið samþykki áætlun, og sé verkið framkvæmt undir eftirliti vitamálastjóra 31000

XX. Frá *Sveini Ólafssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. Við liðinn kemur athugasemd:
Þar af til bátabryggju á Vattarnesi, gegn helmingsframlagi annarsstaðar að, 3000 kr.

XXI. Frá *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 14. gr. A. b. 6. Nýr liður:
Til Kvennabrekkusafnaðar í Dalasýslu, vegna sérstakra fjárhagsvandræða út af kirkjubyggingu 3000

XXII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 14. gr. B. I. m. Nýr liður:
Til þýzks sendikennara 1000

XXIII. Frá *Héðni Valdimarssyni, Ólafi Thors* og *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 14. gr. B. II. e. Nýr liður:
Til Trausta Einarssonar, til lokanáms í stjörnufræði í Þýzkalandi 1200

XXIV. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 14. gr. B. II. e. Nýr liður:
Til Jóns Gissurarsonar, til lokanáms í verzlunarfræði við þýzkan háskóla 800

XXV. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4. (Sundlaugar).
Fyrir „5000“ kemur 15000
Til vara ..... 10000.

XXVI. Frá *Guðbrandi Ísberg.*
1. Við 14. gr. B. XVIII. Nýr liður:
Til Geirs Þormars tréskurðarmeistara á Akureyri, til að halda uppi kennslu á Norðurlandi í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl 600
2. Við 14. gr. B. XIX. (Ríkarður Jónsson).
Liðurinn fellur burt.

XXVII. Frá *Sveinbirni Högnasyni* og *Jóni Ólafssyni.*
Við 14. gr. B. XXI. Nýr liður:
Til Sínu Ásbjörnsdóttur leikfimikennara, til framhaldsnáms erlendis 1000

XXVIII. Frá *Héðni Valdimarssyni.*
Við 15. gr. 7. (Aukastyrkur til bókasafna).
a. Fyrir „fjögurra“ kemur: fimm.
b. Nýr stafl. á eftir d:
Til alþýðubókasafnsins í Reykjavík 5000

XXIX. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Pétri Halldórssyni.*
Við 15. gr. 10. Nýr liður:
Til Ferðafélags Íslands 1000

XXX. Frá *Bergi Jónssyni.*
Við 15. gr. 14. Nýr liður:
Til Helga Guðmundssonar kennara í Austmannsdal, til þjóðsagnasöfnunar á Vestfjörðum og útgáfu safnsins 1000
Til vara 800

XXXI. Frá *Magnúsi Jónssyni, Jónasi Þorbergssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 15. gr. 21. Nýr liður:
Til Sambands íslenzkra karlakóra 3500
Til vara 3000

XXXII. Frá *Jónasi Þorbergssyni* og *Ingólfi Bjarnarsyni.*
Við 15. gr. 34. Nýr liður:
Til Baldvins Jónatanssonar, til ritstarfa 400
Til vara 300

XXXIII. Frá *Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 16. gr. Nýr liður á undan 1:
Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum 1000000
gegn jafnháu framlagi frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélögum, enda sé þeim og gefinn kostur á láni, er nemi helmingi framlags þeirra, eða ríkisábyrgð.

XXXIV. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 16. gr. 6. Nýir liðir:

a. Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, gegn ⅓ framlagi úr bæjarsjóði 10000

b. Til ræktunarvegar í Hornafirði, gegn ⅓ framlagi annarsstaðar að 2400

c. Til ræktunarvegar á Akranesi, gegn ¾ framlagi annarsstaðar að 1000

2. Við 16. gr. 14. d. (Skrifstofukostn. rafmagnseftirlits).

Fyrir „3200“ kemur 2200

XXXV. Frá *Sveini Ólafssyni.*

Við 16. gr. 19. d. Nýr stafliður:

Utanfararstyrkur til Eiríks Bjarnasonar, til að kynna sér meðferð og verkun síldar við Bretlandseyjar fyrir þau ýmsu neyzlulönd, enda leiðbeini hann síldveiðimönnum um verkun síldar við heimkomu 1600

Til vara 1200

XXXVI. Frá *Guðbrandi Ísberg.*

Við 16. gr. 23. (Guðmundur frá Mosdal).

Liðurinn fellur burt.

XXXVII. Frá *Lárusi Helgasyni.*

Við 16. gr. 47. Nýr liður:

Til þess að ljúka við fyrirhleðslu Skálmar í Álftaveri, gegn ⅓ annarsstaðar að 1500

XXXVIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*

Við 16. gr. 47. Nýr liður:

Til Búnaðarbanka Íslands, til greiðslu upp í viðlagasjóðslán Grímsneslæknishéraðs til læknisbústaðar og sjúkraskýlis, fyrri helmingur 5000

XXXIX. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 17. gr. 18. (Sjúkrasjóður verkam. á Akureyri).

Fyrir „verkamannafélags“ kemur: verklýðsfélags.

2. Við 17. gr. 20. (Aths.).

a. Athugasemdin færist aftur fyrir 22. lið.

b. Í stað „13.—22.“ kemur: 11.—22.

3. Við 18. gr. II. e. 6. (Þórunn Stefánsdóttir).

Liðurinn fellur burt.

4. Við 18. gr. II. e. 20. Nýr liður:

Til Helgu Finnsdóttur 600

XL. Frá *Bergi Jónssyni.*

Við 18. gr. II. e. 20. Nýr liður:

Til Ingivalds Nikulássonar kennara 300

Til vara 200

XLI. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 18. gr. II. e. 20. Nýr liður:
Til Victoriu Bjarnadóttur kennaraekkju 200
Til vara 150

XLII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 18. gr. II. g. 2. (Ólöf frá Hlöðum).
Liðurinn fellur burt.

XLIII. Frá *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 18. gr. II. i. 26.
a. Á eftir „Sigríðar Narfadóttur" kemur: ljósmóður.
b. Nýr liður:
Til Önnu H. Eiríksdóttur ljósmóður 300

XLIV. Frá *Bergi Jónssyni* og *Ólafi Thors.*
Við 18. gr. II. i. 64. Nýr liður:
Til Snæbjarnar Kristjánssonar í Hergilsey 300

XLV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 18. gr. II. i. 64. Nýr liður:
Til Halldórs Þórðarsonar fyrrv. dyravarðar Alþingis 300

XLVI. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að gera tilraunir með útflutning ísaðrar haust- og vetrarsíldar frá Austfjörðum, og skal styrkurinn miðaður við það, að útflytjendur fái sem svarar 6—7 kr. fyrir hverja tunnu hrásíldar, komna á skipsfjöl.

XLVII. Frá *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að greiða Jósef J. Björnssyni kennara full laun, þegar hann lætur af kennslustarfi.

XLVIII. Frá *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að verja allt að 25 þús. kr. af verzlunarágóða Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða fyrir útvarpsnotum, þar sem ekki er raforka fyrir hendi, eftir reglum, sem atvinnumálaráðuneytið setur.

XLIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. XIII. Nýr liður:
Að taka ábyrgð á allt að 60 þús. sterlingspunda láni, sem Eimskipafélag Íslands ætlar að fá í Englandi og greiða með því skuldir félagsins í Danmörku, ásamt afborgunum í Hollandi, gegn fyrsta veðrétti í eftirtöldum skipum félagsins: Gullfossi, Goðafossi, Dettifossi og Lagarfossi.

L. Frá *Sveini Ólafssyni og Haraldi Guðmundssyni.*
Við 22. gr. XIII. Nýir liðir:
a. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 120000 kr. láni fyrir ný-

stofnað samvinnufélag á Eskifirði til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meiru en $^4/_5$ af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskiveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Eskifjarðarhrepps og 1. veðrétti í skipunum. Forstöðumaður og annar endurskoðandi félagsins skulu samþykktir af ríkisstjórninni. (Endurveiting 90000 kr.).

b. Að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir láni til kaupa á fiskiskipum, allt að $^4/_5$ kaupverðs skipanna fullbúinna til fiskiveiða, samtals allt að 100000 kr. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar og 1. veðrétti í skipunum. Ráðning forstöðumanns og annars endurskoðanda skal samþykkt af ríkisstjórninni. (Endurveiting).

Ed. 367. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samkomulagi um viðskiptamál milli Íslands og Noregs.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er þann veg vaxið, að breytingar verða ekki á því gerðar, og liggur því ekki annað fyrir en annað tveggja að samþykkja það eða hafna.

Um kosti og galla samnings þess, er frv. gerir ráð fyrir að lögfesta, hefir verið svo mikið rætt og ritað, að nefndin sér ekki ástæðu til í nefndaráliti að bæta þar við. Munu nefndarmenn gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins við umræður í deildinni.

Alþingi, 7. apríl 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Jakob Möller, fundaskrifari.	Magnús Torfason.

Ed. 368. Lög

um bann gegn jarðraski við sjó í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum.

(Afgreidd frá Ed. 7. apríl).

1. gr.

Í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, malartaka og annað jarðrask í fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé, að ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta

nær þó ekki til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnargerða eða annara mannvirkja.

2. gr.

Ákvæði þessara laga gilda 500 m. út fyrir takmörk verzlunarlóða og 800 m. frá byggð í sjávarþorpum, til beggja handa meðfram fjöru.

3. gr.

Nú hagar þannig til, að áhættulaust virðist að taka efni í landi, sem ofangreind ákvæði ná til, og getur þá landeigandi leyft jarðraskið á ákveðnu svæði með samþykki vitamálastjóra, að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Slíkt leyfi má ekki veita til lengri tíma en 5 ára í senn, en það má endurnýja með samþykki vitamálastjóra, ef það er þá talið hættulaust. Nú þykir einhverjum rétti sínum hallað, og getur hann þá skotið ákvörðun vitamálastjóra til ráðherra, og er úrskurður hans um málið fullnaðarúrskurður.

Nú hefir leyfi verið fengið, og ber þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd að auglýsa og merkja á fullnægjandi hátt, á hvaða svæði efnisnámið sé leyft.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum frá 20 til 500 kr., er renna í sveitarsjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Nd. 369. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 11. júlí 1911, um vitagjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og komizt að raun um, að rökin, sem fram eru færð í greinargerð þess, eru rétt, og leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Fyrirsögn frv. verði:
Frv. til laga um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um vitagjald.

Alþingi, 7. apríl 1933.

H. Stefánsson, form.	Ólafur Thors, frsm.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.
Bernh. Stefánsson.	Hannes Jónsson.	

Nd. **370. Frumvarp**

til laga um sjúkrahús o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Enginn má setja á stofn eða starfrækja undir neinu nafni sjúkrahús, sjúkraskýli, geðveikrahæli, heilsuhæli, hjúkrunar- eða hressingarheimili, baðstaði, nuddstofur, ljóslækningastofnanir, fæðingarheimili, elliheimili, barnahæli eða aðrar tilsvarandi heilbrigðisstofnanir, nema með leyfi ráðherra.

Sama gildir um breytingar á húsakynnum og starfrækslu slíkra stofnana, enda skipti breytingarnar einhverju máli.

2. gr.

Beiðni til ráðherra um leyfi samkvæmt 1. grein skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunarinnar og hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og löndum og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingum á húsakynnum, innanstokksmunum og áhöldum, ennfremur greinargerð um eigendur stofnunarinnar og fjárhagsástæður hennar og loks skýrsla eða áætlun um stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag, hversu mörgum sjúklingum eða vistmönnum henni er ætlað að taka á móti og með hverjum kjörum o. s. frv.

Ráðherra veitir ekki leyfið, nema stofnunin verði talin fullnægja heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún leysi á viðunandi hátt þau verkefni, sem henni er gert að leysa, enda leiði hún ekki til óheilbrigðrar samkeppni við tilsvarandi opinberar stofnanir á sama stað eða í grennd.

Leita skal staðfestingar ráðherra á reglugerðum um starfrækslu sjúkrahúsa og annara stofnana, sem um getur í lögum þessum, og getur ráðherra krafizt, þegar honum þykir ástæða til, að slíkar reglugerðir séu settar.

3. gr.

Heilbrigðisyfirvöld skulu jafnan eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum þeim, sem um getur í lögum þessum.

4. gr.

Við hvert sjúkrahús eða stofnun, sem tekur sjúklinga til dvalar og lækninga, skal vera sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir.

Sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir annast að jafnaði öll læknisstörf eða hefir yfirumsjón með öllum læknisstörfum við sjúkrahúsið. Hann hefir lækniseftirlit með rekstri sjúkrahússins, er til andsvara heilbrigðisyfirvöldum, stendur skil á skýrslum þeim, sem af sjúkrahúsinu kunna að verða heimtaðar, o. s. frv.

Ef sjúkrahús er í fleiri en einni deild, má sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir vera fyrir hverri deild.

Nú er heimilað, að fleiri en einn læknir starfi sjálfstætt við eitt og sama sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, og skal þá engu síður vera sérstakur yfirlæknir

við sjúkrahúsið eða deildina, og eins þó að sjúkrahúsið eða deildin sé opin fyrir alla lækna.

5. gr.

Héraðslæknar skulu teljast hæfir til að vera sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar við almenn sjúkrahús eða sjúkraskýli, hver innan síns héraðs, enda séu þau sjúkrahús eða sjúkraskýli við hæfi héraðanna og taki ekki yfir 20 sjúklinga.

Að öðrum sjúkrahúsum eða stærri má ekki ráða sjúkrahúslækni eða yfirlækni, nema að fenginni viðurkenningu ráðherra fyrir því, að hann sé til þess hæfur.

Í reglugerð, sem læknadeild háskólans semur og ráðherra staðfestir, má setja reglur um þær kröfur, sem gera ber til lækna til þess að þeir eigi rétt á að teljast hæfir sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar við sjúkrahús og sjúkrahúsdeildir.

6. gr.

Nú hefir sveitar- (bæjar- eða sýslu-) stjórn eða stjórnir innan læknishéraðs samþykkt að stofna eða starfrækja fyrir læknishéraðið sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, eða að taka þátt í stofnun eða starfrækslu sjúkrahúss eða sjúkraskýlis með sveitarfélögum annars héraðs eða héraða, einstökum mönnum eða félögum, en samþykki annara sveitarstjórna innan læknishéraðsins ekki náðst, og getur þá ráðherra gert samþykktina skuldbindandi fyrir öll sveitarfélög læknishéraðsins, ef meiri hluti héraðsbúa er innan þeirra sveitarfélaga, sem að samþykktinni standa.

Ráðherra getur þó leyst einstök sveitarfélög eða hluta sveitarfélaga undan þátttökunni, ef þau teljast ekki geta haft veruleg not fyrirtækisins eða eiga hægara með að hafa not annarar tilsvarandi stofnunar, enda taki þau þátt í starfrækslu hennar.

7. gr.

Þegar samþykkt hefir verið, að sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félög reisi eða starfræki eða taki þátt í að reisa eða starfrækja, beinlínis eða með einhverskonar styrkveitingum eða hlunnindum, sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, skulu sveitarfélögin og þeir aðrir, er að fyrirtækinu standa, gera samning um þátttökuna, hluttöku í stofnkostnaði og rekstri, hvernig eign og ábyrgð skiptist á milli aðila, hvernig fyrirtækinu skuli stjórnað og það annað, er fyrirtækið varðar.

Rétt er að miða þátttöku sveitarfélaganna í kostnaðinum við hlutfallslegan fólksfjölda þeirra, aðstöðu til að hafa not af stofnuninni, og þegar um læknisbústað er að ræða, kostnað við læknisvitjanir úr hinum einstöku sveitum.

Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á samningum þeim, sem hér um ræðir. Ef ágreiningur er á milli sveitarfélaga um einstök atriði, sker ráðherra úr.

8. gr.

Nú vilja eigendur eða forráðamenn sjúkrahúsa, sjúkraskýlis, læknisbústaðar eða annarar heilbrigðisstofnunar, sem um getur í lögum þessum og reist

hefir verið með styrk úr ríkissjóði, hætta að starfrækja hana, og skulu þeir þá tilkynna það ráðherra, sem getur krafizt endurgreiðslu á ríkissjóðsstyrknum, ef stofnunin er lögð niður eða þeirri starfrækslu hætt, sem hún var upphaflega ætluð til. Á ríkissjóður þá kröfu til jafnmikils hluta af þáverandi verðmæti eignarinnar, sem ríkissjóðsstyrkurinn telst hafa verið af kostnaðarverði hennar, og hvílir veð á eigninni næst á eftir áður áhvílandi veðkröfum fyrir kröfuupphæðinni.

Nú hefir ríkissjóður lagt fram fé til þess að reisa heilbrigðisstofnun, sem lög þessi ná til, og má þá ekki, án samþykkis ráðherra, veðsetja hana fyrir öðrum skuldum en þeim, sem stafa af stofnkostnaði hennar, viðaukum eða endurbótum.

9. gr.

Sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir, sem um getur í lögum þessum og ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir sameiginlegri yfirstjórn fimm manna nefndar, er ráðherra skipar. Það er verkefni nefndarinnar að skipuleggja rekstur þessara stofnana og samræma hann þeim til hagsbóta, koma á samvinnu á milli þeirra, eftir því sem hagkvæmt þykir, láta þær koma fram sem eina heild við samninga um vörukaup og annað o. s. frv. Að öðru leyti ákveður ráðherra verksvið nefndarinnar.

10. gr.

Sjúkrahús, sjúkraskýli, læknisbústaðir og aðrar stofnanir, sem um getur í lögum þessum og eru í eigu sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga eða starfrækt af þeim, þegar lög þessi ganga í gildi, eru undanþegin því að sækja um leyfi til starfrækslunnar samkvæmt fyrri málsgrein 1. greinar þessara laga.

Nú vilja slíkir opinberir eigendur eða þátttakendur í starfrækslu sjúkrahúss, sjúkraskýlis eða læknisbústaðar koma betra skipulagi á sameignina eða hinn sameiginlega rekstur með því að komast undir ákvæði 6. og 7. gr. þessara laga, og getur þá ráðherra gert það heimilt, ef fyrir liggja tilsvarandi samþykktir um það og 6. gr. mælir fyrir um, þegar um nýjar stofnanir eða starfrækslu er að ræða. Ekki má þó gegn vilja sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga úrskurða þau þannig eftir á til að taka á sig kvaðir vegna eignarhlutdeildar í sjúkrahúsum, sjúkraskýlum eða læknisbústöðum, er fari fram úr sannvirði þess eignarhluta, er þá fellur til þeirra, að mati dómkvaddra manna.

11 gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 10 þús. kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **371. Frumvarp**

til laga um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Meðalalýsi lýsi til manneldis, sem er unnið úr fisklifur, samkvæmt skilmerkingu viðurkenndrar lyfjaskrár (pharmacopoea).

Lýsisverkun hverskonar hreinsun á meðalalýsi, svo og aðskilnað á efnum þess, með eða án kælingar.

Lýsismatsmaður hvern þann undirlýsismatsmann, sem lýtur yfirlýsismatsmanni.

2. gr.

Hver, sem ætlar að vinna eða verka meðalalýsi til sölu innanlands eða til útlanda, skal sækja um leyfi til atvinnumálaráðuneytisins, áður en starfrækslan hefst, og hlíta fyrirmælum þess um meðferð lifrar og lýsis.

3. gr.

Meðalalýsisvinnsla og verkun meðalalýsis má aðeins fara fram í löggiltum vinnslustöðvum og verkunarstöðvum, hvort heldur er á sjó eða landi.

Atvinnumálaráðuneytið löggildir lýsisvinnslustöðvar og lýsisverkunarstöðvar, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns, reglur um útbúnað löggiltra lýsisvinnslustöðva og lýsisverkunarstöðva. Nú fullnægir löggilt lýsisvinnslustöð eða lýsisverkunarstöð ekki lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingunni, og ber yfirlýsismatsmanni þegar að skýra ráðuneytinu frá því. Setur ráðuneytið umráðamönnum stöðvarinnar hæfilegan frest til þess að kippa því í lag, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins setta frests.

4. gr.

Allt meðalalýsi, sem er selt innanlands eða flutt á erlendan markað, skal vegið, metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af lýsismatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirlýsismatsmanns. Flokkun lýsisins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns og nokkurra helztu útflytjenda, reglur um rannsókn, flokkun, umbúðir og merkingu lýsisins og meðferð.

Meðalalýsissendingu til útlanda, sem er yfir 10 kg., skal fylgja vottorð um þunga, tegund og gæði lýsisins, eftir nánari ákvæðum ráðuneytisins, og skal vottorðið vera ritað á farmskírteinið fyrir sendingunni.

5. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum Lýsissamlags íslenzkra botnvörpunga, einn yfirlýsismatsmann til að hafa umsjón með verkun og mati á meðalalýsi. Skal hann hafa fullkomna þekkingu á öllu því, er lýtur að meðferð þess og flokkun.

Ráðuneytið setur, í samráði við Lýsissamlag íslenzkra botnvörpunga, yfirlýsismatsmanni reglur um störf hans.

Ekki má yfirlýsismatsmaður þiggja þóknun hjá þeim, sem eru riðnir við lýsisvinnslu eða útflutning, né heldur hafa með höndum sölu á lýsi til útlanda eða innanlands.

Árleg laun yfirlýsismatsmanns skulu vera 1500 krónur.

Auk ferðakostnaðar eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, skal yfirlýsismatsmaður fá kr. 4.00 í fæðispeninga á dag meðan hann er frá heimili sínu vegna starfa síns sem yfirlýsismatsmaður. Allur kostnaður, sem af starfsemi hans leiðir, greiðist úr ríkissjóði.

Yfirlýsismatsmaður skal vera búsettur í Reykjavík eða grennd.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar lýsismatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirlýsismatsmanns.

Lýsismatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

Ráðherra ákveður kaup lýsismatsmanna í samráði við yfirlýsismatsmann, og greiða þeir það, sem mats beiðast. Eigi mega lýsismatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta fyrir.

Nú vanrækir lýsismatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi yfirlýsismatsmanns, og skal yfirlýsismatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega lýsismatsmanni endanlega frá, eftir rannsókn á máli hans, og skipar annan í hans stað.

7. gr.

Nú vinnur einhver meðalalýsi eða verkar það, eða flytur út meðalalýsi án þess að gæta fyrirmæla þessara laga, og varðar það sektum frá 50—5000 krónum.

Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingar fyrir brot yfirlýsismatsmanns og lýsismatsmanna gegn ákvæðum laganna fer sem um brot opinberra starfsmanna almennt.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá 1. janúar 1931, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42 1917, um lýsismat.

Nd. **372. Frumvarp**

til laga um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt það feitmeti, sem líkist smjöri, hver sem uppruni þess er eða samsetning, þegar í því eru einhver fituefni, sem ekki eiga rót sína að rekja til mjólkur.

Ostlíki nefnist ostur, sem í er önnur feiti en mjólkurfeiti.

Rjómalíki nefnist feitijafningur, sem líkist rjóma, en er ekki eingöngu gerður úr mjólkurefnum.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu, en önnur feiti er í en mjólkurfeiti.

Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlíkisgerð, eftirlit með smjörlíkisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Bannað er að framleiða smjörlíki þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, og eigi má nota sömu tæki til skiptis við framleiðsluna.

3. gr.

Hver, sem ætlar sér að búa til smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, skal tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu minnst 2 mánuðum áður en starfsemi byrjar. Atvinnumálaráðuneytið lætur þá þann, er það hefir falið eftirlit með smjörlíkisgerðum, eða þegar nauðsyn ber til, annan þar til hæfan mann, skoða húsakynnin. Sé þeim ábótavant, má starfsemin eigi byrja fyrr en breytingar eru gerðar, sem fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til húsnæðis og áhalda.

Sé breyting gerð á húsnæði, eða nýtt húsnæði fengið fyrir smjörlíkisgerð, þarf einnig til þess samþykki eftirlitsmanns.

Smjörlíkisgerð má eigi, án samþykkis atvinnumálaráðherra, vera í húsnæði, þar sem önnur starfsemi er höfð með höndum.

Smjörlíkisgerðum er skylt að halda bækur yfir framleiðsluna, og skulu þær um hver áramót senda eftirlitsmanni smjörlíkisgerða nákvæma skýrslu um, hve framleiðslan hefir verið mikil af smjörlíki eða öðrum vörum, sem ræðir um í lögum þessum, á árinu. Einnig skulu þær tilkynna honum, hve mikið hafi verið notað af hverri tegund fituefna til framleiðslu varanna, þar á meðal af mjólk, rjóma og smjöri.

Þess skal gætt, að framleiðslan sé þrifaleg og að fylgt sé nauðsynlegum heilnæmisreglum við hana. Atvinnumálaráðherra getur sett reglur um bókhald og skýrslur smjörlíkisgerða, svo og hverjar kröfur eru gerðar til þrifnaðar o. fl.

4. gr.

Þegar vörur þær, sem um getur í 1. gr. laga þessara, eru boðnar til sölu, sýndar eða auglýstar, fluttar inn í landið eða út úr því, skulu þær nefndar, eftir því sem við á, smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, svo og skal geta nafns framleiðanda. Bannað er, að orðin smjör, mjólk og rjómi eða nokkur orð eða myndir, sem minnt geti á landbúnaðarafurðir, séu notuð í sambandi við vörur þær, sem lög þessi fjalla um, á nokkurn annan hátt en í vöruheitunum sjálfum, svo sem þau eru skilgreind í 1. gr.

5. gr.

Í smjörlíki á að vera að minnsta kosti 80% fituefni og eigi meira en 16% vatn. Smjörlíki og önnur þau efni, sem nefnd eru í 1. gr., mega ekki vera blönduð öðrum efnum til varnar skemmdum en matarsalti, og eigi vera lituð með efnum, sem eru hættuleg fyrir heilsu manna, og hefir atvinnumálaráðherra úrskurðarvald um þau efni.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra getur, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, ákveðið, að í öllu smjörlíki, sem framleitt er hér á landi til sölu, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri. Skylt er að blanda erlent smjörlíki, sem selt er hér á landi, sama hundraðshluta af íslenzku smjöri og ákveðið er um innlent smjörlíki á sama tíma. Skal sú blöndun fram fara hér á landi og undir sama eftirliti og íslenzku smjörlíkisgerðirnar eru háðar.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um þetta, eftir því sem þurfa þykir.

Annars er bannað að verzla með smjör, sem á annan hátt en segir í þessari grein er blandað smjörlíki eða öðrum fituefnum en mjólkurfeiti.

7. gr.

Í öllu mjólkurlíki og rjómalíki, sem búið er til eða notað í landinu, skal vera litarefni, sem greini það glögglega frá mjólk og rjóma. Atvinnumálaráðherra ákveður, hver litarefni skuli notuð og hve mikið af þeim.

8. gr.

Í öllu smjörlíki, ostlíki, rjóma- og mjólkurlíki skulu vera 2‰ af hreinni jarðeplasterkju.

9. gr.

Á umbúðum alls innlends smjörlíkis skal standa skýru letri orðið Smjörlíki ásamt nafni smjörlíkisgerðar þeirrar, sem vöruna hefir framleitt. Um innflutt smjörlíki gilda sömu ákvæði, þó svo, að fyrir orðið Smjörlíki má standa Margarine, en á umbúðum standi ávallt með greinilegu letri orðið Útlent. Þessi ákvæði taka einnig til smjörlíkis, sem selt er í lausri vigt í sölubúðum.

Nú er smjörlíki selt mótað, og skal þá þungi skökunnar vera ¼, ½ eða ¼ kg., og skal skrá það á umbúðirnar.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari reglur um umbúðir og merkingu á vörum þeim, sem lög þessi fjalla um, svo og um hámarksverð á smjörlíki, sem blandað er smjöri.

10. gr.

Atvinnumálaráðuneytið sér um, að ákvæðum laga þessara sé fylgt, og getur ráðuneytið falið forstöðumanni efnarannsóknarstofu ríkisins eftirlit með starfsemi smjörlíkisgerðanna.

Eftirlitsmanni skal jafnan heimill aðgangur að smjörlíkisgerðum þeim, sem honum er falið eftirlit með. Er honum heimilt að taka sýnishorn til rannsóknar, bæði af hráefnum og fulltilbúnum vörum. Forstöðumönnum smjörlíkisgerða er skylt að veita eftirlitsmanni þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, og sýna honum framleiðslubækur þær, sem nefndar eru í 3. gr.

Eftirlitsmaður hefir þagnarskyldu um allt, sem lýtur að framleiðslu og rekstri smjörlíkisgerða, og má ekki sjálfur notfæra sér eða láta öðrum í té upplýsingar, sem hann kann að fá um sérstakan útbúnað eða aðferðir hverrar verksmiðju.

11. gr.

Lögreglustjórum er falið eftirlit með rekstri smjörlíkisgerða og útsölustöðum í samráði við eftirlitsmann, og skal þeim jafnan heimilt að taka til rannsóknar sýnishorn af hráefnum og vörum þeim, er smjörlíkisgerðirnar framleiða.

Lögreglustjórar og tollstjórinn í Reykjavík hafa eftirlit með inn- og útflutningi á vörum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., og hafa rétt til að láta rannsaka þær.

12. gr.

Til greiðslu á kostnaði við eftirlit og framkvæmd þessara laga getur atvinnumálaráðuneytið lagt gjald á verksmiðjur þær, sem framleiða þær vörur, sem nefndar eru í lögunum. Gjaldið skal miða við framleiðslu verksmiðjanna, og má fela eftirlitsmanni innheimtu þess.

Gjald það, sem verksmiðjunum ber að greiða, má taka lögtaki.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál, nema um brot á hegningarlögunum sé að ræða.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla úr gildi lög nr. 38, 20. júní 1923, um verzlun með smjörlíki og líkar iðnaðarvörur, tilbúning þeirra m. m., og lög nr. 28, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 38, 20. júní 1923, um verzlun með smjörlíki o. s. frv.

Ed. **373. Breytingartillögur**

við frv. til laga um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 13. gr. c. Í stað orðanna „jafnmikið og ríkissjóði“ komi: helming móts við ríkissjóð.
2. Við fyrirsögnina. Fyrir „sveitarfélaga“ komi: hreppsfélaga.

Ed. **374. Breytingartillögur**

við frv. til l. um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga.

I. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
Við 5. gr. Fyrir „hreppnum“ í næstsíðustu línu komi: sveitarfélaginu.
II. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 10. gr. Aftan við „til almennra afnota“ í 3. málsgr. komi: og eru að fasteignamati ekki meira en 20000 kr.

Ed. **375. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 374 „Fjárþröng sveitarfélaga“.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við II. Fyrir „20000“ kemur: 30000.

Nd. **376. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

I. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 3. gr. A. Sundurliðun. Síminn. Eignahreyfingar. Út. III. (Nýjar símalínur).
a. Liðurinn hækki um 35000 kr.
b. Við aths. bætist:
Þar af 35 þús. kr. til símalínu frá Sandeyri um Stað í Grunnavík til Hesteyrar.
II. Frá *Jónasi Þorbergssyni.*
1. Við 12. gr. 10. B. 8. (Ýms gjöld landsspítalans).
a. Fyrir „16500“ kemur 20000

b. Við liðinn kemur aths.
Þar af 3500 kr. til þess að leggja útvarpsleiðslur og heyrnartæki að rúmum sjúklinga.

2. Við 12. gr. 16. b. (Læknisbústaðir og sjúkraskýli).
a. Fyrir „5000“ kemur 6000
b. Við liðinn kemur aths.:
Þar af 1000 kr. til sjúkraskýlis í Búðardal.

III. Frá *Bernh. Stefánssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 12. (Öxnadalsvegur).
Fyrir „7000“ kemur 10000

IV. Frá *Pétri Ottesen* og *Ólafi Thors.*
Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Fyrir „78000“ kemur 78300

V. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. Nýr liður:
Til viðgerðar á öldubrjótnum í Bolungavík 20000
Til vara 10000

VI. Frá *Bernh. Stefánssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. Nýr liður:
Til öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn tvöföldu tillagi frá hafnarsjóði Siglufjarðar 200000

VII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka, ef fé er fyrir hendi, helmingur kostnaðar, allt að 20000

VIII. Frá *landbúnaðarnefnd.*
Við 14. gr. B. II. e. Nýr liður:
Til Samúels Ketilssonar stúdents, til framhaldsnáms í sútunarefnafræði og leðuriðnaðarverkfræði 1500

IX. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 14. gr. B. II. e. Nýr liður:
Til Jóns Gíslasonar, til lokanáms í málfræði í Þýzkalandi 1500

X. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 15. gr. 10. Nýr liður:
Til ferðamannaskrifstofu Íslands 2500
Til vara 2000

XI. Frá *Pétri Halldórssyni* og *Ólafi Thors.*
Við 15. gr. 21. Nýr liður:
Til Péturs Á. Jónssonar söngvara 1500

XII. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við 15. gr. 40. Nýr liður:
Til Skáksambands Íslands upp í ferðakostnað 5 taflmanna á alþjóðaskákþing í Englandi sumarið 1933 1500
Til vara 1000

XIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 16. gr. 2. (Sandgræðsla).
a. Fyrir „30000“ kemur 32000
b. Við aths. bætist: og 2000 kr. til sandvarnargarðs fyrir Óseyrarneslandi.

XIV. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 16. gr. 9. b. Nýr liður:
Til Skógræktarfélags Skagfirðinga 750

XV. Frá *Magnúsi Jónssyni, Bernh. Stefánssyni* og *Héðni Valdimarssyni.*
Við 16. gr. 36. Liðinn skal orða svo:
Til vinnumiðstöðvar kvenna 1600

XVI. Frá *Þorleifi Jónssyni.*
Við 16. gr. 47. Nýr liður:
Til að verja engjalönd í Mýrahreppi eyðingu af vatnságangi úr Hornafjarðarfljótum, gegn ¼ annarsstaðar að 3300

XVII. Frá *Jóni Ólafssyni* og *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 16. gr. 48. Nýr liður.
Til Búnaðarbanka Íslands, til greiðslu á viðlagasjóðsláni frá 1928 til byggingar gistiskála í Múlakoti í Fljótshlíð 2500

XVIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 17. gr. 7. (Slysavarnir).
a. Fyrir „8000“ kemur 15000
b. Við aths. bætist málsgrein:
Af framlagi þessu skal verja allt að 7000 kr. til simalagninga að Hjörsey og Straumfirði á Mýrum.

XIX. Frá *Ólafi Thors.*
Við 18. gr. II. g. 10. Nýr liður:
Til Guðmundar Kambans 1800

XX. Frá *Sveinbirni Högnasyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 18. gr. II. i. 26. Nýr liður:
Til Ólafar Vilborgar Sigurðardóttur fyrrv. ljósmóður .. 300

XXI. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 22. gr. I. (Sýslumannshúsið í Borgarnesi).
Liðurinn fellur burt.
2. Við 22. gr. VI.—VII. (Greiðslur úr lífeyrissjóði).
Í stað VI.—VII. tölul. kemur einn liður, svo hljóðandi:
Að greiða eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans vegna Jóns Halldórssonar fyrrv. ríkisféhirðis úr lífeyrissjóði embættismanna það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn.

XXII. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að endurgreiða Lárusi Bjarnasyni skólastjóra úr líf-

eyrissjóði embættismanna það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn, án vaxta.

XXIII. Frá *Hannesi Jónssyni.*

Við 22. gr. VI. Nýr liður:

Að endurgreiða Páli Kr. Pálssyni, fyrrv. starfsmanni pósthússins í Reykjavík, úr lífeyrissjóði embættismanna það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn.

XXIV. Frá *Bergi Jónssyni, Ólafi Thors* og *Haraldi Guðmundssyni.*

Við 22. gr. IX. Nýr liður:

Að veita Jóni Leifs tónskáldi allt að 10 þús. kr. lán til prentunar eigin tónsmíða og íslenzkra þjóðlaga, gegn þeim skilyrðum, er stjórnin ákveður.

XXV. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 22. gr. XIII. Nýr liður:

Að ábyrgjast allt að 100 þús. kr. lán fyrir Vestmannaeyjakaupstað, gegn fullum tryggingum.

XXVI. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*

Við 22. gr. XIII. Nýr liður:

Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 60000 kr. láni handa samvinnufélaginu „Grími“ í Borgarnesi, til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meiru en ⅘ af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskiveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Borgarneshrepps og 1. veðrétti í skipunum. Forstöðumaður og annar endurskoðandi félagsins skulu samþykktir af ríkisstjórninni.

XXVII. Frá *Bernh. Stefánssyni.*

1. Við 22. gr. XIII. Nýr liður:

Að ábyrgjast lán, allt að 400000 kr., fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar, til byggingar öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

2. Við 22. gr. XIII. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 70 þús. kr. rekstrarlán, er greiðist upp á hverju ári.

Nd. 377. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Fyrir 1. lið í 1. gr. laganna komi:

1. a. Af allskonar öli kr. 0,80 af hverjum lítra.

b. Af límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum lítra.

Fyrir 8. og 9. lið í 1. gr. laganna komi:

8. a. Af óbrenndu kaffi allskonar kr. 0,60 af hverju kg.
   b. Af brenndu kaffi allskonar kr. 0,80 af hverju kg.
9. Af kaffibæti allskonar kr. 1,60 af hverju kg.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er farið fram á að hækka innflutningstollinn á öli úr 30 aurum upp í 80 aura af hverjum lítra og á kaffibæti úr 60 aurum upp í 1 kr. 60 aura af hverju kilogrammi. Að viðbættum núgildandi gengisviðauka (25%) er tollurinn af öli nú 38 aur., en yrði eftir frumvarpinu 1 kr. á lítra, og af kaffibæti nú 75 aur., en yrði 2 kr. af kg. eftir frumvarpinu.

Ástæðan fyrir hækkunartillögum þessum er sú, að tolltekjur ríkissjóðs af þessum tveim tollvörutegundum hafa lækkað stórkostlega síðan sú breyting varð á, að tekið hefir svo að segja alveg fyrir innflutning þessara vörutegunda, en þær verið búnar til hér innanlands. Þó tollvörugjald sé á vörum þessum er þær eru búnar til hér innanlands og þótt neyzla þeirra hafi aukizt nú undanfarið, þá er tollvörugjaldið svo lágt í samanburði við innflutningstollinn, að tolltekjur ríkissjóðs af þeim eru nú aðeins lítið brot af því, sem áður var. Ríkissjóður fær svo að segja engar tolltekjur heldur af innfluttum hráefnum í vörur þessar, til ölgerðar fara aðallega korntegundir, sem eru alveg aðflutningsgjaldafríar, og í kaffibæti fer nærri eingöngu síkoríurætur, en á þeim er aðeins vörutollur 60 aurar af hverjum 10 kg., en verðtollsfríar samkv. lögum nr. 50 31. maí 1927, 3. gr., hvort sem þær eru brenndar eða óbrenndar, og séu þær innfluttar brenndar, er tilbúningur kaffibætis úr þeim mjög einfaldur.

Innlenda tollvörugjaldið er lögleitt með lögum nr. 50 31. maí 1927, og er tollvörugjaldið miðað við innflutningsgjald það, sem á vörunni hvílir samkvæmt tollögunum á hverjum tíma, nánara ákveðið brot af innflutningsgjaldinu. Þau fyrirtæki, sem störfuðu að framleiðslu þessara vara hér þegar lögin öðluðust gildi, fengu þó í lögunum ívilnun fyrir nánara tilgreint vörumagn af framleiðslu sinni, og voru þær ívilnanir auknar með lögum nr. 42 8. sept. 1931.

Af *öli* er innlenda tollvörugjaldið nú 12⅔ aur. fyrir hvern lítra af því vörumagni, sem ekki nýtur ívilnunar, en 6⅓ aur. fyrir hvern lítra af því vörumagni, sem nýtur ívilnunar. Árið *1932* var ölneyzlan hér á landi *493202* lítrar, sem allt var búið til hér í landinu.

Af *kaffibæti* er innlenda tollvörugjaldið nú 37½ aur. fyrir hvert kilogram af því vörumagni, sem ekki nýtur ívilnunar, en 12½ aur. fyrir hvert kilogram af því vörumagni, sem nýtur ívilnunar. Árið *1931* (fyrir 1932 eru ekki enn fyrir hendi fullnægjandi skýrslur) var kaffibætisneyzlan hér á landi *222147* kg. Þar af voru 203749 kg. innflutt, en 18398 kg. framleidd og seld hér á landi. Það

má ganga að því vísu, að kaffibætisneyzlan verði ekki minni hér eftir en hún var 1931 og að allur kaffibætirinn verði tilbúinn hér á landi.

Ef framangreint árlegt neyzlumagn þessara tveggja nefndu vörutegunda er lagt til grundvallar, yrðu tolltekjur ríkissjóðs af vörutegundum þessum svo sem hér segir:

Öl:

Tollur samkvæmt lögum nr. 41 1921, ef allt magnið væri innflutt	kr.	187416,76
Innlent tollvörugjald samkvæmt lögum nr. 50 1927, ef allt magnið væri framleitt hér á landi	—	28799,27
Innlent tollvörugjald samkvæmt lagafrumvarpi þessu, ef allt magnið væri framleitt hér á landi	—	88331,18
Tekjuauki ríkissjóðs af öli yrði þá eftir lagafrumvarpi þessu	*kr.*	*59531,91*

Kaffibætir:

Tollur samkvæmt lögum nr. 41 1921, ef allt magnið væri innflutt	kr.	166610,25
Innlent tollvörugjald samkvæmt lögum nr. 50 1927, ef allt magnið væri framleitt hér á landi	—	52477,63
Innlent tollvörugjald samkvæmt lagafrumvarpi þessu, ef allt magnið væri framleitt hér á landi	—	139940,29
Tekjuauki ríkissjóðs af kaffibæti yrði þá eftir lagafrv. þessu	*kr.*	*87462,66*

Nd. 378. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 40 20. júní 1923, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin getur ekki fallizt á, að ástæða sé til að gera mun á undanþáguákvæðunum frá skattskyldu kvikmyndahúsa af skemmtunum eftir því, hvort um er að ræða einkarekstur eða bæjarrekstur kvikmyndahúsanna. Hinsvegar væntir nefndin þess, að því megi fulltreysta, að ekki sé beitt öðrum reglum eða strangari við ákvörðun skattskyldunnar við kvikmyndahús, sem rekin eru af bæjarfélögum, heldur en við þau, sem eru í einkarekstri.

Með þessum rökum leggur nefndin til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 8. apríl 1933.

H. Stefánsson, form., frsm.
Jón A. Jónsson, fundaskr., með fyrirvara.
Ólafur Thors.
Hannes Jónsson.
Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.

Nd. 379. Frumvarp

til laga um dráttarvexti.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Bannað er sjóðum og lánsstofnunum, hverju nafni sem nefnast, að taka hærri dráttarvexti en ¾% — þrjá fjórðu af hundraði — á mánuði af vaxtaupphæð þeirri, er greiðsludráttur hefir orðið á, og telst brot af mánuði heill mánuður.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll ákvæði laga, er koma í bága við þessi lög.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Nd. 380. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um dráttarvexti.

Frá Halldóri Stefánssyni og Guðbrandi Ísberg.

Við 1. gr. Í stað orðanna „af vaxtaupphæð þeirri“ komi: af afborgana- og vaxtaupphæð þeirri.

Nd. 381. Lög

um breyting á lögum nr. 45 3. nóv. 1915, um ullarmat.

(Afgreidd frá Nd. 8. apríl).

1. gr.

Fyrir orðin „Öll vorull og þvegin haustull“ í upphafi 1. gr. laganna komi: Öll ull.

Orðin „og samrit af vottorðinu ritað á farmskrána“ í niðurlagi þriðja málsl. sömu greinar falli niður.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svolátandi, og breytist greinatala laganna eftir því:

Ráðherra getur lagt bann við því, að verzlanir kaupi ómetna ull eða taki hana í umboðssölu. Ennfremur má leggja bann við því, að verzlanir kaupi

óþvegna vorull, nema ullin sé metin og hlutaðeigandi verzlanir starfræki ullarþvottahús, sem sé svo fullkomið, að dómi ullarmatsmanns, að meðferð og mat ullarinnar geti verið í góðu lagi.

3. gr.

Upphaf 2. gr. laganna orðist þannig:

Sameiginlegt merki á allri ull, sem flutt er út frá Íslandi, skal vera stimpill með nafni landsins.

4. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einn af yfirullarmatsmönnum, sá er ráðherra skipar til þess, skal jafnframt vera ráðunautur stjórnarinnar í öllu því, sem að ullarmati lýtur, og nefnist hann ullarmatsformaður. Skal hann og veita ullarmatsmönnum og yfirullarmatsmönnum fræðslu um framkvæmd ullarmatsins og flokkun ullarinnar, og er yfirullarmatsmönnum og ullarmatsmönnum skylt að haga ullarmatinu eftir fyrirmælum hans, og má leita úrskurðar hans, ef ágreiningur verður um ullarmatið. Ráðuneytið tiltekur nánar starfsvið hans, eftir því sem þurfa þykir.

5. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist þannig:

Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 800 kr., en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 400 kr. til hvers þeirra og greiðast úr ríkissjóði.

6. gr.

Orðin „allt að 200 kr. hver þeirra“ í niðurlagi 8. gr. laganna falla burt.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 45 1915 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 382. Þingsályktun

um innlenda lífsábyrgðarstofnun.

(Afgreidd frá Nd. 8. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til laga um innlenda lífsábyrgðarstofnun.

Ed. **383. Nefndarálit**

um frv. til ábúðarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefir legið fyrir öllum aðalþingum síðan 1929; er upphaflega samið af milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum.

Meginmark frv. er að tryggja betur en nú rétt leiguliðanna í landinu, sem er allt að því helmingur bændastéttarinnar, og svo hitt ekki síður, að leigujarðirnar verði betur setnar, þær verði bættar að húsum og ræktun o. s. frv. Þessu markmiði gerir frv. ráð fyrir að ná einkum með þessu þrennu:

1. að tryggja leiguliðum lífstíðarábúð, ef landeigandi þarf þær ekki handa sér né sínum.
2. að leggja skyldu á landsdrottin að leggja jörðinni til nægileg íbúðarhús og peningshús.
3. að tryggja leiguliða rétt til endurgjalds fyrir jarðabætur.

Mörg fleiri minni háttar ákvæði eru í frv., sem miða að sama marki.

Frv. fékk allrækilega endurskoðun í meðferð neðri deildar á síðasta þingi og hefir nú enn verið endurskoðað mjög vendilega af landbúnaðarráðherra og tekið mjög miklum endurbótum að dómi nefndarinnar.

Nefndin lítur því svo á, að í frumvarpinu sé um mjög verulegar réttarbætur að ræða, sem mjög æskilegt sé, að nái fram að ganga á þessu þingi. Hinsvegar telur hún rétt að gera á því fáeinar breytingar, sem grein verður gerð fyrir í framsögu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Orðin „trúnaðarmanns ... og“ í síðustu málsgrein greinarinnar falli burt.
2. Við 9. gr. Á eftir orðunum „að taka jörð“ í 2. málsgr. komi: eða jarðarpart.
3. Við 11. gr. Önnur málsgr. byrji svo: Vitalaust er þó landsdrottni, ef hann leggur til nothæf jarðarhús, er nema o. s. frv.
4. Við 12. gr.
   a. Á undan fyrstu málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Þegar endurreisa þarf jarðarhús eða auka við þau, er leiguliða skylt að leggja fram rif tófta, gröft allan og innlent efni, svo og aðdrætti á innlendu efni um allt að 2 km. veg og á útlendu efni um allt að 5 km. veg.
   b. Orðin „Leggur leiguliði ... gröft allan“ í 2. málsgr. falli burt.
   c. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Nú flytur leiguliði af jörð áður liðin eru 6 ár frá því hús voru reist á jörðinni, og á hann þá endurgjaldskröfu á landsdrottin á ⅙ af framlagi sínu fyrir hvert ár, sem vantar á þann tíma, allt samkv. mati úttektarmanna.

5. Við 14. gr. Aftan við 2. málsl. fyrstu málsgr. komi: að frádregnu framlagi leiguliða.
6. Við 15. gr. Orðin „búnaðarbankastjórnar og“ í 2. málsl. 1. málsgr. falli burt.
7. Við fyrirsögn III. kafla. Aftan við fyrirsögnina bætist: og leiguliða.
8. Við 23. gr. Orðið „hrognkelsaveiði“ í 2. málsgr. falli burt.
9. Við 25. gr. Niðurlag 1. málsgr. orðist svo: nema sérstakur samningur sé um annað og Búnaðarfélag Íslands samþykki eða lög mæli öðruvísi fyrir.
10. Við 30. gr. Fyrri málsl. annarar málsgr. orðist svo: Útbygging skal vera tvímælalaus og sannanleg.
11. Við 32. gr. Í stað orðanna „bréflega og við votta“ komi: þannig, að sannað verði.
12. Við fyrirsögn V. kafla. Fyrirsögnin: „V. kafli ... jarðarafgjöldum o. fl.“ falli burt.
13. Við 35. gr. Greinin falli burt.
14. Við 36. gr. Greinin færist aftur fyrir fyrirsögn VI. kafla.
15. Við 43. gr. Í stað orðanna „gildu standi“ í næstsíðasta málsl. 1. málsgr. komi: góðu lagi.
16. Við 55. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1934 og koma ákvæði þeirra til framkvæmda o. s. frv.

Alþingi, 10. apríl 1933.

Páll Hermannsson, form.	Jón Jónsson, frsm.	Pétur Magnússon, fundaskr.

Ed. 384. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að flytja inn nautgripi af brezku holdakyni.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að láta flytja inn nautgripi af brezku holdakyni, til hreinræktar og blendingsræktar hér á landi.

Kaupverð gripanna og annar kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Framkvæmd laganna og öll mál, sem standa í sambandi við þau, heyra undir atvinnumálaráðherra í samráði við Búnaðarfélag Íslands, rannsóknarstofu atvinnuveganna og dýralækna landsins, einkum dýralækninn í Reykjavík.

2. gr.

Vilji ríkisstjórnin nota heimild þá, sem henni er veitt í 1. gr., til innflutnings nautgripa, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands um það, hvert eða hver kyn skal flytja inn, og má þá eigi flytja inn önnur kyn en þau, sem það mælir með.

3. gr.

Nú eru nautgripir fluttir inn í landið samkvæmt heimild í lögum þessum, og gilda þá, eftir því sem við getur átt, öll hin sömu ákvæði um heilbrigði hinna innfluttu gripa, einangrun og sóttvarnir, sem sett eru í lögum nr. 27 8. sept. 1931, svo og ákvæði þeirra laga um brot og sektir.

4. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara setur atvinnumálaráðherra með reglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að ríkisstjórninni sé veitt heimild til þess að flytja inn nautgripi af brezku holdakyni til blendingsræktar, og liggja til þess þær ástæður, er nú skal greina.

Með því verði, sem nú er á sauðfjárafurðum, virðist fjárræktin í hinum rýrari og kostaminni sveitum næstum dauðadæmd. Bændur á þessum svæðum verða því að leita annara úrræða, og er þá helzt um tvennt að ræða. Í fyrsta lagi að auka mjólkurframleiðsluna, en hún svarar illa kostnaði, nema þar, sem að einhverju leyti er hægt að styðjast við mjólkursölu, og í öðru lagi að ala upp nautgripi til slátrunar. Nautakjötsframleiðsla hefir verið tiltölulega lítil hér á landi allt til þessa. Eru þó, eins og nú er komið, allvíða góð skilyrði til þess að ala upp nautgripi til slátrunar, og markaður fyrir nautakjöt innanlands nokkuð viss í bæjum, þó einkum í Reykjavík.

Þó ekki sé miðað við annað en innanlandssöluna eina saman, þá benda allar líkur til þess, að það muni í sumum byggðarlögum gefa betri raun að ala upp nautgripi til slátrunar en að halda áfram sauðfjárræktinni. Benda má og á það í þessu sambandi, að forstjóri Sláturfélags Suðurlands, sem vitanlega er allra manna kunnugastur kjötverzluninni hér í Reykjavík, hefir nú upp á síðkastið hvatt bændur á félagssvæðinu, einkum í neðri byggðum Árnes- og Rangárvallasýslna, til þess að leggja meiri rækt við nautakjötsframleiðsluna, en draga heldur saman seglin um fjárræktina.

Þá er það sízt ófyrirsynju, þótt á það sé bent, að ef til vill væru möguleikar á því að fá markað erlendis fyrir gott nautakjöt, er ekki stæði að baki kindakjötsmarkaðinum.

Eins og nú er komið, er meira en helmingur þess kjöts, sem flutt er héðan á erlendan markað, selt frosið til Englands. Það er langt frá því, að þar í landi sé litið á frosið kjöt sem fyrsta flokks vöru. Kælt kjöt og nýtt kjöt er undir venjulegum kringumstæðum í allmiklu hærra verði.

Hvað eftir annað hafa verið gerðar tilraunir til þess, síðan farið var að flytja kjöt til Englands, að flytja út kælt kindakjöt, en ýmist hefir kjötið skemmzt eða sala á því ekki tekizt strax, svo að þurft hefir að frysta það, en

slíkt hefir haft tilfinnanlegan aukakostnað í för með sér. Af þessum ástæðum hefir verið horfið frá því að flytja annað en frosið kindakjöt á brezka markaðinn.

Um nautakjötið er því aftur á móti svo varið, að það þolir miklu betur geymslu nýtt og ófryst en kindakjötið, og það er talið alveg öruggt að flytja það með öllu óskemmt í kældu ástandi á erlendan markað.

Þegar þess er gætt, hver verðmunur er yfirleitt í Englandi á nýju kjöti og kældu annarsvegar og frystu kjöti hinsvegar, þá benda allar líkur til þess, að það muni sízt gefa lakari raun að senda þangað kælt nautakjöt en fryst kindakjöt.

Tilraunir hér að lútandi þarf nauðsynlega að gera, og má ekki láta undir höfuð leggjast að koma því sem fyrst í framkvæmd.

Hvort heldur er um að ræða framleiðslu á nautakjöti til sölu innanlands eða á erlendum markaði, þá veldur það óneitanlega miklu um árangur þeirrar viðleitni, hversu tekst um val og kyn gripanna. Hér á landi hefir aldrei verið lögð nein veruleg áherzla á það í nautgriparæktinni að ala upp sérstakt holdakyn. Á hitt hefir verið lögð aðaláherzlan, að ala upp mjólkurkyn.

Víða annarsstaðar er aftur á móti lögð mikil áherzla á það að ala upp bráðþroska holdakyn. Eru Englendingar taldir standa öðrum framar í þessu og því líklegast að leita til þeirra þegar um það er að ræða að fá gripi til slíkra kynbóta.

Telja má líklegt, að 4 kyn gætu komið til greina í þessu sambandi, tvö ensk: stutthyrningar (shorthorn) og Herfurðukyn (Hereford), og tvö skozk: Aberdeen Angus og háfjallakynið (Highland Cattle). Þess vegna er innflutningsheimildin ekki bundin við tiltekið kyn.

Af þessum kynjum er stutthyrningakynið einna frægast, elzt og mest ræktað, bæði sem holda- og mjólkurkyn. Má því búast við, að það sé kröfuharðast um góða meðferð og þoli sízt harðræði.

Herfurðukynið er talið einna bráðþroskaðast allra holdakynja í Bretlandi og það er harðgerðara en stutthyrningar.

Aberdeen Angus er fallegt holdakyn, en ekki mikið mjólkurkyn.

Skozka háfjallakynið er efalaust harðgerðast, enda vant útigangi, og kynblendingar af því og hinum kynjunum, sem hér eru nefnd, þykja með ágætum. Þeir kynblendingar eru bráðþroska og kjötið eftirsótt vara.

Um það verður ekkert sagt, hvert þessara kynja myndi reynast hér bezt, og verður, áður en til innflutnings kæmi, að kynna sér það mál eftir föngum. Mundi þá hentugast að fela Búnaðarfélagi Íslands að leita upplýsinga hjá landbúnaðarfélaginu skozka og hafa það í ráðum um innflutninginn. Það var mjög lipurt í öllum leiðbeiningum viðvíkjandi innflutningi skozka fjárins, og svo mundi einnig verða um innflutning nauta.

Þetta mál er áreiðanlega þess vert, að því sé gaumur gefinn og að hið opinbera veiti því liðsinni. Það kemur vitanlega ekki til mála, að hér geti verið um að ræða mikinn innflutning í fyrstu. Sjálfsagt er að gera fyrst tilraunir í smáum stíl. Má þá alltaf auka við, ef vel farnast.

Atvinnumálaráðherra setur reglur um það í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hvernig framkvæmdum skuli hagað.

Þá verður að sjálfsögðu að leggja áherzlu á það, að hinnar ströngustu varfærni sé gætt um heilbrigðisástand þeirra nautgripa, sem til landsins kunna að

verða fluttir, og er svo ákveðið í frv., að um heilbrigðiseftirlit, einangrun og sóttvarnir gildi hin sömu ströngu ákvæði og í lögum um innflutning á sauðfé til sláturfjárbóta. Á með því að vera girt fyrir sýkingarhættu.

Ed. 385. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við fyrri málsgr. 14. gr. laganna bætist nýr málsliður:

Hið sama gildir og um spunavélar, heyvinnuvélar og dælur, sem notaðar eru til varnar jarðeplasýki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þótt frestað hafi verið nú um stundarsakir, með lögum nr. 76 1932, greiðslum úr ríkissjóði til verkfærakaupasjóðs, þá hafa samt ýmis búnaðarfélög og jarðræktarfélög ekki notað nema að nokkru leyti innieign sína í sjóðnum, og eiga sum þeirra þar talsverða fjárhæð ónotaða. Mun þetta stafa sumpart af því, að félögin eða félagsmenn munu þegar hafa aflað sér þeirra verkfæra, er lögin taka til, og sumpart af hinu, að skort hefir framlag einstaklinga á móti styrknum. Rétt þykir að gera þeim félögum, er fé eiga í sjóðnum, kost á því að nota það til kaupa á heyvinnuvélum til þess að létta framleiðslukostnaðinn og á spunavélum til almenningsnota á félagssvæðinu.

Nokkrar sveitir hafa orðið fyrir þungum búsifjum af jarðeplasýki, og er þeim því nauðsyn að afla áhalda til þess að dæla þar til gerðum vökva yfir garðana til varnar gegn þessum vágesti. Þykir því rétt að styrkja búnaðarfélög í hlutaðeigandi sveitum til þess að afla þessara áhalda.

Nd. 386. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934 og við brtt. á þskj. 366.

I. Frá *Steingrími Steinþórssyni.*

Við 13. gr. A. IV. (Fjallvegir).

a. Fyrir „25000“ kemur 35000

b. Við liðinn kemur aths.:

Þar af 10000 kr. til vegagerðar yfir Siglufjarðarskarð, gegn að minnsta kosti jöfnu tillagi annarsstaðar að.

II. *Sveini Ólafssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 15. gr. 27. Nýr liður:
Til Þórhalls Þorgilssonar, til útgáfu handhægrar kennslubókar í ítölsku 2000
Til vara 1500

III. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við brtt. 366. XXXIV. 1. c. (16. gr. 6.). Nýr liður:
Til ræktunarvegar á Seyðisfirði, gegn ⅓ framlagi úr bæjarsjóði 3000

IV. Frá *Jóni A. Jónssyni, Haraldi Guðmundssyni* og *Bergi Jónssyni.*
Við 17. gr. 1. (Berklasjúklingar). Við liðinn kemur aths.:
Þar af til Guðrúnar Böðvarsdóttur 1200 kr.
Til vara: 600 kr.

V. Frá *Tryggva Þórhallssyni.*
Við 22. gr. I. (Sýslumannshúsið í Borgarnesi).
Liðinn skal orða svo:
Að kaupa því verði, er hún telur hæfilegt, ibúðarhús sýslumannsins í Borgarnesi.

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Á eftir 24. gr. kemur ný grein (25. gr.):
Ríkisstjórninni er heimilt, ef hún telur bera til þess brýna nauðsyn, að draga af öllum fjárveitingum fjárlaganna, sem ekki eru lögum bundnar, um allt að 25%, eftir því sem við verður komið, og ennfremur að fresta um ákveðinn tíma rekstri stofnana.

Ed. **387. Nefndarálit**

um till. til þál. um breyting á leyfisbréfi 31. júlí 1926, um sæsímasambandið.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 10. apríl 1933.

Páll Hermannsson, form., frsm.	H. Steinsson, fundaskr.	Einar Árnason.

Ed. **388. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað þetta frv. allýtarlega og telur, að það stefni í rétta átt. Á síðasta áratug hefir verið varið allmiklu fé til vega og brúargerða í landinu. Vegna yfirstandandi kreppu hafa bæði ríki og sýslufélög orðið að draga inn seglin á þessum sviðum sem öðrum, og var því á síðastliðnum 2 árum unnið mun minna að vega- og brúargerðum en árunum 1927—1930. Hinsvegar er þörfin fyrir þessar framkvæmdir mjög aðkallandi, bæði til þess að bæta samgöngur og auka atvinnu manna í landinu á þessum vandræðatímum. Þetta sést berlega á því, að sum héruð hafa þegar lagt fram allmikið fé að láni til brúargerða og önnur hafa boðið fram fé í sama skyni. Það eru því mjög miklar líkur fyrir því, að hægt væri að koma í framkvæmd nauðsynlegustu brúargerðum á næstu árum, ef ríkisstjórninni væri heimilað að taka lán til þeirra á ábyrgð ríkissjóðs hjá sýslu- og sveitarfélögum eða öðrum innanlands.

En eins og nefndinni dylst það ekki, að fyllsta þörf sé á að flýta fyrir byggingu ýmsra brúa, eins er henni það ljóst, að víða á landinu er aðkallandi þörf fyrir auknar vegabætur, og með tilliti til þess hefir henni virzt rétt að láta heimild þá til lántöku, er felst í frv., einnig ná til vegagerða. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán innanlands á ábyrgð ríkissjóðs á árunum 1933—35, allt að 200 þús. kr. til vegagerðar á þjóðvegum og allt að 300 þús. kr. til byggingar þeirra brúa, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir. Lánin endurgreiðist á 6—8 árum, og séu vextir 5½%. Vexti og afborganir af lánum þessum skal telja með öðrum slíkum gjöldum ríkissjóðs.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um heimild til lántöku til vega- og brúargerða.

Alþingi, 10. apríl 1933.

Páll Hermannsson, form.	H. Steinsson, fundaskrifari og frsm.	Einar Árnason.

Nd. **389. Lög**

um sjúkrahús o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl).

1. gr.

Enginn má setja á stofn eða starfrækja undir neinu nafni sjúkrahús, sjúkraskýli, geðveikrahæli, heilsuhæli, hjúkrunar- eða hressingarheimili, baðstaði, nuddstofur, ljóslækningastofnanir, fæðingarheimili, elliheimili, barnahæli eða aðrar tilsvarandi heilbrigðisstofnanir, nema með leyfi ráðherra.

Sama gildir um breytingar á húsakynnum og starfrækslu slíkra stofnana, enda skipti breytingarnar einhverju máli.

2. gr.

Beiðni til ráðherra um leyfi samkvæmt 1. grein skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunarinnar og hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og löndum og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingum á húsakynnum, innanstokksmunum og áhöldum, ennfremur greinargerð um eigendur stofnunarinnar og fjárhagsástæður hennar og loks skýrsla eða áætlun um stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag, hversu mörgum sjúklingum eða vistmönnum henni er ætlað að taka á móti og með hverjum kjörum o. s. frv.

Ráðherra veitir ekki leyfið, nema stofnunin verði talin fullnægja heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún leysi á viðunandi hátt þau verkefni, sem henni er gert að leysa, enda leiði hún ekki til óheilbrigðrar samkeppni við tilsvarandi opinberar stofnanir á sama stað eða í grennd.

Leita skal staðfestingar ráðherra á reglugerðum um starfrækslu sjúkrahúsa og annara stofnana, sem um getur í lögum þessum, og getur ráðherra krafizt, þegar honum þykir ástæða til, að slíkar reglugerðir séu settar.

3. gr.

Heilbrigðisyfirvöld skulu jafnan eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum þeim, sem um getur í lögum þessum.

4. gr.

Við hvert sjúkrahús eða stofnun, sem tekur sjúklinga til dvalar og lækninga, skal vera sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir.

Sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir annast að jafnaði öll læknisstörf eða hefir yfirumsjón með öllum læknisstörfum við sjúkrahúsið. Hann hefir læknisefirlit með rekstri sjúkrahússins, er til andsvara heilbrigðisyfirvöldum, stendur skil á skýrslum þeim, sem af sjúkrahúsinu kunna að verða heimtaðar, o. s. frv.

Ef sjúkrahús er í fleiri en einni deild, má sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir vera fyrir hverri deild.

Nú er heimilað, að fleiri en einn læknir starfi sjálfstætt við eitt og sama sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, og skal þá engu síður vera sérstakur yfirlæknir

við sjúkrahúsið eða deildina, og eins þó að sjúkrahúsið eða deildin sé opin fyrir alla lækna.

5. gr.

Héraðslæknar skulu teljast hæfir til að vera sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar við almenn sjúkrahús eða sjúkraskýli, hver innan síns héraðs, enda séu þau sjúkrahús eða sjúkraskýli við hæfi héraðanna og taki ekki yfir 20 sjúklinga.

Að öðrum sjúkrahúsum eða stærri má ekki ráða sjúkrahúslækni eða yfirlækni, nema að fenginni viðurkenningu ráðherra fyrir því, að hann sé til þess hæfur.

Í reglugerð, sem læknadeild háskólans semur og ráðherra staðfestir, má setja reglur um þær kröfur, sem gera ber til lækna til þess að þeir eigi rétt á að teljast hæfir sjúkrahúslæknar eða yfirlæknar við sjúkrahús og sjúkrahúsdeildir.

6. gr.

Nú hefir sveitar- (bæjar- eða sýslu-) stjórn eða stjórnir innan læknishéraðs samþykkt að stofna eða starfrækja fyrir læknishéraðið sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, eða að taka þátt í stofnun eða starfrækslu sjúkrahúss eða sjúkraskýlis með sveitarfélögum annars héraðs eða héraða, einstökum mönnum eða félögum, en samþykki annara sveitarstjórna innan læknishéraðsins ekki náðst, og getur þá ráðherra gert samþykktina skuldbindandi fyrir öll sveitarfélög læknishéraðsins, ef meiri hluti héraðsbúa er innan þeirra sveitarfélaga, sem að samþykktinni standa.

Ráðherra getur þó leyst einstök sveitarfélög eða hluta sveitarfélaga undan þátttökunni, ef þau teljast ekki geta haft veruleg not fyrirtækisins eða eiga hægara með að hafa not annarar tilsvarandi stofnunar, enda taki þau þátt í starfrækslu hennar.

7. gr.

Þegar samþykkt hefir verið, að sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félög reisi eða starfræki eða taki þátt í að reisa eða starfrækja, beinlínis eða með einhverskonar styrkveitingum eða hlunnindum, sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústað, skulu sveitarfélögin og þeir aðrir, er að fyrirtækinu standa, gera samning um þátttökuna, hluttöku í stofnkostnaði og rekstri, hvernig eign og ábyrgð skiptist á milli aðila, hvernig fyrirtækinu skuli stjórnað og það annað, er fyrirtækið varðar.

Rétt er að miða þátttöku sveitarfélaganna í kostnaðinum við hlutfallslegan fólksfjölda þeirra, aðstöðu til að hafa not af stofnuninni, og þegar um læknisbústað er að ræða, kostnað við læknisvitjanir úr hinum einstöku sveitum.

Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á samningum þeim, sem hér um ræðir. Ef ágreiningur er á milli sveitarfélaga um einstök atriði, sker ráðherra úr.

8. gr.

Nú vilja eigendur eða forráðamenn sjúkrahúsa, sjúkraskýlis, læknisbústaðar eða annarar heilbrigðisstofnunar, sem um getur í lögum þessum og reist

hefir verið með styrk úr ríkissjóði, hætta að starfrækja hana, og skulu þeir þá tilkynna það ráðherra, sem getur krafizt endurgreiðslu á ríkissjóðsstyrknum, ef stofnunin er lögð niður eða þeirri starfrækslu hætt, sem hún var upphaflega ætluð til. Á ríkissjóður þá kröfu til jafnmikils hluta af þáverandi verðmæti eignarinnar, sem ríkissjóðsstyrkurinn telst hafa verið af kostnaðarverði hennar, og hvílir veð á eigninni næst á eftir áður áhvílandi veðkröfum fyrir kröfuupphæðinni.

Nú hefir ríkissjóður lagt fram fé til þess að reisa heilbrigðisstofnun, sem lög þessi ná til, og má þá ekki, án samþykkis ráðherra, veðsetja hana fyrir öðrum skuldum en þeim, sem stafa af stofnkostnaði hennar, viðaukum eða endurbótum.

9. gr.

Sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir, sem um getur í lögum þessum og ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir sameiginlegri yfirstjórn fimm manna nefndar, er ráðherra skipar. Það er verkefni nefndarinnar að skipuleggja rekstur þessara stofnana og samræma hann þeim til hagsbóta, koma á samvinnu á milli þeirra, eftir því sem hagkvæmt þykir, láta þær koma fram sem eina heild við samninga um vörukaup og annað o. s. frv. Að öðru leyti ákveður ráðherra verksvið nefndarinnar.

10. gr.

Sjúkrahús, sjúkraskýli, læknisbústaðir og aðrar stofnanir, sem um getur í lögum þessum og eru í eigu sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga eða starfrækt af þeim, þegar lög þessi ganga í gildi, eru undanþegin því að sækja um leyfi til starfrækslunnar samkvæmt fyrri málsgrein 1. greinar þessara laga.

Nú vilja slíkir opinberir eigendur eða þátttakendur í starfrækslu sjúkrahúss, sjúkraskýlis eða læknisbústaðar koma betra skipulagi á sameignina eða hinn sameiginlega rekstur með því að komast undir ákvæði 6. og 7. gr. þessara laga, og getur þá ráðherra gert það heimilt, ef fyrir liggja tilsvarandi samþykktir um það og 6. gr. mælir fyrir um, þegar um nýjar stofnanir eða starfrækslu er að ræða. Ekki má þó gegn vilja sveitar- (bæjar- eða sýslu-) félaga úrskurða þau þannig eftir á til að taka á sig kvaðir vegna eignarhlutdeildar í sjúkrahúsum, sjúkraskýlum eða læknisbústöðum, er fari fram úr sannvirði þess eignarhluta, er þá fellur til þeirra, að mati dómkvaddra manna.

11 gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100 til 10 þús. kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. 390. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 17 11. júlí 1911, um vitagjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „laga nr. 17 11. júlí 1911“ kemur: laga nr. 29 28. nóv. 1919.
2. Fyrirsögn frv. verður:
   Frv. til laga um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um vitagjald.

Ed. 391. Frumvarp

til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Það er almenn skylda að gæta sem mestrar varúðar við hverskonar næmum sjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfa sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er og þýðingu hefir.

Læknum og þeim, sem með lækningar fara, svo og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum, er sérstaklega skylt, hverjum í sínum verkahring, að vekja athygli á sýkingarhættum og gefa ráð og leiðbeiningar hér að lútandi.

Skylt er hlutaðeigendum jafnan að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar, viðurkenndar og venjulegar ráðstafanir til varnar gegn sóttnæmisútbreiðslu frá sjúklingi, er hann hefir til meðferðar.

2. gr.

Héraðslæknar skulu, hver í sínu umdæmi, undir umsjón landlæknis og ráðherra, sjá um opinberar varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma samkvæmt lögum þessum. Fari svo, að hlutaðeigandi héraðslæknir geti eigi leyst það starf að hendi, er lög þessi leggja honum á herðar, skal ráðherra sjá um, að einn eða fleiri læknar verði settir honum til aðstoðar.

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar (í Reykjavík lögreglustjóri), hreppsstjórar, svo og sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að veita héraðslæknum hjálp við framkvæmd hinna opinberu sóttvarna.

Ráðherra gefur út almennar reglur fyrir því, hvernig haga skuli opinberum vörnum gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

3. gr.

Ætíð skal beita opinberum vörnum gegn þessum sjúkdómum: pest, austurlenzkri kóleru, bólusótt, dilasótt, blóðkreppusótt og gulri hitasótt.

Ráðherra getur fyrirskipað, að opinberum vörnum skuli og beita gegn öðrum næmum sjúkdómum, svo sem influenzu, mislingum, skarlatssótt, barna-

veiki, kikhósta, taugaveiki, blóðsótt, hettusótt, heilasótt og mænusótt, þegar þessar sóttir eru skæðar, þegar líklegt þykir, að hefta megi hættulega útbreiðslu þeirra með opinberum vörnum en ekki án slíkra varna, eða þegar aðrar sérstaklega knýjandi ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Í hvert sinn er einhver sá sjúkdómur kemur upp, er nefndur er í 1. málsgr. 3. gr., skal hlutaðeigandi héraðslæknir þegar í stað beita hinum almennu sóttvarnarreglum, en tilkynna það landlækni jafnskjótt.

Telji héraðslæknir nauðsyn til bera að beita hinum almennu sóttvarnarreglum að meira eða minna leyti gegn öðrum næmum sjúkdómum samkvæmt 2. málsgr. sömu gr., ber hann málið undir landlækni og bíður fyrirmæla ráðherra. Ef héraðslæknir telur svo aðkallandi að beita hinum almennu sóttvarnarreglum að meira eða minna leyti, að hverskonar töf sé hættuleg, er honum heimilt að gera það til bráðabirgða, án þess að leita til þess heimildar fyrirfram, en tilkynna skal hann landlækni jafnskjótt ráðstáfanir sínar.

Um varnir gegn berklaveiki, holdsveiki og kynsjúkdómum fer eftir sérstökum lögum.

5. gr.

Nú hafa verið teknar upp opinberar sóttvarnir samkvæmt lögum þessum, og kveður þá ráðherra nánar á um það, hverjar ráðstafanir skuli gera til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Þegar þau fyrirmæli hafa verið lögð fyrir hlutaðeigandi héraðslækni, hagar hann sóttvörnunum samkvæmt þeim þangað til öðruvísi verður fyrir mælt af ráðherra. Ef héraðslæknir telur nauðsynlegar breytingar á tilhögun sóttvarnanna, leggur hann tillögur sínar þar að lútandi fyrir landlækni og bíður nýrra fyrirmæla ráðherra. Ef héraðslæknir telur breytingarnar svo aðkallandi, að hverskonar töf sé hættuleg, er honum heimilt að framkvæma þær til bráðabirgða, enda séu varnirnar eftir sem áður í samræmi við hinar almennu sóttvarnarreglur, en tilkynna skal hann landlækni jafnskjótt ráðstafanir sínar.

6. gr.

Þegar ástæða er til að ætla, að maður hafi dáið úr einhverjum þeim sjúkdómi, sem annaðhvort er skylt eða nauðsynlegt að beita opinberum vörnum við samkvæmt lögum þessum, eða hinn dáni er grunaður um að hafa verið smitberi einhvers þess sjúkdóms, getur hlutaðeigandi lögreglustjóri lagt fyrir, að rannsaka skuli parta af líkinu eða jafnvel kryfja það, ef þörf er á til þess, að ákveðið verði, hvort opinberum vörnum skuli beitt.

7. gr.

Eigi má nota farþegaskip, farþegabifreiðar, farþegaloftför eða önnur tilsvarandi fólksflutningatæki til að flytja sjúklinga með sjúkdómum, né smitbera þeirra sjúkdóma, sem skylt er að beita opinberum vörnum við eða opinberum vörnum er beitt við, nema fylgt sé öllum fyrirmælum um flutning slíkra sjúklinga eða smitbera.

Ákvæði þessarar greinar ná jafnan til skarlatssóttar, barnaveiki, taugaveiki og heilasóttar, þó að opinberum vörnum sé ekki beitt gegn útbreiðslu þeirra.

8. gr.

Nú kemur sjúkdómur upp á heimili, eða yfirvofandi er, að hann komi upp á heimili og auðsætt þykir eða líklegt, að sé einhver af þeim sjúkdómum, sem nefndir eru í 3. gr. 1. eða 2. málsgrein, eða vitað er eða grunsamlegt, að einhver heimilismaður sé smitberi einhvers þess sjúkdóms, og skal þá húsráðanda þegar skylt að skýra lækni sínum frá því. Ef læknirinn er ekki hlutaðeigandi héraðslæknir og fellst á, að um slíkan sjúkdóm eða smitbera geti verið að ræða, tilkynnir hann það héraðslækninum. Húsráðanda, sem er fjarri lækni, er og heimilt, ef hann kýs það heldur, að tilkynna sjúkdóminn hreppstjóra eða hreppsnefndarmanni í hreppi sínum, eða skýra þeim frá smitberanum, en hann skal þá jafnskjótt láta hlutaðeigandi héraðslækni vita. Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn þeir, er hafa þar húsnæði eða náttstað um stundarsakir, og þeir, er þar eru í fæði. Nú kemur slíkur sjúkdómur eða smitburður upp meðal þeirra, er í nauðungarvist eru á einhverjum stað, eða í sjúkrahúsum, elliheimilum, barnahælum, skólum og líkum stofnunum, og er þá forstöðumanni eða forráðamanni skylt að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn eða smitburðurinn upp á skipi eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal skipstjóri eða formaður skýra frá því.

Starfandi læknum er sérstaklega skylt að hafa vakandi auga á næmum sjúkdómum, er ástæða gæti verið til að beita opinberum vörnum við, svo og smitberum slíkra sjúkdóma og tilkynna jafnskjótt hlutaðeigandi héraðslækni, ef þeir verða þeirra varir.

Viti einhver til þess að vanrækt hafi verið að segja héraðslækni frá sjúkdómi eða smitburði samkvæmt þessari grein, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt, er að framan er sagt.

Þurfi hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður, samkv. grein þessari, að takast ferð á hendur, fær hann kostnaðinn endurgreiddan úr sveitarsjóði eftir reikningi, er hreppsnefndin samþykkir.

9. gr.

Nú er eigi unnt að hafa sjúkling eða smitbera svo afskekktan á heimili sínu, að óhætt sé við útbreiðslu sóttnæmisins, og er þá héraðslækni heimilt, í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr., að láta flytja hann á sjúkrahús eða eitthvert annað hús, er til þess er hentugt og hægt er að fá. Er sjúklingur eða smitberi skyldur að vera þar, þangað til hættulaust er að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda fái hann þar hæfilega læknishjálp og aðhjúkrun. Heimilt er og að fara eins að, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstilfelli eða smitburð. Við flutning sjúklingsins eða smitberans skal þess gætt, að svo vel fari um hann sem unnt er, án þess að hætt sé við sóttnæmisútbreiðslu.

10. gr.

Ef sjúklingur eða smitberi er ekki fluttur frá heimili sínu, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri eftir fyrirmælum héraðslæknis, í samræmi við ákvæði

3. og 4. gr., takmarkað samgöngur milli heimilis hans (húss eða bæjar) og annara heimila, eða bannað með öllu utanheimilismönnum að koma á heimilið, og einnig heimamönnum að fara á annara manna heimili. Þegar samgöngur eru takmarkaðar, skal, ef þörf er á, setja mann af öðru heimili til að líta daglega eftir hinu sýkta heimili og annast nauðsynlega aðflutninga, en skylt er að gera það, ef samgöngur eru með öllu bannaðar. Banna má og að flytja af sýktu heimili muni og matvæli, einkum mjólk og mjólkurafurðir.

Á sama hátt getur héraðslæknir takmarkað eða bannað sölu varnings, sem sótthætta getur stafað af, einnig verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, ennfremur veitingar á gistihúsum og veitingastöðum.

Matvælakaupmenn, matsalar, veitingamenn, brauðsalar og einkum mjólkursalar eru skyldir til, ef krafizt verður vegna framkvæmda þessara laga, að láta í té skrá yfir viðskiptamenn sína, að svo miklu leyti, sem þeir eru þeim kunnir. Einnig eru menn skyldir að gefa sig fram, sem viðskipti hafa haft við slíkan ákveðinn kaupmann, útsölumann eða veitingamann, ef héraðslæknir krefst þess með auglýsingu.

11. gr.

Nú hefir sjúkdómur, er opinberum vörnum er beitt við, gert vart við sig á heimili, þar sem eru börn eða aðrir nemendur, er ganga í skóla, eða smitberi slíks sjúkdóms hefst þar við, og mega þá nemendurnir ekki sækja skólann fyrr en ekki er hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá þeim, að áliti héraðslæknis eða samkvæmt úrskurði ráðherra. Þessa skal og jafnan gætt um skarlatssótt, barnaveiki, taugaveiki, heilasótt og mænusótt, þó að opinberum vörnum sé ekki beitt gegn þeim, og um næmar sóttir yfirleitt, nema þær séu svo útbreiddar orðnar, að þýðingarlaust teljist.

Um skólakennara gildir hið sama að þessu leyti og nemendur.

12. gr.

Í byggðarlagi, þar sem sjúkdómur gengur, er opinberum vörnum er beitt við, svo og í nærsveitunum, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri, eftir fyrirmælum héraðslæknis í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr., skipað, að loka skuli skólum, jafnt almennum skólum sem skólum einstakra manna, bannað almenna mannfundi og opinberar skemmtisamkomur (kvikmyndasýningar, leiksýningar, samsöngva, dansleiki, hlutaveltur o. s. frv.), aðrar samkomur (brúðkaupsveizlur, innanfélags skemmtanir o. s. frv.), þar sem margir koma saman í sama húsi, svo og messugerðir og líkfylgdir.

Á sama hátt getur lögreglustjóri eða hreppstjóri lokað verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, ennfremur gistihúsum og veitingastöðum.

13. gr.

Þegar mjög mikil hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri, eftir fyrirmælum héraðslæknis í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr., skipað fyrir, að afkvía skuli

sýkta kaupstaði, kauptún, þorp eða sveitir eða hluta þeirra, svo og önnur stór svæði, og skal hann annast nauðsynlegar ráðstafanir um samgöngubannið.

Nú óskar bæjarstjórn þess, sýslunefnd eða hreppsnefnd, fyrir hönd kaupstaðar, sýslu eða hrepps, að afkvía kaupstaðinn, sýsluna eða hreppinn eða hluta þeirra, til þess að ekki berist þangað hættulegur faraldur. Getur þá ráðherra, ef ástæða virðist til, heimilað afkvíunina og falið lögreglustjóra framkvæmdirnar í samráði við hlutaðeigandi héraðslækni. En þegar svo stendur á, skal allur kostnaður við þær ráðstafanir greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sýslusjóði.

14. gr.

Nú hefir verið beitt sóttvarnarráðstöfunum gegn grunuðum taugaveikissmitbera eða öðrum grunuðum smitbera, og á hann þá kröfu á, að hann verði rannsakaður til hlítar, og úr því skorið, ef unnt er, hvort grunurinn er á rökum byggður. Á sama hátt á taugaveikissmitberi, eða annar smitberi, sem sóttvarnarráðstöfunum hefir verið beitt gegn, kröfu á að fá þá læknishjálp, sem til þess þarf, að hann verði, ef unnt er, losaður við smitburðinn.

Ráðherra er heimilt að semja um að veita viðvarandi taugaveikissmitbera eða aðstandendum slíks smitbera, og eins þó að aðeins sé um grun að ræða, sem ekki verður hnekkt, styrk úr ríkissjóði um lengri eða skemmri tíma, gegn því að smitberanum verði tryggilega ráðstafað, svo að sýkingarhætta stafi ekki af honum.

15. gr.

Skylt er mönnum að þola, að fram fari sótthreinsun á sjálfum þeim, á búslóðum þeirra, húsum og bæjum, einnig á skipum og öðrum farartækjum, svo og á lausum munum, þar er verið hefir einhver af sjúkdómum þeim, er nefndir eru í 3. gr., 1. og 2. málsgr., eða smitberar slíkra sjúkdóma, og þá endranær, er héraðslæknir fyrirskipar það í samræmi við þessi lög.

Sé það miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að hreinsa lausa muni, má láta brenna þá eða eyða þeim á annað hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda.

Til þess að hafa sótthreinsanir á hendi skal héraðslæknir ráða sótthreinsunarmenn, fleiri eða færri innan héraðs síns, og setur þeim umdæmi. Hann veitir hverjum sótthreinsunarmanni næga tilsögn til starfans, og semur við hann um ákveðna borgun fyrir hverja sótthreinsun eftir reglum, sem ráðherra setur.

Nú fær héraðslæknir engan hæfan mann til að taka að sér sótthreinsun fyrir hæfilega borgun, og getur hann þá leitað aðstoðar sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), sem er heimilt að skipa eftir tillögum héraðslæknis hvern þann mann, er honum sýnist, á aldrinum 25—50 ára, til þess að hafa á hendi sótthreinsun innan síns hrepps eða kaupstaðar í 3 ár. Ef sá, er þannig er skipaður sótthreinsunarmaður, þykist ekki geta haft starfann á hendi sökum heilsubrests eða annara orsaka, getur ráðherra leyst hann frá að gegna þessum starfa, telji hann ástæður hans á rökum byggðar. Verði ekki samkomulag um hæfilega borgun fyrir hverja sótthreinsun, ákveður ráðherra borgunina.

Heimilismönnum er skylt að annast endurgjaldslaust alla þá vinnu við sótt-

hreinsunina, sem þeir geta af hendi leyst og sótthreinsunarmaður þarf með og heimtar. Þeim er og skylt að leggja til ókeypis heitt vatn og kalt, eldivið og sápu eftir þörfum, en ekki önnur efni, sem til sótthreinsunar þarf.

Ráðherra sér um, að ætíð séu fyrirliggjandi á kostnað ríkissjóðs hjá læknum nægar birgðir af efnum þeim, sem þarf til sótthreinsunar samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Allan kostnað við opinberar ráðstafanir samkvæmt lögum þessum (sbr. þó 15. gr. 5. mgr.) skal greiða úr ríkissjóði, nema þar sem sérstaklega er tekið fram, að hann skuli greiða úr sveitarsjóði eða sýslusjóði (8. gr. 4. málsgr., og 13. gr. 2. málsgr.). Þar á meðal skal greiða úr ríkissjóði kostnað allan við flutning sjúkra manna og ferðakostnað smitbera af heimili á sjúkrahús eða annað, svo og fyrir dvöl þeirra þar samkvæmt 9. gr., þar með talin aðhjúkrun, lyf og læknishjálp, ennfremur ferðakostnað smitbera til rannsóknar eða lækninga samkvæmt 14. gr., svo og allan kostnað við rannsóknina og læknishjálpina, þar með talinn dvalarkostnaður á sjúkrahúsi.

Ráðherra er og heimilt að láta greiða úr ríkissjóði að meira eða minna leyti kostnað við læknishjálp, aðhjúkrun og eftirlit með sjúklingum í heimahúsum, þegar um sjúkdóm er að ræða, sem opinberum vörnum er beitt við, og ætla má, að slíkt sé nauðsynlegt til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

Ríkissjóður greiðir ekki þann kostnað, sem leiðir af því, er ferðir manna eða farartækja eru hindraðar samkvæmt lögum þessum, né heldur skaðabætur fyrir þau atvinnuspjöll, er leiða kann af framkvæmd þeirra.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum eða gegn almennum eða sérstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim varða fangelsi eða sektum, 50—5000 krónum, nema hærri hegning sé ákveðin í almennum lögum.

Ef maður hefir einhvern þann sjúkdóm, sem um ræðir í 3. gr. 1. málsgr., eða er smitberi slíks sjúkdóms, eða maður hefir dvalið á heimili, þar sem einhver af þeim sjúkdómum gengur, eða slíkur smitberi dvelur, þá skal hann jafnan, er hann kemur á önnur heimili, á skip eða í önnur fólksflutningatæki, láta húsráðanda, skipstjóra eða forráðamann vita. Sama gildir um þá sjúkdóma, sem taldir eru í 2. málsgr. sömu greinar, ef opinberum vörnum er beitt gegn þeim, og einnig án þess um skarlatssótt, barnaveiki, taugaveiki og heilasótt. Nú vanrækir hann þetta, og má þá, auk hegningarinnar, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar greinar, dæma hann til skaðabóta fyrir það, er leiða kann af vanrækslu hans.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.

18. gr.

Lög nr. 21 16. nóvember 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, og lög nr. 14 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum, eru úr gildi numin.

Nd. **392. Frumvarp**

til laga um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hreppsfélag, sem er í svo mikilli fjárþröng, að það telur sér ekki fært að standa í skilum, getur snúið sér til atvinnumálaráðherra um aðstoð eftir lögum þessum, ef ætla má, að ekki greiðist úr í náinni framtíð.

2. gr.

Beiðni um aðstoð, sem í 1. gr. getur, skulu fylgja nákvæmar skýrslur um eignir og skuldir hreppsfélags, hvern arð eignir gefa, hvaða veðbönd hvíla á þeim, hvernig skuldum er fyrir komið, af hverju þær stafa, hve mikið af þeim er fallið í gjalddaga, hversu þær eru tryggðar og annað, sem telst skipta máli, er athuga skal nákvæmlega fjárhag hreppsfélags.

Ennfremur skal fylgja beiðni afrit af síðustu skattskrá og niðurjöfnunarskrá og greinargerð hreppsnefndar um, hverjar aðalástæður séu til fjárþrotanna.

3. gr.

Nú hefir ráðherra borizt beiðni samkvæmt 2. gr., en hann telur fjárhag hreppsfélagsins þannig, að það geti uppfyllt skyldur sínar án aðstoðar, og synjar hann þá um aðstoðina og færir rök fyrir.

4. gr.

Nú hefir ráðherra borizt beiðni samkvæmt 2. gr., sem hann telur bera með sér, að svo sé ástatt um hreppsfélagið sem í 1. gr. getur, og skipar hann þá mann til þess að vera til aðstoðar hreppsfélagi eftir því, sem lög þessi mæla fyrir.

5. gr.

Aðstoðarmaður hreppsnefndar, sem um ræðir í 4. gr., skal kynna sér nákvæmlega allan hag hreppsfélags og athuga nákvæmlega í samráði við hreppsnefnd, hvort fjárhagsörðugleikunum verði af létt með því að draga úr gjöldum eða auka tekjur eða hvorttveggja. Telji aðstoðarmaður það fært án þess að vanræktar séu skyldur hreppsfélags eða íbúum þess íþyngt um of, skal hann bera málið undir hreppsnefnd og senda það síðan ráðherra ásamt tillögum sínum og hreppsnefndar. Ráðherra sker þá úr, hvort fylgja skuli tillögum aðstoðarmanns að nokkru eða öllu leyti eða hvort hreppnum skuli látin í té frekari aðstoð eftir lögum þessum.

6. gr.

Nú verður ekki bót ráðin á fjárhagsörðugleikum hreppsfélags með þeim hætti, sem í 5. gr. getur, og skal þá aðstoðarmaður reyna að koma á samkomulagi milli hreppsnefndar og skuldheimtumanna hreppsfélags um greiðslu skulda með eða án greiðslufrests og með eða án eftirgjafar eða vaxtalækkunar. Í þeim

tilgangi getur aðstoðarmaður kallað saman skuldheimtumenn eða umboðsmenn þeirra þar sem hentast þykir. Á fundi þeim skal liggja fyrir nákvæm skýrsla eins og segir í 2. gr. Ef samkomulag næst milli aðilja á fundinum eða á annan hátt, er málinu lokið.

7. gr.

Nú heppnast aðstoðarmanni ekki að koma á samkomulagi samkvæmt 6. gr., en hann telur, að hreppsfélag geti uppfyllt þá skilmála, sem í boði voru, og skal þá bera málið undir ráðherra eftir reglum 5. gr., og sker hann úr.

8. gr.

Ef samkomulag hefir ekki náðst samkvæmt 6. gr. og málið er ekki útkljáð samkvæmt 7. gr., skal aðstoðarmaður í samráði við hreppsnefnd semja yfirlit yfir þau gjöld, sem hreppsfélag getur komizt af með minnst, og þær tekjur, sem fært þykir að afla eftir gildandi lögum, án þess að íbúum þess sé íþyngt um of. Yfirlit þetta, með umsögn hreppsnefndar, sendir aðstoðarmaður skuldheimtumönnum hreppsfélags, þeim er það varðar, í ábyrgðarbréfi, svo og þeim, sem í ábyrgð kunna að vera, ásamt tillögum sínum um, hversu skuli fara um þann hluta skuldanna, sem yfirlitið sýnir, að ekki getur orðið greiddur eins og þá er ástatt.

9. gr.

Í tillögum eftir 8. gr. getur aðstoðarmaður lagt til:

a) eftirgjöf skulda að nokkru eða öllu leyti,
b) greiðslufrest um ákveðinn tíma,
c) vaxtalækkun eða brottfall vaxta,

allt eftir því, sem hann telur óhjákvæmilegt með hliðsjón af fjárhag hreppsfélags.

Í tillögunum skal farið eftir 82.—89. gr. skiptalaga 12. apríl 1878 að því leyti, sem þær eiga við. Skuldir við önnur hreppsfélög teljast ekki forgangsskuldir, nema veð sé fyrir.

10. gr.

Nú er skuld tryggð með veði, og skal þá selja veðið eftir fyrirmælum 87. gr. skiptalaga 12. apríl 1878, eins fljótt og við verður komið og áður aðstoðarmaður gerir tillögur eftir 8. og 9. gr. Ráðherra getur, ef aðstoðarmaður leggur það til, krafizt þess, að veðið verði lagt hreppsfélaginu út fyrir hæsta boð, sem uppboðsráðandi tekur gilt, og þá einnig ákveðið greiðsluskilmála, enda verði uppboðsandvirðið tryggt með veði í eigninni og ábyrgð sýslusjóðs.

Þegar svo stendur á sem segir í þessari grein, greiðast hvorki innheimtulaun af söluandvirði né gjöld til sýslusjóðs.

Fasteignir hreppsfélags, sem ætlaðar eru til almennra afnota, skulu virtar af 2 mönnum, og nefnir veðhafi, sem hlut á að, annan, en hreppsfélag hinn, en vilji veðhafi ekki nefna virðingarmann, skal ráðherra gera það. Verði ágreiningur um matsverðið, sker ráðherra úr, og skal þá með samskonar skilyrðum og áður segir hreppsfélaginu afhent fasteignin fyrir það verð.

Það, sem umfram er veðskuldir, ákveðnar samkvæmt því, er í greininni segir, er heimilt að strika út í veðmálabók.

11. gr.

Nú samþykkja skuldheimtumenn, sem ráða yfir meiri hluta skulda, sem tillögur aðstoðarmanns ná til, að ganga að því, sem í tillögunum greinir, og er það þá bindandi fyrir hina skuldheimtumennina. Atkvæðisrétt eiga þeir einir, sem úrslit atkvæðagreiðslunnar snertir fjárhagslega.

Skuldheimtumenn, sem ekki hafa komið svari sínu til aðstoðarmanns áður 3 mánuðir eru liðnir frá því hann afhenti tillögur sínar á póst, teljast samþykkja þær.

12. gr.

Nú fæst ekki fullnægjandi samþykki skuldheimtumanna samkvæmt 11. gr., og sendir þá aðstoðarmaður skjöl málsins til ráðherra ásamt skýringum sínum. Ráðherra leggur síðan úrskurð á málið, að fengnum nánari upplýsingum, ef hann telur þeirra þörf.

13. gr.

Í úrskurði þeim, sem í 12. gr. getur, er ráðherra heimilt að ákveða:

a) að skuldir skuli gefnar eftir að nokkru eða öllu leyti,
b) að skuldir skuli greiðast á ákveðnum fresti,
c) að vextir skuli lækka eða falla niður,

allt eftir því, sem hann telur óhjákvæmilegt með hliðsjón af fjárhag hreppsfélags.

Ákvörðun þá, sem um ræðir í a-lið þessarar greinar, má ráðherra þó því aðeins gera, að

a) skrifstofustjórinn í atvinnumálaráðuneytinu, sýslumaður hreppsfélags, er hlut á að, og hagstofustjórinn telji, að hinnar eftirgefnu skuldir séu að mestu eða öllu leyti tapaðar með hliðsjón af gjaldgetu og framtíðarhorfum, enda sé ekki framar gengið í eftirgjöfum en embættismenn þessir eru sammála um að leggja til,
b) ríkissjóði sé gert að greiða allt að 10% af hinu eftirgefna,
c) hlutaðeigandi sýslusjóði sé gert að greiða helming móts við ríkissjóð af hinu eftirgefna, nema ráðherra telji, að fengnum upplýsingum, fjárhag sýslufélags svo þröngan, að greiðslan verði því til verulegs hnekkis.

14. gr.

Eignir hreppsfélags verða ekki teknar til gjaldþrotaskipta.

15. gr.

Aðför eða kyrrsetning getur ekki farið fram hjá hreppsfélagi, sem leitað hefir aðstoðar eftir lögum þessum. Þó má veðhafi í fasteign gera aðför.

16. gr.

Meðan stendur á ákvörðunum þeim, sem lög þessi ráðgera, ber aðstoðarmanni og hreppsnefnd, að viðlagðri ábyrgð að lögum, að sjá um, að í fjármál-

efnum hreppsfélags sé ekkert aðhafzt, sem rýri möguleika skuldheimtumanna til að fá greiðslu. Fyrir því má ekki inna af hendi önnur gjöld en þau, sem þarf til að halda uppi lögboðinni starfsemi svo að sæmilegt sé, eða samningsbundnar greiðslur af fasteignaveðslánum og forgangsskuldum.

17. gr.

Þóknun aðstoðarmanna hreppsfélaga eftir lögum þessum greiðir ríkissjóður eftir reikningi, sem ráðherra úrskurðar.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 393. Tillaga

til þingsályktunar um innlenda sútunar- og skófatnaðarverksmiðju.

Flm.: Pétur Ottesen, Tryggvi Þórhallsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta rannsaka, hvað kosta mundi að koma á fót:
   a. Sútunarverksmiðju til sútunar á hverskonar innlendum skinnum, er aðallega séu ætluð til notkunar hér á landi.
   b. Verksmiðju til að vinna úr slíkum skinnum skófatnað til innlendrar notkunar.
2. Að leita síðan fyrir sér um stofnun félaga, eins eða tveggja, til þess að setja slíkar verksmiðjur á stofn og reka þær með stuðningi ríkisins, ef eigi fæst til þess á annan hátt nægilegt fjármagn.

Er þess vænzt, að stjórnin hraði rannsókn þeirri, er í 1. lið a—b getur, svo sem frekast er unnt, og er henni heimilt að verja til þess fé úr ríkissjóði. Ef ekki tekst stofnun félags eða félaga samkv. 2. lið, til þess að koma á fót og starfrækja verksmiðjurnar án stuðnings frá ríkinu, er skorað á stjórnina að leggja tillögur sínar í málinu fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Í mörgu er oss áfátt um hagnýtingu innlendra hráefna, en í fáu eða engu þó eins og um not þeirrar skinnavöru, er til fellur í landinu, hvort heldur litið er á innanlandsþarfir eða hitt, að gera þá vöru verðmætari á erlendum markaði en nú er. Það sýnir bezt, hve mikils vér sjálfir þurfum við af þeirri vöru, til skófatnaðar, reiðtýgja, aktýgja, bókbands o. fl. o. fl., að vér flytjum inn á ári hverju leðurvörur fyrir um 2 milljónir króna, og auk þess skófatnað úr gúmmí fyrir 750 þús. kr. Í landinu er framleitt miklu meira en nóg af skinnum til þess að fullnægja þessum þörfum öllum, en hinsvegar engin sútunarverksmiðja til í landinu, er unnið geti úr vörunni. Að vísu hafa fáeinir menn eða félög fengizt

við loðskinnasútun og nokkuð er gert að því á síðustu árum að rota sauðskinn til útflutnings, en um vinnslu úr stórgripaskinnum hefir ekki verið að ræða, nema lítilsháttar vísi síðustu árin hjá S. Í. S. á Akureyri, í sambandi við gærurotun.

Það má öllum vera ljóst, hvílíkt fjárhagsatriði og atvinnubót yrði að því að koma á fót slíkum iðnaði í landinu sem skinnasútun er, þó ekki væri lengra gengið en að fullnægja þörfum landsmanna í því efni. Það, sem ekki sízt knýr á um framkvæmdir, er annarsvegar sú staðreynd, að skinnin mega heita gersamlega verðlaus á erlendum markaði í því ástandi, sem þau eru flutt út, og hinsvegar þörf fyrir aukna atvinnu, auk þess sem verðfallið heimtar það, að sparaður sé svo sem unnt er erlendur gjaldeyrir.

Sláturfélag Suðurlands lét á árinu 1923 rannsaka, hvað kosta mundi að setja á stofn sútunarverksmiðju, er unnið gæti úr 90 þús. sauðskinnum, en það er um ¼ hluti þess, sem út er flutt af þeirri vöru á ári hverju, og auk þess úr þeim hrosshám og þeim öðrum stórgripaskinnum, er til féllu. Var gert ráð fyrir, að sá kostnaður yrði, með því verðlagi sem þá var, um 260 þús. kr.

Ætlazt var til þess, að verksmiðjan ynni úr skinnunum á fjölbreyttan hátt, eftir því sem markaðurinn, bæði utanlands og innan, krefðist, svo sem að þar yrðu:

Hvítsútuð loðskinn,

grænsútuð skinn, sem notuð eru í allskonar skófatnað, á húsgögn og til fatnaðar og fóðurs,

rauðsútuð skinn, sem notuð eru til bókbands og í ýmsa muni, svo sem töskur, pyngjur, veski o. þ. h. og til söðlasmíða, og

lýsissútuð þvottaskinn, sem notuð eru til fatnaðar, umbúða og fágunar,

auk **vatnsleðurs** o. fl. úr stórgripahúðunum.

Sláturfélagið leitaði til þingsins um stuðning, og tók þingið málinu vel, en úr framkvæmdum varð þó ekki, enda var um þær mundir hátt verð erlendis á gærum.

Með tillögu þessari er stefnt að því, að hafizt verði þegar handa um nauðsynlegan undirbúning til þess að hrinda þessu mikla þjóðþrifamáli í framkvæmd.

Fyrri liður tillögunnar miðar að því, að stjórnin láti fram fara rannsókn á því, hvað kosta mundi að koma hér upp:

a) Sútunarverksmiðju, er fyrst og fremst geti fullnægt þeirri vinnslu úr skinnum, sem landsmenn þurfa sjálfir á að halda, og vér sparað oss með því að mestu leyti innflutning á skófatnaði og öðrum vörum, sem unnar eru eða vinna má úr skinni, og auk þess, að verksmiðjan vinni úr gærum og öðrum skinnum til útflutnings, eftir því sem henta þykir og markaður gerir æskilegt.

b) Skófatnaðarverksmiðju, er geri oss það kleift að hagnýta skinnavöruna, eftir því sem við verður komið og þörf er á, til eigin notkunar.

Í síðari lið tillögunnar er gert ráð fyrir, að stjórnin beiti sér fyrir stofnun félags eða félaga til þess að koma verksmiðjunum á fót og reka þær, með því að leita hófanna um þátttöku í annan stað t. d., ef verksmiðjunni yrði skipt í tvennt og um tvö félög yrði að ræða, hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, Sláturfélagi Suðurlands og þeim öðrum félögum og einstaklingum, er við skinnaverzlun fást,

að því er kemur til sútunarverksmiðju, og um hluttöku í skófatagerðinni t. d. hjá ýmsum þeim verzlunum og félögum, er skófatnað selja, en til hvorratveggja aðilja, sem nefndir voru, ef tiltækilegt þætti, að eitt og sama félag bæri uppi þessar framkvæmdir. Auk þess gæti og stjórnin borið niður hjá þeim öðrum, er líklegir væru til þess að hafa áhuga á þessum málum og leggja vildu fram fé í þeim efnum.

Loks er í tillögunni að því vikið, hvernig með málið skuli farið, ef ekki tekst stofnun félags eða félaga án stuðnings frá ríkinu.

Ed. 394. Frumvarp

til laga um ráðstafanir til að bæta bændum halla af hækkun innflutningstolla eða aðflutningsbanni á íslenzku saltkjöti í Noregi.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ef tollur á íslenzku saltkjöti, seldu í Noregi á tímabilinu 16. október 1933 til 30. júní 1934, fer fram úr kr. 22,05 pr. 100 kíló, skal ríkisstjórninni heimilt að endurgreiða íslenzkum útflytjendum þann tollmun, þó ekki af meira en 11500 tunnum saltkjöts.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um endurgreiðslu tollsins.

2. gr.

Nú verður innflutningur íslenzks saltkjöts til Noregs bannaður, eða tollurinn hækkaður svo, að tollmunurinn samkv. 1. gr. verði eins hár og verð á frystu kjöti á íslenzkri útflutningshöfn, og er þá ríkisstjórninni heimilt að kaupa af íslenzkum saltkjötsframleiðendum á tímabilinu frá 16. október 1933 til 30. júní 1934 allt að 11500 tunnum saltkjöts við verði, er svarar til þess, sem framleiðendur fá fyrir frysta kjötið, sem útflutt er á sama tímabili.

3. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Greinargerð.

Með því að óverjandi verður að teljast að samþykkja norsku samningana, en nauðsyn er á að bæta bændum tollhækkun eða innflutningsbann á íslenzku saltkjöti í Noregi, sem gæti orðið, ef engir samningar næðust, þykir rétt að bera þetta frv. fram.

Nánar í framsögu.

Nd. **395. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um veð, nr. 18 4. nóv. 1887, og lög um viðauka við þau lög, nr. 34 31. maí 1927.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 34 31. maí 1927 (4. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887) komi: Ákvæði 89. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, gilda eigi um veðrétt þennan.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887 komi:

Svo er og þeim, er veðsetur skrásett skip, rétt að semja svo um, að skipinu skuli, auk venjulegs fylgifjár, fylgja aðrir lausafjármunir, sem ætlaðir eru til notkunar á skipinu, svo sem kola- og olíubirgðir þær, sem í skipinu eru í hvert skipti, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk bankastjórna Landsbankans og Útvegsbankans og felast í því tvær breytingar á núgildandi lögum um veð. Fyrri breytingin, sem felst í 1. gr. frumv., er sú, að ákvæði 89. gr. skiptalaga frá 12. apríl 1878 skuli eigi gilda um sjálfsvörzluveð í afla fiskiskips, sem sett er lánsstofnun, sem veitt hefir lán til útgerðar skipsins, til tryggingar því láni, sbr. lög nr. 34 31. maí 1927. Eins og nú er ástatt, stendur sjálfsvörzluveð í lausafé að baki öllum þeim kröfum, sem taldar eru í 82. og 83. gr. skiptalaganna. Það getur því farið svo, að lánsstofnun, er fengið hefir veð í fiski, er hún hefir lánað fé til þess að aflað yrði, missi að öllu eða nokkru leyti af veðrétti sínum, af því að verð veðsins fer til greiðslu á öðrum skuldum. Það virðist svo sem öll sanngirni mæli með því, að lánsstofnun sú, sem lagt hefir fé sitt í hættu til þess að skipið yrði gert út, standi framar öðrum um tryggingu í afla skipsins, og því er hér fram á þessa breytingu farið. Samkvæmt henni verður aðstaða þessara sjálfsvörzluveðhafa í þrotabúi veðsala hin sama og aðstaða þeirra skuldheimtumanna, sem veð eiga í fasteignum búsins.

Um hina breytinguna, 2. gr. frumv., skal þetta tekið fram: Þegar skrásett skip er selt að sjálfsvörzluveði, fylgir allt venjulegt fylgifé þess með í veðinu. Hvert sé venjulegt fylgifé skips, er ákveðið eftir því, hvaða hlutir venjulega eru látnir fylgja skipi í kaupum og sölum, og yfirleitt mun vera litið svo á, að það séu eigi aðrir hlutir en þeir, sem nauðsynlegir eru til þess að skipið geti farið ferða sinna, og þó eigi allir þeir hlutir. Segl og reiði, vél og nauðsynlegir vélahlutir, skipsbátar, akkeri og festi eru þannig fylgifé skipsins, en aftur á móti

t. d. ekki um siglingaáhöld. Og það, sem meira máli skiptir, margt annað, sem ætlað er til nota í skipi til annars en sjálfrar siglingar skipsins, er ekki venjulegt fylgifé, t. d. veiðarfæri, nótabátar á síldveiðiskipum, ýms búsgögn, er í skipinu þarf að hafa, olíu- og kolabirgðir, föst legufæri, er skipinu kann að vera ætlað að nota, o. fl. Þessa muni er ekki hægt að veðsetja með skipinu. Veð í þeim verður aðeins veitt sem venjulegt sjálfsvörzluveð í lausafé. Hér er farið fram á samskonar heimild til að veðsetja þessa muni með skipinu eins og veitt er í 5. og 6. gr. veðlaganna til að veðsetja lausafjármuni með jörðum og með verksmiðjum. Fjármunir þessir eru oft mikils virði og það mundi því auka veðgildi skipanna drjúgum, ef unnt væri að veðsetja þá með skipum, og oft munu þeir vera keyptir fyrir fé, sem tryggt er með veði í skipinu, og er þá eðlilegra, að tryggingin nái einnig til þeirra. Þess skal getið að því er snertir kola- og steinolíubirgðir skipsins, að ekki er ætlazt til, að veðið nái til annars en þess forða, sem í skipinu er í hvert skipti, og nær það því eigi til birgða þeirra af vörum þessum, er útgerðin kann að eiga í landi. Um aðra muni er veðréttur inn aftur á móti ekki bundinn við það, að þeir séu í skipinu, er að því er gengið, ef þeir eru ætlaðir til notkunar í því. Veðið getur því t. d. náð til varavörpu eða varanótar, er skipinu fylgir, en geymd er í landi.

Nd. 396. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934 og við brtt. á þskj. 366.

I. Frá *Lárusi Helgasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 21. (Síðuvegur).
Fyrir „3000“ kemur 5000

II. Frá *Lárusi Helgasyni, Guðbrandi Ísberg* og *Bernh. Stefánssyni.*
Við brtt. 366, XXXIX. 4. (Við 18. gr. II. c. 20). (Helga Finnsdóttir).
Fyrir „600“ kemur 1200

Ed. 397. Lög

um einkaleyfi til að flytja út og selja á erlendan markað nýja tegund af saltfiski.

(Afgreidd frá Ed. 11. apríl).

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1938 veitist Sveini Árnasyni, yfirfiskimatsmanni á Seyðisfirði, einkaleyfi til þess að flytja út og selja á erlendum markaði saltfiskstegund, er hann nefnir „Magna“ og verkuð er með sérstakri aðferð, sem hann hefir tekið upp og endurbætt. Saltfiskur þessi líkist að verkun, útliti og eðli vörunnar saltfiskstegund þeirri, sem í hinum ýmsu stöðum

í Miðjarðarhafslöndunum er nefnd ýmsum nöfnum, svo sem „shorefish“, „bankfish“, „Gaspe“, „Newfoundlandfish“ og „Bacalao Ingles“, eftir stærð, uppruna eða markaðslandi.

2. gr.

Heimilt er leyfishafa að framselja einkaleyfið, að meira eða minna leyti, sameignarfélagi eða hlutafélagi, sem hann sjálfur er þátttakandi í og veitir forstöðu. Gengur sá félagsskapur þá inn í réttindi og skyldur leyfishafa samkvæmt þessum lögum.

3. gr.

Fisk þann, er einkaleyfishafi flytur út samkvæmt heimild laga þessara, getur atvinnumálaráðherra undanþegið ákvæðum laga nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat, enda sé berum orðum fram tekið á farmskírteini, að fiskurinn sé „Magna“-fiskur (shorefish, bankfish o. s. frv.).

4. gr.

Einkaleyfi þetta er bundið eftirfarandi skilyrðum:

a) Að leyfishafi flytji eða láti flytja út af umræddri saltfiskstegund að minnsta kosti 300 smálestir árlega eftir lok ársins 1933.
b) Að hann greiði í ríkissjóð 500 króna árlegt gjald fyrir einkaleyfi þetta.
c) Að hann kenni íslenzkum útgerðar- og fiskverkunarmönnum verkunaraðferð sína, eftir því sem markaður og aðrar ástæður leyfa, og að aðferðin verði almenningseign að leyfistíma loknum.

Verði þessi skilyrði ekki haldin, getur atvinnumálaráðherra svipt hann einkaleyfinu, og skal þá leyfissviptingin auglýst í Lögbirtingablaðinu.

5. gr.

Meðan leyfistíminn stendur er öllum öðrum óheimilt, án leyfis leyfishafa, að flytja út vöru þá, er einkaleyfið nær til, eða eftirlíkingar af henni, er seldar yrðu á erlendum markaði sem tegundir þær, er nefndar eru í 1. gr. Brot gegn ákvæðum greinar þessarar varða sektum frá 2000—20000 kr., er renna í ríkissjóð, svo og skaðabótum til leyfishafa eftir almennum reglum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 398. Frumvarp

til laga um dráttarvexti.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bannað er sjóðum og lánsstofnunum, hverju nafni sem nefnast, að taka hærri dráttarvexti en ¾ % — þrjá fjórðu af hundraði — á mánuði af afborgana-

og vaxtaupphæð þeirri, er greiðsludráttur hefir orðið á, og telst brot af mánuði heill mánuður.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll ákvæði laga, er koma í bága við þessi lög.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Ed. 399. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um leigu á síldarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um það, að brýn nauðsyn sé á því, að starfræktar verði sem flestar síldarbræðslustöðvar á næstu síldarvertíð, og telur því rétt, að ríkisstjórninni sé veitt slík heimild sem um ræðir í tillögunni, í því skyni að koma í veg fyrir það, ef unnt væri, að óstarfrækt yrði bræðslustöð, sem þó væri talin rekstrarhæf. Hinsvegar virðist ekki rétt að binda heimildina við ákveðna bræðslustöð, þó að nefndin fallist á það, að sú stöð, sem nefnd er í tillögunni, henti bezt til rekstrar í sambandi við bræðslustöð ríkisins.

Nefndin leggur því til, að till. verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. skal orða svo:
   Alþingi heimilar ríkisstjórninni að taka á leigu og starfrækja síldarbræðslustöð, sem ella mundi verða óstarfrækt, næsta síldveiðitímabil, á Siglufirði eða annarsstaðar, enda sé stöðin að öllu leyti í rekstrarhæfu ásigkomulagi frá hendi eiganda og áhætta í sambandi við reksturinn ekki óhæfilega mikil að dómi ríkisstjórnar.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um leigu á síldarbræðslustöð.

Alþingi, 11. apríl 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Jakob Möller, fundaskr., frsm.	Magnús Torfason.

Ed. **400. Frumvarp**

til laga um geldingu húsdýra.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Húsdýr, sem gelda þarf, skal staðdeyfa áður en gelding fer fram.

2. gr.

Sýslunefndir hlutast til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með staðdeyfingarlyf og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu og afhendingu deyfingarlyfja til geldingamanna. Án sérstaks endurgjalds skal dýralæknum skylt að kenna mönnum innan þeirra umdæmis geldingaraðferðir og meðferð á deyfingarlyfjum.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Nd. **401. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

Frá Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni og Vilmundi Jónssyni.

Við 13. gr. C. IV. Nýr liður:

Til radíóvita á Reykjanesi	40000

Nd. **402. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 16. gr. 1. (Búfjárrækt).

Fyrir „30000“ komi	42000

Nd. 403. Tillaga

til þingsályktunar um afnám eða rýmkun innflutningshafta.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Jóhann Jósefsson.

Neðri deild Alþingis beinir því til ríkisstjórnarinnar að létta nú þegar, eða svo fljótt, sem við verður komið, af innflutningshöftum þeim, sem beitt hefir verið undanfarið, eða að öðrum kosti slaka verulega á þeim og framkvæma þau þannig, að ríkissjóður bíði sem minnstan halla við þau, og að reynt verði af fremsta megni að spilla ekki atvinnu manna með þeim.

Greinargerð.

Neðri deild hefir ekki viljað fallast á að afnema með öllu lög nr. 1 8. marz 1920 og kippa með því fótunum undan möguleika þess að framkvæma innflutningshöft. En með því hefir ekki verið tekin afstaða til þess, hvort ástæða sé að halda nú áfram innflutningshöftum, eins og högum vorum er komið. Verzlunarjöfnuður hefir verið sérstaklega hagstæður, en ríkissjóður hefir orðið af talsverðum tekjum, sem hann má illa við að missa eins og nú horfir. Og fjöldi manna er nú orðið mjög aðþrengdur af völdum haftanna ofan á aðra örðugleika. Það virðist því liggja beint við að létta nú höftunum af. — Til mála gæti komið að setja í þess stað allháan toll á beinar óþarfavörur, sem gefnar yrðu lausar, að minnsta kosti fyrst um sinn. Myndi það draga úr afleiðingum rýmkunarinnar, en þó tryggja ríkissjóðnum allmiklar tekjur af þessum vörum.

Nd. 404. Varatillaga

við brtt. á þskj. 386 (Fjárlög).

Við III. (16. gr. 6.). (Ræktunarvegur á Seyðisfirði).
Tillagan hljóði svo:
Til ræktunarvegar á Seyðisfirði, gegn ¾ framlagi úr bæjarsjóði .. 1500

Ed. 405. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um vitagjald.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað „40 aura“ í 1. gr. laga nr. 29 28. nóv. 1919, um vitagjald, komi: 20 aura.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **406. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði.

Flm.: Jón Jónsson.

1. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum innan sýslu. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar og húseignar í kauptúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. En vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefir verið af löndum og lóðum.

Þegar ákveðinn er vegaskattur, skal miðað við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbættri eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur, samkvæmt 8. gr. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

2. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Vegaskatt er hreppsfélagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og sé tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþykktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd skattinum niður með útsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga. Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegaskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því, sem hann er ákveðinn að lögum. — Gjald þetta hefir lögtaksrétt.

3. gr.

8. gr. laganna skal orða svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkv. síðari málsgr. 5. gr. en svarar 2‰ af fasteignaverði landa og lóða og 1‰ af fasteignaverði húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2‰—4‰ af land- og lóðaverði og 1‰—2‰ af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði, en móts við það, sem umfram er, greiðist tvöfalt úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 28 31. maí 1927.

5. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði, og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Sýsluvegasjóðslögin frá 1923 hafa greitt mjög fyrir vegagerðum út um ýmsar sýslur landsins, enda verða þær alltaf fleiri og fleiri, sem starfrækja samþykktir samkv. þeim.

Nú hefir það komið í ljós, að með nýja fasteignamatinu er mörgum sýslum gert lítt kleift að færa sér í nyt þessi merkilegu lög. Matið á fasteignunum hefir hækkað um þriðjung, svo að sýslurnar verða að leggja á sig þriðjungi meiri útgjöld en áður til þess að geta fengið ríkisstyrk til veganna, og það þola þær alls ekki, sízt eins og nú standa sakir. Það virðist heldur engin sanngirni í því að refsa harðlega þeim mönnum, sem reisa sér vönduð íbúðarhús, með því að láta þá greiða margfaldan vegaskatt móts við hina, sem ekki standa í slíkum framkvæmdum. Í frv. er því horfið að því ráði að ákveða húsaskattinn helmingi lægri en skattinn af löndum og lóðum.

Þá virðist fyllilega réttmætt að miða framlög ríkissjóðs við það fé frá sýslubúum, sem varið er til sýsluvega á sama ári, hvernig sem þess er aflað innan héraðs, hvort heldur með sýsluvegaskatti eingöngu eða bæði með sýsluvegaskatti og framlögum frá einstökum hreppum eða vegafélögum. Þess háttar fjáröflun er eingöngu innanhéraðsmál.

Heppilegra virðist að hafa öll ákvæði um sýsluvegasjóðina í einum lögum. Ákvæði laga nr. 28 31. maí 1927 eru því felld inn í frv. þetta og gert ráð fyrir, að það, ef að lögum verður, verði svo fellt inn í upphaflegu lögin.

Þess skal getið, að vegamálastjórinn er frumvarpi þessu fyllilega samþykkur og hefir látið flutningsmanni í té álit um lækkun húsaskattsins og skýrslur um framkvæmd laganna frá 1923, sem prentað er sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal.

Álit vegamálastjóra.

Það má óhætt telja, að lög þau, er sett voru 1923 um samþykktir um sýsluvegasjóði, hafi reynzt vel, 9 sýslur hafa fram til þessa notað heimildina og umbætur hafa þar orðið miklar á sýsluvegunum, því víðast hefir fasteignaskatturinn verið í hámarki 6‰ eða nálægt því.

Skattstiginn var í lögunum miðaður við fasteignamatið frá 1922, en þar sem nýja matið er nú víðast mjög miklu hærra, þá þykir mér sanngjarnt, að ákvæðinu um skattinn verði breytt nokkuð til samræmis við það. Í meðfylgjandi skýrslu er meðal annars samanburður á fasteignamati skattskyldra fast-

eigna í þessum 9 sýslum 1931 og nýja matinu á sömu eignum, eftir því sem næst verður komizt. Er hækkunin æðimisjöfn, allt frá 6,8% upp í 131,0%. Er því sýnilegt, að yfirleitt þarf nú allmiklu hærri heildarframlög frá sýslu en áður til þess að njóta tillags frá ríkissjóði í sama hlutfalli. Kemur því fram að óbreyttum lögunum raunveruleg lækkun á tillagi ríkissjóðs til vegasjóðanna.

Þegar lögin frá 1923 voru sett, var helzt að því fundið, að skatturinn væri nokkuð hár af húsum, og í nýja matinu munu það nú einmitt vera húsin á jörðum í sveit og í kauptúnunum, sem hleypa mest fram matinu. Um nokkurn samanburð að þessu leyti vísast til meðlagðrar skýrslu, er sýnir, að meðalhækkun á húsamatinu í þessum 9 sýslum frá 1922 er 102,7%.

Er þannig enn frekar en áður vegaskatturinn alltilfinnanlegur, þar sem mestu hefir verið kostað til húsabygginga á síðustu árum, og þykir því eðlilegt og sanngjarnt að láta lækkun skattstigans einmitt koma fram á húseignum.

Samkvæmt nýja matinu kemur í ljós, að upphæð skattsins í þessum 9 sýslum mun haldast að meðaltali sem næst hin sama og verið hefir með því að hafa skattinn af húsum hálfu lægri en af landi og lóðum. Þykir því heppilegt að láta breytingu á gildandi ákvæðum einmitt koma fram í helmingslækkun húsaskattsins.

Meðfylgjandi skýrsla nær aðeins til þeirra 9 sýslna, þar sem nú eru sýsluvegasjóðir, en ég hygg, að hlutföllin muni svipuð í öðrum sýslum.

Í 3. gr. núgildandi laga er ákveðið lágmark skatts 1½‰ af virðingarverði fasteigna og hámark 6‰, og í 8. gr. er ákvæði um, hvernig miða skuli hlutfallstillag ríkissjóðs við ‰ (pro mille) gjald af skattskyldum fasteignum. Þar sem nú samkvæmt frv. er gert ráð fyrir öðru ‰ gjaldi af húseignum en lóðum og löndum, er nauðsynlegt viðaukaákvæði það, sem sett er í 2. gr. frv.

Til yfirlits um framkvæmd laganna um sýsluvegasjóði fylgir skýrsla um fasteignaskatt til sýsluvegasjóða og önnur framlög hlutaðeigenda 1925—1932 (fskj. 2.). Gjöld ríkissjóðs og hlutaðeigenda samkv. lögunum hafa orðið sem hér segir:

		Ríkissjóður		Hlutaðeigendur
1925	kr.	7854,94	kr.	19503,64
1926	—	28673,37	—	47371,30
1927	—	32546,25	—	50448,62
1928	—	68427.43	—	79086,95
1929	—	93152,44	—	101067,89
1930	—	101196,54	—	112047,85
1931	—	123072,42	—	133088,79
1932	—	101275,98	—	123807,09
Samtals	kr.	556199,37	kr.	666422,13

Reykjavík, 3. apríl 1933.

Geir G. Zoëga.

Fskj. 1.

SAMANBURÐUR

á gamla og nýja fasteignamatinu með tilliti til vegaskatts.

Sýsla	Gamla fasteignamatið 1931	Nýja fasteignamatið 1932	Hækkun %	Húsaverð 1922	Húsaverð 1932	Hækkun %	Landverð og húsaverð 1932
1. Rangárvallasýsla	26766,0	28586,0	6,8	7883,0	12960,0	64,4	22106,0
2. Gullbringusýsla	40133,0	48641,0	21,2	15001,0	30371,0	102 5	33455,5
3. Mýrasýsla	12371,0	28574,0	131,0	5771,0	16665,0	188,8	20241,5
4. Dalasýsla	11646,5	16236,0	39,4	3651,0	6088,0	66,7	13192,0
5. Vestur-Húnavatnssýsla ...	10480,0	14248,0	35,9	3182,0	5868,0	84,4	11314,0
6. Austur-Húnavatnssýsla ...	15184,0	22428,0	47,7	4846,0	10180,0	108,8	17338,0
7. Skagafjarðarsýsla	29241,0	36668,0	25,4	8549,0	16744,0	95,9	28296,0
8. Eyjafjarðarsýsla	43687,5	49151,0	12,5	15622,0	26971,0	72,6	35665,5
9. Suður-Þingeyjarsýsla	28710,0	43355,0	51,0	9923,0.	25108,0	153,0	30801,0
Samtals ..	218219,0	287887,0	»	74458,0	150955,0	»	212409,5
Meðaltal ..	»	»	31,9	»	»	102,7	»

Fskj. 2.

SKÝRSLA

um fasteignaskatt til sýsluvegasjóða og önnur framlög hlutaðeigenda 1925—1932.

	1925		1926		1927		1928	
	Fasteignaskattur	Viðaukaframlög	Fasteignaskattur	Viðaukaframlög	Fasteignaskattur	Viðaukaframlög	Fasteignaskattur	Viðaukaframlög
	‰ kr.	kr.	‰ kr.	kr.	‰ kr.	kr.	‰ kr.	kr.
Rangárv.s. . .	3,7 8257,66	561,78	3,7 8454,50	2229,95	3,7 8718,68	1748,14	3,7 9043,54	2105,79
Gullbringus. .	4,0 10684,20	»	5,0 13499,75	»	5,5 15316,40	»	4,5 12744,45	»
Mýrasýsla . .	» »	»	» »	»	» »	»	» »	»
Dalasýsla . .	» »	»	» »	»	» »	»	» »	»
V.-Húnav.s. .	» »	»	» »	»	» »	»	» »	»
A.-Húnav.s. .	» »	»	» »	»	» »	»	6,0 8676,90	5516,67
Skagafj.s. . .	» »	»	5,0 11525,50	»	5,0 11729,00	640,00	6,0 15020,40	547,00
Eyjafjarðars..	» »	»	3,0 11661,60	»	3,0 12296,40	»	6,0 25432,20	»
S.-Þing.s. . .	» »	»	» »	»	» »	»	» »	»
Samtals	» 18941,86	561,78	» 45141,35	2229,95	» 48060,48	2388,14	» 70917,49	8169,46

	1929		1930		1931		1932	
	Fasteignaskattur	Viðaukaframlög	Fasteignaskattur	Viðaukaframlög	Fasteignaskattur	Viðaukaframlög	Fasteignaskattur	Viðaukaframlög
	‰ kr.	kr.	‰ kr.	kr.	‰ kr.	kr.	‰ kr.	kr.
Rangárv.s. . .	3,7 9217,07	2470,60	4,2 10933,44	2155,68	4,2 11241,72	5680,38	3,0 8025,00	6925,00
Gullbringus. .	5,2 15171,52	»	4,6 14458,49	»	6,0 19480,50	»	6,0 24079,80	»
Mýrasýsla . .	6,0 7422,60	»	6,0 7422,60	»	6,0 7422,60	»	1,5 4280,55	»
Dalasýsla . .	6,0 6863,85	»	6,0 6863,85	»	6,0 6863,85	»	1,5 2435,00	»
V.-Húnav.s. .	» »	»	6,0 6288,00	7500,00	6,0 6288,00	5900,00	6,0 6288,00	1200,00
A.-Húnav.s. .	7,0 10628,80	5400,00	6,0 9110,40	3816,67	6,0 9110,40	1737,50	6,0 9110,40	2758,90
Skagafj.s. . .	6,0 15119,70	3039,75	6,0 15433,80	2330,32	6,0 15687,90	3642,44	6,0 15700,00	3515,00
Eyjafjarðars..	6,0 25734,00	»	6,0 25734,60	»	6,0 26212,50	1414,00	6,0 27112,44	»
S.-Þing.s. . .	» »	»	» »	»	5,0 12407,00	»	5,0 12377,00	»
Samtals	» 90157,54	10910,35	» 96245,18	15802,67	» 114714,47	18374,32	» 109408,19	14398,90

Ed. **407. Lög**

um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl).

1. gr.

Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt það feitmeti, sem líkist smjöri, hver sem uppruni þess er eða samsetning, þegar í því eru einhver fituefni, sem ekki eiga rót sína að rekja til mjólkur.

Ostlíki nefnist ostur, sem í er önnur feiti en mjólkurfeiti.

Rjómalíki nefnist feitijafningur, sem líkist rjóma, en er ekki eingöngu gerður úr mjólkurefnum.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu, en önnur feiti er í en mjólkurfeiti.

Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlíkisgerð, eftirlit með smjörlíkisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Bannað er að framleiða smjörlíki þar, sem smjörgerð er höfð um hönd, og eigi má nota sömu tæki til skiptis við framleiðsluna.

3. gr.

Hver, sem ætlar sér að búa til smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, skal tilkynna það atvinnumálaráðuneytinu minnst 2 mánuðum áður en starfsemi byrjar. Atvinnumálaráðuneytið lætur þá þann, er það hefir falið eftirlit með smjörlíkisgerðum, eða þegar nauðsyn ber til, annan þar til hæfan mann, skoða húsakynnin. Sé þeim ábótavant, má starfsemin eigi byrja fyrr en breytingar eru gerðar, sem fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til húsnæðis og áhalda.

Sé breyting gerð á húsnæði, eða nýtt húsnæði fengið fyrir smjörlíkisgerð, þarf einnig til þess samþykki eftirlitsmanns.

Smjörlíkisgerð má eigi, án samþykkis atvinnumálaráðherra, vera í húsnæði, þar sem önnur starfsemi er höfð með höndum.

Smjörlíkisgerðum er skylt að halda bækur yfir framleiðsluna, og skulu þær um hver áramót senda eftirlitsmanni smjörlíkisgerða nákvæma skýrslu um, hve framleiðslan hefir verið mikil af smjörlíki eða öðrum vörum, sem ræðir um í lögum þessum, á árinu. Einnig skulu þær tilkynna honum, hve mikið hafi verið notað af hverri tegund fituefna til framleiðslu varanna, þar á meðal af mjólk, rjóma og smjöri.

Þess skal gætt, að framleiðslan sé þrifaleg og að fylgt sé nauðsynlegum heilnæmisreglum við hana. Atvinnumálaráðherra getur sett reglur um bókhald og skýrslur smjörlíkisgerða, svo og hverjar kröfur eru gerðar til þrifnaðar o. fl.

4. gr.

Þegar vörur þær, sem um getur í 1. gr. laga þessara, eru boðnar til sölu, sýndar eða auglýstar, fluttar inn í landið eða út úr því, skulu þær nefndar, eftir því sem við á, smjörlíki, ostlíki, rjómalíki eða mjólkurlíki, svo og skal geta nafns framleiðanda. Bannað er, að orðin smjör, mjólk og rjómi eða nokkur orð eða myndir, sem minnt geti á landbúnaðarafurðir, séu notuð í sambandi við vörur þær, sem lög þessi fjalla um, á nokkurn annan hátt en í vöruheitunum sjálfum, svo sem þau eru skilgreind í 1. gr.

5. gr.

Í smjörlíki á að vera að minnsta kosti 80% fituefni og eigi meira en 16% vatn. Smjörlíki og önnur þau efni, sem nefnd eru í 1. gr., mega ekki vera blönduð öðrum efnum til varnar skemmdum en matarsalti, og eigi vera lituð með efnum, sem eru hættuleg fyrir heilsu manna, og hefir atvinnumálaráðherra úrskurðarvald um þau efni.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra getur, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, ákveðið, að í öllu smjörlíki, sem framleitt er hér á landi til sölu, sé tiltekinn hundraðshluti af íslenzku smjöri. Skylt er að blanda erlent smjörlíki, sem selt er hér á landi, sama hundraðshluta af íslenzku smjöri og ákveðið er um innlent smjörlíki á sama tíma. Skal sú blöndun fram fara hér á landi og undir sama eftirliti og íslenzku smjörlíkisgerðirnar eru háðar.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um þetta, eftir því sem þurfa þykir.

Annars er bannað að verzla með smjör, sem á annan hátt en segir í þessari grein er blandað smjörlíki eða öðrum fituefnum en mjólkurfeiti.

7. gr.

Í öllu mjólkurlíki og rjómalíki, sem búið er til eða notað í landinu, skal vera litarefni, sem greini það glögglega frá mjólk og rjóma. Atvinnumálaráðherra ákveður, hver litarefni skuli notuð og hve mikið af þeim.

8. gr.

Í öllu smjörlíki, ostlíki, rjóma- og mjólkurlíki skulu vera 2% af hreinni jarðeplasterkju.

9. gr.

Á umbúðum alls innlends smjörlíkis skal standa skýru letri orðið Smjörlíki ásamt nafni smjörlíkisgerðar þeirrar, sem vöruna hefir framleitt. Um innflutt smjörlíki gilda sömu ákvæði, þó svo, að fyrir orðið Smjörlíki má standa Margarine, en á umbúðum standi ávallt með greinilegu letri orðið Útlent. Þessi ákvæði taka einnig til smjörlíkis, sem selt er í lausri vigt í sölubúðum.

Nú er smjörlíki selt mótað, og skal þá þungi skökunnar vera ¼, ½ eða 1 kg., og skal skrá það á umbúðirnar.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari reglur um umbúðir og merkingu á vörum þeim, sem lög þessi fjalla um, svo og um hámarksverð á smjörlíki, sem blandað er smjöri.

10. gr.

Atvinnumálaráðuneytið sér um, að ákvæðum laga þessara sé fylgt, og getur ráðuneytið falið forstöðumanni efnarannsóknarstofu ríkisins eftirlit með starfsemi smjörlíkisgerðanna.

	Flutt ...	4325,25	21980,00	71712,71
10.	Til Kristins Daníelssonar	520,00		
11.	— Jóns Finnssonar	385,00		
12.	— Magnúsar prófasts Bjarnarsonar	355,00		
13.	— Ólafs prófasts Stephensens ...	550,00		
			6135,25	
d.	Prestsekkjur:			
1.	Til Auðar Gísladóttur	300,00		
2.	— Bjargar Einarsdóttur	500,00		
3.	— Guðrúnar Björnsdóttur	500,00		
4.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur ...	300,00		
5.	— Guðrúnar Ólafsdóttur	300,00		
6.	— Guðrúnar Pétursdóttur	300,00		
7.	— Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
8.	— Ingunnar Loftsdóttur	300,00		
9.	— Hlífar Bogadóttur, 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	500,00		
10.	— Kirstínar Pétursdóttur	300,00		
11.	— Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
12.	— Steinunnar Pétursdóttur	300,00		
13.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
14.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur	209,20		
15.	— Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
16.	— Guðfinnu Jensdóttur	183,04		
17.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
18.	— Guðbjargar Hermannsdóttur ...	181,70		
19.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
20.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
21.	— Önnu Stefánsdóttur	200,00		
22.	— Helgu Skúladóttur	227,06		
23.	— Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
24.	— Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L.L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	332.00		
25.	— Arndísar Pétursdóttur...	137,90		
26.	— Guðnýjar Þorsteinsdóttur	173,56		
27.	— Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík	135,37		
28.	— Jakobínu Sigurgeirsdóttur frá Borg	157,44		
	Flyt ...	7346,06	28115,25	71712,71

		kr.	kr.
	Flutt ... 7346,06	28115,25	71712,71
29.	Til Kamillu Briem 170,57		
30.	— Kristínar Jónsdóttur prófastsekkju á Brjánslæk 300,00		
31.	— Sigríðar Þórðardóttur 144,00		
32.	— Sigurlaugar Knudsen 300,00		
33.	— Þóru Jónsdóttur 217,28		
34.	— Margrétar Jónasdóttur 168,64		
35.	— Sigríðar Jónasdóttur 146,71		
36.	— Sigríðar Jóhannesdóttur 300,00		
37.	— Ástríðar Petersen prófastsekkju 200,00		
38.	— Margrétar Sigurðard. prófastsekkju 500,00		
39.	— Jóhönnu Magnúsd. prófastsekkju 300,00		
40.	— Guðrúnar Mettu Sveinsdóttur ... 300,00		
41.	— Vilborgar Jónsdóttur prestsekkju 300,00		
42.	— Líneyjar Sigurjónsd. prófastsekkju 500,00		
43.	— Bergljótar Blöndal 200,00		
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:	11393,26	
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur 300		
2.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur 360		
3.	— Magnúsar Einarssonar 500		
4.	— Elínar Briem Jónsson 300		
5.	— Steinunnar Frímannsdóttur 450		
6.	— Guðmundar Björnssonar 200		
7.	— Baldvins B. Bárðdals 200		
8.	— Jóns Strandfelds 150		
9.	— Einars Hávarðssonar 150		
10.	— Elísabetar Jónsdóttur 300		
11.	— Ragnheiðar Torfadóttur... 400		
12.	— Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 600		
13.	— Sigurjóns Rögnvaldssonar 200		
14.	— Ástu Magnúsdóttur kennaraekkju 200		
15.	— Ögmundar Sigurðssonar 2500		
16.	— Cathincu Sigfússon... 600		
17.	-- Ragnh. Guðjónsdóttur 300		
18.	— Lárusar Rists kennara 600		
19.	— Jóhanns P. Péturssonar kennara . 200		
	Flyt ... 8510	39508,51	71712,71

		kr.	kr.
	Flutt ... 8510	39508,51	71712,71
20.	Til Helgu Finnsdóttur 1200		
21.	— Ingivalds Nikulássonar kennara... 200		
22.	— Victoríu Bjarnadóttur kennaraekkju 150		
		10060,00	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:		
1.	Til Guðm. Kristjánssonar 300		
2.	— Böðvars Jónssonar... 400		
3.	— Þóru Matthíasdóttur 300		
4.	— Vigdísar Steingrímsdóttur 300		
5.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts... ... 200		
6.	— Anínu Arinbjarnardóttur 200		
7.	— Eliesers Eiríkssonar 200		
8.	— Jóhannesar Þórðarsonar 300		
9.	— Guðm. Kristjánssonar 300		
10.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði ... 600		
11.	— Böðvars Sigurðssonar pósts ... 300		
12.	— Halldórs Benediktssonar pósts ... 200		
13.	— Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar 1000		
14.	— Friðriks Jónssonar pósts 450		
15.	— Einars Ólasonar fyrrum pósts ... 300		
16.	— Þórodds Bjarnasonar pósts 600		
17.	— Sigríðar Guðmundsdóttur, ekkju Böðvars Þorlákssonar 300		
18.	— Kristjáns Jónssonar pósts 200		
19.	— Hedvig Blöndal, ekkju Óla Blöndals póstritara, 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 600		
20.	— Guðmundar Ólafssonar fyrrv. pósts á Akureyri 300		
21.	— Torfa Sæmundssonar pósts 200		
22.	— Guðjóns Kjartanssonar pósts ... 250		
23.	— Jóns Jónssonar í Galtarholti, f. pósts 200		
24.	— Álfheiðar Blöndal, ekkju Kristjáns Blöndals póstafgreiðslumanns ... 300		
25.	— Maríu Jónsdóttur, ekkju Fr. Klemenssonar... 300		
		8600,00	
	Flyt ...	58168,51	71712,71

		kr.	kr.
	Flutt ...	58168,51	71712,71
g.	Ritlöfundar:		
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar 3500		
2.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ... 3000		
3.	— Þorsteins Gíslasonar 2000		
4.	— Guðmundar Friðjónssonar 1500		
5.	— dr. Helga Péturss 4000		
6.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu... 1000		
7.	— Einars Benediktssonar 5000		
8.	— Jakobs Thorarensens 1200		
9.	— Sigurjóns Friðjónssonar 1000		
10.	— Til Guðmundar Kambans 1800		
11.	— Unnar Benediktsdóttur skáldkonu 1000		
12.	— Bríetar Bjarnhéðinsdóttur 1000		
13.	— Herdísar Andrésdóttur 500		
14.	— Ólínu Andrésdóttur 500		
		27000,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og ritlöfunda:		
1.	Til Jakobínu Pétursdóttur 200		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 300		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur 300		
6.	— Eleanor Sveinbjörnsson 1200		
7.	— Kristínar Jakobsdóttur 800		
8.	— Sigríðar Jónsdóttur 500		
		3900,00	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Petreu Jónsdóttur 300		
2.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður 500		
3.	— Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður 500		
4.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður 500		
5.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður ... 500		
6.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður... 400		
7.	— Kristínar Jónasdóttur ljósmóður... 300		
8.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður ... 300		
	Flyt ... 3300	89068,51	71712,71

			kr.	kr.
	Flutt ...	3300	89068,51	71712,71
9.	Til Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður	300		
10.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
11.	— Margrjetar Grímsdóttur ljósmóður	200		
12.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm.	200		
13.	— Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósmóður	200		
14.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
15.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
16.	— Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður	300		
17.	— Halldóru Metúsalemsdóttur ljósmóður	300		
18.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður ...	200		
19.	— Margrétar Jónsdóttur ljósmóður ...	200		
20.	— Guðrúnar Magnúsdóttur ljósmóður	200		
21.	— Gróu Jónsdóttur ljósmóður	200		
22.	— Þuríðar Jónsdóttur ljósmóður ...	300		
23.	— Guðríðar Guðmundsdóttur ljósmóður	200		
24.	— Guðrúnar Einarsdóttur ljósmóður	200		
25.	— Guðrúnar Jóhannesdóttur ljósmóður	300		
26.	— Sigríðar Narfadóttur ljósmóður ...	300		
27.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar...	300		
28.	— Páls Erlingssonar	1200		
29.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
30.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra	300		
31.	— Ólafs Guðmundssonar, fyrrum ferjumanns	300		
32.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar	200		
33.	— Sigríðar Sveinsdóttur, ekkju Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns ...	300		
34.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
	Flyt ...	11100	89068.51	71712,71

			kr.	kr.
	Flutt ...	11100	89068,51	71712,71
35.	Til Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
36.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará	800		
37.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
38.	— Margrjetar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar	300		
39.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
40.	— Halldóru Pétursdóttur Briem	600		
41.	— Kristjönu Benediktsdóttur	400		
42.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
43.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
44.	— Henriette Kjær...	600		
45.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
46.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	2300		
47.	— Guðjóns Guðlaugssonar...	1200		
48.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
49.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey...	300		
50.	— Halldóru Þórðardóttur	600		
51.	— Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrrv. spítalaráðskonu	300		
52.	— Sigríðar Magnúsd. hjúkrunarkonu	500		
53.	— Jónínu Marteinsd. hjúkrunarkonu	300		
54.	— Guðleifar Erlendsdóttur fyrrv. hjúkrunarkonu	300		
55.	— Arndísar Sigurðardóttur, þvottakonu í Laugarnesspítala...	300		
56.	— Sigurðar Péturssonar fangavarðar	1000		
57.	— Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns ...	300		
58.	— Susie Briem, ekkju Halldórs Briems	800		
59.	— Valgerðar Steinsen fyrrv. spítalaráðskonu	500		
	Flyt ...	25200	89068,51	71712,71

		kr.	kr.
Flutt ...	25200	89068,51	71712,71
60. Til Benedikts Þ. Gröndals	800		
61. — Jóns Runólfssonar sýsluskrifara ...	600		
62. — Ingveldar Guðmundsdóttur, ekkju Erlendar Zakaríassonar...	300		
63. — Sigríðar Pálsdóttur, ekkju Gunnlaugs Indriðasonar	400		
64. — Halldórs Brynjólfssonar blinda ...	350		
65. — Halldórs Þórðarsonar fyrrv. dyravarðar Alþingis	300		
		27950,00	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.			
j. Til ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar		1000,00	
k. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000,00	
			121018,51
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i. ...			37746,24
Samtals ...		... ...	230477,46

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 150000 kr.

III. KAFLI.

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn.		
I.	Fyrningar:		
	1. Samkvæmt 3. gr. A.	167140	
	2. — 3. — B.	7270	
	3. — 9. —	2170	
	4. — 10. —	2046	
	5. — 11. —	5300	
	6. — 12. —	67693	
	7. — 13. —	134982	
	8. — 14. —	12852	
	9. — 15. —	4350	
			403803
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum, keyptum skv. lögum nr. 14, 9. júlí 1909		24000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		100000
V.	Tekjur Menningarsjóðs, 3/4 hlutar		30000
	Samtals ...	... ...	567803
	Út.		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán 163950,00		
	b. Dönsk lán, d.kr. 321353,99 á 100.00 321354,00		
	c. Ensk lán, £ 6762—4—0 á 22.15 149783,00		
		635087	
	2. Lán ríkisstofnana:		
	a. Síminn (sjá 3. gr. A. Út I.) 75000		
	b. Útvarpið (sjá 3. gr. A. Út) 124040		
		199040	
			834127
	Flyt ...	... ...	834127

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	834127
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
1. Búið á Vífilsstöðum (sjá 3. gr. A. I. 6)	4000	
2. Búið á Kleppi (sjá 3. gr. A. I. 7)	3000	
3. Síminn: Ný símakerfi o. fl. (sjá 3. gr. Út II—III.)	135000	
		142000
III. Til bygginga nýrra vita		60000
IV. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10000
V. Til Menningarsjóðs (sjá 20. gr. Inn V)		30000
Samtals ...	... ...	1076127

21.

I. Rekstr

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		9040000,0
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	1203735	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	20100	
			1223835,0
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		522625,0
5. gr.	Óvissar tekjur		60000,0
	Samtals ...	... ...	10846460,0

II. Sjóð

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	10846460,00
	Aðrar innborganir og fyrningar [1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	403803,00
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	24000,00
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000,00
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	100000,00
— V.	Tekjur Menningarsjóðs	30000,00
	Greiðslujöfnuður	192877,46
	Samtals ...	11607140,46

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

irlit.
lit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1456770,00
8. gr.	Borðfé konungs		60000,00
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		231170,00
0. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		390446,00
1. gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	947260,00	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	207000,00	
			1154260,00
2. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		629506,00
3. gr. A.	Vegamál	1039062,00	
— B.	Samgöngur á sjó	682300,00	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	370790,00	
			2092152,00
4. gr. A.	Kirkjumál	343320,00	
— B.	Kennslumál	1284692,00	
			1628012,00
5. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista...		167060,00
6. gr.	Til verklegra fyrirtækja		1422460,00
7. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		918700,00
8. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		230477,46
9. gr.	Óviss útgjöld		150000,00
	Rekstrarafgangur		315446,54
	Samtals ...	... ...	10846460,00

rlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	10531013,46
	Aðrar útborganir:	
20. gr. I.	Afborganir lána	834127,00
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	142000,00
— III.	Til byggingar nýrra vita	60000,00
— IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000,00
— V.	Til menningarsjóðs	30000,00
	Þar af kr. 3000 til menntamálaráðs.	
	Samtals ...	11607140,46

22. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að kaupa því verði, er hún telur hæfilegt, íbúðarhús sýslumannsins í Borgarnesi.

II. Að kaupa, fyrir fé úr kirkjujarðasjóði, húseignir séra Ólafs Sæmundssonar í Hraungerði, er hann lætur af prestskap.

III. Að veita styrk í eitt skipti fyrir öll til þess að koma á stofn mjólkurbúum til osta- og smjörgerðar og mjólkurniðursuðu. Styrkurinn nemi allt að 1/4 kostnaðar og sé því aðeins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

IV. Að taka á leigu á hentugum stað í Reykjavík kjallara til öruggrar geymslu á innlendum kartöflum, sem ætlaðar eru til sölu hér á landi, og lána hann aftur íslenzkum kartöfluframleiðendum og þeim, sem verzla með íslenzkar kartöflur, gegn hæfilegum leigumála, er stjórnin ákveður.

V. Að láta Fiskifélagi Íslands í té ókeypis lóð á Arnarhólstúni á horni Ingólfsstrætis og Skúlagötu.

VI. Að greiða Jósef J. Björnssyni kennara full laun, þegar hann lætur af kennslustarfi.

VII. Að greiða eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans, vegna Jóns Halldórssonar fyrrv. ríkisféhirðis, úr lífeyrissjóði embættismanna það fé, sem hann hefir greitt í sjóðinn.

VIII. Að taka 24 þús. kr. lán úr Byggingar- og landnámssjóði til þess að fullnægja ákvæðum laga nr. 63 1931, um húsbyggingu prestssetra, og greiða vexti af því og afborganir úr ríkissjóði, enda greiði prestar, sem húsanna njóta, lögmæltar kvaðir af þeim.

IX. Að veita Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara allt að 10 þús. kr. lán til þess að reisa sér vinnustofu, gegn þeim skilyrðum, er stjórnin ákveður, og má skipta útborgun lánsins á 3 ár.

X. Að verja allt að 25 þús. kr. af verzlunarágóða Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða fyrir útvarpsnotum, þar sem ekki er raforka fyrir hendi, eftir reglum, sem atvinnumálaráðuneytið setur.

XI. Að ábyrgjast lán, allt að kr. 50000, til þess að reisa stúdentagarð í Reykjavík.

XII. Að ábyrgjast allt að 60 þús. kr. lán fyrir h/f Djúpbátinn til bátskaupa, gegn 1. veðrétti í skipinu og endurábyrgð sýslufélags Norður-Ísafjarðarsýslu. (Endurveiting).

XIII. Að ábyrgjast allt að 600 þús. kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

XIV. Að ábyrgjast allt að 60 þús. kr. lán til Hvammshrepps til raforkuveitu í Vík í Mýrdal, gegn endurábyrgð sýslufélags Vestur-Skaftafellssýslu og 1. veðrétti í raforkustöðinni.

XV. Að taka ábyrgð á allt að 60 þús. sterlingspunda láni, sem Eimskipafélag Íslands ætlar að fá í Englandi og greiða með því skuldir félagsins í Danmörku, ásamt afborgunum í Hollandi, gegn fyrsta veðrétti í eftirtöldum skipum félagsins: Gullfossi, Goðafossi, Dettifossi og Lagarfossi.

XVI. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 120000 kr. láni fyrir nýstofnað samvinnufélag á Eskifirði til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meiru en

4/5 af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskiveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Eskifjarðarhrepps og fyrsta veðrétti í skipunum. Forstöðumaður og annar endurskoðandi félagsins skulu samþykktir af ríkisstjórninni. (Endurveiting 90000 kr.).

XVII. Að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir láni til kaupa á fiskiskipum, allt að 4/5 kaupverðs skipanna fullbúinna til fiskiveiða, samtals allt að 100000 kr. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar og fyrsta veðrétti í skipunum. Ráðning forstöðumanns og annars endurskoðanda skal samþykkt af ríkisstjórninni. (Endurveiting).

XVIII. Að ábyrgjast allt að 100 þús. kr. lán fyrir Vestmannaeyjakaupstað, gegn fullum tryggingum.

23. gr.

Stjórn landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1934, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1933 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

25. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef hún telur bera til þess brýna nauðsyn, að draga af öllum fjárveitingum fjárlaganna, sem ekki eru lögum bundnar, um allt að 25%, eftir því sem við verður komið, og ennfremur að fresta um ákveðinn tíma rekstri stofnana.

Ed. 412. Breytingartillaga

við frv. til laga um geldingu húsdýra.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Húsdýr veturgömul og eldri, sem o. s. frv.

Nd. 413. Frumvarp

til laga um geldingu húsdýra.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Húsdýr, veturgömul og eldri, sem gelda þarf, skal staðdeyfa áður en gelding fer fram.

2. gr.

Sýslunefndir hlutast til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með staðdeyfingarlyf og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu og afhendingu deyfingarlyfja til geldingamanna. Án sérstaks endurgjalds skal dýralæknum skylt að kenna mönnum innan þeirra umdæmis geldingaraðferðir og meðferð á deyfingarlyfjum.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Ed. 414. Frumvarp

til laga um heimild til lántöku til vega- og brúargerða.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán innanlands á ábyrgð ríkissjóðs á árunum 1933—35, allt að 200 þús. kr. til vegagerðar á þjóðvegum og allt að 300 þús. kr. til byggingar þeirra brúa, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir. Lánin endurgreiðist á 6—8 árum, og séu vextir 5½%. Vexti og afborganir af lánum þessum skal telja með öðrum slíkum gjöldum ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **415. Frumvarp**

til laga um breyting á vegalögum, nr. 11 4. júní 1921.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:
Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland:

1. *Suðurlandsvegur:* Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa og Holt austur yfir brú á Ytri-Rangá. Um Rangárvelli, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur. Um Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Öræfi, Breiðamerkursand, Suðursveit, Mýrar, um Hóla í Nesjum, um Almannaskarð og Lón að Lónsheiði.
2. *Þingvallabraut:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
3. *Geysisvegur:* Frá Þingvöllum um Laugardal til Geysis.
4. *Biskupstungnabraut:* Frá vegamótum hjá Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur hjá Vatnsleysu að vegamótum Geysisvegar hjá Múla.
5. *Eyrarbakkavegur:* Frá Selfossi að Eyrarbakka.
6. *Laugardalsvegur:* Frá vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Svínavatni að vegamótum Geysisvegar hjá Laugarvatni.
7. *Skeiða- og Hreppavegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar í Flóa, norðan Flatholts upp Skeið og Hrunamannahrepp að vegamótum Gullfossvegar vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
8. *Gullfossvegur:* Frá vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Tungufljóti til Gullfoss.
9. *Gnúpverjavegur:* Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá að vegamótum hjá Þjórsárholti.
10. *Landvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar hjá Meiri-Tungu í Holtum upp Land að Múla.
11. *Fljótshlíðarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar hjá Garðsauka inn Fljótshlíð að Hlíðarenda.
12. *Hafnarbraut:* Frá Höfn í Hornafirði á Suðurlandsveg hjá Hólum.
13. *Reykjanesbraut:* Frá Reykjavík um Hafnarfjörð til Keflavíkur.
14. *Vífilsstaðavegur:* Frá vegamótum Hafnarfjarðarvegar til Vífilsstaða.
15. *Útvarpsstöðvarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar fyrir innan Reykjavík að Útvarpsstöð á Vatnsendahæð.

B. Um Vesturland:

1. *Vesturlandsvegur:* Frá vegamótum hjá Ártúni við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, yfir Ferstikluháls, um Svínadal, um Hestháls, þvert yfir Borgarfjörð sunnan við Grímsá, yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufá. Um Norðurárdal,

Bjarnadal, Sökkólfsdal, Miðdal, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri.

2. *Hafnarfjallsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Ferstiklu út með Hvalfirði, um Leirársveit og Andakíl á vegamót Vesturlandsvegar hjá Hvítárvöllum.
3. *Akranesvegur:* Frá Akranesi inn að vegamótum Hafnarfjallsvegar hjá Lambhaga.
4. *Borgarnesbraut:* Frá Borgarnesi að vegamótum Vesturlandsvegar norðan Gufár.
5. *Borgarfjarðarbraut:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Haugum um Stafholtstungur yfir Hvítárbrú á Kálffossi.
6. *Stykkishólmsvegur:* Frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
7. *Ólafsvíkurvegur:* Frá vegamótum Stykkishólmsvegar austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
8. *Hellusandsvegur:* Frá Ólafsvík um Ennisdal til Hellusands.
9. *Laxárdalsvegur:* Frá vegamótum sunnan Laxár um Laxárdal og Laxárdalsheiði að vegamótum Strandavegar utan Borðeyrar.
10. *Strandavegur:* Frá vegamótum við Hrútafjarðará um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð, Hólmavík, Steingrímsfjarðarheiði að vegamótum Vesturlandsvegar á Þorskafjarðarheiði.
11. *Steinadalsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Brekku í Gilsfirði um Steinadal og Steinadalsheiði að vegamótum Strandavegar í Kollafirði.
12. *Vestfjarðavegur:*
    a. Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði inn fyrir Önundarfjörð um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
    b. Frá Þingeyri um Brekkudal að Rafnseyri.
    c. Frá Bíldudal um Hálfdán fyrir Tálknafjarðarbotn um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.

C. Um Norðurland:

1. *Norðurlandsvegur:* Frá vegamótum hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði, Hrútafjörð og Hrútafjarðarháls yfir Miðfjarðará hjá Reykjum, um Línakradal, Auðunnarstaðaháls, um Víðidalsárbrú hjá Lækjamóti, um Gljúfurárbrú hjá Miðhópi, yfir Vatnsdalsárbrú hjá Hnausum, um Blöndubrú hjá Blönduósi, um Langadal og Stóra-Vatnsskarð. Yfir Skagafjörð um Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Yfir Vaðlaheiði, um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði og Aðalreykjadal til Húsavíkur. Um Reykjaheiði, Kelduhverfi að vegamótum austan við Jökulsárbrú nálægt Ferjubakka.
2. *Hvammstangabraut:* Frá Hvammstanga að vegamótum hjá Stóra-Ósi.
3. *Vesturhópsvegur:* Frá vegamótum Norðurlandsvegar hjá Vatnshorni að Vesturhópsvatni móts við Breiðabólsstað.

4. *Vatnsdalsvegur:* Frá Vatnsdalshólum að Undirfelli.
5. *Svínvetningabraut:* Frá Blönduósi að Svínavatni.
6. *Skagastrandarvegur:* Frá Blöndubrú við Blönduós til Skagastrandar.
7. *Sauðárkróksbraut:* Frá Sauðárkróki að vegamótum austan við Víðimýri.
8. *Hofsósvegur:* Frá Sauðárkróki um Héraðsvatnabrýr og Hegranes, Viðvíkursveit, um brú á Hjaltadalsá, um Óslandshlíð til Hofsóss.
9. *Eyjafjarðarbraut:* Frá vegamótum sunnan Akureyrar að Saurbæ ásamt brautinni að Kristneshæli.
10. *Dalvíkurvegur:* Frá Dalvík um brú á Svarfaðardalsá hjá Árgerði um Árskógsströnd og Arnarneshrepp, um brú á Hörgá hjá Möðruvöllum að vegamótum Norðurlandsvegar á Moldhaugahálsi.
11. *Tjörnesvegur:* Frá Húsavík kringum Tjörnes að vegamótum Norðurlandsvegar hjá Lóni í Kelduhverfi.
12. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur:* Frá vegamótum austan við Jökulsá í Axarfirði um Kópaskerskauptún, yfir Melrakkaslèttu um Blikalón og Raufarhöfn, um Hálsa, hjá Svalbarði, um Þistilfjörð til Þórshafnar.

D. Um Austurland:

1. *Austurlandsvegur:* Frá vegamótum Norðurlandsvegar austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Hólsfjöll hjá Grímsstöðum, hjá Möðrudal, um Möðrudalsöræfi, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal, hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs. Um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði.
2. *Stranda- og Vopnafjarðarvegur:* Frá Þórshöfn þvert yfir Langanes um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð að vegamótum Austurlandsvegar vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Úthéraðsvegur:* Frá vegamótum Fjarðarheiðarvegar austan við Eyvindarárbrú, um Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá að Óshöfn.
4. *Fjarðarheiðarvegur:* Frá vegamótum Austurlandsvegar hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
5. *Fagradalsbraut:* Frá vegamótum Austurlandsvegar hjá Egilsstöðum um Fagradal til Reyðarfjarðarkauptúns.
6. *Eskifjarðarvegur:* Frá Reyðarfjarðarkauptúni til Eskifjarðarkauptúns.
7. *Norðfjarðarvegur:* Frá Eskifirði til Neskaupstaðar.
8. *Fáskrúðsfjarðarvegur:* Frá Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Hrossadalsskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
9. *Mjóafjarðarvegur:* Frá Fagradalsbraut við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Mjóafirði.

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist 2 nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Þar, sem mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar eru ekki ákveðin, úrskurðar ráðherra, hvar þjóðvegur endar.

Nú nær byggð meðfram slíkum vegi út fyrir mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar, og skal þá ekki telja þjóðveg lengra en þar að, sem byggð telst enda samkvæmt úrskurði ráðherra.

3. gr.

1. málsgrein 8. gr. skal orða svo:

Sýslunefndir hafa, undir yfirumsjón vegamálastjóra, umsjón og stjórn þeirra vegagerða og þess viðhalds, sem kostað er af sýslusjóði eða sýsluvegasjóði; fela má sýslunefnd oddvita sínum umsjón með tilteknum vegagerðum, eða sýslunefndarmanni eða hreppsnefndum umsjón með sýsluvegagerð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða til þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa. Skylt er sýslunefndum að hlíta ráðum vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða.

4. gr.

Aftan við síðari málsgrein 11. gr. skal bæta:

Þar, sem enginn skurður er meðfram vegi, má girðingu ekki setja nær miðju vegar en 4 metra og ekki reisa hús nær en 8 metra, nema sérstök heimild komi til.

5. gr.

12. gr. skal orða svo:

Ríkissjóður kostar umbætur og viðhald þjóðvega. Skulu þeir gerðir akfærir svo fljótt sem fé er veitt til í fjárlögum. Nú verður álitið gagnlegt að gera einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og má þá, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, gera það að skilyrði, að hlutaðeigandi sveitarfélög eða sýslufélög leggi fram tiltekinn hluta alls vegagerðarkostnaðar.

6. gr.

13. grein skal orða svo:

Stjórn vegamálanna ákveður, hvaða fjallvegir skuli gerðir akfærir. Aðrir fjallvegir skulu gerðir reiðfærir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr ríkissjóði.

7. gr.

Aftan við 36. gr. bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Hvergi má festa upp auglýsingaspjöld meðfram alfaravegum utan kaupstaða og kauptúna, eða setja upp auglýsingar á annan hátt, nema um opinberar tilkynningar sé að ræða.

Heimilt er þó þeim, sem býr við alfaraveg, að auglýsa þar atvinnurekstur sinn.

8. gr.

30. gr. orðist svo:

Brýr skal gera samkvæmt lögum nr. 32 23. júní 1932.

9. gr.

Aftan við 44. gr. komi ný málsgrein, er orðist svo:

Þyki vegamálastjórninni ástæða til að halda akfærum kafla þjóðvegar með snjómokstri að vetrarlagi, má telja þann kostnað með viðhaldi vegarins.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 57 19. maí 1930.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 41 4. júní 1924 og gefa þau út svo breytt sem vegalög.

Ed. 416. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að taka á leigu síldarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði, eða taka afnot síldarbræðslustöðvarinnar eignarnámi.

Flm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka á leigu næsta síldveiðitímabil síldarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði, ef samkomulag næst við eiganda verksmiðjunnar um viðunandi leiguskilmála.

2. gr.

Nú nást eigi, að dómi ríkisstjórnar, viðunandi samningar um leiguskilmála við eiganda síldarverksmiðjunnar, og skal þá ríkisstjórninni heimilt að láta fara fram eignarnám á afnotum verksmiðjunnar fyrir síldveiðitímabilið 1933, eða svo lengi sem þörf er á afnotum verksmiðjunnar vegna vinnslu síldar frá síldveiðitímabilinu 1933.

3. gr.

Þá er ríkisstjórnin hefir tekið umrædda síldarbræðslustöð á leigu samkv. 1. gr., eða látið fara fram eignarnám sér til handa á afnotum verksmiðjunnar skv. 2. gr., skal ríkisstjórnin láta starfrækja verksmiðjuna í sambandi við síldarbræðslustöð ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fram hefir verið borin þingsályktunartillaga um að heimila ríkisstjórninni að taka á leigu síldarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði, en flutningsmaður frv. þessa telur aðstöðu ríkisstjórnarinnar sterkari með því að samþykkja heimildina í frumvarpsformi. Auk þess er með lögum hægt að heimila ríkisstjórninni að taka sér til handa eignarnámi afnotarétt verksmiðjunnar, og er slík heimild veitt í 2. gr. frv.

Ed. 417. Tillaga

til þingsályktunar um leigu á síldarbræðslustöð.

(Eftir fyrri umr. í Ed.).

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að taka á leigu og starfrækja síldarbræðslustöð, sem ella mundi verða óstarfrækt, næsta síldveiðitímabil, á Siglufirði eða annarsstaðar, enda sé stöðin að öllu leyti í rekstrarhæfu ásigkomulagi frá hendi eiganda og áhætta í sambandi við rekstrinn ekki óhæfilega mikil að dómi ríkisstjórnar.

Ed. 418. Þingsályktun

um breytingar á leyfisbréfi 31. júlí 1926, um sæsímasambandið.

(Afgreidd frá Ed. 19. apríl).

Alþingi ályktar að samþykkja breytingar þær á leyfisbréfi h/f Hins mikla norræna ritsímafélags í Kaupmannahöfn, dags. 31. júlí 1926, um starfrækslu sæsímans milli Hjaltlands, Færeyja og Íslands, sem samkomulag hefir náðst um, og að heimila ríkisstjórninni að koma á talsambandi milli Íslands og útlanda svo fljótt sem henni virðist það tiltækilegt.

Nd. 419. Tillaga

til þingsályktunar um breyting á slysatryggingalögum.

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi lagafrumvarp, er feli í sér þær breytingar á slysatryggingalögunum, að

meira samræmi en nú á sér stað verði komið á um greiðslu dagpeninga þegar slys ber að höndum, þannig að þeir, sem sjó stunda, verði ekki verr úti en hinir, sem í landi vinna.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt áskorun frá þingmálafundi á Akranesi.

Við framkvæmd slysatryggingalaganna hefir það komið mjög berlega í ljós, að óhjákvæmilegt er, að komið verði á meira samræmi en nú á sér stað um greiðslu dagpeninga þegar slys ber að höndum, þannig að þeir, sem sjó stunda, verði ekki verr úti en þeir, sem í landi vinna.

Ed. 420. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75 frá 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1933.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jón Þorláksson.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.

Ed. 421. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin telur eftir atvikum rétt, að frv. þetta gangi fram.

Alþingi, 19. apríl 1933.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jón Þorláksson.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.

Nd. 422. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við lög um veð, nr. 18 4. nóv. 1887, og lög um viðauka við þau lög, nr. 34 31. maí 1927.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: að undanteknum kröfum þeim, er um ræðir í 3. og 5. lið 83. greinar þeirra laga.

Ed. 423. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU.

Upphaf fyrri efnismálsgr. frvgr. orðist svo:
Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar.

Alþingi, 21. apríl 1933.

Magnús Torfason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr. og frsm.	Pétur Magnússon.

Ed. 424. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild til lántöku til vega- og brúargerða.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 1. gr. Annar málsliður greinarinnar orðist svo:
Lánin endurgreiðist á 6—8 árum og vextir séu allt að 1% hærri en venjulegir innlánsvextir Landsbanka Íslands.

Ed. **425. Nefndarálit**

um frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að samþykktir verði 1., 4., 5. og 6. liður frv. Um hina aðra liði hafa nefndarmenn óbundin atkvæði.

Alþingi, 21. apríl 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr. og frsm.	Jón Þorláksson.

Fylgiskjal I.

Reykjavík 28. febr. 1933.

Út af bréfi hinnar háttvirtu fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis, dags. 25. febr., þar sem hún óskar umsagnar vor nefndarmanna um 1. gr. tölulið 2 í frumvarpi til bráðabirgðabreytinga nokkurra laga, skal Þjóðleikhússnefndin taka það fram, sem hér fer á eftir.

Af því að skemmtanaskatturinn var látinn renna í ríkissjóðinn frá 1. júlí 1932 til ársloka, vantar nefndina fé til þess að leggja múrskel á þjóðleikhússbygginguna, svo að búast má við, að hún liggi undir skemmdum, bygging, sem hingað til hefir kostað 620000 krónur, en til þessa vantar 25—30 þús. krónur, og þær verður nefndin að eiga vísar að fá fyrir aprillok.

Að taka skemmtanaskattinn líka fyrir árið 1934 er meira en varhugavert. Leikhúsbyggingin er verulegasta menningarmálið, sem Alþingi hefir nú með höndum. Að fleygja því nú svo frá sér, að láta skemmtanaskattinn ganga til almennra þarfa, væri ekki heiður fyrir nokkurn mann hér á landi, og erlendis væri það álitsspillir. Leikhúsið þarf að komast upp; bæði er það menningarmeðal, sem illt er að vera án, og þess erfiðara á íslenzk leiklist uppdráttar, sem það dregst lengur. Vér leggjum það einhuga til, að 1. gr. 2. liður verði felldur úr frumvarpinu.

Ýmsir munu álíta, að leikhúsið sé of stórt, en fólkinu í Reykjavík hefir aldrei fækkað nokkurt ár í 130 ár. Nú að síðustu bætir bærinn við sig 8000 íbúum á hverjum 10 árum, og það er ekki ólíklegt, að hér verði yfir 50000 manns um árið 1960.

Í stað þess að svipta Þjóðleikhúsið tekjum þess, leggur nefndin það til, að byggingu þess verði flýtt og það fullgert til kvikmyndasýninga eins fljótt og unnt er, svo að fé það, sem þegar hefir verið í það lagt, þurfi ekki að standa með öllu arðlaust. Er það kunnara en frá þurfi að segja, að kvikmyndasýningar eru mjög arðvænlegar, og má vænta þess, að sá rekstur mundi á skömmum tíma skila aftur stofnfé sínu. Í því skyni fer nefndin fram á, að ríkisábyrgð verði

veitt fyrir 300000 króna láni, og væntir nefndin þess fastlega, að skemmtanaskatturinn verði ekki tekinn af Þjóðleikhúsinu, hvorki 1934 né framvegis.

Virðingarfyllst.

Indr. Einarsson. Einar H. Kvaran. Jakob Möller.

Til fjárhagsnefndar efri deildar.

Fylgiskjal II.

Háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis hefir beiðzt þess, að stjórn Bókadeildar menningarsjóðs léti henni í té skriflega umsögn um tölulið 7 í frv. um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, þar sem ráðgert er, að fjórðungur tekna menningarsjóðs renni í ríkissjóð til ársloka 1934.

Stjórn bókadeildar vill hér með lýsa yfir því, að hún leggur eindregið á móti því, að ákvæði þetta verði samþykkt.

Í sambandi við þetta viljum við benda á eftirfarandi atriði:

Bókadeildin hefir nú síðastliðið ár ráðizt í stórfyrirtæki, lagasafnið, sem reyndist svo miklu stærra en áætlað var í fyrstu, að svo má heita, að deildin sé rúin að fé og lömuð starfsemi hennar fyrst um sinn.

Í öðru lagi viljum við geta þess, að þegar er samþykkt, að deildin gefi út á næstu árum stórt og vandað úrval af verkum Matthíasar Jochumssonar, og mun það kosta mikið fé.

Í þriðja lagi er það í ráði, að gefa út á næstu árum smátt og smátt stór alþýðleg fræðirit í ýmsum greinum, en til slíkra hluta þurfum við að leita til margra manna og ráða þá til starfa í þágu deildarinnar um langan tíma. En ógerlegt er með öllu að ráðast í slík framtíðarfyrirtæki, nema tryggt sé, að deildin fái að starfa óáreitt og halda styrk þeim, sem henni ber að lögum.

Loks viljum við benda á, að ekki aðeins starfsemi bókadeildar, heldur og öll starfsemi menningarsjóðs í heild getur því aðeins náð þeim árangri, sem til var ætlazt í upphafi, að sjóðurinn fái að starfa óskertur og í friði. Hitt getur riðið framtíðarstarfi hans að fullu, að hróflað sé við honum á hverju þingi, og tilvera hans þannig komin undir skoðun, áliti og atkvæði háttvirtra þingmanna í þann og þann svipinn.

Reykjavík, 1. marz 1933.

Virðingarfyllst,

f. h. Bókadeildar menningarsjóðs

Freysteinn Gunnarsson
formaður.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

Alþýðusamband Íslands.

Reykjavík, 7. marz 1933.

Háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis hefir óskað umsagnar Alþýðusambands Íslands um tölul. 3 í frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, sem lagt hefir verið fyrir yfirstandandi Alþingi.

Út af þessu vill stjórn Alþýðusambandsins taka þetta fram:

1. Þegar lög nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, voru sett, var það ákveðið, að annar helmingur ágóðans af einkasölunni skyldi renna í Byggingar- og landnámssjóð skv. lögum nr. 35 7. maí 1928, en hinn hlutinn ganga til byggingarsjóða skv. lögum um verkamannabústaði, nr. 71 8. sept. 1931. Lögin voru því alls ekki sett sem venjuleg tekjuöflunarlög fyrir ríkissjóð, heldur beinlínis í því skyni að hjálpa til við uppbyggingu mannlegra vistarvera til sjávar og sveita. Lögin má því miklu fremur skoða sem viðauka við lögin um Byggingar- og landnámssjóð og lögin um verkamannabústaði en sem skattalög. Ef þessar tekjur eru teknar og þeim ráðstafað til annars, væri það algert brot á tilgangi laganna og tilætlun Alþingis 1931. Mætti þá á sama hátt ákveða, að öll útsvör í landinu skyldu renna í ríkissjóð í nokkur ár, til þess að bæta úr tekjuþörf ríkissjóðs í kreppunni.
2. Það voru fastir samningar milli Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins, er þessi lög voru sett, að tekjum einkasölunnar skyldi þannig varið. Verði þessu breytt, er það samningsrof.
3. Á síðasta Alþingi, er samskonar frv. og hér er óskað umsagnar um var til umræðu, var því skýlaust lofað af hæstv. fjármálaráðherra, að þessi undanþága skyldi aðeins gilda til ársloka 1933. Ef nú á að framlengja lögin, verður að skoða það sem brigðmælgi, sem illa fer manni í þeirri stöðu.

Samkvæmt þessu leggjum vér eindregið til, að umrætt frv. nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst.

Jón Baldvinsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

Menntamálaráð Íslands.

Reykjavík, 9. marz 1933.

Háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar hefir með bréfi, dags. 25. f. m., beiðzt skriflegrar umsagnar Menntamálaráðs um 7. tölulið í frumvarpi til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi.

Þegar svipað frumvarp lá fyrir Alþingi 1932, sendi Menntamálaráð, ásamt

stjórnendum bókadeildar og náttúrufræðideildar menningarsjóðs, mótmæli sín gegn því, að tekjur menningarsjóðs yrðu á nokkurn hátt skertar. Menntamálaráð vill fyrir sitt leyti endurtaka eindregin mótmæli sín gegn skerðingu menningarsjóðs og leyfir sér hér með að taka upp eftirfarandi áðurnefnda greinargerð fyrir þessum mótmælum:

„Með stofnun menningarsjóðs er andlegri starfsemi í landinu veittur allverulegur stuðningur, sem má að miklu gagni koma, þegar tímar líða, svo framt að sjóðurinn fær að starfa óskertur, enda mun til þess ætlazt í upphafi, að hann sé óháður árferði og sparnaðarviðleitni einstakra manna. En með frv. því, er áður getur, er tilraun gerð til þess að hnekkja þeirri starfsemi, sem þegar er hafin í sambandi við sjóðinn, og meira að segja ónýttar fyrirætlanir og framkvæmdir, sem ráðnar voru í þeirri trú, að sjóðurinn starfaði óskertur framvegis.

Um starfsemi bókadeildar hingað til er óþarft að fjölyrða. Aðeins skal á það bent, að ekki er vonlegt, að fjöldi úrvalsrita liggi fyrir til útgáfu þegar í upphafi starfseminnar. Það hlýtur að taka nokkurn tíma að koma slíkri starfsemi á þann rekspöl, sem stjórn deildarinnar hefir hugsað sér til frambúðar. En hann er sá, að verja mestum hluta fjárins til útgáfu stórra fræðirita við alþýðu hæfi, sem einstakir bókaútgefendur telja sér ekki viðráðanleg. Hefir t. d. þegar verið rætt um útgáfu stórrar mannkynssögu og yfirlitsrits í náttúrufræði. Ennfremur hefir komið til mála að gefa út ritsöfn merkustu íslenzkra skálda og rithöfunda, bæði eldri og yngri. Einmitt nú standa yfir samningar um útgáfu allra rita Matthíasar Jochumssonar. En jafnhliða þessum stóru ritum mun bókadeildin gefa út smærri rit, bæði skáldrit og fræðirit.

Að lokum skal á það bent, að nýlega eru gerðir samningar um, að bókadeild menningarsjóðs gefi út Lögbók Íslendinga, þá er fyrirhugað var, að út yrði gefin á ríkiskostnað. Hefir bókadeildin þar með lyft allþungri byrði af ríkissjóði, en bundið um leið sjálfri sér þann bagga, sem óvíst er, að hún rísi undir, ef sjóðurinn verður skorinn niður að hálfu.

Náttúrufræðideild menningarsjóðs hefir þegar hrundið af stað margþættum rannsóknum á náttúru landsins með tilstyrk sjóðsins. Sú deild á mikið og merkilegt verkefni fyrir höndum, ef ekki verður tekið fyrir hendur hennar með því að svipta hana styrk þeim, sem sjóðurinn veitir. En með því að starfsemi hennar hingað til og fyrirhugaðar framkvæmdir eru lítt kunnar almenningi, og þá einnig háttv. fjárhagsnefnd, látum vér fylgja hér með bréf til menntamálaráðs frá stjórn náttúrufræðideildar, þar sem hún gerir glögga grein fyrir starfsemi deildarinnar og framtíðarætlunum hennar.

Um listadeild menningarsjóðs er það að segja, að hlutverk hennar er tvennskonar, annarsvegar að koma upp listasafni fyrir íslenzka ríkið, og hinsvegar að gera færum mönnum kleift að starfa að íslenzkri myndlist. Fyrra atriðið er harla nauðsynlegt hverri menningarþjóð og sízt ástæða til að draga úr þeirri merkilegu viðleitni. Síðara atriðið er og áríðandi engu síður. Það er kunnugt, að kjör íslenzkra listamanna hafa ætíð verið örðug, og sökum yfirstandandi kreppu eru þau enn örðugri, með því að fáir eða engir kaupendur fást að listaverkum þeirra. Það myndi því verða íslenzku listalífi til óbætanlegs hnekkis, ef stórlega væri dregið úr opinberum framlögum til listaverkakaupa.

Að öllu þessu athuguðu væntum vér þess fastlega, að háttv. fjárhagsnefnd rasi ekki að því ráði að leggja samþykki sitt á frv. þetta, sem áreiðanlega yrði til þess að drepa niður þann vísi andlegrar starfsemi í landinu, sem hafinn er með stofnun menningarsjóðs".

Framanritaða greinargerð vill Menntamálaráð gera að sínum orðum, að svo miklu leyti sem við á nú, og endurtekur eindregin mótmæli sín gegn þessum lið frumvarpsins.

Barði Guðmundsson. Árni Pálsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Nd. 426. Breytingartillögur

við frumv. til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta vill ívilnunar laga þessara, skal greiða áveituskatt, er nemi 1 krónu á hektara áveitulands hans í 40 ár. Áveituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum samningsbundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar. Þó getur ríkisstjórnin (atvinnumálaráðherra) krafizt þess, að landeigandi greiði áveitukostnaðinn með landi að einhverju eða öllu leyti, ef nauðsyn þykir vegna stofnunar nýbýlis samkv. 3. gr.
2. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Óski landeigandi, í stað þess að greiða hið árlega gjald, að láta land af hendi til greiðslu áveitukostnaðarins í eitt skipti fyrir öll, má gefa honum kost á því, ef trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar mælir með því og nægilega mikið land fæst samfellt frá einni eða fleiri jörðum til stofnunar nýbýlis eða nýbýla, sbr. niðurlagsákvæði 2. gr.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Nú er samþykkt samkv. ósk landeiganda að taka land til greiðslu áveitukostnaðar samkv. 3. gr., eða land er tekið eftir kröfu ríkisstjórnarinnar samkv. niðurlagsákvæðum 2. gr., og skal það þá þannig gert, að af hverjum 8 hekturum áveitulands fær ríkissjóður 2 hektara, en 3 hektara, ef beitiland er tekið í staðinn. Heimilt er þó atvinnumálaráðherra að víkja frá þessu hlutfalli, ef sérstök ástæða þykir til með tilliti til gæða landsins og legu.
4. Við 5. gr. Greinin fellur burt.
5. Við 6. gr. Greinin verði 5. gr. og orðist þannig:
   Hafi landeigandi gert mannvirki á hinu tekna landi, svo sem flóðgarða

o. s. frv., skal meta þau til verðs á móti landi og taka þeim mun minna land, er mannvirkjunum nemur. Mat mannvirkjanna skal fara fram samkv. ákvæðum jarðræktarlaganna um mat á mannvirkjum til landskuldargreiðslu.

6. Við 7. gr. Greinin fellur burt.
7. Við 8. gr. Greinin verði 6. gr. Orðið „nefndinni“ í miðri greininni og niðurlag greinarinnar: „og ber ríkissjóður allan kostnað við þau skipti“ falli burt.
8. Við 9. gr. Greinin fellur burt.
9. Við 10. gr. Greinin verði 7. gr. og orðist svo:

   Jafnóðum og lokið er útmælingu þeirra landa, er tekin kunna að verða upp í áveitukostnað, skulu sett upp greinileg landamerki milli þeirra og aðliggjandi jarða, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar mælir fyrir um. Gera skal uppdrátt af þeim löndum, er ríkissjóður fær.
10. Við 11. gr. Greinin fellur burt.
11. Við 12. gr. Greinin verði 8. gr.
12. Við 13. gr. Greinin verði 9. gr.
13. Við 14. gr. Greinin verði 10. gr., en á eftir henni komi ný grein, sem verður 11. gr., svo hljóðandi:

   Búnaðarfélagi Íslands skal falið að annast framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn atvinnumálaráðherra, samkv. reglugerð, er hann setur.
14. Við 15. gr. Greinin verði 12. gr.

Nd. 427. Frumvarp

til laga um bráðabirgðaverðtoll.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Innkaupsreikninga yfir eftirtaldar vörur, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru af innlendum uppruna (endursendar ísl. afurðir) né teljast til farangurs ferðamanna, skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, sem segir í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, með þeim hundraðshlutum — þar í talinn verðtollur, er á vörunni hvílir samkvæmt lögum nr. 47 1926 og nr. 5 1928 — af innkaupsverði þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, sem hér greinir:

A. Með 50% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:

   Andlitsduft, andlitssmyrsl, ilmsmyrsl og aðrar kosmiskar vörur. Blóm og plöntur lifandi. Flugeldar og efni í þá. Jólatré. Leikföng, handhnettir og jólatrésskraut. Loðskinn. Loðskinnavörur. Málverk. Myndir og myndabækur. Skrautfjaðrir. Skrautgripir og myndir úr marmara, gipsi, steini o. fl. Vörur úr gulli. Vörur úr pletti. Vörur úr silfri. Þurrkaðar plöntur, blóm og blómsveigir.

B. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Aldinhlaup og aldinmauk. Ávextir niðursoðnir. Egg og eggjaduft. Bjúgu (pylsur). Grammofónar og tilheyrandi. Grammofónsplötur. Húsgögn tilbúin. Kex og kökur. Kvikmyndir. Lakkris. Legsteinar. Mótorhjól. Myndavélar og hlutar úr þeim. Rammar og rammalistar. Spil.

C. með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:
Blaut sápa (græn- og kristals). Blikkkassar. Burstar og sópar. Handvagnar, hestvagnar. Hart brauð (skipsbrauð og skonrok). Hljóðfæri allskonar. Hurðir, gluggar og karmar og annað smíði til húsa. Hvalafurðir. Jarðepli. Kreólín. Kringlur og tvíbökur. Myndamót. Niðursoðin mjólk. Olíufatnaður úr öðru en silki. Reikni- og talningarvélar. Róðrarbátar og prammar. Skófatnaður úr skinni og flóka. Skrif- og aðrar skrifstofuvélar. Smjörlíki. Strigaskór með leðursólum. Svínafeiti. Ullarband. Vagnáburður. Þvottaefni.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 5 1928 um sýning innkaupsreikninga og ákvæði 2. gr. sömu laga og gildandi reglugerð um verðtoll gilda einnig um gjald og innheimtu samkvæmt 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um þetta gjald, og má þá þar ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar.

3. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi allar þær undanþágur frá verðtolli, sem veittar hafa verið að undanförnu, nema fyrir hráefni eða efnivörur, vélar og áhöld, sem eingöngu er notað til innlendrar framleiðslu.

4. gr.

Ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollskyldri vöru, er tollheimtumanni rétt að ákveða sanngjarnlegt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1934.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra.

Frv. miðar að þrennu: 1) að afla fjár í ríkissjóð, einkum vegna kreppuráðstafana, 2) að styðja innlendan atvinnurekstur og þar með að draga úr atvinnuleysinu, og 3) að draga úr innflutningi óþarfs og miður þarfs varnings og styrkja þar með viðskiptaaðstöðu vora við útlönd. Öll eru þessi verkefni brýn og aðkallandi. Hinsvegar getur það verið álitamál, hverjar vörur skuli látnar falla undir þennan aukatoll og hversu hátt skuli ákveða tollstigið fyrir

hverja eina vörutegund. — Um þetta atriði hafa nefndarmenn óbundna aðstöðu.

Frv. fylgdu m. a. eftirfarandi athugasemdir:

Frumvarpið miðar að því meðal annars að koma á samræmi í verðtollslöggjöf. Með það fyrir augum og til að gera auðveldari innheimtu tollsins er ekki upp tekinn nema einn nýr flokkur, þ. e. fyrir algerðan „luxus"varning og óþarfa. Hinsvegar eru ýmsar vörur, sem enginn verðtollur er greiddur af nú, teknar upp í lægri verðtollsflokkinn, 15%, og ennfremur aðrar vörur, sem nú tilheyra þeim flokki eftir núgildandi verðtollslögum, færðar upp í hærri flokkinn, 30%. Á þennan hátt ætti verðtollurinn að ná betur tilgangi sínum, þeim, að afla ríkissjóði tekna, án þess þó að íþyngja innlendri framleiðslu og hinni almennu neyzlu í landinu. Flokkuninni er því þannig hagað, að tollurinn sé sem víðast til verndar innlendum framleiðslugreinum, en íþyngi á hinn bóginn þeim útlendum vöruviðskiptum sérstaklega, sem talizt geta miður nauðsynleg. Tollurinn miðar með þessum breytingum að því að draga úr innflutningi. Það er takmarkið, þótt leiðirnar séu tvær. Annarsvegar efling innlendrar framleiðslu, hinsvegar takmörkun þeirrar neyzlu, sem byggist á innflutningi erlends luxusvarnings og óþarfa.

Vörur þær, sem taldar eru í flokki A, eru hreinn óþarfi að mestu, og því ekki nema sjálfsagt, að þær beri háan toll, ef þær eru fluttar inn. Aftur á móti geta ef til vill verið skiptar skoðanir um það, hvort allar þær vörutegundir, sem taldar eru í hinum flokkunum, B og C, eigi þar heima.

Vörutegundir í C-flokki getum vér framleitt sjálfir og því ekki ástæða til að greiða fyrir innflutningi þeirra með tollívilnunum, sem raunar eru ekki í samræmi við núgildandi tolllög. (Hráefnin bera sama toll). Hljóðfæri eru dýrir munir, sem tiltölulega fáir geta veitt sér, og virðist því eðlilegt, að þau beri nokkurn verðtoll. Að leggja verðtoll 15% á skófatnað er í samræmi við það, að verðtollur þessi hvílir nú á öllum almennum fatnaði og verður til að styðja innlenda skófatagerð. Auk þess myndi verðtollur á skófatnaði ekki koma að öllu leyti niður á neytendunum. Verzlunin myndi bera hann að nokkrum hluta.

Erlent smíði þurfum vér naumast að flytja inn. En í þeim liggur mikil erlend vinna, sem er ekki nema sjálfsagt að leggja toll á.

Það munu vera nokkuð skiptar skoðanir um hækkunina á tolli á jarðeplum og mjólk. Þegar þess er gætt, að kartöfluneyzla er tæp 40 kg. á mann, er ekki nema eitthvað $\frac{1}{8}$—$\frac{1}{15}$ á móts við það, sem tíðkast í nágrannalöndunum, og að vér flytjum inn nærri helminginn af þessari litlu neyzlu vorri, er full ástæða til að reyna að hlúa að kartöflufranleiðslunni á allan hátt. Þessa litlu tollvernd má skoða sem einn lið í þeirri viðleitni. Sennilega neytum vér þeim mun meiri kornmatar en aðrar þjóðir, sem vér neytum minna af jarðeplum en þær, eða því sem næst.

Nd. **428. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 426. [Áveita á Flóann].

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

1. Við tölul. 1. Fyrir „í 40 ár“ komi: í 30 ár.
2. Við tölul. 13. Við greinina bætist: og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

Ed. **429. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 [Jarðræktarlög].

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   14. gr. laganna orðist svo:
   Eftir því, sem fé sjóðsins hrekkur til, skal því varið til að styrkja bændur með ákveðnu framlagi, miðað við kaupverð, til að eignast meiri háttar verkfæri til jarðræktar og heimilisnota, svo sem hér segir:
   a. Helmingsframlag veitist til kaupa á hestverkfærum til jarðvinnslu og garðræktar, steingálgum, áburðardreifurum, forardælum og dælum, sem notaðar eru til varnar gegn kartöflusýki.
   b. Þriðjungsframlag veitist til kaupa á heyvinnuvélum og tóvinnuvélum.
   Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 600 krónur.
   Sá, er styrks beiðist, sendir umsókn sína, stílaða til Búnaðarfélags Íslands, stjórn búnaðarfélags þess, sem hann er í, og sér hún þá um útvegun verkfæranna og greiðslu andvirðis.
2. Við 1. gr. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verður 2. grein, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkv. því:
   Í stað orðanna „allt að ¼ verðs“ í 15. gr. laganna komi: allt að helmingi verðs.

Ed. **430. Breytingartillaga**

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

Frá Páli Hermannssyni.

Við 1. gr. D. Á milli 3. og 4. töluliðs komi nýr töluliður (Tölulíðirnir á eftir breytist samkv. því):

4. *Upphéraðsvegur:* Frá Lagarfljótsbrú vestan Fljóts að Brekku í Fljótsdal.

Nd. 431. Nefndarálit

um frv. til laga um eignarnámsheimild á landi við Skerjafjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1933.

Bergur Jónsson, form.	Guðbr. Ísberg, fundaskr., frsm.
Steingr. Steinþórsson.	Sveinbjörn Högnason.

Nd. 432. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1933.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Guðbr. Ísberg, fundaskr.	Steingr. Steinþórsson.
	Sveinbjörn Högnason.	

Nd. 433. Frumvarp

til laga um heimild til lántöku til vega- og brúargerða.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán innanlands á ábyrgð ríkissjóðs á árunum 1933—35, allt að 200 þús. kr. til vegagerðar á þjóðvegum og allt að 300 þús. kr. til byggingar þeirra brúa, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir. Lánin endurgreiðist á 6—8 árum og vextir séu allt að 1% hærri en venjulegir innlánsvextir Landsbanka Íslands. Vexti og afborganir af lánum þessum skal telja með öðrum slíkum gjöldum ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 434. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 49 23. júní 1932.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin fellst á þær breytingar eldri hafnarlaga, sem í frv. felast, og mælir með samþykkt þess.

Tveir nefndarmanna voru fjarverandi þau 2 skipti, er frv. var tekið til meðferðar, og er álitið því aðeins undirritað af þrem nefndarmanna.

Alþingi, 22. apríl 1933.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. Bjarni Ásgeirsson. Bergur Jónsson.

Ed. 435. Frumvarp

til laga um viðauka við lög um veð, nr. 18 4. nóv. 1887, og lög um viðauka við þau lög, nr. 34 31. maí 1927.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 34 31. maí 1927 (4. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887) komi:

Ákvæði 89. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, gilda eigi um veðrétt þennan, að undanteknum kröfum þeim, er um ræðir í 3. og 5. lið 83. greinar þeirra laga.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887 komi:

Svo er og þeim, er veðsetur skrásett skip, rétt að semja svo um, að skipinu skuli, auk venjulegs fylgifjár, fylgja aðrir lausafjármunir, sem ætlaðir eru til notkunar á skipinu, svo sem kola- og olíubirgðir þær, sem í skipinu eru í hvert skipti, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **436. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að gefa eftir skuld þá, sem stofnað hefir verið til vegna áveitu á Flóann, að öðru en því, er í lögum þessum segir, og með þeim skilmálum, er þar greinir.

2. gr.

Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta vill ívilnunar laga þessara, skal greiða áveituskatt, er nemi 1 krónu á hektara áveitulands hans í 30 ár. Áveituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum samningsbundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar. Þó getur ríkisstjórnin (atvinnumálaráðherra) krafizt þess, að landeigandi greiði áveitukostnaðinn með landi að einhverju eða öllu leyti, ef nauðsyn þykir vegna stofnunar nýbýlis samkv. 3. gr.

3. gr.

Óski landeigandi, í stað þess að greiða hið árlega gjald, að láta land af hendi til greiðslu áveitukostnaðarins í eitt skipti fyrir öll, má gefa honum kost á því, ef trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar mælir með því og nægilega mikið land fæst samfellt frá einni eða fleiri jörðum til stofnunar nýbýlis eða nýbýla, sbr. niðurlagsákvæði 2. gr.

4. gr.

Nú er samþykkt samkv. ósk landeiganda að taka land til greiðslu áveitukostnaðar samkv. 3. gr., eða land er tekið eftir kröfu ríkisstjórnarinnar samkv. niðurlagsákvæðum 2. gr., og skal það þá þannig gert, að af hverjum 8 hekturum áveitulands fær ríkissjóður 2 hektara, en 3 hektara, ef beitiland er tekið í staðinn. Heimilt er þó atvinnumálaráðherra að víkja frá þessu hlutfalli, ef sérstök ástæða þykir til með tilliti til gæða landsins og legu.

5. gr.

Hafi landeigandi gert mannvirki á hinu tekna landi, svo sem flóðgarða o. s. frv., skal meta þau til verðs á móti landi og taka þeim mun minna land, er mannvirkjunum nemur. Mat mannvirkjanna skal fara fram samkv. ákvæðum jarðræktarlaganna um mat á mannvirkjum til landskuldargreiðslu.

6. gr.

Þar, sem svo stendur á, að landi jarðar eða torfu hefir verið skipt milli fleiri ábúenda eða eigenda, en óhentugt þykir að taka land upp í áveitukostnað í réttum hlutföllum við skiptin, skal heimilt að taka land án tillits til skiptanna.

En fari svo, að einn landeigandi eða notandi verði harðara úti en annar við landtökuna, skulu ný landskipti þegar fara fram samkvæmt landskiptalögum.

7. gr.

Jafnóðum og lokið er útmælingu þeirra landa, er tekin kunna að verða upp í áveitukostnað, skulu sett upp greinileg landamerki milli þeirra og aðliggjandi jarða, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar mælir fyrir um. Gera skal uppdrátt af þeim löndum, er ríkissjóður fær.

8. gr.

Nú er land látið upp í áveitukostnað af jörð, sem er í leiguábúð, og breytir það í engu umsömdum leigumála jarðarinnar. Falli á hana áveituskattur samkv. ákvæðum 11. gr., ber leiguliða að standa skil á honum til jarðeiganda.

9. gr.

Þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, skal landsstjórnin, að svo miklu leyti sem unnt er, leigja út lönd þau, er ríkissjóður fær samkvæmt ákvæðum laga þessara. Ábúendur þeirra jarða, sem löndin eru tekin frá, skulu hafa forleigurétt fyrir það verð, er ríkisstjórnin ákveður.

10. gr.

Útmæling landa samkvæmt ákvæðum laga þessara skal fram fara, að svo miklu leyti sem unnt er, sumarið 1933. En verði verkinu eigi lokið á þeim tíma, skal það framkvæmt á sumarmánuðunum 1934.

11. gr.

Búnaðarfélagi Íslands skal falið að annast framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn atvinnumálaráðherra, samkv. reglugerð, er hann setur, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Ed. 437. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þessu er ætlað að auka nokkuð fastatekjur Vestmannaeyjakaupstaðar, og getur nefndin fallizt á nauðsyn þess. Nefndin getur og sætt sig við þá aðferð til tekjuöflunar, sem lagt er til í frv., að svo miklu leyti sem aukagjaldið er lagt á vörur, sem ætlaðar eru til notkunar í kaupstaðnum sjálfum, eða á vörur, sem þar eru framleiddar til útflutnings. Hinsvegar telur nefndin eigi rétt að gefa

kaupstaðnum heimild til að skattleggja íbúa annara héraða með því að leggja aukagjald á vörur, sem innfluttar eru til notkunar í öðrum héruðum, þó fluttar séu í land í Vestmannaeyjum, né heldur á þær vörur, er íbúar annara héraða kynnu að senda til Vestmannaeyja til útflutnings. Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Í stað orðanna „og innheimtu“ í 2. málsgr. 1. gr. frv. komi: innheimtu og annað, er þurfa þykir.
2. Á eftir 2. málsgr. 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem innfluttar eru til stofnana eða einstakra manna, búsettra í öðrum héruðum, eða koma frá þeim til útflutnings, enda þótt settar séu í land í Vestmannaeyjum.

Alþingi, 24. apríl 1933.

Magnús Torfason, form.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, frsm.

Ed. 438. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frv. með þessari

BREYTINGU:

Í stað orðanna „Lán þessi ábyrgist ríkissjóður“ í 3. gr. frv. komi: Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán.

Alþingi, 24. apríl 1933.

Magnús Torfason, form.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, frsm.

Nd. 439. Lög

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932 [Bifreiðaskattur o. fl.].

(Afgreidd frá Nd. 24. apríl).

1. gr.

Í stað orðanna „1 — eina — krónu“ í 1. gr. b. í lögunum komi: 50 aura.

2. gr.

Í stað „1931“ í 4. gr. laganna komi: síðastliðnum.

3. gr.

Fyrir „750“ í 7. gr. laganna komi: 250.

4. gr.

Í stað „ræktunarvegarins“ í 8. gr. b.-lið komi: ræktunarveganna.

5. gr.

Á undan síðustu málsgr. 8. greinar laganna komi nýr stafliður, þannig:

d. Frá 1. jan. 1934 færist hundraðshlutinn samkvæmt a-lið niður í 50%, en 15% af hvers árs tekjum skal þá verja til þess að malbika umferðarvegi í kaupstöðum og í verzlunarstöðum með fleiri en 300 íbúum, eða gera á þeim slitlag úr öðru varanlegu efni. Ráðherra ákveður með reglugerð skiptingu þessa fjár milli aðilja, og er heimilt að krefjast jafnmikils framlags í móti frá hlutaðeigendum. Að því leyti, sem þessi hluti skattsins verður ekki notaður árlega, skal geyma hann í sérstökum sjóði, er nefnist „sjóður til malbikunar á bæjarvegum“, í vörzlum atvinnumálaráðuneytisins.

6. gr.

Orðin í 11. gr. laganna „og gilda til ársloka 1933“ falli burt.

Ed. 440. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

I. Frá *Magnúsi Torfasyni* og *Jónasi Jónssyni*.
Við 1. gr. A. 2. Nýr liður:
Gaulverjavegur: Frá vegamótum Flóavegar að Gaulverjabæ.

II. Frá *Jóni Baldvinssyni*.
Við 1. gr. B. 12. a. Nýir liðir:
1. Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.
2. Frá Ísafirði kringum Skutilsfjörð til Súðavíkur.

Ed. 441. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 75 [Vegalög].

Frá Halldóri Steinssyni.

Við 2. b.
Liðurinn orðast þannig:
Nýr liður á eftir 7. lið:
Snæfellsnesbraut: Frá Búðum um Breiðuvík til Hellusands.

Nd. **442. Frumvarp**

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:
Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland:

1. *Suðurlandsvegur:* Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa og Holt austur yfir brú á Ytri-Rangá. Um Rangárvelli, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur. Um Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Öræfi, Breiðamerkursand, Suðursveit, Mýrar, um Hóla í Nesjum, um Almannaskarð og Lón að Lónsheiði.
2. *Þingvallabraut:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
3. *Geysisvegur:* Frá Þingvöllum um Laugardal til Geysis.
4. *Biskupstungnabraut:* Frá vegamótum hjá Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur hjá Vatnsleysu að vegamótum Geysisvegar hjá Múla.
5. *Eyrarbakkavegur:* Frá Selfossi að Eyrarbakka.
6. *Laugardalsvegur:* Frá vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Svínavatni að vegamótum Geysisvegar hjá Laugarvatni.
7. *Skeiða- og Hreppavegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar í Flóa, norðan Flatholts upp Skeið og Hrunamannahrepp að vegamótum Gullfossvegar vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
8. *Gullfossvegur:* Frá vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Tungufljóti til Gullfoss.
9. *Gnúpverjavegur:* Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá að vegamótum hjá Þjórsárholti.
10. *Landvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar hjá Meiri-Tungu í Holtum upp Land að Múla.
11. *Fljótshliðarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar hjá Garðsauka inn Fljótshlið að Hliðarenda.
12. *Hafnarbraut:* Frá Höfn í Hornafirði á Suðurlandsveg hjá Hólum.
13. *Reykjanesbraut:* Frá Reykjavík um Hafnarfjörð til Keflavíkur.
14. *Vífilsstaðavegur:* Frá vegamótum Hafnarfjarðarvegar til Vífilsstaða.
15. *Útvarpsstöðvarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar fyrir innan Reykjavík að Útvarpsstöð á Vatnsendahæð.

B. Um Vesturland:

1. *Vesturlandsvegur:* Frá vegamótum hjá Ártúni við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, yfir Ferstikluháls, um Svínadal, um Hesthháls, þvert yfir Borgarfjörð sunnan við Grímsá, yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufá. Um Norðurárdal,

Bjarnadal, Sökkólfsdal, Miðdal, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri.

2. *Hafnarfjallsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Ferstiklu út með Hvalfirði, um Leirársveit og Andakíl á vegamót Vesturlandsvegar hjá Hvítárvöllum.
3. *Akranesvegur:* Frá Akranesi inn að vegamótum Hafnarfjallsvegar hjá Lambhaga.
4. *Borgarnesbraut:* Frá Borgarnesi að vegamótum Vesturlandsvegar norðan Gufár.
5. *Borgarfjarðarbraut:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Haugum um Stafholtstungur yfir Hvítárbrú á Kálffossi.
6. *Stykkishólmsvegur:* Frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
7. *Ólafsvíkurvegur:* Frá vegamótum Stykkishólmsvegar austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
8. *Hellusandsvegur:* Frá Ólafsvík um Ennisdal til Hellusands.
9. *Laxárdalsvegur:* Frá vegamótum sunnan Laxár um Laxárdal og Laxárdalsheiði að vegamótum Strandavegar utan Borðeyrar.
10. *Strandavegur:* Frá vegamótum við Hrútafjarðará um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð, Hólmavík, Steingrímsfjarðarheiði að vegamótum Vesturlandsvegar á Þorskafjarðarheiði.
11. *Steinadalsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Brekku í Gilsfirði um Steinadal og Steinadalsheiði að vegamótum Strandavegar í Kollafirði.
12. *Vestfjarðavegur:*
    a. Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði inn fyrir Önundarfjörð um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
    b. Frá Þingeyri um Brekkudal að Rafnseyri.
    c. Frá Bíldudal um Hálfdán fyrir Tálknafjarðarbotn um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.

C. Um Norðurland:

1. *Norðurlandsvegur:* Frá vegamótum hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði, Hrútafjörð og Hrútafjarðarháls yfir Miðfjarðará hjá Reykjum, um Línakradal, Auðunnarstaðaháls, um Víðidalsárbrú hjá Lækjamóti, um Gljúfurárbrú hjá Miðhópi, yfir Vatnsdalsárbrú hjá Hnausum, um Blöndubrú hjá Blönduósi, um Langadal og Stóra-Vatnsskarð. Yfir Skagafjörð um Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Yfir Vaðlaheiði, um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði og Aðalreykjadal til Húsavíkur. Um Reykjaheiði, Kelduhverfi að vegamótum austan við Jökulsárbrú nálægt Ferjubakka.
2. *Hvammstangabraut:* Frá Hvammstanga að vegamótum hjá Stóra-Ósi.
3. *Vesturhópsvegur:* Frá vegamótum Norðurlandsvegar hjá Vatnshorni að Vesturhópsvatni móts við Breiðabólsstað.

4. *Vatnsdalsvegur:* Frá Vatnsdalshólum að Undirfelli.
5. *Svínvetningabraut:* Frá Blönduósi að Svínavatni.
6. *Skagastrandarvegur:* Frá Blöndubrú við Blönduós til Skagastrandar.
7. *Siglufjarðarvegur:* Frá Hofsósi um Sléttuhlíð og Fljót til Siglufjarðar.
8. *Sauðárkróksbraut:* Frá Sauðárkróki að vegamótum austan við Víðimýri.
9. *Hofsósvegur:* Frá Sauðárkróki um Héraðsvatnabrýr og Hegranes, Viðvíkursveit, um brú á Hjaltadalsá, um Óslandshlíð til Hofsóss.
10. *Eyjafjarðarbraut:* Frá vegamótum sunnan Akureyrar að Saurbæ ásamt brautinni að Kristneshæli.
11. *Dalvíkurvegur:* Frá Dalvík um brú á Svarfaðardalsá hjá Árgerði um Árskógsströnd og Arnarneshrepp, um brú á Hörgá hjá Möðruvöllum að vegamótum Norðurlandsvegar á Moldhaugahálsi.
12. *Tjörnesvegur:* Frá Húsavík kringum Tjörnes að vegamótum Norðurlandsvegar hjá Lóni í Kelduhverfi.
13. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur:* Frá vegamótum austan við Jökulsá í Axarfirði um Kópaskerskauptún, yfir Melrakkaslèttu um Blikalón og Raufarhöfn, um Hálsa, hjá Svalbarði, um Þistilfjörð til Þórshafnar.

D. Um Austurland:

1. *Austurlandsvegur:* Frá vegamótum Norðurlandsvegar austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Hólsfjöll hjá Grímsstöðum, hjá Möðrudal, um Möðrudalsöræfi, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal, hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs. Um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði.
2. *Stranda- og Vopnafjarðarvegur:* Frá Þórshöfn þvert yfir Langanes um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð að vegamótum Austurlandsvegar vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Úthéraðsvegur:* Frá vegamótum Fjarðarheiðarvegar austan við Eyvindarárbrú, um Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá að Óshöfn.
4. *Upphéraðsvegur:* Frá Lagarfljótsbrú vestan Fljóts að Brekku í Fljótsdal.
5. *Fjarðarheiðarvegur:* Frá vegamótum Austurlandsvegar hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
6. *Fagradalsbraut:* Frá vegamótum Austurlandsvegar hjá Egilsstöðum um Fagradal til Reyðarfjarðarkauptúns.
7. *Eskifjarðarvegur:* Frá Reyðarfjarðarkauptúni til Eskifjarðarkauptúns.
8. *Norðfjarðarvegur:* Frá Eskifirði til Neskaupstaðar.
9. *Fáskrúðsfjarðarvegur:* Frá Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Hrossadalsskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
10. *Mjóafjarðarvegur:* Frá Fagradalsbraut við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Mjóafirði.

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist 2 nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Þar, sem mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar eru ekki ákveðin, úrskurðar ráðherra, hvar þjóðvegur endar.

Nú nær byggð meðfram slíkum vegi út fyrir mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar, og skal þá ekki telja þjóðveg lengra en þar að, sem byggð telst enda samkvæmt úrskurði ráðherra.

3. gr.

1. málsgrein 8. gr. skal orða svo:

Sýslunefndir hafa, undir yfirumsjón vegamálastjóra, umsjón og stjórn þeirra vegagerða og þess viðhalds, sem kostað er af sýslusjóði eða sýsluvegasjóði; fela má sýslunefnd oddvita sínum umsjón með tilteknum vegagerðum, eða sýslunefndarmanni eða hreppsnefndum umsjón með sýsluvegagerð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða til þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa. Skylt er sýslunefndum að hlíta ráðum vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða.

4. gr.

Aftan við síðari málsgrein 11. gr. skal bæta:

Þar, sem enginn skurður er meðfram vegi, má girðingu ekki setja nær miðju vegar en 4 metra og ekki reisa hús nær en 8 metra, nema sérstök heimild komi til.

5. gr.

12. gr. skal orða svo:

Ríkissjóður kostar umbætur og viðhald þjóðvega. Skulu þeir gerðir akfærir svo fljótt sem fé er veitt til í fjárlögum. Nú verður álitið gagnlegt að gera einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og má þá, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, gera það að skilyrði, að hlutaðeigandi sveitarfélög eða sýslufélög leggi fram tiltekinn hluta alls vegagerðarkostnaðar.

6. gr.

13. grein skal orða svo:

Stjórn vegamálanna ákveður, hvaða fjallvegir skuli gerðir akfærir. Aðrir fjallvegir skulu gerðir reiðfærir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr ríkissjóði.

7. gr.

Aftan við 36. gr. bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Hvergi má festa upp auglýsingaspjöld meðfram alfaravegum utan kaupstaða og kauptúna, eða setja upp auglýsingar á annan hátt, nema um opinberar tilkynningar sé að ræða.

Heimilt er þó þeim, sem býr við alfaraveg, að auglýsa þar atvinnurekstur sinn.

8. gr.

30. gr. orðist svo:

Brýr skal gera samkvæmt lögum nr. 32 23. júní 1932.

9. gr.

Aftan við 44. gr. komi ný málsgrein, er orðist svo:

Þyki vegamálastjórninni ástæða til að halda akfærum kafla þjóðvegar með snjómokstri að vetrarlagi, má telja þann kostnað með viðhaldi vegarins.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 57 19. maí 1930.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 41 4. júní 1924 og gefa þau út svo breytt sem vegalög.

Ed. 443. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

6. gr. A. II. 2. 1. málsgr. orðist svo:

Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar. Skattanefnd ákveður arð þennan, enda láti félagið nefndinni í té glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annarskostar áætlar skattanefnd arð af skiptum þessum, og byggist útsvarið á því.

Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, eftir sömu reglum og gilda um áfrýjun útsvara, hvort heldur er sérstökum eða ásamt kæru yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd hefir lagt á arð af þessum viðskiptum.

Nd. 444. Frumvarp

til laga um Kreppulánasjóð.

Frá kreppunefnd.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. júlí 1933 til 31. des. 1940 skulu vaxtagreiðslur þær, sem Búnaðarbanki Íslands á að inna af hendi til ríkissjóðs, renna í sérstakan sjóð, er nefnist Kreppulánasjóður.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram á árunum 1934—40 samtals 2 millj. króna, sem greiðist í Kreppulánasjóð jafnóðum og fé er veitt til þess í fjárlögum eða sett hafa verið lög um sérstaka tekjustofna í því skyni.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að gefa út ríkisskuldabréf að upphæð allt að 8 millj. kr., tryggð með ábyrgð ríkisins. Vextir af bréfunum skulu vera 4,5%. Bréfin skulu gefin út til 40 ára, og innleysist 1/40 þeirra á ári.

Fjármálaráðherra setur reglur um gerð, upphæð og útdrátt bréfanna.

Skuldabréf þessi eru höfuðstóll Kreppulánasjóðs auk framlags þess, sem um getur í 1. og 2. gr., og skulu þau með nafnverði vera fullgildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum eldri en frá 1. janúar 1933, að því leyti sem þær eru ekki fulltryggðar með fasteignarverði eða handveði.

4. gr.

Fé sjóðsins skal varið til lánveitinga handa bændum og öðrum, er reka landbúnað sem aðalatvinnuveg, með þeim nánari skilyrðum, er í lögum þessum greinir.

Lán og greiðslur úr sjóðnum fara fram sumpart í reiðu fé, sumpart í ríkisskuldabréfum, eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

5. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum eru þessi:

1. Að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg og hafi gert það undanfarin þrjú ár.
2. Að hann hafi þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans.
3. Að skuldir hans í hlutfalli við eignir séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum ókleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli. Við mat á því skal tekið sérstakt tillit til, hvort eignirnar eru arðberandi eða óarðbærar (t. d. hús á jörðu).
4. Að umsækjandi að dómi sjóðsstjórnarinnar sé vel hæfur til að reka landbúnað.
5. Að hann geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda, enda séu lán þessi ásamt skuldum þeim, sem samið er um samkvæmt 13. gr., forgangsskuldir næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum.
6. Að hann geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefir fengið stuðning samkvæmt lögum þessum, samhliða heilbrigðum búrekstri.

6. gr.

Til aðstoðar sjóðsstjórninni um að afla gagna til ákvarðana um lánveitingar skal skipa þriggja manna nefnd í hverri sýslu. Skal einn skipaður af sjóðsstjórninni, annar af hlutaðeigandi sýslunefnd, en atvinnumálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Kostnað við störf nefndanna greiði hlutaðeigandi sýslusjóður að ⅓ og Kreppulánasjóður að ⅔. Þó má greiðsla úr Kreppulánasjóði eigi fara yfir 5 kr. á dag í dagkaup og ferðakostnað. Sýslunefnd ákveður, hver skuli vera þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra.

7. gr.

Umsóknir um lán úr Kreppulánasjóði, stílaðar til sjóðsstjórnarinnar, skulu sendar hlutaðeigandi héraðsnefnd, sem afgreiðir þær þegar til sjóðsstjórnarinnar með rökstuddri umsögn um, hvort hún telji, að umsækjendur geti komið til greina um lánveiting. Ennfremur skal héraðsnefnd útvega og senda sjóðsstjórninni eftirfarandi gögn svo fljótt sem verða má:

1. Sundurliðaða skrá um eignir lánbeiðanda og mat héraðsnefndar á þeim, byggt á síðasta skattaframtali. Sé þar nákvæmlega fram tekið, hverjar fasteignir hans eru, hve mikið hann á af hverri tegund búpenings, vélar og verkfæri, kröfur á aðra og annað, sem máli skiptir.
2. Sundurliðaða skrá yfir lánardrottna lánbeiðanda, og skal þar greina skuldarupphæð, hvort skuld er tryggð með veði eða ábyrgð, og hver tryggingin er, gjalddaga, afborgunarskilmála o. fl.
3. Sundurliðaða skrá yfir ábyrgðir lánbeiðanda, og skal þar greina, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldunum, og þess getið, hverjar líkur eru fyrir, að ábyrgðirnar falli á lánbeiðanda.
4. Vottorð hreppstjóra um, hve lengi lánbeiðandi hefir rekið búskap, og hvar.
5. Drengskaparyfirlýsing lánbeiðanda um, að allar upplýsingar séu gefnar eftir beztu vitund.
6. Rökstutt álit héraðsnefndar um aðstöðu lánbeiðanda til búrekstrar, þar á meðal fjölskyldustærð og framfæringatölu, fólksafla og afkomumöguleika.
7. Upplýsingar um aðstöðu til markaðs fyrir búsafurðir hans.
8. Álit héraðsnefndar um það, undir hve háum greiðslum vaxta og afborgana lánbeiðanda sé unnt að standa, samhliða lífvænlegum búrekstri.
9. Aðrar upplýsingar, sem sjóðsstjórnin kann að óska eftir.

8. gr.

Þegar eftir að sjóðsstjórnin hefir fengið tillögur héraðsnefndar tekur hún ákvörðun um það, hvort lánbeiðandi geti komið til greina við lánveiting. Skal hún þá láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir um að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins, með sex vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem eigi hefir lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar meðan á samningaumleitunum stendur færir líkur fyrir, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er sjóðsstjórninni þó heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests.

9. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal sjóðsstjórnin svo fljótt sem því verður við komið taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita lánbeiðanda lán úr Kreppulánasjóði. Telji hún, að umsækjandi geti eigi komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti.

10. gr.

Nú telur stjórn Kreppulánasjóðs, að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem lög þessi setja fyrir lánveitingum úr sjóðnum, og skal hún þá svo fljótt sem auðið er semja frumvarp til skuldaskila fyrir hann. Í frumvarpi skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningnum er eigi ætlað að ná til, og getið tryggingа fyrir þeim, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta skuldunaut er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

11. gr.

Þegar eftir að samningsfrumvarp það, sem í 10. gr. getur, er fullsamið, skal sjóðsstjórnin með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum þeim lánardrottnum, er kröfu hafa lýst í búið, og boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara. Samtímis skal skuldunaut sjálfum tilkynnt efni samningsins, og skal hann innan fimm daga frá því tilkynning barst honum í hendur segja til um, hvort hann treystist til að ganga að honum. Sé svar neitandi, skal fundarboð afturkallað í tæka tíð. Þangað til fundurinn er haldinn skal frumvarp eða staðfest afrit af því liggja skuldheimtumönnum til sýnis í skrifstofu sjóðsins.

12. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er í 11. grein getur, skal sjóðsstjórnin leggja fram samningsfrumvarp, svo og nákvæman efnahagsreikning skuldunauts, staðfestan af stjórn sjóðsins. Skuldheimtumenn eiga heimting á að fá sérhverjar upplýsingar um hag skuldunauts, er sjóðsstjórnin getur í té látið. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar, hefir sjóðsstjórnin heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hún telur þær verulega máli skipta. Að öðrum kosti ber stjórnin frumvarpið undir atkvæði skuldheimtumanna þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

13. gr.

Hljóti frv. atkvæði svo margra skuldheimtumanna, að þeir hafi ráð yfir meira en helmingi þeirra krafna, er samningnum er ætlað að ná til, hefir sjóðsstjórnin heimild til að staðfesta það, og er það þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði móti því, eða eigi mætt á fundi. Leysir það þá skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

14. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur, skal sjóðsstjórnin ganga frá lánsskjölum, og sér hún því næst um, að samningi sé fullnægt, eftir því sem hann mælir fyrir um.

15. gr.

Samningur haggar eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á skuldunaut.

16. gr.

Samningurinn hefir engin áhrif á þær kröfur, er hér greinir:

1. Skuldir tryggðar með fasteignaveði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati því, sem lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins.
2. Skuldir tryggðar með handveði. Gildir að öllu hið sama um þær og hinar, sem taldar voru undir 1. lið.
3. Forgangskröfur samkv. 8. kap. skiptalaganna, að svo miklu leyti sem eigur skuldunauts teljast hrökkva fyrir þeim.
4. Skuldir tryggðar með lausafjárveði, stofnaðar fyrir 1. jan. 1933, að svo miklu leyti sem veðið hrekkur fyrir þeim. Komi það hinsvegar í ljós, að skuldin sé hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati því á eigum skuldunauts, sem lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins.

17. gr.

Frá því að skuldunautur hefir sent lánbeiðni til sjóðsstjórnarinnar og þangað til samningaumleitunum endanlega er lokið, má skuldunautur eigi greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi, nema um veðkröfur eða ótvíræðar forgangskröfur sé að ræða. Hann má heldur ekki selja eignir sínar, umfram venjulega afurðasölu, né gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Komi í ljós eftir að samningur hefir verið staðfestur, að skuldunautur hefir brotið ákvæði greinar þessarar, er sjóðsstjórninni heimilt að ógilda samninginn og endurheimta lánið án fyrirvara, ef útborgað hefir verið. Það fé, er skuldheimtumenn þegar hafa tekið á móti, verður eigi endurheimt.

18. gr.

Frá því að skuldainnköllun er útgefin og þangað til samningaumleitunum er lokið, má enginn af skuldheimtumönnum gera aðför hjá skuldunaut, né heldur verður bú hans tekið til gjaldþrotaskipta á sama tíma. Nú takast eigi samningar og bú skuldunauts er tekið til gjaldþrotaskipta áður en sex mánuðir eru liðnir frá því samningaumleitunum lauk og við skiptin kemur það í ljós, að skuldunautur hefir brotið gegn ákvæðum 16. gr., og má þá með málsókn rifta þeim samningum eða greiðslum, er ólöglega hafa fram farið, samkv. reglum

gjaldþrotaskiptalaga, enda sé málsókn hafin innan sex vikna frá því búskipti byrja.

19. gr.

Lánum úr Kreppulánasjóði skal varið einungis til greiðslu á skuldum lántakanda, og verða þau veitt gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar. Lánin er heimilt að veita til allt að 12 ára, og nemur þá árgjald, vextir og afborgun 5 af hundraði.

Þó skal það áskilið, að ef efnahagur lántakanda breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma, að dómi sjóðsstjórnar, þá geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu.

Þá má og áskilja, að ef lántakandi breytir um atvinnuveg, þá sé lánið allt þegar fallið í gjalddaga.

Gjalddagi skal vera 15. nóv. ár hvert. Ef ekki eru gerð skil á árgjaldi fyrir 31. des. næst á eftir gjalddaga, er lánið allt fallið í gjalddaga, og ber stjórn sjóðsins þá að gera nauðsynlegar ráðstafanir til innheimtu þess.

20. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs fram til 31. desember 1934 skipa þrír menn, aðalbankastjóri Búnaðarbankans og tveir menn, er atvinnumálaráðherra skipar eftir tilnefningu landbúnaðarnefnda Alþingis. En eftir þann tíma skal stjórn Búnaðarbankans falin stjórn sjóðsins án endurgjalds.

Búnaðarbankinn hefir á hendi afgreiðslu sjóðsins og reikningshald. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbankans, úrskurðaðir af atvinnumálaráðherra og birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

21. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs er heimilt að taka lán til þess að flýta fyrir starfsemi sjóðsins, en þó aldrei meira en svo, að öruggt sé, að lánin verði endurgreidd með því fé, er til sjóðsins á að falla samkv. 1. gr.

22. gr.

Lánveitingum úr Kreppulánasjóði skal vera lokið fyrir 31. desember 1934.

23. gr.

Frá 1. janúar 1941 skulu öll árgjöld Kreppulánasjóðs, að frádregnum rekstrarkostnaði sjóðsins, endurgreidd ríkissjóði við reikningslok hvers árs.

24. gr.

Heimilt er stjórn Kreppulánasjóðs, með samþykki ráðherra, að greiða úr sjóðnum afborganir og vöxtu af fasteignaveðslánum bænda, eftir því sem ákveðið kann að verða með sérstökum lögum.

25. gr.

Heimilt er sjóðsstjórninni, með samþykki ráðherra, að verja úr Kreppulánasjóði allt að 1½ milljón króna til þess:

a. að veita bændum verðuppbót á kjöti, er þeir selja til útflutnings af framleiðslu ársins 1933, allt að þeirri upphæð, sem þarf til þess að þeir fái 60 aura fyrir hvert útflutt kílógramm af I. og II. flokks dilkakjöti að meðaltali.
b. að veita frystihúsum, sem frysta kjöt til útflutnings, styrk allt að ¼ stofnkostnaðar, enda séu frystihúsin eign samvinnufélaga eða sýslufélaga.
c. að veita mjólkur- og smjörbúum styrk og lán, eftir því sem ákveðið kann að verða með sérstökum lögum.
d. að veita bændum styrk og lán til kaupa á innfluttu karakulafé, eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur og ráðherra staðfestir.
e. að veita styrk og lán til ræktunarstöðva til framleiðslu á beztu kynjum jarðepla til útsæðis í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
f. að veita styrk og lán til klakstöðva í samráði við Veiðimálanefnd.

26. gr.

Í reglugerð fyrir Kreppulánasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins, starfrækslu og dráttarvexti, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kreppunefnd flytur frv. samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra eins og hann lagði það fyrir nefndina, og mun nefndin taka það til athugunar á fundum næstu daga.

Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð frá ráðherra:

„Með bréfi dags. 23. nóvember 1932 skipaði ráðuneytið þá Tryggva Þórhallsson alþingismann, Sigurð Kristinsson forstjóra og Pétur Ottesen alþingismann í nefnd til þess að athuga hag landbúnaðarins og fjárhagsástæður bænda og gera tillögur um þær ráðstafanir, sem tiltækilegast er að gera fjárhag bænda til styrktar og landbúnaðinum til viðreisnar í þeim örðugleikum, er heimskreppan veldur.

Nefndin hefir leyst mikið og merkt starf af hendi, safnað skýrslum um skuldir hvers bónda á landinu og samið ýmis frv. til laga, er miða að því að ráða bætur á hinni erfiðu fjárhagsaðstöðu bændastéttar landsins.

Eitt þessara frv. er frv. um Kreppulánasjóð.

Verður ráðuneytið að líta svo á, að nefndin hafi þar lagt góðan grundvöll til að byggja á ráðstafanir til stuðnings bændum í fjárkreppu þeirra.

En við athugun á skýrslum þeim, sem bændanefndin hefir aflað um hag bænda, hefir ráðuneytið komizt að þeirri niðurstöðu, að æskilegt sé og jafnvel óhjákvæmilegt, að Kreppulánasjóði sé þegar séð fyrir allmiklu meira fé til þess að hann fái leyst af hendi það hlutverk, sem honum er ætlað.

Hefir því þótt rétt að hækka heimild til framlags ríkissjóðs í skuldabréfum

um allt að 3 milljónum króna og veita auk þess heimild til að hækka sjóðinn um allt að 2 milljónum króna með beinu framlagi úr ríkissjóði á árunum 1934—1940, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum, eða lög sett um sérstaka tekjustofna í því skyni.

En jafnframt er þá gert ráð fyrir, að Kreppulánasjóður verði þess megnugur að bera þær byrðar, er leiða munu af lagasetningu um frestun afborgana og vaxtalétti á fasteignaveðskuldum landbúnaðarins, svo sem bændanefndin mun leggja til í öðru frumvarpi.

Ennfremur er þess þá vænzt, að Kreppulánasjóður geti veitt bændum verðuppbót að vissu marki á útfluttu kjöti á þessu ári, ef óhjákvæmilegt þykir, og veitt frystihúsum bænda og mjólkurbúum og nokkrum öðrum hagsmunamálum bænda allverulegan stuðning. Við það eru miðaðar heimildir þær, er í 24. og 25. gr. getur.

Þá hafa og verið gerðar nokkrar aðrar breytingar á frv. nefndarinnar. Má þar telja ákvæði um, að skuldabréf ríkissjóðs skuli vera fullgildur gjaldeyrir án affalla til greiðslu eldri skulda en frá 1. janúar 1933, að því leyti sem þær eru ekki fulltryggðar með fasteignarveði eða handveði, og ákvæði 5. gr. 5. málsgr. um að lán úr Kreppulánasjóði og skuldir þær, sem samið er um þegar lánin eru veitt, skuli vera forgangsskuldir næst á eftir þeim forgangsskuldum, sem nú eru í lögum. Virðist ekki verða komizt hjá þessu ákvæði, þar sem mörgum bændum mundi erfitt að setja gildar tryggingar fyrir lánunum. Þá eru sett nokkru skýrari ákvæði um, að þegar lýst er eftir kröfum á lánbeiðanda samkv. 8. gr., nái þær kröfur einnig til ábyrgða. Ennfremur hefir þótt rétt að setja í frv. ákvæði um, að heimilt sé að heimta inn lán með hærri afborgunum, ef efnahagur lántakanda breytist mjög til batnaðar, og að lán falli í gjalddaga, ef lántakandi skiptir um atvinnuveg. Og loks hefir verið sett nýtt ákvæði um stjórn Kreppulánasjóðs, þar sem bændanefndin hefir ekki orðið sammála um það atriði. Hefir þótt sjálfsagt, að stjórn Búnaðarbankans hafi með höndum stjórn sjóðsins að öllu leyti, eftir að útlánum lýkur og að Búnaðarbankinn annist afgreiðslu hans og reikningshald, enda munu menn sammála um það atriði. Verður því að telja rétt, að aðalbankastjóri Búnaðarbankans eigi sæti í stjórn sjóðsins þegar frá byrjun.

Hinsvegar má líta svo á, að þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram fullar 12 milljónir króna sem höfuðstól sjóðsins, þá verði Alþingi að hafa nokkra íhlutun um skipun stjórnar hans. Er því lagt til, að á meðan útlán fara fram úr Kreppulánasjóði, þá verði stjórn sjóðsins skipuð aðalbankastjóra Búnaðarbankans og tveim mönnum, er atvinnumálaráðherra skipar eftir tilnefningu landbúnaðarnefnda Alþingis.

Að öðru leyti vísast til skýrslna nefndarinnar".

Frv. fylgja ennfremur: „Skýrslur um efnahag bænda í árslok 1932", frá bændanefndinni, sem skipuð var með bréfi atvinnumálaráðherra 23. nóv. f. á.

Við framsögu málsins verður gerð grein fyrir starfi og tillögum bændanefndar.

Ed. 445. Nefndarálit

um frv. til laga um virkjun Efra-Sogsins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um þetta mál. Minni hlutinn mun vilja samþykkja frv. með litlum eða engum breytingum, en meiri hlutinn telur sér ekki fært, og heldur ekki nauðsynlegt málefnisins vegna, að mæla með, að Alþingi veiti stjórninni heimild til að ganga í 7 milljóna króna ábyrgð fyrir Reykjavíkurbæ í þessu skyni.

Frv. á þingskjali 103 er byggt á því, að Reykjavíkurbær eigi að virkja Efra-Sogið, þ. e. efsta kafla Sogsins, þar sem áin rennur milli Þingvalla- og Úlfljótsvatns.

Eftir mælingum, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir látið gera, kostar byrjunarvirkjun á þessum stað a. m. k. 7 milljónir króna. Mun þar valda miklu um, að aðstaðan er að ýmsu leyti erfið. Þarf annaðhvort að sprengja gang fyrir Sogið eða hluta af því neðanjarðar milli áðurnefndra stöðuvatna, eða gera nálega 20 m. háan steinsteypugarð yfir farveg elfarinnar til að ná orkunni.

En meðan meiri hlutinn í bæjarstjórn Reykjavíkur var með hugann fastan við þetta virkjunarskipulag og 7 milljóna ábyrgðarkröfu til ríkissjóðs, tókst manni úr minni hluta bæjarstjórnarinnar, Sigurði Jónassyni, að beina málinu inn á aðra og heppilegri braut. Honum tókst að fá hingað einn af þekktustu vatnsvirkjunarfræðingum Þýzkalands til að athuga Sogið á ný. Gerði hann það, og fann undir eins nýja aðstöðu hjá Sogsfossunum sjálfum við Efribrú, þar sem gera mátti byrjunarvirkjun fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð fyrir helmingi minni upphæð heldur en meiri hluti bæjarstjórnar taldi sig þurfa við Efra-Sogið. Kostnaðarmunurinn lá í betri aðstöðu og meiri hagsýni um allt skipulag verksins heldur en komið hafði í ljós hjá þeim, sem rannsakað höfðu virkjun Efra-Sogsins.

Þegar vitneskja barst til Reykvíkinga um þann gífurlega verðmun, sem var á þessum tveimur virkjunarskilyrðum, var flestum bæjarbúum ljóst, að ekki gat komið til mála að kaupa þau hlunnindi til handa bænum og nágrenni fyrir 7 milljónir, sem eins líklegt var, að fá mætti fyrir 3—3½ milljón króna. Í raun og veru eru hinar eldri ráðagerðir um virkjun Efra-Sogsins vegna Reykjavíkurbæjar þess vegna úr sögunni. Hinsvegar er málið, að áliti meiri hlutans í bæjarstjórn, enn á tilraunastigi, þörf nýrra rannsókna, og jafnvel undirbúningur að bæta við virkjun í Elliðaánum, sem tæplega sýnist ástæða til að leggja fé í, ef jafnframt er lagt út í virkjun Sogsins fyrir milljónir króna.

Meiri hlutinn telur sér með engu móti fært að mæla með 7 milljóna ríkisábyrgð vegna Sogsvirkjunarinnar. Hinsvegar vill meiri hlutinn sýna málinu velvild og samúð og fyrir sitt leyti freista að beina því inn á þá braut, sem heppilegust mætti verða fyrir höfuðstaðinn og alla þá menn á Suðurlandi, sem síðar kunna að verða aðnjótandi hagsmuna af skynsamlega framkvæmdri Sogsvirkjun. Meiri hluti nefndarinnar vill þess vegna mæla með ríkisábyrð á 3½

milljón króna vegna Reykjavíkurbæjar til virkjunar Sogsins hjá Efribrú, með því skilyrði, að hafizt verði handa með verkið nú í sumar, og þá væntanlega hætt við að leggja fé almennings í áframhaldandi smávirkjanir fyrir Rvík eina, án þess þó að geta fullnægt framtíðarþörf bæjarins.

Þess skal getið til styrktar þessari tillögu, að full vissa er fyrir, að Reykjavíkurbæ stendur nú til boða nokkuð mikill hluti þess nauðsynlega fjármagns, sem þarf við umrædda virkjun Sogsfossanna, fyrir milligöngu Sigurðar Jónassonar. Skiptir það ekki alllitlu máli, því að fé er nú torfengið, og fullvíst, að mjög erfitt yrði fyrir höfuðstað Íslands að fá fé að láni í virkjun, sem kostaði 7 milljónir, ef eigendur fjármagnsins vissu, að hafnað hefði verið hálfu ódýrari framkvæmd hins sama máls.

Reykjavík og Hafnarfjörður hafa mikla þörf fyrir aukið og ódýrt rafmagn, og á þann hátt einan er hægt að skapa skilyrði fyrir verulegri iðnaðarþróun í þessum bæjum. Auk þess myndi virkjun Sogsins leiða til þess, að þaðan yrði leidd raforka víðar um nálæg héruð og til sjóþorpa, sem ekki hafa annara kosta völ í þessu efni.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til að umbreyta frv. á þingskjali 103 á þann hátt sem hér segir:

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Í stað 1.—8. gr. frv. kemur ný gr. (1. gr.), svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ganga í ábyrgð fyrir allt að 3½ milljón króna láni handa Reykjavíkurbæ til virkjunar nokkurs hluta Sogsins hjá Efribrú. Heimilt er, að fjárhæð þessi sé tekin í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.
2. 9. gr. verður 2. gr.
3. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast fyrir Reykjavíkurbæ lán til að virkja nokkurn hluta Sogsins hjá Efribrú.

Alþingi, 24. apríl 1933.

Ingvar Pálmason, form. með fyrirvara.	Jónas Jónsson, fundaskrifari og frsm.

Nd. 446. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Eftir því, sem fé sjóðsins hrekkur til, skal því varið til að styrkja bændur

með ákveðnu framlagi, miðað við kaupverð, til að eignast meiri háttar verkfæri til jarðræktar og heimilisnota, svo sem hér segir:

a. Helmingsframlag veitist til kaupa á hestverkfærum til jarðvinnslu og garðræktar, steingálgum, áburðardreifurum, forardælum og dælum, sem notaðar eru til varnar gegn kartöflusýki.
b. Þriðjungsframlag veitist til kaupa á heyvinnuvélum og tóvinnuvélum.

Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 600 krónur.

Sá, er styrks beiðist, sendir umsókn sína, stílaða til Búnaðarfélags Íslands, stjórn búnaðarfélags þess, sem hann er í, og sér hún þá um útvegun verkfæranna og greiðslu andvirðis.

2. gr.

Í stað orðanna „allt að ¼ verðs“ í 15. gr. laganna komi: allt að helmingi verðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 447. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um vitagjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1933.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jón Þorláksson.	Jónas Jónsson. fundaskrifari.

Ed. 448. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum um dýralækna, nr. 61 3. nóv. 1915.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 25. apríl 1933.

Páll Hermannsson, form.	Pétur Magnússon, fundaskrifari og frsm.	Jón Jónsson, með fyrirvara.

Nd.

449. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá fjárhagsnefnd.

Með lögum um stofnun almenns ellistyrks frá 1909 var svo ákveðið, að hver karlmaður á aldrinum 18—60 ára skyldi greiða árgjald til sjóðsins 1 kr. 50 aura og hver kona 75 aura. Árlegt tillag landssjóðs skyldi vera 50 aurar fyrir hvern gjaldanda. Með lögum nr. 33 1917 var gjald til sjóðsins hækkað, karlmanna í 2 kr., kvenna í 1 kr. og landssjóðs í 1 kr.

Með þessu frv. er fram á það farið að hækka gjöldin til sjóðsins á ný, karlmanna í 3 kr., kvenna í 1 kr. 50 aura og ríkissjóðstillagið í kr. 1,50 fyrir hvern gjaldanda.

Með lögunum frá 1909 var heimilað að úthluta árlega úr sjóðnum til þurfandi umsækjenda ⅔ hlutum þess fjár, sem greitt var til sjóðsins í viðkomandi hrepps- eða bæjarfélagi, og ennfremur hálfum ársstyrk ríkissjóðs og helming þeirra vaxta, sem til höfðu fallið næsta ár á undan.

Með frv. er lagt til, að árleg úthlutun verði aukin þannig, að úthluta megi öllu því, sem sjóðnum gelzt af gjaldendum hrepps- eða bæjarfélagsins, og ⅔ hlutum af tillagi ríkissjóðs og helming vaxtanna, eins og áður.

Það er vist, að styrkir þeir, sem gamalt fólk hefir fengið úr sjóðnum, hafa í fjölda tilfella forðað því frá hinni erfiðu göngu til sveitarsjóðanna og glætt og aukið sjálfsbjargarhvöt þess. Með þeim breytingum, sem frv. mundi gera, ef að lögum verður, hækkar hin árlega fjárúthlutun allverulega, en hinsvegar ekki hægt að segja, að gjaldendum sé verulega íþyngt.

Það mun hafa borið á því hin síðari árin, að einstaklingar væru á stundum óánægðir með styrksúthlutun í einstökum hrepps- eða bæjarfélögum. Fyrir því eru í 4. gr. frv. sett ákvæði um, að umsækjandi geti skotið ákvörðun um úthlutun til sýslunefndar eða bæjarstjórnar.

Þar sem ekki er sýnilegt, að afgreidd verði lög um almenna ellitryggingu á þessu þingi, og óvíst hvenær það verður, telur nefndin, að rétt sé að samþykkja þær breytingar, sem í frv. felast, sem bráðabirgðaúrlausn og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi 3. apríl 1933.

H. Stefánsson, form.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari og frsm.	Hannes Jónsson.
	Ólafur Thors.	Bernh. Stefánsson.

Nd. 450. Nefndarálit

um till. til þingsályktunar um að fela skipaútgerð ríkisins stjórn varðskipanna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað till. og leggur til, að hún verði samþykkt. Virðist eðlilegast, að skipaútgerð ríkisins hafi á hendi stjórn varðskipanna, auðvitað undir yfirstjórn dómsmálaráðherra, eins og annara þeirra skipa, sem ríkið á eða hefir í sinni þjónustu.

Tveir nefndarmanna voru fjarverandi, er mál þetta var til umræðu í nefndinni, og er ókunnugt um afstöðu þeirra.

Alþingi, 22. apríl 1933.

Sveinn Ólafsson, form.	Bjarni Ásgeirsson.	Bergur Jónsson, frsm.

Nd. 451. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. staflið 11 bætist:

Ennfremur má í slíkri reglugerð fela barnaverndarnefndum að hafa eftirlit með sjónleikum, sem börn hafa aðgang að, og að heimila þeim að leggja bann við sýningu á þeim fyrir börn, ef þeim þykir ástæða til.

Alþingi, 25. apríl 1933.

Bergur Jónsson, form.	Sveinbjörn Högnason, frsm.	Guðbr. Ísberg, fundaskrifari.
	Steingr. Steinþórsson.	

Nd. 452. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá fjárhagsnefnd.

Í greinargerð frv. hefir misritazt í útreikningi um tekjur af öli í 2. lið kr. 28799,27 fyrir kr. 33565,93, sem veldur því, að tekjuaukinn af ölinu verður kr. 54765,25, en ekki kr. 59531,91. Tekjuaukinn, sem í frv. felst eins og það nú liggur fyrir, verður því:

af öli	kr.	54765,25
af kaffibæti	—	87462,66
Samtals	kr.	142227,91

Tekjur ríkissjóðs af þessari innlendu famleiðslu yrði þá móts við það, ef allt væri innflutt og tollur greiddur samkv. lögum nr. 41 1921:

af öli 47% af innflutningsgjaldi,
af kaffibæti 84% af innflutningsgjaldi.

Með tilvísun til greinargerðar frv. telur n. réttmæta hækkun á þessum tolli og leggur til, að frv. verði samþ. Þó hefir einn nefndarm. (JAJ) óbundið atkv. um hækkunarupphæðina og annar nefndarm. (ÓTh) var fjarverandi og hefir því óbundið atkv. um frv.

Alþingi, 25. apríl 1933.

H. Stefánsson, form.	Bernh. Stefánsson.	Hannes Jónsson, frsm.
	Jón A. Jónsson, með fyrirvara.	

Nd. 453. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um breyting á slysatryggingalögum.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Aftan við tillögugr. bætist: og einnig að greiddur verði kostnaður við læknishjálp, lyf og umbúðir fyrir bótaskyld slys frá því að slysið vill til.

Nd. 454. Þingsályktun

um breyting á slysatryggingalögum.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi lagafrumvarp, er feli í sér þær breytingar á slysatryggingalögunum, að meira samræmi en nú á sér stað verði komið á um greiðslu dagpeninga þegar slys ber að höndum, þannig að þeir, sem sjó stunda, verði ekki verr úti en hinir, sem í landi vinna, og einnig að greiddur verði kostnaður við læknishjálp, lyf og umbúðir fyrir bótaskyld slys frá því að slysið vill til.

Ed. 455. Nefndarálit

um frv. til laga um eftirlit með sparisjóðum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin klofnaði um málið. Minni hlutinn (JónÞ) vill fella frv. Meiri hlutinn vill samþykkja það með litilli breytingu. Meiri hlutinn sneri sér til fjármálaráðuneytisins með ósk um að fá þaðan skýrslu um störf eftirlitsmannsins, og að fá að láni skýrslur þær um banka og sparisjóði, er hann kynni að hafa sent ráðuneytinu. Sömuleiðis var Landsbankanum og Útvegsbankanum skrifað og beðið um skýrslu þaðan um störf hans og kaup fyrr og síðar.

Fjármálaráðuneytið svaraði nefndinni ekki bréflega, en sendi í stað þess skjalapakka, og voru í honum m. a. nokkur bréf, sem eftirlitsmaðurinn hafði sent ráðuneytinu út af reglugerðum nokkurra sparisjóða. En bréf þau báru með sér, að þá vinnu, sem lá í þessum bréfum, hefði stjórnarráðið auðveldlega getað innt af hendi.

Af þessu óbeina svari stjórnarráðsins er tæplega hægt að draga aðra ályktun en þá, að það hafi ekki milli handa nein gögn, er sýni nokkur nauðsynleg vinnubrögð af hálfu þessa starfsmanns.

Bankarnir svöruðu báðir fyrir sitt leyti, og verða bréf þau látin fylgja hér með. Sýna þau alveg ótvírætt, að bankarnir hafa enga þörf fyrir starf eftirlitsmannsins og vilja vera lausir við kostnaðinn.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tveir síðustu málsliðir 1. gr. falli niður.

Alþingi, 24. apríl 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr., frsm.

Fylgiskjal I.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS h/f.

Reykjavík, 30. marz 1933.

Sem svar við fyrirspurnum yðar til bankans frá 14. þ. m. vill bankinn gefa yður eftirfarandi upplýsingar:

1. Eftirlitsmaður lagði mikla vinnu í eftirlitið í október, nóvember og desember 1931 og jan. 1932. Hann tók og þátt í bráðabirgðamati á hag bankans í febrúar 1932 og athugaði útibú bankans á Seyðisfirði síðastliðið haust.
2. Það virðist ekki mögulegt að gera kröfu til þess, að eftirlitsmaður sé hvenær sem er viðbúinn að gefa slíka skýrslu.
3. Það verður að líta svo á, að slíkt eftirlit, sem að dæmi nágrannaþjóðanna hefir verið lögboðið hér á landi, eigi að vera til þess að auka öryggi.
4. Á fundi fulltrúaráðs bankans 15. október 1930 var samþykkt að tilkynna fjármálaráðherra, að fulltrúaráðið óski eftir, að bankinn verði undanþeginn þeirri kvöð að greiða hluta af launum eftirlitsmanns með bönkum og sparisjóðum, enda telji bankinn sig ekki skyldan til slíkrar greiðslu.
5. Bankinn (Íslandsbanki) hefir greitt kr. 35871,14, Útvegsbankinn ekkert.

Virðingarfyllst,

Útvegsbanki Íslands h/f.

Jón Ólafsson. E. Kvaran.

Til herra alþingism. Jónasar Jónssonar,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

LANDSBANKI ÍSLANDS.

Reykjavík, 4. apríl 1933.

Sem svar við bréfi meiri hluta fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis, dags. 21. f. m., tilkynnist hér með, að bankaráð Landsbankans samþykkti með samhljóða atkvæðum að svara bréfinu með tilvísun til fundarsamþykktar, sem það gerði um sama mál $^{6}/_{10}$ 1930, „þar sem engin breyting hefir orðið síðan um starf eftirlitsmannsins með bönkum og sparisjóðum í Landsbankanum". — Samþykktin $^{6}/_{10}$ 1930 er svo hljóðandi:

„Undir því skipulagi, sem komið er á stjórn Landsbankans og endurskoðun með lögum nr. 10 $^{15}/_{4}$ 1928, um Landsbanka Íslands, telur bankaráðið ástæðulaust, að eftirlitsmaður banka og sparisjóða hafi nokkurt eftirlit með Landsbankanum, svo og að bankinn endurgreiði ríkissjóði nokkuð af launum eftirlitsmannsins.

Nú með því að bankaráðinu er ekki kunnugt um, að eftirlitsmaðurinn hafi nokkurt eftirlit rækt í Landsbankanum 2—3 síðustu árin, hefir það ástæðu til að ætla, að eftirlit hans þar sé óþarft, og því leyfir bankaráðið sér að leggja það til við fjármálaráðherrann, að hann hlutist til um, að sú breyting verði gerð á lögum nr. 48 20% 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum, að Landsbankinn sé þar undanskilinn, nema gera megi það með reglugerð í skjóli 2. gr. laganna, og verði það þá gert".

Með þessu má telja, að efni bréfsins sé svarað, en þó skal það ennfremur upplýst, að sá hluti af launum eftirlitsmannsins, sem Landsbankinn hefir greitt 1930, nam kr. 9030,93.

Virðingarfyllst

Bankaráð Landsbanka Íslands.

Jón Árnason.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Nd. 456. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Frá Bergi Jónssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Við 1. gr.

Setningin „Fjársektardóma ... snertir" falli niður.

Nd. 457. Frumvarp

til laga um viðbótar-tekju- og eignarskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Tekju- og eignarskattur álagður 1933 innheimtist með álagi samkvæmt 2. gr. þessara laga.

2. gr.

Tekjuskattur	að	upphæð	22	kr.	að	72	kr.	innheimtist	með	40% álagi.
—	—	—	72	—	—	162	—	—	—	50% —
—	—	—	162	—	—	292	—	—	—	60% —
—	—	—	292	—	—	462	—	—	—	70% —
—	—	—	462	—	—	922	—	—	—	80% —
—	—	—	922	—	og	þar yfir		—	—	100% —

Eignarskattur innheimtist með 150% álagi.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 74 27. júní 1921 og breytingum á þeim, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu ári var tekju- og eignarskattur innheimtur með 25% álagi. Vegna ríkisrekstrarins sjálfs verður ekki hjá komizt áþekkri hækkun, en vegna væntanlegra kreppuráðstafana verður enn að auka álagið, og hefir þá þótt réttlátast að láta skattaukann fara stighækkandi eftir því sem tekjurnar hækka. Landbúnaður og sjávarútvegur munu lítinn tekjuskatt bera fyrir síðastliðið ár, og því minni hætta á, að allverulegur skattauki á þessu ári standi aðalatvinnuvegunum fyrir þrifum.

Frv. er flutt að ósk fjármálaráðherra.

Nd. 458. Frumvarp

til laga um notkun einkennisbúninga og annara einkenna.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Enginn má nota einkennisbúninga eða önnur einkenni, sem gefa til kynna, að þeir, sem þau bera, séu í ákveðnum flokki eða félagi, nema heimild dómsmálaráðherra komi til. Þó getur ráðherra aldrei veitt slíka heimild, ef líklegt má telja, að einkennið verði notað sem tákn sérstakra stjórnmálaskoðana.

2. gr.

Félögum þeim og stofnunum, sem áður en frumvarp þetta er borið fram hafa helgað sér einkennisbúninga eða einkenni, skal veitt heimild til að halda þeim áfram, enda hafi þau sótt um það eigi síðar en 14 dögum eftir að lög þessi ganga í gildi, og víst sé, að slíkt leyfi komi ekki í bága við ákvæði 1. greinar.

3. gr.

Nú kemur í ljós, eða líklegt má telja, að einkenni er notað gagnstætt því, sem til var ætlazt er leyfi var veitt, og skal ráðherra þá svipta leyfishafa heimild til að nota einkennið.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, allt að 5000 kr., og skal fara með mál, er af þeim brotum rísa, sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þar, sem æsingar stjórnmálanna hafa gengið hæst í löndunum umhverfis, hefir það tíðkazt allmikið að nota einkennisbúninga og önnur einkenni, til að geta betur fylkt liði til bardaga og áfloga um ágreiningsmálin. Hafa það einkum verið öfgaflokkarnir og þeir, sem ofbeldið hylla, sem til slíkra ráða hafa gripið. Í Danmörku hafa nú nýlega verið sett lög til að stemma stigu fyrir slíku og tryggja betur frið og öryggi í landinu.

Hér eru öfgar þessar í byrjun, og er þegar farið að bóla á því, að þær vilji grípa til slíkra ráða og apa eftir skoðanabræðrum sínum erlendis. Er því full ástæða til að stöðva slíkan ófögnuð í tíma, áður en hann hefir náð að festa rætur að mun. Virðast æsingar stjórnmálanna ærið nógar hér, þó að því sé varnað, að menn beri skoðanirnar utan á sér, til að geta betur beitt handafli til átaka um þau mál.

Ed. **459. Frumvarp**

til laga um höfundarétt.

Flm.: Jón Baldvinsson, Jón Jónsson, Pétur Magnússon.

I. KAFLI.

Um lögvernd höfundaréttar.

1. gr.

Höfundur hver hefir, með þeim takmörkunum, sem í lögum þessum felast, einn allan rétt til þess að ráðstafa eintakafjölgun verka sinna, í hvaða mynd sem er, og til þess að kynna þau almenningi á sérhvern hátt.

Höfundur hefir og einn rétt til þess að birta verk sín á ný í endursaminni mynd, í þýðingu, í annari stærð eða öðru efni, breyta þeim úr einu bókmenntaformi eða listarformi í annað o. s. frv.

2. gr.

Verk þau, sem lög þessi taka til, eru öll bókmenntaverk, vísindaverk og listræn verk, svo sem:

1. Allskonar rit.

2. Munnlegir fyrirlestrar.
3. Verk, sem teljast til svipbrigðalistar, danslistar og kvikmynda- og hljómmyndalistar.
4. Tónverk.
5. Málverk, teikningar, ætingar, ljósmyndir, litprentanir, tréskurður og verk af slíku tægi.
6. Allskonar myndhöggvaraverk.
7. Byggingarlist, uppdrættir jafnt sem byggingarnar sjálfar.
8. Listiðja og listiðnaður, fyrirmyndir jafnt sem verkið sjálft.
9. Áætlunaruppdrættir, kort, dregnar og mótaðar eftirmyndir, vísindalegs eða tæknilegs eðlis.
10. Þýðingar og aðrar endursamningar framangreindra verka.

3. gr.

Verndar samkvæmt lögum þessum njóta ekki:

1. Lög, tilskipanir, dómar, auglýsingar frá stjórnarvöldum og önnur opinber gögn.
2. Ræður né skriflegar greinargerðir á Alþingi og hverskonar opinberum fulltrúasamkomum og allt það, er gerist fyrir dómstólum.
3. Aðrar ræður og greinar um allskonar stjórnmál, hagfræði og trúarbrögð, nema réttindi séu greinilega áskilin.
4. Tíðindi og fréttir blaða, tímarita og útvarps. Bannað er þó að prenta upp eða birta með öðrum hætti útlend símskeyti og útvarpsfregnir fyrstu 16 klukkustundirnar eftir birtingu þeirra á Íslandi, nema rétthafi leyfi.

4. gr.

Hvenær sem eftirprentun eða önnur endurbirting er leyfð samkvæmt lögum þessum, skal greinilega getið heimildar.

5. gr.

Þann skal telja höfund að verki, sem tilgreindur er á verkinu á venjulegan hátt, unz annað sannast.

Ef verkið er gefið út nafnlaust eða með dulnefni, skal kostnaðarmaður eða útgefandi talinn bær um að koma fram fyrir hönd höfundar, þangað til hann hefir látið nafns síns getið.

Ef höfundur er bundinn hjúskap, hefir hann óskoruð umráð yfir verki sínu, hvernig sem fjárlagi hjónanna kann að vera varið.

6. gr.

Útgefendur blaða, tímarita og annara verka, sem hafa að geyma sjálfstæð ritverk ýmsra samverkamanna, eiga rétt á ritsafninu í heild, en samverkamennirnir réttinn hver á sínu verki, og er hverjum þeirra heimilt að birta verk sitt á annan hátt, ef ekki er öðruvísi um samið.

7. gr.

Nú hefir verk orðið til fyrir samvinnu manna, án þess að verk hvers eins verði aðgreind, og þarf þá samþykki allra höfundanna til fyrstu birtingar verksins, ef slikt samþykki er ekki veitt fyrirfram skýrum orðum, eða með þegjandi samkomulagi. Sama gildir og, ef í ráði er að birta verkið á annan hátt en áður. Hver höfunda um sig getur hinsvegar krafizt birtingar af nýju, með sama hætti sem áður, án þess að samþykki allra hinna komi til.

II. KAFLI.

Takmarkanir höfundaréttar.

8. gr.

Réttur höfundar á verkum sínum er háður þessum takmörkunum:

1. Heimilt er að prenta upp sem tilvitnanir ákveðna staði og stuttar klausur úr áður birtu riti, fyrirlestri eða tónverki.

   Ennfremur er heimilt að birta á ný áður birt listaverk í gagnrýnisskyni, eða í vísindariti, ef það er gert til skýringar á texta ritsins eða hann notaður til skýringar.
2. Í bókum, sem gerðar eru til notkunar í skólum og kirkju og saman eru settar af útdráttum úr verkum margra höfunda, er heimilt:
   a. að prenta upp greinar eða kafla úr bókmenntaverkum og tónverkum, eða jafnvel verkið allt, ef það er lítið að vöxtum.
   b. að endurbirta listaverk til skýringar texta þess.

   Þetta er þó því aðeins heimilt, að liðin séu 10 ár síðan verkið kom út í fyrsta sinni, eða birtist á sýningu. Höfundur á þar að auki kröfu á því, að honum sé greidd sanngjörn þóknun.
3. Í sambandi við tónverk og á hljómleikaskrám er heimilt að endurbirta smákvæði, ef þau eru tekin upp óbreytt. Einnig er heimilt að flytja slík kvæði opinberlega í sambandi við tónverk. Höfundur textans á þá kröfu til að minnsta kosti ¼ hluta þeirrar þóknunar, sem greidd er fyrir leyfið til að flytja verkið opinberlega.
4. Opinber flutningur bókmenntaverka og tónverka er leyfilegur, ef ekki er seld aðganga, enda fari flutningurinn ekki fram í ágóðaskyni.

9. gr.

1. Eftirmyndir af listaverkum í opinberum söfnum má birta í myndaskrám þessara safna.

2. Heimilt er að teikna, mála og ljósmynda verk, sem standa varanlega við stræti eða á torgi. Byggingar má þó aðeins mynda að utan.

III. KAFLI.

Afsal höfundaréttar til annara.

10. gr.

Höfundur getur afsalað öðrum rétti sínum, hvort heldur er að öllu eða nokkru leyti.

Afsal eignarréttar á eintaki verks felur ekki í sér afsal höfundaréttarins á verkinu, jafnvel þótt það sé frumeintak verksins, sem afsalað var.

Nú hefir höfundur veitt öðrum rétt til að birta verk á ákveðinn hátt, og má þá sá, er réttinn öðlaðist, ekki birta verkið á annan hátt.

Þeim, er réttinn hlaut, er ekki heimilt að birta verkið í breyttri mynd án samþykkis höfundar. Jafnvel þótt þetta samþykki sé veitt, getur höfundur, ef hann telur hinum persónulegu eða listrænu hugðarefnum sínum misboðið, krafizt þess, að verkið sé ekki birt. Þessum rétti getur höfundur ekki afsalað sér. Hann getur ekki heldur afsalað sér rétti sínum til að krefjast þess, að nafns hans sé getið á venjulegan hátt, þegar verk hans eru birt almenningi.

11. gr.

Eftir dauða höfundar gilda um rétt hans hinar venjulegu reglur erfðalöggjafarinnar.

Þó skal réttur lögerfingja ekki vera því til fyrirstöðu, að höfundurinn geri í erfðaskrá sinni bindandi ákvarðanir um birtingu verka sinna í framtíðinni. Einnig getur hann tilnefnt mann, er hafa skal rétt til að gera slíkar ákvarðanir og gæta réttarins fyrir hönd erfingjanna. Sá maður hefir þó ekki, fremur en erfingjarnir, rétt til að birta hin arfþegnu verk í breyttri mynd, nema greinilega sé til tekið, að breytingarnar séu ekki gerðar af höfundinum. Ráðherra hefir gætur á, að slíkt eigi sér ekki stað, og getur til verndar réttinum framfylgt þeim réttarkröfum, sem höfundurinn á að öðru leyti samkv. 17., 19., 20. og 21. gr.

Ef engar ákvarðanir eru gerðar í erfðaskrá og rétturinn gengur að erfðum til fleiri erfingja en eins, gilda um þessi réttindi sömu reglur og settar eru í 7. gr. um verk, sem til eru orðin fyrir samstarf höfunda.

12. gr.

Meðan höfundur er á lífi geta lánardrottnar hans hvorki með sameiginlegri né einstakri dómsaðgerð hlotið heimild til umráða yfir höfundarétti hans. Hinu sama gegnir gagnvart erfingjum höfundarins um óbirt verk hans.

Meðan höfundur er á lífi geta lánardrottnar hans ekki gert fjárnám í handritum hans né kyrrsett þau. Hinu sama gegnir um allskonar myndir og uppdrætti, meðan höfundurinn hefir ekki látið í ljós, að hann áliti verkin fullgerð til birtingar, með því að bjóða þau til sölu.

Nú hafa erfingjar höfundar fengið verðmæti þau, er ræðir um í næstu málsgr. hér á undan, eða uppkast, er arfleifandi hefir eftir sig látið, og má þá taka þau fjárnámi, nema þar með sé gengið á réttmæta listræna eða persónu-

lega hagsmuni. Nú greinir lánardrottna og erfingja á um slíka hagsmuni, og geta þá aðilar skotið málinu undir ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

Að öðru leyti gilda almennar reglur löggjafarinnar um málsókn út af höfundarétti.

IV. KAFLI.

Um verndartíma höfundaréttar.

13. gr.

Höfundaréttur varir meðan höfundur lifir og 50 ár að dánarári hans liðnu, og þó aldrei skemur en 10 ár eftir að verkið birtist.

Ef um er að ræða marga höfunda að einu verki, án þess að hægt sé að aðgreina sem sérstaka heild skerf hvers um sig, ber að reikna þessi 50 ár frá liðnu dánarári þess höfundar, sem lengst lifði.

Þó að liðinn sé sá verndartími, sem til er tekinn í lögum þessum, er eigi að síður óheimilt að birta verk í breyttri mynd, ef hætt er við, bæði með tilliti til gildis verksins og eðlis þeirra breytinga, sem gerðar væru, að verkinu sé spillt. Ráðherra gætir þess, að þetta eigi sér ekki stað, samkvæmt hinum sömu reglum, er settar eru í 11. gr.

14. gr.

Réttur til verka, sem út eru gefin nafnlaus eða með dulnefni, varir 50 ár frá lokum útgáfuárs. Sama gildir, þótt rétturinn sé eign félags eða stofnunar.

Ef slík verk eru birt í mörgum hlutum, telst 50 ára fresturinn frá lokum þess árs, er síðasti hluti verksins var út gefinn.

15. gr.

Ef höfundur verks, sem út er gefið nafnlaust eða með dulnefni, gefur sig fram áður en 50 ára fresturinn er útrunninn, öðlast hann alla þá vernd, sem áskilin er í 13. gr.

Vilji höfundurinn gefa sig fram, skal hann gera það um leið og verkið er birt í nýrri útgáfu eða með yfirlýsingu, sem tilkynnt sé samkvæmt reglum þeim, er gilda um opinberar auglýsingar.

Eftir dauða höfundar geta erfingjar hans, ef þeir koma sér allir saman um það, tilkynnt nafn hans og þar með öðlast rétt yfir verki hans.

16. gr.

Næstu 50 ár eftir að höfundaréttur verks er útrunninn, skal hver sá, er neytir þess réttar, er erfingjar áður höfðu, gjalda 15% af gróða sínum í sjóð, er varið skal til styrktar öllum þeim listgreinum, sem lög þessi taka til. Nánari ákvæði um sjóð þennan skulu sett með konunglegri tilskipun.

V. KAFLI.

Brot á réttindum og ábyrgð vegna þeirra.

17. gr.

Með sektum, er nemi frá 50 til 1000 krónum, skal refsa hverjum þeim, er af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi:

1. fjölgar eintökum verks og útbreiðir þau í bága við lög þessi, eða tekur þátt í nokkrum slíkum verknaði,
2. verzlar með, leigir, lánar eða útbreiðir á annan hátt eintök verks, sem verndar njóta samkvæmt lögum þessum, sýnir eða flytur slík verk opinberlega, gerir þau aðgengileg almenningi á annan hátt, eða á þátt í því. Undanþegin þessu ákvæði eru bókasöfn og lestrarfélög, er styrks njóta af sveit eða ríki og ekki eru rekin í ágóðaskyni, enda má ekki nota lánuð verk til opinbers flutnings í ágóðaskyni,
3. vanrækir að tilgreina heimildir eða höfundarnafn, þar sem svo er fyrirskipað,
4. birtir eða prentar upp fréttir, sem verndaðar eru samkv. 3. gr. 3. tölul.

Með sektum, er nemi frá 500 til 5000 krónum, skal refsa hverjum þeim, sem af ásettu ráði eða í ágóðaskyni breytir og spillir listaverki, vernduðu eða óvernduðu, þannig að menningu þjóðarinnar stafi ótvíræð hætta af, eða tekur þátt í slíkum verknaði. Um verkið í hinni breyttu mynd gilda reglur þær, sem getið er í 19. gr., og kemur ráðherra í stað höfundar, þegar um óverndað verk er að ræða, enda rennur og allur ágóði af verkinu í hinni breyttu mynd þá í sjóð þann, sem getið er í 16. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum skulu renna í sjóð þann, er getur um í 16. gr.

18. gr.

Fjárhagstjón, sem valdið er með brotum á þeim reglum, sem settar eru í 17. gr., er hinn seki skyldur að bæta.

Jafnan á sá, sem misgert er við, kröfu á því að fá greiddan nettóágóða þann, sem fallið hefir í hlut hins seka, enda þótt hann hafi framið verknaðinn í algerðu grandleysi.

19. gr.

Öll eintök verks, sem eru ólöglega til orðin eða útbreidd, skulu upptæk og ónýtt að kröfu þess, sem misgert er við.

Kvikmyndir og grammófónplötur og sérhvað það, sem með vélrænum eða efnafræðilegum aðferðum má hafa til endurbirtingar bókmenntaverks eða tónlistarverks, teljast og eintök af verkinu.

Á sama hátt skal upptækar gera og ónýta allar plötur, stein, mót, prentmót og því um líkt, hvar sem þau finnast, og einvörðungu eru gerð til ólöglegrar eftirlíkingar á vernduðu verki, eða að minnsta kosti aflaga tæki þessi svo, að þau verði eigi notuð í þessu skyni. Þó getur höfundur krafizt þess, að honum verði fengnir hlutir þessir eftir mati dómkvaddra manna. Getur hann krafizt

þess, að sú virðing fari fram áður en hann lýsir yfir því, hvort hann ætlar að krefjast hlutanna, og aldrei má matsverð þeirra fara fram úr því, sem sannanlega hefir kostað að gera þá.

Um byggingar gilda ekki reglur þessarar greinar.

20. gr.

Valdstjórnin á sókn mála út af brotum gegn lögum þessum, þegar sá, sem órétti er beittur, krefst þess. Heimild til málshöfðunar fyrnist ekki.

VI. KAFLI.

Sérstakar reglur um skipti milli höfundar og þess, er rétt hans hlaut.

21. gr.

Nú hefir höfundur afsalað öðrum rétti til að fjölga eintökum af verki sínu, og ber þá að bjóða það í upplögum. Á prentuðum bókmenntaverkum ber að tilgreina útgáfutölu, prentsmiðju, prentár og prentstað. Svartlistarverk skulu vera merkt með framhaldstölu í upplagi því, sem um ræðir.

Ef ekki er öðruvísi um samið, hefir útgefandi einungis rétt til að gefa út eitt upplag. Þó mega dagblöð og tímarit nota aftur prentmót af teikningum, sem þau hafa áður fengið leyfi til að birta. Stærð upplags má ekki, að undanteknum verkum þeim, sem tilgreind eru í 6. gr. 1. lið, fara fram úr 800, tónverk 400, svartlistarverk 200 eintökum.

Eignarréttinn að því eintaki verksins, sem fjölgun þess er gerð eftir, hefir höfundurinn eftir sem áður.

22. gr.

Útgefanda er skylt að bjóða verkið til sölu á venjulegan hátt og sjá um útbreiðslu þess.

Ef eigandi höfundaréttar heimtar, þá er kostnaðarmaðurinn skyldur að gefa honum árlega rétta skýrslu um, hve mikið sé eftir af upplaginu.

Þegar verk birtist á prenti, þá er prentsmiðjunni skylt að láta höfundinum í té vottorð um, hve mörg eintök hafi verið prentuð af verkinu, hafi höfundur beðið um það skriflega.

23. gr.

Meðan umsamið upplag er enn ekki uppselt, hefir höfundurinn ekki rétt til að stofna til nýrrar útgáfu af verki sínu.

Þó hefir rithöfundur eða tónskáld rétt til að taka það upp í heildarútgáfu verka sinna, ef hann gefur það út hjá öðrum útgefanda, enda séu 20 ár liðin síðan verkið birtist.

24. gr.

Sá, sem hefir leyfi höfundar til að sýna, segja fram eða flytja opinberlega eitthvert verk af því tægi, sem getur í 2. gr. 1.—4. lið, getur ekki varnað höfundi að veita öðrum svipaðan rétt eða láta sjálfur flytja verkið opinberlega.

Slíkt er höfundi einnig heimilt, þótt hann hafi afsalað sér réttinum algerlega, ef sá, er réttinn hlaut, hefir ekki neytt hans í 2 ár samfleytt.

25. gr.

Fyrirmæli þessa kafla, að undanteknum ákvæðum í 22. gr., gilda því aðeins, að aðilar hafi ekki öðruvísi um samið.

VII. KAFLI.

Önnur ákvæði.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934 og taka til allra verka íslenzkra ríkisborgara og verka útlendra ríkisborgara, sem fyrst eru gefin út hér á landi, og einnig til verka, sem eldri eru en lögin.

27. gr.

Leyfilegt er í 3 ár eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi að nota mót, stein, plötur og þvílík áhöld til eintakafjölgunar, ef sannanlegt er, að byrjað hafi verið að gera tæki þessi áður en lögin komu í gildi og notkun þeirra hafi verið lögleg samkvæmt fyrri lögum.

28. gr.

Túlkandi listamenn og flytjendur eiga rétt á endurbirtingu túlkunar sinnar, án þess að réttur höfundar skerðist.

29. gr.

Að því leyti, sem lög þessi auka rétt höfundar, skal höfundur sjálfur njóta hagsmuna af aukningunni, hvort sem hann hefir áður selt öðrum af hendi höfundarétt sinn eða ekki.

30. gr.

Meðan höfundaréttur varir, á eigandi hans kröfu á fimmta hluta ágóða af sölu og endursölu frumeintaks hvers verks, þ. e. handrits, frummyndar o. s. frv. Þegar höfundaréttur er útrunninn, gildir ákvæði 16. gr. einnig um sölu frumeintaks.

31. gr.

Með konunglegri tilskipun má ákveða, að fyrirmæli laga þessara gildi að öllu eða nokkru leyti um verk þegna annara ríkja, þótt eigi séu út gefin af íslenzku forlagi, gegn því, að á móti komi sama vernd fyrir verk Íslendinga í þeim ríkjum.

32. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, og lög nr. 11 22. okt. 1912, um breytingar á þeim lögum.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið að tilhlutun Bandalags íslenzkra listamanna, og er það borið fram eftir beiðni þess félagsskapar. Hafa flutningsmenn óbundið atkvæði um einstök atriði þess.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Lagafrumvarp þetta er borið fram til kjarabóta fyrir íslenzka höfunda og listamenn, í samræmi við ýms nýmæli í aðferðum við útbreiðslu listaverka, sem gerzt hafa á síðustu áratugum, enda eru lög vor um rithöfundarétt frá 1905 mjög orðin úrelt, svo að þau eiga naumast sinn líka í menningarlöndum nú á tímum. Með tímabæru skipulagi á vernd höfundaréttar og andlegra verka er gert ráð fyrir, að íslenzkir höfundar megi hafa nokkru meiri arð af verkum sínum, og að þannig mætti draga úr beinum útgjöldum ríkissjóðs til styrktar þessum greinum.

Skal hér sýnt með nokkrum dæmum, hvar gerðar eru í þessu frumvarpi breytingar til bóta frá eldri lögum:

1) Gömlu lögin hafa engin ákvæði um hagsmuni höfunda af ýmsum nútímaaðferðum við flutning og útbreiðslu listaverka, svo sem grammófóni, hljómmyndum, útvarpi og öðrum vélrænum og efnafræðilegum aðferðum.
2) Í gömlu lögunum eru aðeins fáar þær listgreinir nefndar, sem höfundarlögum ber að vernda og verndaðar eru í öllum menningarlöndum.
3) Í gömlu lögunum (1. og 2. gr.) nær réttarvernd á flutningi skáldverka og tónverka svo skammt, að tæplega er um vernd að ræða. Eftir þeim má til dæmis flytja opinberlega (með upplestri, vélrænum flutningi eða efnafræðilegum aðferðum) öll skáldverk, nema leikrit, öll tónverk, sé sleppt úr þeim einstökum köflum, og eins þótt um meiriháttar verk sé að ræða, en sundurliðuð ákvæði um réttarvernd myndlistaverka vantar í lögin. Við framfarir síðustu áratuga í vélrænum flutningi listaverka hefir sú breyting gerzt hvarvetna í heiminum, að tekjur af sölu prentaðra eintaka fara mjög rýrnandi, en að sama skapi aukast tekjur höfunda og útgefenda af réttindum til eintakafjölgunar og flutnings á vélrænan hátt og annan, enda eru þessi réttindi tryggð með víðtækum löggjafarákvæðum í öllum menningarlöndum.
4) Í frumvarpi þessu eru ýms fyllri ákvæði um samninga milli höfunda og útgefenda en í eldri lögum, þar sem slík ákvæði eru allóákveðin.

Frumvarpið er í flestum greinum í samræmi við samskonar lög erlendra þjóða, einkum norræna löggjöf, en þó sniðið eftir íslenzkum högum og í ýmsu einfaldara og vægara í kröfum fyrir hönd höfunda en samskonar löggjöf erlend.

Lög um höfundarétt hafa á síðari árum verið endurskoðuð í flestum menningarlöndum, og í þeim fáu löndum, þar sem það hefir ekki verið gert, stendur í stöðugum málaferlum út af höfundarétti“.

Ed. 460. Breytingartillögur

við frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 3. gr. Í stað „200—2000“ komi: 10—2000.
2. Aftan við 3. gr. bætist tvær nýjar málsgr.:
   a. Það skal eigi teljast brot á lögum þessum að selja hlutamiða happdrættis innan ákveðins félagsskapar.
   b. Þá skal það og eigi teljast brot á lögunum, þótt ríkissjóður bjóði út innanlands happdrættislán á einkaleyfistímabilinu.

Ed. 461. Frumvarp

til laga um innflutning á kjarnfóðri o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takmarka eða banna innflutning til landsins á kjarnfóðri til gripaeldis.

2. gr.

Ríkisstjórnin lætur fram fara rannsókn á notagildi innlends kjarnfóðurs, bæði til gripaeldis og alifugla, og birtir niðurstöður þeirrar rannsóknar á þann hátt, að almenningur hafi greiðan aðgang að. Einnig lætur hún athuga notagildi síldarmjöls og beinamjöls til áburðar.

3. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmdir þessara laga setur atvinnumálaráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot gegn fyrirmælum þeim, er þar kunna að verða sett, svo og að ólöglega innflutt vara skuli upptæk gerð og andvirði hennar renna í ríkissjóð. Skulu mál út af slíkum brotum rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og gilda ákvæði 1. og 3. gr. til 1. júlí 1935.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk atvinnumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó óbundið atkvæði um ákvæði þess. Fylgdi frv. svofelld greinargerð:

„Ræktun landsins hefir aukizt óðfluga hin síðustu ár, enda hafa bæði einstaklingar og ríkið lagt fram stórfé til aukinnar jarðræktar, bæði til túnræktar og áveitu.

Á svæði því, er styðst að meira eða minna leyti við mjólkurmarkað í Reykjavík, sem sé Reykjavíkurkaupstaður, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Árnessýsla, Rangárvallasýsla og Borgarfjarðarsýsla, hefir nýræktin, síðan jarðræktarlögin gengu í gildi 1923, aukizt um 2795,5 ha. Ef gert er ráð fyrir, að af hverjum fullræktuðum ha. fáist um 40 hestburðir, þá samsvarar aukningin vetrarfóðri handa 2795 kúm. Sé ársnyt kýrinnar reiknuð 2300 lítrar, þá nemur framleiðsluauki mjólkur á þessu svæði 6228500 lítrum. Í þessum tölum er aðeins miðað við aukningu á túnræktinni, en ótalinn sá grasauki, sem fengizt hefir með áveitunum austanfjalls og vitanlega er að allmiklu leyti nautgæft fóður.

Nú er það síður en svo, að þessi aukni heyfengur af ræktuðu landi, sem hér hefir verið bent á sem dæmi um aukningu ræktunarinnar, sé að öllu leyti notaður til mjólkurframleiðslu. Eigi alllítill hluti af honum fer til fóðrunar sauðfjár. Um áveitusvæðin er það einnig vitað, að þar fer árlega í sinu feiknin öll af ágætu kúgæfu fóðurgrasi, auk þess sem allmikið af áveituheyi er notað til sauðfjárræktar.

Með því verðlagi, sem nú er á sauðfjárafurðum, er síður en svo, að sauðfjárræktin geti borið uppi þann kostnað, sem leiðir af hinni auknu ræktun, og á það ekki sízt við í þeim sveitum, þar sem gjaffellt er og létt til beitar.

Þar, sem þess á annað borð er nokkur kostur að ná í mjólkurmarkað, þá mun það á slíkum svæðum, eins og nú er komið, gefa meira í aðra hönd, að grasaukinn sé notaður til mjólkurframleiðslu.

Til landsins er keypt árlega frá útlöndum kjarnfóður fyrir stórar fjárhæðir, og fer það að langsamlega mestu leyti til mjólkurframleiðslu. Til dæmis var á árunum 1929—1931 flutt til landsins árlega kjarnfóður fyrir hartnær ½ milljón króna, og er hér þó ekki talað um neitt rúgmjöl, sem þó er alltaf að einhverju leyti notað til gripafóðurs. Telur Búnaðarfélag Íslands, að með fóðurmagni því, sem til landsins er keypt, mætti framleiða 4—6 milljónir lítra mjólkur, en það samsvari því mjólkurmagni, sem framleitt er árlega í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavík.

Það er hverjum manni augljóst, að í þessu efni sem öðru væri landinu hallkvæmast að geta búið sem bezt að sínu. Væri það því auðsær vinningur, að það af heyfeng af ræktuðu landi, sem nú er gefið sauðfé, og af áveitulandi, sem þannig er notað eða deyr úti, væri notað til mjólkurframleiðslu og kæmi þar að miklu leyti í stað hins aðkeypta kjarnfóðurs.

Með því verði, sem verið hefir á heyi að undanförnu, ætti kaupstöðum þeim og kauptúnum og hinu næsta nágrenni þeirra, sem nú byggja mjólkurframleiðslu sína í verulegum mæli á aðfluttu kjarnfóðri, ekki að vera þetta að neinu leyti óhagkvæmara á þeim stöðum, þar sem sæmileg aðstaða er til þess að ná að sér heyinu, sem víðast hvar er. Gæti það því orðið til nokkurrar réttingar á þjóðarbúskapnum að breyta til í þessu efni svo sem að framan segir, og að því miða ákvæðin um að veita stjórninni heimild til þess að draga úr innflutningi kjarnfóðurs.

Vitanlega er til þess ætlazt, að stjórnin beiti heimildinni með hliðsjón af heyafla og árferði og taki auk þess tillit til, hvernig til hagar á hverjum stað um öflun heyfóðurs.

Rétt þykir að hafa lög þessi tímabundin og sjá, hversu þau gefast. Er þá alltaf hægt um vik að framlengja þau, ef nauðsyn þykir bera til.

Í landinu sjálfu er framleitt verðmætt kjarnfóður, þar sem er síldarmjöl og beinamjöl. Væri mikils um vert að fá rannsakað, hvernig megi með beztum árangri sameina not þessa innlenda kjarnfóðurs og heygjafar til mjólkurframleiðslu og einnig að athuga notagildi og samsetningu þessara fóðurtegunda til alifuglaræktar. Ákvæði 2. gr. frv. lúta að því að fá úr þessu skorið og einnig að gerð verði rannsókn á áburðargildi beinamjöls og síldarmjöls móts við húsdýraáburð og tilbúinn áburð".

Nd. 462. Frumvarp

til laga um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Frá kreppunefnd.

1. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands heimilast að veita, eftir því sem nauðsynlegt þykir, greiðslufrest á afborgunum af lánum úr Ræktunarsjóði, Byggingar- og landnámssjóði og veðdeild bankans um allt að 5 ára tímabil í hverri stofnun. Greiðslufrestur þessi getur náð jafnt til þeirra lána, er þegar hafa lent í vanskilum, og þeirra, er hingað til hefir verið borgað reglulega af, en má aldrei ná yfir meira en 5 ára bil af hverju einstöku láni.

2. gr.

Á sama hátt og í 1. gr. segir heimilast stjórn Landsbanka Íslands að veita greiðslufrest í 5 ár á afborgunum af þeim lánum úr veðdeild bankans, er bændur eða aðrir, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu, eiga að standa skil á.

3. gr.

Greiðslufrestur sá, er um ræðir í 1. og 2. gr., hefir engin áhrif á útdrátt bankavaxtabréfa veðdeildanna eða jarðræktarbréfa, og skal því árlega draga út og innleysa jafnháa fjárhæð og gert mundi, þó enginn greiðslufrestur væri veittur. Þar, sem svo stendur á, að öll bréf veðdeildarflokks eru í eign ríkissjóðs, skal ríkisstjórninni þó heimilt að veita undanþágu frá, að meira sé útdregið úr þeim flokki en raunverulega hefir verið borgað af skuldabréfum þess sama flokks á umliðnu ári.

4. gr.

Heimilt er stjórn Kreppulánasjóðs að greiða úr sjóðnum allt að 1½% af vöxtum fasteignalána þeirra manna, er landbúnað stunda sem aðalatvinnuveg,

á gjalddaga lánanna árin 1933 og 1934, en þó ekki meira en svo, að lántakandi greiði sjálfur 4½% á ári. Heimild þessi er því skilyrði bundin, að stjórn Kreppulánasjóðs telji, að skuldunautar geti ekki að öðrum kosti risið undir vaxtabyrðinni samfara heilbrigðum búrekstri.

Heimild þessi nær og til sömu þátttöku í greiðslu vaxta af stofnlánum til frystihúsa og mjólkurbúa á árunum 1933 og 1934.

5. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka ábyrgð á lánum fyrir Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, er nemi sömu fjárhæð og þær afborganir, er greiðslufrestur hefir verið veittur á í hvorum banka samkv. ákvæðum laga þessara.

Verði bankarnir fyrir vaxtahalla út af slíkri lántöku, er heimilt að bæta þeim hann úr Kreppulánasjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta er eitt af frv. bændanefndarinnar og er flutt samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra óbreytt eins og það kom frá bændanefnd.

Fasteignaveðskuldir bænda eru eftir innkomnum skýrslum kr. 12281270.00. Þessar skuldir skiptast þannig milli lánsstofnananna:

Búnaðarbanki	kr.	6072495.00
Landsbanki og Útvegsbanki	—	2936957.00
Sparisjóðir	—	1526794.00
Aðrir sjóðir	—	1745024.00
	Samtals krónur	12281270.00

Þetta eru tölurnar eftir skýrslum þeim, er nefndinni bárust.

Eftir að þeir höfðu verið flokkaðir úr, er eigi töldust bændur, eru veðskuldirnar kr. 11492815.00.

Má ætla, að lækkun þessi deilist nokkurn veginn jafnt á ofangreindar peningastofnanir.

Hér eru eigi með taldar veðskuldir þær, er einstakir menn eru eigendur að. Felast þær að meira eða minna leyti í privatskuldunum. Vantar auðvitað frá þeim, er slíkar skuldir skulda og eigi hafa gefið upp sínar privatskuldir.

Afborganir af þessum lánum fyrir árið 1933 nema ..	kr.	458510.00
Áfallnar og ógreiddar afborganir hjá bönkunum	—	198742.00
	Samtals kr.	657252.00

Afborganir við sparisjóði eru eigi taldar hér með; er í flestum tilfellum um þær samið í hvert skipti fyrir sig, og fara þá afborganir eftir greiðslugetu skuldunauts.

Vextir af sömu lánum, er greiðast eiga haustið 1933, eru alls ..	kr. 786891.00
Þar með taldir vextir af veðskuldum bænda við sparisjóði.	
Ógreiddir áfallnir vextir hjá bönkunum	— 315262.00
	Samtals kr. 1102153.00

Nd. 463. Frumvarp

til laga til varnar óréttmætum verzlunarháttum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Hver sá, sem selur vörur eða býður til sölu, má ekki á vörurnar sjálfar, miða á þeim eða umbúðir þeirra, né heldur með auglýsingaspjöldum, á reikninga, vöruskrár (faktúrur) eða önnur verzlunarskjöl setja rangar lýsingar til þess að hafa áhrif á eftirspurnina eða söluna, til dæmis nafn eða auðkenni, sem:

1) gefur rangar upplýsingar um framleiðslustað (eða land) vörunnar, tegund hennar, tilbúning, efni, samsetningu, gerð, eiginleika, áhrif eða verð, eða sem eru til þess fallin að vekja rangar hugmyndir um þetta, eða
2) sem eru til þess fallin að vekja hjá kaupendum þá skoðun, að hinar ýmsu vörur, sem seldar eru í verzluninni, séu allar frá sama framleiðslustað (eða landi), eða séu tilbúnar á sama hátt, þó þær séu það eigi nema að nokkru leyti, eða
3) ranglega skýrir frá því, að varan hafi hlotið viðurkenningu á sýningu, hafi verið reynd af opinberum yfirvöldum eða fengið meðmæli þeirra, eða hafi haft einkaleyfisvernd. Falli einkaleyfi eða annað þvílíkt niður, má þó halda auðkenningu á þeim vörum, sem það var sett á áður en einkaleyfið féll niður.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum frá 50—4000 kr.

Refsinguna má þó þyngja þannig, að hún verði allt að 6 mánaða einfalt fangelsi, þegar miklar sakir eru, sérstaklega þegar um margítrekað brot er að ræða.

Dómfelldur skal ennfremur með dóminum skyldaður til þess að leiðrétta auðkennið á vörum þeim, sem þannig hafa verið ranglega auðkenndar eða lýst, séu þær ennþá í hans vörzlum eða hann hefir ennþá umráð yfir þeim, eða séu vörurnar ekki búnar til hér á landi, þá að flytja þær út úr landinu, kjósi hann þann kostinn heldur.

2. gr.

Sé hinum röngu skýrslum, er um getur í 1. gr., dreift meðal almennings með auglýsingum í blöðum, á auglýsingamiðum, eða með auglýsingaspjöldum, sem sérstaklega mikið ber á, verður það til þyngingar refsingunni.

3. gr.

Refsiákvæði þau, er að framan greinir, skulu þó ekki gilda um auðkenni, sem vakið gætu rangar hugmyndir um framleiðslustað vörunnar, þegar auðkenni það, sem um er að ræða, samkvæmt almennum skilningi eða samkvæmt verzlunarvenjum hefir fengið þá merkingu, að tákna tegund og tilbúning vörunnar eða annað því líkt, en ekki framleiðslustaðinn.

Þó má, ef æskilegt þykir vegna almenningshagsmuna, ákveða með konunglegri tilskipun, að viss vörueinkenni skuli undanþegin þessari reglu. Brot á ákvæðum slíkrar tilskipunar varða refsingum þeim, er um getur í 1. gr., sbr. 2. gr. laga þessara.

Vöruauðkenni, sem er í því falið að tilgreina mynt, mál eða þunga, skal ekki vera talið tilgreining á framleiðslustað vörunnar. Að nafn vöru eða einkenni er á öðru tungumáli en því, sem talað er í því landi, sem varan er framleidd, eða í því landi, sem hún er innflutt frá, verður í sjálfu sér ekki talið rangt auðkenni, en þó fer það eftir formi og auðkenningu vörunnar.

Auðkenni, sem í sjálfu sér mætti telja ranga skýrslu um framleiðslustað vörunnar, skal þó ekki talið vera það þegar greinilegur viðauki gefur upplýsingar um hinn rétta framleiðslustað vörunnar.

4. gr.

Bannað er að selja hér á landi eða að bjóða til sölu vörur, sem annaðhvort sjálfar eða á miðum eða umbúðum bera sérmerki hjúkrunar- eða annarar mannúðarstarfsemi, svo sem „Rauða krossinn“, „Genfer krossinn“ eða önnur slík einkenni eða nöfn, sem vísa til þessháttar félagsstarfsemi.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 200 kr.

Sömu refsingu skal sá sæta:

1) sem í heimildarleysi notar slík merki, nafn eða auðkenni á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verzlunarskjölum.
2) sem á auglýsingaspjöldum notar íslenzka ríkisskjaldarmerkið eða útlend ríkisskjaldarmerki, án þess að hafa fengið til þess sérstakt leyfi.
3) sem selur eða býður til sölu vörur af útlendum uppruna eða búnar til í útlöndum, ef á þær eða umbúðir þeirra hefir verið sett í heimildarleysi mynd eða nafn íslenzka fánans, skjaldarmerki íslenzka ríkisins eða myndir af konunginum eða ættmönnum konungs.

5. gr.

Útsölu (skyndisölu) má hafa annaðhvort tvisvar á ári, og standi hún þá yfir í mesta lagi einn mánuð í hvort skipti, eða einu sinni á ári, og standi hún þá yfir í mesta lagi tvo mánuði. Nánari ákvæði um það, á hvaða tíma árs útsölur megi halda innan hinna einstöku greina verzlunarinnar, getur atvinnumálaráðherra ákveðið með sérstakri reglugerð, eftir tillögum hlutaðeigandi kaupmannafélaga.

Nú er á einhvern hátt auglýst, að útsala sé haldin af sérstökum ástæðum, t. d. vegna flutnings verzlunarinnar, eigendaskipta eða vegna þess, að verzlunin

á að hætta — hvort heldur er vegna gjaldþrota, greiðslusamnings, láts eigandans eða annara orsaka — eða til sölu á skemmdum vörum, vörum, sem sagðar eru keyptar úr gjaldþrotabúi, dánarbúi eða í sambandi við greiðslusamning, eða vörur keyptar á uppboði, og má þá sú útsala eigi standa yfir lengur en þrjá mánuði.

Um leið og auglýstar eru útsölur þær, sem ræðir um í 2. mgr. greinar þessarar, og eigi síðar en þrem dögum eftir að útsalan er byrjuð, ber að tilkynna lögreglustjóra um upphaf útsölunnar og um það, hve lengi hún skuli standa, af hvaða ástæðum og hvaða vörur verði boðnar til sölu.

Á útsölum, sem auglýst hefir verið, að haldnar séu til þess að selja skemmdar vörur, skal þeim vörum haldið aðgreindum frá öðrum vörum verzlunarinnar, eða sett á þær sérstök merki.

6. gr.

Frá reglum þeim, sem settar eru í 5. gr. 1. og 2. mgr., getur lögreglustjóri veitt undanþágu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Útsala, sem haldin er vegna þess að verzlun hættir, má þó undir engum kringumstæðum standa lengur en eitt ár.

7. gr.

Á uppboðum, þar sem skýrt er frá því, að munir þeir, sem selja á, séu að nokkru eða öllu leyti úr nafngreindum búum eða frá nafngreindum mönnum, skal hvað þessum munum viðvíkur geta þess greinilega á uppboðinu, úr hvaða búi eða frá hvaða manni munirnir séu. Í auglýsingunni skal það greinilega tekið fam, ef á uppboðinu á einnig að selja muni, sem ekki eru úr þeim búum eða frá þeim mönnum, sem nafngreindir eru.

Í sérhverri uppboðsauglýsingu skal þess getið, hvort munirnir eru seldir fyrir reikning uppboðsbeiðanda eða annars manns.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum 5.—7. gr. varða sektum, allt að 1000 kr.

9. gr.

Bannað er að nota í atvinnuskyni nafn, firmanafn, verzlunarmerki eða því um líkt, sem sá hefir ekki rétt til, er notar, eða reka atvinnu undir nafni, sem gefur villandi upplýsingu um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Ennfremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt, að leitt geti til þess, að villzt verði á því og öðru einkenni, sem annað atvinnufyrirtæki notar með fullum rétti.

Brot gegn ákvæðum þessum, framin af ásettu ráði, varða sektum, allt að 2000 kr.

10. gr.

Nú fer einhver með eða útbreiðir um annað atvinnufyrirtæki rangar sögusagnir, sem miða til þess að hnekkja því fyrirtæki, eða í því skyni að hæna til sín viðskiptamenn þess, hvort heldur slíkar sögusagnir snerta eiganda fyrir-

tækisins, vörur þess eða aðra hagi, og skal hann þá sæta sektum, allt að 6000 kr., ef miklar sakir eru, allt að 6 mánaða einföldu fangelsi.

11. gr.

Ef einhver, með því í heimildarleysi að nota eða skýra öðrum frá verzlunar- eða rekstrarleyndarmálum núverandi eða fyrrverandi húsbónda síns eða félaga, af ásettu ráði spillir samningsbundnu trúnaðarsambandi, sem veitt hefir honum vitneskju um þessi leyndarmál, skal hann sæta sektum, allt að 6000 kr., ef miklar sakir eru, allt að 6 mánaða einföldu fangelsi. Þó skal eigi refsingu beitt, ef liðin eru meira en þrjú ár síðan samningum var slitið.

12. gr.

Hver sá, er með gjöfum eða hlunnindum til starfsmanns, kaupmanns eða verzlunarfyrirtækis reynir til að fá hann til þess að eiga viðskipti við sig, sæti sektum, allt að 2000 kr. eða allt að 6 mánaða einföldu fangelsi, ef hann hefir komið tilætlun sinni í framkvæmd og húsbóndi verzlunarmannsins beðið við það verulegt tjón.

Sömu refsingu skal sá verzlunarmaður sæta, er tekur á móti slíkum mútum.

13. gr.

Bannað er að gefa með verzlunarvörum kaupbætismiða, happadrættismiða, vörugjafir eða annað, sem dregið getur kaupendur til að kaupa þá vörutegund vegna verðmætis í því, er henni fylgir.

Sömuleiðis eru bannaðar auglýsingar um þesshättar kaupbæti.

Brot á þessu varða sektum, allt að 5000 kr.

14. gr.

Nú hefir framleiðandi eða heildsali sett á vörutegund eða upprunalegar umbúðir hennar ákveðið smásöluverð, og er þá — svo fremi tilgreint verð ekki veitir útsölumanni ágóða, er fer fram úr 25% af innkaupsverði — bannað að selja vöruna eða bjóða fram í smásölu við lægra verði, nema leyfi viðkomandi framleiðanda eða heildsala eða önnur heimild komi til, eða salan falli undir 1. mgr. 5. gr., eða varan sé seld notuð eða skemmd.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 4000 kr.

15. gr.

Brot gegn 3., 4. og 13. gr. laganna sæta opinberri ákæru.

Brot gegn 1., 5., 7., 9., 10., 11., 12. og 14. gr. laganna sæta málsókn samkvæmt beiðni þess, er fyrir óréttinum hefir orðið.

Í refsimálum má samkvæmt kröfu dæma þeim skaðabætur, er fyrir órétti hefir orðið.

Í refsimálum er réttinum ennfremur heimilt, þegar ætla má, að einstaklingur eða fyrirtæki hafi beðið tjón, að tildæma þeim, er fyrir tjóninu hefir orðið, skaðabætur samkvæmt kröfu hans, allt að 1000 kr., þrátt fyrir það, þótt ekki verði sannað, hversu miklu tjónið hefir numið.

Kröfu um umsamdar sektir má einnig gera í refsimálum. Verður þá hin umsamda sekt talin skaðabætur.

Með refsimálin skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Refsiákvæði laganna gilda því aðeins, að ekki liggi þyngri refsing við eftir öðrum lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni Verzlunarráðs Íslands, sem séð hefir um samningu þess í samráði við hin ýmsu sérfélög innan kaupmannastéttarinnar, og hlotið einróma samþykki þeirra. Einstaka nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að koma með breytingartill. við umræðurnar.

Tilgangur frumvarpsins er að bæta úr og koma í veg fyrir ýmsar misfellur, sem komið hafa fram í viðskiptalífinu.

Frumvarpið er að mestu leyti þýðing á samskonar lögum hjá Dönum, frá 26. marz 1924, en jafnframt höfð til hliðsjónar samskonar lög þýzk.

Lög Danmerkur um þetta efni eru að miklu leyti tekin upp úr þýzkri löggjöf um sama efni, en höfð hliðsjón af gildandi lögum annara landa. Hafa lög þessi reynzt mjög vel og yfirleitt verið almenn ánægja með þau innan dönsku verzlunarstéttarinnar.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. og 2. gr.

Í greinum þessum eru ákvæði um bann við óréttmætum auðkenningum á vörum og óhæfilegri auglýsingaaðferð. — Eru greinar þessar teknar svo að segja orðrétt upp úr dönsku lögunum og virðast ekki þurfa frekari skýringa.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er gerð undantekning frá ákvæðum 1. og 2. gr., þegar auðkenni á vörum, sem áður voru upprunaeinkenni, eru búin að ná festu í málinu sem tegundaeinkenni, svo og undantekningar, sem til greina koma þegar ætla má, að auglýsingin eða auðkennin séu ekki gerð í blekkingartilgangi.

Um 4. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 5. og 6. gr.

Ákvæði þessi eru sett til þess að koma í veg fyrir, að fólk sé blekkt til að koma í verzlanir með auglýsingum um útsölu og til þess að koma skipulagi á eðlilega rýmingarsölu verzlana.

Um 7. gr.

Grein þessi kemur því aðeins til framkvæmda, að í uppboðsauglýsingu sé berum orðum tekið fram nafn þess, sem á muni þá, sem selja á á uppboðinu.

Hún er sett til þess að koma í veg fyrir, að maður kaupi á uppboði muni í þeirri trú, að þeir hafi verið eign ákveðins manns, sem auglýst hefir verið, að bjóða eigi upp fyrir, en stafa frá öðrum, sem notað hafa tækifæri til þess að koma munum inn á uppboðið vegna aðsóknar þeirrar, er nafn hins tilgreinda manns hefir gefið tilefni til.

Um 8. gr.

Gefur ekki tilefni til frekari skýringar.

Um 9. gr.

Grein þessi er í samræmi við firmalögin 1903, að svo miklu leyti sem þau ná, en inn í hana er skotið ákvæði, til þess að koma í veg fyrir tjón það, sem skuldheimtumenn iðulega bíða í sambandi við eigendaskipti verzlana, sem ekki eru reknar undir nafni þess, sem verzlunina á.

Um 10. gr.

Grein þessi er til þess sett að koma í veg fyrir, að menn geti svo að segja rógborið keppinauta sína áhættulaust.

Um 11. gr.

Greinin er sett til varnar misbrúkun á því, að fyrrverandi starfsmenn atvinnufyrirtækja noti sér aðstöðu sína til skaða fyrir fyrrverandi húsbændur.

Um 12. gr.

Greinin er sett til þess að fyrirbyggja mútugjafir innan verzlunarstéttarinnar.

Um 13. gr.

Greinin er sett til þess að koma í veg fyrir þá óheilbrigðu samkeppni, sem felst í því að gefa kaupbætismiða, eða aðrar vörutegundir sem kaupbæti með ákveðinni vörutegund.

Greinin útilokar ekki almennan afslátt í verði og ekki heldur smágjafir, sem teljast mega lítils eða einskis virði, svo sem myndir með sígarettupökkum og þesshättar.

Um 14. gr.

Greinin er sett til þess að samræma útsöluverð, án þess þó að ganga of nærri kaupanda, því ef hagnaður smásala fer fram úr 25% af innkaupsverði, koma ákvæði hennar ekki til greina.

Um 15.—16. gr.

Þurfa ekki skýringar.

Ed. 464. Nefndarálit

um frv. til laga um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin telur nauðsyn á, að sett verði lög um vinnslu og mat meðalalýsis og getur eftir atvikum fallizt á, að frv. þetta verði lögfest. Hinsvegar er nefndinni ljóst, að fullrar varfærni verður að gæta um framkvæmd ákvæða frv., ef að lögum verður, að því er viðkemur kröfum þeim, er gerðar verða um útbúnað bræðslustöðva í hinum smærri verstöðvum, svo þeim verði ekki fyrirmunað að vinna meðalalýsi úr þeirri fisklifur, er þar fellur til. Í því trausti, að þessa verði gætt, mælir nefndin með framgangi frv.

Laun þau, er frv. ákveður yfirlýsismatsmanni, álítur nefndin svo lág, að litlar líkur séu fyrir, að mögulegt reynist að fá hæfan mann til starfsins fyrir þá borgun. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 5. gr. 4. málsgr. Í stað „1500“ komi: 2400.

Alþingi, 26. apríl 1933.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Magnús Torfason.	Jakob Möller, fundaskr.

Ed. 465. Nefndarálit

um frumvarp til laga um hafnargerð á Húsavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 26. apríl 1933.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Magnús Torfason.	Jakob Möller, fundaskr.

Nd. 466. Nefndarálit

um frumvarp til laga um læknishéraðasjóði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Orðin „Í sama sjóð ... og sýslusjóðum“ í 2. málsgr. falla burt.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Fé læknishéraðasjóða skal varið til þess að tryggja eftir föngum, að héruðin séu sem sjaldnast læknislaus, svo sem með því að leggja það til læknisbústaða eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héruðin eftirsóknarverðari fyrir lækna eða horfi til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins.

Alþingi, 25. apríl 1933.

Bergur Jónsson, form. — Guðbr. Ísberg, fundaskrifari. — Steingr. Steinþórsson, framsögum.
Sveinbjörn Högnason, með fyrirvara. — Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirvara.

Ed. 467. Lög

um breyting á lögum nr. 75 frá 1921, um stimpilgjald.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl).

1. gr.

Aftan við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur skjöl, er sýna eignayfirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur, eða maka upp í búshelming hans (lóðseðlar), enda sé eigi samhliða um sölu eða um söluafsal að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Nd. **468. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Frá Bergi Jónssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: nema dæmt sé eftir hinum almennu hegningarlögum eða viðaukum og breytingum við þau.

Ed. **469. Breytingartillaga**

við frv. til l. um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 1. gr. 7. Liðinn skal orða svo:

⅛ hluti þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54 7. maí 1928, um menningarsjóð, skal frá 1. jan. 1934 til loka s. á. renna í ríkissjóð. Sjóðnum skal skylt að kaupa landinu til handa náttúrufræðisafn Guðmundar G. Bárðarsonar eftir mati þriggja manna, er ríkisstjórnin tilnefnir.

Ed. **470. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Orðið „En“ í upphafi síðasta málsl. fyrri málsgr. falli burt.
2. Við 2. gr. Á eftir orðunum „úr sveitarsjóði“ komi: að nokkru eða öllu leyti.

Alþingi, 27. apríl 1933.

Páll Hermannsson, form.	H. Steinsson, fundaskrifari.	Einar Árnason, frsm.

Nd. **471. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 64 19. mai 1930 (Áfengislög).

Flutningsmaður: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Aftan við 20. grein laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú er maður ölvaður eða grunaður um ölvun, svo að varði við ákvæði laga þessara, og er þá dómara heimilt að láta lækni taka honum blóð til rannsóknar af kunnáttumanni, þannig, að ákveðið verði áfengismagn blóðsins og fengin fræðileg umsögn um, hvort og að hve miklu leyti viðkomandi hafi verið undir áhrifum áfengis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að við venjulega athugun er oft erfitt og jafnvel ógerningur að greina, hvort maður sé í raun og veru ölvaður eða ekki, og því síður verður á þann hátt skorið úr því, á hverju stigi ölvunin sé. Nú getur mjög lítilsháttar áfengisnautn, sem engin sýnileg merki setur á útlit manna, haft geysialvarlegar afleiðingar, svo sem bifreiðarakstur, enda er bifreiðarstjórum víða, og þar á meðal hér á landi, gersamlega bönnuð öll áfengisnautn, er þeir eru við störf sín, svo og að vera þá undir áhrifum áfengis. Erfiðleikarnir á að ákveða nákvæmlega, hvort um ölvun sé að ræða og á hve háu stigi, er löggreglunni til mikils trafala við framkvæmd áfengislöggjafarinnar, og ekki sízt við eftirlitið með bifeiðaakstrinum, sem svo mikið er þó undir komið, að vel sé rækt.

Hið fullkomnasta sönnunargagn um ölvun eru blóðrannsóknir þær, sem farið er að tíðka erlendis og hvert landið af öðru tekur nú í þjónustu réttvísinnar. Hefir einkum sænskur maður, að nafni *Widmark*, fullkomnað þessar rannsóknaraðferðir og gert þær svo öruggar, að undrum sætir. Af örlitlum dropa blóðs, sem soginn er úr fingurgómi eða eyrnasnepli, er skorið úr því, hvert áfengismagn hefir verið í blóðinu, þegar dropinn var tekinn, og með furðulegri nákvæmni má reikna út, hve mikils áfengis hefir verið neytt. Maður var þannig látinn drekka 500 cm.^{3} af vínanda, og rannsóknin leiddi í ljós 470 cm.^{3} Við aðra tilraun voru drukkin 25 grm. af vínanda (um tvær matskeiðar), og fundust við rannsóknina 24,3 grm. Þessi nákvæma niðurstaða er þó bundin við það, að blóðið sé tekið innan þriggja klukkustunda frá því að áfengisins var neytt. Eftir lengri tíma má þó komast mjög nærri hinu sanna.

Af áfengismagni blóðsins þykir mega draga áreiðanlegar ályktanir um ölvunarástand mannsins. Ef vínandi í blóðinu reynist neðan við 0,7‰, er mað-

urinn algáður, ef hann er á milli 0,7‰ og 2‰, er ölvunin sennileg, en örugg, ef hann er yfir 2,7‰.

Þessar rannsóknir þarf að vera hægt að leysa af hendi á rannsóknarstofu háskólans hér, og vantar ekkert til þess nema áhöld, sem kosta munu innan við 1000 kr. Líður vonandi ekki á löngu, þangað til unnt verður að afla þeirra.

Frumvarpið miðar til þess að heimila réttvísinni að beita þessum nýtízku rannsóknaraðferðum, og er gert ráð fyrir, að það nægi til þess, að þær verði jafnskjótt teknar upp.

Nd. 472. Nefndarálit

um frv. til laga um bann við okri.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað „6“ komi: 5.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „á annan öruggan hátt“ komi: handveði.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna „á annan öruggan hátt“ komi: handveði.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

   Þegar skuldari greiðir ekki skuld sína á réttum gjalddaga, er hann skyldur til, ef svo hefir verið um samið, frá þeim degi, er lánardrottinn leitar réttar síns á löglegan hátt, og unz hann greiðir skuld sína, að greiða vegna greiðsludráttarins í vexti einum meira af hundraði en heimilað er í lögum þessum. Ef um fasteignalán er að ræða, mega seinni veðhafar einskis í missa við það, að hinir umsömdu vextir af slíkum lánum eru hækkaðir.

Alþingi, 26. apríl 1933.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.	Guðbr. Ísberg, fundaskrifari.
Steingr. Steinþórsson.	Sveinbjörn Högnason.	

Ed. 473. Nefndarálit

um frv. til laga um kjötmat.

Frá landbúnaðarnefnd.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er breytt fyrirkomulaginu um yfirkjötsmatsmenn frá því, sem nú er, og fyrirskipað að löggilda sláturhús og frystihús, til þess að úr þeim megi flytja fryst kjöt á erlendan markað.

Jafnframt eru svo settar miklu strangari reglur en áður hafa gilt um læknisefirlit á sláturhúsum.

Fyrri tvær aðalbreytingarnar telur nefndin til bóta, og sú síðasta er talin nauðsynleg vegna erlenda markaðarins, en hætt er við, að sum ákvæðin um læknisefirlitið verði lítið annað en dauður bókstafur í mörgum tilfellum.

Nefndin vill vekja athygli á því, að þóknunin fyrir læknisefirlitið er eins og nú stendur alltilfinnanlegur skattur fyrir framleiðendur, og væri því full ástæða til, að ráðuneytið lækkaði hana að nokkru.

Að svo mæltu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi 27. apríl 1933.

Páll Hermannsson, form.	Jón Jónsson, frsm.	Pétur Magnússon, fundaskrifari.

Nd. 474. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra út af gjaldþroti Síldareinkasölu Íslands.

Frá Jóhanni Þ. Jósefssyni.

Hvað líður störfum skilanefndar þeirrar, sem skipuð var til ráðstöfunar á þrotabúi Síldareinkasölu Íslands í des. 1931?

Hversu miklu nemur tap ríkissjóðs vegna ábyrgða og ógreiddra tolla?

Hversu mikið er tap annara lánardrottna?

Hverjar orsakir lágu til gjaldþrotsins?

Ed. 475. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga.

I. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 1. gr. 3. tölul. Aftan við liðinn bætist: þó skulu 200 þúsund krónur af tekjum tóbakseinkasölunnar renna árin 1933 og 1934 til sjóða þeirra, er um ræðir í 4. gr. l. nr. 58 8. sept. 1931, 100 þús. kr. til hvors.

II. Frá *Jakob Möller.*

Við 1. gr. 7. tölul.

Liðurinn falli niður.

Nd. **476. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1934.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1934.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1934.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1934.
5. Framkvæmd 12. gr. laga nr. 40 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923, er frestað á árinu 1934.
6. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1934.
7. ⅛ hluti þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54 7. maí 1928, um menningarsjóð, skal frá 1. jan. 1934 til loka s. á. renna í ríkissjóð. Sjóðnum skal skylt að kaupa landinu til handa náttúrufræðisafn Guðmundar G. Bárðarsonar eftir mati þriggja manna, er ríkisstjórnin tilnefnir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **477. Breytingartillaga**

við frv. til l. um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 1. gr. e. Í stað „20%“ komi: 25%.

Ed. **478. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað orðanna „og er þá félagið löglega stofnað“ í lok 2. gr. komi: og skal leita staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á þeim.

2. gr.

3. gr. B. orðist þannig:

Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

3. gr.

3. gr. C. orðist þannig:

Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán. Lánin má taka í erlendri mynt. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 4. gr. í þeim flokki. Ekki mega vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

4. gr.

Orðin „með tveggja til fjögurra herbergja íbúðum, auk eldhúss og geymslu“ í 6. gr. A. falli burt.

Í þess stað komi: og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum.

5. gr.

Ríkisábyrgðin fyrir lánum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að fyrsti veðréttur að viðbættri ríkisábyrgð nemi ekki hærri upphæð en 15 þús. kr. fyrir hverja einstaka íbúð.

Ed. 479. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi svo hljóðandi grein, er verður 2. gr.:

Ennfremur skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, til þess að standa straum af útgjöldum kaupstaðarins, heimilt að leggja á vörur, sem fluttar verða til og frá Vestmannaeyjum, sérstakt vörugjald, er nemi allt að 50% af vörugjaldi til Vestmannaeyjahafnar eins og það er á hverjum tíma, og skal um upphæð gjaldsins, innheimtu og annað, er þurfa þykir, ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórn semur og atvinnumálaráðherra staðfestir.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem innfluttar eru til stofnana eða einstakra manna, búsettra í öðrum héruðum, eða koma frá þeim til útflutnings, enda þótt settar séu í land í Vestmannaeyjum.

Gjald þetta má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að vörur megi ekki afhenda eða afgreiða til útflutnings, nema sýnd sé kvittun fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1935.

Nd. 480. Nefndarálit

um frv. til laga um alþýðuskóla á Eiðum.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarpið er komið frá efri deild og var afgreitt þar óbreytt frá því, er það var flutt, og ágreiningslaust. Nefndin hefir athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lagaákvæði um skólann og leggur til, að það sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. apríl 1933.

Sveinbjörn Högnason, form. Magnús Jónsson, fundaskr. H. Stefánsson, frsm.

Bernh. Stefánsson. Pétur Halldórsson.

Nd. 481. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist tveir nýir töluliðir, svo hljóðandi:

11. Í reglugerð, er nefndin setur og ráðherra staðfestir, má setja ákvæði, er banna í umdæmi nefndarinnar sölu á tóbaki til barna og unglinga innan 16 ára aldurs, banna að setja sælgætis- og tóbaksverzlanir á stofn í nánd við barnaskóla, leikvelli eða aðra samkomustaði barna, banna umferðasölu sælgætis og tóbaks og takmarka eða banna með öllu einstakar sælgætistegundir, sem talizt geta, beinlínis eða óbeinlínis, hættulegar börnum o. s. frv. Ennfremur má í slíkri reglugerð fela barnaverndarnefndum að hafa eftirlit með sjónleikum, sem börn hafa aðgang að, og að heimila þeim að leggja bann við sýningu á þeim fyrir börn, ef þeim þykir ástæða til.
12. Í reglugerð, er nefndin setur og ráðherra staðfestir, má takmarka eða banna opinbera blaðasölu barna í umdæmi nefndarinnar.

2. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist við ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er bæjarstjórn eða sveitarstjórn að veita, samkvæmt tillögum barnaverndarnefndar eða skólanefndar, fátækum barnaheimilum styrk, sem eigi telst þurfamannastyrkur, enda sjái nefndin um það, að styrknum sé varið börnunum til hjálpar.

Nd. 482. Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um mat tekna af eigin húsnæði til tekjuskatts.

Frá Pétri Halldórssyni.

Á hvern hátt eru tekjur skattgreiðenda í Reykjavík af íbúð í eigin húsnæði metnar til tekjuskatts?

Er sömu reglu fylgt um þetta í öðrum kaupstöðum landsins og í sveitum sem í Reykjavík?

Ed. 483. Nefndarálit

um frv. til laga um virkjun Efra-Sogsins.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég legg til, að frv. þetta verði samþykkt, ásamt brtt. þeim, er 2. landsk. þm. (JBald) hefir flutt á þskj. 242. Þessar brtt. fela það eitt í sér, að láta það óbundið, hvert fallvatnanna í Soginu verður valið til virkjunar þeirrar, sem ríkisábyrgðin tekur til.

Af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkur stendur þetta mál svo, að hún hefir nú ráðið í sína þjónustu tvo af færustu sérfræðingum Noregs, til þess að bera saman þær mismunandi uppástungur um virkjun Sogsins, sem fram hafa komið, og að gera sjálfstæðar uppástungur um þetta, ef þeim eftir rannsókn á staðháttum sýnist ástæða til. Eru þeir væntanlegir hingað í næsta mánuði og munu ljúka verkinu svo fljótt sem unnt er, og fæst þá fullnaðarúrskurður um það, hvert fallvatnanna sé hentast til virkjunar, hver tilhögun á virkjuninni sé æskilegust og hvað hún muni kosta. Meðan þessi fullnaðarrannsókn er ógerð er nauðsynlegt að hafa heimild frv. nægilega óstaðbundna, til þess að það standi ekki í vegi fyrir, að valin verði hentugasta tilhögunin, og að því miða brtt. á þskj. 242.

Að því er snertir upphæð ábyrgðarheimildarinnar, sem í frv. er bundin við 7 millj. kr. hámark, þá má að vísu segja, að ennþá er ekki full vitneskja um það, hvaða upphæð þarf, en ekki líklegt, að fara þurfi fram úr 5 millj. kr. til þess að fá fullkomna virkjun, sem hentug sé til ódýrra aukninga í fram-

tíðinni. Ég sé þó ekkert athugavert við að hafa heimildina svo rúma sem hún er í frv., því að enginn mun óska eftir meira fé en þarf til hentugrar virkjunar, og stjórnin hefir það í hendi sinni að tryggja það, að ábyrgðarheimildin verði á engan hátt misnotuð.

Meiri hluti nefndarinnar hefir í áliti sínu og tillögum á þskj. 445 lýst sig því fylgjandi, að ríkisábyrgð yrði veitt fyrir nokkurri virkjun í Sogi, og er þetta að vísu gleðileg framför frá þeirri andstöðu, sem mál þetta hefir hingað til mætt úr þeirri átt. En það nær engri átt að binda heimildina við virkjun á þeim ákveðna stað, sem þeir gera. Um virkjun á þeim stað liggur aðeins fyrir lausleg uppástunga frá þýzkum verkfræðingi, sem gerir ráð fyrir, að verkið verði að öllu leyti haft í svo smáum stíl og svo ófullkomið, að ekki getur komið til mála að ráðast í framkvæmd samkvæmt því. Þar er ekki gert ráð fyrir neinni stíflu eða inntökulóni, en af því leiðir, að ómögulegt verður að verjast rekstrartruflunum af krapi. Vélasamstæðurnar eru áætlaðar svo smáar, aðeins 3000 hestöfl hver, að óhæfilegan fjölda þarf af þeim til þess að nýta fallvatnið, og verður það of kostnaðarsamt þegar fram í sækir. Og loks er stöðvarspennan ekki áætluð nema 35000 volt, sem aðeins nægir til þess að veita dálitlu af raforku til Reykjavíkur, en útilokar öll hin fjarlægari héruð á Suðvesturlandi frá notum þessarar orkuveitu. Allar aðrar uppástungur, sem fram hafa komið, gera ráð fyrir 60000 volta spennu, og minni má hún ekki vera til þess að orkuveitan geti náð austur til Vestmannaeyja og vestur til Snæfellsness. Hugsanlegt er að vísu, að með breyttri tilhögun mætti gera skynsamlega virkjun á þessum sama stað, en meðan hvorki liggja fyrir uppástungur um tilhögun á þeim mannvirkjum né kostnaðaráætlun, getur þó ekki verið rétt að einskorða frv. við þann stað.

Hið eina, sem unnt væri að færa fram sem ástæðu gegn frv. þessu, væri það, ef ríkisábyrgðin, sem fram á er farið, fæli í sér áhættu. En slíkt kemur ekki til mála. Rafmagnsveita Reykjavíkur hefir sem stendur í tekjuafgang árlega um ½ millj. kr., en er hinsvegar langt frá því að fullnægja allri rafmagnsþörf bæjarins. Hún er því alveg undir það búin að standa straum af því lánsfé, sem þarf til aukningar henni, jafnvel þótt til þess þyrfti 7 millj. kr.

En frv. þetta er engan veginn miðað við þarfir Reykjavíkur eingöngu. Það leggur að vísu alla byrjunarerfiðleika virkjunar í Sogi á herðar Reykjavíkur, en býður nærliggjandi héruðum að gerast þátttakendur hvenær sem þau óska, og þá með vildarkjörum. Þess vegna er það hagsmunamál alls suðvesturhluta landsins, að sem fyrst sé ráðið fram úr þessu máli, og því tel ég, að rétt sé að veita nægilega rúma og ekki of einskorðaða ábyrgðarheimild þegar á þessu þingi.

Alþingi, 27. apríl 1933.

Jón Þorláksson.

Ed. 484. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Ákvæðin um skilorðsbundna hegningardóma í 1.—4. gr. laga nr. 39 16. nóvember 1907 taka til allra, sem dæmdir eru í allt að 1 árs betrunarhúsvinnu. Fjársektardóma má þó ekki skilorðsbinda að því er sektir snertir, nema dæmt sé eftir hinum almennu hegningarlögum eða viðaukum og breytingum við þau.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til þeirra brota, sem þá eru ódæmd.

Ed. 485. Frumvarp

til laga um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Meðalalýsi lýsi til manneldis, sem er unnið úr fisklifur, samkvæmt skilmerkingu viðurkenndrar lyfjaskrár (pharmacopoea).

Lýsisverkun hverskonar hreinsun á meðalalýsi, svo og aðskilnað á efnum þess, með eða án kælingar.

Lýsismatsmaður hvern þann undirlýsismatsmann, sem lýtur yfirlýsismatsmanni.

2. gr.

Hver, sem ætlar að vinna eða verka meðalalýsi til sölu innanlands eða til útlanda, skal sækja um leyfi til atvinnumálaráðuneytisins, áður en starfrækslan hefst, og hlíta fyrirmælum þess um meðferð lifrar og lýsis.

3. gr.

Meðalalýsisvinnsla og verkun meðalalýsis má aðeins fara fram í löggiltum vinnslustöðvum og verkunarstöðvum, hvort heldur er á sjó eða landi.

Atvinnumálaráðuneytið löggildir lýsisvinnslustöðvar og lýsisverkunarstöðvar, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns, reglur um útbúnað löggiltra lýsisvinnslustöðva og lýsisverkunarstöðva. Nú fullnægir löggilt

lýsisvinnslustöð eða lýsisverkunarstöð ekki lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingunni, og ber yfirlýsismatsmanni þegar að skýra ráðuneytinu frá því. Setur ráðuneytið umráðamönnum stöðvarinnar hæfilegan frest til þess að kippa því í lag, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins setta frests.

4. gr.

Allt meðalalýsi, sem er selt innanlands eða flutt á erlendan markað, skal vegið, metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af lýsismatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirlýsismatsmanns. Flokkun lýsisins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns og nokkurra helztu útflytjenda, reglur um rannsókn, flokkun, umbúðir og merkingu lýsisins og meðferð.

Meðalalýsissendingu til útlanda, sem er yfir 10 kg., skal fylgja vottorð um þunga, tegund og gæði lýsisins, eftir nánari ákvæðum ráðuneytisins, og skal vottorðið vera ritað á farmskírteinið fyrir sendingunni.

5. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum Lýsissamlags íslenzkra botnvörpunga, einn yfirlýsismatsmann til að hafa umsjón með verkun og mati á meðalalýsi. Skal hann hafa fullkomna þekkingu á öllu því, er lýtur að meðferð þess og flokkun.

Ráðuneytið setur, í samráði við Lýsissamlag íslenzkra botnvörpunga, yfirlýsismatsmanni reglur um störf hans.

Ekki má yfirlýsismatsmaður þiggja þóknun hjá þeim, sem eru riðnir við lýsisvinnslu eða útflutning, né heldur hafa með höndum sölu á lýsi til útlanda eða innanlands.

Árleg laun yfirlýsismatsmanns skulu vera 2400 krónur.

Auk ferðakostnaðar eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, skal yfirlýsismatsmaður fá kr. 4.00 í fæðispeninga á dag meðan hann er frá heimili sínu vegna starfa síns sem yfirlýsismatsmaður. Allur kostnaður, sem af starfsemi hans leiðir, greiðist úr ríkissjóði.

Yfirlýsismatsmaður skal vera búsettur í Reykjavík eða grennd.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar lýsismatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirlýsismatsmanns.

Lýsismatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

Ráðherra ákveður kaup lýsismatsmanna í samráði við yfirlýsismatsmann, og greiða þeir það, sem mats beiðast. Eigi mega lýsismatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta fyrir.

Nú vanrækir lýsismatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi yfirlýsismatsmanns, og skal yfirlýsismatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis

þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega lýsismatsmanni endanlega frá, eftir rannsókn á máli hans, og skipar annan í hans stað.

7. gr.

Nú vinnur einhver meðalalýsi eða verkar það, eða flytur út meðalalýsi án þess að gæta fyrirmæla þessara laga, og varðar það sektum frá 50—5000 krónum.

Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingar fyrir brot yfirlýsismatsmanns og lýsismatsmanna gegn ákvæðum laganna fer sem um brot opinberra starfsmanna almennt.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42 1917, um lýsismat.

Nd. 486. Lög

um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 49 23. júní 1932.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl).

1. gr.

Á eftir orðunum „5 fulltrúum“ í fyrstu málsgr. 3. gr. l. nr. 49 23. júní 1932 (6. gr. l. nr. 19 11. júlí 1911) komi: og 5 varafulltrúum.

2. gr.

Aftan við 10. gr. l. nr. 19 11. júlí 1911 bætist:

Gjöld þessi hafa forgangsrétt samkvæmt 83. gr. b. 3. skiptalaganna, og eru skipagjöldin auk þess tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í eitt ár fyrir samningsveði í skipinu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 487. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911 (þskj. 377).

Frá Guðbr. Ísberg.

1. Við 1. gr. 1. a. Liðurinn orðist svo: Af allskonar öli, öðru en hvítöli, kr. 0,80 af hverjum lítra.

2. Við 1. gr. 1. b. Liðurinn orðist svo: Af hvítöli, límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum lítra.

Sþ. 488. Tillaga

til þingsályktunar um símagjöld í Reykjavík.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að halda óbreyttum talsímagjöldum í Reykjavík og Hafnarfirði eins og þau voru í Reykjavík síðastliðið ár.

Greinargerð.

Það hefir verið auglýst mjög mikil hækkun á talsímagjöldum í Reykjavík og Hafnarfirði frá áramótum. Má telja víst, ef þessi gjaldahækkun kæmi til framkvæmda, að fjöldi símanotenda hætti að hafa síma, sem gæti orðið bæjarsímanum mjög tilfinnanlegt, og er því óvíst, að sú hækkun svari kostnaði, auk þess sem sjálfvirka stöðin var byggð með það fyrir augum, að notkun símans yrði þægilegri og viðtækari, en ekki dýrari, og ætti ríkisstjórnin því bæði vegna hagsmuna ríkissjóðs og notenda símans að halda gjöldunum óbreyttum.

Nd. 489. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. A. Í flokkinn bætist: Spil.
2. Við 1. gr. B.
   a. Í flokkinn bætist: Gólfteppi hverskonar.
   b. „Kvikmyndir“ falli burt.
   c. „Spil“ falli burt.
3. Við 1. gr. C. „Olíufatnaður úr öðru en silki“ falli burt.

Nd. 490. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll.

Frá Halldóri Stefánssyni og Hannesi Jónssyni.

Við 1. gr. C. Á eftir „Ullarband“ komi: og hverskonar prjónaband.

Nd. 491. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll.

Frá Sveini Ólafssyni.

Við 1. gr. C. (15%). Úr upptalningu falli niður:
a. „Blautsápa (græn- og kristals)".
b. „Burstar og sópar".
c. „Hart brauð (skipsbrauð og skonrok)".
d. „Oliufatnaður úr öðru en silki".
e. „Róðrarbátar og prammar".

Nd. 492. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tollaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Við 1. gr. A. 1. a. Fyrir „0,80" kemur: 0,60.
2. Við 1. gr. B. 9. Fyrir „1,60" kemur: 1,20.

Ed. 493. Lög

um breyting á lögum nr. 29 28. nóv. 1919, um vitagjald.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl).

1. gr.

Í stað „40 aura" í 1. gr. laga nr. 29 28. nóv. 1919, um vitagjald, komi: 20 aura.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 494. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum innan sýslu. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar

jarðar, en af eiganda hverrar lóðar og húseignar í kauptúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefir verið af löndum og lóðum.

Þegar ákveðinn er vegaskattur, skal miðað við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbættri eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur, samkvæmt 8. gr. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

2. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Vegaskatt er hreppsfélagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði að nokkru eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og sé tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþykktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd skattinum niður með útsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga. Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegaskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því, sem hann er ákveðinn að lögum. — Gjald þetta hefir lögtaksrétt.

3. gr.

8. gr. laganna skal orða svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkv. síðari málsgr. 5. gr. en svarar 2‰ af fasteignaverði landa og lóða og 1‰ af fasteignaverði húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2‰—4‰ af land- og lóðaverði og 1‰—2‰ af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði, en móts við það, sem umfram er, greiðist tvöfalt úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 28 31. maí 1927.

5. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 495. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að flytja inn nautgripi af brezku holdakyni.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Steingr. Steinþórsson, fundaskrifari. Guðbr. Ísberg. Pétur Ottesen.

Nd. 496. Frumvarp

til laga um bann við okri.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þegar samið er um vexti af peningum, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 5 af hundraði á ári.

2. gr.

Ef peningalán er tryggt með fasteignaveði eða handveði, skal eftirleiðis vera frjálst að taka sömu vexti og útlánsvextir Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma.

3. gr.

Ef peningalán er hvorki tryggt með fasteignaveði né handveði, má taka vexti, er séu allt að tveimur af hundraði hærri en útlánsvextir Landsbanka Íslands eru á hverjum tíma.

4. gr.

Þegar reikna skal hámarksvexti samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal í þeim útreikningi taka tillit til kostnaðar við lántöku, affalla, afsláttar af lánsupphæðinni og þess háttar, sem allt skal reiknað sem vextir af lánsupphæðinni.

5. gr.

Þegar skuldari greiðir ekki skuld sína á réttum gjalddaga, er hann skyldur til, ef svo hefir verið um samið, frá þeim degi, er lánardrottinn leitar réttar síns á löglegan hátt, og unz hann greiðir skuld sína, að greiða vegna greiðsludráttarins í vexti einum meira af hundraði en heimilað er í lögum þessum. Ef um fasteignalán er að ræða, mega seinni veðhafar einskis í missa við það, að hinir umsömdu vextir af slíkum lánum eru hækkaðir.

6. gr.

Ef samið er um hærri vexti eða dráttarvexti en greint er í lögum þessum, eru þeir samningar ógildir, og ef hærri vextir eða dráttarvextir hafa verið teknir, ber lánssala að endurgreiða skuldara þá upphæð, sem hann hefir þannig ranglega af honum haft.

Sá, er lánar peninga gegn hærri vöxtum eða dráttarvöxtum en greinir í lögum þessum, og sá, er útvegar slík peningalán, skal sæta sektum, er aldrei séu lægri en fjórfaldur og aldrei hærri en tuttugu og fimmfaldur sá ágóði, er ólöglega hefir tekinn verið eða áskilinn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og frá sama tíma er úr gildi numin tilskipun frá 27. maí 1859, um leiguburð af peningum, og lög frá 7. febrúar 1890, um vexti.

Nd. 497. Frumvarp

til laga um útflutning á kjöti.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ekkert kjöt má flytja út frá Íslandi til Noregs eða Englands, nema með leyfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

2. gr.

Þeir einir geta fengið leyfi til kjötútflutnings til ofannefndra landa, sem fluttu þangað kjöt af framleiðslu áranna 1930—1932. Leyfin verða miðuð við kjötútflutninginn eins og hann var hjá hverjum útflytjanda þessi ár.

Nú hafa orðið eigandaskipti að verzlun, er flutt hefir út kjöt til þessara landa, og öðlast þá hinn nýi eigandi sömu aðstöðu til útflutnings sem hinn hafði.

Sláturhús, kaupfélög og aðrar verzlanir, sem falið hafa öðrum kjötútflutning til þessara landa, skulu, ef þess er óskað, koma til greina við ákvörðun útflutningsleyfa sem sjálfstæðir útflytjendur, enda sé þá miðað við það kjötmagn, er þeir létu flytja út, og skal það kjötmagn koma til frádráttar kjötútflutningsmagns þess firma, er útflutninginn hafði á hendi, þegar útflutningsleyfi þess skal ákveðið.

3. gr.

Umsóknir um leyfi til kjötútflutnings skulu komnar í hendur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Umsóknum þessum skulu í fyrsta sinn fylgja skilríki fyrir því, hve mikið kjöt umsækjandi hefir flutt út af framleiðslu áranna 1930—1932, og sé tilgreint, hversu mikið er flutt til hvers lands af framleiðslu hvers árs um sig.

4. gr.

Ekkert kjöt má flytja til Noregs á tímabilinu 1. júlí til 15. október ár hvert.

5. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður þegar útflutningsleyfi er veitt, hve mikið hver útflytjandi má flytja af kjöti til ofannefndra landa á hverjum ársfjórðungi. Sýslumenn og bæjarfógetar hafa eftirlit með því, að útflytjendur sendi ekki meira kjöt til ofannefndra landa en leyft er á hverjum tíma.

6. gr.

Nú hefir verið flutt til Noregs það kjötmagn, sem nýtur tollívilnunar ár hvert. Getur þá ráðuneytið leyft frekari útflutning, ef þess er óskað.

7. gr.

Nánari fyrirmæli um kjötútflutninginn getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sett með reglugerð.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., er renna í ríkissjóð.

Um mál, sem rísa út af lögum þessum, fer sem um opinber lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. júlí 1934.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun atvinnumálaráðherra. Er það fram komið sökum þeirra takmarkana, sem vitað er, að verða muni á kjötútflutningi til Noregs og Englands.

Nd. 498. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá Vilmundi Jónssyni og Bjarna Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 2. málsgr. 1. gr. laganna komi tvær málsgr., svo hljóðandi:

Sjóður þessi skal styrktur með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvern mann (karl sem konu), 18 ára eða eldri, sem er heimilisfastur í kaupstaðnum eða hreppnum.

Í sjóðinn skal ennfremur renna árlegt ellistyrktarsjóðsgjald, er nem-

ur 3 kr. á hvern mann (karl sem konu) 18 ára eða eldri, sem er heimilisfastur í kaupstaðnum eða hreppnum. Skal upphæð þessari jafnað niður á gjaldendur í kaupstaðnum eða hreppnum í hlutfalli við útsvör þeirra á hinu sama ári.

2. Við 2. gr. Frumvarpsgreinin orðist svo:
   2., 3., 5., 6., 7. og 8. gr. laganna falli burt.
3. Á eftir 2. gr. frumvarpsins komi ný grein, svo hljóðandi:
   9. gr. laganna skal orða svo:
   Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn ákveða upphæð ellistyrktarsjóðsgjaldsins samkv. síðasta manntali, jafna því niður, innheimta það á manntalsþingum jafnframt tekju- og eignarskatti og koma því á vöxtu í aðaldeild söfnunarsjóðsins. Innheimtumenn fá 2% fyrir gjaldheimtuna.
4. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   12. gr. laganna skal orða svo:
   Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta öll því ellistyrktarsjóðsgjaldi, er rennur til sjóðsins það ár, ennfremur ⅔ af þeim styrk, sem lagður er til sjóðsins úr ríkissjóði, og hálfum vöxtum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.
5. Á eftir 3. gr. frumvarpsins komi ný grein, svo hljóðandi:
   16. gr. laganna skal orða svo:
   Styrkurinn veitist fyrir lok októbermánaðar og fyrir eitt ár í senn.
   Ráðherra setur nánari reglur um úthlutun styrksins.

Nd. **499. Frumvarp**

til laga um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og mjólkurdufti.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Bannað er að flytja til landsins niðursoðna mjólk og mjólkurduft.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð hámarksverð á innlenda niðursoðna mjólk, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum frá 200—5000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Ólöglega innflutt mjólk skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í ríkissjóð.

4. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerð þeirri, er sett kann að verða samkv. 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og vitanlegt er, þá er nú starfrækt innanlands fullkomin mjólkurniðursuðuverksmiðja, sem fullnægir þörf landsmanna fyrir þá vöru, og virðist því sjálfsagt að tryggja hinum innlendu framleiðendum innlendan markað. Þetta hefir nú verið gert síðastliðið ár með framkvæmd innflutningshaftanna.

En þar sem engin vissa er fyrir um það, hve lengi innflutningshöftin standa eða verða framkvæmd á þennan hátt, álítum við flutningsmenn réttast að tryggja þetta með lögum. Til þess hinsvegar að tryggja neytendunum sanngjarnt verð á mjólkinni álítum við rétt að gefa ríkisstjórninni heimild til að setja hámarksverð á hana.

Nd. 500. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðaverðtoll.

Frá Steingrími Steinþórssyni.

Við 1. gr. A.

Í stað „Blóm og plöntur lifandi“ komi: Lifandi blóm.

Ed. 501. Lög

um hafnargerð á Húsavík.

(Afgreidd frá Ed. 1. maí).

1. gr.

Til hafnargerðar á Húsavík veitast úr ríkissjóði $^{2}/_{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 400000 — fjögur hundruð þúsund krónur — gegn $^{3}/_{5}$ hlutum frá hafnarsjóði Húsavíkurkauptúns.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 600000 — sex hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Húsavíkur

kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Húsavíkur. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Húsavíkur.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hafnarnefndar Húsavíkurkauptúns.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Húsavíkurhrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Húsavíkurhrepps, en 1 af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára. Gengur

einn úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmanna skulu eiga heima í Húsavíkurkauptúni.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land við höfnina, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhaldi hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Húsavíkurhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að ¼ hlutar af hverjum vélbát 12 smál. eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að $^1/_6$ hlutar af smærri vélbátum en 12 smál. og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarnefnd Húsavíkurkauptúns semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a., b. og c.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur.

Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er á, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. **502. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lögreglu ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Mönnum er það almennt ljóst, að eitthvað þarf að gera af hálfu ríkisins til þess að efla lögregluna í landinu. En þessar aðgerðir af hálfu ríkisins eiga að vera gerðar með þeirri skynsemd, að til gagns verði frið og öryggi í landinu. Vegna frumvarps þessa, sem hér liggur fyrir, um ríkislögreglu og vakið hefir af eðlilegum ástæðum miklar deilur milli manna og flokka, verður meðal annars að taka með meiri gætni og varfærni á þessum málum. Ef lögin, sem kunna að verða sett um aukna löggæzlu, gefa ástæður til tortryggni, getur hæglega skapazt af því sú úlfúð, að aukning lögreglunnar vinni gegn sjálfri sér og komi að engu gagni, heldur þvert á móti. Væri þá illa farið, lagt í mikinn kostnað — því meiri sem úlfúðin væri ríkari —, en öryggið í landinu engu nær.

Það er ekkert einsdæmi hjá okkur Íslendingum, að sýna verði og sýnd sé slík varfærni þegar auka á lögregluliðið. Slíkt er reynsla nágrannaþjóða vorra.

Fyrsti ágalli þessa frumvarps er það, að í því segir, að stofna skuli ríkislögreglu.

Vegna umræðna í blöðum og á mannfundum um gamla ríkislögreglufrumvarpið, sem flestir munu nú sammála um, að hafi verið óskynsamlegt, fékk þetta orð alveg sérstaka merkingu í hugum manna, og sú merking er þannig, að þetta orð á alls ekki að nota um hina fyrirhuguðu aukningu lögreglunnar.

Annars er það auðsætt, og það er annar stór ágalli frumvarpsins, að hér er gamla ríkislögreglufrumvarpið endurvakið í dálítið breyttri mynd. Foringjaliðið á að vera 10 menn „og aðstoðarmenn eftir því sem óhjákvæmilegt þykir".

Hér er dómsmálaráðherranum fengin *ótakmörkuð* heimild til þess að hafa setulið hér í bænum, því ef frumvarpið verður samþykkt, ákveður hann einn, hvað er „óhjákvæmilegt" í þessu efni, og getur boðið út ótakmörkuðu liði, sem hann kallar aðstoðarmenn. Í nágrannalöndunum, bæði í Noregi og Svíþjóð, er löggæzlulið ríkisins takmörkuð tala.

Og allan kostnað við þennan liðsöfnuð á ríkissjóður að greiða, en eins og frumvarpið ber með sér, er setuliðið eingöngu ætlað fyrir Reykjavík. Það er í alla staði eðlilegt, að ríkið taki einhvern þátt í kostnaði löggæzlunnar hér í bænum, vegna þess að hér er Alþingi háð og hér situr stjórn landsins með meiru. En þessi þátttaka má með engu móti vera ótakmörkuð, og um leið og ríkið tekur þátt í löggæzlukostnaðinum verður að tryggja það með lagaákvæðum samtímis, að bæjarfélagið geri skyldu sína í þessum efnum. Þetta er hvergi gert með frumvarpinu um lögreglu ríkisins.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir að vísu samþykkt á fjárhagsáætluninni fyrir yfirstandandi ár kr. 42 þúsund til aukningar lögreglunni. Þetta samsvarar árskaupi 12—13 lögregluþjóna, ef ekki er gert ráð fyrir öðrum kostnaði við aukninguna. En þótt aukning þessi yrði gerð í ár, er ekki víst, að hún verði samþykkt næsta ár, og enn er aukningin ekki komin til framkvæmda og engin trygging fyrir, að svo verði. Og um leið og ríkislögreglan er komin á fót, með svo mörgum aðstoðarmönnum, sem öryggið krefst, að áliti dómsmálaráðherra, þá er ekki líklegt, að bæjarstjórnin sjái neina ástæðu til aukningar.

Frumvarpið um lögreglu ríkisins hefir því í sér mikla möguleika til að styðja að tvennu:

a) að fastir lögreglumenn verði fáir, en aðstoðarmennirnir því fleiri, en það skapar einmitt lélegt öryggi fyrir góðri löggæzlu,
b) að löggæzlukostnaðurinn hjá bænum dragist saman við það, að liðið verður fámennt, en kostnaðurinn flytjist yfir á herðar ríkisins við uppihald á „óhjákvæmilegum“ aðstoðarmönnum, sem kostuðu ríkið mikið fé, en sköpuðu ekki samsvarandi öryggi.

Hvergi í frumvarpinu er ráðgert, að ráðherra sé skylt að láta þjóðina vita, hve mikið setulið hann hefir á hverjum tíma.

Þegar þess er einnig gætt, að aðstoðarmennirnir eiga kröfu á hendur ríkissjóði fyrir öll þau meiðsli og tjón, er þeir kunna að verða fyrir vegna starfsins, getur það og orðið æðimikil upphæð, ef til verulegra óeirða kemur.

Af þeim ástæðum, sem hér að framan eru greindar, o. fl., sem við mætti bæta, getur meiri hl. fjárhagsnefndar ekki fylgt þessu frv. í því formi, sem það er. Meiri hl. lítur svo á, að umbætur á þessu sviði verði að fela í sér heimild fyrir ríkisstjórnina til að krefjast þess af bæjarfélögum, að þau auki löggæzlu sína að ákveðnu marki, ef nauðsyn þykir til, gegn því, að ríkið greiði ákveðinn hluta kostnaðarins. Í þeim tilfellum, þar sem ríkið ber hluta af kostnaðinum, telur meiri hl. réttmætt, að það geti fengið í sína þjónustu tilsvarandi hluta af starfskröftum lögreglunnar, og að í Reykjavík, þar sem lögreglan yrði langfjölmennust, verði mynduð sérstök deild í því skyni. Fengi ríkið þannig aðstöðu til að bæta löggæzluna á ýmsan hátt, svo sem eftirlitið með umferð á þjóðvegum, áfengislöggjöf o. fl.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að á frv. verði gerðar eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að fyrirskipa bæjum, þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, að hafa allt að tveimur starfandi lögregluþjónum á hverja 1000 íbúa í bænum.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Þar, sem ríkisstjórnin gerir slíka ráðstöfun, skal ríkissjóður greiða ⅙ hluta kostnaðar við lögreglu og löggæzlu bæjarins, þó eigi fyrr en að minnsta kosti einn lögregluþjónn kemur á hverja 700 íbúa. ⅙ lögreglu-

liðsins í Reykjavík skal vera sérstök deild og starfa sem löggæzlumenn ríkisins á venjulegum tímum.

Í öðrum bæjum ræður ríkisstjórnin yfir starfskröftum lögreglunnar í hlutfalli við framlög, eftir því sem nánar má ákveða með reglugerð. Löggæzlumenn ríkisins skulu m. a. starfa að undirbúningi sakamálsrannsókna, eftirliti með umferð á þjóðvegum, útlendingum, áfengislöggjöf og því að halda uppi reglu á mannfundum utan bæjanna.

Ríkisstjórninni er og heimilt að semja við hlutaðeigandi bæjarfélög um, að löggæzlumenn ríkisins taki að sér störf í þágu bæjarfélaganna gegn endurgjaldi.

3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Löggæzlumenn ríkisins skulu, hvenær sem lögreglustjórar telja þess þörf, aðstoða lögreglulið bæjanna til að halda uppi löggæzlu og reglu.

Ef lögreglustjórar óska, er ríkisstjórninni heimilt að skipa þeim fulltrúa eða yfirlögregluþjón til að stjórna löggæzlumönnum ríkisins um stundarsakir eða til langframa.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Lögregluna má ekki nota til þess að hafa önnur afskipti af venjulegum vinnudeilum en að halda þar eins og annarsstaðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Þegar sérstaklega stendur á og bæjarfélag telur nauðsynlegt fyrir öryggi í bænum, að lögreglulið bæjarins sé aukið meir en segir í 1. gr., getur bæjarfélagið bætt við varalögreglumönnum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að greiða allt að helmingi þess kostnaðar, sem leiðir af aukningunni, en þó eigi hærri fjárhæð en sem nemur ¼ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.

6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Löggæzlumenn, hvort sem eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru sýslunarmenn ríkisins. Þeir eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, er þeir verða fyrir vegna starfsins.

7. Á eftir 6. gr. komi tvær nýjar greinar, sem orðist svo:

a. Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði óhjákvæmilegan kostnað samkvæmt lögum þessum.

b. Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. Fyrirsögn frv. verði:

Frumvarp til laga um löggæzlu.

Alþingi, 29. apríl 1933.

Ingvar Pálmason,	Jónas Jónsson,
form. og frsm.	fundaskrifari.

Nd. 503. Frumvarp

til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 1927 skal til ársloka 1934 innheimta með 100% álagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er borið fram til tekjuöflunar vegna væntanlegra kreppuráðstafana, og kemur ekki mjög hart við, þar sem hinn almenni skemmtanaskattur er nú 10% og hækkar því ekki meir en í 20%. Um það getur vart verið ágreiningur, að tekjuöflun af skemmtunum almennings kemur betur niður en álögur á nauðsynjar.

Nd. 504. Breytingartillaga

við frv. til laga um læknishéraðasjóði.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 3. gr. Orðin „til uppbótar á launum yfirsetukvenna“ falli burt.

Nd. 505. Frumvarp

til laga um bráðabirgðaverðtoll.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Innkaupsreikninga yfir eftirtaldar vörur, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru af innlendum uppruna (endursendar ísl. afurðir) né teljast til farangurs ferðamanna, skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, sem segir í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, með þeim hundraðshlutum — þar í talinn verðtollur, er á vörunni hvílir samkvæmt lögum nr.

47 1926 og nr. 5 1928 — af innkaupsverði þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, sem hér greinir:

A. Með 50% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:

Andlitsduft, andlitssmyrsl, ilmsmyrsl og aðrar kosmetiskar vörur. Flugeldar og efni í þá. Jólatré. Leikföng, handhnettir og jólatrésskraut. Lifandi blóm. Loðskinn. Loðskinnavörur. Málverk. Myndir og myndabækur. Skrautfjaðrir. Skrautgripir og myndir úr marmara, gipsi, steini o. fl. Spil. Vörur úr gulli. Vörur úr pletti. Vörur úr silfri. Þurrkaðar plöntur, blóm og blómsveigar.

B. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:

Aldinhlaup og aldinmauk. Ávextir niðursoðnir. Egg og eggjaduft. Bjúgu (pylsur). Gólfteppi hverskonar. Grammofónar og tilheyrandi. Grammofónsplötur. Húsgögn tilbúin. Kex og kökur. Lakkris. Legsteinar. Mótorhjól. Myndavélar og hlutar úr þeim. Rammar og rammalistar.

C. með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:

Blaut sápa (græn- og kristals). Blikkkassar. Burstar og sópar. Handvagnar, hestvagnar. Hart brauð (skipsbrauð og skonrok). Hljóðfæri allskonar. Hurðir, gluggar og karmar og annað smíði til húsa. Hvalafurðir. Jarðepli. Kreólín. Kringlur og tvíbökur. Myndamót. Niðursoðin mjólk. Reikni- og talningarvélar. Róðrarbátar og prammar. Skófatnaður úr skinni og flóka. Skrif- og aðrar skrifstofuvélar. Smjörlíki. Strigaskór með leðursólum. Svínafeiti. Ullarband og hverskonar prjónaband. Vagnáburður. Þvottaefni.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 5 1928 um sýning innkaupsreikninga og ákvæði 2. gr. sömu laga og gildandi reglugerð um verðtoll gilda einnig um gjald og innheimtu samkvæmt 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um þetta gjald, og má þá þar ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar.

3. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi allar þær undanþágur frá verðtolli, sem veittar hafa verið að undanförnu, nema fyrir hráefni eða efnivörur, vélar og áhöld, sem eingöngu er notað til innlendrar framleiðslu.

4. gr.

Ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollskyldri vöru, er tollheimtumanni rétt að ákveða sanngjarnlegt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1934.

Ed. 506. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Undirritaðir mæla með frv. óbreyttu.

Alþingi, 2. maí 1933.

Magnús Torfason, form., frsm. Pétur Magnússon.

Ed. 507. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög um veð, nr. 18 4. nóv. 1887, og lög um viðauka við þau lög, nr. 34 31. maí 1927.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 2. maí 1933.

Magnús Torfason, form. Jónas Jónsson, fundaskr. Pétur Magnússon, frsm.

Ed. 508. Nefndarálit

um frv. til laga um eignarnámsheimild á landi við Skerjafjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1933.

Magnús Torfason, form. Jónas Jónsson, fundaskr. og frsm. Pétur Magnússon.

Nd. 509. Breytingartillaga

við frv. til laga um kreppulánasjóð.

Frá Bernh. Stefánssyni.

Við 4. gr. Við fyrri málsgrein bætist: Ennfremur er heimilt að lána fé úr sjóðnum ábúendum smábýla við kaupstaði og kauptún, enda sé um stærð býlis fullnægt ákvæðum 57. gr. laga nr. 31 1929.

Nd. 510. Frumvarp

til laga um útflutning saltaðrar síldar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Sérhver tunna saltaðrar síldar, sem út er flutt, skal vera auðkennd með orðinu „Ísland“ á öðrum botni tunnunnar, ásamt einkennisstöfum eða firmanafni útflytjanda þess, er í hlut á.

2. gr.

Bannað er að afvatna til útflutnings síld, sem áður hefir verið söltuð.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—5000 kr., er renna í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðasta árið, sem Síldareinkasalan starfaði, reyndi hún að minnka fyrirsjáanlegt tap á saltsíldinni með því að afvatna síldina og senda hana þannig á þýzkan og pólskan markað. Þessu hefir síðan verið haldið áfram af ýmsum útflytjendum, en kunnugir telja, að af þessu geti staðið hætta fyrir þann markað fyrir léttsaltaða síld, sem hefir verið að opnast Íslendingum, einkum í Þýzkalandi, síðustu árin.

Talið er, að saltaðar hafi verið til sölu í Þýzkalandi um 67000 tunnur síðastl. ár, og er af því auðsætt, að þessi markaður hefir mikla þýðingu fyrir okkur og að nauðsyn ber til þess, að ekkert sé aðhafzt, er komið geti óorði á íslenzka síld eða torveldað sölu hennar þar að öðru leyti í framtíðinni.

Þá þykir rétt að gera hverjum útflytjanda skylt að merkja tunnur þær, er hann flytur út, með firmanafni sínu með skammstöfunum eða á annan hátt. Tilgangurinn er sá, að örva þannig útflytjendur til meiri vöruvöndunar, þegar varan ber það ávallt með sér, frá hvaða útflytjanda hún er.

Til að auðkenna íslenzkar síldarsendingar á erlenda markaði þannig, að í fljótu bili sjáist glöggt, hvaðan varan er, er lagt til, að á hverja síldartunnu, sem út er flutt, sé skráð nafnið Ísland.

Nd. 511. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 3. gr. Orðin „og sveitar- eða bæjarsjóði“ falli niður.

Ed. 512. Breytingartillaga

við frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Upphaf 2. gr. skal orða svo:

Þegar leyfistíminn er á enda eftir 1. gr. e., skal ríkið taka happdrættið o. s. frv.

Ed. 513. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvern gjaldskyldan mann.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 3 kr. á ári, en kvenmaður 1 kr. 50 au.

3. gr.

12. gr. laganna skal orða svo:

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta öllu því gjaldi, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár í kaupstaðnum eða hreppnum, ennfremur ⅔ af þeim styrk, sem lagður er til styrktarsjóðsins úr ríkissjóði á árinu, og hálfum vöxtum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

4. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Rétt er umsækjanda að kæra til sýslunefndar eða bæjarstjórnar yfir úthlutun ellistyrks.

Kærur skulu bréflegar og komnar til formanns nefndarinnar innan tveggja mánaða frá úthlutun, enda hafi úthlutunarnefnd verið gefinn kostur á að láta í té umsögn um kæruna. Sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar svo kæruna á næsta fundi, og er henni heimilt að hækka styrk kæranda, ef hún telur ástæðu til. Hækkunin greiðist úr sveitar- eða bæjarsjóði.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 514. Lög

um kjötmat o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí).

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Sláturfénaður: Sauðfé allskonar, nautgripi, svín, hross, alifugla o. s. frv.

Sláturfjárafurðir: Kjöt, hausa, innyfli, gærur og skinn o. s. frv.

Læknir: Dýralækni þann, er kjötskoðunina annast, eða hvern þann annan lækni eða læknisnema, sem löggiltur hefir verið til starfsins samkvæmt 4. gr. laga þessara.

Kjötmatsmaður: Hvern þann undirkjötmatsmann, er lýtur yfirkjötmatsmanni og aðstoðarmönnum hans, sbr. 7. gr.

2. gr.

Sláturfénaði, sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið fryst eða kælt á erlendan markað, má aðeins slátra í löggiltum sláturhúsum, og frysting eða kæling kjötsins aðeins fara fram í löggiltum frystihúsum.

Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanns og læknis þess, er kjötskoðun annast í hlutaðeigandi umdæmi, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigði- og hreinlætiskröfum. Skylt er löggiltum sláturhúsum að hafa lækni jafnan við hendina til eftirlits meðan slátrun fer fram.

Ráðuneytið heldur skrá yfir löggilt sláturhús og frystihús, þar sem hvert þeirra hefir sérstakt löggildingarmerki.

Ráðherra setur reglur um útbúnað löggiltra sláturhúsa og frystihúsa.

Nú fullnægir löggilt sláturhús eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber yfirkjötmatsmanni eða lækni þegar að skýra ráðuneytinu frá því. Setur ráðuneytið umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að kippa því í lag, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests.

3. gr.

Hús, sem slátrað er í skepnum til söltunar á kjötinu til útflutnings eða til sölu innanlands og ekki eru löggilt sláturhús, skulu vera þrifaleg og svo rúmgóð og þannig hagað, að kjöt geti kólnað þar nægilega fljótt og því sé þar að öðru leyti ekki hætt við skemmdum. Ráðherra getur sett nánari reglur um slík sláturhús, eftir því sem þurfa þykir.

4. gr.

Læknisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði áður en slátrun fer fram, ef kjötið er ætlað til útflutnings fryst, kælt eða saltað, og mega ekki líða meira en 12 klst. frá þeirri skoðun og til slátrunar.

Ennfremur skal læknisskoðun á öllu kjöti og innyflum fara fram þegar eftir slátrun og áður en kjötið er fryst, kælt eða saltað. Að skoðun lokinni skal læknirinn merkja kjötið samkvæmt reglum, er ráðherra setur um skoðun og merkingu á kjöti. Ennfremur getur ráðherra sett reglur um skoðun og merkingu skinna og annara sláturfjárafurða. Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, mat og merkingu á kjöti til ákveðinna landa, eftir því hverjar kröfur þar eru gerðar í því efni. Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir skoðun og merkingu kjöts og annara sláturfjárafurða.

Sláturfjárafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis eða á annan hátt, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins á þann hátt, að tryggt sé, að engin hætta geti stafað af þeim.

Ekki má slátra í sláturhúsi sjúku sláturfé, er nokkur smithætta getur stafað af, að áliti læknis þess, sem skoðunina hefir á hendi, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu. Sjálfdauðar skepnur má ekki flytja inn í sláturhús né á lóð þess, nema til komi leyfi læknis þess, er kjötskoðun annast í hlutaðeigandi sláturhúsi.

5. gr.

Þar sem því verður við komið, skipar ráðherra dýralækni til að annast kjötskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra, að fengnum tillögum dýralæknis, lækni eða læknisefni, er að minnsta kosti hefir lokið fyrsta hluta læknaprófs, til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá löggiltum dýralækni hér á landi.

Reynist ókleift að fá lækni til kjötskoðunar á einhverjum slátrunarstað, getur ráðuneytið veitt undanþágu frá læknisskoðun saltkjöts á þeim stað.

6. gr.

Allt kjöt, sem flutt er á erlendan markað, skal metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanns og aðstoðarmanna hans. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanns og nokkurra af helztu útflytjendum, reglur um flokkun, frystingu, söltun, umbúðir og merkingu kjötsins og meðferð.

Kjöt, sem saltað er í sláturhúsum til sölu innanlands, skal einnig metið og flokkað af kjötmatsmönnum samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

7. gr.

Ráðherra skipar einn yfirkjötmatsmann til að hafa umsjón með mati á öllu því kjöti, er meta skal samkvæmt 6. gr. Skal hann hafa fullkomna þekkingu á kjöti og öllu því, er lýtur að meðferð þess. Yfirkjötmatsmaður skal hafa að minnsta kosti 3 menn til aðstoðar við starf sitt meðan aðalsauðfjárslátrun stendur yfir ár hvert.

Ráðuneytið setur yfirkjötmatsmanni og aðstoðarmönnum hans reglur um störf þeirra.

Ekki má yfirkjötmatsmaður eða aðstoðarmenn hans þiggja neina þóknun hjá þeim, er við útflutning kjöts eru riðnir, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti til útlanda né neinskonar milligöngu í því efni, er hann eða þeir geti haft hagnað af.

Yfirmatsmaður skal hafa að árslaunum 1200 kr., en aðstoðarmenn hans 300 kr. hver. Auk þess skulu aðstoðarmenn hafa daglaun fyrir þá daga, sem þeir starfa í yfirmatserindum, og ákveður ráðuneytið þau, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanns.

Auk ferðakostnaðar eftir sanngjörnum reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, skal yfirkjötsmatsmaður og aðstoðarmenn hans fá 4 kr. hver í fæðispeninga og húsnæðis meðan þeir eru frá heimilum sínum vegna yfirmatsins. Allur kostnaður, sem af yfirmatinu leiðir, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

Kjötmatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

Kaup kjötmatsmanna ákveður yfirkjötmatsmaður í samráði við forstöðumenn sláturhúsa eða hlutaðeigandi verzlanir á hverjum stað, og greiða verzlanir þær eða sláturhús, sem slátrunina framkvæma, kaupið. Eigi mega kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta kjöt fyrir eða riðnir eru við útflutning kjötsins, né vera þeim háðir á þann hátt, að ætla megi þá hlutdræga í matinu.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi yfirkjötmatsmanns, og skal yfirkjötmatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum og skipar annan matsmann í hans stað.

9. gr.

Í kaupstað eða kauptúni, þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skal allt kjöt af skepnum, sem slátrað er þar eða flutt er þangað nýtt og ætlað er til sölu þar, skoðað og merkt af lækni þeim, er kjötskoðun annast þar á staðnum, og getur ráðuneytið sett nánari reglur þar um. Ákvæði þetta tekur þó ekki til kjöts, sem áður hefir verið merkt til útflutnings í löggiltu sláturhúsi eða læknir hefir skoðað og merkt í sláturhúsi, sem í 3. gr. getur. Ráðherra getur sett nánari reglur um þessi atriði, ef þurfa þykir.

Kjöt, sem flutt er að, nýtt, kælt eða frosið, skal flutt í þar til gerðum umbúðum, er læknir tekur gildar.

Ráðuneytið getur einnig, ef ástæður þykja til, fyrirskipað samskonar kjötskoðun í kauptúnum, þar sem búa færri en 1000 manns.

Þar, sem sláturhús er í kaupstað eða kauptúni, getur kjötskoðun og merking farið fram í sláturhúsinu sjálfu, en bæjarfélag eða hreppsfélag skal sjá fyrir löggiltu húsnæði til skoðunar á aðfluttu nýju kjöti, gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi kjötsins greiðir samkvæmt nánari fyrirmælum ráðuneytisins, og skal öllum þeim, er flytja nýtt kjöt, ómerkt, til sölu í kaupstað eða kauptúni, skylt að láta þar fram fara skoðun á kjötinu áður en þeir afhenda það kaupanda.

Nú neitar læknir að merkja kjöt, og er eiganda þess þá óheimilt að selja það eða afhenda innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, en telji hann sig órétti beittan, getur hann innan 12 klst. skotið máli sínu til úrskurðar heilbrigðisnefndar. Úrskurði heilbrigðisnefndin kjötið söluhæft, skal það merkt sérstöku merki.

10. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem lög þessi taka til, má eigi hafa ómerkt kjöt, nýtt eða frosið í kjötbúðum eða á öðrum sölustöðum.

11. gr.

Ráðherra getur sett reglur um útbúnað kjötbúða og um það, hverjar vörur aðrar megi selja í kjötbúðum en þær, sem um ræðir í lögum þessum, og annað, sem lýtur að verzlun með sláturfjárafurðir. Sömuleiðis getur ráðherra sett

reglur, eftir því sem þurfa þykir, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturfjárafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturfjárafurða og annað því um líkt.

12. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendum markaði án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um mat, flokkun og merkingu þess og án þess að hafa fengið undanþágu frá kjötmerkingu samkvæmt 5. gr. 2. mgr., og varðar það sektum frá 500 til 5000 kr. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 2000 krónum.

Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingar fyrir brot yfirkjötmatsmanns, aðstoðarmanna hans, kjötmatsmanna og lækna gegn ákvæðum þessara laga, fer sem um brot opinberra starfsmanna almennt.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42 19. maí 1930, um mat á kjöti til útflutnings, og lög nr. 12 13. september 1912, um merking á kjöti.

Nd. 515. Lög

um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí).

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi svo hljóðandi grein, er verður 2. gr.:

Ennfremur skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, til þess að standa straum af útgjöldum kaupstaðarins, heimilt að leggja á vörur, sem fluttar verða til og frá Vestmannaeyjum, sérstakt vörugjald, er nemi allt að 50% af vörugjaldi til Vestmannaeyjahafnar eins og það er á hverjum tíma, og skal um upphæð gjaldsins, innheimtu og annað, er þurfa þykir, ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórn semur og atvinnumálaráðherra staðfestir.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur, sem innfluttar eru til stofnana eða einstakra manna, búsettra í öðrum héruðum, eða koma frá þeim til útflutnings, enda þótt settar séu í land í Vestmannaeyjum.

Gjald þetta má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að vörur megi ekki afhenda eða afgreiða til útflutnings, nema sýnd sé kvittun fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1935.

Nd. **516. Lög**

um breyting á lögum nr. 71 23. júní 1932, um byggingarsamvinnufélög.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí).

1. gr.

Í stað orðanna „og er þá félagið löglega stofnað“ í lok 2. gr. komi: og skal leita staðfestingar atvinnumálaráðuneytisins á þeim.

2. gr.

3. gr. B. orðist þannig:

Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

3. gr.

3. gr. C. orðist þannig:

Ennfremur getur félagið tekið lán til útlánsstarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán. Lánin má taka í erlendri mynt. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán samkvæmt 4. gr. í þeim flokki. Ekki mega vera færri en 15 félagsmenn í hverjum flokki.

4. gr.

Orðin „með tveggja til fjögurra herbergja íbúðum, auk eldhúss og geymslu“ í 6. gr. A. falli burt.

Í þess stað komi: og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum.

5. gr.

Ríkisábyrgðin fyrir lánum til byggingarsamvinnufélaga er því skilyrði bundin, að fyrsti veðréttur að viðbættri ríkisábyrgð nemi ekki hærri upphæð en 15 þús. kr. fyrir hverja einstaka íbúð.

Nd. **517. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll.

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Við 1. gr. B. niður falli orðið „Egg“.
2. Við 1. gr. C.
   a. Inn komi: Egg.

b. Á eftir „hverskonar prjónaband“ kemur: nema það sé notað til heimilisiðnaðar.
c. Á eftir „Svínafeiti“ kemur: Tilbúin prjónavara úr ull.

Nd. 518. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 64 19. maí 1930 (Áfengislög).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1933.

Bergur Jónsson, form. Sveinbjörn Högnason, frsm. Guðbr. Ísberg, fundaskr.
Steingr. Steinþórsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 519. Nefndarálit

um tillögu til þál. um sláttu tveggja minnispeninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að till. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1933.

Bergur Jónsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Guðbr. Ísberg, fundaskr.
Steingr. Steinþórsson. Sveinbjörn Högnason.

Nd. 520. Lög

um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí).

1. gr.

Í lögum þessum merkir:
Meðalalýsi lýsi til manneldis, sem er unnið úr fisklifur, samkvæmt skilmerkingu viðurkenndrar lyfjaskrár (pharmacopoea).

Lýsisverkun hverskonar hreinsun á meðalalýsi, svo og aðskilnað á efnum þess, með eða án kælingar.

Lýsismatsmaður hvern þann undirlýsismatsmann, sem lýtur yfirlýsismatsmanni.

2. gr.

Hver, sem ætlar að vinna eða verka meðalalýsi til sölu innanlands eða til útlanda, skal sækja um leyfi til atvinnumálaráðuneytisins, áður en starfrækslan hefst, og hlíta fyrirmælum þess um meðferð lifrar og lýsis.

3. gr.

Meðalalýsisvinnsla og verkun meðalalýsis má aðeins fara fram í löggiltum vinnslustöðvum og verkunarstöðvum, hvort heldur er á sjó eða landi.

Atvinnumálaráðuneytið löggildir lýsisvinnslustöðvar og lýsisverkunarstöðvar, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns, reglur um útbúnað löggiltra lýsisvinnslustöðva og lýsisverkunarstöðva. Nú fullnægir löggilt lýsisvinnslustöð eða lýsisverkunarstöð ekki lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingunni, og ber yfirlýsismatsmanni þegar að skýra ráðuneytinu frá því. Setur ráðuneytið umráðamönnum stöðvarinnar hæfilegan frest til þess að kippa því í lag, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins setta frests.

4. gr.

Allt meðalalýsi, sem er selt innanlands eða flutt á erlendan markað, skal vegið, metið og flokkað eftir tegundum og gæðum af lýsismatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirlýsismatsmanns. Flokkun lýsisins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns og nokkurra helztu útflytjenda, reglur um rannsókn, flokkun, umbúðir og merkingu lýsisins og meðferð.

Meðalalýsissendingu til útlanda, sem er yfir 10 kg., skal fylgja vottorð um þunga, tegund og gæði lýsisins, eftir nánari ákvæðum ráðuneytisins, og skal vottorðið vera ritað á farmskírteinið fyrir sendingunni.

5. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum Lýsissamlags íslenzkra botnvörpunga, einn yfirlýsismatsmann til að hafa umsjón með verkun og mati á meðalalýsi. Skal hann hafa fullkomna þekkingu á öllu því, er lýtur að meðferð þess og flokkun.

Ráðuneytið setur, í samráði við Lýsissamlag íslenzkra botnvörpunga, yfirlýsismatsmanni reglur um störf hans.

Ekki má yfirlýsismatsmaður þiggja þóknun hjá þeim, sem eru riðnir við lýsisvinnslu eða útflutning, né heldur hafa með höndum sölu á lýsi til útlanda eða innanlands.

Árleg laun yfirlýsismatsmanns skulu vera 2400 krónur.

Auk ferðakostnaðar eftir reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar, skal yfirlýsismatsmaður fá kr. 4.00 í fæðispeninga á dag meðan hann er frá heimili sínu vegna starfa síns sem yfirlýsismatsmaður. Allur kostnaður, sem af starfsemi hans leiðir, greiðist úr ríkissjóði.

Yfirlýsismatsmaður skal vera búsettur í Reykjavík eða grennd.

6. gr.

Lögreglustjóri skipar lýsismatsmenn, einn eða fleiri á hverjum stað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirlýsismatsmanns.

Lýsismatsmenn annast hlutverk það og starf, sem þeim er falið með lögum þessum, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur.

Ráðherra ákveður kaup lýsismatsmanna í samráði við yfirlýsismatsmann, og greiða þeir það, sem mats beiðast. Eigi mega lýsismatsmenn þiggja neina aukaþóknun eða hlunnindi hjá þeim, sem þeir meta fyrir.

Nú vanrækir lýsismatsmaður starf sitt, eða leysir það illa af hendi að dómi yfirlýsismatsmanns, og skal yfirlýsismatsmanni þá heimilt að víkja honum frá um stundarsakir, en tilkynna skal hann hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega lýsismatsmanni endanlega frá, eftir rannsókn á máli hans, og skipar annan í hans stað.

7. gr.

Nú vinnur einhver meðalalýsi eða verkar það, eða flytur út meðalalýsi án þess að gæta fyrirmæla þessara laga, og varðar það sektum frá 50—5000 krónum.

Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Um refsingar fyrir brot yfirlýsismatsmanns og lýsismatsmanna gegn ákvæðum laganna fer sem um brot opinberra starfsmanna almennt.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42 1917, um lýsismat.

Nd. 521. Frumvarp

til laga um læknishéraðasjóði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sé læknishérað læknislaust, svo að eigi komi til greiðslu á embættislaunum, eða hluta þeirra, til þjónandi læknis í því héraði, skulu launin eða launahlutinn með dýrtíðaruppbót renna í sérstakan sjóð, er verður eign hlutaðeigandi héraðs. Við ákvörðun þessarar upphæðar skal jafnan miða við byrjunarlaun eins og þau eru ákveðin í lögum um laun embættismanna.

Nú kemur ekki til útborgunar allt það fé, sem áætlað er í fjárlögum sem

læknisvitjanastyrkur handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, og rennur þá það, sem afgangs verður af áætluðu fé til hvers héraðs, í sjóð þess.

2. gr.

Sjóðir þeir, sem stofnaðir eru samkvæmt 1. gr., nefnast læknishéraðasjóðir. Skulu þeir vera í vörzlu og undir umsjá ráðherra, sem sér um, að fé þeirra sé jafnan handbært og ávaxtað á tryggum stað.

3. gr.

Fé læknishéraðasjóða skal varið til þess að tryggja eftir föngum, að héruðin séu sem sjaldnast læknislaus, svo sem með því að leggja það til læknisbústaða eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héruðin eftirsóknarverðari fyrir lækna eða horfi til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins.

4. gr.

Landlæknir gerir, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi héraðsbúa, tillögur um fjárveitingar úr læknishéraðasjóðum, en ráðherra tekur ákvarðanir um þær.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Nd. 522. Lög

um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí).

I. KAFLI.

Um stjórn vitamála.

1. gr.

Ráðherra hefir með höndum yfirstjórn allra vitamála í landinu.

2. gr.

Konungur skipar vitamálastjóra, er stjórni framkvæmdum allra vitamála landsins og sé ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að vita- og hafnamálum.

3. gr.

Vitamálastjóri hefir með höndum undirbúning að og yfirstjórn við byggingu nýrra vita og gerð nýrra sjómerkja, umsjón með allri starfrækslu vita ríkisins og sjómerkja, svo og umsjón og eftirlit með vitum og sjómerkjum, sem

hafnarstjórnir, sveitarstjórnir eða einstakir menn byggja eða setja upp, sbr. lög nr. 23 11. júlí 1911, lög nr. 43 14. júní 1929 og lög nr. 16 14. júní 1929.

Ennfremur má fela vitamálastjóra undirbúning, framkvæmd og eftirlit með öllum hafnarmannvirkjum, bryggjugerðum og lendingabótum, sem gerðar eru að öllu eða nokkru leyti fyrir fé ríkissjóðs eða með styrk af því.

Nánari ákvæði um starf vitamálastjóra setur ráðherra í erindisbréfi.

4. gr.

Um laun vitamálastjóra fer eftir launalögum. Í fjárlög skal árlega taka upp fjárveitingu til greiðslu á skrifstofukostnaði hans.

5. gr.

Ráðherra skipar vitaverkfræðing til aðstoðar vitamálastjóra. Um laun hans fer eftir launalögum.

6. gr.

Ráðherra skipar vitaverði að fengnum tillögum vitamálastjóra, með þeim kjörum, sem ákveðin eru í launalögum eða í fjárlögum.

7. gr.

Vitamálastjóri gerir árlega, í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík og forseta Fiskifélags Íslands, tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála. Skal það gert svo snemma, að ríkisstjórnin geti haft þær tillögur til hliðsjónar, er frv. til fjárlaga er samið.

II. KAFLI.

Um byggingu vita og sjómerkja.

8. gr.

Verja skal árlega, ef ástæður ríkissjóðs leyfa, álika upphæð til vitamála og vitagjaldi nemur, meðan standur á byggingu vita þeirra, er ræðir um í 9. gr., ennfremur ef þurfa þykir til sjómerkja, sbr. 11. gr.

9. gr.

Ráðherra lætur reisa vita þá, sem taldir eru hér á eftir, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum og aðrar ástæður leyfa:

Á Þjófakletti í Borgarfirði	ljósviti
– Borgareyjum	—
– Rauðanesi	—
– Hjörtsey á Mýrum	—
– Búðarhrauni	—
– Stórfiskaskeri við Hagabót	—
– Bjargtöngum	stækkun ljósvita
– —	radioviti

Á Vatneyri við Patreksfjörð		ljósviti
– Álftamýri við Arnarfjörð		—
– Þingeyri við Dýrafjörð		—
– Fjallaskaga við Dýrafjörð		—
– Flateyri við Önundarfjörð		—
– Gelti í Önundarfirði		radioviti
– —		hljóðviti
– Óshólum í Bolungavík		ljósviti
– Æðey		—
– Sléttaeyri í Jökulfjörðum		—
– Aðalvík		—
– Hornbjargi		radioviti
– —		hljóðviti
– Munaðarnesi		ljósviti
– Krossnesi		—
– Kaldrananesi		—
– Kjörseyri við Hrútafjörð		—
– Ánastaðabökkum		—
– Skagaströnd		—
– Kálfshamarsnesi	stækkun	ljósvita
– Skagatá	stækkun	—
– Reykjadisk á Skagafirði		ljósviti
– Hegranesi		—
– Straumnesi eða Málmey		—
– Sauðanesi við Siglufjörð		—
– — — —		hljóðviti
– Siglunesi		radioviti
– Grímsey		ljósviti
– Húsavíkurhöfða		—
– Snartastöðum		—
– Hjálmarsnesi við Þistilfjörð		—
– Svínalækjartanga		—
– Langanesi	stækkun	ljósvita
– —		radioviti
– —		hljóðviti
– Digranesi		ljósviti
– Kolbeinstanga í Vopnafirði		—
– Glettinganesi		hljóðviti
– Hellisnesi við Norðfjörð		ljósviti
– Grímutanga við Reyðarfjörð		—
– Selnesi		—
– Seley		—
– —		radioviti
– —		hljóðviti

Á Hvalsnesi		ljósviti
– Stokknesi		radioviti
– Hestgerði		ljósviti
– Ingólfshöfða	stækkun	ljósvita
– Stórhöfða	—	—
– Faxaskeri		ljósviti
– Loftsstaðahól		—
– Hafnarnesi við Þorlákshöfn		—
– Reykjanesi		radioviti
– —		hljóðviti
– Gróttu		radioviti
– —		hljóðviti

10. gr.

Vitar þeir, sem taldir eru í 9. gr. skulu byggðir í þeirri röð, sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum vitamálastjóra.

Eftir tillögum vitamálastjóra er ráðherra og heimilt að breyta legu vita þessara, ef það þykir hentugt eftir nánari rannsóknir á þeim svæðum, sem vitunum er ætlað að ná til.

11. gr.

Eftir tillögum vitamálastjóra (sbr. 7. gr.) getur ráðherra, eftir því sem vitafé er fyrir hendi, látið setja upp ný sjómerki og leggja út ný dufl, svo og bæta eldri vita og önnur mannvirki, sem ætluð eru sjófarendum til öryggis.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Ed. 523. Frumvarp

til laga um bráðabirgðaverðtoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Innkaupsreikninga yfir eftirtaldar vörur, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru af innlendum uppruna (endursendar ísl. afurðir) né teljast til farangurs ferðamanna, skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, sem segir í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, með þeim hundraðshlutum — þar í talinn verðtollur, er á vörunni hvílir samkvæmt lögum nr. 47 1926 og nr. 5 1928 — af innkaupsverði þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, sem hér greinir:

A. Með 50% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:

Andlitsduft, andlitssmyrsl, ilmsmyrsl og aðrar kosmetiskar vörur. Flugeldar og efni í þá. Jólatré. Leikföng, handhnettir og jólatrésskraut. Lifandi blóm. Loðskinn. Loðskinnavörur. Málverk. Myndir og myndabækur. Skrautfjaðrir. Skrautgripir og myndir úr marmara, gipsi, steini o. fl. Spil. Vörur úr gulli. Vörur úr pletti. Vörur úr silfri. Þurrkaðar plöntur, blóm og blómsveigar.

B. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:

Aldinhlaup og aldinmauk. Ávextir niðursoðnir. Bjúgu (pylsur). Eggjaduft. Gólfteppi hverskonar. Grammofónar og tilheyrandi. Grammofónsplötur. Húsgögn tilbúin. Kex og kökur. Lakkris. Legsteinar. Mótorhjól. Myndavélar og hlutar úr þeim. Rammar og rammalistar.

C. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:

Blaut sápa (græn- og kristals). Blikkkassar. Burstar og sópar. Egg. Handvagnar, hestvagnar. Hart brauð (skipsbrauð og skonrok). Hljóðfæri allskonar. Hurðir, gluggar og karmar og annað smíði til húsa. Hvalafurðir. Jarðepli. Kreólín. Kringlur og tvíbökur. Myndamót. Niðursoðin mjólk. Reikni- og talningarvélar. Róðrarbátar og prammar. Skófatnaður úr skinni og flóka. Skrif- og aðrar skrifstofuvélar. Smjörlíki. Strigaskór með leðursólum. Svínafeiti. Tilbúin prjónavara úr ull. Ullarband og hverskonar prjónaband. Vagnáburður. Þvottaefni.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 5 1928 um sýning innkaupsreikninga og ákvæði 2. gr. sömu laga og gildandi reglugerð um verðtoll gilda einnig um gjald og innheimtu samkvæmt 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um þetta gjald, og má þá þar ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar.

3. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi allar þær undanþágur frá verðtolli, sem veittar hafa verið að undanförnu, nema fyrir hráefni eða efnivörur, vélar og áhöld, sem eingöngu er notað til innlendrar framleiðslu.

4. gr.

Ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollskyldri vöru, er tollheimtumanni rétt að ákveða sanngjarnt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1934.

Ed. **524. Nefndarálit**

um frv. til laga um lögreglu ríkisins.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Það er viðurkennt af öllum, að ein af frumskyldum þjóðfélagsins er sú, að halda uppi lögum og friði í landinu. Til þess er óhjákvæmilegt að halda löggæzlulið, nægilega öflugt til þess að framkvæma þessa þjóðfélagsskyldu.

Hingað til hefir ríkisvaldið ekki haft öðru liði á að skipa til þessa en lögreglustjórunum og hreppstjórunum á landi og skipshöfnum varðskipanna á sjó. Til aðstoðar þessum mönnum hefir svo verið í kaupstöðunum sú lögregla, sem bæjarstjórnirnar halda uppi og launa.

Reynslan hefir nú sýnt, að þessi tilhögun fær ekki staðizt lengur og að ríkisvaldið getur ekki lengur hjá því komizt að efla sjálft sig svo sem þarf til þess að halda í skefjum þeim öflum, sem leynt og ljóst vinna að því að kollvarpa lögunum og slita friðinum innan þjóðfélagsins.

Frv. stjórnarinnar stefnir að þessu. Sá höfuðgalli er á frv., að það gerir ráð fyrir ríkislögreglu í höfuðstað landsins eingöngu, en óhjákvæmilegt virðist, að slík lögregla geti verið tiltæk hvar sem er á landinu, því að þótt aðalliffæri þjóðfélagsins séu í höfuðstaðnum og brýnust þörfin að verja þau, þá má það ekki heldur viðgangast, að menn geti traðkað lögum og rétti annarsstaðar á landinu.

Til þess að ríkislögregla nái tilgangi sínum þarf fastalið hennar eigi að vera fjölmennt, en hitt er nauðsynlegt, að öll tilhögun hennar sé þannig byggð upp, að styrk hennar megi auka eftir þörfum fyrirvaralaust, eða með sem stytztum fyrirvara, hvar sem nauðsyn kallar að, til þess að hindra og hegna lögbrot. Sjálfsagt er að hafa það fyrir augum, að kostnaður verði ekki umfram brýnustu nauðsyn, og komu fram skynsamlegar bendingar um þetta í nefndaráliti á landsfundi sjálfstæðismanna þ. á., þar á meðal:

1. Að tollverðir þeir, sem ríkið launar hvort sem er, séu valdir með það fyrir augum, að þeir séu hæfir til að gegna lögreglustörfum, er nauðsyn krefur, og skyldir til þess.
2. Að skipshafnir varðskipanna séu einn liður í hinu almenna löggæzluliði. Beri þeim auðvitað fyrst og fremst skylda til að halda uppi löggæzlu á sjó innan landhelginnar, en kveðja megi þær til annara löggæzlustarfa þegar ríkisvaldinu þykir við þurfa.
3. Að skipaðir verði fáeinir hæfir menn, til þess einnig í lögregluumdæmum utan Reykjavíkur að æfa varalið til lögreglustarfa, og
4. loks verði meginstyrkur ríkislögreglunnar fólginn hjá æfðu varaliði, og sé þeim mönnum greidd þóknun fyrir æfingar og kvaðningar einungis, en að öðru leyti ekkert fast kaup.

Samkvæmt þessu legg ég til, að frv. stjórnarinnar verði samþykkt með þeim viðaukum, sem þarf til þess að ríkislögreglan geti einnig neytt sín utan Reykjavíkur. Í þeim tilgangi flyt ég eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Aftan við orðið „Reykjavík“ komi: og á þeim stöðum öðrum í landinu, sem ríkisstjórninni þykir nauðsynlegt.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir „bæjarstjórnina í Reykjavík“ komi: hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sveitarstjórn.
   b. Á eftir „bæjarsjóði“ komi: eða sveitarsjóði.
   c. Á eftir „bæjarfélagsins“ komi: eða sveitarfélagsins.
3. Við 3. gr. Á eftir „bæjarins“ komi: eða sveitarfélagsins.
4. Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verði 5. gr., þannig:
   Skipshafnir varðskipanna teljast til ríkislögreglunnar. Heimilt er ráðherra að ákveða, að tollverðir skuli teljast til ríkislögreglu og inna af hendi störf í hennar þarfir.

Alþingi, 2. maí 1933.

Jón Þorláksson.

Nd. 525. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um læknishéraðasjóði.

Frá Steingrími Steinþórssyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: Þó má aldrei verja fé læknishéraðasjóða til uppbótar á launum lækna.

Nd. 526. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting á l. nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús (þskj. 503).

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað „100%“ kemur: 50%.

Nd. 527. Nefndarálit

um frv. til laga um leiðsögu skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1933.

Sveinn Ólafsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm.	Bergur Jónsson.
	Bjarni Ásgeirsson.	

Nd. 528. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1933.

Bergur Jónsson, form. Steingr. Steinþórsson, frsm. Guðbr. Ísberg, fundaskr.
Sveinbjörn Högnason. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 529. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um manntal í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1933.

Bergur Jónsson, form. Guðbr. Ísberg, fundaskr., frsm. Steingr. Steinþórsson.
Sveinbjörn Högnason. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 530. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923. [Stjórn Búnaðarfél. Íslands.]

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Við undirritaðir mælum með, að frv. verði samþykkt óbreytt. Meiri hl. nefndarinnar mun gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Alþingi, 3. maí 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form. Steingr. Steinþórsson, fundaskr., frsm.

Nd. 531. Breytingartillaga

við frv. til l. um útflutning saltaðrar síldar.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Bannað er að afvatna síld, sem áður hefir verið söltuð, ef hún er ætluð til útflutnings.

Nd. 532. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41 1. júní 1924.

Frá Ing. Bjarnarsyni.

1. Við 1. gr. C. 1. Í stað orðanna „um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði og Aðalreykjadal" kemur: um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, og önnur álma norður Köldukinn, fyrir Núp, um Aðalreykjadal.
2. Við 1. gr. C. 8. lið. Nýr liður:
   Mývatnssveitarvegur: Frá Breiðamýri um Mývatnsheiði að Skútustöðum.

Ed. 533. Frumvarp

til laga um viðbótar-tekju- og eignarskatt.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Leggja skal viðbótar-tekju- og eignarskatt á skattþegna landsins eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Til grundvallar fyrir skattaálagningu samkv. 1. gr. ber að leggja skattskyldar tekjur árið 1932 og 1933 og eignir í lok sömu ára samkvæmt ákvörðunum skattanefnda (skattstjóra) eða yfirskattanefnda árið 1933 og 1934, með þeim breytingum, sem leiðir af ákvæðum 6. gr. þessara laga um persónufrádrátt.

3. gr.

Tekjuskattur sá, sem um ræðir í 1. gr., reiknast af skattskyldum tekjum samkvæmt lögum þessum þannig:

Af	2000	kr.	greiðist	kr.	40	og	5%	af afgangi,	að	3000
—	3000	—	—	—	90	—	7	—	—	4000
—	4000	—	—	—	160	—	9	—	—	5000
—	5000	—	—	—	250	—	11	—	—	6000
—	6000	—	—	—	360	—	13	—	—	7000
—	7000	—	—	—	490	—	15	—	—	8000
—	8000	—	—	—	640	—	17	—	—	9000
—	9000	—	—	—	810	—	18	—	—	10000
—	10000	—	—	—	990	—	19	—	—	12000
—	12000	—	—	—	1370	—	20	—	—	14000
—	14000	—	—	—	1770	—	21	—	—	16000
—	16000	—	—	—	2190	—	22	—	—	18000
—	18000	—	—	—	2630	—	23	—	—	20000
—	20000	—	—	—	3090	—	24	—	—	25000
—	25000	—	—	—	4290	—	26	—	—	30000
—	30000	—	—	—	5590	—	28	—	—	35000
—	35000	—	—	—	6990	—	30	—	—	40000
—	40000	—	—	—	8490	—	32	—	—	45000
—	45000	—	—	—	10090	—	34	—	—	50000
—	50000	—	—	—	11790	—	36	—	—	því, sem þar er fram yfir.

4. gr.

Tekjuskattur samkv. lögum þessum sé lagður á alla skattþegna, félög sem einstaklinga. Á félög skal þó aldrei leggja hærri skatt samkvæmt lögum þessum en svo, að samanlagður skattur þeirra samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 74 27. júní 1921, og viðbótarskattur samkvæmt lögum þessum nemi jafnri upphæð og einstaklinga með sömu tekjur.

5. gr.

Eignarskattur sá, sem um ræðir í 1. gr., leggst á allar skattskyldar eignir og skal vera 100% af þeim eignarskatti, sem lagður verður á þær eignir árið 1933 og 1934 samkv. lögum nr. 74 27. júní 1921.

6. gr.

Áður en fundnar eru skattskyldar tekjur samkv. lögum þessum, ber að draga frá beinum tekjum skattþegna, eins og þær verða ákveðnar árið 1933 og 1934 af skattanefndum (skattstjóra) eða yfirskattanefndum, sem hér segir:

a) Fyrir einstakling: 1000 kr.
b) Fyrir hjón: 1800 kr.
c) Fyrir börn og aðra skylduómaga, sem um ræðir í 13. gr. laga nr. 74 27. júní 1921: 600 kr. fyrir hvern.

7. gr.

Skattanefndir (skattstjóri) annast um álagningu skatts samkv. lögum þessum. Um kærur út af skattálagningu samkvæmt þeim gilda ákvæði laga nr. 74 27. júní 1921 um þau efni.

8. gr.

Innheimtu skatts þess, sem á lagður er samkv. lögum þessum, annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, eftir nánari fyrirmælum ríkisstjórnarinnar. Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkv. lögum þessum og lögum nr. 74 27. júní 1921, og breytingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1935.

Greinargerð.

Ég hefi fyrir nokkru flutt frv. um hámarkslaun, þar sem gert er ráð fyrir, að um þrjú næstu ár verði tekinn til almennra þarfa, í sambandi við kreppuna, kúfurinn af tekjum hátekjumanna. Frv. þetta hefir fengið óvenjulega mikið fylgi kjósenda, en í þinginu hefir einn flokkur algerlega lagzt móti málinu og hyggst að eyða því, án þess að úr verði skorið um það, hvort þingið fylgir raunverulega sömu stefnu og kjósendur um, að nú eigi háu launin að lækka til samræmis við kjör almennings.

Auk þess var frá upphafi gert ráð fyrir, að almennt eignar- og tekjuskattsfrv. yrði að fylgja frv. um hámarkslaun, bæði til að geta hækkað skatt á tekjum neðan við 8000 kr. og til að geta komið fram almennri hækkun á tekjum atvinnufyrirtækjanna, sem frv. um hámarkslaun nær ekki til.

Þetta frv. er borið fram bæði sem óhjákvæmileg viðbót við frv. um hámarkslaun og sem varaúrræði, ef frv. því yrði grandað af fylgismönnum hátekjustefnunnar.

Ég hefi því tekið það ráð að flytja nú óbreytt hið merkasta frv. um hækkun á eignar- og tekjuskatti, sem fram hefir komið á Alþingi, en það er frv. þeirra Ingvars Pálmasonar og Páls Hermannssonar um viðbótar-tekju- og eignarskatt, sem þeir fluttu á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Svo framarlega sem frv. um hámarkslaun nær ekki samþykki, þá er þetta frv. mjög heppilegur grundvöllur fyrir breytingartillögur, sem stefndu að því að koma skatti á háar tekjur, þannig að sem næst væri siglt ákvæðum frv. um hámarkslaun.

Hér á eftir fylgir greinargerð sú, er fylgdi frv. á síðasta þingi.

„Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir verulegri hækkun á tekju- og eignarskatti. Er hækkuninni þannig fyrir komið, að hún kemur meira niður á einhleypum mönnum en fjölskyldumönnum, vegna þess, að persónufrádrátturinn við ákvörðun viðbótarskatts er settur hærri en samkvæmt núgildandi skattalögum. Eins og skattstiginn í frumvarpinu og ákvæði um persónufrádrátt bera með sér, kemur viðbótarskatturinn ekki til greina nema um sæmilegar tekjur sé að ræða. Einhleypir eiga að greiða viðbótarskatt samkvæmt frumvarpinu, ef þeir

hafa minnst 3000 kr. hreinar tekjur, en sá, sem hefir 5 manna fjölskyldu og þar yfir, á að greiða skatt samkvæmt því, ef hann hefir minnst 5600 kr. í hreinar tekjur.

Viðbótarskattur af þessum tekjum nemur samkvæmt frumvarpinu kr. 40.00. Fer viðbótarskattur síðan hlutfallslega hækkandi, eftir því sem um hærri tekjur er að ræða. Fer hér á eftir tafla, er sýnir skattgreiðslur af tekjum manna, ef frumvarp þetta öðlast samþykki. Er í töflu þessari m. a. sýnt, hve miklu viðbótarskatturinn samkvæmt frumvarpinu og skattur samkvæmt núgildandi skattalögum nema samtals, og einnig hvað þeir verða samanlagt að hundraðatali af skattskyldum tekjum samkvæmt þessu frumvarpi:

Nto. tekjur	Fjölsk.	Skattsk. tekjur skv. núg. lögum	Skattsk. tekjur skv. frumv.	Skattur skv. núg. lögum	Viðbótarsk. skv. frumv.	Skattur alls	Skattur alls % af skattsk. tekjum samkv. frumv.
3000	1	2500	2000	32	40	72	3,60
5600	5	3100	2000	45	40	85	4,25
5000	1	4500	4000	92	160	252	6,30
7600	5	5100	4000	117	160	277	6,92
7000	1	6500	6000	192	360	552	9,20
9600	5	7100	6000	229	360	589	9,81
9000	1	8500	8000	332	640	972	12,15
11600	5	9100	8000	381	640	1021	12,76
11000	1	10500	10000	512	990	1502	15,02
13600	5	11100	10000	573	990	1563	15,63
13000	1	12500	12000	732	1370	2102	17,51
15600	5	13100	12000	805	1370	2175	18,12
15000	1	14500	14000	992	1770	2762	19,87
17600	5	15100	14000	1077	1770	2847	20,33
17000	1	16500	16000	1302	2190	3492	21,88
19600	5	17100	16000	1389	2190	3579	22,36
19000	1	18500	18000	1632	2630	4262	23,67
21600	5	19100	18000	1741	2630	4371	24,31
21000	1	20500	20000	2009,50	3090	5099,50	25,49
23600	5	21100	20000	2126,50	3090	5216,50	26,82
26000	1	25500	25000	2987	4290	7277	28,92
28600	5	26100	25000	3107	4290	7297	29,58
31000	1	30500	30000	3992	5590	9582	31,94
33600	5	31100	30000	4118	5590	9708	32,36
36000	1	35500	35000	5047	6990	12037	34,39
38600	5	36100	35000	5179	6990	12169	34,76
41000	1	40500	40000	6152	8490	14642	36,65
43600	5	41100	40000	6290	8490	14780	36,95
51000	1	50500	50000	8457	11790	20247	44,81
53600	5	51100	50000	8601	11790	20391	47,82

Í frumvarpinu er og gert ráð fyrir, að eignarskatturinn verði hækkaður um 100% frá því, sem nú er. Eignarskatturinn er nú mjög lágur. Þannig eru nú

greiddar í eignarskatt af 50 þús. kr. skuldlausri eign 71 kr., og 100 þús. kr. eign 221 kr. Samkvæmt frumvarpinu mundi bera að greiða 142 kr. af 50 þús. og 442 kr. af 100 þús. kr. eign skuldlausri. Geta slíkt eigi talizt háar greiðslur af slíkum eignum.

Ýmsum erfiðleikum er bundið að komast að raun um, hve miklu skattauki samkv. frumvarpi þessu muni nema. Veldur því hvorttveggja, að breytt er um persónufrádrátt frá núgildandi skattalögum, og þó frekar, að eigi verður miðað við skatttekjur manna undanfarin ár, sökum breytinga þeirra á tekjum manna og fjárhagsástæðum yfirleitt, sem orðið hafa á síðastliðnu ári og enn eru eigi til yfirlitsskýrslur um. Ef miðað er við reynslu undanfarinna ára og þá mestu lækkun, sem orðið hefir á tekju- og eignarskatti frá ári til árs, og ríflega gert fyrir innheimtuvanhöldum, eða um helmingi meira en meðalvanhöld hafa verið síðan núgildandi tekju- og eignarskattslög komu í gildi, ætti tekjuskatturinn, sem álagður er, samkv. gildandi skattalögum á árinu 1932, að reynast innheimtur ca. 720 þús. kr. og eignarskatturinn ca. 180 þús. kr., eða samtals um 900 þús. kr. Ef þessi áætlun er síðan lögð til grundvallar við áætlun um það, hve viðbótarskatturinn muni nema miklu innheimtur, þá mun nærri lagi að áætla viðbótartekjuskattinn samkv. frumvarpinu að meðaltali 160% af tekjuskattinum samkv. núgildandi lögum. Skattstiginn í frumvarpinu er að vísu frá 135%—190% hærri en núgildandi skattstigi, og m. a. s. 190% á þeim tekjum, sem líklegar eru til þess að gefa mikinn skatt. En hér vegur á móti, að töluvert af núverandi skattgreiðendum losnar við að greiða viðbótarskatt við hækkun persónufrádráttar. Að öllu athuguðu virðist því eigi óvarlegt að reikna með 160% hækkun, eða um 1150 þús. kr. Eignarskatturinn hækkar um 100%, eða um 180 þús. kr., samkv. áætlun um eignarskattinn 1932 hér að framan. Tekjuauki af þessu frumvarpi virðist því eigi óvarlega áætlaður 1330 þús. kr.

Þar sem um verulega hækkun á tekju- og eignarskatti er að ræða samkv. þessu frumvarpi, þótti rétt að setja í frumvarpið heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skattinum, og einnig heimild fyrir hana til þess að ákveða, að haldið skuli eftir hluta af launum manna upp í skattgreiðslur. Geta ákvæði þessi orðið til mikils gagns bæði fyrir ríkissjóð og skattgreiðendur.

Ed. **534. Frumvarp**

til laga um innflutning á kjarnfóðri o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórnin lætur fram fara rannsókn á notagildi innlends kjarnfóðurs, bæði til gripaeldis og alifugla, og birtir niðurstöður þeirrar rannsóknar á þann hátt, að almenningur hafi greiðan aðgang að. Einnig lætur hún athuga notagildi síldarmjöls og beinamjöls til áburðar.

2. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga setur atvinnumálaráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot gegn fyrirmælum þeim, er þar kunna að verða sett, svo og að ólöglega innflutt vara skuli upptæk gerð og andvirði hennar renna í ríkissjóð. Skulu mál út af slíkum brotum rekin sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og gilda ákvæði 1. og 3. gr. til 1. júlí 1935.

Ed. 535. Lög

um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí).

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til stofnunar íslenzks happdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 25000, er skiptist í 10 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk á mánuði hverjum, nema janúarmánuð og febrúarmánuð, dráttur fyrsta flokks í marzmánuði og tíunda flokks í desembermánuði.
b) Iðgjald fyrir heilan hlut skal vera 60 kr. fyrir alla 10 flokka, en 6 kr. í hverjum flokki. Hlutina má selja bæði í heilu lagi og hálfu og ennfremur skipta þeim í fjórðunga, ef reynslan sýnir, að það sé hentugra.
c) Vinningarnir skulu vera samtals 5000 og nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 10 flokkum.
d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skulu að minnsta kosti 2 nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið, enda hefir hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.
e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita til 10 ára, frá 1. jan. 1934 að telja, og skal ágóðanum varið til þess að reisa hús handa háskólanum, enda greiði leyfishafi í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Þegar nægilegs fjár hefir verið aflað til þess að reisa hús handa háskólanum, skal ríkið taka happdrættið í sínar hendur og reka það á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Hreinum ágóða af happdrættinu skal varið til þess að mynda sjóð, sem

nefnist byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ályktun á fundi í sameinuðu þingi í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar, eftir því sem til vinnst og þörf krefur.

3. gr.

Frá því er happdrættið tekur til starfa er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá, að viðlögðum sektum, 200—2000 kr. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir einn bæ eða sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

4. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins, nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð, að viðlögðum sektum, er nánar má ákveða í reglugerð.

5. gr.

Ekki skal taka tillit til vinninga í happdrættinu við útreikning tekjuskatts eða aukaútsvars það ár, sem vinningarnir falla.

6. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð um starfsemi happdrættisins í einstökum atriðum, og má í henni ákveða sektir fyrir brot. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fyrsti dráttur fara fram í marzmánuði 1934.

Ed. 536. Breytingartillögur

við breytingartillögur á þskj. 445 (Sogsvirkjun).

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Í frvgr. breytist orðið „Efribrú“ í Syðribrú.
2. Í fyrirsögninni breytist orðið „Efribrú“ í Syðribrú.

Ed. 537. Nefndarálit

um frv. til laga um eftirlit með sparisjóðum.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég get eigi fallizt á þá breytingu á tilhögun um eftirlit með sparisjóðum, sem frv. þetta fer fram á, heldur tel ég rétt að halda þeirri tilhögun um eftirlit

með bönkum og sparisjóðum, sem ákveðin er í lögum nr. 48 20. júní 1923. Þetta er samskonar tilhögun sem lengi hefir verið í nágrannalöndunum og gefizt þar vel.

Hinsvegar teldi ég rétt, að starfssvið eftirlitsmannsins yrði víkkað, þannig að hann hefði einnig eftirlit með opinberum sjóðum, einkum að því er snertir fjárvarðveizlu þeirra, útlán og verðbréfakaup. Fyrir því legg ég til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta Alþingi tillögur um útfærslu á verksviði eftirlitsmannsins með bönkum og sparisjóðum, þannig að hann hafi einnig eftirlit með fjárvarðveizlu opinberra sjóða, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. maí 1933.

Jón Þorláksson.

Nd. 538. Breytingartillögur

við frv. til laga um Kreppulánasjóð.

Frá kreppunefnd.

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 3. gr. Fyrir orðin „í 1. og 2. gr.“ í síðustu málsgr. komi: í 1. gr.
3. Við 5. gr. 1. Orðin „og hafi gert það undanfarin þrjú ár“ falli burt.
4. Við 5. gr. 2. Aftan við liðinn bætist: samhliða öðrum tekjuvonum.
5. Við 5. gr. 5. Fyrir „13. gr.“ komi: 12. gr.
6. Við 6. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
   Sýslunefnd ákveður, hver skuli vera þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra. Skal greiða til hvers 5 kr. á dag upp í dagkaup og ferðakostnað úr Kreppulánasjóði, en sýslusjóður skal greiða þann kostnað, er verður fram yfir það.
7. Við 7. gr. 2. lið. Niðurlag liðarins orðist svo: afborgunarskilmála, greiðslukjör o. fl.
8. Við 7. gr. 7. Aftan við liðinn bætist: og um hlunnindi.
9. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist: Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem taldar eru fram samkvæmt 6. gr. 2. lið, skal sjóðstjórnin sannprófa, hvort framtalið er rétt.
10. Við 11. gr. Fyrir „10. gr.“ komi: 9. gr.
11. Við 12. gr. Fyrir „11. gr.“ komi: 10. gr.
12. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Þegar eftir að samningur er staðfestur skal sjóðstjórnin ganga frá lánsskjölum og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningurinn kveður á um.

13. Við 17. gr. Fyrir orðin „Hann má heldur ekki selja eignir sínar, umfram venjulega afurðasölu“ komi: Hann má heldur ekki selja né veðsetja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og til tryggingar rekstrarlánum.
14. Við 18. gr. Aftan við greinina bætist: Tímabilið frá því að skuldarinnköllun er útgefin og þangað til samningsumleitunum er lokið telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar né neinna réttaraðgerða.
15. Við 19. gr. Þriðja málsgrein orðist svo:
    Ennfremur skal það áskilið, að ef lántakandi breytir um atvinnuveg, þá sé sjóðstjórninni heimilt að segja láninu upp.
16. Við 25. gr. Greinin falli niður.
    Greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Nd. 539. Breytingartillögur

við frv. til laga um kreppulánasjóð.

Frá Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni, Vilmundi Jónssyni.

1. Við 19. gr.
   a. Aftan við 1. málsgr. bætist: miðað við það verðlag afurða, er lagt var til grundvallar við afgreiðslu frumvarps til skuldaskila samkv. 13. gr. Nú hækkar eða lækkar afurðaverð, og skal þá árgjaldið hækka eða lækka um sama hundraðshluta og hækkunin innheimtast með árgjaldinu, en greiðast lánardrottnum þeim, er eigi fengu fullnægt kröfum sínum samkv. 13. gr., og skiptast milli þeirra í réttu hlutfalli við eftirgjafir þeirra, þó aldrei meira en eftirgjöfunum nemur. Hækkun eða lækkun afurðaverðs, er nemur minnu en 20%, skal ekki tekin til greina. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um ákvörðun verðbreytingarinnar.
   b. 2. málsgr. greinarinnar falli niður.
2. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
   Smáútgerðarmenn, er hafa aðalatvinnu sína af eigin útgerð, iðnaðarmenn, sjómenn og verkafólk, sem vegna verðlagsbreytinga eða atvinnuleysis er ekki fært um að standa við skuldbindingar sínar, reka atvinnu sína á heilbrigðum grundvelli eða framfleyta sér og sínum með vinnu sinni, eiga rétt á að komast undir ákvæði þeirra laga, á sama hátt og þeir, er landbúnað hafa að aðalatvinnu, að uppfylltum hliðstæðum skilyrðum.

Nd. 540. Nefndarálit

um frv. til laga um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og mjólkurdufti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. sé samþ.

Alþingi, 4. maí 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Steingr. Steinþórsson, fundaskrifari. Pétur Ottesen.
Guðbr. Ísberg, með fyrirvara. Lárus Helgason.

Sþ. 541. Tillaga

til þingsályktunar um þjóðaratkvæði um aðflutningsbann á áfengum drykkjum.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Bergur Jónsson, Guðbrandur Ísberg. Jóhann Jósefsson, Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram þjóðaratkvæði á þessu ári um það, hvort afnema skuli bann það gegn innflutningi áfengra drykkja, er felst í gildandi áfengislöggjöf.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu, sem allir eiga sæti í allsherjarnefnd Nd., höfðu fengið til meðferðar frv. það um breyting á áfengislöggjöfinni, sem flutt var af 11 þm. í Nd.

Allir nefndarmenn voru að vísu sammála um það, að núverandi ástand í áfengismálunum væri óviðunandi, en hinsvegar hefir ekki náðst samkomulag um annað en það að leggja þetta mál undir atkvæði þjóðarinnar að nýju, og láta það þjóðaratkvæði skera úr um það, hvort sú breyting skuli á gerð, að eftirleiðis skuli leyfður innflutningur þeirra áfengra drykkja, sem nú eru með lögum bannaðir.

Ætlast flm. til, að atkvæðagreiðsla þessi fari fram nú á þessu ári.

Fari svo, að þjóðin vilji afnema bann það, er nú gildir, ætlast flm. til, að ríkisstjórnin láti semja og leggi fyrir næsta þing löggjöf um innflutning áfengra drykkja og um sölu þeirra, sem flm. gera ráð fyrir, að fari fram undir eftirliti ríkisins og með þeim takmörkunum, sem réttar þykja, að beztu manna yfirsýn, til að koma í veg fyrir óhóflega áfengisnautn.

Samkvæmt þeim forsendum, sem hér greinir, hefir orðið að samkomulagi að afgreiða ekki frá allsherjarnefnd frv. það til áfengislaga, sem áður var á minnzt, en flytja í þess stað þessa till. í sameinuðu þingi.

Þeir þrír af flutningsm. þessarar till., sem einnig voru flutningsmenn áfengislagafrumvarpsins, hafa eftir atvikum fallizt á þessa afgreiðslu málsins.

Nd. 542. Tillaga

til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina, að hún láti fram fara endurskoðun á alþýðufræðslulöggjöf landsins.

Frá menntamálanefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún láti fram fara endurskoðun á löggjöf landsins um alþýðufræðslu og leggi fyrir næsta þing frumvarp um það efni, er miði að því:

1. Að koma á heilsteyptara skipulagi og samræmi um starfsháttu og samvinnu hinna ýmsu skólastofnana, svo að þær verði hver um sig sem eðlilegastur liður í heildarstarfseminni.
2. Að takmarka tilkostnað við fræðslustarfsemina, eftir því sem kostur er, án þess að það rýri gildi hennar eða árangur, meðal annars með því
   a. Að sníða fyrirkomulagið, meira en nú er, eftir staðháttum og aðstöðu á hverjum stað.
   b. Að hagnýta betur starfskrafta prestastéttarinnar í þágu alþýðufræðslunnar.
   c. Að stytta eða færa til skólaskyldualdurinn, takmarka námsgreinafjölda og auka eftirlitsfræðslu frá því, sem verið hefir.
3. Að meiri stund sé lögð á hagnýt námsefni og heilsurækt, einkum við barnafræðslu, en verið hefir.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefir verið unnið að því að auka alþýðufræðsluna í landinu og skilningur manna á nauðsyn hennar aukizt mjög. Hefir þetta haft í för með sér aukin útgjöld, með ári hverju svo að segja, til þessarar starfsemi, og sjáanlegt er, að enn þá hlýtur þar að aukast mjög á, ef einskis skipulags er gætt, er kröfunum verður framfylgt á næstu árum. Og flestum mun þó vera farið að vaxa í augum hin stórkostlega auknu útgjöld til þessarar starfsemi, þegar borið er saman við þann árangur til bóta, sem enn er sjáanlegur, þótt ekki sé því á móti mælt, að hann sé nokkur. Eru flutningsmenn þessarar tillögu sannfærðir um það, að hér veldur eigi litlu, að umbæturnar hafa eigi verið svo skipulagðar og samræmdar sem þurft hefði, heldur sífellt bætt við án nægilegs tillits til undirstöðunnar og mismunandi aðstöðu til slíkrar starf-

semi í landinu. Hefir að mestu verið fylgt erlendum fyrirmyndum frá löndum þéttbýlli miklu og með ólíkri aðstöðu. Má telja nokkurnveginn víst, að með hagkvæmara fyrirkomulagi megi ná því tvennu, að draga úr útgjöldum, eða a. m. k. koma í veg fyrir, að þau aukist mjög, og að tryggja betri árangur fræðslunnar, ef rétt er á haldið. Virðist varla horfandi í þann litla kostnað, sem þetta hefði í för með sér, við undirbúning málsins, þegar annarsvegar er svo mikilvægt menningar- og fjárhagsmál.

Ed. 543. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Frvgr. skal orða svo:
Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ammendrup, Paul Christoffer, fæddur í Danmörku.
2. Augustsen, Bjarne August, fæddur í Noregi.
3. Brynjólfur Björnsson, fæddur í Danmörku.
4. Honningsvaag, Petter Matthias, fæddur í Noregi.
5. Jensen, Frede, fæddur í Danmörku.
6. Kobbelt, Eduard August, fæddur í Þýzkalandi.
7. Kristensen, Arne, fæddur í Noregi.
8. Nielsen, Niels Christian, fæddur í Danmörku.
9. Olsen, Jentoft G. H., fæddur í Noregi.
10. Olsen, Simon Andreas, fæddur í Noregi.
11. Pedersen, Hagerup M. S., fæddur í Noregi.
12. Rönning, Johan, fæddur í Noregi.
13. Vidnes, Peder R. S. Olsen, fæddur í Noregi.

Alþingi, 3. maí 1933.

Magnús Torfason, form.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon, frsm.

Ed. 544. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta hefir tekið allmiklum breytingum í neðri deild, og vill nefndin í höfuðatriðum sætta sig við þær. Nefndin vill þó gera nokkrar breytingar á frv., er hún telur miða til frekara samræmis. Leggur hún því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Síðasti málsl. gr. falli burt.
2. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Í stað þess að greiða áveituskatt samkv. 2. gr. skal landeiganda heimilt að láta land af hendi upp í áveitukostnað í eitt skipti fyrir öll. Heimild þessi er þó því skilyrði bundin, að nægilega mikið land fáist samfellt frá einni eða fleiri jörðum til stofnunar nýbýlis, að dómi þeirra, er falin er framkvæmd laganna samkv. 11. gr.
3. Við 4. gr. Upphaf gr. orðist þannig:
   Nú er land tekið samkv. ósk landeiganda upp í greiðslu á áveitukostnaði, sbr. 3. gr., og skal það þá þannig gert o. s. frv.
4. Við 8. gr. Síðari málsl. gr. falli burt.

Alþingi, 4. maí 1933.

Páll Hermannsson, form., með fyrirvara.	Pétur Magnússon, fundaskr., frsm.	Jón Jónsson.

Nd. 545. Breytingartillögur

við frv. til laga til varnar óréttmætum verzlunarháttum.

Frá Vilmundi Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „né heldur með auglýsingaspjöldum ..... önnur verzlunarskjöl“ í 1. málsgr. komi: á auglýsingaspjöld, reikninga, vöruskrár (faktúrur) eða önnur verzlunarskjöl, né heldur í auglýsingar í blöðum, tímaritum, útvarpi eða annarsstaðar.
   b. Aftan við töluliði greinarinnar komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Þess skal þar að auki gætt um allar auglýsingar, hvar og hvernig

sem þær eru birtar, að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt, sem satt er og rétt í öllum greinum.

2. Við 9. gr. Aftan við greinina komi ný grein, svo hljóðandi:
Bannað er að kenna verzlunar-, iðnaðar- eða atvinnufyrirtæki, svo og vörutegundir, við nafn landsins, sýslu-, bæjar- eða sveitarfélags, nema leyfi viðkomandi stjórnarvalda komi til.
Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 5000 kr.

3. Við fyrirsögn frumvarpsins.
Í stað orðanna „til varnar óréttmætum verzlunarháttum“ komi: til varnar gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Nd. 546. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting á l. nr. 56 31. mai 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús (þskj. 503).

Frá Pétri Halldórssyni.

Við 1. gr. bætist: Þó skulu hljómleikar og söngskemmtanir undanþegnar álaginu.

Nd. 547. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

Frá Jónasi Þorbergssyni.

Við 1. gr. B. 8. Nýr liður:
Skógarstrandarvegur: Frá Vesturlandsvegi í Miðdölum um Skógarströnd að Skildi í Helgafellssveit.

Nd. 548. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sjúkrasjóð ríkisins.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. mai 1933.

Ing. Bjarnarson, form., frsm.	B. Kristjánsson, fundaskrifari.	Tryggvi Þórhallsson.
Þorleifur Jónsson.	Jónas Þorbergsson.	Pétur Halldórsson.

Ed. **549. Frumvarp**

til laga um virkjun Sogsins.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að reisa og reka raforkustöð við Sogið, til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Reykjavíkur og að gera afspennistöð hjá Reykjavík, og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda í umdæmi rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna, að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Ríkisstjórnin lætur á árunum 1933 og 1934 gera þær umbætur á vegum, er nota þarf vegna flutninga og aðdrátta við virkjunina. Til þessara umbóta leggur Reykjavíkurbær fram helming kostnaðar, og telst hann með kostnaði við byggingu orkuversins og greiðist jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Verði orkuverið reist við Efra-Sogið, má ennfremur telja með kostnaði kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra-Sogi, sem Reykjavíkurbær hefir keypt af eigendum Úlfljótsvatns. Þurfi vegna virkjunarinnar að gera brú á Efra-Sogið og veg frá henni vestan árinnar, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins.

4. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til framkvæmda samkvæmt 1.—3. gr., að upphæð allt að 7 milljónum króna, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

5. gr.

Orkuverið, háspennulínan og afspennistöðin samkv. 1. gr. nefnist einu nafni Sogsvirkjunin. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

6. gr.

Sogsvirkjunin selur raforku til rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skylt er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverinu og við spennistöðvar á háspennulínunni frá Soginu til Reykjavíkur til almenningsnota í nærliggjandi héruðum við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforku-

una, miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923. Nú þykir nauðsynlegt, til þess að ákvæðum þessarar greinar verði fullnægt, að auka virkjunina frá því, er hún var í fyrstu gerð, og er Reykjavíkurbæ þá skylt að framkvæma aukninguna allt upp í það, að fallvatnið sé að hálfu fullvirkjað, en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til þess, með sama skilyrði og segir í 4. gr. Skal aukningin framkvæmd þegar er fé til hennar er fyrir hendi, nema gildar ástæður, að dómi ráðherra, hamli.

7. gr.

Þegar auka þarf virkjunina fram yfir það, að fallvatnið sé virkjað til hálfs, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við bæjarstjórn Reykjavíkur um aðra tilhögun. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði eigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaflsins móts við það vélafl, er fyrir var, og eigandi að helmingi þegar fallvatnið er fullvirkjað. Kaupverðið eða hluta þess má ríkisstjórnin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta þeirra skulda, er á fyrirtækinu hvíla. Ef samkomulag um kaupverðið næst eigi, skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Á Reykjavíkurbær þaðan í frá rétt til þess, hvenær sem hann þarf, að fá sem svarar helmingi orkunnar úr fallvatninu fullvirkjuðu handa rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Verði orkuverið reist við Efra-Sogið, skal með kostnaði við fyrstu aukningu samkvæmt þessari grein telja vatnsréttindi í Efra-Sogi fyrir landi Kaldárhöfða, með sömu upphæð og áðurnefnd vatnsréttindi fyrir landi Úlfljótsvatns.

Nú hefir virkjuninni safnazt varasjóður þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkvæmt þessari grein, og verður hann þá eign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs að réttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefir myndazt af, frá rafmagnsveitu Reykjavíkur annarsvegar og notendum utan hennar hinsvegar.

Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ríkisstjórnin framselt til þess eða þeirra fyrirtækja, er þá hafa með höndum orkuveitu til almenningsþarfa um taugakerfi frá Soginu til héraða utan takmarks rafmagnsveitu Reykjavíkur.

8. gr.

Þegar ríkisstjórnin er orðin meðeigandi að Sogsvirkjuninni samkvæmt 7. gr., skal stjórn fyrirtækisins skipuð 5 mönnum: Tveim, er bæjarstjórn Reykjavíkur kýs, tveim, er tilnefndir verða af þeim aðilum utan rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem njóta orku frá Sogsvirkjuninni, og hinum fimmta, er hæstiréttur tilnefnir. Skulu þeir allir skipaðir til þriggja ára. Eftir að 1 ár er liðið frá skipun nefndarinnar, skulu árlega ganga úr nefndinni annaðhvort fulltrúar Reykjavíkur eða fulltrúar kosnir af utanhéraðsnotendum eða fulltrúi hæstaréttar. Skal varpað hlutkesti um, hverjir skulu fyrst ganga úr. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **550. Nefndarálit**

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá 1. minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Það er orðið svo áliðið þings, að ég tel óverjandi að draga lengur þinglega afgreiðslu stjórnarskrármálsins. Þar sem ekki hefir fengizt enn svar um undirtektir nefndarmanna úr Framsóknarflokki á stjórnarfrumvarpinu, tel ég rétt að kljúfa nefndina og leggja málið fyrir þingið.

Það er sýnt af tillögum Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins og stjórnarfrumvarpinu, að ekkert útlit er fyrir, meðan flokkaskipting er svipuð því sem nú er á Alþingi, að tillögur Alþýðuflokksins um að landið allt verði eitt kjördæmi nái fram að ganga. Eftir atvikum tel ég þá lausn kjördæmamálsins betri en enga, að stjórnarfrumvarpið verði samþykkt, enda fáist sú breyting á frumvarpinu, að uppbótarþingsæti verði tekin af sjálfstæðum landslista hvers flokks, og greiði kjósandi atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista, en fjöldi uppbótarþingsæta hvers flokks fari eftir samanlagðri atkvæðatölu flokksins á landslista hans og atkvæðatölu frambjóðenda flokksins í kjördæmum, á móts við samskonar atkvæðatölu annara flokka. Nánari ákvæði kæmu í kosningalögum. Á þennan hátt mundu flokkarnir í landinu greinast betur og ná atkvæðum sínum, jafnvel þótt ekki væri boðið fram í kjördæmi.

Þá hefi ég borið fram tillögu um, að kosnir verði varaþingmenn bæði í kjördæmum og landskjörnir, sem sjálfsagt virðist.

Vil ég því leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.

a. Við staflið a. Síðari málsgr. falli burt.

b. Stafliður c. hljóði svo:

Allt að 12 þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum á sérstökum landslistum til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem mestu samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er þingmannaefnum flokksins og landslista hans samtals við almennar kosningar, enda greiði kjósandi atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista.

c. Á eftir staflið c. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Varaþingmenn skulu kosnir jafnmargir þingmönnum, samtímis og á sama hátt. Nú deyr þingmaður eða fer frá á kjörtímabilinu, og tekur þá varamaður sæti eftir sömu reglum.

Alþingi, 4. maí 1933.

Héðinn Valdimarsson.

Nd. 551. Nefndarálit

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið sé látið ganga fram. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram breytingartillögur um einstök atriði málsins á síðara stigi þess.

Alþingi, 4. maí 1933.

H. Stefánsson, form., frsm. Jón A. Jónsson, fundaskrifari. Bernh. Stefánsson. Hannes Jónsson.

Nd. 552. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Með frv. er lagt til að lækka útflutningsgjald af nýrri síld ísvarinni og þurrkuðu fiskmjöli.

Nefndin er sammála um, að lækka beri útflutningsgjaldið af ísvarinni síld, enda mun ekki hafa verið gert ráð fyrir þeim útflutningi, þegar lögin voru samþykkt. Hér er um nýja tegund útflutningsvöru að ræða, sem sjálfsagt er að styðja, svo séð verði, hvort hér sé arðvænlegur atvinnuvegur í uppsiglingu. Útflutningsgjald af fiskmjöli er sama og útflutningsgjald af síldarmjöli, og þykir nefndinni ekki ástæða til, að þar sé munur á gerður. Hinsvegar verður að viðurkenna þá starfsemi, sem gengið hefir til þess að framleiða verzlunarvöru úr allskonar fiskúrgangi, sem áður var að mestu fleygt og kom engum að notum. Þeir erfiðleikar, sem þessi framleiðsla á mest við að stríða, er samkeppni erlendra fiskmjölsverksmiðja, sem hafa góða aðstöðu til að flytja fiskúrganginn til útlanda fyrir lítið og vinna hann þar í verksmiðjum sínum á þeim tímum, sem þær hafa minnst að gera. Útflutningsgjald af þurrkuðum fiskúrgangi er 1 kr. af 100 kg., og leggur nefndin til, að það verði hækkað í kr. 2,00. Ætti þessi breyting að koma fiskmjölsverksmiðjunum hér að nálega jafnmiklum notum eins og þó útflutningsgjald væri lækkað á fiskmjölinu. Hyggst n. að gera þá brtt. við frv. á þskj. 362 (útflutningsgjald af síld o. fl.).

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Í stað orðsins „síld“ í 1. gr. laganna komi: hverskonar saltaðri síld.

Alþingi, 4. maí 1933.

H. Stefánsson, form.	Hannes Jónsson, frsm.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.
	Bernh. Stefánsson.	

Nd. 553. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 15 14. júní 1929 (Útflutningsgjald af síld o. fl.).

Frá fjárhagsnefnd.

Með tilvísun til nál. um frv. til l. um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr.
Síðari málsgr. fellur niður, en í stað hennar kemur:
Fyrir „kr. 1,00“ í 5. málsgr. sömu greinar (þurrkaður fiskúrgangur) kemur: kr. 2,00.

Alþingi, 4. maí 1933.

H. Stefánsson, form.	Hannes Jónsson, frsm.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.
	Bernh. Stefánsson.	

Nd. 554. Frumvarp

til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 44 19. maí 1930, um refaveiðar og refarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað orðsins „refarækt“ í fyrirsögn laganna og í fyrirsögn II. kafla þeirra komi: loðdýrarækt.

2. gr.

13. gr. laganna orðist þannig:

Hver sá, er ætlar að setja á stofn refaræktarbú eða annað loðdýraræktarbú, eða stunda refaeldi eða eldi annara loðdýra, hvort heldur til skinnaframleiðslu eða til sölu á lifandi dýrum, þarf til þess leyfi sýslunefndar. Það telst loðdýraræktarbú, þar sem refir eða önnur loðdýr eru alin árlangt, en refaeldi eða loðdýraeldi, þar sem refir eða önnur loðdýr eru alin skemmri tíma, hvort sem fleiri eru eða færri.

3. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

Bannað er að geyma refi eða önnur loðdýr, sem að dómi atvinnumálaráðherra gætu orðið skaðleg ef þau sleppa úr haldi, öðruvísi en í fulltryggum girðingum eða annari öruggri vörzlu. Nú sleppur slíkt dýr úr vörzlu og næst ekki. Skal þá eigandi sæta að minnsta kosti 200 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem sleppur.

4. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um öryggi refagirðinga og annara loðdýragirðinga, geymslu og flutning dýranna og um lækniseftirlit með loðdýraræktarbúum. Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu hafa sérstakt eftirlit með því, að geymsla refa og annara loðdýra sé svo örugg sem reglugerð ákveður.

5. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Ráðherra getur sett tilsvarandi reglur og segir í þessari grein um útflutning annara loðdýra, eftir því sem ástæða kann að þykja til.

6. gr.

Í stað orðanna „refaræktarbú og annað refaeldi“ í 17. gr. laganna komi: loðdýraræktarbú og annað loðdýraeldi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa verið staðfest, skal fella texta þeirra inn í lög nr. 44 1930 og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum atvinnumálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Hin síðari ár hefir verið flutt inn í landið allmikið af loðdýrum, svo sem

silfurrefum, sundmörðum (minkum) nútríum o. fl., og er líklegt, að loðdýrarækt muni aukast á næstu árum. En með því að ekki er óhugsandi, að loðdýr þessi gætu lifað hér vilt og þá orðið að meini, þykir rétt að heimila, að sett verði með reglugerð ákvæði, sem tryggi örugga gæzlu þeirra á líkan hátt og nú má gera um refi.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir ekki ástæða til að fjölyrða.

Nd. 555. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir rætt frumvarpið á 4 fundum og kvatt vegamálastjóra til viðtals um framkomnar breytingar á stjórnarfrumvarpinu upphaflega frá því það var lagt fyrir efri deild, sem og líkur fyrir nokkrum viðaukum frá neðri deild. Telur hann yfirleitt of langt gengið um viðauka fastra þjóðvega, einkum þó þar, sem vegirnir liggja um sveitir og tengja ekki byggðir eða héruð.

Efri deild hefir bætt vegaköflum í þjóðvegatölu, er nema munu 180—190 km., og vill nefndin til nokkurrar jöfnunar milli héraða auka við það 4 nýjum vegum, er samtals munu vera um 100 km. Er megin þessara vega nú í tölu fjallvega og því kostaðir af ríkissjóði, en hinir tengivegir milli sveita.

Alls má ætla, að lengd þjóðvega verði 3380—3400 km., ef tillögurnar verða samþykktar, eða aukning frá stjórnarfrumvarpinu alls um 380 km.

Viðaukarnir eru að sjálfsögðu misjafnlega aðkallandi, en yfirleitt gefur auga leið um það, að flestir eða allir mundu þeir innan tíðar komast í tölu þjóðvega með nýjum breytingum laganna, þótt þeim væri að þessu sinni hafnað. Er líka með 5. gr. frumvarpsins sá liemill fenginn á freklegar kröfur um fé til einstakra vega, sem einsætt er, að beitt verður, þar sem áskilja má, að hlutaðeigandi héruð leggi fram meiri eða minni hluta vegagerðarkostnaðar.

Eftir framansögðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. A. Við greinina bætist:
   16. *Þykkvabæjarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar fyrir vestan Ægisíðu að Hábæ í Þykkvabæ.
2. Við 1. gr. B. Við greinina bætist:
   13. *Bolungavíkurvegur:* Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.
3. Við 1. gr. C. Á eftir 2. tölulið (Hvammstangabraut) komi nýr tölul.:
   Miðfjarðarvegur: Frá vegamótum sunnan Melstaðar að Litlu-Tungu.

4. Við 1. gr. C. Á eftir 8. tölulið komi nýr töluliður:
Mývatnsvegur: Frá Breiðamýri að Skútustöðum.

Alþingi, 5. maí 1933.

Sveinn Ólafsson, form. | Sveinbjörn Högnason, frsm. | Jón Ólafsson, fundaskr.
Jón A. Jónsson. | Hannes Jónsson.

Nd. 556. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild til lántöku til vega- og brúargerða.

Frá samgöngumálanefnd.

Stjórnarfrv. þetta hefir tekið allmiklum breytingum í efri deild og tekur nú til lánsheimildar fyrir ríkisstjórnina vegna nokkurra vegagerða, auk brúabygginga þeirra, sem sízt verður frestað. Þar sem eingöngu er um að ræða innlenda lántöku og hlutaðeigandi héruð þegar hafa safnað og boðið fram talsvert fé til framkvæmdanna, álítur nefndin einsætt, að veita beri lánsheimildina, og mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 4. maí 1933.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. | Jón Ólafsson, fundaskrifari. | Hannes Jónsson, með fyrirvara.
Sveinbjörn Högnason. | Jón A. Jónsson.

Ed. 557. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Orðin „eða banna“ í 12. tölul. falli niður.

Alþingi, 5. maí 1933.

Magnús Torfason, form. | Jónas Jónsson, fundaskrifari og frsm. | Pétur Magnússon.

Nd. **558. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um prestakallasjóð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar telur, að réttara sé að færa frumvarpið í það horf, að fé það, sem ríkissjóði sparast við það, að prestakall er prestslaust, komi viðkomandi prestakalli sjálfu að notum og verði varið til að tryggja það, að kirkjuleg starfsemi leggist þar ekki í auðn.

Fyrir því leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Aftan við fyrri málslið greinarinnar bætist: og er eign hlutaðeigandi prestakalls.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fé því, sem prestakallasjóði áskotnast samkv. 1. gr., skal varið, eftir tillögum kirkjuráðs, til að tryggja eftir föngum, að prestaköllin séu sem sjaldnast prestslaus, svo sem með því að verja því til bygginga á prestssetrunum, til kirkna og annars þess, sem ætla má, að geri prestaköllin eftirsóknarverðari eða bæti aðstöðu til kirkjulegrar starfsemi í þeim. Þó má aldrei verja fé prestakallasjóðs til uppbótar á launum presta.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um prestakallasjóði.

Alþingi, 5. maí 1933.

Sveinbjörn Högnason, frsm.	Guðbr. Ísberg, fundaskr., með fyrirvara. Jóhann Þ. Jósefsson.	Steingr. Steinþórsson, með fyrirvara.

Ed. **559. Breytingartillaga**

við frv. til laga um virkjun Sogsins.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 3. gr. Fyrir orðin „gera þær umbætur“ komi: gera nauðsynlegar umbætur.

Nd. **560. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

Frá Lárusi Helgasyni.

Við 1. gr. A. 12. Nýr liður:
Skaftárósvegur: Frá Skaftárbrú um Seglbúðir að verzlunarhúsinu við Skaftárós.

Ed. **561. Frumvarp**

til laga um læknishéraðasjóði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sé læknishérað læknislaust, svo að eigi komi til greiðslu á embættislaunum, eða hluta þeirra, til þjónandi læknis í því héraði, skulu launin eða launahlutinn með dýrtíðaruppbót renna í sérstakan sjóð, er verður eign hlutaðeigandi héraðs. Við ákvörðun þessarar upphæðar skal jafnan miða við byrjunarlaun eins og þau eru ákveðin í lögum um laun embættismanna.

Nú kemur ekki til útborgunar allt það fé, sem áætlað er í fjárlögum sem læknisvitjanastyrkur handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, og rennur þá það, sem afgangs verður af áætluðu fé til hvers héraðs, í sjóð þess.

2. gr.

Sjóðir þeir, sem stofnaðir eru samkvæmt 1. gr., nefnast læknishéraðasjóðir. Skulu þeir vera í vörzlu og undir umsjá ráðherra, sem sér um, að fé þeirra sé jafnan handbært og ávaxtað á tryggum stað.

3. gr.

Fé læknishéraðasjóða skal varið til þess að tryggja eftir föngum, að héruðin séu sem sjaldnast læknislaus, svo sem með því að leggja það til læknisbústaða eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héruðin eftirsóknarverðari fyrir lækna eða horfi til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins. Þó má aldrei verja fé læknishéraðasjóða til uppbótar á launum lækna.

4. gr.

Landlæknir gerir, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi héraðsbúa, tillögur um fjárveitingar úr læknishéraðasjóðum, en ráðherra tekur ákvarðanir um þær.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Nd.

562. Nefndarálit

um frv. til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá 2. minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Þó að langt sé liðið síðan nefndin í stjórnarskrármálinu var kosin, hefir hún ekki haldið nema þrjá fundi, og því hefir ekki verið kostur á að ræða málið mikið í nefndinni. Á hinn bóginn er málið þaulrætt og lítil von um árangur af athugunum í nefnd.

Í nefndinni hefir ekki farið fram endanleg atkvæðagreiðsla um málið, en með því að nú er áliðið þings og ekki líkur til þess, að samkomulag náist um afgreiðslu málsins frá nefnd, sjáum við, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, ekki ástæðu til þess að bíða með álit okkar í málinu.

Krafa sjálfstæðismanna um réttlátt kosningafyrirkomulag hefir svo oft verið rökstudd opinberlega, bæði í ræðu og riti, og þá einkum í nefndaráliti fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í milliþinganefndinni, er um málið fjallaði, að fullvíst má telja, að hún sé öllum kunn, er með landsmálum fylgjast. Verða þau rök, er að henni hníga, því ekki endurtekin hér.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er krafa þessi, um jafnrétti til áhrifa á val alþingismanna, hvaða landsmálaflokki sem menn fylgja, viðurkennd. Á hinn bóginn brestur allmikið á, að séð sé fyrir því, að fullur árangur fáist af þessari viðurkenning í reyndinni. Frumvarpið ber skýr merki þeirra átaka, sem verið hafa um þetta mál. Það er ávöxtur langra og erfiðra tilrauna til þess að ná samkomulagi milli þeirra manna og flokka, sem hafa á því ólíkar skoðanir, en vilja þó leiða það til lykta á þann hátt, sem allir geti eftir atvikum sætt sig við.

Á öndverðu þingi, þegar frumvarpið var lagt fram, var því lýst yfir af Sjálfstæðisflokknum, að það fæli í sér svo miklar réttarbætur frá því, sem verið hefir, að því bæri að taka með velvilja sem nothæfum samningsgrundvelli í málinu. Hinsvegar var þá þegar vakin athygli á ýmsum göllum frumvarpsins, er bæta þyrfti úr. Í framhaldi af því leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.

1. Við staflið a.
   a. Aftan við 1. málsgr. bætist: svo og ákveða, að fjölmennustu kjördæmin utan Reykjavíkur skuli vera tvímenningskjördæmi.
   b. Við liðinn bætist ný málsgr.:

      Ákveða má með lögum, að hlutfallskosning sé viðhöfð þar, sem kjósa á fleiri þingmenn en einn í kjördæmi. Skal þá kjósa jafnmarga varamenn samtímis.

2. Við staflið c. 2. málsliður, „kosningu hljóta .... kosningu í kjördæmi“, fellur niður.

Alþingi, 5. maí 1933.

Magnús Jónsson, frsm. Ólafur Thors.

Ed. 563. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um leigu á síldarbræðslustöð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi heimilar ríkisstjórninni að kaupa síldarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði, ef þess er kostur með hagkvæmum kjörum, eða að öðrum kosti að taka á leigu og starfrækja síldarbræðslustöð, sem ella mundi verða óstarfrækt, næsta síldveiðitímabil, á Siglufirði eða annarsstaðar, enda sé stöðin þá að öllu leyti í rekstrarhæfu ásigkomulagi frá hendi eiganda og áhætta í sambandi við reksturinn ekki óhæfilega mikil að dómi ríkisstjórnar.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um kaup eða leigu á síldarbræðslustöð.

Nd. 564. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að flytja inn nautgripi af brezku holdakyni.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí).

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að láta flytja inn nautgripi af brezku holdakyni, til hreinræktar og blendingsræktar hér á landi.

Kaupverð gripanna og annar kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Framkvæmd laganna og öll mál, sem standa í sambandi við þau, heyra undir atvinnumálaráðherra í samráði við Búnaðarfélag Íslands, rannsóknarstofu atvinnuveganna og dýralækna landsins, einkum dýralækninn í Reykjavík.

2. gr.

Vilji ríkisstjórnin nota heimild þá, sem henni er veitt í 1. gr., til innflutnings nautgripa, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands um það, hvert eða hver kyn skal flytja inn, og má þá eigi flytja inn önnur kyn en þau, sem það mælir með.

3. gr.

Nú eru nautgripir fluttir inn í landið samkvæmt heimild í lögum þessum, og gilda þá, eftir því sem við getur átt, öll hin sömu ákvæði um heilbrigði hinna innfluttu gripa, einangrun og sóttvarnir, sem sett eru í lögum nr. 27 8. sept. 1931, svo og ákvæði þeirra laga um brot og sektir.

4. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara setur atvinnumálaráðherra með reglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 565. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 3. gr. A. Sundurliðun. Póstsjóður I. 2. (Póstflutningar). Fyrir „280000“ kemur	260000
2.	Við 3. gr. A. Sundurliðun. Síminn II. a. (Einkasímar). Fyrir „25000“ kemur	30000
3.	Við 9. gr. 2. (Yfirskoðun ríkisreikninga). Fyrir „4000“ kemur	3600
4.	Við 12. gr. 16. c. (Læknisbústaður á Reykhólum). Liðurinn fellur burt.	
5.	Við 12. gr. 16. m. (Gísli Kristjánsson). Liðurinn fellur burt.	
6.	Við 12. gr. 16. n. (Styrkur til hælisvistar fávita). Liðurinn fellur burt.	
7.	Við 13. gr. A. II. a. 18. Nýr liður: Úthéraðsvegur	6000
8.	Við 13. gr. A. XI. (Vöruflutningastyrkur). Fyrir „20000“ kemur	12000
9.	Við 13. gr. A. XII. (Gisting ferðamanna). Fyrir „3000“ kemur	3200
10.	Við 13. gr. C. I. 2. Nýr liður: Til Benedikts Jónassonar, vangoldið frá fyrri árum	661
11.	Við 13. gr. C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur). Fyrir „31000“ kemur	13000
12.	Við 14. gr. A. b. 6. Nýr liður: Til húsabóta á prestssetrum	24000
13.	Við 14. gr. A. b. 7. (Kvennabrekkusöfnuður). Fyrir „3000“ kemur	2000

14. Við 14. gr. B. I. a. (Laun við háskólann).
a. Fyrir „101900“ kemur 102400
b. Fyrir „2500“ í aths. kemur: 3000.
15. Við 14. gr. B. II. c.—g. (Nafnbundnir námsstyrkir erlendis).
Liðirnir falla burt.
16. Við 14. gr. B. V. b. 1. (Aukakennarar og stundakennsla við menntask. á Akureyri).
Fyrir „20000“ kemur 21000
17. Við 14. gr. B. V. b. 7. (Viðhald við sama skóla). Liðinn skal orða svo:
Til viðhalds og endurbóta 10000
18. Við 14. gr. B. X. f. (Verklegt nám erlendis).
Liðurinn fellur burt.
19. Við 14. gr. B. XIV. 1. c. 4. (Eiðaskóli, viðhald).
Fyrir „1700“ kemur 4000
20. Við 14. gr. B. XV. 2. (Húsmæðrafræðsla á Hallormsstað).
Fyrir „7000“ kemur 8000
21. Við 14. gr. B. XV. 4. Nýr liður:
Til Bjargar C. Þorlaksson 1000
22. Við 14. gr. B. XXIII. (Sína Ásbjörnsdóttir).
Liðurinn fellur burt.
23. Við 15. gr. 13. Liðinn skal orða svo:
Til bókasafns Bilddæla 500
24. Við 15. gr. 17. (Leikfélag Rvíkur). Við meginmál liðarins bætist:
Styrkurinn er og því skilyrði bundinn, að menntamálaráðið samþykki starfsskrá félagsins.
25. Við 15. gr. 36 (Oddur Oddsson).
Liðurinn fellur burt.
26. Við 15. gr. 37. (Baldvin Jónatansson).
Liðurinn fellur burt.
27. Við 15. gr. 41 (Þórður Flóventsson).
Liðurinn fellur burt.
28. Við 15. gr. 44 (Skáksambandið).
Liðurinn fellur burt.
29. Við 16. gr. 7. (Ræktunarvegur í Vestmannaeyjum).
Fyrir „10000“ kemur 6000
30. Við 16. gr. 8 (Ræktunarvegur í Hornafirði).
Liðurinn fellur burt.
31. Við 16. gr. 9. (Ræktunarvegur á Akranesi).
Liðurinn fellur burt.
32. Við 16. gr. 10 (Ræktunarvegur á Seyðisfirði).
Liðurinn fellur burt.
33. Við 16. gr. 17. h. Nýr liður:
Til jarðskjálftamælinga 600
34. Við 16. gr. 23. e. (Eiríkur Bjarnason).
Liðurinn fellur burt.

35. Við 16. gr. 25. Nýr liður:
Til undirbúnings „íslenzku vikunnar“ 2000
36. Við 16. gr. 36. Nýr liður:
Til sambands breiðfirzkra kvenna 250
37. Við 16. gr. 40. Liðinn skal orða svo:
Til vinnumiðstöðvar kvenna, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, allt að 1600
38. Við 16. gr. 41. (Sigrún Kjartansdóttir).
Liðurinn fellur burt.
39. Við 17. gr. 7. (Slysavarnir).
a. Fyrir „15000“ kemur 8000
b. Síðari málsgr. athugasemdarinnar fellur burt.
40. Við 17. gr. 10 (Stórstúkan).
Orðin „og til Péturs Sigurðssonar 3500 kr.“ falla burt.
41. Við 17. gr. 18. Liðinn skal orða svo:
Til sjúkrasjóðs verkamannafélags Akureyrar og verklýðsfélags Akureyrar, að helmingi til hvors 300
42. Við 18. gr. II. d. 43. Nýr liður:
Til Sigríðar Helgadóttur 300
43. Við 18. gr. II. e. 4. (Elín Briem).
Fyrir „300“ kemur 600
44. Við 22. gr. I. Liðinn skal orða svo:
Að kaupa því verði, er dómkvaddir menn meta, íbúðarhús sýslumannsins í Borgarnesi.
45. Við 22. gr. VII. Liðinn skal orða svo:
Að endurgreiða úr lífeyrissjóði embættismanna þeim Jóni Halldórssyni fyrrv. ríkisféhirði, Sigurði Kristjánssyni ritstjóra og Lárusi Bjarnasyni skólastjóra það fé, án vaxta, sem þeir hafa greitt í sjóðinn.
46. Við 22. gr. VIII. (Húsabætur á prestssetrum).
Liðurinn fellur burt.
47. Við 22. gr. X. (Styrkur til útvarpsnotenda).
Liðurinn fellur burt.
48. Við 22. gr. XI. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 30 þús. kr. lán fyrir rannsóknarstofu háskólans, vegna húsbyggingar.
49. Við 22. gr. XV. Liðinn skal orða svo:
Að ábyrgjast allt að 60 þús. sterlingspunda lán, sem Eimskipafélag Íslands tekur í Englandi til greiðslu á skuldum félagsins í Danmörku, ásamt afborgunum í Hollandi, enda verði lánið tryggt með fyrsta veðrétti í eftirtöldum skipum félagsins: Gullfossi, Goðafossi, Dettifossi og Lagarfossi.

Nd. 566. Breytingartillögur

við frv. til laga um alþýðuskóla á Eiðum.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin fellur niður.
2. Við 2. gr. Greinin fellur niður.
3. Við 3. gr., sem verður 1. gr. Framan við greinina kemur: 3. gr. laga nr. 36 1917 skal orða svo:
4. Við 4. gr., sem verður 2. gr. Framan við greinina kemur: 4. gr. laganna skal orða svo:
5. Við 5. gr., sem verður 3. gr. Framan við greinina kemur: 5. gr. laganna skal orða svo:
6. Við 6. gr., sem verður 4. gr. Framan við greinina kemur: 6. gr. laganna orðist svo:
7. Við 7. og 8. gr. Greinarnar verða 5. og 6. gr.
8. Við 9. gr., sem verður 7. gr. Greinina skal orða svo:
   Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 27. júní 1921.
9. Fyrirsögn frv. verður:
   Frumvarp til l. um breyting á l. nr. 36 20. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs.

Ed. 567. Frumvarp

til laga um löggæzlu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fyrirskipa bæjum, þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, að hafa allt að tveimur starfandi lögregluþjónum á hverja 1000 íbúa í bænum.

2. gr.

Þar, sem ríkisstjórnin gerir slíka ráðstöfun, skal ríkissjóður greiða ⅙ hluta kostnaðar við lögreglu og löggæzlu bæjarins, þó eigi fyrr en að minnsta kosti einn lögregluþjónn kemur á hverja 700 íbúa. ⅙ lögregluliðsins í Reykjavík skal vera sérstök deild og starfa sem löggæzlumenn ríkisins á venjulegum tímum.

Í öðrum bæjum ræður ríkisstjórnin yfir starfskröftum lögreglunnar í hlutfalli við framlög, eftir því sem nánar má ákveða með reglugerð. Löggæzlumenn ríkisins skulu m. a. starfa að undirbúningi sakamálsrannsókna, eftirliti með umferð á þjóðvegum, útlendingum, áfengislöggjöf og því að halda uppi reglu á mannfundum utan bæjanna.

Ríkisstjórninni er og heimilt að semja við hlutaðeigandi bæjarfélög um, að löggæzlumenn ríkisins taki að sér störf í þágu bæjarfélaganna gegn endurgjaldi.

3. gr.

Löggæzlumenn ríkisins skulu, hvenær sem lögreglustjórar telja þess þörf, aðstoða lögreglulið bæjanna til að halda uppi löggæzlu og reglu.

Ef lögreglustjórar óska, er ríkisstjórninni heimilt að skipa þeim fulltrúa eða yfirlögregluþjón til að stjórna löggæzlumönnum ríkisins um stundarsakir eða til langframa.

4. gr.

Lögregluna má ekki nota til þess að hafa önnur afskipti af venjulegum vinnudeilum en að halda þar eins og annarsstaðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

5. gr.

Skipshafnir varðskipanna teljast til ríkislögreglunnar. Heimilt er ráðherra að ákveða, að tollverðir skuli teljast til ríkislögreglu og inna af hendi störf í hennar þarfir.

6. gr.

Þegar sérstaklega stendur á og bæjarfélag telur nauðsynlegt fyrir öryggi í bænum, að lögreglulið bæjarins sé aukið meir en segir í 1. gr., getur bæjarfélagið bætt við varalögreglumönnum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að greiða allt að helmingi þess kostnaðar, sem leiðir af aukningunni, en þó eigi hærri fjárhæð en sem nemur ¼ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.

7. gr.

Löggæzlumenn, hvort sem eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru sýslunarmenn ríkisins. Þeir eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, er þeir verða fyrir vegna starfsins.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði óhjákvæmilegan kostnað samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 568. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

Frá Hannesi Jónssyni.

Við 1. gr. C. Á undan 2. tölulið (Hvammstangabraut) komi nýr töluliður:
Reykjatangavegur: Frá Reykjum að Reykjaskóla.

Nd. **569. Frumvarp**

til laga um samþykktir um sölu mjólkur og rjóma í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

Flm.: Ólafur Thors, Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum hér á landi, þar sem fram fer sala á mjólk og rjóma frá fullkomnum mjólkurbúum, er viðurkennd hafa verið af atvinnumálaráðherra, skal óheimilt að selja þessar vörur ógerilsneyddar. Undanþegin þessu banni skulu þó fullkomin mjólkurbú, er að dómi atvinnumálaráðherra hafa sérstaka aðstöðu til þess að hreinsa mjólkina á annan hátt og koma henni óskemmdri á markaðinn.

Ákvæði fyrri málsgreinar taka ekki til svonefndrar barnamjólkur né til þeirrar mjólkur, sem framleidd er innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og framleiðandi selur utan mjólkurbúðar beint til neytenda, enda skulu um slíka sölu sett ákvæði í reglugerð, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd semur og atvinnumálaráðherra staðfestir, og má þar ákveða sektir til bæjar- eða sveitarsjóðs fyrir brot gegn henni, allt að 500 kr. Brot gegn ákvæðum fyrri málsgreinar varða og sektum til sama sjóðs, allt að jafnhárri upphæð.

2. gr.

Mjólkurframleiðendur á stærri eða minni svæðum, sem selja mjólk og rjóma í kaupstöðum eða kauptúnum frá viðurkenndum mjólkurbúum, geta gert með sér samþykktir um skipulag sölu á þessum vörum í ákveðnum kaupstöðum eða kauptúnum.

Slík svæði nefnast sölusvæði, og geta fleiri en einn kaupstaður eða kauptún verið innan slíks sölusvæðis.

Mjólkurbú innan sömu sölusamtaka má þó ekki vera fjær sölustað en 70 km. og félagar þess ekki fjær en 130 km. frá sölustaðnum.

Nú óskar stjórn mjólkurbús eða mjólkurbúa á svæði því, sem samþykkt er ætlað að ná yfir, að slík samþykkt sé gerð, og skal þá, með nægum fyrirvara, boða til fundar um málið öll mjólkurbú á svæðinu og senda þeim samþykktarfrumvarpið til athugunar, en hvert bú kýs sér fulltrúa til þess að fara með atkvæði á fundinum fyrir þess hönd, og hafa fulltrúar hvers bús atkvæðisrétt í hlutfalli við mjólkurmagn þess á síðastliðnu almanaksári. Eigi verður samþykkt gerð nema henni hafi goldið jákvæði fulltrúar, er samtals hafa yfir að ráða að minnsta kosti 75% af samanlögðu mjólkurmagni allra búanna. Nú nær samþykktarfrumvarp tilskildu atkvæðamagni, og skal það þá sent atvinnumálaráðherra til staðfestingar ásamt staðfestu eftirriti af fundargerðinni, umboðum fulltrúanna og öðrum skilríkjum. Ef ráðherra þykir samþykktin fara í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, synjar hann um staðfestingu, endursendir frumvarpið og tilgreinir ástæður fyrir synjaninni. Að öðrum kosti stað-

festir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykkt fellur niður með hæfilegum fyrirvara, sem þar skal ákveðinn, ef mjólkurbú eða umboðsmenn mjólkurbúa, sem hafa yfir að ráða að minnsta kosti 35% af samanlögðu mjólkurmagni allra búanna, krefjast þess. En samþykkt verður ekki breytt á annan hátt en til hennar var stofnað.

Í samþykkt má ákveða sektir, allt að 1000 kr., fyrir brot gegn henni, og skulu þær sektir renna í verðjöfnunarsjóð, sbr. 3. gr.

3. gr.

Nú er samþykkt gerð samkv. 2. gr., og skal þá stofna verðjöfnunarsjóð fyrir hvert sölusvæði. Í hann skal renna ákveðið gjald af hverjum mjólkurlítra, sem seldur er sem neyzlumjólk á sölustað eða sölustöðum samtakanna. Gjald þetta skal ákveðið í samþykktinni og má aldrei vera hærra en 5% af útsöluverði gerilsneyddrar mjólkur. Sama gjald skal og greiða í verðjöfnunarsjóð af barnamjólk þeirri, sem seld er frá félagsmönnum í mjólkurbúum þeim, er samþykktin nær til.

Skylt er þeim, er mjólk framleiða innan takmarka sölusvæðis, sem samþykkt er gerð fyrir, og selja hana þar beint frá heimilum sínum til neytenda, að greiða sama gjald til verðjöfnunarsjóðs af hverjum mjólkurlítra, sem ákveðið hefir verið í samþykkt, og skal þá miðað við 2500 lítra ársnyt úr hverri kú.

Gjald til verðjöfnunarsjóðs skal greitt í byrjun hvers mánaðar eftir á til gjaldkera sjóðsins, og er lögtakskræft.

4. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal varið til greiðslu uppbótar á verði seldra mjólkurafurða innan sölusvæðisins til framleiðenda, sem eru í fullkomnum mjólkurbúum og starfa undir skipulagi samkv. 2. gr., eftir nánari ákvæðum samþykkta þeirra, sem þar um getur. Í þeim samþykktum skal og nánar kveðið á um fyrirkomulag og stjórn sjóðsins.

5. gr.

Nú er samþykktum komið á samkv. 2. gr., og skal þá skipuð 7 manna nefnd til þess að ákveða útsöluverð mjólkur á samlagssvæðinu og skera úr ágreiningi, sem rísa kann milli seljenda annarsvegar og bæjarstjórnar eða hreppsnefndar hinsvegar, svo framarlega sem þau mál heyra ekki undir úrskurð dómstólanna. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af framleiðendum, þeim er hlut eiga að máli, samkv. nánari ákvæðum, er setja má í samþykkt, 2 af bæjarstjórn eða hreppsnefnd og 3 skipaðir af atvinnumálaráðherra.

6. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og samþykktum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því tvennu:

1. Að bæta hollustuhætti um meðferð mjólkur í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem því verður við komið, með því að fyrirskipa, að þar verði aðallega seld gerilsneydd mjólk og hreinsuð. Mjólk, sem framleidd er innan kaupstaðar eða kauptúns og seld þar beint til neytenda, er þó undanþegin þessu ákvæði, en þó að sjálfsögðu látin vera háð heilbrigðiseftirliti.
2. Að styðja að skipulagningu um mjólkursölu og gera með því kleift að draga úr hinum gífurlega kostnaði, sem leggst á mjólkina með þeirri tilhögun, sem nú er á útsölum.

Frumvarpið er fram komið fyrir tilmæli Mjólkurbandalags Suðurlands, en í því eru öll sunnlenzku mjólkurbúin.

Fyrir einstökum atriðum frumvarpsins verður gerð nánari grein í framsögu.

Nd. 570. Frumvarp

til laga um Kreppulánasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. júlí 1933 til 31. des. 1940 skulu vaxtagreiðslur þær, sem Búnaðarbanki Íslands á að inna af hendi til ríkissjóðs, renna í sérstakan sjóð, er nefnist Kreppulánasjóður.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að gefa út ríkisskuldabréf að upphæð allt að 8 millj. kr., tryggð með ábyrgð ríkisins. Vextir af bréfunum skulu vera 4,5%. Bréfin skulu gefin út til 40 ára, og innleysist 1/40 þeirra á ári.

Fjármálaráðherra setur reglur um gerð, upphæð og útdrátt bréfanna.

Skuldabréf þessi eru höfuðstóll Kreppulánasjóðs auk framlags þess, sem um getur í 1. gr., og skulu þau með nafnverði vera fullgildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum eldri en frá 1. janúar 1933, að því leyti sem þær eru ekki fulltryggðar með fasteignarverði eða handveði.

3. gr.

Fé sjóðsins skal varið til lánveitinga handa bændum og öðrum, er reka landbúnað sem aðalatvinnuveg, með þeim nánari skilyrðum, er í lögum þessum greinir.

Lán og greiðslur úr sjóðnum fara fram sumpart í reiðu fé, sumpart í ríkisskuldabréfum, eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

4. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum eru þessi:

1. Að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg.
2. Að hann hafi þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum.
3. Að skuldir hans í hlutfalli við eignir séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum ókleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli. Við mat á því skal tekið sérstakt tillit til, hvort eignirnar eru arðberandi eða óarðbærar (t. d. hús á jörðu).
4. Að umsækjandi að dómi sjóðsstjórnarinnar sé vel hæfur til að reka landbúnað.
5. Að hann geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda, enda séu lán þessi ásamt skuldum þeim, sem samið er um samkvæmt 12. gr., forgangsskuldir næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum.
6. Að hann geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefir fengið stuðning samkvæmt lögum þessum, samhliða heilbrigðum búrekstri.

5. gr.

Til aðstoðar sjóðsstjórninni um að afla gagna til ákvarðana um lánveitingar skal skipa þriggja manna nefnd í hverri sýslu. Skal einn skipaður af sjóðsstjórninni, annar af hlutaðeigandi sýslunefnd, en atvinnumálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Sýslunefnd ákveður, hver skuli vera þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra. Skal greiða til hvers 5 kr. á dag upp í dagkaup og ferðakostnað úr Kreppulánasjóði, en sýslusjóður skal greiða þann kostnað, er verður fram yfir það.

6. gr.

Umsóknir um lán úr Kreppulánasjóði, stílaðar til sjóðsstjórnarinnar, skulu sendar hlutaðeigandi héraðsnefnd, sem afgreiðir þær þegar til sjóðsstjórnarinnar með rökstuddri umsögn um, hvort hún telji, að umsækjendur geti komið til greina um lánveiting. Ennfremur skal héraðsnefnd útvega og senda sjóðsstjórninni eftirfarandi gögn svo fljótt sem verða má:

1. Sundurliðaða skrá um eignir lánbeiðanda og mat héraðsnefndar á þeim, byggt á síðasta skattaframtali. Sé þar nákvæmlega fram tekið, hverjar fasteignir hans eru, hve mikið hann á af hverri tegund búpenings, vélar og verkfæri, kröfur á aðra og annað, sem máli skiptir.
2. Sundurliðaða skrá yfir lánardrottna lánbeiðanda, og skal þar greina skuldarupphæð, hvort skuld er tryggð með veði eða ábyrgð, og hver tryggingin er, gjalddaga, afborgunarskilmála, greiðslukjör o. fl.
3. Sundurliðaða skrá yfir ábyrgðir lánbeiðanda, og skal þar greina, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldunum, og þess getið, hverjar líkur eru fyrir, að ábyrgðirnar falli á lánbeiðanda.
4. Vottorð hreppstjóra um, hve lengi lánbeiðandi hefir rekið búskap, og hvar.

5. Drengskaparyfirlýsing lánbeiðanda um, að allar upplýsingar séu gefnar eftir beztu vitund.
6. Rökstutt álit héraðsnefndar um aðstöðu lánbeiðanda til búrekstrar, þar á meðal fjölskyldustærð og framfæringatölu, fólksafla og afkomumöguleika.
7. Upplýsingar um aðstöðu til markaðs fyrir búsafurðir hans og um hlunnindi.
8. Álit héraðsnefndar um það, undir hve háum greiðslum vaxta og afborgana lánbeiðanda sé unnt að standa, samhliða lífvænlegum búrekstri.
9. Aðrar upplýsingar, sem sjóðsstjórnin kann að óska eftir.

7. gr.

Þegar eftir að sjóðsstjórnin hefir fengið tillögur héraðsnefndar tekur hún ákvörðun um það, hvort lánbeiðandi geti komið til greina við lánveiting. Skal hún þá láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir um að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins, með sex vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem eigi hefir lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar meðan á samningaumleitunum stendur færir líkur fyrir, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er sjóðsstjórninni þó heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests. Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem taldar eru fram samkvæmt 6. gr. 2. lið, skal sjóðsstjórnin sannprófa, hvort framtalið er rétt.

8. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal sjóðsstjórnin svo fljótt sem því verður við komið taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita lánbeiðanda lán úr Kreppulánasjóði. Telji hún, að umsækjandi geti eigi komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti.

9. gr.

Nú telur stjórn Kreppulánasjóðs, að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem lög þessi setja fyrir lánveitingum úr sjóðnum, og skal hún þá svo fljótt sem auðið er semja frumvarp til skuldaskila fyrir hann. Í frumvarpi skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningnum er eigi ætlað að ná til, og getið tryggingа fyrir þeim, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta skuldunaut er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

10. gr.

Þegar eftir að samningsfrumvarp það, sem í 9. gr. getur, er fullsamið, skal sjóðsstjórnin með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum þeim lánardrottnum, er kröfu hafa lýst í búið, og boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara. Samtímis skal skuldunaut sjálfum tilkynnt efni samningsins, og skal hann innan fimm daga frá því tilkynning barst honum í hendur segja til um, hvort

hann treystist til að ganga að honum. Sé svar neitandi, skal fundarboð afturkallað í tæka tíð. Þangað til fundurinn er haldinn skal frumvarp eða staðfest afrit af því liggja skuldheimtumönnum til sýnis í skrifstofu sjóðsins.

11. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er í 10. grein getur, skal sjóðsstjórnin leggja fram samningsfrumvarp, svo og nákvæman efnahagsreikning skuldunauts, staðfestan af stjórn sjóðsins. Skuldheimtumenn eiga heimting á að fá sérhverjar upplýsingar um hag skuldunauts, er sjóðsstjórnin getur í té látið. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar, hefir sjóðsstjórnin heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hún telur þær verulega máli skipta. Að öðrum kosti ber stjórnin frumvarpið undir atkvæði skuldheimtumanna þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

12. gr.

Hljóti frv. atkvæði svo margra skuldheimtumanna, að þeir hafi ráð yfir meira en helmingi þeirra krafna, er samningnum er ætlað að ná til, hefir sjóðsstjórnin heimild til að staðfesta það, og er það þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði móti því, eða eigi mætt á fundi. Leysir það þá skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

13. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur skal sjóðsstjórnin ganga frá lánsskjölum og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningurinn kveður á um.

14. gr.

Samningur haggar eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á skuldunaut.

15. gr.

Samningurinn hefir engin áhrif á þær kröfur, er hér greinir:

1. Skuldir tryggðar með fasteignaveði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati því, sem lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins.
2. Skuldir tryggðar með handveði. Gildir að öllu hið sama um þær og hinar, sem taldar voru undir 1. lið.
3. Forgangskröfur samkv. 8. kap. skiptalaganna, að svo miklu leyti sem eigur skuldunauts teljast hrökkva fyrir þeim.
4. Skuldir tryggðar með lausafjárveði, stofnaðar fyrir 1. jan. 1933, að svo miklu leyti sem veðið hrekkur fyrir þeim. Komi það hinsvegar í ljós, að

skuldin sé hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati því á eigum skuldunauts, sem lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins.

16. gr.

Frá því að skuldunautur hefir sent lánbeiðni til sjóðsstjórnarinnar og þangað til samningaumleitunum endanlega er lokið, má skuldunautur eigi greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi, nema um veðkröfur eða ótvíræðar forgangskröfur sé að ræða. Hann má ekki heldur selja né veðsetja eignir sínar, umfram venjulega afurðasölu og til tryggingar rekstrarlánum, né gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Komi í ljós eftir að samningur hefir verið staðfestur, að skuldunautur hefir brotið ákvæði greinar þessarar, er sjóðsstjórninni heimilt að ógilda samninginn og endurheimta lánið án fyrirvara, ef útborgað hefir verið. Það fé, er skuldheimtumenn þegar hafa tekið á móti, verður eigi endurheimt.

17. gr.

Frá því að skuldainnköllun er útgefin og þangað til samningaumleitunum er lokið, má enginn af skuldheimtumönnum gera aðför hjá skuldunaut, né heldur verður bú hans tekið til gjaldþrotaskipta á sama tíma. Nú takast eigi samningar og bú skuldunauts er tekið til gjaldþrotaskipta áður en sex mánuðir eru liðnir frá því samningaumleitunum lauk og við skiptin kemur það í ljós, að skuldunautur hefir brotið gegn ákvæðum 16. gr., og má þá með málsókn rifta þeim samningum eða greiðslum, er ólöglega hafa fram farið, samkv. reglum gjaldþrotaskiptalaga, enda sé málsókn hafin innan sex vikna frá því búskipti byrja. Tímabilið frá því að skuldarinnköllun er útgefin og þangað til samningsumleitunum er lokið telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar né neinna réttaraðgerða.

18. gr.

Lánum úr Kreppulánasjóði skal varið einungis til greiðslu á skuldum lántakanda, og verða þau veitt gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar. Lánin er heimilt að veita til allt að 12 ára, og nemur þá árgjald, vextir og afborgun 5 af hundraði.

Þó skal það áskilið, að ef efnahagur lántakanda breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma, að dómi sjóðsstjórnar, þá geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu.

Ennfremur skal það áskilið, að ef lántakandi breytir um atvinnuveg, þá sé sjóðsstjórninni heimilt að segja láninu upp.

Gjalddagi skal vera 15. nóv. ár hvert. Ef ekki eru gerð skil á árgjaldi fyrir 31. des. næst á eftir gjalddaga, er lánið allt fallið í gjalddaga, og ber stjórn sjóðsins þá að gera nauðsynlegar ráðstafanir til innheimtu þess.

19. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs fram til 31. desember 1934 skipa þrír menn, aðalbankastjóri Búnaðarbankans og tveir menn, er atvinnumálaráðherra skipar eftir

tilnefningu landbúnaðarnefnda Alþingis. En eftir þann tíma skal stjórn Búnaðarbankans falin stjórn sjóðsins án endurgjalds.

Búnaðarbankinn hefir á hendi afgreiðslu sjóðsins og reikningshald. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbankans, úrskurðaðir af atvinnumálaráðherra og birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

20. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs er heimilt að taka lán til þess að flýta fyrir starfsemi sjóðsins, en þó aldrei meira en svo, að öruggt sé, að lánin verði endurgreidd með því fé, er til sjóðsins á að falla samkv. 1. gr.

21. gr.

Lánveitingum úr Kreppulánasjóði skal vera lokið fyrir 31. desember 1934.

22. gr.

Frá 1. janúar 1941 skulu öll árgjöld Kreppulánasjóðs, að frádregnum rekstrarkostnaði sjóðsins, endurgreidd ríkissjóði við reikningslok hvers árs.

23. gr.

Heimilt er stjórn Kreppulánasjóðs, með samþykki ráðherra, að greiða úr sjóðnum afborganir og vöxtu af fasteignaveðslánum bænda, eftir því sem ákveðið kann að verða með sérstökum lögum.

24. gr.

Í reglugerð fyrir Kreppulánasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins, starfrækslu og dráttarvexti, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 571. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um virkjun Sogsins.

Frá Einari Árnasyni og Ingvari Pálmasyni.

Við 4. gr. Fyrir „7“ koma: 4.

Nd. **572. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 15 14. júní 1929 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 1. gr.

a. 2. málsgr. orðist svo:

Í stað orðanna „fiskmjöli þurrkuðu“ í 2. málsgr. sömu greinar kemur: sólþurrkuðu fiskmjöli.

b. Á eftir koma 2 nýjar málsgr.:

Aftan við 5. málsgr. sömu greinar komi ný málsgr.:

Af hverjum 100 kg. af eldþurrkuðu fiskmjöli kr. 0,50.

Ed. **573. Frumvarp**

til laga um eftirlit með sparisjóðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fela stjórn Landsbanka Íslands að láta starfslið bankans endurskoða alla sparisjóði landsins einu sinni á ári og gefa árlega út yfirlitsskýrslu um hag sjóðanna.

2. gr.

Lög nr. 48 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum, skulu úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **574. Lög**

um viðauka við lög um veð, nr. 18 4. nóv. 1887, og lög um viðauka við þau lög, nr. 34 31. maí 1927.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 34 31. maí 1927 (4. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887) komi:

Ákvæði 89. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, gilda eigi um veðrétt þennan, að undanteknum kröfum þeim, er um ræðir í 3. og 5. lið 83. greinar þeirra laga.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887 komi:

Svo er og þeim, er veðsetur skrásett skip, rétt að semja svo um, að skipinu skuli, auk venjulegs fylgifjár, fylgja aðrir lausafjármunir, sem ætlaðir eru til notkunar á skipinu, svo sem kola- og olíubirgðir þær, sem í skipinu eru í hvert skipti, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 575. Lög

um eignarnámsheimild á landi við Skerjafjörð.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að láta taka eignarnámi um 80 hektara landsvæði, sem liggur suðvestan í og vestan við Öskjuhlíð hér í bænum, en landsvæði þetta er nú þinglesin eign The Harbours and Piers Association.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 576. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ammendrup, Paul Christoffer, fæddur í Danmörku.
2. Augustsen, Bjarne August, fæddur í Noregi.
3. Brynjólfur Björnsson, fæddur í Danmörku.
4. Honningsvaag, Petter Matthias, fæddur í Noregi.
5. Jensen, Frede, fæddur í Danmörku.
6. Kobbelt, Eduard August, fæddur í Þýzkalandi.
7. Kristensen, Arne, fæddur í Noregi.
8. Nielsen, Niels Christian, fæddur í Danmörku.
9. Olsen, Jentoft G. H., fæddur í Noregi.
10. Olsen, Simon Andreas, fæddur í Noregi.
11. Pedersen, Hagerup M. S., fæddur í Noregi.
12. Rönning, Johan, fæddur í Noregi.
13. Vidnes, Peder R. S. Olsen, fæddur í Noregi.

Nd. 577. Frumvarp

til laga um útflutning saltaðrar síldar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sérhver tunna saltaðrar síldar, sem út er flutt, skal vera auðkennd með orðinu „Ísland“ á öðrum botni tunnunnar, ásamt einkennisstöfum eða firmanafni útflytjanda þess, er í hlut á.

2. gr.

Bannað er að afvatna síld, sem áður hefir verið söltuð, ef hún er ætluð til útflutnings.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—5000 kr., er renna í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 578. Nefndarálit

um frumvarp til laga um notkun einkennisbúninga og annara einkenna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um þetta mál. Leggur meiri hl. til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna meiri hlutans hefir þó sérstöðu í málinu og hefir áskilið sér rétt til breytinga. Skrifar hann því undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 6. maí 1933.

Sveinbjörn Högnason, form.	Guðbr. Ísberg, fundaskr., með fyrirv.	Steingr. Steinþórsson.

Nd. 579. Frumvarp

til laga um sérstakan lögreglustjóra í Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsýslu.

Flm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja eða skipa sérstakan lögreglustjóra í Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Lögreglustjóri sá, er settur eða skipaður yrði samkv. lögum þessum, skal hafa á hendi: Lögreglustjórn, meðferð lögreglumála og sakamála og leggja dóm á þau. Strandmál, skrásetning skipshafna, mæling og skráning skipa. Heilbrigðismál, firmaskrásetning, vegabréf, umsjón með hegningarhúsinu á Akureyri. Útnefning matsmanna og skoðunarmanna utan réttar, afgreiðslu leyfisbréfa til atvinnurekstrar, löggilding atvinnubóka, afgreiðsluvottorða um uppruna vöru, hlunninda- og aflaskýrslur. Ennfremur skal lögreglustjóri hafa á hendi forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum í ríkissjóð, öðrum en manntalsbókargjöldum, gjöldum til slysatryggingarinnar, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda.

3. gr.

Laun lögreglustjóra, er séu jöfn launum bæjarfógetans á Akureyri eins og þau eru ákveðin í launalögum, og skrifstofukostnaður greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar. Er það álit bæjarstjórnarinnar, að sú skipting á störfum, sem hér er farið fram á, sé bráðnauðsynleg eins og þar hagar til, og leggur því mjög ríka áherzlu á, að henni fáist framgengt, enda sé þess samtímis gætt, ef frv. nær að verða að lögum, að við skiptinguna verði hvorki brotinn réttur á núverandi bæjarfógeta á Akureyri né lögverndaðir hagsmunir hans á nokkurn hátt bornir fyrir borð.

Nd. 580. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 45 frá 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. í 1. gr. kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hver sá, sem vinnur hjá öðrum, á rétt til hvíldar á helgidögum þjóðkirkjunnar, nema annað sé um samið. Aldrei má þó með samningi binda mann til vinnu nema annanhvern helgidag.

Ákvæði þessi taka þó ekki til venjulegra innanhússverka eða til þeirra verka, er eigi má fresta, svo sem skepnuhirðingar, umhirðu véla, er þurfa daglegrar gæzlu, vinnu á skipum, þar sem fylgt er reglum um vökuskipti, og annars því um líks.

Eigi má heldur skuldbinda mann til vinnu að veiðiskap eftir kl. 10½ f. h. og til kl. 1 e. h. á helgidegi.

2. gr.

7. gr. orðist þannig:

Bönn þau, sem talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan daginn föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna. Þau gilda einnig eftir kl. 6 kvöldið fyrir þessa daga.

3. gr.

Á eftir 7. gr. komi 2 nýjar greinar, er verða 8. og 9. gr., og breytist eftir því greinatala laganna:

a. (8. gr.) Báða helgidaga stórhátíðanna, skírdag og föstudaginn langa eru bannaðar vínveitingar á opinberum veitingastöðum.
b. (9. gr.) Rétt er, að fiskimenn séu í höfn á jólum, og heima, ef skipstjóri telur því verða við komið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er undirbúið í samráði við og með aðstoð atvinnumálaráðh. af þriggja manna nefnd, sem síðasti aðalfundur Prestafélags Íslands kaus til þess að endurskoða helgidagalöggjöfina og koma fram með breytingar, þar sem þess væri einkum þörf. Það þótti ekki rétt að bera fram neinar stórfelldar breytingar að svo stöddu máli, heldur reyna að rétta hlut þeirra, sem réttinn hafa minnstan, eða jafnvel engan í þessum efnum. En í þeim flokki eru fyrst og fremst bifreiðarstjórarnir, sem gildandi helgidagalöggjöf tryggir engan rétt, og þá einnig sjómenn vorir, sem stundum hafa jafnvel orðið að láta úr höfn þegar stórhátíðir fara í hönd eða helgi er að byrja, til að nota þær sem bezt. Frv. þetta fer aðeins skammt til að bæta úr þessu, en mundi þó, ef að lögum yrði, stuðla að því, að á þessu yrði nokkur breyting til bóta.

Nd. **581. Tillaga**

til þingsályktunar um heimild handa ríkisstjórninni til þess að taka lán til brúargerðar á Múlakvísl.

Frá atvinnumálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að taka allt að 120 þús. króna lán til brúargerðar á Múlakvísl í Skaftafellssýslu og til nauðsynlegra vegagerða í sambandi við þetta mannvirki.

Greinargerð.

Það mun vera hægt að útvega nú þegar lán erlendis að upphæð 120 þús. ísl. krónur til 12 ára með 6% ársvöxtum án affalla og afborgunarlaust fyrstu 3 árin. Ríkisstjórnin leggur áherzlu á að fá að nota þennan lánsmöguleika til samgöngubóta og atvinnubóta á þessu sumri.

Nd. 582. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

Frá Bergi Jónssyni.

1. Við 1. gr. B. 12. c. Nýr stafliður:
   Frá Vestfjarðavegi á Mikladal um Miðvörður að Haga á Barðaströnd.
2. Við 1. gr. B. 12. Nýr töluliður:
   Fossheiðarvegur: Frá Bíldudal um Fossheiði á Vestfjarðaveg á Barðaströnd.

Nd. 583. Breytingartillögur

við frumvarp til laga til varnar óréttmætum verzlunarháttum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Óheimilt er hverjum þeim, sem selur vöru eða hefir hana á boðstólum, að setja á hana villandi auðkenni til þess að hafa áhrif á eftirspurn hennar eða sölu. Slík villandi auðkenni má hvorki setja á vöruna sjálfa, umbúðir hennar eða einkennismiða, né á auglýsingaspjöld, reikninga, vöruskrár eða önnur verzlunarskjöl. Villandi teljast:
   a) auðkenni, sem gefa rangar upplýsingar eða geta vakið rangar hugmyndir um framleiðslustað (eða land) vörunnar, um tegund hennar, tilbúning, efni, samsetning, gerð, eiginleika, áhrif eða verðlag.
   b) auðkenni, sem komið geta kaupandanum til þess að halda það, að allur sá mismunandi varningur, sem í verzlun er á boðstólum, stafi frá sama framleiðslustað (eða landi), eða sé búinn til á sama hátt, þótt þessu sé ekki svo varið nema að sumu leyti.
   c) auðkenni, sem segja ósatt um það, að vara hafi hlotið viðurkenningu á sýningu, hafi verið reynd af opinberum yfirvöldum eða hlotið meðmæli þeirra, eða njóti eða hafi notið einkaleyfisverndar. Falli niður einkaleyfi eða slíkt, má þó halda tákni þess á því af vörunni, sem það hefir verið sett á áður en leyfið féll niður.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, frá 50 til 4000 krónum. Refsinguna má þó þyngja, þannig að hún verði allt að sex mánaða einfalt fangelsi, þegar sökin er mikil, sérstaklega ef um er að ræða ítrekað brot.

Sá, sem sakfelldur er fyrir þessi brot, skal einnig skyldaður til þess í dóminum að leiðrétta hin villandi auðkenni á vörunum, ef þær eru enn í eigu hans eða umráðum. Ef um er að ræða vörur, sem framleiddar eru erlendis, skal hinn sakfelldi þó mega flytja þær úr landi, ef hann kýs það heldur.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Sakarauki skal það teljast, ef hin villandi auðkenni, sem 1. gr. fjallar um, eða upplýsingar um þau eru breiddar út í blaðatilkynningum (auglýsingum), með fregnmiðum eða á auglýsingaspjöldum, sem mikið ber á.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Refsiákvæði þau, sem að framan greinir, skulu þó ekki gilda um þau auðkenni — þótt þau gætu vakið ranga hugmynd um framleiðslustað vörunnar —, sem hafa að almenningsáliti eða samkvæmt viðskiptavenjum fengið þá merkingu að tákna almennt tegund eða framleiðsluhætti vörunnar eða því um líkt, en ekki framleiðslustaðinn beinlínis.

Nú er það æskilegt vegna almenningsheilla, að einhver vöruauðkenni séu undanþegin ákvæðum þessum, og má þá veita slíka undanþágu með konunglegri tilskipun. Brot á ákvæðum slíkrar tilskipunar varða refsingum samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr., laga þessara.

Auðkenni, sem í því er fólgið, að greind er mynt, mál eða vog, telst ekki auðkenning á framleiðslustað vörunnar. Þótt notuð sé í vöruauðkenni önnur tunga en tunga þess lands, sem varan er framleidd í eða flutt frá, ber ekki að telja það eitt villandi auðkenni, nema form og efni auðkennisins sé einnig að öðru leyti saknæmt samkvæmt lögum þessum.

Auðkenni, sem eitt út af fyrir sig gæti talizt villandi um framleiðslustað vöru, skal þó ekki talið svo, ef því fylgir greinileg og rétt viðbót, sem segir til um hinn rétta framleiðslustað.

4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Bannað er að selja eða hafa á boðstólum hér á landi vörur, sem merktar eru sjálfar, eða á miða eða umbúðir, eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi, eins og merkjum hins svo nefnda „Rauða kross“ eða „Genfar kross“.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 200 kr.

Sömu refsingu skal sæta:

a) sá, sem í heimildarleysi notar slík merki, auðkenni eða nöfn á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verzlunarskjölum.

b) sá, sem notar íslenzka ríkisskjaldarmerkið, eða útlend ríkisskjaldarmerki án þess að hafa fengið til þess sérstakt leyfi.

c) sá, sem selur eða hefir á boðstólum vörur, framleiddar erlendis eða erlendar að uppruna, ef á þær eða umbúðir þeirra hefir í heimildar-

leysi verið sett mynd eða nafn íslenzka fánans, skjaldarmerki íslenzka ríkisins eða mynd af konunginum og ættmönnum hans.

5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Þegar boðnar eru á uppboði vörur, sem sagðar eru stafa að einhverju eða öllu leyti frá nafngreindum mönnum eða úr tilteknum búum, skal þess greinilega getið á uppboðinu um þessa muni, úr hvaða búi eða frá hvaða manni þeir stafi hver um sig. Ef haldið er uppboð á munum eða vörum frá nafngreindum manni eða úr tilteknu búi, skal þess getið greinilega í uppboðsauglýsingunni, ef á uppboðinu á jafnframt að selja aðra muni.

Í hverri uppboðsauglýsingu skal þess getið, hvort það, sem selja á, er selt fyrir reikning uppboðsbeiðanda eða annars manns.

6. Við 10. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: og skal hann þá sæta sektum, allt að 6000 kr., og ef miklar sakir eru, allt að 6 mánaða einföldu fangelsi.

7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

Ef einhver notar sjálfur eða veitir öðrum í heimildarleysi upplýsingar um verzlunar- eða rekstrarleyndarmál núverandi eða fyrrverandi húsbónda síns eða félaga, eða rýfur af ásettu ráði samningsbundið trúnaðarsamband, sem veitt hefir honum vitneskju um þessi leyndarmál, þá skal hann sæta sektum, allt að 6000 krónum, eða 6 mánaða einföldu fangelsi, ef sakir eru miklar. Þó skal refsingin falla niður, ef liðin eru meira en 3 ár frá því að samningum var slitið.

8. Við 15. gr. Fyrir „tildæma“ í 4. málsgr. komi: dæma.

9. Fyrirsögn frv. orðist þannig:

Frumvarp til laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Nd. 584. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Flm.: Halldór Stefánsson, Lárus Helgason.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti 46 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, 40 þingmenn kosnir í sérstökum kjördæmum og 6 þingmenn kosnir í einu lagi fyrir land allt.

Hver sýsla og hver kaupstaður, sem hefir full kaupstaðarréttindi, skal vera kjördæmi fyrir sig. Nú breytist tala sýslufélaga eða kaupstaða, og breytist þá tala þingmanna samkv. því.

Þingmenn skulu kosnir þannig:

a. 24 þingmenn og jafnmargir til vara skulu kosnir óhlutbundnum kosn-

ingum í þessum kjördæmum, einn í hverju: 1. Borgarfjarðarsýslu, 2. Mýrasýslu, 3. Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, 4. Dalasýslu, 5. Austur-Barðastrandarsýslu, 6. Vestur-Barðastrandarsýslu, 7. Vestur-Ísafjarðarsýslu, 8. Ísafjarðarkaupstað, 9. Norður-Ísafjarðarsýslu, 10. Strandasýslu, 11. Vestur-Húnavatnssýslu, 12. Austur-Húnavatnssýslu, 13. Siglufjarðarkaupstað, 14. Akureyrarkaupstað, 15. Suður-Þingeyjarsýslu, 16. Norður-Þingeyjarsýslu, 17. Seyðisfjarðarkaupstað, 18. Neskaupstað, 19. Austur-Skaftafellssýslu, 20. Vestur-Skaftafellssýslu, 21. Vestmannaeyjakaupstað, 22. Gullbringusýslu, 23. Hafnarfjarðarkaupstað, 24. Kjósarsýslu.

b. 12 þingmenn og jafnmargir til vara skulu kosnir hlutbundnum kosningum í þessum kjördæmum, tveir í hverju: 1. Skagafjarðarsýslu, 2. Eyjafjarðarsýslu, 3. Norður-Múlasýslu, 4. Suður-Múlasýslu, 5. Rangárvallasýslu, 6. Árnessýslu.

Ber minni hlutanum annað þingsætið, ef hann fær ¾ hluta greiddra gildra atkvæða eða meira á móti meiri hlutanum.

c. 4 þingmenn og jafnmargir til vara skulu kosnir í Reykjavík hlutbundnum kosningum eftir aðferð de Hondts.

d. 6 þingmenn og jafnmargir til vara skulu kosnir hlutbundnum kosnum í einu lagi um land allt samtímis því sem kjördæmakjör fer fram, eftir aðferð de Hondts.

Þingmenn skulu kosnir til fjögurra ára.

Deyi þingmaður eða forfallist frá þingsetu, tekur varamaður sæti hans.

2. Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgrein:

Þingmenn efri deildar skulu kosnir af sameinuðu þingi í þingbyrjun eftir hverjar almennar kosningar.

3. Á milli 7. og 8. gr. komi ný grein (Greinatalan breytist samkv. því):

Fyrri málsgrein 44. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 43. gr., orðist svo:

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en hvorki við nokkrar reglur frá kjósendum sínum né við samþykktir stjórnmálaflokka eða flokksstjórna þeirra.

Nd. 585. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Frá kreppunefnd.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn kreppulánasjóðs heimilast að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að bönkunum verði fært að veita afborgunarfresti þá, sem um ræðir í 1. og 2. gr., og lána til þess fé úr kreppulánasjóði.

Ed. **586. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

Frá fjárveitinganefnd.

Þar sem fjárlögin eru lögð fyrst fyrir neðri deild, hlýtur aðalrannsókn þeirra og erinda, er þinginu berast um fjárbeiðslur til allskonar framkvæmda, andlegra og verklegra, að falla í hlut fjárveitinganefndar þeirrar deildar, og verður því þingið að byggja að verulegu leyti á rannsókn hennar, enda hefir nefndin í neðri deild miklu meiri tíma yfir að ráða en nefndin hér í deildinni, meðal annars af því, að nefndarmenn hafa venjulega ekki öðrum nefndarstörfum að gegna samtímis, auk þess, sem nefndin er fjölskipaðri og getur því frekar skipað undirnefndir til ýtarlegrar rannsóknar einstökum málum.

Þegar fjárlögin koma til efri deildar, er venjulega liðið allmjög á þingtímann, svo að nefndin hér hefir skömmum tíma yfir að ráða. Störf nefndarinnar mótast því nokkuð af þessu. Hún verður aðallega að einskorða starf sitt við endurskoðun á fjárlagafrv., en rannsakar nánar þau ein atriði, er sérstök ástæða virðist til.

Nefndin lítur svo á, að það sé ein æðsta skylda Alþingis að vanda sem bezt afgreiðslu fjárlaganna, með því að áætla tekjurnar varlega og tína til nákvæmlega öll gjöld, sem undanfarandi reynsla og framtíðarhorfur benda til, að ríkið þurfi að inna af hendi. Vilji svo tekjurnar ekki hrökkva fyrir gjöldunum, verður fjárveitinganefndin að leita lags um, hvort ekki megi draga eitthvað úr þeim, og jafnframt er þá óhjákvæmilegt að synja margra fjárveitinga, sem mjög æskilegar geta þó verið, þar til þingið hefir sagt til um, hvort það treystist til að auka tekjur ríkissjóðs, því að ríka áherzlu verður á það að leggja að afgreiða *tekjuhallalaus fjárlög*, enda sé þess krafizt, að ríkisstjórnin verji sem minnstu fé umfram heimildir, nema brýn nauðsyn beri til.

Vitanlega getur þörf þjóðarinnar krafizt meiri fjárframlaga frá ríkinu en lögboðnar tekjur leyfa, en þá verður löggjafarvaldið að sjá fyrir nýrri fjárútvegun áður en þau eru ákveðin.

Til skamms tíma hefir allmjög brostið á, að öll fyrirsjáanleg gjöld ríkisins hafi verið talin í fjárlögum, og hefir af því meðal annars stafað sá mikli mismunur, sem orðið hefir á niðurstöðutölum fjárlaga og landsreikninga, en á síðustu þingum hefir mjög kappsamlega verið unnið að því að kippa þessu í lag, enda mikið orðið ágengt með samstarfi fjármálaráðherra og fjárveitinganefnda.

Fjárlagafrumv., sem lagt var fyrir þetta þing, virtist sæmilega undirbúið og tók sömuleiðis ýmsum endurbótum hjá fjárveitinganefnd neðri deildar, meðfram fyrir nýrri og betri vitneskju; en eftir afgreiðslu þess í deildinni er þó greiðsluhalli á frv. eftir sjóðsyfirliti orðinn rúmar 190000 kr., auk þess sem bein gjöld eru falin í 22. gr., sem nema nokkrum tugum þúsunda, svo að raunverulegur greiðsluhalli er allt að milljónarfjórðungi.

Nú er í frv. ekkert ætlað til beinna kreppuráðstafana, sem óhjákvæmilegt

virðist þó að gera eins og nú er ástatt, enda mun nefndin athuga það til 3. umr. Fjár til þeirra verður því að afla með nýjum tekjum.

Fjárhagshorfur ríkisins eru því allt annað en glæsilegar. Fjárveitinganefnd þessarar deildar lék mjög hugur á að benda á mikið og margt, er spara mætti í útgjöldum, en verður við það að kannast að loknu verki, að lítt hefir tekizt.

Hinsvegar hefir nefndin við starf sitt kynnzt ýmsum þörfum einstaklinga, félaga og stofnana, sem mjög æskilegt væri, að ríkið hlypi að einhverju leyti undir bagga með að fullnægja, en á krepputímum verður þó að synja um fjárstyrk til flestra hluta, nema þá helzt þess, sem miðar að því að tryggja atvinnurekstur og afkomu borgaranna þegar í stað. Örfáar brtt. til hækkunar gjöldum hefir nefndin þó leyft sér að flytja, og skal nú farið nokkrum orðum um þær.

Í neðri deild var fjárveiting til slysavarna hækkuð um 7000 kr., með það fyrir augum að leggja síma að Hjörsey og Straumfirði á Mýrum. Eðlilegra virðist, að allar fjárveitingar til síma séu í sömu grein, og þessar símalínur virðast heyra undir einkasíma, þar sem þær fyrst og fremst eru í þágu einstakra heimila, þó að þær séu jafnframt mikilsverður liður í slysavörnum og sanngirni mæli með, að þær fái ríflegri styrk en venjulegir einkasímar.

Nefndinni barst og beiðni um framlög til síma út í Brokey á Breiðafirði, sem áætlað er, að kosti allt að 4000 kr. Virðist líkt ástatt um þessa línu og hinar.

Lagt er því til að hækka fjárveitinguna til einkasíma upp í 30000 kr. og að af henni sé varið:

a. til síma að Hjörsey og Straumfirði ..... 5500 kr.
b. til síma út í Brokey ..... 2500 —

hvorttveggja gegn því, að línurnar séu einkasímar og að hlutaðeigendur leggi til efnisflutning og fé, sem til vantar.

Aðalhækkunartillögur nefndarinnar eru við 13. gr., til samgöngumála.

Fyrst er lagt til að veita 6000 kr. til Úthéraðsvegar. Þar sem vegur þessi er langur og að mestu ólagður og liggur um allfjölmenna byggð, virðist öll sanngirni mæla með nokkurri fjárhæð til hans.

Á Skagaströnd hefir bátaútvegur aukizt allmikið hin síðari ár, en þar er aðeins ein örstutt bryggja, með því að ekki hefir enn þótt fært, hvorki fyrir ríkið né héraðið, að ráðast í fyrirhugaða hafnargerð. Það er því afarseinlegt og eiginlega lítt kleift fyrir báta að athafna sig. Er því hin mesta nauðsyn að lengja bryggjuna nokkuð, og er undirbúningur hafinn í því skyni.

Í Ólafsvík hefir í mörg undanfarin ár staðið yfir bygging hafnargarðs, og er mjög brýn þörf á að fullgera hann, svo að hann komi að tilætluðum notum. Ætlazt er til, að honum verði lokið með ráðgerðri fjárveiting.

Á Sandi er mikil vélbátaútgerð, en þar vantar mjög bagalega uppfylling til að geta lagt upp aflann.

Lagt er því til, að liðurinn til hafnar- og lendingabóta sé hækkaður um kr. 12000 og að sú viðbót skiptist þannig:

a. til Skagastrandar ..... kr. 3000.00
b. — Ólafsvíkur ..... — 7000.00
c. — Sands ..... — 2000.00

allt gegn tvöföldu tillagi annarsstaðar frá.

Aðstoðarmaður vitamálastjóra telur sig hafa verið órétti beittan fyrr meir um launagreiðslu (starfsárauppbót), og þar sem nokkuð virðist til í því, miðað við hliðstæðan starfsmann, er lagt til að verða við kröfu hans.

Þá telja kunnugir menn ómögulegt að halda uppi ábúð og gisting á Hrauntanga á Axarfjarðarheiði og á Kvískerjum á Breiðamerkursandi fyrir aðeins 400 kr. árlegan styrk til hvors staðar, og er því lagt til að hækka styrkinn undir 13. gr. A. XII. um 200 kr., eða 100 til hvors staðarins.

Þar sem skýr lagafyrirmæli eru um að veita 24000 kr. í hvers árs fjárlögum til hýsingar prestssetra, virðist sjálfsagt að telja þá fjárhæð í rekstrarreikningi í stað þess að heimila lántöku í þessu skyni.

Þá er lagt til að hækka fjárveitingu (laun) til háskólans um 500 kr., til að tryggja honum kennara í lífeðlisfræði.

Sömuleiðis er lagt til að hækka fjárveitingu til aukakennslu í menntaskólanum á Akureyri, til að tryggja honum sem aukakennara ungan og mjög efnilegan kennara, Þórarin Björnsson.

Menntaskólahúsið á Akureyri liggur undir stórskemmdum vegna málningarskorts o. fl., og er því lagt til að auka fjárveiting til viðhalds og endurbóta um 7000 kr.

Þá eru taldar óhjákvæmilegar ýmsar endurbætur á húsum Eiðaskólans og lagfæringar kringum þau. Er því lagt til að hækka fjárveitinguna til viðhalds og umbóta um 2300 kr.

Sömuleiðis er lagt til að hækka fjárveitingu til rekstrar Hallormsstaðaskólans um 1000 kr.

Loks eru frú Björgu C. Þorlákssón ætlaðar 1000 kr. til fræðslustarfsemi.

Framkvæmdanefnd íslenzku vikunnar hefir sótt um 5000 kr. til starfsemi sinnar framvegis. Enginn efi er á því, að með þessari starfsemi er unnið að því að vekja þann holla þjóðarmetnað, að þjóðin búi sem mest að sínu, sem oft er þörf, en nú sérstök nauðsyn, og vill því nefndin veita 2000 kr. í þessu skyni.

Þá er lagt til að veita 600 kr. til jarðskjálftamælinga.

Loks er einni prófastsekkju bætt við á eftirlaunaskrána í 18. gr. og hækkuð eftirlaun frú Elínar Briem Jónsson um 300 kr., og þykir hún þess makleg fyrir langt og merkilegt æfistarf í þarfir alþjóðar.

Nefndin hefir flutt nokkrar tillögur um lækkun gjalda og niðurfelling gjaldliða:

Eftir samráði við póstmálastjóra er lagt til að lækka póstflutningaliðinn um 20000 kr. Jafnframt bendir nefndin á það, að óeðlilegt virðist, að ríkissjóður sé látinn bera svo mikinn halla á póstmálum. Virðist svo, sem þau ættu að mestu að geta borið sig sjálf. Hefir nefndin rætt um það við póstmálastjóra, en íhugar það nánar til 3. umr.

Þá er lagt til að lækka þóknunina til yfirskoðunarmanna ríkisins um 400 kr., og virðist hún þó fullrífleg, miðað við kaup þingmanna.

Lagt er til að fella niður sérstakan styrk til læknisbústaðar á Reykhólum, þar sem með honum er gengið inn á mjög varhugaverða braut, enda liggja fyrir þinginu samskonar beiðnir frá tveim öðrum læknishéruðum, er þá mun erfitt að synja.

Sömuleiðis er lagt til að fella niður sjúkrastyrki til tveggja sjúklinga, með því að hundruð manna um allt land mundu þá eiga viðlíka réttlætiskröfu til slíks styrks.

Vöruflutningastyrki til hafnleysishéraða á Suðurlandi leggur nefndin til að lækka ofan í 12000 kr. Það virðist orka mjög tvímælis, hvort rétt sé að veita slíkan styrk til einstakra héraða, því að fleiri sveitir eiga langan kaupstaðarveg en þessi héruð og áreiðanlega verri yfirferðar; má t. d. benda á Fljótsdalshérað og ýmsar sveitir í Þingeyjarsýslu og víðar. Upphaflega mun styrkurinn hafa komizt inn í fjárlögin um leið og bifreiðaskatturinn var hækkaður, en nú hefir hann verið lækkaður, og virðist því einsætt að lækka þennan styrk jafnframt.

Nefndin viðurkennir, að sérstaklega standi á fyrir Kvennabrekkusöfnuði með að standa straum af kirkju sinni, en finnst styrkur, sem honum er ætlaður, of hár og leggur því til, að hann lækki um 1000 kr.

Nefndin lítur svo á, að námsstyrki og utanfararstyrki eigi ekki í fjárlögunum að veita á einstök nöfn, með því að ekki sé nokkurt vit í að veita öllum umsækjendum styrki, en að þingið hafi ekki aðstöðu til að dæma um verðleika umsækjenda og að það sé því oft og einatt hending ein, sem ræður, hvort þessi eða hinn fái styrk eða ekki. Nefndin leggur því til, að allir slíkir styrkir verði felldir niður, sbr. 14. gr. B. II. c.—g., B. X. f., B. XXIII. og 16. gr. 23. e. Verði þessar tillögur nefndarinnar samþykktar, mun hún við 3. umr. bera fram tillögu um talsverða hækkun á 14. gr. B. II. b. (Námsstyrk eftir ákvörðun menntamálaráðs). Í þessu sambandi skal á það bent, að umsóknir um námsstyrk liggja fyrir frá tveimur efnilegum námsmönnum, Finni Guðmundssyni og Matthíasi Jónassyni, er nefndin telur, að eigi fullt svo mikinn rétt til hans sem sumir þeir, er í frv. eru.

Þá er lagt til að fella niður af 15. gr. styrk til 3 manna til ritstarfa o. fl., sem ekki virðist ástæða til að styrkja frekar en fjölda annara manna.

Eins og nú lætur í ári, virðist varla koma til mála að veita Skáksambandinu styrk til skemmtiferðalags, og er því lagt til að fella styrk til þess niður.

Nokkur undanfarin ár hefir verið veittur styrkur til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, aðallega með tilliti til þess, að ríkið á landið og erfitt mun þar um ræktun, svo og hins fyrst og fremst, að ekkert er veitt þangað til þjóðvega. Nú hefir verið veitt til 3 nýrra ræktunarvega hjá öðrum kauptúnum, og virðist þá opnuð leið fyrir öll kauptún landsins til að fá styrk í sama skyni, því að flest munu þau, sem betur fer, hafa einhver ræktunarlönd. Nefndinni virðist ekki heppilegur tími til að bæta á ríkissjóð nýjum stórum gjaldalið, sem að sjálfsögðu mundi margfaldast fljótlega, og leggur því til að fella niður alla styrki til ræktunarvega, nema vegarins í Vestmannaeyjum, en lækka hann þó nokkuð.

Þá lítur nefndin svo á, að ekki sé bein ástæða til að styrkja skinnhanzkagerð að svo stöddu, þar sem hún mun að litlu leyti vinna úr innlendu efni.

Við 22. gr. gerir nefndin örfáar breytingartillögur. Er lagt til, að 3 mönnum, sem látið hafa af störfum í þjónustu ríkisins, verði greitt úr lífeyrissjóði barnakennara og embættismanna það, sem þeir hafa lagt í sjóðinn, án vaxta.

Þá er lagt til að fella niður heimild til að verja af ágóða Viðtækjaverzlunarinnar 25000 kr. til að koma upp hleðslustöðvum. Að vísu gæti slíkt orðið til

nokkurs hagræðis fyrir einstöku afskekkta sveit, en virðist þó svo litlu skipta, að sjálfsagt sé að spara á slíkum erfiðleikatímum fyrir ríkissjóðinn, enda varla ofviða fyrir sveitarfélögin sjálf að koma upp slíkum stöðvum. Þess má og geta, að mjög hefir verið greitt fyrir útvarpsnotendum með því að setja niður rafhlöðuverðið jafnmikið og gert var síðastliðið haust.

Lagt er til að setja sem skilyrði fyrir fjárveiting til Leikfélags Reykjavíkur, að menntamálaráðið samþykki starfsskrá þess. Minni kröfur virðist ekki mega gera.

Þá virðist eðlilegt að binda styrk til vinnumiðstöðvar kvenna því skilyrði, að Reykjavíkurbær leggi fram jafnt á móti, þar sem miðstöðin er fyrst og fremst í þágu bæjarfélagsins.

Nokkrar fleiri breytingartillögur hefir svo nefndin gert, sem ekki skipta máli um útkomu fjárlaganna, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Niðurstaðan af tillögum nefndarinnar er sú, að

Lækkun gjaldaliða beint og óbeint nemur	ca. kr.	114000.00
Hækkun gjaldaliða nemur	— —	63000.00
Lækkun raunverulegs greiðsluhalla kr.		51000.00

Alþingi, 6. maí 1933.

Jón Jónsson, form., frsm. Páll Hermannsson, fundaskr. Einar Árnason.
H. Steinsson. Bj. Snæbjörnsson.

Nd. 587. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

Frá Pétri Ottesen.

Við 1. gr. B. 5. tölul.

a. Í stað orðanna „yfir Hvítárbrú á Kálffossi“ komi: yfir Kláffossbrú um Reykholtsdal og Hálsasveit að Lambá.
b. Nýr tölul. á eftir:
Lundarreykjadalsvegur: Frá Götuási á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.

Nd. 588. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

Frá Ing. Bjarnarsyni.

Við 1. gr. C. Á eftir 11. tölulið (Dalvíkurvegur) komi nýr liður:
Grenivíkurvegur: Frá Grenivík um Höfðahverfi yfir brú á Fnjóská hjá Laufási um Svalbarðsströnd á Norðurlandsveg hjá Veigastöðum.

Nd. **589. Tillaga**

til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um byggðarleyfi.

Flm.: Pétur Ottesen.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um byggðarleyfi.

Greinargerð.

Tillaga þessi er fram komin út af erindi um þetta efni, er Alþingi hefir borizt frá hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps. Í samþykkt þeirri, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir gert um þetta, er að vísu farið fram á, að sett verði lög um þetta nú á þessu þingi, en þar sem beiðni um þetta kemur ekki fram fyrr en svo langt er liðið á þingtímann, að engar líkur eru til að geta á þessu þingi fengið samþykkt lög um þetta, þá er sú leið líklegust til að koma skriði á málið að fá samþykkta áskorun á stjórnina um að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um byggðarleyfi. Fer hér á eftir samþykkt sú, er um getur hér að framan, og bréf það til Alþingis frá lögreglustjóranum á Akranesi, er henni fylgdi.

Fylgiskjal I.

Útskrift
úr gerðarbók hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps, Borgarfjarðarsýslu.

Ár 1933, fimmtudaginn 27. apríl kl. 8 e. h., var fundur haldinn í hreppsnefndinni á heimili oddvita. Mættir voru allir nefndarmenn, nema Ármann Halldórsson, sem var fjarverandi.

Fyrir var tekið:

— — — — —

4. Lög um byggðaleyfi. Nefndin samþykkti einróma, að skora á Alþingi það, sem nú situr, að samþykkja og setja lög um byggðaleyfi, þannig að bæjum og sjávarþorpum sé heimilað að verjast innflutningi fólks fram yfir það, sem þörf krefur og atvinnumöguleikar byggðarlagsins leyfa á hverjum tíma.

— — — — —

Þórhallur Sæmundsson. Ól. B. Björnsson. Árni Böðvarsson.
Haraldur Kristmannsson. Sigurdór Sigurðsson. Jón Sigmundsson.

Rétta útskrift vottar:

Lögreglustjórinn á Akranesi, 2. maí 1933

Þórh. Sæmundsson,
settur.

Fylgiskjal II.

Oddvitinn í Ytri-Akraneshreppi.

Akranesi, 2. maí 1933.

Um leið og ég leyfi mér að senda hinu háttvirta Alþingi útskrift úr gerðabók hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps í Borgarfjarðarsýslu, þar sem nefndin skorar á Alþingi það, er nú situr, að setja lög um byggðaleyfi, eða heimild handa hreppsnefndum og bæjarstjórnum til þess að hafa hemil á of miklum innflutningi fólks til byggðarlagsins, vil ég, um leið og ég árétta og endurtek áskorun þessa, skýra frá, hvers vegna hún er fram komin.

Síðan sveitfestistíminn var styttur niður í tvö ár, stafar sveitarfélögum mjög aukin hætta af ótakmörkuðum innflutningi fólks, sem þyrpist að úr öllum áttum, án nokkurrar vonar eða vissu um atvinnu eða afkomu á þeim stað, þar sem það sezt að. Upp á síðkastið eru það einkum sjávarþorpin, sem verða fyrir þessum mikla innflutningi, sem veldur því, að atvinna, sem sízt var of mikil fyrir, þverr að sama skapi og fólkinu fjölgar. Síðan eru heimtaðar atvinnubætur úr sveitar- eða bæjarsjóði og svo auðvitað ríkissjóði, en jafnhliða fer fátækraframfærsla stórvaxandi.

Til dæmis vil ég taka, að Ytri-Akraneshreppur greiddi í fátækraframfæri árið 1931 kr. 19000,00, en árið 1932 ca. kr. 29000,00, en útgerð og atvinnumöguleikar í plássinu hafa ekkert vaxið.

Þar sem lítur út fyrir, að innflutningur aukizt mjög á þessu ári, þá er fyrirsjáanlegt, að hreppsfélaginu stafar af þessu mikil hætta. Er viðbúið, að fleiri byggðarlög muni álíka stödd um þetta.

Treystir nefndin Alþingi til að taka þetta til röggsamlegrar meðferðar.

Virðingarfyllst,

Þórh. Sæmundsson,
oddviti.

Til Alþingis, Reykjavík.

Nd. **590. Lög**

um leiðsögu skipa.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí).

Samhljóða þskj. 143.

Nd. 591. Lög

um breyting á lögum um manntal í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd: 8. maí).

Störf þau, sem lögreglustjóranum í Reykjavík eru falin í lögum nr. 18 13. sept. 1901, skulu hér eftir falin borgarstjóranum í Reykjavík.

Ed. 592. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist tveir nýir töluliðir, svo hljóðandi:

11. Í reglugerð, er nefndin setur og ráðherra staðfestir, má setja ákvæði, er banna í umdæmi nefndarinnar sölu á tóbaki til barna og unglinga innan 16 ára aldurs, banna að setja sælgætis- og tóbaksverzlanir á stofn í nánd við barnaskóla, leikvelli eða aðra samkomustaði barna, banna umferðasölu sælgætis og tóbaks og takmarka eða banna með öllu einstakar sælgætistegundir, sem talizt geta, beinlínis eða óbeinlínis, hættulegar börnum o. s. frv. Ennfremur má í slíkri reglugerð fela barnaverndarnefndum að hafa eftirlit með sjónleikum, sem börn hafa aðgang að, og að heimila þeim að leggja bann við sýningu á þeim fyrir börn, ef þeim þykir ástæða til.
12. Í reglugerð, er nefndin setur og ráðherra staðfestir, má takmarka opinbera blaðasölu barna í umdæmi nefndarinnar.

2. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist við ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er bæjarstjórn eða sveitarstjórn að veita, samkvæmt tillögum barnaverndarnefndar eða skólanefndar, fátækum barnaheimilum styrk, sem eigi telst þurfamannastyrkur, enda sjái nefndin um það, að styrknum sé varið börnunum til hjálpar.

Nd. 593. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

Flutningsm.: Steingr. Steinþórsson, Magnús Guðmundsson.

Við 1. gr. C. Á eftir tölul. 9 komi nýr liður:

10. *Blönduhlíðarvegur:* Frá eystri Héraðsvatnabrú um Viðvíkursveit og Blönduhlíð að Héraðsvatnabrú á Grundarstokk.

Nd. **594. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 36 20. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

3. gr. laga nr. 36 1917 skal orða svo:

Kennslugreinar skulu vera þessar: Íslenzka og íslenzk fræði, eitt norðurlandamál, saga, stærðfræði, náttúrufræði, landafræði, félagsfræði, bókhald, teiknun, söngur, leikfimi, handavinna. Auk þess skulu nemendur eiga kost á tilsögn í ensku.

2. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Þegar því verður við komið, skal halda fyrirlestranámsskeið við skólann fyrir almenning í nokkra daga nær miðjum vetri. Ennfremur má halda við skólann vornámsskeið, þegar stjórn skólans telur ástæður fyrir hendi. Fastir kennarar skólans skulu skyldir til að kenna við námsskeiðin, hver í sínum greinum.

3. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Við skólann skal skipaður skólastjóri og tveir kennarar; taka þeir laun eftir 26. gr. laga nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna. Auk þess skal séð fyrir nauðsynlegri stundakennslu, svo og kennslu við námsskeiðin, að svo miklu leyti sem kennslukraftar skólans hrökkva ekki til.

4. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Skólaárið telst frá 20. október til fyrsta sunnudags í sumri.

5. gr.

Árspróf skal halda að loknu námi hinn fyrra vetur, og burtfararpróf að loknu námi hinn síðara vetur. Þeir, sem lokið hafa námi, fá prófskírteini, er sýni kunnáttu þeirra í öllum skyldunámsgreinum skólans.

6. gr.

Nánari fyrirmæli um starfstilhögun skólans og skipulag getur ráðuneytið sett með reglugerð.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 27. júní 1921.

Nd. 595. Tillaga

til þingsályktunar um kaup eða leigu á síldarbræðslustöð.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að kaupa síldarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði, ef þess er kostur með hagkvæmum kjörum, eða að öðrum kosti að taka á leigu og starfrækja síldarbræðslustöð, sem ella mundi verða óstarfrækt, næsta síldveiðitímabil, á Siglufirði eða annarsstaðar, enda sé stöðin þá að öllu leyti í rekstrarhæfu ásigkomulagi frá hendi eiganda og áhætta í sambandi við reksturinn ekki óhæfilega mikil að dómi ríkisstjórnar.

Nd. 596. Frumvarp

til laga um virkjun Sogsins.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að reisa og reka raforkustöð við Sogið, til þess að vinna úr því raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Reykjavíkur og að gera afspennistöð hjá Reykjavík, og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda í umdæmi rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Áður en byrjað er á verkinu skal senda atvinnumálaráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna, að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Ríkisstjórnin lætur á árunum 1933 og 1934 gera nauðsynlegar umbætur á vegum, er nota þarf vegna flutninga og aðdrátta við virkjunina. Til þessara umbóta leggur Reykjavíkurbær fram helming kostnaðar, og telst hann með kostnaði við byggingu orkuversins og greiðist jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Verði orkuverið reist við Efra-Sogið, má ennfremur telja með kostnaði kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra-Sogi, sem Reykjavíkurbær hefir keypt af eigendum Úlfljótsvatns. Þurfi vegna virkjunarinnar að gera brú á Efra-Sogið og veg frá henni vestan árinnar, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins.

4. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til framkvæmda samkvæmt 1.—3. gr., að upphæð allt að 7 milljónum króna, eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

5. gr.

Orkuverið, háspennulínan og afspennistöðin samkv. 1. gr. nefnist einu nafni Sogsvirkjunin. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

6. gr.

Sogsvirkjunin selur raforku til rafmagnsveitu Reykjavíkur. Skylt er henni einnig að láta í té raforku við stöðvarvegg í orkuverinu og við spennistöðvar á háspennulínunni frá Soginu til Reykjavíkur til almenningsnota í nærliggjandi héruðum við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 10%. Þetta verð má þó aldrei fara fram úr því, sem rafmagnsveita Reykjavíkur borgar fyrir raforkuna, miðað við afhendingu á sama stað. Skal verð þetta, ef samkomulag næst eigi, ákveðið með mati samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923. Nú þykir nauðsynlegt, til þess að ákvæðum þessarar greinar verði fullnægt, að auka virkjunina frá því, er hún var í fyrstu gerð, og er Reykjavíkurbæ þá skylt að framkvæma aukninguna allt upp í það, að fallvatnið sé að hálfu fullvirkjað, en ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Reykjavíkurbæ til þess, með sama skilyrði og segir í 4. gr. Skal aukningin framkvæmd þegar er fé til hennar er fyrir hendi, nema gildar ástæður, að dómi ráðherra, hamli.

7. gr.

Þegar auka þarf virkjunina fram yfir það, að fallvatnið sé virkjað til hálfs, skal ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við bæjarstjórn Reykjavíkur um aðra tilhögun. Kaupir ríkissjóður þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu, þannig að hann verði eigandi fyrirtækisins að sömu tiltölu og nemur aukningu vélaflsins móts við það vélafl, er fyrir var, og eigandi að helmingi þegar fallvatnið er fullvirkjað. Kaupverðið eða hluta þess má ríkisstjórnin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta þeirra skulda, er á fyrirtækinu hvíla. Ef samkomulag um kaupverðið næst eigi, skal það ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Á Reykjavíkurbær þaðan í frá rétt til þess, hvenær sem hann þarf, að fá sem svarar helmingi orkunnar úr fallvatninu fullvirkjuðu handa rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Verði orkuverið reist við Efra-Sogið, skal með kostnaði við fyrstu aukningu samkvæmt þessari grein telja vatnsréttindi í Efra-Sogi fyrir landi Kaldárhöfða, með sömu upphæð og áðurnefnd vatnsréttindi fyrir landi Úlfljótsvatns.

Nú hefir virkjuninni safnazt varasjóður þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkvæmt þessari grein, og verður hann þá eign Reykjavíkurbæjar og ríkissjóðs að réttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefir myndazt af, frá rafmagnsveitu Reykjavíkur annarsvegar og notendum utan hennar hinsvegar.

Rétt sinn samkvæmt þessari grein getur ríkisstjórnin framselt til þess eða þeirra fyrirtækja, er þá hafa með höndum orkuveitu til almenningsþarfa um taugakerfi frá Soginu til héraða utan takmarks rafmagnsveitu Reykjavíkur.

8. gr.

Þegar ríkisstjórnin er orðin meðeigandi að Sogsvirkjuninni samkvæmt 7. gr., skal stjórn fyrirtækisins skipuð 5 mönnum: Tveim, er bæjarstjórn Reykjavíkur kýs, tveim, er tilnefndir verða af þeim aðilum utan rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem njóta orku frá Sogsvirkjuninni, og hinum fimmta, er hæstiréttur tilnefnir. Skulu þeir allir skipaðir til þriggja ára. Eftir að 1 ár er liðið frá skipun nefndarinnar, skulu árlega ganga úr nefndinni annaðhvort fulltrúar Reykjavíkur eða fulltrúar kosnir af utanhéraðsnotendum eða fulltrúi hæstaréttar. Skal varpað hlutkesti um, hverjir skulu fyrst ganga úr. Nánari fyrirmæli um stjórn og rekstur fyrirtækisins skulu þá sett með reglugerð, er ráðherra staðfestir.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 597. Nefndarálit

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1931.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1933.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jón Þorláksson.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.

Ed. 598. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1931.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 8. maí 1931.

Ingvar Pálmason, form. og frsm.	Jón Þorláksson.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.

Nd. 599. Breytingartillögur

við frv. til laga um kreppulánasjóð (þskj. 570).

Frá Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni, Vilmundi Jónssyni.

1. Við 18. gr.
   a. Aftan við 1. málsgr. bætist: miðað við það verðlag afurða, er lagt var til grundvallar við afgreiðslu frumvarps til skuldaskila samkv. 13. gr. Nú hækkar eða lækkar afurðaverð, og skal þá árgjaldið hækka eða lækka um sama hundraðshluta og hækkunin innheimtast með árgjaldinu, en greiðast lánardrottnum þeim, er eigi fengu fullnægt kröfum sínum samkv. 13. gr., og skiptast milli þeirra í réttu hlutfalli við eftirgjafir þeirra, þó aldrei meira en eftirgjöfunum nemur. Hækkun eða lækkun afurðaverðs, er nemur minnu en 20%, skal ekki tekin til greina. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um ákvörðun verðbreytingarinnar.
   b. 2. málsgr. greinarinnar falli niður.
2. Við 23. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
   Smáútgerðarmenn, er hafa aðalatvinnu sína af eigin útgerð, iðnaðarmenn, sjómenn og verkafólk, sem vegna verðlagsbreytinga eða atvinnuleysis er ekki fært um að standa við skuldbindingar sínar, reka atvinnu sína á heilbrigðum grundvelli eða framfleyta sér og sínum með vinnu sinni, eiga rétt á að komast undir ákvæði þessara laga, á sama hátt og þeir, er landbúnað hafa að aðalatvinnu, að uppfylltum hliðstæðum skilyrðum.

Nd. 600. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Frá Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni, Vilmundi Jónssyni.

Við 2. gr. Á eftir orðunum „að aðalatvinnu“ komi: smáútgerðarmenn, handiðnarmenn, verkafólk og sjómenn, er sett hafa að tryggingu eignir, sem þeim eru nauðsynlegar til atvinnurekstrar þeirra eða til eigin íbúðar, eiga að standa skil á.

Nd. 601. Breytingartillaga

við frv. til laga um viðbótar-tekju- og eignarskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni, Héðni Valdimarssyni, Vilmundi Jónssyni.

Við 3. gr. Á eftir kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi:
Tekjum samkv. lögum þessum skal varið til að veita þeim kaupstöðum og

kauptúnum, er halda uppi verklegum framkvæmdum í atvinnubótaskyni, styrk til atvinnubóta, enda leggi hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag fram jafnháa upphæð á móti.

Nd. 602. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Í stað orðsins „síld“ í 1. gr. laganna komi: hverskonar saltaðri síld.

Nd. 603. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 15 14. júní 1929 (Útflutningsgjald af síld o. fl.).

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 1. gr.
Síðari málsgr. fellur niður, en í stað hennar kemur:
Fyrir „kr. 1,00“ í 5. málsgr. sömu greinar (þurrkaður fiskúrgangur) kemur: kr. 2,00.

Nd. 604. Frumvarp

til laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Óheimilt er hverjum þeim, sem selur vöru eða hefir hana á boðstólum, að setja á hana villandi auðkenni til þess að hafa áhrif á eftirspurn hennar eða sölu. Slík villandi auðkenni má hvorki setja á vöruna sjálfa, umbúðir hennar eða einkennismiða, né á auglýsingaspjöld, reikninga, vöruskrár eða önnur verzlunarskjöl. Villandi teljast:

a) auðkenni, sem gefa rangar upplýsingar eða geta vakið rangar hugmyndir um framleiðslustað (eða land) vörunnar, um tegund hennar, tilbúning, efni, samsetning, gerð, eiginleika, áhrif eða verðlag.
b) auðkenni, sem komið geta kaupandanum til þess að halda það, að allur sá mismunandi varningur, sem í verzlun er á boðstólum, stafi frá sama

framleiðslustað (eða landi), eða sé búinn til á sama hátt, þótt þessu sé ekki svo varið nema að sumu leyti.

c) auðkenni, sem segja ósatt um það, að vara hafi hlotið viðurkenningu á sýningu, hafi verið reynd af opinberum yfirvöldum eða hlotið meðmæli þeirra, eða njóti eða hafi notið einkaleyfisverndar. Falli niður einkaleyfi eða slíkt, má þó halda tákni þess á því af vörunni, sem það hefir verið sett á áður en leyfið féll niður.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, frá 50 til 4000 krónum. Refsinguna má þó þyngja, þannig að hún verði allt að sex mánaða einfalt fangelsi, þegar sökin er mikil, sérstaklega ef um er að ræða ítrekað brot.

Sá, sem sakfelldur er fyrir þessi brot, skal einnig skyldaður til þess í dóminum að leiðrétta hin villandi auðkenni á vörunum, ef þær eru enn í eigu hans eða umráðum. Ef um er að ræða vörur, sem framleiddar eru erlendis, skal hinn sakfelldi þó mega flytja þær úr landi, ef hann kýs það heldur.

2. gr.

Sakarauki skal það teljast, ef hin villandi auðkenni, sem 1. gr. fjallar um, eða upplýsingar um þau eru breiddar út í blaðatilkynningum (auglýsingum), með fregnmiðum eða á auglýsingaspjöldum, sem mikið ber á.

3. gr.

Refsiákvæði þau, sem að framan greinir, skulu þó ekki gilda um þau auðkenni — þótt þau gætu vakið ranga hugmynd um framleiðslustað vörunnar —, sem hafa að almenningsáliti eða samkvæmt viðskiptavenjum fengið þá merkingu að tákna almennt tegund eða framleiðsluhætti vörunnar eða því um líkt, en ekki framleiðslustaðinn beinlínis.

Nú er það æskilegt vegna almenningsheilla, að einhver vöruauðkenni séu undanþegin ákvæðum þessum, og má þá veita slíka undanþágu með konunglegri tilskipun. Brot á ákvæðum slíkrar tilskipunar varða refsingum samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr., laga þessara.

Auðkenni, sem í því er fólgið, að greind er mynt, mál eða vog, telst ekki auðkenning á framleiðslustað vörunnar. Þótt notuð sé í vöruauðkenni önnur tunga en tunga þess lands, sem varan er framleidd í eða flutt frá, ber ekki að telja það eitt villandi auðkenni, nema form og efni auðkennisins sé einnig að öðru leyti saknæmt samkvæmt lögum þessum.

Auðkenni, sem eitt út af fyrir sig gæti talizt villandi um framleiðslustað vöru, skal þó ekki talið svo, ef því fylgir greinileg og rétt viðbót, sem segir til um hinn rétta framleiðslustað.

4. gr.

Bannað er að selja eða hafa á boðstólum hér á landi vörur, sem merktar eru sjálfar, eða á miða eða umbúðir, eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi, eins og merkjum hins svo nefnda „Rauða kross“ eða „Genfar kross“.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 200 kr.

Sömu refsingu skal sæta:

a) sá, sem í heimildarleysi notar slík merki, auðkenni eða nöfn á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verzlunarskjölum.
b) sá, sem notar íslenzka ríkisskjaldarmerkið, eða útlend ríkisskjaldarmerki án þess að hafa fengið til þess sérstakt leyfi.
c) sá, sem selur eða hefir á boðstólum vörur, framleiddar erlendis eða erlendar að uppruna, ef á þær eða umbúðir þeirra hefir í heimildarleysi verið sett mynd eða nafn íslenzka fánans, skjaldarmerki íslenzka ríkisins eða mynd af konunginum og ættmönnum hans.

5. gr.

Útsölu (skyndisölu) má hafa annaðhvort tvisvar á ári, og standi hún þá yfir í mesta lagi einn mánuð í hvort skipti, eða einu sinni á ári, og standi hún þá yfir í mesta lagi tvo mánuði. Nánari ákvæði um það, á hvaða tíma árs útsölur megi halda innan hinna einstöku greina verzlunarinnar, getur atvinnumálaráðherra ákveðið með sérstakri reglugerð, eftir tillögum hlutaðeigandi kaupmannafélaga.

Nú er á einhvern hátt auglýst, að útsala sé haldin af sérstökum ástæðum, t. d. vegna flutnings verzlunarinnar, eigendaskipta eða vegna þess, að verzlunin á að hætta — hvort heldur er vegna gjaldþrota, greiðslusamnings, láts eigandans eða annara orsaka — eða til sölu á skemmdum vörum, vörum, sem sagðar eru keyptar úr gjaldþrotabúi, dánarbúi eða í sambandi við greiðslusamning, eða vörur keyptar á uppboði, og má þá sú útsala eigi standa yfir lengur en þrjá mánuði.

Um leið og auglýstar eru útsölur þær, sem ræðir um í 2. mgr. greinar þessarar, og eigi síðar en þrem dögum eftir að útsalan er byrjuð, ber að tilkynna lögreglustjóra um upphaf útsölunnar og um það, hve lengi hún skuli standa, af hvaða ástæðum og hvaða vörur verði boðnar til sölu.

Á útsölum, sem auglýst hefir verið, að haldnar séu til þess að selja skemmdar vörur, skal þeim vörum haldið aðgreindum frá öðrum vörum verzlunarinnar, eða sett á þær sérstök merki.

6. gr.

Frá reglum þeim, sem settar eru í 5. gr. 1. og 2. mgr., getur lögreglustjóri veitt undanþágu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Útsala, sem haldin er vegna þess að verzlun hættir, má þó undir engum kringumstæðum standa lengur en eitt ár.

7. gr.

Þegar boðnar eru á uppboði vörur, sem sagðar eru stafa að einhverju eða öllu leyti frá nafngreindum mönnum eða úr tilteknum búum, skal þess greinilega getið á uppboðinu um þessa muni, úr hvaða búi eða frá hvaða manni þeir stafi hver um sig. Ef haldið er uppboð á munum eða vörum frá nafngreindum

manni eða úr tilteknu búi, skal þess getið greinilega í uppboðsauglýsingunni, ef á uppboðinu á jafnframt að selja aðra muni.

Í hverri uppboðsauglýsingu skal þess getið, hvort það, sem selja á, er selt fyrir reikning uppboðsbeiðanda eða annars manns.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum 5.—7. gr. varða sektum, allt að 1000 kr.

9. gr.

Bannað er að nota í atvinnuskyni nafn, firmanafn, verzlunarmerki eða því um líkt, sem sá hefir ekki rétt til, er notar, eða reka atvinnu undir nafni, sem gefur villandi upplýsingu um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Ennfremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt, að leitt geti til þess, að villzt verði á því og öðru einkenni, sem annað atvinnufyrirtæki notar með fullum rétti.

Brot gegn ákvæðum þessum, framin af ásettu ráði, varða sektum, allt að 2000 kr.

10. gr.

Bannað er að kenna verzlunar-, iðnaðar- eða atvinnufyrirtæki, svo og vörutegundir, við nafn landsins, sýslu-, bæjar- eða sveitarfélags, nema leyfi viðkomandi stjórnarvalda komi til.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 5000 kr.

11. gr.

Nú fer einhver með eða útbreiðir um annað atvinnufyrirtæki rangar sögusagnir, sem miða til þess að hnekkja því fyrirtæki, eða í því skyni að hæna til sín viðskiptamenn þess, hvort heldur slíkar sögusagnir snerta eiganda fyrirtækisins, vörur þess eða aðra hagi, og skal hann þá sæta sektum, allt að 6000 kr., og ef miklar sakir eru, allt að 6 mánaða einföldu fangelsi.

12. gr.

Ef einhver notar sjálfur eða veitir öðrum í heimildarleysi upplýsingar um verzlunar- eða rekstrarleyndarmál núverandi eða fyrrverandi húsbónda síns eða félaga, eða rýfur af ásettu ráði samningsbundið trúnaðarsamband, sem veitt hefir honum vitneskju um þessi leyndarmál, þá skal hann sæta sektum, allt að 6000 krónum, eða 6 mánaða einföldu fangelsi, ef sakir eru miklar. Þó skal refsingin falla niður, ef liðin eru meira en 3 ár frá því að samningum var slitið.

13. gr.

Hver sá, er með gjöfum eða hlunnindum til starfsmanns, kaupmanns eða verzlunarfyrirtækis reynir til að fá hann til þess að eiga viðskipti við sig, sæti sektum, allt að 2000 kr. eða allt að 6 mánaða einföldu fangelsi, ef hann hefir komið tilætlun sinni í framkvæmd og húsbóndi verzlunarmannsins beðið við það verulegt tjón.

Sömu refsingu skal sá verzlunarmaður sæta, er tekur á móti slíkum mútum.

14. gr.

Bannað er að gefa með verzlunarvörum kaupbætismiða, happadrættismiða, vörugjafir eða annað, sem dregið getur kaupendur til að kaupa þá vörutegund vegna verðmætis í því, er henni fylgir.

Sömuleiðis eru bannaðar auglýsingar um þesshättar kaupbæti.

Brot á þessu varða sektum, allt að 5000 kr.

15. gr.

Nú hefir framleiðandi eða heildsali sett á vörutegund eða upprunalegar umbúðir hennar ákveðið smásöluverð, og er þá — svo fremi tilgreint verð ekki veitir útsölumanni ágóða, er fer fram úr 25% af innkaupsverði — bannað að selja vöruna eða bjóða fram í smásölu við lægra verði, nema leyfi viðkomandi framleiðanda eða heildsala eða önnur heimild komi til, eða salan falli undir 1. mgr. 5. gr., eða varan sé seld notuð eða skemmd.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 4000 kr.

16. gr.

Brot gegn 3., 4. og 14. gr. laganna sæta opinberri ákæru.

Brot gegn 1., 5., 7., 9., 10., 11., 12., 13. og 15. gr. laganna sæta málsókn samkvæmt beiðni þess, er fyrir óréttinum hefir orðið.

Í refsimálum má samkvæmt kröfu dæma þeim skaðabætur, er fyrir órétti hefir orðið.

Í refsimálum er réttinum ennfremur heimilt, þegar ætla má, að einstaklingur eða fyrirtæki hafi beðið tjón, að dæma þeim, er fyrir tjóninu hefir orðið, skaðabætur samkvæmt kröfu hans, allt að 1000 kr., þrátt fyrir það, þótt ekki verði sannað, hversu miklu tjónið hefir numið.

Kröfu um umsamdar sektir má einnig gera í refsimálum. Verður þá hin umsamda sekt talin skaðabætur.

Með refsimálin skal farið sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Refsiákvæði laganna gilda því aðeins, að ekki liggi þyngri refsing við eftir öðrum lögum.

Nd. 605. Nefndarálit

um frv. til laga um notkun einkennisbúninga og annara einkenna.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin er klofin um mál þetta. Meiri hlutinn vill samþykkja frv., en við undirritaðir teljum ekki rétt að samþykkja það.

Alþingi, 8. maí 1933.

Bergur Jónsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 606. Breytingartillögur

við frv. til laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Frá Vilmundi Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Óheimilt er hverjum þeim, sem selur vöru eða hefir hana á boðstólum, að gefa út villandi upplýsingar um vöruna til að hafa áhrif á eftirspurn hennar eða sölu. Um allar auglýsingar, hvort sem þær eru birtar í blöðum, tímaritum, útvarpi eða annarsstaðar, skal þess gætt, að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt, sem satt er og rétt í öllum greinum. Sérstaklega er bannað að setja villandi auðkenni á vöruna sjálfa, umbúðir hennar eða einkennismiða, á auglýsingaspjöld, reikninga, vöruskrár eða önnur verzlunarskjöl. Villandi teljast:
   b. Fyrri málsliður síðustu málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Sá, sem sakfelldur er fyrir þessi brot, skal einnig skyldaður til þess að leiðrétta hinar villandi upplýsingar, þar á meðal villandi auðkenni á vörunum, ef um slíkt er að ræða og vörurnar eru enn í eigu hans eða umráðum.
2. Við 15. gr.
   Greinin falli burt.

Ed. 607. Breytingartillögur

við frv. til laga um löggæzlu.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 5. gr.

a. Í stað orðanna „til ríkislögreglunnar“ í 1. málsgr. komi: löggæzlumenn ríkisins.
b. Í stað orðanna „til ríkislögreglu .... hennar þarfir“ í niðurlagi greinarinnar komi: löggæzlumenn.

Nd. 608. Breytingartillaga

við frumv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. A. 9.

Liðurinn orðist svo:

Gnúpverjavegur: Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá og norðan Skaftholtsmúla að Ásólfsstöðum.

Ed. **609. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934 og við brtt. á þskj. 565.

I. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 10. gr. I. 1. b. (Risnufé ráðherra).
Fyrir „6000“ kemur 5000

II. Frá *Ingvari Pálmasyni* og *Páli Hermannssyni.*
Við 12. gr. 16. a. Nýr liður:
Til sjúkrahúsbyggingar í Reyðarfjarðarhéraði, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að, 1. greiðsla af þremur .. 10000

III. Frá *Guðmundi Ólafssyni.*
Við 12. gr. 16. b. (Læknisbústaðir og sjúkraskýli).
a. Fyrir „5000“ kemur 8000
b. Við liðinn kemur aths.:
Þar af ⅓ kostnaðar, allt að 3000 kr., til kaupa á röntgentækjum til sjúkraskýlisins á Blönduósi.

IV. Frá *Einari Árnasyni.*
Við 13. gr. C. VIII. Nýr liður:
Til öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn tvöföldu tillagi frá hafnarsjóði Siglufjarðar. Fyrsta greiðsla af fjórum 50000

V. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. gr. B. I. a. Nýr liður:
Til undirbúningskennslu í hagfræði samkvæmt tillögum háskólaráðs 3600

VI. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. I. n. Nýr liður:
Til sendikennara í frakknesku 1000

VII. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til þess að fullkomnast í vélfræðinámi í Þýzkalandi 1000

VIII. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 14. gr. B. II. g. Nýr liður:
Til Ingólfs Þorsteinssonar stúdents, til vélfræðináms .. 1200

IX. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. gr. B. II. g. Nýir liðir:
a. Til Jóns Gissurarsonar, til framhaldsnáms í verzlunarfræði við þýzkan háskóla 1000
b. Til Agnars Norðfjörðs, til lokanáms í hagfræði við háskólann í Kaupmannahöfn 1200

X. Frá *Pétri Magnússyni* og *Jakob Möller.*
Við 14. gr. B. II. g. Nýr liður:
Til Ágústs Einarssonar, til lokanáms í dýralæknisfræði í Þýzkalandi 1200

XI. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 14. gr. B. II. g. Nýr liður:
Til Árna Þ. V. Snævars, til lokanáms í Þýzkalandi 1200

XII. Frá *Ingvari Pálmasyni* og *Jakob Möller.*
Við 14. gr. B. II. g. Nýr liður:
Til Finns Guðmundssonar, til lokanáms í náttúrufræði (vatnalíffræði) í Þýzkalandi 2500

XIII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við brtt. 565, 21. (Nýr liður á eftir 14. gr. B. XV. 4.) (Björg C. Þorláksson).
Fyrir „1000“ kemur 1500

XIV. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4 (Sundlaugar).
a. Fyrir „5000“ kemur 10000
b. Við liðinn kemur aths.
Þar af 5000 kr. til sundlaugar í Vestmannaeyjum.

XV. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. gr. XVIII. Nýr rómv. liður:
Til hraðritunarskóla Helga Tryggvasonar 1200
Til vara 1000

XVI. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XXIV. Nýr rómv. liður:
Byggingarstyrkur til skíðamannaskýlis sunnan Vífilfells, til afnota fyrir nemendur við ríkisskólana í Reykjavík 2000

XVII. Frá *Jóni Þorlákssyni.*
Við 15. gr. 7. Nýr liður:
Til Alþýðubókasafns Reykjavíkur 5000

XVIII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. 12. Nýr liður:
Til Íslandsdeildar Norræna félagsins 1200

XIX. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 23. Nýr liður:
Til Péturs Á. Jónssonar söngvara 1500
Til vara 1200

XX. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 15. gr. 26 (Halldór Kiljan Laxness).
Fyrir „2500“ kemur 1500

XXI. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 27. Nýr liður:
Til Eggerts Laxdals málara, til utanfarar 2000
Til vara 1500

XXII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 15. gr. 28. (Þórbergur Þórðarson).
Fyrir „1600“ kemur 1500

XXIII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 16. gr. Nýr liður á undan 1.:

Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum 1000000
gegn jafnháu framlagi frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélögum, enda sé þeim gefinn kostur á láni, er nemi helmingi framlags þeirra, eða ríkisábyrgð.

XXIV. Frá *Magnúsi Torfasyni.*

Við 16. gr. 2. (Sandgræðsla).

Við aths. bætist: og 2000 kr. til varnargarðs fyrir sandgræðslu í Óseyrarneslandi.

XXV. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 16. gr. 14. b. Nýr liður:

Til Eggerts Magnússonar, til dýralækninga 300

XXVI. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*

Við 16. gr. 39. Nýr liður:

Til landsfundar kvenna 1500
Til vara 1200

XXVII. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 16. gr. 45. Nýr liður:

Til rannsókna á lífsskilyrðum silungs í helztu veiðivötnum, eftir ráðstöfun Búnaðarfélags Íslands 500

XXVIII. Frá *Páli Hermannssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*

Við 16. gr. 46. Nýr liður:

Til fiskiræktarfélags Fljótsdalshéraðs, ⅓ rekstrarkostnaðar, allt að 1200
Til vara 1000

XXIX. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*

Við 17. gr. 25. Nýr liður:

Til fávitahælis, byggingarstyrkur 5000

XXX. Frá *Pétri Magnússyni.*

1. Við 18. gr. II. b. 31. (Eríka Gíslason).

Fyrir „1000“ kemur 1200

2. Við 18. gr. II. g. 7. Nýr liður:

Til Sigurðar Sigurðssonar skálds 1000

XXXI. Frá *Jóni Baldvinssyni* og *Einari Árnasyni.*

Við 18. gr. II. i. 65. Nýr liður:

Til Friðfinns Guðjónssonar leikara 800

XXXII. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við brtt. 565, 45. (Nýr liður á eftir 22. gr. VII). Brtt. skal orða svo:

Að endurgreiða úr lífeyrissjóðum embættismanna og barnakennara þeim Jóni Halldórssyni fyrrv. ríkisféhirði, Sigurði Kristjánssyni ritstjóra og Lárusi Bjarnasyni skólastjóra það fé, án vaxta, sem þeir hafa greitt í sjóðina.

XXXIII. Frá *Ingvari Pálmasyni og Jakob Möller.*

Við 22. gr. IX. Nýr liður:

Að veita Jóni Þorleifssyni málara allt að 10 þús. kr. lán til að standast kostnað af byggingu vinnustofu. Lánið endurgreiðist ríkinu með eigin málverkum lántakanda á 4 árum á því verði, er þar til kvaddir menn af ríkisstjórninni meta í hvert sinn.

XXXIV. Frá *Einari Árnasyni.*

1. Við 22. gr. XIV. Nýr liður:

Að ábyrgjast lán, allt að 400 þús. kr., fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar, til byggingar öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

2. Við 22. gr. XV. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f., gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 70 þús. kr. rekstrarlán, er greiðist upp árlega.

Ed.

610. Nefndarálit

um frv. til l. um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþykkt með nokkrum breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Orðin „sbr. 1. gr.“ falli niður.
2. Við 5. gr. 1. mgr. Orðin „þar sem föst verzlun er“ falli niður.
3. Við 8. gr. síðustu mgr. Niðurlag gr. orðist svo: sem því framast verður við komið.
4. Við 16. gr. 2. mgr. Í stað orðanna „á staðnum“ komi: sem það er statt.
5. Við 19. gr. 1. mgr. Í stað orðanna „sem unnt er“ komi: sem framast er unnt.
6. Við 24. gr.
   a. Upphaf b-liðar orðist svo:

      Fiskiskip, önnur en hérlend, skulu greiða allan þann kostnað o. s. frv.

   b. Á eftir b-lið komi nýr stafliður svolátandi, og breytist liðatalan samkvæmt því:

      Um greiðslu kostnaðar vegna sóttkvíunar sjúklinga með sóttir, aðrar en erlendar, fer í samræmi við lög um varnir gegn útbreiðslu næmra

sjúkdóma. Skip, önnur en hérlend, skulu þó ætið skyld að greiða allan þann kostnað fyrir skipshafnir sínar.

7. Við 25. gr. 1. mgr. Í stað orðanna „Skírteini þetta veitist ókeypis“ komi: Sóttgæzluskírteini þetta veitist ókeypis.
8. Við 26. gr. Í stað orðanna „af yfir 3 hreyfla flugvélum“ komi: af 3 hreyfla flugvélum og þar yfir.
9. Við 27. gr. Orðin „(almenn hegningarlög 26. gr.)“ falli niður.

Alþingi, 9. maí 1933.

Magnús Torfason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr., frsm.	Pétur Magnússon, með fyrirvara.

Nd. 611. Nefndarálit

um frumvarp til ábúðarlaga.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um frumvarpið. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Minni hl. nefndarinnar telur að vísu, að frv. hafi að ýmsu leyti tekið endurbótum frá því það var hér til meðferðar síðast, en hinsvegar lítur minni hl. n. þó svo á, að nokkur ákvæði frv. séu varhugaverð og þurfi því breytinga við, og þá einkum þau atriði, er fjalla um skyldur landsdrottins um hús á leigujörðum.

Minni hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Upphaf gr. orðist svo:
   Hver maður, sem á jörð, er hann hefir ekki heimild til að nytja sjálfur.
2. Við 9. gr.
   a. Niðurlag fyrstu málsgr., „sbr. þó 3. mgr.“, falli niður.
   b. Niðurlag 3. málsgr. orðist svo: og er landsdrottni þá ekki skylt að byggja sama manni æfilangt meira af jörðinni en sem því svarar.
   c. 5. málsgr. orðist svo:
      Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatnsréttindi til rafstöðva og nauðsynlegt land til virkjunar þeirra. Þó skal tryggt, að leiguliði hafi næga vatnsorku til eigin þarfa, sé hún til í landi jarðarinnar. Námar og önnur þvílík verðmæti, er ekki geta talizt til venjulegra jarðarafnota, má undanskilja leiguliðaafnotum. Skylt er að bæta leiguliða fyrir jarðrask og átroðning, er leiðir af starfrækslu þvílíkra fyrirtækja.
3. Við 11. gr. 2. og 3. málsgr. falli niður.

4. Við 12. gr.
   a. Fyrsta málsgr. falli niður.
   b. Tilvitnanir í 2. málsgr. breytist þannig:
      Í stað „11. gr. 2. mgr.“ komi: 11. gr.
      Í stað „11. gr. 2.—4. mgr.“ komi: 11. gr. 2. mgr.
   c. Niðurlag 4. mgr., „auk vátryggingargjalds af húsunum“, falli niður.
   d. Í stað „2.—3. málsgrein“ í 4. og 6. mgr. komi: 1.—2. málsgr.
   e. 7. málsgr. falli niður.
5. Við 13. gr. Niðurlag 1. málsgr. orðist svo: sbr þó 11. gr. 4. mgr.
6. Við 14. gr.
   a. Í stað „⅓—⅔%“ komi: ¼—½%.
   b. Í stað „¾—1½%“ komi: ½—1%.
7. Við 40. gr. Niðurlag gr., „en þó eigi yfir kostnaðarverð jarðabótanna, að frádreginni fyrningu“, falli niður.
8. Við 42. gr. Niðurlag fyrri málsgr. orðist svo: Getur hann þá afhent hana leiguliða, og ber honum þá að halda henni vel við. Ennfremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina.
9. Við 47. gr.
   a. Í stað „12 ára“ komi: 6 ára.
   b. Í stað „drengskaparvottorð“ í síðari mgr. komi: drengskaparheit.
10. Við 54. gr. Í stað „5 ára“ komi: 2 ára.

Alþingi, 9. maí 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form., með fyrirv.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr., frsm.

Ed. 612. Breytingartillögur

við frv. til laga um löggæzlu.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að fyrirskipa, að í kaupstöðum og í kauptúnum, þar sem lögreglustjóri er búsettur, skuli vera einn starfandi lögregluþjónn á hverja fulla 600 íbúa, ef íbúatalan nemur fullum 1200 manns.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir „löggæzlumenn ríkisins“ í fyrstu málsgrein komi: ríkislögregla.
   b. Fyrir „löggæzlumenn“ í 2. og 3. málsgr. komi: lögreglumenn.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lögreglumenn ríkisins skulu, hvenær sem lögreglustjórar telja þess þörf, aðstoða lögreglulið bæjanna til að halda uppi lögum og reglu, eftir því sem við verður komið.

4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Þegar ráðherra telur nauðsynlegt, að lögreglulið sé aukið á einhverjum stað fram yfir það, sem segir í 1. gr., til þess að tryggja lög og reglu, getur hann bætt við varalögreglumönnum eftir þörfum. Skal það og venjulega gert, ef lögreglustjóri eða meiri hluti bæjarstjórnar sendir um það rökstudda beiðni.
   Stjórn varalögregluliðs skal venjulega falin mönnum úr hinu fasta lögregluliði. Heimilt er að skipa lögreglustjóranum fulltrúa eða yfirlögregluþjón til þess að hafa á hendi yfirstjórn allrar lögreglunnar, þar sem varalögregla hefir verið stofnuð.
5. Á eftir 6. gr. komi ný grein, sem verður 7. gr., þannig:
   Það er borgaraleg skylda hverjum verkfærum karlmanni að gegna kvaðningu í varalögreglu, nema hann geti fært ástæður, sem ráðherra metur gildar. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni kvaðningu til varalögreglustarfs. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 100 til 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.
   Varalögreglumenn fá þóknun fyrir æfingar og kvaðningar.
   Allur kostnaður við varalögreglu greiðist úr ríkissjóði.
6. Við 7. gr. (sem verður 8. gr.):
   Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Lögreglumenn ríkisins, hvort sem er o. s. frv.
7. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til laga um lögreglumenn.

Ed. 613. Nefndarálit

um frv. til laga um bann við því, að bankar og aðrar lánsstofnanir greiði hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU.

Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
Lög þessi ná ekki til Söfnunarsjóðs Íslands.

Alþingi, 8. maí 1933.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Jón Þorláksson, með fyrirvara.	Jónas Jónsson. fundaskrifari.

Ed. **614. Frumvarp**

til laga um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að gefa eftir skuld þá, sem stofnað hefir verið til vegna áveitu á Flóann, að öðru en því, er í lögum þessum segir, og með þeim skilmálum, er þar greinir.

2. gr.

Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta vill ívilnunar laga þessara, skal greiða áveituskatt, er nemi 1 krónu á hektara áveitulands hans í 30 ár. Áveituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum samningsbundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar.

3. gr.

Í stað þess að greiða áveituskatt samkv. 2. gr. skal landeiganda heimilt að láta land af hendi upp í áveitukostnað í eitt skipti fyrir öll. Heimild þessi er þó því skilyrði bundin, að nægilega mikið land fáist samfellt frá einni eða fleiri jörðum til stofnunar nýbýlis, að dómi þeirra, er falin er framkvæmd laganna samkv. 11. gr.

4. gr.

Nú er land tekið samkv. ósk landeiganda upp í greiðslu á áveitukostnaði, sbr. 3. gr., og skal það þá þannig gert, að af hverjum 8 hekturum áveitulands fær ríkissjóður 2 hektara, en 3 hektara, ef beitiland er tekið í staðinn. Heimilt er þó atvinnumálaráðherra að víkja frá þessu hlutfalli, ef sérstök ástæða þykir til með tilliti til gæða landsins og legu.

5. gr.

Hafi landeigandi gert mannvirki á hinu tekna landi, svo sem flóðgarða o. s. frv., skal meta þau til verðs á móti landi og taka þeim mun minna land, er mannvirkjunum nemur. Mat mannvirkjanna skal fara fram samkv. ákvæðum jarðræktarlaganna um mat á mannvirkjum til landskuldargreiðslu.

6. gr.

Þar, sem svo stendur á, að landi jarðar eða torfu hefir verið skipt milli fleiri ábúenda eða eigenda, en óhentugt þykir að taka land upp í áveitukostnað í réttum hlutföllum við skiptin, skal heimilt að taka land án tillits til skiptanna. En fari svo, að einn landeigandi eða notandi verði harðara úti en annar við landtökuna, skulu ný landskipti þegar fara fram samkvæmt landskiptalögum.

7. gr.

Jafnóðum og lokið er útmælingu þeirra landa, er tekin kunna að verða upp í áveitukostnað, skulu sett upp greinileg landamerki milli þeirra og aðliggjandi jarða, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar mælir fyrir um. Gera skal uppdrátt af þeim löndum, er ríkissjóður fær.

8. gr.

Nú er land látið upp í áveitukostnað af jörð, sem er í leiguábúð, og breytir það í engu umsömdum leigumála jarðarinnar.

9. gr.

Þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, skal landsstjórnin, að svo miklu leyti sem unnt er, leigja út lönd þau, er ríkissjóður fær samkvæmt ákvæðum laga þessara. Ábúendur þeirra jarða, sem löndin eru tekin frá, skulu hafa forleigurétt fyrir það verð, er ríkisstjórnin ákveður.

10. gr.

Útmæling landa samkvæmt ákvæðum laga þessara skal fram fara, að svo miklu leyti sem unnt er, sumarið 1933. En verði verkinu eigi lokið á þeim tíma, skal það framkvæmt á sumarmánuðunum 1934.

11. gr.

Búnaðarfélagi Íslands skal falið að annast framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn atvinnumálaráðherra, samkv. reglugerð, er hann setur, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Ed. 615. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað orðsins „síld“ í 1. gr. laganna komi: hverskonar saltaðri síld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 616. Lög

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1934.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1934.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1934.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1934.
5. Framkvæmd 12. gr. laga nr. 40 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923, er frestað á árinu 1934.
6. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1934.
7. ⅛ hluti þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54 7. maí 1928, um menningarsjóð, skal frá 1. jan. 1934 til loka s. á. renna í ríkissjóð. Sjóðnum skal skylt að kaupa landinu til handa náttúrufræðisafn Guðmundar G. Bárðarsonar eftir mati þriggja manna, er ríkisstjórnin tilnefnir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 617. Lög

um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí).

6. gr. A. II. 2. 1. málsgr. orðist svo:

Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar. Skattanefnd ákveður arð þennan, enda láti félagið nefndinni í té glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annarskostar áætlar skattanefnd arð af skiptum þessum, og byggist útsvarið á því.

Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, eftir sömu reglum og gilda um áfrýjun útsvara, hvort heldur er sérstökum eða ásamt kæru yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd hefir lagt á arð af þessum viðskiptum.

Nd. **618. Frumvarp**

til laga um mjólkurbúastyrk o. fl.

Flm.: Ólafur Thors, Bernh. Stefánsson, Jón Ólafsson, Sveinbjörn Högnason, Jörundur Brynjólfsson, Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Til viðbótar styrk þeim, er greiddur hefir verið úr ríkissjóði til Mjólkursamlags Eyfirðinga, Mjólkurbús Flóamanna, Mjólkurbús Ölfusinga og Mjólkursamlags Borgfirðinga og nemur ¼ stofnkostnaðar hvers um sig, skal greiða úr ríkissjóði annan fjórðung stofnkostnaðar, svo að ríkissjóðsstyrkurinn til þessara mjólkurbúa nemi alls helmingi stofnkostnaðar. Til Mjólkurbús Mjólkurfélags Reykjavíkur skal ennfremur veitt viðbótarframlag úr ríkissjóði, þannig, að styrkur til þess nemi alls ⅜ hlutum stofnkostnaðar.

2. gr.

Mjólkurbú Flóamanna greiðir þann helming af ríkissjóðsláni til stofnunar búsins, sem eftir verður, þegar frá er dreginn styrkur samkvæmt 1. gr., og er ríkisstjórninni heimilt að ákveða greiðslufrest og kjör að öðru leyti, enda verði þær tryggingar settar fyrir skuldinni, er ríkisstjórnin metur gildar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands. Fresturinn má þó ekki vera lengri en svo, að samrýmzt geti ákvæðum 3. gr.

3. gr.

Að áskildu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands skal greiðslu á viðbótarstyrk þeim til mjólkurbúa þeirra, er í 1. gr. getur, annara en Mjólkurbús Flóamanna, þannig hagað, að Búnaðarbankinn tekur við skuldabréfi því eða bréfum, sem Mjólkurbú Flóamanna gefur út fyrir skuld sinni samkv. 2. gr., þó ekki fyrir hærri fjárhæð en nemur niðurfærslu þeirri á viðlagasjóðslánum hinna búanna, er samsvara viðbótarstyrknum, enda verður þá bankinn að því leyti skuldareigandi gagnvart Mjólkurbúi Flóamanna.

Greinargerð.

Á síðari árum hafa 5 samvinnufélög bænda komið sér upp vinnslustöðvum með fullkomnum nýtízkuvélum og tækjum til þess að gerilsneyða og hreinsa mjólk og vinna úr mjólkinni osta, skyr o. fl. Þessar stöðvar eru eign Mjólkursamlags Eyfirðinga, Mjólkurbús Flóamanna, Mjólkurbús Ölfusinga, Mjólkursamlags Borgfirðinga og Mjólkurfélags Reykjavíkur. Hefir ríkissjóður styrkt byggingu allra þessara vinnslustöðva, og hefir framlag ríkissjóðs til hinna 4 fyrstnefndu aðilja numið ¼ hluta stofnkostnaðar, eða alls um 228 þús. kr., en Mjólkurfélag Reykjavíkur hefir fengið nokkru minni styrk, eða sem svarar 3/16 stofnkostnaðar, eða alls 77 þús. kr. En að öðru leyti hafa stöðvarnar verið reistar fyrir lánsfé, mestmegnis úr viðlagasjóði.

Stofnkostnaður allra þessara vinnslustöðva hefir orðið miklu hærri en ráð var fyrir gert, og jafnframt hefir verðlag mjólkur og mjólkurafurða farið fallandi. Af þessu leiðir, að bændur fá nú eigi risið undir vaxta- og afborganagreiðslum á þeim skuldum, er hvíla á vinnslustöðvunum, og er því nú farið fram á, að ríkissjóður hlaupi á ný undir bagga með þeim mörgu bændum, er hér eiga hlut að máli.

Svo vill til, að ríkissjóður þarf ekki að inna af hendi nein ný útgjöld, þótt að þessu ráði verði horfið. Ríkissjóður hefir nefnilega lagt fram allan stofnkostnað við vinnslustöð Mjólkurbús Flóamanna, en hann nam alls 400 þús. kr. Af þeirri upphæð er ¼ styrkur, en ¾, eða 300 þús. kr., lánveiting. Nái þetta frv. lögfestu, verður styrkurinn til Mjólkurbús Flóamanna 200 þús. kr. Skuld búsins við ríkissjóð er þá 200 þús. kr., og er ætlazt til þess, að mjólkurbúið gefi út skuldabréf fyrir þeirri upphæð ríkissjóði til handa, en ríkissjóður afhendir þau Búnaðarbanka Íslands sem greiðslu upp í viðlagasjóðslán hinna 4 aðiljanna, sem um getur í 1. gr. frumvarpsins, í þeim hlutföllum, sem þar er ráð fyrir gert. Skiptist upphæðin þá sem næst þannig milli aðilja:

Mjólkursamlag Eyfirðinga	fær	37500 kr.
—— Borgfirðinga	—	35500 —
Mjólkurfélag Reykjavíkur	—	72000 —
Mjólkurbú Ölfusinga	—	55000 —

Í frv. er lagt til, að Mjólkurfélag Reykjavíkur fái minni styrk en hinir aðilarnir, eða aðeins ⅜ stofnkostnaðar í stað helmings, og enda þótt deila megi um, hvort það sé réttlátt, þá hafa flutningsmenn þó orðið ásáttir um að leggja það til, og er þá fylgt sama hlutfalli og til þessa hefir gilt um styrkveitingar úr ríkissjóði til þessara vinnslustöðva.

Nd. 619. Lög

um breyting á lögum nr. 15 14. júní 1929 [Útflutningsgjald af síld o. fl.].

(Afgreidd frá Nd. 9. maí).

1. gr.

Í stað orðsins „síldartunnu“ í 1. málsgr. 1. greinar laganna komi: saltsíldartunnu.

Orðin „fiskmjöli þurrkuðu“ í 2. málsgrein sömu greinar falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **620. Frumvarp**

til laga um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands heimilast að veita, eftir því sem nauðsynlegt þykir, greiðslufrest á afborgunum af lánum úr Ræktunarsjóði, Byggingar- og landnámssjóði og veðdeild bankans um allt að 5 ára tímabil í hverri stofnun. Greiðslufrestur þessi getur náð jafnt til þeirra lána, er þegar hafa lent í vanskilum, og þeirra, er hingað til hefir verið borgað reglulega af, en má aldrei ná yfir meira en 5 ára bil af hverju einstöku láni.

2. gr.

Á sama hátt og í 1. gr. segir heimilast stjórn Landsbanka Íslands að veita greiðslufrest í 5 ár á afborgunum af þeim lánum úr veðdeild bankans, er bændur eða aðrir, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu, eiga að standa skil á.

3. gr.

Greiðslufrestur sá, er um ræðir í 1. og 2. gr., hefir engin áhrif á útdrátt bankavaxtabréfa veðdeildanna eða jarðræktarbréfa, og skal því árlega draga út og innleysa jafnháa fjárhæð og gert mundi, þó enginn greiðslufrestur væri veittur. Þar, sem svo stendur á, að öll bréf veðdeildarflokks eru í eign ríkissjóðs, skal ríkisstjórninni þó heimilt að veita undanþágu frá, að meira sé útdregið úr þeim flokki en raunverulega hefir verið borgað af skuldabréfum þess sama flokks á umliðnu ári.

4. gr.

Heimilt er stjórn Kreppulánasjóðs að greiða úr sjóðnum allt að 1½% af vöxtum fasteignalána þeirra manna, er landbúnað stunda sem aðalatvinnuveg, á gjalddaga lánanna árin 1933 og 1934, en þó ekki meira en svo, að lántakandi greiði sjálfur 4½% á ári. Heimild þessi er því skilyrði bundin, að stjórn Kreppulánasjóðs telji, að skuldunautar geti ekki að öðrum kosti risið undir vaxtabyrðinni samfara heilbrigðum búrekstri.

Heimild þessi nær og til sömu þátttöku í greiðslu vaxta af stofnlánum til frystihúsa og mjólkurbúa á árunum 1933 og 1934.

5. gr.

Stjórn kreppulánasjóðs heimilast að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að bönkunum verði fært að veita afborgunarfresti þá, sem um ræðir í 1. og 2. gr., og lána til þess fé úr kreppulánasjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 621. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 1. gr.
   a) Fyrsta efnismálsgrein orðist svo:
      Á Alþingi eiga sæti 48 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum. Kosnir skulu:
   b) Stafliður c. orðist svo:
      10 þingmenn og jafnmargir varamenn, kosnir hlutbundnum kosningum um land allt og samtímis kjördæmakjöri. Þingmenn allir skulu kosnir til 4 ára við almennar kosningar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:
   Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, kosinn af sameinuðu þingi í byrjun fyrsta þings eftir almennar kosningar, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna einhverju sinni eigi deilanleg með þrem, eiga þeir sæti í neðri deild, sem umfram eru deilanlega tölu.
3. Við 5. gr. Á eftir greininni kemur ný 6. gr., þannig:
   Aftan við 33. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 32. gr., komi:
   Breyta má þessu með lögum.

Greinatala breytist eftir úrslitum atkvæðagreiðslu.

Nd. 622. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Frá kreppunefnd.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Stjórn kreppulánasjóðs er heimilt að veita styrk úr kreppulánasjóði til frystihúsa, er frysta kjöt til útflutnings, er nemi allt að ¼ stofnkostnaðar og gangi til lækkunar á skuldum frystihúsanna, enda séu þau eign samvinnufélaga eða sýslufélaga.

Nd. 623. Breytingartillögur

við frv. til laga um útflutning saltaðrar síldar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Sérhver tunna saltaðrar síldar, sem út er flutt, skal vera auðkennd

þannig, að það sjáist, að síldin sé íslenzk og á hvern hátt hún er verkuð, ásamt einkennisstöfum eða firmanafni útflytjanda þess, er í hlut á. Nánari ákvæði um þetta skal ráðherra setja með reglugerð.

2. Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er þó ráðherra, ef brýn nauðsyn ber til, að veita undanþágu frá þessu fyrir ákveðið magn og eina sendingu í senn, enda sé slík síld auðkennd með sérstöku merki, er ráðherra ákveður, og þess getið í farmskjölum, að um afvatnaða síld sé að ræða.

Ed. 624. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934 og við brtt. á þskj. 565.

I. Frá *Einari Árnasyni.*

Við 16. gr. 14. a. Nýr liður:

Til Halldórs Kr. Jónssonar, til dýralækninga 300

II. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*

Við brtt. 565, 37. (Við 16. gr. 40). (Vinnumiðstöð kvenna).

Fyrir orðin „gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, allt að“ kemur: gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annarsstaðar að.

III. Frá *Jóni Þorlákssyni, Jóni Baldvinssyni* og *Páli Hermannssyni.*

Við 22. gr. XVII. Liðinn skal orða svo:

Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 350 þús. kr. láni fyrir innlent félag til þess að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði, er geti unnið úr ca. 600 málum síldar á sólarhring, enda fari lánið eigi fram úr 90% stofnkostnaðar, sé tryggt með 1. veðrétti í eigninni og ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar, en samþykktir og starfsreglur félagsins og ráðning forstjóra þess háð samþykki atvinnumálaráðherra.

Nd. 625. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1933.

Bergur Jónsson, form. — Steingr. Steinþórsson, framsögum. — Guðbr. Ísberg, fundaskr., með fyrirvara.

Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirvara. — Sveinbjörn Högnason.

Nd. 626. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

Frá Halldóri Stefánssyni.

Við 1. gr. D. 1. tölulið. Fyrir orðin „hjá Möðrudal um Möðrudalsöræfi, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum“ komi: hjá Möðrudal, og tengiálma þaðan um Vesturárdal við Vopnafjarðarveg, um Jökuldalsheiði til Skjöldólfsstaða, um Jökuldal.

Nd. 627. Breytingartillögur

við frv. til laga um kreppulánasjóð.

Frá kreppunefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Fyrir „8 millj.“ komi: 9 millj.
   b. Niðurlag síðustu málsgr. orðist svo: skulu þau vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum eldri en frá 1. jan. 1933, að því leyti sem þær eru ekki fulltryggðar með fasteignaveði eða handveði, með því gengi, sem fjármálaráðherra ákveður, þó eigi með meiri afföllum en 10%.
2. Við 22. gr.
   Fyrir orðin „Frá 1. jan. 1941 skulu“ komi: Til 1. jan. 1937 skulu hálf árgjöld, en síðan“

Ed. 628. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 3. gr. A. II. 1 (Rekstrarhalli póstsjóðs).
   Fyrir „77140“ kemur 78940
2. Við 3. gr. A. Sundurliðun. Póstsjóður I. 3. d. Önnur gjöld.
   a. Fyrir „65000“ kemur 66800
   b. Við liðinn bætist aths.:
      Þar af til kaupa á einkennisbúningum handa bréfberum í Reykjavík 1800 kr.

Nd. **629. Nefndarálit**

um frv. til laga um, að niður falli útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 9. maí 1933.

H. Stefánsson, form. Bernh. Stefánsson, frsm. Hannes Jónsson.

Ed. **630. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Í stað orðanna „síld, fóðurmjöli“ komi: hverskonar saltaðri síld, síldarmjöli.

Nd. **631. Lög**

um heimild til lántöku til vega- og brúargerða.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán innanlands á ábyrgð ríkissjóðs á árunum 1933—35, allt að 200 þús. kr. til vegagerðar á þjóðvegum og allt að 300 þús. kr. til byggingar þeirra brúa, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir. Lánin endurgreiðist á 6—8 árum og vextir séu allt að 1% hærri en venjulegir innlánsvextir Landsbanka Íslands. Vexti og afborganir af lánum þessum skal telja með öðrum slíkum gjöldum ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 632. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 546 [Skemmtanaskattur].

Frá Jónasi Þorbergssyni.

Á eftir orðinu „skulu“ komi: innlendir.

Ed. 633. Frumvarp

til laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Óheimilt er hverjum þeim, sem selur vöru eða hefir hana á boðstólum, að gefa út villandi upplýsingar um vöruna til að hafa áhrif á eftirspurn hennar eða sölu. Um allar auglýsingar, hvort sem þær eru birtar í blöðum, tímaritum, útvarpi eða annarsstaðar, skal þess gætt, að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt, sem satt er og rétt í öllum greinum. Sérstaklega er bannað að setja villandi auðkenni á vöruna sjálfa, umbúðir hennar eða einkennismiða, á auglýsingaspjöld, reikninga, vöruskrár eða önnur verzlunarskjöl. Villandi teljast:

a) auðkenni, sem gefa rangar upplýsingar eða geta vakið rangar hugmyndir um framleiðslustað (eða land) vörunnar, um tegund hennar, tilbúning, efni, samsetning, gerð, eiginleika, áhrif eða verðlag.
b) auðkenni, sem komið geta kaupandanum til þess að halda það, að allur sá mismunandi varningur, sem í verzlun er á boðstólum, stafi frá sama framleiðslustað (eða landi), eða sé búinn til á sama hátt, þótt þessu sé ekki svo varið nema að sumu leyti.
c) auðkenni, sem segja ósatt um það, að vara hafi hlotið viðurkenningu á sýningu, hafi verið reynd af opinberum yfirvöldum eða hlotið meðmæli þeirra, eða njóti eða hafi notið einkaleyfisverndar. Falli niður einkaleyfi eða slíkt, má þó halda tákni þess á því af vörunni, sem það hefir verið sett á áður en leyfið féll niður.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, frá 50 til 1000 krónum. Refsinguna má þó þyngja, þannig að hún verði allt að sex mánaða einfalt fangelsi, þegar sökin er mikil, sérstaklega ef um er að ræða ítrekað brot.

Sá, sem sakfelldur er fyrir þessi brot, skal einnig skyldaður til þess að leiðrétta hinar villandi upplýsingar, þar á meðal villandi auðkenni á vörunum, ef um slíkt er að ræða og vörurnar eru enn í eigu hans eða umráðum. Ef um er að ræða vörur, sem framleiddar eru erlendis, skal hinn sakfelldi þó mega flytja þær úr landi, ef hann kýs það heldur.

2. gr.

Sakarauki skal það teljast, ef hin villandi auðkenni, sem 1. gr. fjallar um, eða upplýsingar um þau eru breiddar út í blaðatilkynningum (auglýsingum), með fregnmiðum eða á auglýsingaspjöldum, sem mikið ber á.

3. gr.

Refsiákvæði þau, sem að framan greinir, skulu þó ekki gilda um þau auðkenni — þótt þau gætu vakið ranga hugmynd um framleiðslustað vörunnar —, sem hafa að almenningsáliti eða samkvæmt viðskiptavenjum fengið þá merkingu að tákna almennt tegund eða framleiðsluhætti vörunnar eða því um líkt, en ekki framleiðslustaðinn beinlínis.

Nú er það æskilegt vegna almenningsheilla, að einhver vöruauðkenni séu undanþegin ákvæðum þessum, og má þá veita slíka undanþágu með konunglegri tilskipun. Brot á ákvæðum slíkrar tilskipunar varða refsingum samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr., laga þessara.

Auðkenni, sem í því er fólgið, að greind er mynt, mál eða vog, telst ekki auðkenning á framleiðslustað vörunnar. Þótt notuð sé í vöruauðkenni önnur tunga en tunga þess lands, sem varan er framleidd í eða flutt frá, ber ekki að telja það eitt villandi auðkenni, nema form og efni auðkennisins sé einnig að öðru leyti saknæmt samkvæmt lögum þessum.

Auðkenni, sem eitt út af fyrir sig gæti talizt villandi um framleiðslustað vöru, skal þó ekki talið svo, ef því fylgir greinileg og rétt viðbót, sem segir til um hinn rétta framleiðslustað.

4. gr.

Bannað er að selja eða hafa á boðstólum hér á landi vörur, sem merktar eru sjálfar, eða á miða eða umbúðir, eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi, eins og merkjum hins svo nefnda „Rauða kross“ eða „Genfar kross“.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 200 kr.

Sömu refsingu skal sæta:

a) sá, sem í heimildarleysi notar slík merki, auðkenni eða nöfn á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verzlunarskjölum.
b) sá, sem notar íslenzka ríkisskjaldarmerkið, eða útlend ríkisskjaldarmerki án þess að hafa fengið til þess sérstakt leyfi.
c) sá, sem selur eða hefir á boðstólum vörur, framleiddar erlendis eða erlendar að uppruna, ef á þær eða umbúðir þeirra hefir í heimildarleysi verið sett mynd eða nafn íslenzka fánans, skjaldarmerki íslenzka ríkisins eða mynd af konunginum og ættmönnum hans.

5. gr.

Útsölu (skyndisölu) má hafa annaðhvort tvisvar á ári, og standi hún þá yfir í mesta lagi einn mánuð í hvort skipti, eða einu sinni á ári, og standi hún þá yfir í mesta lagi tvo mánuði. Nánari ákvæði um það, á hvaða tíma árs út-

sölur megi halda innan hinna einstöku greina verzlunarinnar, getur atvinnumálaráðherra ákveðið með sérstakri reglugerð, eftir tillögum hlutaðeigandi kaupmannafélaga.

Nú er á einhvern hátt auglýst, að útsala sé haldin af sérstökum ástæðum, t. d. vegna flutnings verzlunarinnar, eigendaskipta eða vegna þess, að verzlunin á að hætta — hvort heldur er vegna gjaldþrota, greiðslusamnings, láts eigandans eða annara orsaka — eða til sölu á skemmdum vörum, vörum, sem sagðar eru keyptar úr gjaldþrotabúi, dánarbúi eða í sambandi við greiðslusamning, eða vörur keyptar á uppboði, og má þá sú útsala eigi standa yfir lengur en þrjá mánuði.

Um leið og auglýstar eru útsölur þær, sem ræðir um í 2. mgr. greinar þessarar, og eigi síðar en þrem dögum eftir að útsalan er byrjuð, ber að tilkynna lögreglustjóra um upphaf útsölunnar og um það, hve lengi hún skuli standa, af hvaða ástæðum og hvaða vörur verði boðnar til sölu.

Á útsölum, sem auglýst hefir verið, að haldnar séu til þess að selja skemmdar vörur, skal þeim vörum haldið aðgreindum frá öðrum vörum verzlunarinnar, eða sett á þær sérstök merki.

6. gr.

Frá reglum þeim, sem settar eru í 5. gr. 1. og 2. mgr., getur lögreglustjóri veitt undanþágu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Útsala, sem haldin er vegna þess að verzlun hættir, má þó undir engum kringumstæðum standa lengur en eitt ár.

7. gr.

Þegar boðnar eru á uppboði vörur, sem sagðar eru stafa að einhverju eða öllu leyti frá nafngreindum mönnum eða úr tilteknum búum, skal þess greinilega getið á uppboðinu um þessa muni, úr hvaða búi eða frá hvaða manni þeir stafi hver um sig. Ef haldið er uppboð á munum eða vörum frá nafngreindum manni eða úr tilteknu búi, skal þess getið greinilega í uppboðsauglýsingunni, ef á uppboðinu á jafnframt að selja aðra muni.

Í hverri uppboðsauglýsingu skal þess getið, hvort það, sem selja á, er selt fyrir reikning uppboðsbeiðanda eða annars manns.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum 5.–7. gr. varða sektum, allt að 1000 kr.

9. gr.

Bannað er að nota í atvinnuskyni nafn, firmanafn, verzlunarmerki eða því um líkt, sem sá hefir ekki rétt til, er notar, eða reka atvinnu undir nafni, sem gefur villandi upplýsingu um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Ennfremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt, að leitt geti til þess, að villzt verði á því og öðru einkenni, sem annað atvinnufyrirtæki notar með fullum rétti.

Brot gegn ákvæðum þessum, framin af ásettu ráði, varða sektum, allt að 2000 kr.

10. gr.

Bannað er að kenna verzlunar-, iðnaðar- eða atvinnufyrirtæki, svo og vörutegundir, við nafn landsins, sýslu-, bæjar- eða sveitarfélags, nema leyfi viðkomandi stjórnarvalda komi til.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 5000 kr.

11. gr.

Nú fer einhver með eða útbreiðir um annað atvinnufyrirtæki rangar sögusagnir, sem miða til þess að hnekkja því fyrirtæki, eða í því skyni að hæna til sín viðskiptamenn þess, hvort heldur slíkar sögusagnir snerta eiganda fyrirtækisins, vörur þess eða aðra hagi, og skal hann þá sæta sektum, allt að 6000 kr., og ef miklar sakir eru, allt að 6 mánaða einföldu fangelsi.

12. gr.

Ef einhver notar sjálfur eða veitir öðrum í heimildarleysi upplýsingar um verzlunar- eða rekstrarleyndarmál núverandi eða fyrrverandi húsbónda síns eða félaga, eða rýfur af ásettu ráði samningsbundið trúnaðarsamband, sem veitt hefir honum vitneskju um þessi leyndarmál, þá skal hann sæta sektum, allt að 6000 krónum, eða 6 mánaða einföldu fangelsi, ef sakir eru miklar. Þó skal refsingin falla niður, ef liðin eru meira en 3 ár frá því að samningum var slitið.

13. gr.

Hver sá, er með gjöfum eða hlunnindum til starfsmanns, kaupmanns eða verzlunarfyrirtækis reynir til að fá hann til þess að eiga viðskipti við sig, sæti sektum, allt að 2000 kr. eða allt að 6 mánaða einföldu fangelsi, ef hann hefir komið tilætlun sinni í framkvæmd og húsbóndi verzlunarmannsins beðið við það verulegt tjón.

Sömu refsingu skal sá verzlunarmaður sæta, er tekur á móti slíkum mútum.

14. gr.

Bannað er að gefa með verzlunarvörum kaupbætismiða, happadrættismiða, vörugjafir eða annað, sem dregið getur kaupendur til að kaupa þá vörutegund vegna verðmætis í því, er henni fylgir.

Sömuleiðis eru bannaðar auglýsingar um þesshättar kaupbæti.

Brot á þessu varða sektum, allt að 5000 kr.

15. gr.

Brot gegn 3., 4. og 14. gr. laganna sæta opinberri ákæru.

Brot gegn 1., 5., 7., 9., 10., 11., 12. og 13. gr. laganna sæta málsókn samkvæmt beiðni þess, er fyrir óréttinum hefir orðið.

Í refsimálum má samkvæmt kröfu dæma þeim skaðabætur, er fyrir órétti hefir orðið.

Í refsimálum er réttinum ennfremur heimilt, þegar ætla má, að einstaklingur eða fyrirtæki hafi beðið tjón, að dæma þeim, er fyrir tjóninu hefir

orðið, skaðabætur samkvæmt kröfu hans, allt að 1000 kr., þrátt fyrir það, þótt ekki verði sannað, hversu miklu tjónið hefir numið.

Kröfu um umsamdar sektir má einnig gera í refsimálum. Verður þá hin umsamda sekt talin skaðabætur.

Með refsimálin skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Refsiákvæði laganna gilda því aðeins, að ekki liggi þyngri refsing við eftir öðrum lögum.

Ed. 634. Breytingartillaga

við brtt. þskj. 565 (Fjárlög).

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við brtt. 8. (Við 13. gr. A. XI.) (Vöruflutningastyrkur).
Fyrir „12000“ kemur 15000

Nd. 635. Breytingartillaga

við frv. til laga um notkun einkennisbúninga og annara einkenna.

Frá Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni og Vilmundi Jónssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:

Bannað er stjórnmálaflokkum eða félögum, sem fylgja ákveðnum stjórnmálaskoðunum, að nota íslenzka fánann á fundum sínum eða skipulögðum göngum, svo og að setja sérmerki í íslenzka fánann eða á stöng, sem íslenzki fáninn er borinn á.

Ed. 636. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 624 (Fjárlög).

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við III. Í stað „Seyðisfirði“ í meginmáli tillögunnar komi: Austfjörðum — og í stað „Seyðisfjarðarkaupstaðar“ komi: viðkomandi bæjar- eða sýslufélags.

Ed. 637. Frumvarp

til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 1927 skal til ársloka 1934 innheimta með 100% álagi. Þó skulu hljómleikar og söngskemmtanir undanþegnar álaginu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 638. Frumvarp

til laga um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:
Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland:

1. *Suðurlandsvegur:* Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa og Holt austur yfir brú á Ytri-Rangá. Um Rangárvelli, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur. Um Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Öræfi, Breiðamerkursand, Suðursveit, Mýrar, um Hóla í Nesjum, um Almannaskarð og Lón að Lónsheiði.
2. *Þingvallabraut:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
3. *Geysisvegur:* Frá Þingvöllum um Laugardal til Geysis.
4. *Biskupstungnabraut:* Frá vegamótum hjá Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur hjá Vatnsleysu að vegamótum Geysisvegar hjá Múla.
5. *Eyrarbakkavegur:* Frá Selfossi að Eyrarbakka.
6. *Laugardalsvegur:* Frá vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Svínavatni að vegamótum Geysisvegar hjá Laugarvatni.
7. *Skeiða- og Hreppavegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar í Flóa, norðan Flatholts upp Skeið og Hrunamannahrepp að vegamótum Gullfossvegar vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
8. *Gullfossvegur:* Frá vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Tungufljóti til Gullfoss.

9. *Gnúpverjavegur:* Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá að vegamótum hjá Þjórsárholti.
10. *Landvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar hjá Meiri-Tungu í Holtum upp Land að Múla.
11. *Fljótshlíðarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar hjá Garðsauka inn Fljótshlíð að Hlíðarenda.
12. *Hafnarbraut:* Frá Höfn í Hornafirði á Suðurlandsveg hjá Hólum.
13. *Reykjanesbraut:* Frá Reykjavík um Hafnarfjörð til Keflavíkur.
14. *Vífilsstaðavegur:* Frá vegamótum Hafnarfjarðarvegar til Vífilsstaða.
15. *Útvarpsstöðvarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar fyrir innan Reykjavík að Útvarpsstöð á Vatnsendahæð.

B. Um Vesturland:

1. *Vesturlandsvegur:* Frá vegamótum hjá Ártúni við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, yfir Ferstikluháls, um Svínadal, um Hesthháls, þvert yfir Borgarfjörð sunnan við Grímsá, yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufá. Um Norðurárdal, Bjarnadal, Sökkólfsdal, Miðdal, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri.
2. *Hafnarfjallsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Ferstiklu út með Hvalfirði, um Leirársveit og Andakíl á vegamót Vesturlandsvegar hjá Hvítárvöllum.
3. *Akranesvegur:* Frá Akranesi inn að vegamótum Hafnarfjallsvegar hjá Lambhaga.
4. *Borgarnesbraut:* Frá Borgarnesi að vegamótum Vesturlandsvegar norðan Gufár.
5. *Borgarfjarðarbraut:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Haugum um Stafholtstungur yfir Hvítárbrú á Kálffossi.
6. *Stykkishólmsvegur:* Frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
7. *Ólafsvíkurvegur:* Frá vegamótum Stykkishólmsvegar austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
8. *Hellusandsvegur:* Frá Ólafsvík um Ennisdal til Hellusands.
9. *Laxárdalsvegur:* Frá vegamótum sunnan Laxár um Laxárdal og Laxárdalsheiði að vegamótum Strandavegar utan Borðeyrar.
10. *Strandavegur:* Frá vegamótum við Hrútafjarðará um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð, Hólmavík, Steingrímsfjarðarheiði að vegamótum Vesturlandsvegar á Þorskafjarðarheiði.
11. *Steinadalsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Brekku í Gilsfirði um Steinadal og Steinadalsheiði að vegamótum Strandavegar í Kollafirði.
12. *Vestfjarðavegur:*
    a. Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði inn fyrir Önundarfjörð um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.

b. Frá Þingeyri um Brekkudal að Rafnseyri.
c. Frá Bíldudal um Hálfdán fyrir Tálknafjarðarbotn um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.

13. *Bolungavíkurvegur:* Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.

C. Um Norðurland:

1. *Norðurlandsvegur:* Frá vegamótum hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði, Hrútafjörð og Hrútafjarðarháls yfir Miðfjarðará hjá Reykjum, um Línakradal, Auðunnarstaðaháls, um Víðidalsárbrú hjá Lækjamóti, um Gljúfurárbrú hjá Miðhópi, yfir Vatnsdalsárbrú hjá Hnausum, um Blöndubrú hjá Blönduósi, um Langadal og Stóra-Vatnsskarð. Yfir Skagafjörð um Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Yfir Vaðlaheiði, um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði og Aðalreykjadal til Húsavíkur. Um Reykjaheiði, Kelduhverfi að vegamótum austan við Jökulsárbrú nálægt Ferjubakka.
2. *Hvammstangabraut:* Frá Hvammstanga að vegamótum hjá Stóra-Ósi.
3. *Miðfjarðarvegur:* Frá vegamótum sunnan Melstaðar að Litlu-Tungu.
4. *Vesturhópsvegur:* Frá vegamótum Norðurlandsvegar hjá Vatnshorni að Vesturhópsvatni móts við Breiðabólsstað.
5. *Vatnsdalsvegur:* Frá Vatnsdalshólum að Undirfelli.
6. *Svínvetningabraut:* Frá Blönduósi að Svínavatni.
7. *Skagastrandarvegur:* Frá Blöndubrú við Blönduós til Skagastrandar.
8. *Siglufjarðarvegur:* Frá Hofsósi um Sléttuhlíð og Fljót til Siglufjarðar.
9. *Sauðárkróksvegur:* Frá Sauðárkróki að vegamótum austan við Víðimýri.
10. *Hofsósvegur:* Frá Sauðárkróki um Héraðsvatnabrýr og Hegranes, Viðvíkursveit, um brú á Hjaltadalsá, um Óslandshlíð til Hofsóss.
11. *Eyjafjarðarbraut:* Frá vegamótum sunnan Akureyrar að Saurbæ ásamt brautinni að Kristneshæli.
12. *Dalvíkurvegur:* Frá Dalvík um brú á Svarfaðardalsá hjá Árgerði um Árskógsströnd og Arnarneshrepp, um brú á Hörgá hjá Möðruvöllum að vegamótum Norðurlandsvegar á Moldhaugahálsi.
13. *Mývatnssveitarvegur:* Frá Breiðamýri um Mývatnsheiði að Skútustöðum.
14. *Tjörnesvegur:* Frá Húsavík kringum Tjörnes að vegamótum Norðurlandsvegar hjá Lóni í Kelduhverfi.
15. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur:* Frá vegamótum austan við Jökulsá í Axarfirði um Kópaskerskauptún, yfir Melrakkaslèttu um Blikalón og Raufarhöfn, um Hálsa, hjá Svalbarði, um Þistilfjörð til Þórshafnar.

D. Um Austurland:

1. *Austurlandsvegur:* Frá vegamótum Norðurlandsvegar austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Hólsfjöll hjá Grímsstöðum, hjá Möðrudal, um Möðrudalsöræfi, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal, hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs. Um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði.

2. *Stranda- og Vopnafjarðarvegur:* Frá Þórshöfn þvert yfir Langanes um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð að vegamótum Austurlandsvegar vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Úthéraðsvegur:* Frá vegamótum Fjarðarheiðarvegar austan við Eyvindarárbrú, um Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá að Óshöfn.
4. *Upphéraðsvegur:* Frá Lagarfljótsbrú vestan Fljóts að Brekku í Fljótsdal.
5. *Fjarðarheiðarvegur:* Frá vegamótum Austurlandsvegar hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
6. *Fagradalsbraut:* Frá vegamótum Austurlandsvegar hjá Egilsstöðum um Fagradal til Reyðarfjarðarkauptúns.
7. *Eskifjarðarvegur:* Frá Reyðarfjarðarkauptúni til Eskifjarðarkauptúns.
8. *Norðfjarðarvegur:* Frá Eskifirði til Neskaupstaðar.
9. *Fáskrúðsfjarðarvegur:* Frá Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Hrossadalsskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
10. *Mjóafjarðarvegur:* Frá Fagradalsbraut við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Mjóafirði.

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist 2 nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Þar, sem mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar eru ekki ákveðin, úrskurðar ráðherra, hvar þjóðvegur endar.

Nú nær byggð meðfram slíkum vegi út fyrir mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar, og skal þá ekki telja þjóðveg lengra en þar að, sem byggð telst enda samkvæmt úrskurði ráðherra.

3. gr.

1. málsgrein 8. gr. skal orða svo:

Sýslunefndir hafa, undir yfirumsjón vegamálastjóra, umsjón og stjórn þeirra vegagerða og þess viðhalds, sem kostað er af sýslusjóði eða sýsluvegasjóði; fela má sýslunefnd oddvita sínum umsjón með tilteknum vegagerðum, eða sýslunefndarmanni eða hreppsnefndum umsjón með sýsluvegagerð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða til þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa. Skylt er sýslunefndum að hlíta ráðum vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða.

4. gr.

Aftan við síðari málsgrein 11. gr. skal bæta:

Þar, sem enginn skurður er meðfram vegi, má girðingu ekki setja nær miðju vegar en 4 metra og ekki reisa hús nær en 8 metra, nema sérstök heimild komi til.

5. gr.

12. gr. skal orða svo:

Ríkissjóður kostar umbætur og viðhald þjóðvega. Skulu þeir gerðir akfærir svo fljótt sem fé er veitt til í fjárlögum. Nú verður álitið gagnlegt að gera einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og má þá, þegar sérstakar ástæður

eru fyrir hendi, gera það að skilyrði, að hlutaðeigandi sveitarfélög eða sýslufélög leggi fram tiltekinn hluta alls vegagerðarkostnaðar.

6. gr.

13. grein skal orða svo:

Stjórn vegamálanna ákveður, hvaða fjallvegir skuli gerðir akfærir. Aðrir fjallvegir skulu gerðir reiðfærir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr ríkissjóði.

7. gr.

Aftan við 36. gr. bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Hvergi má festa upp auglýsingaspjöld meðfram alfaravegum utan kaupstaða og kauptúna, eða setja upp auglýsingar á annan hátt, nema um opinberar tilkynningar sé að ræða.

Heimilt er þó þeim, sem býr við alfaraveg, að auglýsa þar atvinnurekstur sinn.

8. gr.

30. gr. orðist svo:

Brýr skal gera samkvæmt lögum nr. 32 23. júní 1932.

9. gr.

Aftan við 44. gr. komi ný málsgrein, er orðist svo:

Þyki vegamálastjórninni ástæða til að halda akfærum kafla þjóðvegar með snjómokstri að vetrarlagi, má telja þann kostnað með viðhaldi vegarins.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 57 19. maí 1930.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 41 4. júní 1924 og gefa þau út svo breytt sem vegalög.

Nd. 639. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árið 1932.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1932, eru veittar samkv. 2.—8. gr. hér á eftir kr. 74987,44.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

1.	Viðbót við skrifstofufé bæjarfógetans á Seyðisfirði	kr.	3500,00	
2.	Fyrir endurskoðun skipamælinga	—	400,00	
				kr. 3900,00

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Bygging landsspítala	kr.	5033,65	
2.	Eftirlit með sjúkrahúsum ríkisins	—	2070,45	
				— 7104,10

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1.	Eftirstöðvar af byggingarkostnaði á Höskuldsstöðum	kr.	342,95	
2.	Undirbúningur kirkjugarðs í Reykjavík	—	2703,50	
3.	Aðgerðir húsa á Eiðum 1928	—	2000,00	
4.	Finnbogi R. Magnússon: Styrkur til þjóðréttarnáms	—	750,00	
				— 5796,45

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Hafrannsóknir, sjókortagerð og mælingar	kr.	10714,42	
2.	Grjótrannsóknir	—	2215,61	
3.	Sjóvarnargarður á Siglufirði	—	401,94	
				— 13331,97

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1.	Síra Einar Pálsson: Eftirlaunastyrkur	kr.	953,16	
2.	Frú Álfheiður Blöndal, ekkja Kristjáns Blöndals póstafgreiðslumanns	—	469,01	
				— 1422,17

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1.	Aðgerð á húsinu Bankastræti 2			— 1500,00

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 20. gr. er veitt:

1.	Reykjahælið: Byggingar og viðbætur	kr.	32137,44	
2.	Útvarpið: Stofnkostnaður	—	9795,31	
				— 41932,75

Samtals kr. 74987,44

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um 2. gr.

1. Bæjarfógetinn á Seyðisfirði hafði til meðferðar árin 1931 og 1932 mörg og umfangsmikil þrotabú. Skrifstofufé embættisins nægði ekki til að greiða þann aukna kostnað, sem þessu var samfara, og hefir því þessi uppbót verið greidd.

Um 3. gr.

2. Jónas Lárusson bryti var fenginn til að líta eftir og koma samræmi á matarhæfi á sjúkrahúsum ríkisins, og nam kostnaður við það þessari upphæð.

Um 4. gr.

2. Þetta er lokagreiðsla eftir samningi.

3. Af kostnaði við aðgerð á íbúðarhúsinu á Eiðum árið 1928 var ógreitt til kaupfélags Héraðsbúa, Reyðarfirði, kr. 2000,00, og hefir þessi upphæð nú verið greidd.

Um 5. gr.

1. Friðrik Ólafsson skipstjóri vann að sjókortagerð eftir mælingum þeim, sem gerðar hafa verið undanfarin ár, og nam kaup hans og annar kostnaður þessari upphæð. Fjárveiting til þessara framkvæmda er tekin upp í fjárlagafrumvarp fyrir 1934.

2. Sýnishorn af grjóti voru send til Þýzkalands til rannsóknar, og nam kostnaðurinn þessari upphæð.

Nd. 640. Breytingartillaga

við frv. til laga um kreppulánasjóð.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 19. gr. Fyrri málsgrein skal orða svo:
Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefir á hendi stjórn kreppulánasjóðs.

Nd. 641. Breytingartillaga

við frv. til l. um kreppulánasjóð.

Flutningsm.: Steingr. Steinþórsson, Ingólfur Bjarnarson.

Við 19. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
Stjórn kreppulánasjóðs skipa 5 menn, einn tilnefndur af Búnaðarbanka

Íslands, einn af Landsbanka Íslands, einn af Sambandi ísl. samvinnufélaga og tveir menn, er atvinnumálaráðherra skipar eftir tilnefningu landbúnaðarnefnda Alþingis á sameiginlegum fundi þeirra. Atvinnumálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Nd. 642. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um kreppulánasjóð.

Frá Steingrími Steinþórssyni.

Við 3. gr. Á eftir fyrri málsgr. kemur ný málsgr., er hljóðar svo:

Heimilt er og sjóðstjórninni að verja úr kreppulánasjóði allt að 1 milljón króna sem óafturkræft framlag til þeirra stofnana, er þurfa að gefa svo mikið eftir af skuldum samkvæmt lögum þessum, að þær geta ekki framvegis starfað á heilbrigðum grundvelli.

Nd. 643. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Á undan 1. gr. frumvarpsins kemur ný grein, er svo hljóðar:
   6. gr. tölul. 10 orðast þannig: Þar, sem kvikmyndahús starfar, skipar kennslumálaráðherra eftirlitsmann, er dæmir um það, hvort myndir þær, sem sýndar eru, séu skaðlegar eða óhollar sálarlífi barna, og getur hann bannað, að börnum séu sýndar þær myndir, sem hann telur skaðlegar. Kvikmyndahús greiðir eftirlitsmanni þóknun þá, er ráðherra ákveður, fyrir hverja mynd. Varaeftirlitsmann skipar ráðherra, og kemur hann í forföllum aðaleftirlitsmanns og tekur þóknun fyrir þær myndir, sem hann dæmir um.
2. Greinatala frv. breytist þessu samkvæmt.

Ed. 644. Breytingartillögur

við frv. til laga um löggæzlu.

Frá Ingvari Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að fyrirskipa, að í bæjum (kaupstöðum og kauptúnum), þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að tveimur

starfandi lögregluþjónum á hverja 1000 íbúa, enda sé lögreglustjóri þar búsettur.

2. Fyrir „löggæzlumenn“ alstaðar í frv. komi: lögreglumenn (í viðeigandi föllum).
3. Við 3. gr.
   a) Aftan við 1. málsgr. komi: enda séu þeir ekki bundnir við önnur nauðsynjastörf í þágu ríkisins.
   b) 2. málsgrein fellur burt.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Skipshafnir varðskipanna teljast til lögreglumanna ríkisins. Heimilt er ráðherra að ákveða hið sama um tollverði, og eru þeir þá skyldir að inna af hendi störf lögreglumanna.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Þegar sérstaklega stendur á og ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meir en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum, og greiðir þá ríkissjóður allt að helmingi þess kostnaðar, sem leiðir af aukningunni, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur ¼ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.
6. Við 7. gr. Upphaf gr. orðist svo:
   Lögreglumenn ríkisins, hvort sem eru o. s. frv.
7. Fyrirsögn frv. verði:
   Frumvarp til laga um lögreglumenn.

Ed. 645. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur og Jakob Möller.

Við 1. gr. 16. h. Nýr liður:
Til sjúkraheimilis Hvítabandsins 8000

Nd. 646. Breytingartillögur

við frv. til l. um geldingu húsdýra.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Hesta og naut, sem gelda þarf, skal svæfa áður en gelding fer fram.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir „staðdeyfingarlyf“ í 2. málsl. kemur: svæfingarefni (Cloroform).

b. Fyrir „deyfingarlyfja“ í 3. málsl. kemur: svæfingarefni.
c. Fyrir „deyfingarlyfjum“ síðast í greininni kemur: svæfingarlyfjum.

3. Fyrirsögnin verði: Frv. til l. um geldingu hesta og nauta.

Nd. 647. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um dýralækna, nr. 61 3. nóv. 1915.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (GÍ) skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara, og einn nefndarmannanna (PO) mun gefa út sérstakt nefndarálit.

Í greinargerð frumvarpsins er skýrt frá ástæðum fyrir því, að það er fram komið, og virðist ástæðulaust að bæta við það hér.

Alþingi, 11. maí 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.	Lárus Helgason. frsm.
	Guðbr. Ísberg, með fyrirvara.	

Nd. 648. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 1. gr. A. Við greinina bætist:

16. *Þykkvabæjarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar fyrir vestan Ægisíðu að fyrirhuguðu brúarstæði á Hólsá.

Ed. 649. Frumvarp

til laga um útflutning saltaðrar síldar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sérhver tunna saltaðrar síldar, sem út er flutt, skal vera auðkennd þannig, að það sjáist, að síldin sé íslenzk og á hvern hátt hún er verkuð, ásamt einkennisstöfum eða firmanafni útflytjanda þess, er í hlut á. Nánari ákvæði um þetta skal ráðherra setja með reglugerð.

2. gr.

Bannað er að afvatna síld, sem áður hefir verið söltuð, ef hún er ætluð til útflutnings.

Heimilt er þó ráðherra, ef brýn nauðsyn ber til, að veita undanþágu frá þessu fyrir ákveðið magn og eina sendingu í senn, enda sé slík síld auðkennd með sérstöku merki, er ráðherra ákveður, og þess getið í farmskjölum, að um afvatnaða síld sé að ræða.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—5000 kr., er renna í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 650. Nefndarálit

um frv. til l. um, að niður falli útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fyrir Alþingi liggja nú frumvörp um margra milljóna króna fjárframlag úr ríkissjóði landbúnaðinum til framdráttar. Gefst þingmönnum kostur á að sýna hug sinn til bænda við atkvæðagreiðslu um þau mál, og er þess að vænta, að þau nái fram að ganga.

Þetta litla frumvarp fer fram á að létta útflutningsgjaldi af landbúnaðarafurðum. Með því mundi, ef að lögum yrði, létt svo sem 10 aura gjaldi af andvirði hvers útflutts kjötskrokks. Er það svo vesalt, að engan dregur neitt, en fordæmið gæti orðið ríkissjóði hættulegt, því telja má víst, að fleiri fylgi í kjölfarið, ef byrjað er að fella niður útflutningsgjaldið.

Minni hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 11. maí 1933.

Ólafur Thors, frsm.	Jón A. Jónsson, fundaskrifari.

Nd. 651. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 45 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Frá Vilmundi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir greininni komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
   6. gr. laganna falli burt.

2. Við 3. gr. Greinin hljóði þannig:
   Á eftir 7. grein laganna, sem verður 6. gr., komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (7. gr.) Báða helgidaga stórhátíðanna, skírdag og föstudaginn langa eru bannaðar vínveitingar á opinberum vínveitingastöðum.
   b. (8. gr.) Á stórhátíðum, þ. e. á aðfangadagskvöld, jóladag, páskadag og hvítasunnudag, er íslenzkum togurum bannað að vera að veiðum. Skulu þeir þá daga liggja í höfn og þar, sem þeir eiga heima, þegar því verður við komið.
   c. (9. gr.) Ákvæði 1., 2., 7. og 8. greinar ná og til hátíðisdaganna 1. maí og 17. júní.
3. Á eftir 4. gr. frumvarpsins komi ný grein, svo hljóðandi:
   Þegar lög þessi hafa verið staðfest, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 45 15. júní 1926 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar og almannafrið 1. maí og 17. júní.

Nd. 652. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43 4. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum gufuskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 11. maí 1933.

Sveinn Ólafsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. og frsm. Ólafur Thors.
Bjarni Ásgeirsson. Bergur Jónsson.

Ed. 653. Frumvarp

til laga um Kreppulánasjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. júlí 1933 til 31. des. 1940 skulu vaxtagreiðslur þær, sem Búnaðarbanki Íslands á að inna af hendi til ríkissjóðs, renna í sérstakan sjóð, er nefnist Kreppulánasjóður.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að gefa út ríkisskuldabréf að upphæð allt að 9 millj. kr., tryggð með ábyrgð ríkisins. Vextir af bréfunum skulu vera 4.5%. Bréfin skulu gefin út til 40 ára, og innleysist 1/40 þeirra á ári.

Fjármálaráðherra setur reglur um gerð, upphæð og útdrátt bréfanna.

Skuldabréf þessi eru höfuðstóll Kreppulánasjóðs auk framlags þess, sem um getur í 1. gr., og skulu þau vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum eldri en frá 1. jan. 1933, að því leyti sem þær eru ekki fulltryggðar með fasteignaveði eða handveði, með því gengi, sem fjármálaráðherra ákveður, þó eigi með meiri afföllum en 10%.

3. gr.

Fé sjóðsins skal varið til lánveitinga handa bændum og öðrum, er reka landbúnað sem aðalatvinnuveg, með þeim nánari skilyrðum, er í lögum þessum greinir. Ennfremur er heimilt að lána fé úr sjóðnum ábúendum smábýla við kaupstaði og kauptún, enda sé um stærð býlis fullnægt ákvæðum 57. gr. laga nr. 31 1929.

Lán og greiðslur úr sjóðnum fara fram sumpart í reiðu fé, sumpart í ríkisskuldabréfum, eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

4. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum eru þessi:

1. Að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg.
2. Að hann hafi þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum.
3. Að skuldir hans í hlutfalli við eignir séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum ókleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli. Við mat á því skal tekið sérstakt tillit til, hvort eignirnar eru arðberandi eða óarðbærar (t. d. hús á jörðu).
4. Að umsækjandi að dómi sjóðsstjórnarinnar sé vel hæfur til að reka landbúnað.
5. Að hann geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda, enda séu lán þessi ásamt skuldum þeim, sem samið er um samkvæmt 12. gr., forgangsskuldir næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum.
6. Að hann geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefir fengið stuðning samkvæmt lögum þessum, samhliða heilbrigðum búrekstri.

5. gr.

Til aðstoðar sjóðsstjórninni um að afla gagna til ákvarðana um lánveitingar skal skipa þriggja manna nefnd í hverri sýslu. Skal einn skipaður af sjóðsstjórninni, annar af hlutaðeigandi sýslunefnd, en atvinnumálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Sýslunefnd ákveður, hver skuli vera þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra. Skal greiða til hvers 5 kr. á dag upp í dagkaup og ferðakostnað úr Kreppulánasjóði, en sýslusjóður skal greiða þann kostnað, er verður fram yfir það.

6. gr.

Umsóknir um lán úr Kreppulánasjóði, stílaðar til sjóðsstjórnarinnar, skulu sendar hlutaðeigandi héraðsnefnd, sem afgreiðir þær þegar til sjóðsstjórnarinnar með rökstuddri umsögn um, hvort hún telji, að umsækjendur geti komið til greina um lánveiting. Ennfremur skal héraðsnefnd útvega og senda sjóðsstjórninni eftirfarandi gögn svo fljótt sem verða má:

1. Sundurliðaða skrá um eignir lánbeiðanda og mat héraðsnefndar á þeim, byggt á síðasta skattaframtali. Sé þar nákvæmlega fram tekið, hverjar fasteignir hans eru, hve mikið hann á af hverri tegund búpenings, vélar og verkfæri, kröfur á aðra og annað, sem máli skiptir.
2. Sundurliðaða skrá yfir lánardrottna lánbeiðanda, og skal þar greina skuldarupphæð, hvort skuld er tryggð með veði eða ábyrgð, og hver tryggingin er, gjalddaga, afborgunarskilmála, greiðslukjör o. fl.
3. Sundurliðaða skrá yfir ábyrgðir lánbeiðanda, og skal þar greina, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldunum, og þess getið, hverjar líkur eru fyrir, að ábyrgðirnar falli á lánbeiðanda.
4. Vottorð hreppstjóra um, hve lengi lánbeiðandi hefir rekið búskap, og hvar.
5. Drengskaparyfirlýsing lánbeiðanda um, að allar upplýsingar séu gefnar eftir beztu vitund.
6. Rökstutt álit héraðsnefndar um aðstöðu lánbeiðanda til búrekstrar, þar á meðal fjölskyldustærð og framfæringatölu, fólksafla og afkomumöguleika.
7. Upplýsingar um aðstöðu til markaðs fyrir búsafurðir hans og um hlunnindi.
8. Álit héraðsnefndar um það, undir hve háum greiðslum vaxta og afborgana lánbeiðanda sé unnt að standa, samhliða lífvænlegum búrekstri.
9. Aðrar upplýsingar, sem sjóðsstjórnin kann að óska eftir.

7. gr.

Þegar eftir að sjóðsstjórnin hefir fengið tillögur héraðsnefndar tekur hún ákvörðun um það, hvort lánbeiðandi geti komið til greina við lánveiting. Skal hún þá láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir um að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins, með sex vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem eigi hefir lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar meðan á samningaumleitunum stendur færir líkur fyrir, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er sjóðsstjórninni þó heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests. Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem taldar eru fram samkvæmt 6. gr. 2. lið, skal sjóðsstjórnin sannprófa, hvort framtalið er rétt.

8. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal sjóðsstjórnin svo fljótt sem því verður við komið taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita lánbeiðanda lán úr

Kreppulánasjóði. Telji hún, að umsækjandi geti eigi komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti.

9. gr.

VII. Að endurgreiða úr lífeyrissjóðum embættismanna og barnakennara þeim Jóni Halldórssyni fyrrv. ríkisféhirði, Sigurði Kristjánssyni ritstjóra og Lárusi Bjarnasyni skólastjóra það fé, án vaxta, sem þeir hafa greitt í sjóðina.

VIII. Að veita Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara allt að 10 þús. kr. lán til þess að reisa sér vinnustofu, gegn þeim skilyrðum, er stjórnin ákveður, og má skipta útborgun lánsins á 3 ár.

IX. Að verja allt að 25 þús. kr. af verzlunarágóða Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða fyrir útvarpsnotum, þar sem ekki er raforka fyrir hendi, eftir reglum, sem atvinnumálaráðuneytið setur.

X. Að ábyrgjast lán, allt að kr. 50000, til þess að reisa stúdentagarð í Reykjavík.

XI. Að ábyrgjast allt að 30 þús. kr. lán fyrir rannsóknarstofu háskólans, vegna húsbyggingar.

XII. Að ábyrgjast allt að 60 þús. kr. lán fyrir h/f Djúpbátinn til bátskaupa, gegn 1. veðrétti í skipinu og endurábyrgð sýslufélags Norður-Ísafjarðarsýslu. (Endurveiting).

XIII. Að ábyrgjast allt að 600 þús. kr. lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

XIV. Að ábyrgjast allt að 60 þús. kr. lán til Hvammshrepps til raforkuveitu í Vík í Mýrdal, gegn endurábyrgð sýslufélags Vestur-Skaftafellssýslu og 1. veðrétti í raforkustöðinni.

XV. Að ábyrgjast allt að 60 þús. sterlingspunda lán, sem Eimskipafélag Íslands tekur í Englandi til greiðslu á skuldum félagsins í Danmörku, ásamt afborgunum í Hollandi, enda verði lánið tryggt með fyrsta veðrétti í eftirtöldum skipum félagsins: Gullfossi, Goðafossi, Dettifossi og Lagarfossi.

XVI. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 120000 kr. láni fyrir nýstofnað samvinnufélag á Eskifirði til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meiru en ⁴/₅ af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskiveiða. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Eskifjarðarhrepps og fyrsta veðrétti

í skipunum. Forstöðumaður og annar endurskoðandi félagsins skulu samþykktir af ríkisstjórninni. (Endurveiting 90000 kr.).

XVII. Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 350 þús. kr. láni fyrir innlent félag til þess að reisa síldarbræðslustöð á Seyðisfirði, er geti unnið úr ca. 600 málum síldar á sólarhring, enda fari lánið eigi fram úr 90% stofnkostnaðar, sé tryggt með 1. veðrétti í eigninni og ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar, en samþykktir og starfsreglur félagsins og ráðning forstjóra þess háð samþykki atvinnumálaráðherra.

XVIII. Að ábyrgjast allt að 100 þús. kr. lán fyrir Vestmannaeyjakaupstað, gegn fullum tryggingum.

23. gr.

Stjórn landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1934, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1933 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

25. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef hún telur bera til þess brýna nauðsyn, að draga af öllum fjárveitingum fjárlaganna, sem ekki eru lögum bundnar, um allt að 25%, eftir því sem við verður komið, og ennfremur að fresta um ákveðinn tíma rekstri stofnana.

Ed. 660. Nefndarálit

um till. til þingsályktunar um sláttu tveggja minnispeninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með tillögunni.

Alþingi, 12. maí 1933.

Magnús Torfason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr., frsm.	Pétur Magnússon.

Ed. 661. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Undirritaður leggur til, að frv. verði felld.

Alþingi, 12. maí 1933.

Jónas Jónsson,
fundaskr.

Nd. 662. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Vér undirritaðir erum sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu í fyrsta lagi, að getið sé um atvinnu og heimili við nafn hvers manns, og í öðru lagi, að felldur sé niður einn maður úr frv., sem eigi hefir dvalið nema 3 ár á Íslandi. Minni hlutinn (Sveinbjörn Högnason) mun vilja sleppa fleiri mönnum.

Vér leggjum samkvæmt framansögðu til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Frvgr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ammendrup, Paul Christoffer, klæðskeri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
2. Brynjólfur Björnsson, stud. polit. í Kaupmannahöfn, fæddur í Danmörku.
3. Honningsvaag, Petter Matthias, sjómaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
4. Jensen, Frede, vefari á Akureyri, fæddur í Danmörku.
5. Kobbelt, Eduard August, vélasmiður á Siglufirði, fæddur í Þýzkalandi.
6. Kristensen, Arne, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
7. Nielsen, Niels Christian, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
8. Olsen, Jentoft G. H., lifrarbræðslumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
9. Olsen, Simon Andreas, vélstjóri á Ísafirði, fæddur í Noregi.
10. Pedersen, Hagerup M. S., húsasmiður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

11. Rönning, Johan, rafvirki í Reykjavík, fæddur í Noregi.
12. Vidnes, Peder R. S. Olsen, verkamaður á Eyrarbakka, fæddur í Noregi.

Alþingi, 12. maí 1933.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Guðbr. Ísberg, fundaskr.	Steingr. Steinþórsson,
	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Nd. **663. Nefndarálit**

um frv. til laga um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og hv. Ed. gekk frá því.

Alþingi, 12. maí 1933.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Guðbr. Ísberg, fundaskr.	Steingr. Steinþórsson.
Sveinbjörn Högnason.	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Ed. **664. Breytingartillögur**

við frv. til laga um bann gegn því, að bankar og aðrar lánstofnanir greiði hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin „Landsbanki Íslands greiðir“ komi: sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands greiðir, ef ríkisábyrgð er fyrir innlánsfénu. Þær af þessum stofnunum, sem eigi njóta ríkisábyrgðar, mega greiða ½% hærri ársvöxtu.
2. Við 4. gr. Fyrir „10000—100000“ komi: 100—5000.
3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: og gilda til ársloka 1934.
4. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til laga um innlánsvöxtu.

Nd. 665. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað orðanna „síld, fóðurmjöli“ í 1. gr. laganna komi: hverskonar saltaðri síld, síldarmjöli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 666. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um kaup eða leigu á síldarbræðslustöð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Öllum er í fersku minni, að síðastliðið sumar gátu bræðslustöðvarnar alls ekki tekið á móti allri þeirri síld, er að barst, og stunduðu þó færri skip veiðar en verið hefði, ef útgerðarmenn hefðu getað tryggt sér sölusamninga við bræðslustöðvarnar.

Eins og atvinnuhorfur eru nú hér á landi, má gera ráð fyrir, að fleiri skip muni freista þess að stunda síldveiðar í sumar en í fyrra. Þrengir þá enn að um sölumöguleika. Og enn má geta þess, að með norsku samningunum öðlaðist Krossanesverksmiðjan aukinn rétt til kaupa af erlendum skipum, sem svarar 15—20 þús. málum.

Af þessum og fleiri ástæðum þykir rétt að gera það, sem unnt er, til að greiða götu útvegsmanna og sjómanna, með því að opna útgerðinni sem flesta nýja sölumöguleika, þ. á. m. með því að stuðla að því, að verksmiðja dr. Pauls á Siglufirði verði starfrækt á þessu sumri.

Nefndin hefir hraðað afgreiðslu málsins í því skyni, að síldveiðimenn geti í tæka tíð fengið vitneskju um, hvort úr starfrækslunni verður, og leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1933.

Sveinn Ólafsson, form.	Ólafur Thors, frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskrifari.
Bjarni Ásgeirsson.	Bergur Jónsson.	

Ed. **667. Tillaga**

til þingsályktunar um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá allsherjarnefnd.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um aukning tekjustofna sveitarfélaga.

Greinargerð.

Af frv. um fjárþröng sveitarfélaga má sjá, að tekjustofnar sveitarfélaga eru alls ónógir, og því er tillaga þessi borin fram.

Ed. **668. Fjáraukalög**

fyrir árið 1931.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

Samhljóða þskj. 196.

Ed. **669. Lög**

um samþykkt á landsreikningnum 1931.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí).

Samhljóða þskj. 3.

Nd. **670. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um mjólkurbúastyrk o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (StgrS) skrifar undir með fyrirvara.

Alþingi, 12. maí 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form. Pétur Ottesen, frsm. Steingr. Steinþórsson, fundaskr., með fyrirvara.

Lárus Helgason. Guðbr. Ísberg.

Nd. 671. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykktir um sölu mjólkur og rjóma í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, að öðru leyti en því, að stækka samþykktarsvæðið samkv. 2. gr. laganna með því að heimila, að það nái allt að 150 km. frá aðalsölustaðnum. Sömuleiðis álítur nefndin réttara að ákveða í lögunum sjálfum, hvað skuli lagt til grundvallar fyrir útreikningi vegalengdarinnar, með því að ákveða, að það skuli vera venjuleg flutningaleið. Leyfir nefndin sér því að bera fram svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 2. gr. 3. málsgr. orðist svo:

Mjólkurbú innan sömu sölusamtaka má þó ekki vera fjær sölustað en 70 km. og félagar þess ekki fjær en 150 km. frá sölustað, hvorttveggja miðað við venjulega flutningaleið.

Alþingi, 12. maí 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.	Lárus Helgason, með fyrirvara.
Pétur Ottesen.	Guðbr. Ísberg.	

Nd. 672. Nefndarálit

um frumvarp til l. um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 [Jarðræktarlög].

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarp þetta verði samþykkt, en vill breyta því nokkuð frá því, sem hv. efri deild hefir gengið frá því. Einn nefndarmanna áskilur sér rétt til þess að bera fram sérstakar brtt. við frv.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. a-liður orðist svo:
      Helmings framlag veitist til kaupa á hestaverkfærum til jarðvinnslu.

b. Í stað „tóvinnuvélum“ í b-lið komi: spunavélum.
c. Í stað „600 krónur“ komi: 300 krónur.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin verður 2. gr.

Alþingi, 12. maí 1933.

Bjarni Ásgeirsson, form., með fyrirvara. Steingr. Steinþórsson, fundaskr., frsm. Pétur Ottesen.
Guðbr. Ísberg. Lárus Helgason.

Nd. 673. Nefndarálit

um frumvarp til ábúðarlaga.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar getur eftir atvikum fallizt á frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1933.

Pétur Ottesen, framsögum. Lárus Helgason. Guðbr. Ísberg.

Nd. 674. Breytingartillaga

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá Guðbr. Ísberg.

Við 1. gr. 3. mgr. Í stað orðanna „eigi síðar en einni klukkustund fyrir lokunartíma“ komi: eigi síðar en á lokunartíma.

Nd. 675. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 79 14. nóv. 1917 komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskipti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sé þar seldur.

Þá er og bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum. Til að tryggja vinnutíma sendisveina má í samþykkt meðal annars ákveða, að útsendingu á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skuli lokið eigi síðar en á lokunartíma. Heimilt er að ákveða vinnutíma sendisveina misjafnlega stuttan, eftir aldri þeirra.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 12 7. maí 1928, um viðauka við lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Nd. 676. Breytingartillaga

við frv. til laga um mjólkurbúastyrk o. fl.

Frá Birni Kristjánssyni, Steingrími Steinþórssyni, Hannesi Jónssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að greiða úr ríkissjóði viðbótarstyrk til mjólkurbúanna í Eyjafirði, Borgarfirði, Árnessýslu og Reykjavík, er nemi allt að ¼ af stofnkostnaði þeirra hvers um sig, ef rannsókn leiðir í ljós, að fjárhagsástæður þeirra eru svo erfiðar, vegna yfirstandandi kreppu, að þau geta ekki framvegis rekið starf sitt á heilbrigðum grundvelli.

Nd. 677. Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

Þrír nefndarmenn (2 sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmaðurinn) hafa skilað tveimur minnihlutaálitum um málið, enda þótt atkvæðagreiðsla hafi eigi fram farið í nefndinni um frv. eða einstök atriði þess. Verður því eigi sagt, að nefndin hafi formlega klofnað um málið, þótt nefndaráliti sé skilað í þrennu lagi.

1. og 2. minni hluti vilja hvorirtveggja samþykkja frv. með nokkrum breytingum, en hvorirtveggja á þann veg, að þingmannatalan, 50, haldist óbreytt.

Meiri hlutinn getur eigi fallizt á, að rétt sé að samþykkja svo mikinn þingmannafjölda. Er það kunnugt, að kjósendur yfirleitt telja eigi rétt, að þingið sé svo fjölskipað, og í öðru lagi virðist meginreglu þeirri, sem andstöðuflokkar Framsóknarflokksins hafa aðallega haft á oddinum í kjördæmamálinu, hinu flokkslega jafnrétti, vera nægilega fullnægt, þótt jöfnunarþingsæti fyrir flokka séu eigi fleiri en 10 og þingmannatala 48. Og rétt er að taka það fram, að þótt vér samþykkjum að láta taka eins mikið tillit til fyrrnefndrar reglu sem felst í tillögum vorum, þá er það aðallega í samkomulagsskyni við andstöðuflokka vora, vegna vitundar um nauðsyn samstarfs á núverandi alvörutímum, en eigi vegna þess, að vér álítum rétt að leggja eins ríka áherzlu á þessa reglu út af fyrir sig, heldur álítum vér, að taka eigi fyrst og fremst tillit til nauðsynja allra landshluta til nægilegrar fulltrúaeignar á Alþingi og jafnréttis kjósendanna til þess að hafa áhrif á fulltrúaval til Alþingis, hvort sem þeir leggja aðaláherzlu á flokksfylgi eða persónufylgi vegna sérstaks trausts til þingmannaefna.

Um ýms einstök atriði frv. hafa einstakir þm. meiri hlutans óbundin atkv.

Samkv. framanrituðu leggjum vér til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað „50“ í fyrstu málsgr. komi: 48.
2. Í stað „12“ í c-lið komi: 10.

Alþingi, 11. maí 1933.

Bergur Jónsson, form., frsm. Bjarni Ásgeirsson. Bernh. Stefánsson. Tryggvi Þórhallsson.

Nd. 678. Lög

um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að gefa eftir skuld þá, sem stofnað hefir verið til vegna áveitu á Flóann, að öðru en því, er í lögum þessum segir, og með þeim skilmálum, er þar greinir.

2. gr.

Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta vill ívilnunar laga þessara, skal greiða áveituskatt, er nemi 1 krónu á hektara áveitulands hans í 30 ár. Á-

veituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum samningsbundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar.

3. gr.

Í stað þess að greiða áveituskatt samkv. 2. gr. skal landeiganda heimilt að láta land af hendi upp í áveitukostnað í eitt skipti fyrir öll. Heimild þessi er þó því skilyrði bundin, að nægilega mikið land fáist samfellt frá einni eða fleiri jörðum til stofnunar nýbýlis, að dómi þeirra, er falin er framkvæmd laganna samkv. 11. gr.

4. gr.

Nú er land tekið samkv. ósk landeiganda upp í greiðslu á áveitukostnaði, sbr. 3. gr., og skal það þá þannig gert, að af hverjum 8 hekturum áveitulands fær ríkissjóður 2 hektara, en 3 hektara, ef beitiland er tekið í staðinn. Heimilt er þó atvinnumálaráðherra að víkja frá þessu hlutfalli, ef sérstök ástæða þykir til með tilliti til gæða landsins og legu.

5. gr.

Hafi landeigandi gert mannvirki á hinu tekna landi, svo sem flóðgarða o. s. frv., skal meta þau til verðs á móti landi og taka þeim mun minna land, er mannvirkjunum nemur. Mat mannvirkjanna skal fara fram samkv. ákvæðum jarðræktarlaganna um mat á mannvirkjum til landskuldargreiðslu.

6. gr.

Þar, sem svo stendur á, að landi jarðar eða torfu hefir verið skipt milli fleiri ábúenda eða eigenda, en óhentugt þykir að taka land upp í áveitukostnað í réttum hlutföllum við skiptin, skal heimilt að taka land án tillits til skiptanna. En fari svo, að einn landeigandi eða notandi verði harðara úti en annar við landtökuna, skulu ný landskipti þegar fara fram samkvæmt landskiptalögum.

7. gr.

Jafnóðum og lokið er útmælingu þeirra landa, er tekin kunna að verða upp í áveitukostnað, skulu sett upp greinileg landamerki milli þeirra og aðliggjandi jarða, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar mælir fyrir um. Gera skal uppdrátt af þeim löndum, er ríkissjóður fær.

8. gr.

Nú er land látið upp í áveitukostnað af jörð, sem er í leiguábúð, og breytir það í engu umsömdum leigumála jarðarinnar.

9. gr.

Þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, skal landsstjórnin, að svo miklu leyti sem unnt er, leigja út lönd þau, er ríkissjóður fær samkvæmt ákvæðum laga þessara. Ábúendur þeirra jarða, sem löndin eru tekin frá, skulu hafa forleigurétt fyrir það verð, er ríkisstjórnin ákveður.

10. gr.

Útmæling landa samkvæmt ákvæðum laga þessara skal fram fara, að svo miklu leyti sem unnt er, sumarið 1933. En verði verkinu eigi lokið á þeim tíma, skal það framkvæmt á sumarmánuðunum 1934.

11. gr.

Búnaðarfélagi Íslands skal falið að annast framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn atvinnumálaráðherra, samkv. reglugerð, er hann setur, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Ed. 679. Frumvarp

til laga um geldingu hesta og nauta.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Hesta og naut, sem gelda þarf, skal svæfa áður en gelding fer fram.

2. gr.

Sýslunefndir hlutast til um, að hæfilega margir geldingamenn séu í hverri sýslu. Skulu þeir hafa lært að fara með svæfingarefni (Cloroform) og einnig aflað sér þeirrar þekkingar og leikni, sem þarf til að inna verkið vel af hendi, og hafa fengið um það vottorð frá dýralækni eða héraðslækni. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu og afhendingu svæfingarefnis til geldingamanna. Án sérstaks endurgjalds skal dýralæknum skylt að kenna mönnum innan þeirra umdæmis geldingaraðferðir og meðferð á svæfingarlyfjum.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 50—500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum gildandi lögum. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Nd. 680. Þingsályktun

um kaup eða leigu á síldarbræðslustöð.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí).

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að kaupa síldarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði, ef þess er kostur með hagkvæmum kjörum, eða að öðrum kosti að

taka á leigu og starfrækja síldarbræðslustöð, sem ella mundi verða óstarfrækt, næsta síldveiðitímabil, á Siglufirði eða annarsstaðar, enda sé stöðin þá að öllu leyti í rekstrarhæfu ásigkomulagi frá hendi eiganda og áhætta í sambandi við reksturinn ekki óhæfilega mikil að dómi ríkisstjórnar.

Ed. 681. Tillaga

til þingsályktunar um veiting Þingvallaprestakalls.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að auglýsa Þingvallaprestakall til umsóknar hið bráðasta og hlutast til um, að sóknarprestinum verði falið á hendur umsjónarstarf það, sem nú er sérstakt og sérlaunað embætti, svo fljótt sem við verður komið.

Greinargerð.

Þingvallaprestakall hefir ekki verið auglýst til umsóknar síðan séra Guðmundur Einarsson fluttist þaðan árið 1928.

Þáverandi kirkjumálaráðherra, Jónas frá Hriflu, vildi fækka prestum að stórum mun og bannaði því biskupi landsins að auglýsa laus prestaköll um stundarsakir, þótt lögin um veitingu prestakalla frá 3. nóv. 1915 mæli svo fyrir, að hvert laust prestakall skuli auglýst til umsóknar (væntanlega tafarlaust).

Síðar leyfði þó þessi ráðherra að auglýsa prestaköllin, nema Þingvallaprestakall, sem enn situr á „forboðslistanum“ og nýtur ekki annarar prestsþjónustu en þeirrar, sem tveir prestar í fjarlægum héruðum geta veitt því.

Söfnuðir Þingvallaprestakalls fóru þess á leit í vetur, svo að segja einróma, að þeir fengju sérstakan prest, eins og þeir eiga auðvitað fulla heimtingu á, meðan prestakallið er ekki lagt niður að lögum. Biskup lagði eindregið með beiðni safnaðanna, en henni hefir ekki verið sinnt. Viðbáran mun vera sú, að lögin um friðun Þingvalla (frá 9. maí 1928) kæmu í veg fyrir það.

Ég hefi kynnt mér þessi lög, og ég get ekki lesið það út úr þeim, að þau „friði“ Þingvöll fyrir sóknarpresti. Þau tala um að verja landið „fyrir ágangi af sauðfé og geitum, og eyða þeim dýrum og fuglum, sem usla geri á hinu friðlýsta svæði“. Ótrúlegt er, að nokkur telji hættu á, að sóknarpresturinn fylli þann flokk.

Eina ákvæðið, sem getur komið til greina í þessu sambandi, er í 5. gr. laganna, svo hljóðandi: „Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefir fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annara jarða í ríkiseign, sem til eru greindar í 2. gr.“, — og „Þingvallanefnd má ráða umsjónarmann á Þingvöllum til 5 ára í senn“.

En þrátt fyrir þetta virðist ástæðulítið að banna prestinum að búa á Þingvöllum, fremur en bændum að búa á öðrum jörðum á hinu friðlýsta landi.

Þá er það ekki sennilegt, að presturinn væri óhæfari til umsjónarmennsku á þessum stað heldur en hver annar maður, og munu fleiri en ég telja það mjög lélega ráðsmennsku að útrýma prestinum, kaupa söfnuðunum aukreitis prestsþjónustu og gjalda sérstökum umsjónarmanni allt að því tvöföld prestslaun, að ótöldum ýmsum hlunnindum, sem prestar fá aldrei, í stað þess að láta prestinn búa á Þingvöllum, þjóna prestakallinu og annast umsjónarstörfin þar að auki, fyrir einhverja smávegis þóknun, en það væri honum innan handar án þess að vanrækja prestsembættið.

Á Þingvöllum var kristni lögtekin á Alþingi árið 1000. Þar hefir verið prestssetur síðan á 12. öld. Hljóta því allir þjóðræknir kirkjuvinir að telja það ósæmandi og illa farið að svipta þann stað presti sínum, svo sem hér hefir greint verið, og það í raun og veru í algerðu heimildarleysi.

Nd. 682. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum um dýralækna, nr. 61 3. nóv. 1915.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Ég hefi ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um það að leggja til, að frumvarpið um fjölgun dýralækna verði samþykkt. En frv. þetta gefur hinsvegar tilefni til, að það sé tekið til athugunar, hvort eigi geti með breyttri tilhögun notazt betur að starfskröftum dýralækna þeirra, sem nú eru. Starfssvið þeirra er vitanlega að langsamlega mestu leyti í sveitunum, en þó eru dýralæknarnir allir búsettir í kaupstað. Væri það vissulega vel þess vert, að það væri tekið til athugunar, hvort eigi mundi notast betur að starfi þeirra með því að þeir væru búsettir á landsbyggðinni, þar sem þeir væru vel í sveit settir.

Þó óneitanlegt sé, að hjálp og leiðbeiningar dýralækna komi oft að liði þegar gripir veikjast eða slasast, þá er hinsvegar ekki á þeirra færi að ráða bót á þeim dýrasjúkdómum, sem gert hafa og gera enn mestan usla í sauðfjáreign manna og búnaðinum stafar nú mest hætta af, en það er lungnabólga í sauðfé, lungna- og garna-ormaveiki og hin svo kallaða Hvanneyrarveiki. Þessir sauðfjársjúkdómar allir, þó einkum tveir hinir fyrrnefndu, hafa gengið yfir sem faraldur í sumum héruðum landsins og valdið stórtjóni, svo sem kunnugt er. Hinn ötuli og merki vísindamaður Niels P. Dungal, forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans, rannsakaði til hlítar fyrir nokkrum árum þennan lungnabólgufaraldur, og tókst honum að finna sýkilinn og búa til bóluefni, sem reynzt hefir öruggt við þeirri veiki.

Er það hin brýnasta nauðsyn, að undinn sé bráður bugur að því að rannsaka eðli og orsakir lungna- og garna-ormaveikinnar og hinnar svo kölluðu Hvanneyrarveiki og reynt sé til þrautar að finna ráð, sem duga við þessum kvillum, svo þeirri plágu, sem af þeim stafar, verði sem fyrst létt af landbúnaðinum. Til slíkrar rannsóknar eigum vér nú engan annan fullfæran mann en

Níels P. Dungal, og má ekki láta undir höfuð leggjast stundu lengur að styrkja aðstöðu hans sem bezt til þessara rannsókna og flýta fyrir því á allan hátt, að úr því fáist skorið, hvað helzt sé til ráða í þessu efni. Tel ég það miklu meira virði fyrir landbúnaðinn, að þetta verði gert, en þó dýralæknum væri fjölgað.

Að öllu þessu athuguðu legg ég til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin í fyrsta lagi athugi fyrir næsta Alþingi í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hvort eigi muni notast betur að starfi dýralæknanna, ef þeir væru búsettir í sveit, og að hún í öðru lagi stuðli að því, að nú þegar verði hafin rannsókn á þeim búfjársjúkdómum, sem landbúnaðinum stafar nú mest hætta af, og að einskis verði látið ófreistað til að finna ráð, sem afstýrt geti þessum voða, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. maí 1933.

Pétur Ottesen.

Nd. 683. Frumvarp

til laga um samþykktir um sölu mjólkur og rjóma í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum hér á landi, þar sem fram fer sala á mjólk og rjóma frá fullkomnum mjólkurbúum, er viðurkennd hafa verið af atvinnumálaráðherra, skal óheimilt að selja þessar vörur ógerilsneyddar. Undanþegin þessu banni skulu þó fullkomin mjólkurbú, er að dómi atvinnumálaráðherra hafa sérstaka aðstöðu til þess að hreinsa mjólkina á annan hátt og koma henni óskemmdri á markaðinn.

Ákvæði fyrri málsgreinar taka ekki til svonefndrar barnamjólkur né til þeirrar mjólkur, sem framleidd er innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og framleiðandi selur utan mjólkurbúðar beint til neytenda, enda skulu um slíka sölu sett ákvæði í reglugerð, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd semur og atvinnumálaráðherra staðfestir, og má þar ákveða sektir til bæjar- eða sveitarsjóðs fyrir brot gegn henni, allt að 500 kr. Brot gegn ákvæðum fyrri málsgreinar varða og sektum til sama sjóðs, allt að jafnhárri upphæð.

2. gr.

Mjólkurframleiðendur á stærri eða minni svæðum, sem selja mjólk og rjóma í kaupstöðum eða kauptúnum frá viðurkenndum mjólkurbúum, geta gert með

sér samþykktir um skipulag sölu á þessum vörum í ákveðnum kaupstöðum eða kauptúnum.

Slík svæði nefnast sölusvæði, og geta fleiri en einn kaupstaður eða kauptún verið innan slíks sölusvæðis.

Mjólkurbú innan sömu sölusamtaka má þó ekki vera fjær sölustað en 70 km. og félagar þess ekki fjær en 150 km. frá sölustað, hvorttveggja miðað við venjulega flutningaleið.

Nú óskar stjórn mjólkurbús eða mjólkurbúa á svæði því, sem samþykkt er ætlað að ná yfir, að slík samþykkt sé gerð, og skal þá, með nægum fyrirvara, boða til fundar um málið öll mjólkurbú á svæðinu og senda þeim samþykktarfrumvarpið til athugunar, en hvert bú kýs sér fulltrúa til þess að fara með atkvæði á fundinum fyrir þess hönd, og hafa fulltrúar hvers bús atkvæðisrétt í hlutfalli við mjólkurmagn þess á síðastliðnu almanaksári. Eigi verður samþykkt gerð nema henni hafi goldið jákvæði fulltrúar, er samtals hafa yfir að ráða að minnsta kosti 75% af samanlögðu mjólkurmagni allra búanna. Nú nær samþykktarfrumvarp tilskildu atkvæðamagni, og skal það þá sent atvinnumálaráðherra til staðfestingar ásamt staðfestu eftirriti af fundargerðinni, umboðum fulltrúanna og öðrum skilríkjum. Ef ráðherra þykir samþykktin fara í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, synjar hann um staðfestingu, endursendir frumvarpið og tilgreinir ástæður fyrir synjaninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykkt fellur niður með hæfilegum fyrirvara, sem þar skal ákveðinn, ef mjólkurbú eða umboðsmenn mjólkurbúa, sem hafa yfir að ráða að minnsta kosti 35% af samanlögðu mjólkurmagni allra búanna, krefjast þess. En samþykkt verður ekki breytt á annan hátt en til hennar var stofnað.

Í samþykkt má ákveða sektir. allt að 1000 kr., fyrir brot gegn henni, og skulu þær sektir renna í verðjöfnunarsjóð, sbr. 3. gr.

3. gr.

Nú er samþykkt gerð samkv. 2. gr., og skal þá stofna verðjöfnunarsjóð fyrir hvert sölusvæði. Í hann skal renna ákveðið gjald af hverjum mjólkurlítra, sem seldur er sem neyzlumjólk á sölustað eða sölustöðum samtakanna. Gjald þetta skal ákveðið í samþykktinni og má aldrei vera hærra en 5% af útsöluverði gerilsneyddrar mjólkur. Sama gjald skal og greiða í verðjöfnunarsjóð af barnamjólk þeirri, sem seld er frá félagsmönnum í mjólkurbúum þeim, er samþykktin nær til.

Skylt er þeim, er mjólk framleiða innan takmarka sölusvæðis, sem samþykkt er gerð fyrir, og selja hana þar beint frá heimilum sínum til neytenda, að greiða sama gjald til verðjöfnunarsjóðs af hverjum mjólkurlítra, sem ákveðið hefir verið í samþykkt, og skal þá miðað við 2500 lítra ársnyt úr hverri kú.

Gjald til verðjöfnunarsjóðs skal greitt í byrjun hvers mánaðar eftir á til gjaldkera sjóðsins, og er lögtakskræft.

4. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal varið til greiðslu uppbótar á verði seldra mjólkurafurða innan sölusvæðisins til framleiðenda, sem eru í fullkomnum mjólkurbúum og starfa undir skipulagi samkv. 2. gr., eftir nánari ákvæðum samþykkta þeirra, sem þar um getur. Í þeim samþykktum skal og nánar kveðið á um fyrirkomulag og stjórn sjóðsins.

5. gr.

Nú er samþykktum komið á samkv. 2. gr., og skal þá skipuð 7 manna nefnd til þess að ákveða útsöluverð mjólkur á samlagssvæðinu og skera úr ágreiningi, sem rísa kann milli seljenda annarsvegar og bæjarstjórnar eða hreppsnefndar hinsvegar, svo framarlega sem þau mál heyra ekki undir úrskurð dómstólanna. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af framleiðendum, þeim er hlut eiga að máli, samkv. nánari ákvæðum, er setja má í samþykkt, 2 af bæjarstjórn eða hreppsnefnd og 3 skipaðir af atvinnumálaráðherra.

6. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og samþykktum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 684. Breytingartillaga

við frv. til laga um sölu mjólkur og rjóma í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

Frá Pétri Halldórssyni.

Við 3. gr.

a. Í stað orðsins „samtakanna“ í 1. málsgrein komi: af mjólkurbúum innan samtakanna.
b. 2. málsgr. falli niður.

Ed. 685. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Frá menntamálanefnd.

Enda þótt nefndin viðurkenni að ýmsu leyti þá höfuðhugsun, sem felst í frv., þá treystir hún sér ekki til að leggja með samþykkt þess. Styður nefndin

þá niðurstöðu sína við ummæli hr. fræðslumálastjóra Freysteins Gunnarssonar í bréfi dags. þ. 4. maí s. l., sem er prentað hér sem fylgiskjal.

Alþingi, 13. maí 1933.

Jón Jónsson, form.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskr., frsm.	Einar Árnason, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN
Reykjavík, 4. maí 1933.

Samkvæmt beiðni háttv. menntamálanefndar efri deildar hefi ég athugað frv. á þskj. 224, um lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

Hugmyndin um það, að „efla samtímis ræktun lands og lýðs", er að vísu göfug og allrar virðingar verð og hvatamanni þessa máls til hins mesta sóma. En sú leið, sem hér á að fara, er að mínu áliti varhugaverð. Stærsti annmarkinn, sem ég tel vera á þessu máli, er sá, að hér á að beita þvingun, og henni tvöfaldri. Í fyrsta lagi á að þvinga menn til vinnu og í öðru lagi til náms. Þegnskylduvinna er hér lítt reynd, en þó borin von um að vel myndi reynast. Um hitt er aftur meiri reynsla, hvernig skyldunám gefst. Og sú reynsla virðist mér allt annað en glæsileg. Ég hefi mjög litla trú á árangri slíks náms. — Allt öðru máli væri að gegna, ef fólk það, sem hér á hlut að máli, mætti sjálft greiða atkvæði um skylduvinnu og skólanám. Ef hægt væri að vekja svo sterkan áhuga unglinganna sjálfra, sem námsins eiga að njóta, að almenn þátttaka yrði í frjálsri vinnu, þá væri viðhorfið allt annað.

Virðingarfyllst.

Freysteinn Gunnarsson.

Ed. 686. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frv. óbreyttu að öðru en því, að hún leggur til, að 4. gr. verði felld úr því. Ekkert tilsvarandi ákvæði er í núgildandi löggjöf um þetta, og óttast nefndin, að ákvæði greinarinnar mundu verða þýðingarlítil í fram-

kvæmdinni, en geta valdið óánægju og sársauka hjá því fólki, sem verður ellistyrks aðnjótandi.

Einn nefndarmanna (JónasJ) var ekki á fundi þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 13. maí 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Jón Þorláksson, frsm.

Nd. **687. Fyrirspurn**

til ríkisstjórnarinnar um endurtryggingu fyrir Brunabótafélag Íslands.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Hvernig stóð á því, þegar samið var um endurtryggingu fyrir Brunabótafélag Íslands í byrjun aprílmánaðar síðastliðins, að samið var við norskt félag, þrátt fyrir það, þótt tilboð annara félaga, þar á meðal Sjóvátryggingafélags Íslands, væru miklum mun hagkvæmari?

Ed. **688. Lög**

um breyting á lögum nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí).

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Ákvæðin um skilorðsbundna hegningardóma í 1.—4. gr. laga nr. 39 16. nóvember 1907 taka til allra, sem dæmdir eru í allt að 1 árs betrunarhúsvinnu. Fjársektardóma má þó ekki skilorðsbinda að því er sektir snertir, nema dæmt sé eftir hinum almennu hegningarlögum eða viðaukum og breytingum við þau.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til þeirra brota, sem þá eru ódæmd.

Nd. 689. Lög

um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

(Afgreidd frá Nd. 15. maí).

1. gr.

Í stað orðanna „síld, fóðurmjöli“ í 1. gr. laganna komi: hverskonar saltaðri síld, síldarmjöli.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 690. Breytingartillaga

við frv. til laga um samþykktir um sölu mjólkur og rjóma í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

Flm.: Lárus Helgason, Jón Ólafsson, Sveinbjörn Högnason.

Við 2. gr. 3. málsgr. greinarinnar orðist þannig:

Innan sömu sölusamtaka geta þeir einir verið, sem hafa aðstöðu til að selja mjólkurafurðir sínar á sama sölustað eða sölustöðum. Þó skulu mjólkurbú innan sömu sölusamtaka ekki vera fjær sölustað en 120 km. og félagar þeirra ekki fjær en 200 km. frá sölustaðnum.

Nd. 691. Nefndarálit

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1932.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 15. maí 1933.

Ing. Bjarnarson, form., frsm.	B. Kristjánsson, fundaskrifari.	Pétur Ottesen.
Jónas Þorbergsson.	Þorleifur Jónsson.	Pétur Halldórsson.
	Tryggvi Þórhallsson.	

Nd. 692. Breytingartillögur

við frv. til l. um mjólkurbúastyrk o. fl. og við brtt. á þskj. 676.

I. Frá *Pétri Ottesen.*

Við brtt. 676.

a. Milli orðanna „úr ríkissjóði“ og „viðbótarstyrk“ komi: vegna yfirstandandi kreppu.

b. Orðin „ef rannsókn .... heilbrigðum grundvelli“ falli burt.

II. Frá *Birni Kristjánssyni.*

Við 2. gr.

Fyrir „helming“ í fyrsta málsl. komi: hluta.

Nd. 693. Frumvarp

til laga um mjólkurbúastyrk o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að greiða úr ríkissjóði, vegna yfirstandandi kreppu, viðbótarstyrk til mjólkurbúanna í Eyjafirði, Borgarfirði, Árnessýslu og Reykjavík, er nemi allt að ¼ af stofnkostnaði þeirra hvers um sig.

2. gr.

Mjólkurbú Flóamanna greiðir þann hluta af ríkissjóðsláni til stofnunar búsins, sem eftir verður, þegar frá er dreginn styrkur samkvæmt 1. gr., og er ríkisstjórninni heimilt að ákveða greiðslufrest og kjör að öðru leyti, enda verði þær tryggingar settar fyrir skuldinni, er ríkisstjórnin metur gildar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands. Fresturinn má þó ekki vera lengri en svo, að samrýmzt geti ákvæðum 3. gr.

3. gr.

Að áskildu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands skal greiðslu á viðbótarstyrk þeim til mjólkurbúa þeirra, er í 1. gr. getur, annara en Mjólkurbús Flóamanna, þannig hagað, að Búnaðarbankinn tekur við skuldabréfi því eða bréfum, sem Mjólkurbú Flóamanna gefur út fyrir skuld sinni samkv. 2. gr., þó ekki fyrir hærri fjárhæð en nemur niðurfærslu þeirri á viðlagasjóðslánum hinna búanna, er samsvara viðbótarstyrknum, enda verður þá bankinn að því leyti skuldareigandi gagnvart Mjólkurbúi Flóamanna.

Ed. 694. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 44 19. maí 1930, um refaveiðar og refarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. maí 1933.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Pétur Magnússon, fundaskrifari.	Jón Jónsson.

Ed. 695. Frumvarp

til laga um innflutning á jarðeplum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. gr.

Þann hluta árs, sem nægar birgðir eru fyrir hendi í landinu, að dómi Búnaðarfélags Íslands, af innlendum jarðeplum, er ríkisstjórninni heimilt að banna að flytja inn jarðepli frá öðrum löndum.

2. gr.

Að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands ákveður atvinnumálaráðherra á ári hverju með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, frá hvaða tíma innflutningsbann á jarðeplum skuli í gildi ganga og hvenær því skuli af létt. Skal sú auglýsing birt þremur vikum áður en innflutningsbannið hefst.

Ef sérstakar ástæður gera það nauðsynlegt og Búnaðarfélag Íslands mælir með því, er ráðherra þó heimilt að ákveða með nýrri auglýsingu, að banninu skuli fyrr af létt en til var tekið, og þarf það ekki að vera samtímis á öllu landinu.

3. gr.

Hreppstjórum í sveitum og bæjarstjórn í kaupstöðum skal skylt að senda Búnaðarfélagi Íslands á ári hverju fyrir fyrsta nóvember skýrslu um uppskerumagn jarðepla.

4. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga setur atvinnumálaráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Í reglugerð þessari skal setja reglur um mat á jarðeplum, ef um stærri kaup er að ræða en 500 kg. til sama kaupanda.

5. gr.

Brot gegn auglýstu innflutningsbanni á jarðeplum samkvæmt 1. gr. varðar sektum til ríkissjóðs, frá 200—2000 kr. Ólöglega innflutt jarðepli skulu upptæk og andvirði þeirra renna í ríkissjóð.

6. gr.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. ósk atvinnumálaráðherra og mjög eindreginni áskorun frá „bændanefndinni". Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir frá bændanefndinni:

Nefndin telur það einn lið í sjálfsbjargarviðleitni þjóðarinnar á þessum krepputímum að hlúa sem bezt að og auka framleiðslu innlendra matjurta. Engum blandast lengur hugur um það, að hér á landi eru allvíðast nóg og góð skilyrði til þess að rækta þá vörutegund, er hér um ræðir, jarðeplin.

Nefndin hefir því tekið upp frv. það um þetta efni, er landbúnaðarnefnd neðri deildar flutti á síðasta þingi, með þeirri breytingu, að fellt hefir verið úr því ákvæði, sem einkum varð þá að ágreiningi í þinginu, þ. e. ákvæðið um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við flutning á jarðeplum milli héraða.

Ed. 696. Nefndarálit

um frv. til laga um höfundarétt.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin lítur svo á, að nauðsynlegt sé og réttmætt að koma á fullkomnari löggjöf um höfundarétt heldur en nú gildir. Hinsvegar telur nefndin æskilegt, að slík löggjöf hljóti sem beztan undirbúning og telur því sjálfsagt, að stjórninni sé falið þetta mál til frekari íhugunar.

Nefndin leggur því til, að frv. sé afgreitt með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Um leið og ríkisstjórninni er falið að láta undirbúa löggjöf, sem tryggi höfundum allan sanngjarnan rétt yfir verkum sínum, og leggi frv. um höfundarétt fyrir næsta Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. maí 1933.

Jón Jónsson, form., frsm.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskrifari.	Einar Árnason.

Nd. **697. Breytingartillaga**

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 4. gr. Fyrir „fjár síns ráðandi“ kemur: fjárreiður.

Ed. **698. Nefndarálit**

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin er öll sammála um að leggja til, að á frv. verði gerð sú breyting, að undanþága frá viðbótarskatti nái einnig til leiksýninga og gildi aðeins fyrir þær skemmtanir, er innlendir menn standa að. Hinsvegar er einn nefndarmanna (JónÞ) ósamþykkur skattupphæðinni og mun flytja breytingartillögu um lækkun.

Undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Síðari málsliður orðist þannig:

Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu.

Alþingi, 16. maí 1933.

Ingvar Pálmason,	Jónas Jónsson,
form. og frsm.	fundaskrifari.

Ed. **699. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1933.

Ingvar Pálmason,	Jónas Jónsson,
form. og frsm.	fundaskrifari.

Ed. 700. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvern gjaldskyldan mann.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 3 kr. á ári, en kvenmaður 1 kr. 50 au.

3. gr.

12. gr. laganna skal orða svo:

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta öllu því gjaldi, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár í kaupstaðnum eða hreppnum, ennfremur ⅔ af þeim styrk, sem lagður er til styrktarsjóðsins úr ríkissjóði á árinu, og hálfum vöxtum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 701. Lög

um breyting á lögum nr. 36 20. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí).

1. gr.

3. gr. laga nr. 36 1917 skal orða svo:

Kennslugreinar skulu vera þessar: Íslenzka og íslenzk fræði, eitt norðurlandamál, saga, stærðfræði, náttúrufræði, landafræði, félagsfræði, bókhald, teiknun, söngur, leikfimi, handavinna. Auk þess skulu nemendur eiga kost á tilsögn í ensku.

2. gr.

4. gr. laganna skal orða svo:

Þegar því verður við komið, skal halda fyrirlestranámsskeið við skólann fyrir almenning í nokkra daga nær miðjum vetri. Ennfremur má halda við skólann vornámsskeið, þegar stjórn skólans telur ástæður fyrir hendi. Fastir kennarar skólans skulu skyldir til að kenna við námsskeiðin, hver í sínum greinum.

3. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Við skólann skal skipaður skólastjóri og tveir kennarar; taka þeir laun eftir 26. gr. laga nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna. Auk þess skal séð fyrir nauðsynlegri stundakennslu, svo og kennslu við námsskeiðin, að svo miklu leyti sem kennslukraftar skólans hrökkva ekki til.

4. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Skólaárið telst frá 20. október til fyrsta sunnudags í sumri.

5. gr.

Árspróf skal halda að loknu námi hinn fyrra vetur, og burtfararpróf að loknu námi hinn síðara vetur. Þeir, sem lokið hafa námi, fá prófskírteini, er sýni kunnáttu þeirra í öllum skyldunámsgreinum skólans.

6. gr.

Nánari fyrirmæli um starfstilhögun skólans og skipulag getur ráðuneytið sett með reglugerð.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 27. júní 1921.

Nd. 702. Breytingartillaga

við brtt. á þingskj. 690 (Sala mjólkur o. fl.).

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Brtt. skal orða svo:

Innan sömu sölusamtaka geta þeir einir verið, sem hafa aðstöðu til að selja mjólk sína og mjólkurafurðir á sama sölustað eða sölustöðum. Þó skulu mjólkurbú innan sömu sölusamtaka ekki vera fjær sölustað en 120 km. og félagar þeirra ekki fjær en 200 km. frá sölustað, miðað við venjulega flutningaleið.

Ed. 703. Þingsályktun

um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí).

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um aukning tekjustofna sveitarfélaga.

Ed. 704. Frumvarp

til l. um breyt. á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 638, með þeim viðauka við 1. gr. A., sem felst í brtt. á þskj. 648.

Nd. 705. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 48 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 32 í einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru. Kosning þeirra er óhlutbundin. Skipta má tvímenningskjördæmum með lögum.

Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

b. 6 í Reykjavík og jafnmargir til vara samtímis. Kosning þeirra er hlutbundin.

c. Allt að 10 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti sem næst samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er þingmannaefnum flokksins samtals við almennar kosningar. Kosningu hljóta, eftir reglum kosningalaga, þau þingmannaefni utan Reykjavíkur, sem hlutfallslega flest atkvæði hafa fengið án þess að ná kosningu í kjördæmi. Ef slíkur þingmaður deyr eða fer frá á kjörtímabilinu, tekur varamaður sæti eftir sömu reglum.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

4. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., skal orða þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarétt á til þeirra.

6. gr.

Síðari málsgrein 38. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 37. gr., skal orða þannig:

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar við 3 umræður.

7. gr.

40. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 39. gr., skal orða þannig:

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

8. gr.

2. og 3. töluliður ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli niður, en í stað þeirra komi nýr 2. töluliður, svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Ed. 706. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað „1928“ komi: 1930.
2. Við 2. gr. Síðasti málsliður greinarinnar („Þetta nær þó ekki“ o. s. frv.) falli niður.

Alþingi, 16. maí 1933.

Jónas Jónsson, form.	Ingvar Pálmason.	Jakob Möller, fundaskr., frsm.

Nd. 707. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

1. gr. nefndra laga, nr. 55 7. maí 1928, orðist svo:

Hvarvetna í landhelgi við Ísland, með undantekningum þeim, er hér fara á eftir, skulu veiðar með dragnótum bannaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 31. ágúst og frá 1.—31. desember ár hvert.

Á svæðinu frá Hjörleifshöfða til Látrabjargs skulu veiðar með dragnótum þó leyfðar innan landhelgi frá 15. júní til 30. nóvember ár hvert.

2. gr.

Ákvæði 8. gr. laganna falla niður að því er snertir það svæði, er um ræðir í síðari málsgr. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bann það, sem nú er í gildi gegn dragnótaveiðum innan landhelgi, mun hafa það í för með sér, að fjöldi báta, einkum við Faxaflóa, treystist ekki til

að leggja stund á þennan atvinnuveg. Hinsvegar er það vitað, að til er markaður í Reykjavík fyrir um 1400 tonn af þorski og flatfiski, og verð það, sem í boði er fyrir hina síðarnefndu fisktegund, vel viðunandi og mun hærra en fekkst síðastl. ár.

Full ástæða virðist vera til þess, eins og við horfir hvað atvinnu sjómanna yfir sumartímann snertir, að gera þeim mögulegt að notfæra sér þennan markað. Þetta frv. er borið fram til að greiða fyrir þessu, og fylgir til frekari skýringar afrit af bréfi dags. 11. þm., sem sænsk-íslenzka frystihúsið hér hefir sent atvinnumálaráðuneytinu.

Bréfið hljóðar eins og hér segir:

Reykjavík, 11. maí 1933.

Til atvinnumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Tilraunir vorar síðastliðið ár við að fá markað fyrir flakaðan frosinn þorsk, rauðsprettu og sólkola hafa borið svo góðan árangur, að vér höfum í ár ákveðið að kaupa 700 tonn af þorski, 500 tonn af rauðsprettu, 100 tonn af sólkola og 100 tonn af lúðu til frystingar og útflutnings.

Þrátt fyrir auglýsingar í dagblöðunum (sbr. meðfylgjandi auglýsingu) hefir oss ekki tekizt að semja við einn einasta bát um flatfiskveiði í sumar. Við getum ráðið ca. 25 báta til dragnótaveiða í sumar, en allir fiskimenn, sem við höfum haft tal af, segja, að þrátt fyrir hið mikla atvinnuleysi þeirra yfir sumarið sé ómögulegt fyrir þá að stunda veiðar, þar eð þeir eingöngu verða að veiða fyrir utan landhelgi til 1. sept. Þess háttar veiði telja þeir langt frá svara kostnaði og kveðast ekki geta skilið, hver ætlunin sé með að banna dragnótaveiði í landhelgi fyrir 1. sept., þar eð það er leyft eftir þann tíma til áramóta. Ef flatfiskveiðin byrjar ekki fyrr en 1. sept., er það ómögulegt fyrir oss að fá það „kvantum", sem vér þurfum að fá til þess að geta fullnægt eftirspurninni, og auk þess verður það þess valdandi, að frystihúsið verður að stöðva framkvæmdir sínar yfir sumartímann, til mjög mikils tjóns fyrir það og þá menn, bæði sjómenn og verkamenn í landi, er gætu haft atvinnu af starfsemi þess.

Hvað verð á flatfiski viðvíkur er það að segja, að við höfum boðið 40 aura fyrir kg. af rauðsprettu og 30 aura fyrir kg. af sólkola, sem er 10 aurum hærra verð pr. kg. en greitt var síðastliðið sumar.

Þar sem svo virðist, að brýn nauðsyn sé til að bæta úr ríkjandi atvinnuleysi, og ekki síst þegar hægt er að gera það á þann hátt að auka framleiðslu landsins til útflutnings fyrir mjög viðunandi verð, leyfum vér oss að skora á hið virðulega atvinnumálaráðuneyti að neyta allra ráða til þess að opna möguleika fyrir því, að dragnótaveiði verði leyfð í landhelgi einnig yfir sumartímann.

Virðingarfyllst,

Svensk-Isländska Fryseriaktiebolaget.
Undirskrift.

Nd. 708. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 662 (Ríkisborgararéttur).

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir lið 3. komi liður 4:
Jakobsen, Knud Olai, skósmiður á Þingeyri, fæddur í Noregi.

Ed. 709. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um fóðurrannsóknir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. maí 1933.

Páll Hermannsson, form.	Pétur Magnússon, fundaskrifari.	Jón Jónsson, frsm.

Ed. 710. Nefndarálit

um frv. til laga um útflutning saltaðrar síldar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 50—1000 kr., gegn 2. gr. 1000—10000 kr., og renna þær í ríkissjóð.

Alþingi, 16. maí 1933.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Jakob Möller, fundaskr.	Magnús Torfason.

Ed. 711. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar (JónÞ).

Við 1. gr. Fyrir „100%“ komi: 50%.

Ed. 712. Þingsályktun

um sláttu tveggja minnispeninga.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí).

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að láta slá tvo minnispeninga: Verðlaunapening og Björgunarpening.

Ed. 713. Lög

um viðauka við lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí).

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 79 14. nóv. 1917 komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskipti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sé þar seldur.

Þá er og bæjarstjórnum heimilt að gera samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum. Til að tryggja vinnutíma sendisveina má í samþykkt meðal annars ákveða, að útsendingu á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skuli lokið eigi síðar en á lokunartíma. Heimilt er að ákveða vinnutíma sendisveina misjafnlega stuttan, eftir aldri þeirra.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 12 7. maí 1928, um viðauka við lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Ed. 714. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 3. gr. Við greinina bætist:

Ennfremur er bæjarstjórnum og hreppsnefndum heimilt að bæta við árlegt úthlutunarfé 50% úr bæjar- eða sveitarsjóði.

Ed. 715. Breytingartillögur

við frv. til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Flm.: Pétur Magnússon.

1. Við 5. gr. Aftan við 3. málsgr. bætist:
   Í Vestmannaeyjum og Reykjavík skal þó héraðslæknir vera sóttgæzlumaður, og haldast ákvæði laga nr. 31 20. júní 1923, um læknisskoðun aðkomuskipa, óbreytt á þessum stöðum.
2. Við 23. gr. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ákvæði greinar þessarar taka þó eigi til Vestmannaeyja og Reykjavíkur, sbr. 5. gr.

Nd. 716. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Eftir því, sem fé sjóðsins hrekkur til, skal því varið til að styrkja bændur með ákveðnu framlagi, miðað við kaupverð, til að eignast meiri háttar verkfæri til jarðræktar og heimilisnota, svo sem hér segir:

a. Helmingsframlag veitist til kaupa á hestaverkfærum til jarðvinnslu.
b. Þriðjungsframlag veitist til kaupa á heyvinnuvélum og spunavélum.

Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 300 krónur.

Sá, er styrks beiðist, sendir umsókn sína, stílaða til Búnaðarfélags Íslands, stjórn búnaðarfélags þess, sem hann er í, og sér hún þá um útvegun verkfæranna og greiðslu andvirðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 717. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 1. gr. a-liður orðist svo:

Helmingsframlag veitist til kaupa á hestaverkfærum til jarðvinnslu og garðræktar, forardælum og dælum, sem notaðar eru til varnar gegn kartöflusýki.

Nd. 718. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ammendrup, Paul Christoffer, klæðskeri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
2. Brynjólfur Björnsson, stud. polit. í Kaupmannahöfn, fæddur í Danmörku.
3. Honningsvaag, Petter Matthias, sjómaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
4. Jakobsen, Knud Olai, skósmiður á Þingeyri, fæddur í Noregi.
5. Jensen, Frede, vefari á Akureyri, fæddur í Danmörku.
6. Kobbelt, Eduard August, vélasmiður á Siglufirði, fæddur í Þýzkalandi.
7. Kristensen, Arne, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
8. Nielsen, Niels Christian, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
9. Olsen, Jentoft G. H., lifrarbræðslumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
10. Olsen, Simon Andreas, vélstjóri á Ísafirði, fæddur í Noregi.
11. Pedersen, Hagerup M. S., húsasmiður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
12. Rönning, Johan, rafvirki í Reykjavík, fæddur í Noregi.
13. Vidnes, Peder R. S. Olsen, verkamaður á Eyrarbakka, fæddur í Noregi.

Nd. 719. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni og Vilmundi Jónssyni.

Við 1. gr.

a. Stafliður b. hljóði svo:

6 í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.

b. Stafliður c. hljóðar svo:

Allt að 10 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefir í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

c. Á eftir staflið c. komi ný málsgr,. svo hljóðandi:

Tölu jöfnunarþingsæta má fjölga upp í allt að 12 með einföldum lögum, og verður þá tala þingmanna 50.

Nd. 720. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum gufuskipum.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Við 1. gr.
   a) a-liður gr. orðist svo:
      hefir staðizt vélgæzlupróf í vélstjóraskóla Reykjavíkur.
   b) Síðasta málsgr. orðist svo:
      Ráðherra setur reglugerð um, hvernig vélgæzlukennslunni skuli háttað og um vélgæzluprófið og prófskilyrði.
2. Við 2. gr. Síðari málsl. orðist svo:
   Hið sama er um þá, er hafa verið vélstjórar með undanþágu á gufuskipum, ef þeir hafa staðizt próf í vélstjóraskólanum eða vélgæzludeild hans.
3. Við 3. gr. Gr. falli burt.

Nd. 721. Nefndarálit

um frumvarp til laga um salerni í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Einn nefndarmanna (BÁ) vill samþykkja frv., en hinir nefndarmennirnir geta ekki á það fallizt.

Meiri hluti n. viðurkennir að vísu, að lítt sé viðunandi, hve skeytingar-

lausir margir menn eru um það, að koma upp salernum á býlum sínum. Er hér um hið mesta þrifnaðar- og heilbrigðismál að ræða, auk þess sem þetta ástand hefir oft sett ómenningarstimpil á okkur í augum erlendra ferðamanna. En þótt nú meiri hl. n. viðurkenni, að þörf sé aðgerða í þessu efni, getur hann samt ekki fallizt á, að lög verði sett um það nú þegar. Sú lagasetning mundi stofna til allverulegra útgjalda hin næstu árin, og virðist hæpið að lögbjóða slíkt meðan ekki sést, hvernig fram úr núverandi kreppu rætist. Þá virðist og eðlilegast, að Búnaðarfélag Íslands hafi forgöngu um mál sem þetta og að það beiti áhrifum sínum í þá átt, að búnaðarfélagsskapur landsins hrindi máli þessu áleiðis sem allra fyrst.

Að þessu athuguðu leggur meiri hluti landbúnaðarnefndar til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hvetji stjórn Búnaðarfélags Íslands til þess að beitast fyrir því, að búnaðarsamböndin og hreppabúnaðarfélögin vinni að því af fremsta megni, að bændur, sem ekki hafa enn komið upp salernum á heimilum sínum, geri það hið fyrsta, enda safni Búnaðarfélag Íslands fyrir næsta búnaðarþing skýrslum um, hvað ágengt hefir orðið í þessu efni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. maí 1933.

Steingr. Steinþórsson, fundaskr., frsm. Pétur Ottesen. Guðbr. Ísberg.

Lárus Helgason.

Nd. **722. Breytingartillögur**

við frv. til laga um samþykktir um sölu mjólkur og rjóma í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Lárus Helgason, Jörundur Brynjólfsson, Jón Ólafsson.

1. Við 1. gr. 1. málsgr.
   a. Orðin „og rjóma“ falli burt.
   b. Í stað orðanna „þessar vörur ógerilsneyddar“ komi: þessa vöru ógerilsneydda.
2. Við 2. gr. 1. málsgr.
   a. Orðin „og rjóma“ falli burt.
   b. Í stað „þessum vörum“ komi: þessari vöru.
3. Við fyrirsögn. Orðin „og rjóma“ falli burt.

Nd. 723. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 702 (Sala mjólkur o. fl.).

Frá Sveinbirni Högnasyni og Jörundi Brynjólfssyni.

Orðin „og mjólkurafurðir“ falli burt.

Nd. 724. Breytingartillaga

við frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá Sveinbirni Högnasyni.

Frvgr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ammendrup, Paul Christoffer, klæðskeri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
2. Brynjólfur Björnsson, stud. polit. í Kaupmannahöfn, fæddur í Danmörku.
3. Jakobsen, Knud Olai, skósmiður á Þingeyri, fæddur í Noregi.
4. Kristensen, Arne, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
5. Nielsen, Niels Christian, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
6. Olsen, Jentoft G. H., lifrarbræðslumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
7. Olsen, Simon Andreas, vélstjóri á Ísafirði, fæddur í Noregi.
8. Rönning, Johan, rafvirki í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Nd. 725. Frumvarp

til ábúðarlaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 410, með þeirri breytingu, að

47. gr. hljóðar svo:

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu vera skipaðir til 6 ára. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun fyrr en 6 ár eru liðin frá því að hann hætti starfanum. Allir fullveðja búendur hreppsins, yngri en 60 ára, eru skyldir að taka við útnefningu.

Úttektarmenn skulu áður en þeir byrja starf sitt undirrita í úttektarbókina drengskaparheit um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir beztu vitund og sannfæringu.

Sþ.

726. Tillaga

til þingsályktunar um rétt alþingismanna til að athuga fylgiskjöl með reikningum ríkisins.

Flm.: Héðinn Valdimarsson.

Alþingi ályktar, að hver alþingismaður eigi, meðan á þingtímanum stendur, fullan rétt til sjálfur að athuga fylgiskjöl með greiðslum úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Alþingismenn hafa haft þennan sjálfsagða rétt um langan aldur, en núverandi dómsmálaráðherra hefir neitað, að athugaður yrði nánar á þennan hátt kostnaðurinn við ríkislögregluna á þessu ári. Virðist lýðræðið verða heldur lítið, ef alþingismenn eru sviptir þessum rétti til að gagnrýna gerðir stjórnarinnar, með athugun fylgiskjala með greiðslum, sem hún hefir jafnvel án nokkurrar lagaheimildar innt af hendi og sætir mikilli mótstöðu í landinu.

Nd.

727. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Í þeim 9 sýslum, sem sýsluvegasjóðir eru starfræktir, mun láta nærri, að fasteignamatið frá 1922, með þeim viðbótum, sem urðu til 1931, og sem kemur til greina við útreikning sýsluvegasjóðsgjalds, samsvari nýja fasteignamatinu (1932), að frádregnu ½ verði húsa. Þó er þetta nokkuð mismunandi í hinum einstöku sýslum.

Í 4 sýslum lækkar matið:

Í Skagafjarðarsýslu	um	3,2 %
– Gullbringusýslu	—	16,6 —
– Rangárvallasýslu	—	17,4 —
– Eyjafjarðarsýslu	—	18,4 —

Í 5 sýslum hækkar matið:

Í Suður-Þingeyjarsýslu	um	7,3 %
– Vestur-Húnavatnssýslu	—	8,0 —
– Dalasýslu	—	13,3 —
– Austur-Húnavatnssýslu	—	14,2 —
– Mýrasýslu	—	63,6 —

Mestur mismunurinn er í Mýrasýslu; þar hækkar matið um 63,6%, sem hlýtur að stafa af óeðlilega lágu mati skv. eldra fasteignamatinu. Þar hefði því

sýsluvegasjóðsgjaldið hækkað mikið, hvernig sem að hefði verið farið. Á þessum samanburði byggjast ákvæði frv. um gjöld til sýsluvegasjóða og framlag ríkissjóðs.

Aðrar helztu breytingar, sem gerðar eru á núgildandi lögum, eru þær, sem nú skal greina.

1. Lágmark þess gjalds, sem sýsluvegasjóðum ber, er fært upp úr 1½‰ í sem svarar 2‰ skv. eldra matinu, eða í það lágmark, sem veitir rétt til framlags úr ríkissjóði.
2. Samkvæmt lögunum veitir framlag yfir 6‰ í sýsluvegasjóð rétt til þrefalds framlags úr ríkissjóði. Þó þarf heimild ráðherra til hækkunar yfir 6‰. Þessi skylda ríkissjóðs til þrefalds framlags er felld niður í frv. Aftur á móti er haldið ákvæðunum um það, að heimild ráðherra þurfi til hækkunarinnar.
3. Ákvæði laganna um aukafjárframlög sveitarfélaga hafa verið skýrð þannig, að ríkissjóði bæri aðeins að leggja fram á móti þeim sérstaklega án þess að telja þau með ‰ gjaldi sýsluvegasjóðanna til hækkunar. Þessi skilningur mun vera gagnstæður því, sem til var ætlazt með lögunum, og er nú séð fyrir því, að svo verði ekki framvegis.

Ber því ríkissjóði að greiða skv. frv. á móti öllum slíkum aukaframlögum eins og þau væru lögð á sem ‰ gjald. Sem dæmi til skýringar má taka: Sýsluvegasjóðsgjald er 4‰ af löndum og lóðum og 2‰ af húseignum, aukaframlag samsvarar 2‰ af löndum og lóðum og 1‰ af húseignum. Eftir því sem lögin hafa verið skýrð, mundi ríkissjóður greiða móti aukaframlaginu jafnmikið samkv. lögunum, en tvöfalt samkv. frv.

Þær breytingar, sem með frv. eru gerðar á lögunum vegna hækkunar á fasteignamatinu, telur nefndin, að við megi una, og þar sem svo mjög er liðið á þingtimann, vill hún ekki tefja málið með till. til breytinga á þeim atriðum, sem minna máli skipta, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. maí 1933.

Sveinn Ólafsson, form.	Hannes Jónsson, frsm.	Jón Ólafsson, fundaskrifari.
Sveinbjörn Högnason.	Jón A. Jónsson.	

Ed. 728. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 714 (Alm. ellistyrkur).

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fyrir „50‰ úr bæjar- eða sveitarsjóði“ komi: allt að jafnmikilli upphæð úr bæjar- eða sveitarsjóði og til úthlutunar kemur af framlagi ríkissjóðs.

Ed. 729. Frumvarp

til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 1927 skal til ársloka 1934 innheimta með 50% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 730. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Málsliður 1. b. í 14. gr. laganna orðist svo:

hefir haft félagsréttindi í sveinafélagi í iðn sinni fyrir 1. jan. 1930.

2. gr.

Aftan við 18. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Iðnbréf og heimild til þess að taka nemendur til verklegs náms, sem veitt er samkvæmt þessari grein, gildir aðeins innan þess lögsagnarumdæmis, þar sem það er gefið út.

3. gr.

Aftan við 21. gr. laganna komi ný grein, er verður 22. gr., þannig:

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Skulu lögreglustjórar að jafnaði leita umsagnar iðnráðanna um þau mál, er undir þá falla samkvæmt II. kafla þessara laga og samkvæmt löggjöfinni um iðnaðarnám.

Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um kosningu iðnráða og nánari ákvæði um starfssvið þeirra.

Nd. 731. Lög

um breyting á lögum um dýralækna, nr. 61 3. nóv. 1915.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí).

1. gr. í lögum nr. 61 3. nóv. 1915 orðist svo:

Dýralæknar skulu fimm, tveir í Sunnlendingafjórðungi, þriðji í Vestfirðinga-

fjórðungi, fjórði í Norðlendingafjórðungi, fimmti í Austfirðingafjórðungi. Atvinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

Nd. 732. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 720 (Vélgæzla á gufuskipum).

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 1. a)
Á eftir „vélgæzlupróf“ kemur: eða vélstjórapróf.

Ed. 733. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 2. gr. 1. (Fasteignaskattur).
Fyrir „330000“ kemur 370000
2. Við 3. gr. A. I. 3. (Tóbakseinkasalan).
Fyrir „300000“ kemur 350000
3. Við 3. gr. A. Sundurliðun. Póstsjóður. II. (Tekjur).
Fyrir „550000“ kemur 590000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 12. gr. 8. Nýr liður:
Til styrktar lækni til að nema lyfjafræði, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlagi annarsstaðar að, fyrsta greiðsla af þremur 2000

III. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni* og *Halldóri Steinssyni.*
Við 12. gr. 9. Nýr liður:
Til fjörefnarannsókna á þjóðlegum íslenzkum matvælum 3000

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 12. gr. 16. c. (Læknisbústaðir og sjúkraskýli).
a. Fyrir „8000“ kemur 11000
b. Við ath. bætist: og 3000 kr. lokastyrkur til sjúkrahúsbyggingar á Siglufirði.

V. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 12. gr. 16. j. (Líkn).
Fyrir „3000“ kemur 4000

VI. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur* og *Jakob Möller.*
Við 12. gr. 16. j. Nýr liður:
Til sjúkraheimilis Hvítabandsins 5000

VII. Frá *Einari Árnasyni* og *Jóni Jónssyni.*
Við 12. gr. 16. k. Nýr liður:
Styrkur til Súgfirðinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu 1200
Til vara 1000

VIII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 12. gr. 16. m. Nýr liður:
Til Unnar Vilhjálmsdóttur, sjúkrastyrkur 1000

IX. Frá *Jóni Þorlákssyni, Jóni Baldvinssyni* og *Jakob Möller.*
Við 13. gr. A. XII. Nýr liður:
Til Ferðafélags Íslands, upp í greiðslu kostnaðar við bygg-
ingu sæluhúss hjá Hvítárvatni 1000

X. Frá *samgöngumálanefnd.*
Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).
Fyrir „78300“ kemur 77800

XI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 13. gr. C. III. Nýr liður:
Til byggingar radiovita á Reykjanesi 40000

XII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
Fyrir „43000“ kemur 47000

XIII. Frá *Einari Árnasyni.*
Við 13. gr. C. VIII. Nýr liður:
Til öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn tvöföldu
tillagi frá hafnarsjóði Siglufjarðar. Fyrsta greiðsla af fimm 40000

XIV. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 14. gr. A. b. 7. Nýr liður:
Til Síðumúlakirkjusafnaðar, af sömu ástæðum 1200
Til vara 1000

XV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. II. b. (Námsstyrkur skv. ákvörðun menntamálaráðs).
Fyrir „8000“ kemur 16000

XVI. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýir liðir:
a. Til Jóns Gissurarsonar, til lokanáms í verzlunarfræði við
þýzkan háskóla 1000
b. Til Agnars Norðfjörðs, til lokanáms í hagfræði við háskól-
ann í Khöfn 1200
c. Til Ásgeirs Einarssonar, til lokanáms í dýralæknisfræði í
Þýzkalandi 1200
d. Til Árna Þ. V. Snævars, til lokanáms í verkfræði í Þýzka-
landi 1200
e. Til Jóns Sigurðssonar, til framhaldsnáms í verkfræði, með
steinsteypu sem sérgrein 1000

XVII. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Ágústs Sigurðssonar, til málfræðináms í Danmörku 1200

XVIII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýir liðir:
a. Til K. G. Guðmundssonar stúdents, styrkur til að kynna sér starfsemi tryggingarfélaga í Þýzkalandi 1000
b. Til Alfreds Gíslasonar cand. med., til sérfræðináms í geð- og taugasjúkdómafræði 1000

XIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. VIII. b. 5. Nýr liður:
Til starfrækslu vélgæzludeildar 1000

XX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. X. e. Nýir liðir:
a. Til landssambands iðnaðarmanna 3000
b. Til verklegs framhaldsnáms erlendis 4000
Til vara 2800

XXI. Frá *Jakob Möller* og *Pétri Magnússyni.*
Við 14. gr. B. XI. a. Liðinn skal orða svo:
Til verzlunarskóla Íslands:
a. Rekstrarstyrkur 10000
b. 40 kr. fyrir hvern nemanda, sem er allt skólaárið, allt að 8000
18000
Til vara: Fyrir „5000“ kemur 10000

XXII. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 3. Nýir liðir:
a. Til framhaldsnámskeiðs fyrir kennara 1500
b. Utanfararstyrkur barnakennara 2000

XXIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. XVII. (Blindravinafélagið).
Fyrir „2600“ kemur 3500

XXIV. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4 (Sundlaugar).
a. Fyrir „5000“ kemur 8000
b. Við liðinn kemur aths.
Þar af 3000 kr. til sundlaugar í Vestmannaeyjum.

XXV. Frá *Jakob Möller* og *Guðmundi Ólafssyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. Nýr liður:
Til hraðritunarskóla Helga Tryggvasonar 800

XXVI. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. 13. Nýr liður:
Til Íslandsdeildar Norræna félagsins 800

XXVII. Frá *Jakob Möller.*
Við 15. gr. 18. (Leikfélag Reykjavíkur).
Fyrir „4000“ kemur 6000

XXVIII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 15. gr. 44. Nýr liður:
Til Dagmar Bjarnason, í viðurkenningarskyni fyrir hjálpsemi hennar við Íslendinga, sem dvalið hafa í Frakklandi ... 1000

XXIX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 16. gr. Nýr liður á undan 1.:
Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum 750000
gegn jafnháu framlagi frá hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélögum, enda sé þeim gefinn kostur á láni, er nemi helmingi framlags þeirra, eða ríkisábyrgð.

XXX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. Nýr liður á undan 1.:
Til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum 300000
gegn tvöföldu framlagi frá bæjar- og sveitarfélögum, enda sé þeim jafnframt gefinn kostur á láni, er nemi helmingi framlags þeirra.

XXXI. Frá *Jakob Möller.*
Við 16. gr. 7. (Ræktunarvegur í Vestmannaeyjum).
Fyrir „6000“ kemur 8000

XXXII. Frá *iðnaðarnefnd.*
Við 16. gr. 22. Nýr liður:
Til Iðnsambands Íslands 1200

XXXIII. Frá *Jakob Möller.*
1. Við 16. gr. 41. Nýr liður:
Til Skógræktarfélags Íslands 3000
2. Við 16. gr. 42. (Ungmennafél. Íslands).
Fyrir „5000“ kemur 4000

XXXIV. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 16. gr. 46. Nýr liður:
Til Finns Guðmundssonar, til þess að ljúka námi í vatnalíffræði (sviffræði) í Þýzkalandi 2500

XXXV. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við 17. gr. 10. Nýr liður:
Til Péturs Sigurðssonar, til útbreiðslu bindindis og annara menningarmála, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að .. 1000

XXXVI. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 17. gr. 19. Nýr liður:
Til sjúkrasjóðs kvenfélagsins á Hellusandi 300

XXXVII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 18. gr. II. d. 34. (Margrét Jónasd. prestsekkja).
Fyrir „168,64“ kemur 300

XXXVIII. Frá *Pétri Magnússyni.*

Við 18. gr. II. g. 7. Nýr liður:

Til Sigurðar Sigurðssonar skálds 800

XXXIX. Frá *Guðmundi Ólafssyni.*

Við 22. gr. I. Nýr liður:

Að kaupa því verði, er dómkvaddir menn meta, steinsteypuhús fyrir póst og síma á Blönduósi.

XL. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 22. gr. I. Nýr liður:

Að kaupa fyrir fé úr kirkjujarðasjóði hæfilegu verði jörðina Skálholt í Biskupstungum.

XLI. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 22. gr. VI. Nýr liður:

Að leggja fram úr ríkissjóði rekstrarfé, allt að 10 þús. kr., til útgáfu kennslubóka, er fræðslumálastjóri hefir á hendi.

XLII. Frá *Einari Árnasyni.*

Við 22. gr. VI. Nýr liður:

Að greiða úr ríkissjóði til Jóns Guðmundssonar, eiganda gistihússins Valhallar, þær 5000 kr., sem heimilað er í fjárlögum 1933, 22. gr. I., að greiða honum af fé því, sem inn kemur vegna alþingishátíðarinnar.

XLIII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við 22. gr. VIII. Nýr liður:

Að veita Jóni Þorleifssyni málara allt að 10 þús. kr. lán til að standast kostnað af byggingu vinnustofu. Lánið endurgreiðist ríkinu með eigin málverkum lántakanda á 4 árum á því verði, er þar til kvaddir menn af ríkisstjórninni meta í hvert sinn.

XLIV. Frá *Bjarna Snæbjörnssyni* og *Halldóri Steinssyni.*

Við 22. gr. IX. Liðinn skal orða svo:

Að verja allt að 10 þús. kr. af verzlunarágóða Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða fyrir útvarpsnotum hjá þeim, sem örðugasta eiga aðstöðu að dómi atvinnumálaráðuneytisins.

XLV. Frá *Jakob Möller.*

Við 22. gr. XIV. Nýr liður:

Að ábyrgjast allt að 50 þús. kr. lán fyrir Vestmannaeyjakaupstað til stækkunar á raforkuveitu kaupstaðarins.

XLVI. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 22. gr. XVIII. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir Sláturfélag Suðurlands, Mjólkurfélag Reykjavíkur, Kaupfélag Borgfirðinga og Kaupfélag Árnesinga 150 þús. kr. lán, til stofnunar sútunarverksmiðju.

XLVII. Frá *Jakob Möller.*

Við 22. gr. XVIII. Nýr liður:

Að ábyrgjast allt að 300 þús. kr. lán fyrir þjóðleikhússjóð, til þess að fullgera þjóðleikhúsið til kvikmyndasýninga.

XLVIII. Frá *Einari Árnasyni.*

Við 22. gr. XVIII. Nýir liðir:

a. Að ábyrgjast lán, allt að 400 þús. kr., fyrir hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar, til byggingar öldubrjóts austur af Siglufjarðareyri, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

b. Að ábyrgjast fyrir Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f., gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 70 þús. kr. rekstrarlán, er greiðist upp árlega.

Nd. 734. Breytingartillögur

við frv. til l. um, að niður falli útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum.

Flutningsm.: Sveinbjörn Högnason og Steingr. Steinþórsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Frá 1. marz 1933 til jafnlengdar 1936 fellur niður útflutningsgjald af hverskonar landbúnaðarafurðum samkvæmt lögum nr. 70 27. júní 1921 og lögum nr. 11 29. maí 1925.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 735. Lög

um breyting á og viðauka við lög nr. 44 19. maí 1930, um refaveiðar og refarækt.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí).

Samhljóða þingskjali 554.

Nd. 736. Lög

um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí).

Samhljóða þingskjali 392.

Ed. **737. Nefndarálit**

um frv. til laga um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þessu er ætlað að gera þær breytingar á gildandi löggjöf, að skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta verði ákveðið með lögum, í stað þess að dómsmálaráðherra ákveði það. Reynslan hefir sýnt, að fé það, sem árlega er veitt í fjárlögum til að standa straum af þessum kostnaði, hefir mjög sjaldan hrokkið til, og kostnaður hefir vaxið ár frá ári. Er það í sjálfu sér eðlilegt, því að í flestum sýslum landsins vaxa störf þessara embættismanna allört. Hætt er því við, að löggjöf um þetta efni þurfi tíðra breytinga við. Hinsvegar eru og talsverð vandkvæði á að láta stjórnina ákveða frá ári til árs, hve mikið skuli greiða hverjum þessara embættismanna upp í embættiskostnað þeirra, og hætt við, að það leiði til óánægju og allskonar togstreitu. Nefndin vill því fyrir sitt leyti fallast á, að tilraun sé gerð með að lögbinda greiðslur þessar.

Ýmsir af embættismönnum þeim, er hér eiga hlut að máli, hafa leitt rök að því, að skrifstofufé það, er frv. ætlar þeim, hrökkvi hvergi nærri fyrir nauðsynlegum embættiskostnaði. Sérstaklega virðist þessi munur mikill hjá bæjarfógetunum á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Hefir nefndin því eigi séð sér fært annað en að leggja til, að nokkuð verði hækkað skrifstofufé þeirra. Þá hefir lögreglustjórinn á Akranesi og farið fram á að fá lítilsháttar framlag til að standast kostnað af embættinu, og virðist nefndinni mikil sanngirni mæla með, að þeirri málaleitun verði að einhverju sinnt. Þá leggur nefndin og til, að skrifstofufé sýslumannsins í Þingeyjarsýslu verði lítilsháttar hækkað.

Tillaga nefndarinnar er þannig, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.

a. Í stað „11000“ í 11. tölul. komi: 12000.
b. Í stað „4500“ í 12. tölul. komi: 4800.
c. Í stað „9300“ í 17. tölul. komi: 10200.
d. Aftan við 19. tölul. komi nýr liður, svo hljóðandi:
Ennfremur greiðist lögreglustjóranum á Akranesi upp í skrifstofukostnað kr. 500,00.

Alþingi, 19. maí 1933.

Magnús Torfason, form.	Pétur Magnússon, frsm.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.

Ed.

738. Nefndarálit

um frv. til laga um bann við okri.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta dregur saman í eitt ýms ákvæði gildandi laga um okur og dráttarvexti af skuldum og bætir við nokkrum nýjum ákvæðum. Full þörf er á endurskoðun löggjafar um þessi efni, því hin gildandi ákvæði eru gömul og úrelt að ýmsu leyti. Hinsvegar telur nefndin, að frv. sé í ýmsum efnum mjög ábótavant og hefir hún því að miklu leyti samið það upp af nýju. Er þar í höfuðatriðum stuðzt við tillögur frá lagadeild háskólans, er fékk málið til athugunar og umsagnar.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Þegar samið er um vexti af skuld, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 5 af hundraði á ári.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða handveði, skal vera frjálst að taka af henni í ársvexti allt að 6 af hundraði.
3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Af öðrum skuldum en þeim, er í 2. gr. getur, skal vera frjálst að taka í ársvexti allt að 8 af hundraði.
4. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   Nú er áskilið annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar en vextir af henni, og má það aldrei vera hærra en svo, að endurgjaldið alls svari til þeirrar vaxtahæðar af höfuðstól skuldarinnar, er getur um í 2. og 3. gr.
5. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Þegar skuldari greiðir eigi skuld sína á réttum tíma, er hann skyldur til frá eindaga skuldarinnar unz hann greiðir hana að greiða skuldareiganda í dráttarvexti af henni einum meira af hundraði en heimilað er í 1. gr. eða um hefir verið samið milli aðilja, þó svo, að dráttarvextir fari aldrei meira en 1% fram úr vaxtahæð þeirri, sem getur um í 2. og 3. gr.
6. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
   Ef samið er um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar, eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er samkv. lögum þessum, eru þeir samningar ógildir; og hafi slíkt verið greitt, ber skuldareiganda að endurgreiða skuldara þá fjárhæð, sem hann hefir þannig ranglega af honum haft.
   Sá, sem áskilur sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar, eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er samkv.

lögum þessum, svo og sá, sem er milligöngumaður við slíka samninga, skal sæta sektum, er eigi séu lægri en fjórfaldur og eigi hærri en tuttugu og fimmfaldur ágóði sá, er ólöglega var áskilinn eða tekinn. Nú verður eigi sannað, hve mikill sá ágóði var, og skal þá ákveða sektina eftir málavöxtum.

7. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Hafi nokkur maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða léttúð eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig, að bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, er fyrir þá kom eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, skal gerningur sá, er þannig er til kominn, ógildur gagnvart þeim aðila, er á var hallað með honum.

Sama gildir, þótt annar maður en sá, sem gerningurinn var gerður við, eigi sök á misferli því, sem getið er í 1. málsgr. þessarar greinar, enda sé þeim, er haginn átti að hafa af gerningnum, það kunnugt eða megi vera það kunnugt.

8. Við 7. gr., sem verði 8. gr. Greinin orðist þannig:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og frá sama tíma er úr gildi numin tilskipun frá 27. maí 1859, um leiguburð af peningum, og lög frá 7. febr. 1890, um vexti. Önnur lagaákvæði um vexti og dráttarvexti, svo og 232. gr. siglingalaga, nr. 56 30. nóv. 1914, skulu halda gildi sínu.

9. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

Alþingi, 18. maí 1933.

Magnús Torfason, form.	Pétur Magnússon, frsm.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.

Ed. 739. Nefndarálit

um flóabátaferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað tillögur þær um styrk til flóabátaferða, sem samþykktar hafa verið í neðri deild. Getur nefndin ekki að öllu leyti fallizt á þær hækkanir, sem gerðar hafa verið á styrk til einstakra báta, en vill að mestu binda sig við sömu upphæðir og veittar eru í gildandi fjárlögum. Þess vegna leggur nefndin til, að Hornafjarðarbátur verði lækkaður um 500 kr. og athugasemdin felld niður. Sömuleiðis að Rangársandsbátur og Hvalfjarðarbátur lækki um 200 kr. hvor.

Hinsvegar telur nefndin sanngjarnt, að Öræfingum verði veittur 400 kr. flutningastyrkur, sakir þeirra sérstöku örðugleika, sem þeir eiga við að búa um alla flutninga.

Nefndin mun því í sambandi við þetta álit flytja tillögu á sérstöku þskj. um lækkun á styrk til flóabáta, er nemur 500 kr.

Alþingi, 19. maí 1933.

Páll Hermannsson, form.	Einar Árnason, frsm.	H. Steinsson, fundaskr.

Ed. 740. Frumvarp

til laga um útflutning saltaðrar síldar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sérhver tunna saltaðrar síldar, sem út er flutt, skal vera auðkennd þannig, að það sjáist, að síldin sé íslenzk og á hvern hátt hún er verkuð, ásamt einkennisstöfum eða firmanafni útflytjanda þess, er í hlut á. Nánari ákvæði um þetta skal ráðherra setja með reglugerð.

2. gr.

Bannað er að afvatna síld, sem áður hefir verið söltuð, ef hún er ætluð til útflutnings.

Heimilt er þó ráðherra, ef brýn nauðsyn ber til, að veita undanþágu frá þessu fyrir ákveðið magn og eina sendingu í senn, enda sé slík síld auðkennd með sérstöku merki, er ráðherra ákveður, og þess getið í farmskjölum, að um afvatnaða síld sé að ræða.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 50—1000 kr., gegn 2. gr. 1000—10000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 741. Breytingartillaga

við frv. til laga um útflutning saltaðrar síldar.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Aftan við fyrri málslið 1. gr. bætist:

Íslenzkt auðkenni má aðeins setja á þá saltaða útflutningssíld, er veidd hefir verið af íslenzkum skipum.

Ed. 742. Frumvarp

til laga um samþykktir um sölu mjólkur og rjóma í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum hér á landi, þar sem fram fer sala á mjólk og rjóma frá fullkomnum mjólkurbúum, er viðurkennd hafa verið af atvinnumálaráðherra, skal óheimilt að selja þessar vörur ógerilsneyddar. Undanþegin þessu banni skulu þó fullkomin mjólkurbú, er að dómi atvinnumálaráðherra hafa sérstaka aðstöðu til þess að hreinsa mjólkina á annan hátt og koma henni óskemmdri á markaðinn.

Ákvæði fyrri málsgreinar taka ekki til svonefndrar barnamjólkur né til þeirrar mjólkur, sem framleidd er innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og framleiðandi selur utan mjólkurbúðar beint til neytenda, enda skulu um slíka sölu sett ákvæði í reglugerð, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd semur og atvinnumálaráðherra staðfestir, og má þar ákveða sektir til bæjar- eða sveitarsjóðs fyrir brot gegn henni, allt að 500 kr. Brot gegn ákvæðum fyrri málsgreinar varða og sektum til sama sjóðs, allt að jafnhárri upphæð.

2. gr.

Mjólkurframleiðendur á stærri eða minni svæðum, sem selja mjólk og rjóma í kaupstöðum eða kauptúnum frá viðurkenndum mjólkurbúum, geta gert með sér samþykktir um skipulag sölu á þessum vörum í ákveðnum kaupstöðum eða kauptúnum.

Slík svæði nefnast sölusvæði, og geta fleiri en einn kaupstaður eða kauptún verið innan slíks sölusvæðis.

Innan sömu sölusamtaka geta þeir einir verið, sem hafa aðstöðu til að selja mjólk sína á sama sölustað eða sölustöðum. Þó skulu mjólkurbú innan sömu sölusamtaka ekki vera fjær sölustað en 120 km. og félagar þeirra ekki fjær en 200 km. frá sölustað, miðað við venjulega flutningaleið.

Nú óskar stjórn mjólkurbús eða mjólkurbúa á svæði því, sem samþykkt

er ætlað að ná yfir, að slík samþykkt sé gerð, og skal þá, með nægum fyrirvara, boða til fundar um málið öll mjólkurbú á svæðinu og senda þeim samþykktarfrumvarpið til athugunar, en hvert bú kýs sér fulltrúa til þess að fara með atkvæði á fundinum fyrir þess hönd, og hafa fulltrúar hvers bús atkvæðisrétt í hlutfalli við mjólkurmagn þess á síðastliðnu almanaksári. Eigi verður samþykkt gerð nema henni hafi goldið jákvæði fulltrúar, er samtals hafa yfir að ráða að minnsta kosti 75% af samanlögðu mjólkurmagni allra búanna. Nú nær samþykktarfrumvarp tilskildu atkvæðamagni, og skal það þá sent atvinnumálaráðherra til staðfestingar ásamt staðfestu eftirriti af fundargerðinni, umboðum fulltrúanna og öðrum skilríkjum. Ef ráðherra þykir samþykktin fara í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, synjar hann um staðfestingu, endursendir frumvarpið og tilgreinir ástæður fyrir synjaninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykkt fellur niður með hæfilegum fyrirvara, sem þar skal ákveðinn, ef mjólkurbú eða umboðsmenn mjólkurbúa, sem hafa yfir að ráða að minnsta kosti 35% af samanlögðu mjólkurmagni allra búanna, krefjast þess. En samþykkt verður ekki breytt á annan hátt en til hennar var stofnað.

Í samþykkt má ákveða sektir, allt að 1000 kr., fyrir brot gegn henni, og skulu þær sektir renna í verðjöfnunarsjóð, sbr. 3. gr.

3. gr.

Nú er samþykkt gerð samkv. 2. gr., og skal þá stofna verðjöfnunarsjóð fyrir hvert sölusvæði. Í hann skal renna ákveðið gjald af hverjum mjólkurlítra, sem seldur er sem neyzlumjólk á sölustað eða sölustöðum samtakanna. Gjald þetta skal ákveðið í samþykktinni og má aldrei vera hærra en 5% af útsöluverði gerilsneyddrar mjólkur. Sama gjald skal og greiða í verðjöfnunarsjóð af barnamjólk þeirri, sem seld er frá félagsmönnum í mjólkurbúum þeim, er samþykktin nær til.

Skylt er þeim, er mjólk framleiða innan takmarka sölusvæðis, sem samþykkt er gerð fyrir, og selja hana þar beint frá heimilum sínum til neytenda, að greiða sama gjald til verðjöfnunarsjóðs af hverjum mjólkurlítra, sem ákveðið hefir verið í samþykkt, og skal þá miðað við 2500 lítra ársnyt úr hverri kú.

Gjald til verðjöfnunarsjóðs skal greitt í byrjun hvers mánaðar eftir á til gjaldkera sjóðsins, og er lögtakskræft.

4. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal varið til greiðslu uppbótar á verði seldra mjólkurafurða innan sölusvæðisins til framleiðenda, sem eru í fullkomnum mjólkurbúum og starfa undir skipulagi samkv. 2. gr., eftir nánari ákvæðum samþykkta þeirra, sem þar um getur. Í þeim samþykktum skal og nánar kveðið á um fyrirkomulag og stjórn sjóðsins.

5. gr.

Nú er samþykktum komið á samkv. 2. gr., og skal þá skipuð 7 manna nefnd til þess að ákveða útsöluverð mjólkur á samlagssvæðinu og skera úr á-

greiningi, sem rísa kann milli seljenda annarsvegar og bæjarstjórnar eða hreppsnefndar hinsvegar, svo framarlega sem þau mál heyra ekki undir úrskurð dómstólanna. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af framleiðendum, þeim er hlut eiga að máli, samkv. nánari ákvæðum, er setja má í samþykkt, 2 af bæjarstjórn eða hreppsnefnd og 3 skipaðir af atvinnumálaráðherra.

6. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og samþykktum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 743. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum gufuskipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Sá einn, er öðlazt hefir vélgæzluskírteini, á rétt til að vera undirvélstjóri á íslenzku gufuskipi með 300 ha. vél (indiseret) og minni.

Skírteinið öðlast sá einn, er:

a. hefir staðizt vélgæzlupróf eða vélstjórapróf í vélstjóraskóla Reykjavíkur.
b. hefir stundað járnsmíði í 3 ár og verið kyndari í eitt ár eða verið aðstoðarmaður í vél eða vélstjóri með undanþágu í 3 ár og hefir meðmæli smiða þeirra eða vélstjóra, er hann hefir unnið með,
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svivirðilegt telst að almenningsáliti.

Ráðherra setur reglugerð um, hvernig vélgæzlukennslunni skuli háttað og um vélgæzluprófið og prófskilyrði.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sá einn, er fullnægir skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. laga þessara, og hefir verið undirvélstjóri á gufuskipi með meira en 75 ha. vél (indiseret) í eitt ár, á rétt til að vera yfirvélstjóri á gufuskipum með 300 ha. vél og minni. Hið sama er um þá, er hafa verið vélstjórar með undanþágu á gufuskipum, ef þeir hafa staðizt próf í vélstjóraskólanum eða vélgæzludeild hans.

Nd. **744. Tillaga**

til þingsályktunar um tolleftirlit með póstsendingum.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka upp fullkomið tolleftirlit með innfluttum póstsendingum.

Nd. **745. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 734 og frv. á þskj. 36. (Útflutningsgjald af landbúnaðarafurðum).

Frá Sveinbirni Högnasyni.

1. Við brtt. 724, 1. Í stað „landbúnaðarafurðir" komi: búfjárafurðir.
2. Við fyrirsögn frumvarpsins. Í stað orðsins „landbúnaðarafurðum" komi: búfjárafurðum.

Ed. **746. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934 og við brtt. á þskj. 733.

I. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
Við 12. gr. 16. d. Nýr liður:
Til Grímsneslæknishéraðs, til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaðar að Laugarási 1200

II. Frá *Ingvari Pálmasyni.*
Við brtt. 733, XII. (Við 13. gr. C. VIII). (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
Fyrir „47000" kemur 48000

III. Frá *Jakob Möller.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Jóns Gíslasonar, til lokanáms í málfræði í Þýzkalandi 1200

IV. Frá *Jóni Baldvinssyni.*
Við 15. gr. 31. Nýr liður:
Til útgáfu íslenzk-þýzkrar orðabókar 1500
Styrkur þessi greiðist þegar orðabókin er fullprentuð.
Til vara 1200

V. Frá *Jóni Jónssyni, Einari Árnasyni, Guðm. Ólafssyni* og *Páli Hermannssyni.*

Við 22. gr. III. Nýr liður:

Að verja allt að 400000 kr. til að bæta upp verð á útfluttu dilkakjöti ársins 1933, ef nauðsyn er á sökum óviðunandi verðlags, svo og til ráðstöfunar á því kjöti, sem kann að verða umfram markaðinn, allt eftir þeim reglum, sem landbúnaðarráðuneytið setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Sambands íslenzkra samvinnufélaga.

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 22. gr. VII. (Endurgreiðsla úr lífeyrissjóðum).

Fyrir orðin „og Lárusi Bjarnasyni skólastjóra“ kemur: og skólastjórunum Lárusi Bjarnasyni og Bjarna Bjarnasyni.

Nd. 747. Breytingartillögur

við frv. til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 5. gr. Aftan við 3. málsgr. bætist:
   Í Vestmannaeyjum og Reykjavík skal þó héraðslæknir vera sóttgæzlumaður, og haldast ákvæði laga nr. 31 20. júní 1923, um læknisskoðun aðkomuskipa, óbreytt á þessum stöðum.
2. Við 23. gr. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ákvæði greinar þessarar taka þó eigi til Vestmannaeyja og Reykjavíkur, sbr. 5. gr.

Nd. 748. Breytingartillögur

við frumvarp til ábúðarlaga.

Flutningsm.: Steingrímur Steinþórsson, Jörundur Brynjólfsson.

1. Við 11. gr.
   a. Upphaf 2. málsgr. orðist svo: Vítalaust er þó landsdrottni, ef hann leggur til jarðarhús í góðu lagi, er nema ¾ af landverði jarðarinnar, ...
   b. Í stað „er nema helmingi“ komi: er nema ⅔.
2. Við 12. gr.
   a. Niðurlag 1. mgr., „og á útlendu efni um allt að 5 km. veg“, falli niður.
   b. Við 7. mgr. Í stað „6 ár“ komi: 12 ár. Í stað „⅙“ komi: 1/12.

3. Við 13. gr.
   Niðurlag fyrri mgr., „sbr. þó 11. gr. 2.—4. mgr.“, falli niður.
4. Við 14. gr.
   a. Í stað „⅓—⅔%“ komi: ¼—½%.
   b. Í stað „¾—1½%“ komi: ½—1%.
5. Við 42. gr.
   a. Orðin „eða með álagi“ í fyrri mgr. falli niður.
   b. Aftan við fyrri mgr. bætist: enda fari það gjald ekki fram úr almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands af kostnaðarverði jarðabótarinnar.

Nd. 749. Nefndarálit

um frv. til laga um salerni í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Ég legg til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. maí 1933.

Bjarni Ásgeirsson.

Nd. 750. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Við 1. gr. staflið c. Annar málsliður, „Kosningu hljóta ... kosningu í kjördæmi“, fellur niður.

Ed. 751. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934 og við brtt. á þskj. 733.

I. Frá *Jakob Möller* og *Jóni Baldvinssyni*.
   Við brtt. 733, XV. (Við 14. gr. B. II. b.). (Námsstyrkur skv. ákv. menntamálaráðs).
   Fyrir „16000“ kemur 20000

II. Frá *Jakob Möller*.
   Við 14. gr. B. II. b. Aftan við athugasemdina bætist:
   Þó skal af þessu fé veittur styrkur til lokanáms stúdent-

unum Ásgeiri Einarssyni dýralæknisfræðinema, Agnari Norðfjörð hagfræðinema, Árna Þ. V. Snævar verkfræðinema, Gústaf E. Pálssyni verkfræðinema, Jóni Blöndal hagfræðinema, Jóni Gissurarsyni verzlunarfræðinema, Leifi Ásgeirssyni stærðfræðinema og Trausta Einarssyni stjörnufræðinema, 1000—1200 kr. hverjum. Ennfremur Jóni Sigurðssyni til framhaldsnáms í verkfræði og Samúel Ketilssyni til framhaldsnáms í sútunarefnafræði og leðuriðnaðarverkfræði 1200 kr. hvorum.

III. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*

Við brtt. 733, XXX. (Við 16. gr. Nýr liður á undan 1). (Atvinnubætur).

Við aths. bætist: Af þessu fé má þó verja allt að 10 þús. kr. til þess að styrkja atvinnulausa menn í kaupstöðum og kauptúnum til náms við búnaðarskóla ríkisins, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að.

Ed. 752. Breytingartillaga

við brtt. á þingskjali 751 (Fjárlög).

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við II. Á eftir „Ennfremur“ kemur: Ingólfi Þorsteinssyni til vélfræðináms,

Ed. 753. Lög

um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí).

1. gr.

Fyrir 1. lið í 1. gr. laganna komi:

1. a. Af allskonar öli kr. 0,80 af hverjum lítra.
   b. Af límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum lítra.

Fyrir 8. og 9. lið í 1. gr. laganna komi:

8. a. Af óbrenndu kaffi allskonar kr. 0,60 af hverju kg.
   b. Af brenndu kaffi allskonar kr. 0,80 af hverju kg.
9. Af kaffibæti allskonar kr. 1,60 af hverju kg.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **754. Lög**

um breyting á vegalögum, nr. 41 4. júní 1924.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí).

1. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:
Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland:

1. *Suðurlandsvegur:* Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa og Holt austur yfir brú á Ytri-Rangá. Um Rangárvelli, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur. Um Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Öræfi, Breiðamerkursand, Suðursveit, Mýrar, um Hóla í Nesjum, um Almannaskarð og Lón að Lónsheiði.
2. *Þingvallabraut:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
3. *Geysisvegur:* Frá Þingvöllum um Laugardal til Geysis.
4. *Biskupstungnabraut:* Frá vegamótum hjá Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur hjá Vatnsleysu að vegamótum Geysisvegar hjá Múla.
5. *Eyrarbakkavegur:* Frá Selfossi að Eyrarbakka.
6. *Laugardalsvegur:* Frá vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Svínavatni að vegamótum Geysisvegar hjá Laugarvatni.
7. *Skeiða- og Hreppavegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar í Flóa, norðan Flatholts upp Skeið og Hrunamannahrepp að vegamótum Gullfossvegar vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
8. *Gullfossvegur:* Frá vegamótum Biskupstungnabrautar hjá Tungufljóti til Gullfoss.
9. *Gnúpverjavegur:* Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá að vegamótum hjá Þjórsárholti.
10. *Landvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar hjá Meiri-Tungu í Holtum upp Land að Múla.
11. *Fljótshlíðarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar hjá Garðsauka inn Fljótshlíð að Hlíðarenda.
12. *Hafnarbraut:* Frá Höfn í Hornafirði á Suðurlandsveg hjá Hólum.
13. *Reykjanesbraut:* Frá Reykjavík um Hafnarfjörð til Keflavíkur.
14. *Vífilsstaðavegur:* Frá vegamótum Hafnarfjarðarvegar til Vífilsstaða.
15. *Útvarpsstöðvarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar fyrir innan Reykjavík að Útvarpsstöð á Vatnsendahæð.
16. *Þykkvabæjarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsvegar fyrir vestan Ægisíðu að fyrirhuguðu brúarstæði á Hólsá.

B. Um Vesturland:

1. *Vesturlandsvegur:* Frá vegamótum hjá Ártúni við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, yfir Ferstikluháls, um Svínadal, um Hest-

háls, þvert yfir Borgarfjörð sunnan við Grímsá, yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufá. Um Norðurárdal, Bjarnadal, Sökkólfsdal, Miðdal, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri.

2. *Hafnarfjallsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Ferstiklu út með Hvalfirði, um Leirársveit og Andakíl á vegamót Vesturlandsvegar hjá Hvítárvöllum.
3. *Akranesvegur:* Frá Akranesi inn að vegamótum Hafnarfjallsvegar hjá Lambhaga.
4. *Borgarnesbraut:* Frá Borgarnesi að vegamótum Vesturlandsvegar norðan Gufár.
5. *Borgarfjarðarbraut:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Haugum um Stafholtstungur yfir Hvítárbrú á Kálffossi.
6. *Stykkishólmsvegur:* Frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
7. *Ólafsvíkurvegur:* Frá vegamótum Stykkishólmsvegar austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
8. *Hellusandsvegur:* Frá Ólafsvík um Ennisdal til Hellusands.
9. *Laxárdalsvegur:* Frá vegamótum sunnan Laxár um Laxárdal og Laxárdalsheiði að vegamótum Strandavegar utan Borðeyrar.
10. *Strandavegur:* Frá vegamótum við Hrútafjarðará um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð, Hólmavík, Steingrímsfjarðarheiði að vegamótum Vesturlandsvegar á Þorskafjarðarheiði.
11. *Steinadalsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Brekku í Gilsfirði um Steinadal og Steinadalsheiði að vegamótum Strandavegar í Kollafirði.
12. *Vestfjarðavegur:*
    a. Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði inn fyrir Önundarfjörð um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
    b. Frá Þingeyri um Brekkudal að Rafnseyri.
    c. Frá Bíldudal um Hálfdán fyrir Tálknafjarðarbotn um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.
13. *Bolungavíkurvegur:* Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.

C. Um Norðurland:

1. *Norðurlandsvegur:* Frá vegamótum hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði, Hrútafjörð og Hrútafjarðarháls yfir Miðfjarðará hjá Reykjum, um Línakradal, Auðunnarstaðaháls, um Víðidalsárbrú hjá Lækjamóti, um Gljúfurárbrú hjá Miðhópi, yfir Vatnsdalsárbrú hjá Hnausum, um Blöndubrú hjá Blönduósi, um Langadal og Stóra-Vatnsskarð. Yfir Skagafjörð um Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Yfir Vaðlaheiði, um Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði og Aðalreykjadal til Húsavíkur. Um Reykjaheiði, Kelduhverfi að vegamótum austan við Jökulsárbrú nálægt Ferjubakka.

2. *Hvammstangabraut:* Frá Hvammstanga að vegamótum hjá Stóra-Ósi.
3. *Miðfjarðarvegur:* Frá vegamótum sunnan Melstaðar að Litlu-Tungu.
4. *Vesturhópsvegur:* Frá vegamótum Norðurlandsvegar hjá Vatnshorni að Vesturhópsvatni móts við Breiðabólsstað.
5. *Vatnsdalsvegur:* Frá Vatnsdalshólum að Undirfelli.
6. *Svínvetningabraut:* Frá Blönduósi að Svínavatni.
7. *Skagastrandarvegur:* Frá Blöndubrú við Blönduós til Skagastrandar.
8. *Siglufjarðarvegur:* Frá Hofsósi um Sléttuhlíð og Fljót til Siglufjarðar.
9. *Sauðárkróksvegur:* Frá Sauðárkróki að vegamótum austan við Víðimýri.
10. *Hofsósvegur:* Frá Sauðárkróki um Héraðsvatnabrýr og Hegranes, Viðvíkursveit, um brú á Hjaltadalsá, um Óslandshlíð til Hofsóss.
11. *Eyjafjarðarbraut:* Frá vegamótum sunnan Akureyrar að Saurbæ ásamt brautinni að Kristneshæli.
12. *Dalvíkurvegur:* Frá Dalvík um brú á Svarfaðardalsá hjá Árgerði um Árskógsströnd og Arnarneshrepp, um brú á Hörgá hjá Möðruvöllum að vegamótum Norðurlandsvegar á Moldhaugahálsi.
13. *Mývatnssveitarvegur:* Frá Breiðamýri um Mývatnsheiði að Skútustöðum.
14. *Tjörnesvegur:* Frá Húsavík kringum Tjörnes að vegamótum Norðurlandsvegar hjá Lóni í Kelduhverfi.
15. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur:* Frá vegamótum austan við Jökulsá í Axarfirði um Kópaskerskauptún, yfir Melrakkaslèttu um Blikalón og Raufarhöfn, um Hálsa, hjá Svalbarði, um Þistilfjörð til Þórshafnar.

D. Um Austurland:

1. *Austurlandsvegur:* Frá vegamótum Norðurlandsvegar austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Hólsfjöll hjá Grímsstöðum, hjá Möðrudal, um Möðrudalsöræfi, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal, hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs. Um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði.
2. *Stranda- og Vopnafjarðarvegur:* Frá Þórshöfn þvert yfir Langanes um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð að vegamótum Austurlandsvegar vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Úthéraðsvegur:* Frá vegamótum Fjarðarheiðarvegar austan við Eyvindarárbrú, um Eiðaþinghá og Hjaltastaðaþinghá að Óshöfn.
4. *Upphéraðsvegur:* Frá Lagarfljótsbrú vestan Fljóts að Brekku í Fljótsdal.
5. *Fjarðarheiðarvegur:* Frá vegamótum Austurlandsvegar hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
6. *Fagradalsbraut:* Frá vegamótum Austurlandsvegar hjá Egilsstöðum um Fagradal til Reyðarfjarðarkauptúns.
7. *Eskifjarðarvegur:* Frá Reyðarfjarðarkauptúni til Eskifjarðarkauptúns.
8. *Norðfjarðarvegur:* Frá Eskifirði til Neskaupstaðar.
9. *Fáskrúðsfjarðarvegur:* Frá Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Hrossadalsskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.

10. *Mjóafjarðarvegur:* Frá Fagradalsbraut við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Mjóafirði.

2. gr.

Aftan við 3. gr. bætist 2 nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Þar, sem mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar eru ekki ákveðin, úrskurðar ráðherra, hvar þjóðvegur endar.

Nú nær byggð meðfram slíkum vegi út fyrir mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar, og skal þá ekki telja þjóðveg lengra en þar að, sem byggð telst enda samkvæmt úrskurði ráðherra.

3. gr.

1. málsgrein 8. gr. skal orða svo:

Sýslunefndir hafa, undir yfirumsjón vegamálastjóra, umsjón og stjórn þeirra vegagerða og þess viðhalds, sem kostað er af sýslusjóði eða sýsluvegasjóði; fela má sýslunefnd oddvita sínum umsjón með tilteknum vegagerðum, eða sýslunefndarmanni eða hreppsnefndum umsjón með sýsluvegagerð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða til þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa. Skylt er sýslunefndum að hlíta ráðum vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða.

4. gr.

Aftan við síðari málsgrein 11. gr. skal bæta:

Þar, sem enginn skurður er meðfram vegi, má girðingu ekki setja nær miðju vegar en 4 metra og ekki reisa hús nær en 8 metra, nema sérstök heimild komi til.

5. gr.

12. gr. skal orða svo:

Ríkissjóður kostar umbætur og viðhald þjóðvega. Skulu þeir gerðir akfærir svo fljótt sem fé er veitt til í fjárlögum. Nú verður álitið gagnlegt að gera einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og má þá, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, gera það að skilyrði, að hlutaðeigandi sveitarfélög eða sýslufélög leggi fram tiltekinn hluta alls vegagerðarkostnaðar.

6. gr.

13. grein skal orða svo:

Stjórn vegamálanna ákveður, hvaða fjallvegir skuli gerðir akfærir. Aðrir fjallvegir skulu gerðir reiðfærir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr ríkissjóði.

7. gr.

Aftan við 36. gr. bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Hvergi má festa upp auglýsingaspjöld meðfram alfaravegum utan kaupstaða og kauptúna, eða setja upp auglýsingar á annan hátt, nema um opinberar tilkynningar sé að ræða.

Heimilt er þó þeim, sem býr við alfaraveg, að auglýsa þar atvinnurekstur sinn.

8. gr.

30. gr. orðist svo:

Brýr skal gera samkvæmt lögum nr. 32 23. júní 1932.

9. gr.

Aftan við 44. gr. komi ný málsgrein, er orðist svo:

Þyki vegamálastjórninni ástæða til að halda akfærum kafla þjóðvegar með snjómokstri að vetrarlagi, má telja þann kostnað með viðhaldi vegarins.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 57 19. maí 1930.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 41 4. júní 1924 og gefa þau út svo breytt sem vegalög.

Nd. **755. Lög**

um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí).

Samhljóða þskj. 657.

Nd. **756. Lög**

um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí).

Samhljóða þskj. 391.

Ed. **757. Nefndarálit**

um frv. til laga um æðsta dóm.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Undirritaður telur ekki rétt að samþykkja frv. þetta á þessu þingi. Sérstaklega get ég fyrir engan mun fallizt á 4. lið 4. gr.

Alþingi, 20. maí 1933.

Magnús Torfason.

Nd. 758. Frumvarp

til laga um breyt. á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvern gjaldskyldan mann.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 3 kr. á ári, en kvenmaður 1 kr. 50 au.

3. gr.

12. gr. laganna skal orða svo:

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta öllu því gjaldi, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár í kaupstaðnum eða hreppnum, ennfremur ⅔ af þeim styrk, sem lagður er til styrktarsjóðsins úr ríkissjóði á árinu, og hálfum vöxtum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan. Ennfremur er bæjarstjórnum og hreppsnefndum heimilt að bæta við árlegt úthlutunarfé allt að jafnmikilli upphæð úr bæjar- eða sveitarsjóði og til úthlutunar kemur af framlagi ríkissjóðs.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 759. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

Frá Jakob Möller.

Við 16. gr. 9. Nýr liður:

Til Veiði- og loðdýrafélags Íslands 500

Ed. 760. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 25. gr. Greinin skal falla niður.

Ed. 761. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934 og við brtt. á þskj. 733.

I. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 15. gr. 26. Nýr liður:
Til Árna Skúlasonar, til framhaldsnáms í húsgagnasmíði 500

II. Frá *Jakob Möller.*
Við 16. gr. 24. Nýr liður:
Til Boga A. J. Þórðarsonar, styrkur til vélakaupa til prjónaverksmiðju hans 3000
Til vara 1000

III. Frá *Jóni Jónssyni* og *Magnúsi Torfasyni.*
Við brtt. 733, XL (Við 22. gr. I.).
Fyrir „hæfilegu verði" kemur: því verði, er dómkvaddir menn meta.

Ed. 762. Nefndarálit

um frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. gangi fram, en mun flytja nokkrar breytingar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. maí 1933.

Ingvar Pálmason,	Jónas Jónsson,
form., frsm.	fundaskrifari.

Nd. 763. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin telur rétt sökum nauðsynja sjómanna þeirra, er kost eiga á góðum markaði fyrir fisk, veiddan í dragnætur í sumar, að gera þær tilslakanir á banninu gegn dragnótaveiðum innan landhelgi, sem frv. fer fram á. Að vísu hafði þingið synjað um staðfestingu á bráðabirgðalögum frá síðastl. ári um tilslakanir á banni gegn þessum veiðum, en þeim tilslökunum fylgdu mjög margir þingmenn í fyrra, eins og meðfylgjandi undirskriftaskjal sýnir. Nú eru

betri markaðsskilyrði fyrir hendi en um var vitað þegar sú synjun fór fram, og því líklegt, að málið þyki horfa öðruvísi við nú en þá.

Af því nefndinni þótti betur fara á því, að allar undanþáguheimildir laganna væru í sömu grein þeirra, leggur hún til, að frv. sé samþykkt með eftirfylgjandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 2. gr. laga nr. 55 1928 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrabjargs skulu veiðar með dragnótum leyfðar í landhelgi frá 15. júní til 30. nóvember ár hvert.

Alþingi, 22. maí 1933.

Sveinn Ólafsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, frsm. Bjarni Ásgeirsson.
Ólafur Thors, með fyrirvara. Bergur Jónsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Undirritaðir alþingismenn skora hér með á ríkisstjórnina að setja, að Alþingi slitnu, bráðabirgðalög um breyting á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, samkvæmt frumvarpi því, er lá fyrir neðri deild Alþingis um málið á þingskjali 263, og með breytingum þeim, er um ræðir á þingskjali 622.

Alþingi, 10. maí 1932.

Héðinn Valdimarsson, Vilm. Jónsson. Haraldur Guðmundsson.
H. Steinsson. Jón Baldvinsson, Sveinn Ólafsson. Bjarni Ásgeirsson.
Guðbr. Ísberg. Jóhann Þ. Jósefsson. Sveinbjörn Högnason.
Steingr. Steinþórsson. Bernh. Stefánsson. Jónas Þorbergsson.
Jón Ólafsson, Ingvar Pálmason. Páll Hermannsson.
Bj. Snæbjörnsson. Magnús Jónsson. Guðrún Lárusdóttir.
Bergur Jónsson. Einar Árnason. Guðm. Ólafsson.

Ofanritaðri áskorun leyfi ég mér að beina til hæstv. atvinnumálaráðherra, með þeirri breytingu, að dragnótaveiðar verði heimilaðar frá mailokum til áramóta.

Ólafur Thors.

Nd. 764. Breytingartillögur

við frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Inn í frvgr. bætist:

a. Eftir 1. lið komi nýr liður:
Björn Franzson, stúdent í Reykjavík, fæddur í Noregi.

b. Eftir 2. lið komi nýr liður:
Hermannsen, Störker Cedrup, vélstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi.

Röðin breytist samkvæmt því.

Nd. 765. Lög

um breyting á lögum nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí).

1. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum innan sýslu. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar og húseignar í kauptúnum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefir verið af löndum og lóðum.

Þegar ákveðinn er vegaskattur, skal miðað við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbættri eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur, samkvæmt 8. gr. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

2. gr.

Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Vegaskatt er hreppsfélagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði að nokkru eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi, og sé tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun

þangað til fundarsamþykktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd skattinum niður með útsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga. Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegaskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því, sem hann er ákveðinn að lögum. — Gjald þetta hefir lögtaksrétt.

3. gr.

8. gr. laganna skal orða svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkv. síðari málsgr. 5. gr. en svarar 2‰ af fasteignaverði landa og lóða og 1‰ af fasteignaverði húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2‰—4‰ af land- og lóðaverði og 1‰—2‰ af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði, en móts við það, sem umfram er, greiðist tvöfalt úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 28 31. maí 1927.

5. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella texta þeirra inn í meginmál laga nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði, og gefa þau út svo breytt.

Nd. **766. Breytingartillögur**

við frv. til ábúðarlaga.

Frá Sveini Ólafssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

   Jarðir má sameina, ef sveitarstjórn samþykkir. Fleytimagn þeirra jarða samtals fari þó eigi yfir 46 kúgildi í sveit eða 36 við sjó, ef einn búandi nytjar, sbr. þó 3. gr. 3. málsgr. og 11. gr. 4. málsgr. Ákvæði þessi taka ekki til jarða þeirra, sem eru í ábúð sama manns er lög þessi öðlast gildi, meðan sú ábúð varir.

   Landeiganda er heimilt að skipta jörð sinni í tvær eða fleiri jarðir.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   Hver maður, sem á jörð og nytjar eigi sjálfur, skal skyldur að selja hana öðrum á leigu, ef eftirgjald býðst 2% eða meira af fasteignamati lands og jarðarhúsa, enda auglýsi hann jörð til leigu fyrir marzlok.

   Nú byggist jörð ekki fyrir sumarmál, og getur landeigandi þá boðið sveitarstjórn jörðina til ráðstöfunar gegn eigi lægra gjaldi en segir í 1.

málsgr. Sinni sveitarstjórn eigi þeirri málaleitan áður 3 vikur líða, ráðstafar landeigandi jörðinni sem hentast þykir um allt að 3 árum, en bjóði þá aftur sveitarstjórn sem fyrr segir, ef ekki er ráðin föst bygging. Verði slík jörð landeiganda arðlaus 1 ár eða fleiri, þarf hann eigi að greiða af henni opinber gjöld eða halda uppi lögskilum hennar vegna.

3. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:

Hafi landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbréf, skal líta svo á, að leigumáli sé óbreyttur sá, er síðast var, nema annarhvor aðila sanni, að annan veg hafi samið verið.

4. Við 9. gr.
   a) Fyrsta málsgr. orðist svo:

Jörð skal að jafnaði byggja æfilagt, nema nauðsyn beri til að ráðstafa henni um stuttan tíma, svo sem embættisjörð, skólasetri eða öðrum jörðum, er líkt hagar til um, sbr. þó 3. málsgr. Samið geta aðilar þó um ákveðinn byggingartíma, og er þá slíkur samningur jafnt bindandi fyrir báða.

   b) Fyrir „trúnaðarmanns .... úttektarmanna“ í 3. málsgr. komi: sveitarstjórnar.
   c) Fyrir „vergagna“ í 4. málsgr. komi: vervistar.
5. Við 10. gr. Greinin falli niður.
6. Við 12. gr. Fyrir „hefir lagt til .... verða nú eigi“ í 6. málsgr. komi: hefir áður lagt til nægileg peningshús, sem nú verða eigi.
7. Við 17. gr. Fyrir „hús“ í 1. málslið komi: jarðarhús.
8. Við 18. gr. Greinin orðist þannig:

Nú treystist landsdrottinn ekki að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og skal hann þá bjóða leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta, ef ekki semur um verð. Hafni leiguliði kaupum, skal jörð boðin sveitarfélagi með sama hætti, en hafni sveitarfélag einnig kaupum, getur landsdrottinn selt jörð hverjum sem kaupa vill.

Kauptilboðum til leiguliða og sveitarstjórnar skal svarað á 5 vikna fresti, ella má svo álíta, að tilboði sé hafnað.

9. Við 23. gr. Fyrir „vergögn“ í 2. málsgr. komi: vervist.
10. Við 24. gr. Greinin orðist svo:

Um innstæðukúgildi á leigujörðum fer eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Innstæðukúgildi mega ekki fleiri vera en eitt fyrir hver 9 kúgildi, er jörðin telst fleyta. Leiguliði ábyrgist innstæðu og skilar henni í leigufæru ástandi við brottför.

11. Við 25. gr.
   a) Fyrir „Búnaðarfélag Íslands“ í 1. málsgr. komi: sveitarstjórn.
   b) Fyrir „vergagna“ í 3. málsgr. komi: vervistar.
12. Við 37. gr. Fyrir „álna“ í 1. málsgr. komi: fóta.
13. Við 38. gr. Fyrir „⅔ og ⅓“ í 1. málslið komi: ¾ og ¼.

14. Við 40. gr.
    a) Fyrir „trúnaðarmanns .... Íslands“ komi: sveitarstjórn.
    b) Fyrir „eftir því sem úttektarmenn .... landskuld á jörðinni“ komi: eftir því sem landskuld hefir þá hækkað á jörðinni.
15. Við 41. gr. Fyrir „trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands“ í 2. málsgr. komi: sveitarstjórnar.
16. Við 51. gr. Fyrir „að hann hafi krafizt álags“ komi: að hann hafi að lögum krafizt álags.

Ed. 767. Nefndarálit

um frv. til laga um Kreppulánasjóð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eitt örðugasta og mikilvægasta verkefni þings og þjóðar nú sem stendur er að ráða bætur á hinum miklu erfiðleikum, sem landbúnaðurinn er í. Fyrir þinginu liggja ýtarlegar skýrslur um efnahagsástæður bændastéttarinnar. Er með skýrslum þessum lagður góður grundvöllur fyrir ráðstöfunum landbúnaðinum til viðreisnar, enda eru frv. miðað við þann fróðleik, er þær veita. Er með frv. fundin mjög heppileg leið til að létta hinum mikla skuldaþunga af bændastéttinni, sem lagzt hefir á hana á síðasta áratug.

Þrátt fyrir þetta lítur nefndin svo á, að æskilegt sé að gera á frv. nokkrar breytingar. Fyrst og fremst virðast vextir af lánum, er Kreppulánasjóður veitir bændum, alls ekki mega hærri vera en 4%, þegar litið er til þess, hve miklar skuldir hvíla á búum bænda og hve erfiðlega horfir um að láta þau bera sig. Eftir frv. mundu raunverulegir vextir verða allt að 4,7% eða meira, þar sem gert er ráð fyrir allt að 10% afföllum af vaxtabréfunum.

Í frv. eins og það var lagt fyrir þingið var gert ráð fyrir, að bréfin væru með nafnverði fullgildur gjaldeyrir til greiðslu eldri skulda, og með því móti urðu vextir aðeins 4%.

Mótmæli munu hafa komið fram frá Landsbankanum gegn því, að bréfin yrðu affallalaus, og því er vitanlega ekki að neita, að líkur eru til, að bankinn biði nokkurn halla af því að verða að taka bréfin affallalaus gegn 4½% vöxtum, miðað við að lána fé sem því nemur með núv. útlánsvöxtum. Á hitt er þó að líta, að bankanum mun vera kleift að lækka samtímis nokkuð innlánsvöxtu af innstæðum og útlánsvöxtu um leið, sem atvinnuvegirnir sárþarfnast; yrði þá tap bankans af bréfunum að sama skapi minna. Svo er og hitt, að Kreppulánasjóðurinn mun ekki að litlu leyti stuðla að því, að bankanum greiðist útistandandi lán, svo og að útlánastarfsemi hans meðal bænda í framtíðinni verði langtum tryggari fyrir batnandi afkomu þeirra.

Það virðist því ekki mjög viðurhlutamikið að fyrirskipa, að vaxtabréfin séu affallalaus, á þann hátt sem upphafl. frv. gerði ráð fyrir.

Sú uppástunga hefir komið fram, að stjórn Kreppulánasjóðsins gæfi sjálf út skuldabréfin, í stað þess að ríkisstjórnin gerði það, og að til tryggingar þeim væru svo skuldabréfin frá lántakendum, stofnfé sjóðsins og ríkisábyrgð.

Á þetta fyrirkomulag að tryggja enn betur, að árgjöldin frá lántakendum gangi beint til að inna af höndum þær greiðslur, sem á sjóðnum hvíla, svo að hann verði ríkissjóðnum til sem minnstrar byrði umfram það, sem flýtur af stofnfjárframlaginu í upphafi.

Nefndin gerir ráð fyrir, að ýmsum bændum muni að sjálfsögðu verða veitt lán úr sjóðnum, þrátt fyrir það, að þeir séu svo efnum búnir, að ekki sé ástæða til að krefjast afsláttar á skuldum þeirra, og kemur þá ekki til, að frv. til skuldaskila fyrir þá verði samið. Það virðist fullhart gagnvart veðhöfum að veita sjóðsstjórninni skilyrðislausan rétt til að svipta þá að nokkru verulegu leyti þeirri trygging, er veðsetning veitir þeim (sbr. 15. gr.).

Þá vill nefndin taka beint fram í lögunum, að vextir, sem lántakendur greiða, skuli ekki vera hærri en 4%. Jafnframt leggur hún áherzlu á, að lán úr sjóðnum séu veitt til mismunandi langs tíma eftir ástæðum.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Í stað tveggja fyrstu gr. frv. koma þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) Á tímabilinu frá 1. júlí 1933 til 31. des. 1942 leggur ríkissjóður fram allt að 2,5 millj. kr. til sérstakrar lánsstofnunar, er nefnist *Kreppulánasjóður*. Skulu árlegar vaxtagreiðslur Búnaðarbanka Íslands, þar með taldar vaxtagreiðslur Ræktunarsjóðs og veðdeildar bankans, ganga upp í ofannefnt framlag ríkissjóðs, sem er vaxtalaust stofnfé Kreppulánasjóðs.
   b. (2. gr.) Til viðbótar ofangreindu stofnfé skal útvega Kreppulánasjóði starfsfé með útgáfu handhafaskuldabréfa. Skulu þau gefin út af stjórn sjóðsins, og má fjárhæð þeirra nema allt að 9 millj. kr. Trygging fyrir skuldabréfunum skal vera:
      1. Stofnfé sjóðsins.
      2. Skuldabréf þau, er sjóðurinn fær frá lántakendum.
      3. Ábyrgð ríkissjóðs.

      Vextir af bréfunum skulu vera 4,5% á ári. Þau skulu gefin út í einum flokki, og skal innleysa eigi minna en 1/40 hluta þeirra á ári hverju, í fyrsta sinn 1935. Fjármálaráðherra gefur fyrirmæli um sjóðinn, og skal þar nánar kveðið á um gerð bréfanna, fjárhæð þeirra, greiðslu vaxta, innlausn þeirra og annað, er þurfa þykir.

      Færi svo, að reiðufé Kreppulánasjóðs reyndist eigi nægjanlegt til að greiða skuldbindingar hans, skal ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar, og skulu þá þau framlög síðar endurgreiðast af eignum sjóðsins, ef þær hrökkva til.
   c. (3. gr.) Skuldabréf Kreppulánasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum eldri en frá 1. jan. 1933, að svo miklu

leyti sem þær eru ekki tryggðar með fasteignaveði eða handveði, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Sama gildir um greiðslu á víxlum, sem gefnir hafa verið út eftir 1. jan. 1933, ef skuldin upphaflega hefir verið stofnuð fyrir þann tíma.

2. Við 3. gr., sem verði 4. gr.
   a. Síðari málsl. fyrri málsgr. falli burt.
   b. Í stað „ríkisskuldabréfum“ í síðari málsgr. komi: skuldabréfum Kreppulánasjóðs.
3. Við 9. gr., sem verði 10. gr.
   Aftan við 1. málsl. bætist: ef hún telur að hann þurfi að fá eftirgjöf á skuldum.
4. Við 15. gr., sem verði 16. gr.
   Aftan við 1. tölulið bætist: enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir að minnsta kosti 15% hærra verð en matsverð.
5. Við 16. gr., sem verði 17. gr.
   Annar málsl. orðist þannig: Hann má ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans.
6. Við 17. gr., er verði 18. gr.
   a. Í stað „skuldarinnköllun“ í síðasta málsl. komi: skuldainnköllun.
   b. Í stað „réttaraðgerða“ í sama málsl. komi: réttargerða.
7. Við 18. gr., er verði 19. gr.
   Í stað síðari málsl. 1. málsgr. komi: Vextir af lánunum skulu vera 4 af hundraði á ári. Lánstíminn skal fara eftir ákvörðun sjóðsstjórnar, þó aldrei lengri en 42 ár. Afborgunarskilmálum skal eftir því sem unnt er haga svo, að Kreppulánasjóður geti staðið straum af innlausn skuldabréfa sinna samkvæmt 2. gr.
8. Við 21. gr., sem verður 22. gr. Í stað „1934“ komi: 1935.
9. Við 22. gr. Greinin falli burt.
10. Við 23. Greinin orðist þannig:
    Auk þeirra lána, er ræðir um hér að framan, er stjórn Kreppulánasjóðs, með samþykki ráðherra, heimilt að veita bændum lán til greiðslu á umsömdum afborgunum og vöxtum fasteignaveðslána í opinberum lánsstofnunum, eftir því sem nánar kann að verða ákveðið í sérstökum lögum.

Alþingi, 22. maí 1933.

Páll Hermannsson, form.	Pétur Magnússon, fundaskr.	Jón Jónsson, frsm.

Nd. **768. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árið 1934.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur:

1. gr.

Árið 1934 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er á, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	370000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1000000	
3.	Lestagjald af skipum	45000	
			1415000
4.	Aukatekjur	550000	
5.	Erfðafjárskattur	55000	
6.	Vitagjald	425000	
7.	Leyfisbréfagjöld	15000	
8.	Stimpilgjald	400000	
9.	Skólagjöld	15000	
10.	Bifreiðaskattur	280000	
			1740000
11.	Útflutningsgjald	800000	
12.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	450000	
	Flyt ...	1250000	3155000

		kr.	kr.
	Flutt ...	1250000	3155000
13.	Tóbakstollur	1150000	
14.	Kaffi- og sykurtollur...	975000	
15.	Annað aðflutningsgjald	100000	
16.	Vörutollur	1200000	
17.	Verðtollur	1000000	
			5675000
18.	Gjald af innlendum tollvörum		150000
19.	Skemmtanaskattur		100000
	Samtals ...	... ...	9080000

3. gr.

		kr.	kr.
	A.		
I.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:		
1.	Rekstrarhagn. símans	215000	
2.	— víneinkasölu	700000	
3.	— tóbakseinkasölu	350000	
4.	— ríkisprentsmiðju	40000	
5.	— ríkisvélsmiðju	25000	
6.	— Vífilsstaðabús	4000	
7.	— Kleppsbús	3000	
			1337000
II.	Frá dregst:		
1.	Rekstrarhalli póstsjóðs	17140	
2.	— útvarps	11125	
			28265
	Eftir	... ...	1308735

Sundurliðun.		kr.	kr.
Póstsjóður.			
I. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Eftir launalögum	110000		
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	87000		
c. Bréfhirðingamenn	25000		
		222000	
2. Póstflutningar		260000	
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík, eftir reikningi	24000		
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur	20000		
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	12000		
d. Önnur gjöld	65000		
e. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)...	4140		
		125140	
			607140
II. Tekjur			590000
Fært á 3. gr. A. II. 1. tekjuhalli		... ...	17140
Síminn.			
I. Tekjur			1750000
II. Gjöld:			
a. Til einkasíma í sveitum		30000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna...	60000		
2. Ritsímastöðin í Reykjavík	157000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík.	31000		
4. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	490000		
5. Áhaldahúsið	12000		
6. Ritsímastöðin á Akureyri	45000		
7. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	58000		
8. Ritsímastöðin á Ísafirði...	28000		
9. Símastöðin á Borðeyri	15000		
10. Símastöðin í Vestmannaeyjum	23500		
Flyt ...	919500	30000	1750000

		kr.	kr.
	Flutt ... 919500	30000	1750000
11.	Símastöðin á Siglufirði 17000		
12.	Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva 120000		
		1056500	
	Launabætur símritara, kvenvarðstjóra, kvensímritara o. fl., svo og Steindórs Björnssonar, Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, greiðist eftir sömu reglum sem verið hefir, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.		
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	45000	
d.	Viðbót og viðhald stöðvanna	50000	
e.	Kostnaður af ferðalögum vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að	10000	
f.	Viðhald landssímanna...	185000	
g.	Framhaldsgjald	23000	
h.	Til kennslu handa símamönnum	2000	
i.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern	2000	
j.	Ýmis gjöld	5000	
k.	1. Fyrning á sjálfv. stöð og línukerfi ... 100000		
	2. — á húsum og áhöldum 25000		
		125000	
l.	Slysatrygging...	1500	
			1535000
	Fært á 3. gr. A. I. 1	... ...	215000
	Eignabreytingar.		
	Út.		
I.	Afborgun af láni L. M. Ericsson, húseign á Seyðisf. o. fl.		75000
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		45000
III.	Til nýrra símalína		90000
	að því tilskildu, að samkomulag náist við héruð, er hlut eiga að máli.		
	Fært á 20. gr. Út I. 2. a og II. 3	... ...	210000
	Víneinkasalan.		
I.	Tekjur (brúttó af vörusölu)		900000
II.	Gjöld:		
a.	Ýmiskonar rekstrarkostnaður	192000	
b.	Fyrning á pakkhúsi og áhöldum (sjá 20. gr.) ...	8000	
			200000
	Fært á 3. gr. A. I. 2	... ...	700000

		kr.	kr.
Útvarpið.			
I. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Yfirstjórn	17000		
2. Útvarpsstöðin	55000		
3. Útvarpssalur	20000		
4. Útvarpsefni	70000		
5. Skrifstofan...	18000		
6. Óviss gjöld	10000		
7. Húsaleiga, hiti o. fl.	25000		
		215000	
b. Vextir af láni frá Marconifélaginu í London		16125	
c. Fyrning húss, véla og áhalda (sjá 20. gr.)		30000	
			261125
II. Tekjur (þar í ágóði viðtækjaverzlunar)			250000
Fært á 3. gr. A. II. 2. tekjuhalli			11125
Eignabreytingar.			
Út.			
Afborgun af láni frá Marconifélaginu í London £ 5600 á 22,15 (fært á 20. gr. Út I. 2. b.)			124040
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs..			20000
2. Tekjur af kirkjum			100
3. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		60000	
b. Gjöld:			
1. Vextir (6,2% af 363500)	22500		
2. Ýmiskonar rekstrarkostnaður	30230		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	7270		
		60000	
Samtals ...		... ...	20100

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909		17000
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3 millj.		180000
3. Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1,5 millj.		90000
4. Aðrir vextir...		235625
Samtals ...	... ...	522625

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 60000 kr.

Þar í 1/4 af tekjum Menningarsjóðs.

II. KAFLI.

Gjöld:

6. gr.

Árið 1934 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
Vextir:		
1. Innlend lán		116961
2. Dönsk lán, d. kr. 114585.99 á 100.00		114586
3. Ensk lán, £ 49220 - 0 - 0 á 22.15		1090223
4. Vextir af lausaskuldum		135000
Samtals ...	... ...	1456770

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		225000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		4000
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2170
Samtals ...	... ...	231170

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.		
	1. Til ráðherra:		
	a. Laun... 32700		
	b. Til risnu 6000		
		38700	
	2. Til utanferða ráðherra..	6000	
	3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins	89200	
	4. Annar kostnaður	60000	
	5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum	32000	
	Þar af 1000 kr. persónuleg launabót til núverandi ríkisbókara.		
	6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl. 700		
	b. Til pappírs og prentunar 18000		
	c. Til kostnaðar af sendingu með póstum 1000		
		19700	
	Flyt ...	245600	

		kr.	kr.
	Flutt ...	245600	
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans	5000	
8.	Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)	2046	
			252646
II.	Hagstofan:		
1.	Laun	11800	
2.	Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	14000	
3.	Prentun eyðublaða.	2500	
4.	Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	5000	
5.	Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	22000	
			55300
III.	Utanríkismál o. fl.		
1.	Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra 20000		
	b. Húsaleiga... 6000		
	c. Kostnaður við embættið 20000		
	d. Til skrifstofuhalds... 20000		
		66000	
2.	Til meðferðar utanríkismála	12000	
3.	Ríkisráðskostnaður	4000	
4.	Kostnaður af sambandslaganefnd	500	
			82500
	Samtals ...	... ...	390446

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
a.	Laun.	28700	
b.	Annar kostnaður	10000	
	Þar af 3000 kr. til ritara.		38700
	Flyt ...	... ...	38700

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	38700
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra		140000
3. Laun hreppstjóra..		24000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
a. Laun 3 fulltrúa og 2 skrifara	23000	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4860	
c. Ýmis gjöld	6500	
d. Til samningar spjaldskrár yfir afsals- og veðmálabækur	500	
		34860
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
a. Laun 5 skrifara	20000	
b. Laun 6 tollritara...	30000	
c. Aðstoð og aukavinna...	10000	
d. Húsaleiga, ljós og hiti	8400	
e. Innheimtukostnaður	20000	
f. Ýmis gjöld	14000	
		102400
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
a. Laun 2 fulltrúa og 5 skrifara	25000	
b. Húsaleiga, ljós og hiti	8800	
c. Ýmis gjöld	3500	
		37300
7. Toll- og löggæzla		70000
8. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta... ...		100000
9. Til landhelgisgæzlu, gegn allt að 250000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		300000
10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		15000
(Þar af fyrning kr. 1770, sjá 20. gr.).		
12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		25000
(Þar af fyrning kr. 5300, sjá 20. gr.).		
13. Sakamálakostnaður og lögreglumála		30000
14. Borgun til sjódómsmanna		2000
15. Borgun til setu- og varadómara		5000
16. Til endurskoðunar réttarfarslöggjafarinnar		3000
Samtals A. ...	... ...	947260

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	45000	
b. Fyrir embættisskeyti	55000	
		100000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisfasteigna		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		45000
5. Til ríkisskattanefndar		6000
6. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		25000
Samtals B. ...	... ...	207000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		230000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi ...		6000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn		7550
Styrkurinn skiptist þannig: 1. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 2. Til Staðarsveitar 200 kr. — 3. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 4. Til Óræfinga 400 kr. 5. Til Þingvallahrepps 200 kr. — 6. Til Grímseyinga 400 kr. — 7. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 8. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 9. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 10. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 11. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 12. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 13. Til Selvogshrepps 150 kr. — 14. Til Vestur- og Austur-Eyja-		
Flyt ...	... ...	243550

	kr.	kr.
Flutt ...	... ...	243550
fjallahreppa 200 kr. — 15. Til Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 kr. til hvers, 900 kr. — 16. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 17. Til Rauðasands- og Barðastrandarhreppa, 150 kr. til hvors, og til Múlahrepps 250 kr., 550 kr. — 18. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna byggðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. 19. Til Árneshrepps í Strandasýslu 600 kr., sé héraðið læknislaust. — 20. Til Nauteyrarhrepps 300 kr. 21. Til Reykjarfjarðarhrepps 150 kr. — 22. Til Loðmundarfjarðarhrepps 150 kr. — 23. Til Álftveringa 250 kr.		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi, Mosfellssveit og Reykjavíkurhéraði, utan kaupstaðarins, og fara eftir taxta héraðslækna		1200
5. Til augnlækninga:		
a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík...	800	
b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	800	
c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	800	
		2400
Ferðastyrkurinn skiptist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu.		
6. Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík		800
7. Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		800
Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.		
8. Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til radíumlækninga		2000
Flyt ...	... ...	250750

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	250750
9.	Til styrktar lækni til að nema lyfjafræði, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlagi annarsstaðar að, fyrsta greiðsla af þremur		2000
10.	Til Jónasar Kristjánssonar héraðslæknis, Sauðárkróki, ferðastyrkur til að sækja læknafund í Stokkhólmi, þar sem rætt verður um hollustu og óhollustu mataræðis		1000
11.	Til fjörefnarannsókna á þjóðlegum íslenzkum matvælum		3000
12.	Landsspítalinn:		
	Rekstrarkostnaður		76200
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun lækna	41000	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsfólks 79000		
	2. Fæði 68000		
	3. Þvottur og ræsting 32000		
	4. Lyf og umbúðir 17000		
	5. Ljós og hiti 24000		
	6. Viðhald og umbætur 25000		
	7. Skattar 5000		
	8. Til að kaupa stórsegul til augnlækninga 2000		
	9. Ýmis gjöld 20000		
	Þar af 3500 kr. til þess að leggja útvarpsleiðslur og heyrnartæki að rúmum sjúklinga.		
	10. Fyrning húsa og áhalda 44500		
		316500	
	C. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennadeildar, þar í fæði ljósmæðranema	11200	
		368700	
	Þar frá dregst:		
	1. Daggjöld sjúklinga 232000		
	2. Tekjur af röntgendeild 45000		
	3. Skurðstofugjald o. fl. 15500		
		292500	
	Mismunur ...	76200	
13.	Holdsveikraspítalinn		57082
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	6900	
	Flyt ...	6900	390032

		kr.	kr.
	Flutt ...	6900	390032
B. Annar kostnaður:			
1. Laun starfsmanna	11400		
2. Viðurværi 30 manna	12000		
3. Klæðnaður	1000		
4. Lyf og sáraumbúðir	1800		
5. Ljós og hiti	9000		
6. Húsbúnaður og áhöld	1000		
7. Viðhald á húsum	2500		
8. Þvottur og ræsting	1000		
9. Flutningskostnaður	1000		
10. Greftrunarkostnaður	500		
11. Skemmtanir	500		
12. Skattar o. fl.	3000		
13. Ýmisleg gjöld	1000		
14. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	4482		
		50182	
		57082	
14. Geðveikrahælið á Kleppi:			
I. Gamli spítalinn			45527
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		5900	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup fastra starfsmanna	13000		
2. Kaup daglaunamanna	750		
3. Matvæli	29000		
4. Fatnaður sjúklinga	3000		
5. Klæðnaður starfsfólks	500		
6. Lyf og sáraumbúðir	500		
7. Ljós og hiti	9000		
8. Viðhald og áhöld	6000		
9. Þvottur og ræsting	4000		
10. Flutningskostnaður	2000		
11. Skemmtanir	500		
12. Skattar m. m.	2500		
13. Óviss gjöld	1400		
14. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)	3064		
		75214	
		81114	
	Flyt ...	81114	435559

		kr.	kr.
	Flutt ...	81114	435559
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 65 sjúklingum, kr. 1,50 á dag ...		35587	
	Mismunur ...	45527	
II. Nýi spítalinn			69255
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		5900	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup fastra starfsmanna	26000		
2. Kaup daglaunamanna	1500		
3. Matvæli	36000		
4. Fatnaður sjúklinga	3500		
5. Fatnaður starfsfólks	1000		
6. Lyf og sáraumbúðir	3500		
7. Ljós og hiti	10000		
8. Viðhald og áhöld	6000		
9. Þvottur og ræsting	6500		
10. Flutningskostnaður	2000		
11. Skattar og tryggingar	3000		
12. Skemmtanir	500		
13. Óviss útgjöld	1500		
14. Fyrning húsa (sjá 20. gr.)...	3355		
		104355	
		110255	
Þar frá dregst:			
Innborgað frá sjúklingum		41000	
	Mismunur ...	69255	
15. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			1350
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun yfirlæknis		5900	
B. Laun aðstoðarlæknis		5000	
C. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	40000		
2. Viðurværi..	100000		
3. Lyf og hjúkrunargögn...	16000		
	Flyt ... 156000	10900	506164

		kr.	kr.
Flutt ...	156000	10900	506164
4. Ljós og hiti	24000		
5. Þvottur og ræsting..	15000		
6. Viðhald húsa...	10000		
7. Viðhald véla	3000		
8. Húsbúnaður og áhöld...	10000		
9. Flutningskostnaður..	5000		
10. Óviss gjöld	5000		
11. Fyrning á húsum (sjá 20. gr.)... ...	3350		
		231350	
		242250	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 120 sjúklingum, 5 kr. á dag	219000		
Meðgjöf með 15 börnum, 4 kr. á dag ...	21900		
		240900	
Mismunur ...		1350	
16. Heilsuhælið á Reykjum í Ölfusi:			
Rekstrarkostnaður			1272
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis og annars starfsfólks		9000	
B. Annar kostnaður:			
1. Fæði...	14000		
2. Lyf og hjúkrunargögn	1000		
3. Ljós	1000		
4. Þvottur og ræsting...	2000		
5. Viðhald húsa og áhalda	2000		
6. Flutningur og símakostnaður	2000		
7. Óviss gjöld	1500		
8. Fyrning húsa	1272		
		24772	
		33772	
Þar frá dregst:			
Daggjald sjúklinga 6500 legud., 5 kr. á dag		32500	
Mismunur ...		1272	
Flyt ...		... ...	507436

		kr.	kr.
	Flutt ...	... ...	507436
17.	Heilsuhælið í Kristnesi:		
	Rekstrarkostnaður		970
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis og aðstoð	7400	
	B. Annar kostnaður:		
	1. Laun starfsfólks 27000		
	2. Fæði... 45000		
	3. Lyf og hjúkrunargögn... 3500		
	4. Ljós og hiti 12000		
	5. Þvottur og ræsting... 3000		
	6. Viðhald húsa og véla 5000		
	7. Viðhald læknistækja 500		
	8. Húsbúnaður og áhöld... 5000		
	9. Flutningskostnaður 4000		
	10. Ýmis gjöld 5000		
	11. Fyrning húsa og áhalda 7670		
		117670	
		125070	
	Hér frá dregst:		
	Daggjald 68 sjúklinga, 5 kr. á dag	124100	
	Mismunur ...	970	
18.	Önnur gjöld:		
	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, allt að ...	15000	
	Sjúkrahús og sjúkraskýli, sem styrksins vilja verða aðnjótandi, sendi umsóknir um hann fyrir 1. október, enda fylgi umsóknunum rekstrarreikningar, gerðir eftir fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar.		
	Styrkupphæðirnar miðast við fjölda legudaga, enda fari tekjur þær, sem sjúkrahúsið eða sjúkraskýlið hefir af hverjum sjúklingi á legudag, að viðbættum styrknum fyrir hvern legudag, ekki fram úr þeirri upphæð, sem talizt getur sanngjarnt kostnaðarverð á hverjum stað, miðað við sjúkrahúsrekstur í landinu yfirleitt. Það er og skilyrði fyrir styrkveitingu, að sjúklingar þeir, sem ríkissjóð-		
	Flyt ...	15000	508406

	kr.	kr.
Flutt ...	15000	508406
ur greiðir sjúkrahúsunum eða sjúkraskýlunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhéraðssjúklingar.		
b. Til sjúkrahúsbyggingar í Reyðarfjarðarhéraði, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að, 1. greiðsla af þremur	10000	
c. Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli...	11000	
Þar af 1/3 kostnaðar, allt að 3000 kr., til kaupa á röntgentækjum til sjúkraskýlisins á Blönduósi, og 3000 kr. lokastyrkur til sjúkrahúsbyggingar á Siglufirði.		
d. Til Reykhólalæknishéraðs, til greiðslu vaxta af skuldum (er nema nál. 20500 kr.) vegna læknisbústaðar á Reykhólum	1200	
e. Bólusetningarkostnaður	3500	
f. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	12000	
g. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	2000	
h. Gjöld samkv. lögum nr. 16 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum	10000	
i. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	2000	
j. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfélagsins Líknar, gegn a. m. k. jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur ...	4000	
k. Til sjúkraheimilis Hvítabandsins	5000	
l. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	500	
m. Styrkur til Súgfirðinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu	1000	
n. Til félags íslenzkra hjúkrunarkvenna	500	
o. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sér gervilimi	2000	
p. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar að	300	
q. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	1600	
		81600
19. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		65000
Samtals ...	... ...	655006

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
	A. Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	6900	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	6160	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga	16000	
	5. Skrifstofukostnaður	13000	
II.	Þjóðvegir.		47060
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjósarvegur 15000		
	2. Stykkishólmsvegur 6000		
	3. Vesturlandsvegur 7000		
	4. Saurbæjarvegur 4000		
	5. Holtavörðuheiðarvegur 40000		
	6. Geiradalsvegur 4000		
	7. Langadalsvegur í Ísafjarðarsýslu ... 3000		
	8. Breiðadalsheiðarvegur í Ísafj.s. ... 8000		
	9. Kollafjarðarvegur 3000		
	10. Húnavatnssýsluvegur 5000		
	11. Hofsósvegur 5000		
	12. Blönduhlíðarvegur 10000		
	13. Öxnadalsvegur 7000		
	14. Ljósavatnsskarðsvegur 12000		
	15. Þistilfjarðarvegur 7000		
	16. Bakkafjarðarvegur 4000		
	17. Vopnafjarðarvegur 4000		
	18. Jökulsárhlíðarvegur 5000		
	19. Úthéraðsvegur 6000		
	20. Fjarðarheiðarvegur 10000		
	21. Breiðdalsvegur 4000		
	22. Geithellnavegur 5000		
	23. Suðursveitarvegur 3000		
Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

25. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef hún telur bera til þess brýna nauðsyn, að draga af öllum fjárveitingum fjárlaganna, sem ekki eru lögum bundnar, um allt að 25%, eftir því sem við verður komið, og ennfremur að fresta um ákveðinn tíma rekstri stofnana.

Ed. 769. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um heimild handa ríkisstjórninni til þess að taka lán til brúargerðar á Múlakvísl.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 23. maí 1933.

Páll Hermannsson, form.	Halldór Steinsson, fundaskrifari.	Einar Árnason, frsm.

Nd. 770. Tillaga

til þingsályktunar um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláða.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta fram fara á þessu ári ýtarlega fjárkláðaskoðun um land allt samkv. lögum nr. 40 8. nóv. 1901, og sé henni lokið fyrir nóvembermánaðarlok næsta haust, og krefjast nákvæmra skýrslna skoðunarmanna um útbreiðslu kláðans, að skoðuninni lokinni.

2. Að leggja fyrir forstöðumenn allra sláturhúsa landsins að láta fram fara athugun á því, hve mikið kemur til slátrunar af kláðasjúku fé næsta haust, og hvaðan, og
3. að fyrirskipa, að fengnum þessum skýrslum, útrýmingarböðun, annað tveggja á hverju sýktu samgangnasvæði út af fyrir sig, eða um land allt, ef engin samgangnasvæði eru ósýkt. Leita skal þó álits dýralækna landsins og Búnaðarfélags Íslands, áður en útrýmingarböðun er fyrirskipuð.

Nd. 771. Breytingartillaga

við frumv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Í stað „50%“ komi 80%.

Ed. 772. Frumvarp

til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 1927 skal til ársloka 1934 innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 773. Frumvarp

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ammendrup, Paul Christoffer, klæðskeri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
2. Björn Franzson, stúdent í Reykjavík, fæddur í Noregi.
3. Brynjólfur Björnsson, stud. polit. í Kaupmannahöfn, fæddur í Danmörku.

4. Hermannsen, Störker Cedrup, vélstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Noregi.
5. Honningsvaag, Petter Matthias, sjómaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
6. Jakobsen, Knud Olai, skósmiður á Þingeyri, fæddur í Noregi.
7. Jensen, Frede, vefari á Akureyri, fæddur í Danmörku.
8. Kobbelt, Eduard August, vélasmiður á Siglufirði, fæddur í Þýzkalandi.
9. Kristensen, Arne, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
10. Nielsen, Niels Christian, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
11. Olsen, Jentoft G. H., lifrarbræðslumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
12. Olsen, Simon Andreas, vélstjóri á Ísafirði, fæddur í Noregi.
13. Pedersen, Hagerup M. S., húsasmiður í Reykjavík, fæddur í Noregi.
14. Rönning, Johan, rafvirki í Reykjavík, fæddur í Noregi.
15. Vidnes, Peder R. S. Olsen, verkamaður á Eyrarbakka, fæddur í Noregi.

Sþ. 774. Tillaga

til þingsályktunar um uppsögn gildandi samkomulags um viðskiptamál og verzlunar- og siglingasamningum milli Íslands og Noregs.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að segja upp gildandi samkomulagi um viðskiptamál og verzlunar- og siglingasamningum milli Íslands og Noregs í síðasta lagi 1. desember 1933.

Greinargerð.

Samkomulag það um viðskiptamál við Noreg, er staðfest hefir verið á yfirstandandi þingi af ýmsum ástæðum, þykir svo óhagfellt, að ekki verður við það unandi til frambúðar.

Nd. 775. Nefndarálit

um frv. til víxillaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Víxlar og tékkar eru mjög notaðir sem gjaldmiðill í millilandaviðskiptum. Fyrir því hafa menn fundið þörf á því að samræma víxil- og tékkalög, einkum þeirra landa, sem mest hafa viðskipti. Loks gerðu 22 ríki samþykkt um það sín á milli í Geneve 7. júní 1930, að samræma víxil- og tékkalög sín. Ísland tók ekki þátt í þessari samþykkt, en er nú boðið að vera með í samþykkt þessari. Virðist auðsætt að taka þessu boði, ekki sízt þar sem önnur Norðurlönd hafa þegar gert það.

Til þess að ganga inn í það þjóðasamband í þessu efni, sem stofnað var 1930, verður að gera ýmsar breytingar á núgildandi víxil- og tékkalögum. Þær breytingar, sem gera verður á nefndum lögum, eru þó ekki svo gagngerðar í grundvallaratriðum, að þær kollvarpi því fyrirkomulagi, sem áður var byggt á.

Skal drepið á helztu frávikningar og nýmæli þessa frv. frá víxillögunum frá 1882. Þar sem talað er um víxillög, er átt við núgildandi lög um víxla.

1. *Um vistun víxla:* Víxill. telja ekki þann víxil vistaðan, sem greiðast á hjá þriðja manni, ef greiðslustaðurinn er í sama bæ eða þinghá og greiðandi býr í.

   Með frv. eru allir víxlar, sem greiðast eiga þriðja manni, taldir vistaðir víxlar.
2. *Vextir af víxlum:* Samkv. víxill. er ekki heimilt að setja ákvæði um vaxtagreiðslu í víxilinn. Með frv. er þetta heimilað, ef víxill á að greiðast við sýningu eða tiltekinn tíma eftir sýningu.
3. *Fjárhæð víxils:* Nú er það svo, að lægsta fjárhæð tilgreind í víxli hefir gildi.

   Frv. inniheldur það ákvæði, að sú fjárhæð, sem skrifuð er með bókstöfum, hefir ein gildi, og þá hin lægsta fjárhæð, ef fleiri eru skrifaðar með bókstöfum.
4. *Afsögn víxils:* Hingað til hefir það verið talið öruggara að afsegja víxil vegna greiðslufalls (de non solutione), þó sami víxill hafi áður verið afsagður vegna samþykkisskort (de non acceptatione). Eftir frv. verður ekki nauðsynlegt að afsegja víxil vegna greiðsluskorts, ef hann áður er afsagður vegna samþykkisskorts. Samkv. víxill. gátu tveir órækir vottar framkvæmt víxilafsögn, ef ekki náðist í notarius.

   Frv. gerir ráð fyrir, að þessu sé sleppt, en í stað þess geti hreppstjóri, eða stefnuvottur, framkvæmt afsögn, en senda skulu þeir staðfest eftirrit af afsagnargerðinni til innfærslu í notarialbók.
5. *Sýning víxla:* Sé víxill eigi sýndur til samþykkis innan þess frests, sem útgefandi ákveður, þá glatast víxilrétturinn samkv. ákvæðum frv.

   Greiðandi getur og krafizt þess, að víxill sé sýndur sér næsta dag eftir fyrstu sýningu.
6. *Fyrningarfrestir* eru lengdir, og kveður frv. svo á, að fyrningarfrestur gagnvart útgefanda verði eitt ár að því er kröfu víxilhafa snertir, en fullnustukröfur framseljanda á hendur útgefanda eða öðrum framseljendum fyrnist á sex mánuðum frá því framseljandi leysti víxilinn til sín.
7. *Ábyrgð á samþykki:* Skv. frv. er gert ráð fyrir, að útgefandi geti undanþegið sig ábyrgð á samþykki víxils.
8. *Umboð til áritunar:* Í víxill. eru engin ákvæði um þetta efni, en í frv. eru ákvæði um, að sá, sem ritar nafn sitt á víxil fyrir hönd annars manns, en hefir ekki umboð til þess, verði sjálfur skuldbundinn eftir víxlinum. Fari maður út fyrir umboð sitt, skuldbindur hann sjálfan sig á sama hátt.

   — Þá er þetta meðal nýmæla í frumvarpinu:

a. Að umboð, sem felst í framsali til umboðs, fellur ekki úr gildi, þótt umbjóðandi andist eða sé sviptur fjárræði.

b. Að framsal, sem ritað er eftir gjalddaga víxils, hefir sömu áhrif og framsal ritað fyrir gjalddaga. Ef framsal er ódagsett, skal það talið ritað fyrir gjalddaga, nema annað sannist.

c. Að útgefandi geti kveðið svo á í víxli, að sýna skuli hann til samþykkis, sett frest til samþykkis og einnig að víxill sé ekki sýndur til samþykkis fyrir tiltekinn tíma.

Þetta nær þó ekki til víxla, sem greiðast eiga hjá þriðja manni eða á öðrum stað en greiðandi býr.

d. Að samþykkjandi getur takmarkað samþykki sitt við hluta af víxilfjárhæðinni.

e. Að greiðandi getur skotið sér undan ábyrgð þeirri, er samþykkt víxils fylgir, ef hann strikar samþykkið út áður en hann skilar víxlinum, enda sannist ekki, að hann hafi skýrt víxilhafa frá samþykki sínu.

f. Sé fjárhæð víxils greind í mynteiningu, sem hefir sama nafn en mismunandi gildi í landi því, sem víxill er gefinn út í, og landi því, er hann á að greiðast í, skal talið, að hann eigi að greiðast í mynt greiðslustaðarins, nema annað sannist.

g. Heimilt er að leita fullnustu fyrir víxilskuld hjá útgefanda, ef bú hans er tekið til skiptameðferðar eða til nauðasamninga, þó víxill sé ekki fallinn í gjalddaga, *ef* útgefandi hefir bannað sýningu víxils.

Hjá greiðanda má ávallt leita fullnustu fyrir víxilskuld, þó víxill sé ekki fallinn í gjalddaga, ef bú greiðanda er tekið til skipta eða nauðasamninga.

h. Ákvæði 71. gr. 2. og 3. málsgr. frv. um slit fyrningar erlendis eru og nýmæli.

Að öðru leyti virðist ekki ástæða til að gera grein fyrir þeim breytingum, sem frv. gerir á víxillögunum frá 1882, í nefndaráliti.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 38. gr. 1. mgr. Fyrir „við sýningu“ kemur: eftir sýningu.
2. Við 41. gr.
   a. Fyrir „fyrirmæli“ í 3. mgr. kemur: fyrirvari.
   b. Fyrir „eru líkur fyrir því“ í 4. mgr. kemur: skal líta svo á.
3. Við 67. gr. Fyrir „með sömu áhrifum“ í 3. mgr. kemur: með sama hætti og sömu áhrifum.
4. Við 71. gr. Á eftir orðunum „erlendum dómstóli“ í 2. mgr. kemur komma.
5. Við 72. gr. Á eftir „löghelgan dag“ í 1. mgr. kemur: eða bankafrídag.
6. Við 78. gr. Fyrir „sýningarfresturinn“ í 2. mgr. kemur: fresturinn frá sýningu.

Alþingi, 22. maí 1933.

H. Stefánsson, form. Hannes Jónsson. Jón A. Jónsson, fundaskrif., frsm.

Ólafur Thors. Bernh. Stefánsson.

Nd. **776. Nefndarálit**

um frumv. til l. um tékka.

Frá fjárhagsnefnd.

Um gildi tékka í viðskiptum vísast til þess, sem sagt er í áliti nefndarinnar um víxla.

19. marz 1931 gerðu 20 ríki samþykkt um samræming tékkalöggjafarinnar sín á milli. Frv. þetta er borið fram af forsætisráðherra með það fyrir augum, að Ísland gangi í þessa þjóðasamþykkt.

Löggjöfin um tékka er frá 1901 og var þá sniðin eftir tékkalöggjöf annara Norðurlanda. Þær frávikningar, sem í frv. felast frá gildandi lögum, eru því færri og þýðingarminni en í frv. til víxillaga.

Helztu frávikningar og nýmæli frv. eru þessi:

1. Um útgáfu tékka: Samkv. tékkal. má gefa út tékka á hendur hverjum sem er. Frv. gerir hinsvegar ráð fyrir, að tékka megi aðeins gefa út á banka og sparisjóði, sem fengið hafa staðfestingu á samþykktum sínum. Með þessu er skapað meira öryggi um greiðslu tékka.
2. Handhafatékka má ekki breyta í nafnbréf til tiltekins manns.
3. Í tékkal. er það fram tekið, að samþykki á tékka hafi enga þýðingu. Í frv. (25. gr.) eru ákvæði um það, að áritun greiðslubanka skuldbindi hann til greiðslu, ef skilja megi áritunina svo, að tékkinn muni greiddur, sé hann sýndur innan þess frests, sem ákveðinn er í frv.
4. Það hefir þótt vafasamt samkv. tékkal., hvort ákvæði víxill. um ábyrgð á víxilkröfu giltu um tékka. Með frv. er því slegið föstu, að svo sé.
5. Það er nýmæli í frv., að tékki er gjaldkræfur við sýningu, enda þótt tékkinn hafi verið gefinn út með dagsetningu, sem ókomin er (antedated).
6. Með 29. gr. frv. eru sýningarfrestir ákveðnir. Nefndinni þykir fresturinn of stuttur í tveim tilfellum og gerir því till. um lengingu frestsins.
7. Það er nýmæli í frv., að útgefandi geti bannað greiðslubanka að greiða tékkann og að bankanum sé heimilt að greiða tékka, sem eigi hefir verið afturkallaður, þótt sýningarfrestur sé liðinn. Afturköllun hefir þó því aðeins gildi, að greiðslubanki hafi ekki ritað á tékkann orð eða merki, sem skuldbindi hann til greiðslu.
8. Ákvæði um strikun tékka (crossed cheques) eru fyllri en í tékkal.
9. Fyrningarfresturinn, sem ákveðinn er 6 mánuðir, reiknast skv. frv. frá lokadegi sýningarfrests, en ekki frá útgáfudegi, eins og nú er ákveðið í tékkal.

Frekari greinargerðar virðist ekki þörf í nefndaráliti.

Nefndin ræður hv. deild að samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 29. gr.
   a. Fyrir „20“ í 1. mgr. kemur: 30.
   b. Fyrir „20“ í 2. mgr. kemur: 40.

2. Við 53. gr. Á eftir „fyrir erlendum dómstóli“ í 2. mgr. kemur komma.
3. Við 58. gr. Fyrir „hefir verið þess umkominn“ í 2. mgr. kemur: hefði verið þess umkominn.

Alþingi, 23. maí 1933.

H. Stefánsson, form. Hannes Jónsson. Jón A. Jónsson, fundaskrif., frsm.
Ólafur Thors. Bernh. Stefánsson.

Nd. 777. Nefndarálit

um frv. til l. um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum.

Frá fjárhagsnefnd.

Greinargerð fyrir þessu frv. er svo tæmandi, að nægilegt þykir að vísa til hennar.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. maí 1933.

H. Stefánsson, form. Hannes Jónsson. Jón A. Jónsson, fundaskrif., frsm.
Ólafur Thors. Bernh. Stefánsson.

Nd. 778. Þingsályktun

um tolleftirlit með póstsendingum.

(Afgreidd frá Nd. 23. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka upp fullkomið tolleftirlit með innfluttum póstsendingum.

Nd. 779. Frumvarp

til laga um lögreglumenn.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fyrirskipa, að í bæjum (kaupstöðum og kauptúnum), þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að tveimur starfandi lögregluþjónum á hverja 1000 íbúa, enda sé lögreglustjóri þar búsettur.

2. gr.

Þar, sem ríkisstjórnin gerir slíka ráðstöfun, skal ríkissjóður greiða ⅙ hluta kostnaðar við lögreglu og löggæzlu bæjarins, þó eigi fyrr en að minnsta kosti einn lögregluþjónn kemur á hverja 700 íbúa. ⅙ lögregluliðsins í Reykjavík skal vera sérstök deild og starfa sem lögreglumenn ríkisins á venjulegum tímum.

Í öðrum bæjum ræður ríkisstjórnin yfir starfskröftum lögreglunnar í hlutfalli við framlög, eftir því sem nánar má ákveða með reglugerð. Lögreglumenn ríkisins skulu m. a. starfa að undirbúningi sakamálsrannsókna, eftirliti með umferð á þjóðvegum, útlendingum, áfengislöggjöf og því að halda uppi reglu á mannfundum utan bæjanna.

Ríkisstjórninni er og heimilt að semja við hlutaðeigandi bæjarfélög um, að lögreglumenn ríkisins taki að sér störf í þágu bæjarfélaganna gegn endurgjaldi.

3. gr.

Lögreglumenn ríkisins skulu, hvenær sem lögreglustjórar telja þess þörf, aðstoða lögreglulið bæjanna til að halda uppi löggæzlu og reglu, enda séu þeir ekki bundnir við önnur nauðsynjastörf í þágu ríkisins.

Ef lögreglustjórar óska, er ríkisstjórninni heimilt að skipa þeim fulltrúa eða yfirlögregluþjón til að stjórna lögreglumönnum ríkisins um stundarsakir eða til langframa.

4. gr.

Lögregluna má ekki nota til þess að hafa önnur afskipti af venjulegum vinnudeilum en að halda þar eins og annarsstaðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

5. gr.

Skipshafnir varðskipanna teljast til lögreglumanna ríkisins. Heimilt er ráðherra að ákveða hið sama um tollverði, og eru þeir þá skyldir að inna af hendi störf lögreglumanna.

6. gr.

Þegar sérstaklega stendur á og ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meir en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum, og greiðir þá ríkissjóður allt að helmingi þess kostnaðar, sem leiðir af aukningunni, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur ¼ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.

7. gr.

Það er borgaraleg skylda hverjum verkfærum karlmanni að gegna kvaðningu í varalögreglu, nema hann geti fært ástæður, sem ráðherra metur gildar. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni kvaðningu til varalögreglustarfs. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 100 til 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Varalögreglumenn fá þóknun fyrir æfingar og kvaðningar.

8. gr.

Lögreglumenn ríkisins, hvort sem er í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru sýslunarmenn ríkisins. Þeir eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, er þeir verða fyrir vegna starfsins.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði óhjákvæmilegan kostnað samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 780. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

Frá Einari Árnasyni.

Við 1. gr.

a. Fyrir „spunavélum“ komi: tóvinnuvélum.
b. Fyrir „300“ komi: 500.

Nd. 781. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Eftir því, sem fé sjóðsins hrekkur til, skal því varið til að styrkja bændur með ákveðnu framlagi, miðað við kaupverð, til að eignast meiri háttar verkfæri til jarðræktar og heimilisnota, svo sem hér segir:

a. Helmingsframlag veitist til kaupa á hestaverkfærum til jarðvinnslu.
b. Þriðjungsframlag veitist til kaupa á heyvinnuvélum og tóvinnuvélum.

Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 500 krónur.

Sá, er styrks beiðist, sendir umsókn sína, stílaða til Búnaðarfélags Íslands, stjórn búnaðarfélags þess, sem hann er í, og sér hún þá um útvegun verkfæranna og greiðslu andvirðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 782. Frumvarp

til laga um innlánsvöxtu.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Bankar, sparisjóðir eða aðrar stofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðsstarfsemi eða til að taka á móti innlánsfé til ávöxtunar, mega ekki greiða hærri vöxtu af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er að ræða fé í venjulegum viðskiptabókum stofnunarinnar, á innlánsskírteinum, hlaupareikningi eða til ávöxtunar á annan sérstakan hátt.

2. gr.

Nú hefir peningastofnun tekið við fé til ávöxtunar á innlánsskírteini eða á annan hátt með sérstökum samningi, áður en lög þessi öðlast gildi, með hærri vöxtum en lög þessi leyfa, og skulu þeir þá standa óhaggaðir til næsta gjalddaga, þó eigi lengur en sex mánuði frá því að lög þessi öðluðust gildi.

3. gr.

Lög þessi ná ekki til Söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100—5000 kr. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933 og gilda til ársloka 1934.

Ed. 783. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32 frá 1930, um menntaskóla á Akureyri.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

4. töluliður í 10. gr. laganna fellur burt. Liðatala greinarinnar breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta skv. ósk kennslumálaráðherra, og fylgdu því svolátandi athugasemdir:

„Kennarafundur í Menntaskólanum á Akureyri hefir í einu hljóði samþykkt tillögu um, að breytt verði lögum nr. 32 frá 1930 þannig, að afnumið verði þýzkupróf til inngöngu í lærdómsdeildina, án þess þó að kennsla í þýzku í deildinni verði nokkuð minnkuð frá því, sem nú er í skólanum.

Ástæður til þessarar breytingartillögu eru tvær, sem sé að fátækum sveitapiltum og afdala- og útkjálkasveinum getur reynzt nær ókleift að afla sér þýzkukennslu, nema með ærnum kostnaði, og að á byrjunarkennslu í þýzku utanskóla eru einatt nokkrir annmarkar, t. d. ef nemendur venjast á skakkan framburð, sem síðar er örðugt að leiðrétta.

Ráðuneytið telur rétt að breyta þessu, og fræðslumálastjóri og rektor menntaskólans í Reykjavík hafa báðir mælt með því“.

Ed. 784. Frumvarp

til laga um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Árin 1933—1937, að báðum meðtöldum, greiðir ríkissjóður sýslumönnum og bæjarfógetum árlega skrifstofufé, þar með talin borgun fyrir söfnun innflutningsskýrslna, eins og hér segir:

1.	Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði	kr.	11500,00
2.	– Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	—	4100,00
3.	– Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	—	4100,00
4.	– Dalasýslu	—	1100,00
5.	– Barðastrandarsýslu	—	4800,00
6.	– Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	—	13000,00
7.	– Strandasýslu	—	2500,00
8.	– Húnavatnssýslu	—	4100,00
9.	– Skagafjarðarsýslu	—	4100,00
10.	– Siglufjarðarkaupstað	—	7500,00
11.	– Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað	—	12000,00
12.	– Þingeyjarsýslu	—	4800,00
13.	– Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað	—	7500,00
14.	– Neskaupstað	—	2500,00
15.	– Suður-Múlasýslu	—	7000,00
16.	– Skaftafellssýslu	—	3000,00
17.	– Vestmannaeyjakaupstað	—	10200,00
18.	– Rangárvallasýslu	—	2000,00
19.	– Árnessýslu	—	5800,00
20.	Ennfremur greiðist lögreglustjóranum á Akranesi upp í skrifstofukostnað	—	500,00
		Kr.	112100,00

2. gr.

Nú hækkar gengi gjaldeyris eða lækkar, miðað við það sem það var gagnvart gulli hinn 1. janúar 1933, og lækkar þá skrifstofuféð eða hækkar sem því svarar, þó þannig, að minni breyting en 10% er ekki tekin til greina og ekki fyrr en um næstu áramót á eftir.

3. gr.

Skrifstofuféð greiðist með $^1/_{12}$ mánaðarlega fyrirfram.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt er úr lögum numin 5. málsgr. 11. gr. laga nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Nd. 785. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 55 1928 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrabjargs skulu veiðar með dragnótum leyfðar í landhelgi frá 15. júní til 30. nóvember ár hvert.

2. gr.

Ákvæði 8. gr. laganna falla niður að því er snertir það svæði, er um ræðir í síðari málsgr. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 786. Frumvarp

til laga um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þegar samið er um vexti af skuld, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera 5 af hundraði á ári.

2. gr.

Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða handveði, skal vera frjálst að taka af henni í ársvexti allt að 6 af hundraði.

3. gr.

Af öðrum skuldum en þeim, er í 2. gr. getur, skal vera frjálst að taka í ársvexti allt að 8 af hundraði.

4. gr.

Nú er áskilið annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar en vextir af henni, og má það aldrei vera hærra en svo, að endurgjaldið alls svari til þeirrar vaxtahæðar af höfuðstól skuldarinnar, er getur um í 2. og 3. gr.

5. gr.

Þegar skuldari greiðir eigi skuld sína á réttum tíma, er hann skyldur til frá eindaga skuldarinnar unz hann greiðir hana að greiða skuldareiganda í dráttarvexti af henni einum meira af hundraði en heimilað er í 1. gr. eða um hefir verið samið milli aðilja, þó svo, að dráttarvextir fari aldrei meira en 1% fram úr vaxtahæð þeirri, sem getur um í 2. og 3. gr.

6. gr.

Ef samið er um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar, eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er samkv. lögum þessum, eru þeir samningar ógildir, og hafi slíkt verið greitt, ber skuldareiganda að endurgreiða skuldara þá fjárhæð, sem hann hefir þannig ranglega af honum haft.

Sá, sem áskilur sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar, eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er samkv. lögum þessum, svo og sá, sem er milligöngumaður við slíka samninga, skal sæta sektum, er eigi séu lægri en fjórfaldur og eigi hærri en tuttugu og fimmfaldur ágóði sá, er ólöglega var áskilinn eða tekinn. Nú verður eigi sannað, hve mikill sá ágóði var, og skal þá ákveða sektina eftir málavöxtum.

7. gr.

Hafi nokkur maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða léttúð eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig, að bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, er fyrir þá kom eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, skal gerningur sá, er þannig er til kominn, ógildur gagnvart þeim aðila, er á var hallað með honum.

Sama gildir, þótt annar maður en sá, sem gerningurinn var gerður við, eigi sök á misferli því, sem getið er í 1. málsgr. þessarar greinar, enda sé þeim, er haginn átti að hafa af gerningnum, það kunnugt eða megi vera það kunnugt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og frá sama tíma er úr gildi numin tilskipun frá 27. maí 1859, um leiguburð af peningum, og lög frá 7. febr. 1890, um vexti. Önnur lagaákvæði um vexti og dráttarvexti, svo og 232. gr. siglingalaga, nr. 56 30. nóv. 1914, skulu halda gildi sínu.

Ed. 787. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. Við B. Inn komi: Egg.
2. Við C.
   a. Í stað orðanna „Hurðir .... smíði til húsa“ komi: Hurðir, karmar, gluggar og listar til húsa.
   b. Inn komi: Olíufatnaður úr öðru en silki.
   c. Niður falli:
      1. Egg.
      2. Orðin „skinn og“.

Nd. 788. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á búfjársjúkdómum.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að nú þegar verði hafin rannsókn á og leitað ráða við lungna- og garnaormaveiki í sauðfé og hinni svonefndu Hvanneyrarveiki, og að þeirri rannsókn verði hraðað svo sem frekast er unnt.

Kostnaður af rannsókninni greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Við 2. umr. um frv. til laga um fjölgun dýralækna var felld rökstudd dagskrá, er ég flutti í því máli og fól meðal annars í sér áskorun til ríkisstjórnarinnar um, að hún stuðlaði að því, að nú þegar yrði hafin rannsókn á þeim búfjársjúkdómum, sem landbúnaðinum stafar mest hætta af, og að einskis yrði látið ófreistað til að finna ráð, er afstýrt gætu þessum voða. Þeir búfjársjúkdómar, sem þar var átt við, eru einkum þeir, sem í tillögunni eru nefndir. Landbúnaðurinn verður nú fyrir svo þungum búsifjum af þessum kvillum, að eigi má láta undir höfuð leggjast, að gert verði það, sem unnt er, til að fá úr þessu bætt.

Nd. 789. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Við 1. gr.

I. Fyrir „48“ komi: 49.

II. Stafliður b. orðist svo:

6 í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.

III. Stafliður c. hljóðar svo:

Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefir í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal a. m. k. annaðhvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

Nd. 790. Þingsályktun

um fóðurrannsóknir.

(Afgreidd frá Nd. 24. maí).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning til framkvæmda vísindalegum rannsóknum á því, hvaða fóðurefni sé heppilegast að nota til gripa- og alifuglaræktar hér á landi. Skal stjórninni heimilt að verja allt að 10000 kr. úr ríkissjóði til nauðsynlegra útgjalda vegna þessa undirbúnings.

Nd. 791. Lög

um breyting á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

(Afgreidd frá Nd. 24. maí).

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr ríkissjóði, er nemi kr. 1,50 fyrir hvern gjaldskyldan mann.

2. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 3 kr. á ári, en kvenmaður 1 kr. 50 au.

3. gr.

12. gr. laganna skal orða svo:

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta öllu því gjaldi, er gjaldskyldum mönnum ber að greiða það ár í kaupstaðnum eða hreppnum, ennfremur ⅔ af þeim styrk, sem lagður er til styrktarsjóðsins úr ríkissjóði á árinu, og hálfum vöxtum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan. Ennfremur er bæjarstjórnum og hreppsnefndum heimilt að bæta við árlegt úthlutunarfé allt að jafnmikilli upphæð úr bæjar- eða sveitarsjóði og til úthlutunar kemur af framlagi ríkissjóðs.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 26. okt. 1917, um breyting á lögum nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 792. Frumvarp

til laga um Kreppulánasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. júlí 1933 til 31. des. 1942 leggur ríkissjóður fram allt að 2,5 millj. kr. til sérstakrar lánsstofnunar, er nefnist *Kreppulánasjóður*. Skulu árlegar vaxtagreiðslur Búnaðarbanka Íslands, þar með taldar vaxtagreiðslur Ræktunarsjóðs og veðdeildar bankans, ganga upp í ofannefnt framlag ríkissjóðs, sem er vaxtalaust stofnfé Kreppulánasjóðs.

2. gr.

Til viðbótar ofangreindu stofnfé skal útvega Kreppulánasjóði starfsfé með útgáfu handhafaskuldabréfa. Skulu þau gefin út af stjórn sjóðsins, og má fjárhæð þeirra nema allt að 9 millj. kr. Trygging fyrir skuldabréfunum skal vera:

1. Stofnfé sjóðsins.
2. Skuldabréf þau, er sjóðurinn fær frá lántakendum.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Vextir af bréfunum skulu vera 4,5% á ári. Þau skulu gefin út í einum flokki, og skal innleysa eigi minna en 1/40 hluta þeirra á ári hverju, í fyrsta sinn 1935. Fjármálaráðherra gefur fyrirmæli um sjóðinn, og skal þar nánar

kveðið á um gerð bréfanna, fjárhæð þeirra, greiðslu vaxta, innlausn þeirra og annað, er þurfa þykir.

Færi svo, að reiðufé Kreppulánasjóðs reyndist eigi nægjanlegt til að greiða skuldbindingar hans, skal ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar, og skulu þá þau framlög síðar endurgeiðast af eignum sjóðsins, ef þær hrökkva til.

3. gr.

Skuldabréf Kreppulánasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum eldri en frá 1. jan. 1933, að svo miklu leyti sem þær eru ekki tryggðar með fasteignaveði eða handveði, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Sama gildir um greiðslu á víxlum, sem gefnir hafa verið út eftir 1. jan. 1933, ef skuldin upphaflega hefir verið stofnuð fyrir þann tíma.

4. gr.

Fé sjóðsins skal varið til lánveitinga handa bændum og öðrum, er reka landbúnað sem aðalatvinnuveg, með þeim nánari skilyrðum, er í lögum þessum greinir. Ennfremur er heimilt að lána fé úr sjóðnum ábúendum smábýla við kaupstaði og kauptún, enda sé um stærð býlis fullnægt ákvæðum 57. gr. laga nr. 31 1929.

Lán og greiðslur úr sjóðnum fara fram sumpart í reiðufé, sumpart í skuldabréfum Kreppulánasjóðs, eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

5. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum eru þessi:

1. Að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg.
2. Að hann hafi þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum.
3. Að skuldir hans í hlutfalli við eignir séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum ókleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli. Við mat á því skal tekið sérstakt tillit til, hvort eignirnar eru arðberandi eða óarðbærar (t. d. hús á jörðu).
4. Að umsækjandi að dómi sjóðsstjórnarinnar sé vel hæfur til að reka landbúnað.
5. Að hann geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda, enda séu lán þessi ásamt skuldum þeim, sem samið er um samkvæmt 12. gr., forgangsskuldir næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum.
6. Að hann geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefir fengið stuðning samkvæmt lögum þessum, samhliða heilbrigðum búrekstri.

6. gr.

Til aðstoðar sjóðsstjórninni um að afla gagna til ákvarðana um lánveitingar skal skipa þriggja manna nefnd í hverri sýslu. Skal einn skipaður af sjóðsstjórninni, annar af hlutaðeigandi sýslunefnd, en atvinnumálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Sýslunefnd ákveður, hver skuli vera þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra. Skal greiða til hvers 5 kr. á dag upp í dagkaup og ferðakostnað úr Kreppulánasjóði, en sýslusjóður skal greiða þann kostnað, er verður fram yfir það.

7. gr.

Umsóknir um lán úr Kreppulánasjóði, stílaðar til sjóðsstjórnarinnar, skulu sendar hlutaðeigandi héraðsnefnd, sem afgreiðir þær þegar til sjóðsstjórnarinnar með rökstuddri umsögn um, hvort hún telji, að umsækjendur geti komið til greina um lánveiting. Ennfremur skal héraðsnefnd útvega og senda sjóðsstjórninni eftirfarandi gögn svo fljótt sem verða má:

1. Sundurliðaða skrá um eignir lánbeiðanda og mat héraðsnefndar á þeim, byggt á síðasta skattaframtali. Sé þar nákvæmlega fram tekið, hverjar fasteignir hans eru, hve mikið hann á af hverri tegund búpenings, vélar og verkfæri, kröfur á aðra og annað, sem máli skiptir.
2. Sundurliðaða skrá yfir lánardrottna lánbeiðanda, og skal þar greina skuldarupphæð, hvort skuld er tryggð með veði eða ábyrgð, og hver tryggingin er, gjalddaga, afborgunarskilmála, greiðslukjör o. fl.
3. Sundurliðaða skrá yfir ábyrgðir lánbeiðanda, og skal þar greina, hverjar aðrar tryggingar eru fyrir ábyrgðarskuldunum, og þess getið, hverjar líkur eru fyrir, að ábyrgðirnar falli á lánbeiðanda.
4. Vottorð hreppstjóra um, hve lengi lánbeiðandi hefir rekið búskap, og hvar.
5. Drengskaparyfirlýsing lánbeiðanda um, að allar upplýsingar séu gefnar eftir beztu vitund.
6. Rökstutt álit héraðsnefndar um aðstöðu lánbeiðanda til búrekstrar, þar á meðal fjölskyldustærð og framfæringatölu, fólksafla og afkomumöguleika.
7. Upplýsingar um aðstöðu til markaðs fyrir búsafurðir hans og um hlunnindi.
8. Álit héraðsnefndar um það, undir hve háum greiðslum vaxta og afborgana lánbeiðanda sé unnt að standa, samhliða lífvænlegum búrekstri.
9. Aðrar upplýsingar, sem sjóðsstjórnin kann að óska eftir.

8. gr.

Þegar eftir að sjóðsstjórnin hefir fengið tillögur héraðsnefndar tekur hún ákvörðun um það, hvort lánbeiðandi geti komið til greina við lánveiting. Skal hún þá láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á lánbeiðanda, þar með taldar ábyrgðir um að lýsa kröfum sínum fyrir stjórn sjóðsins, með sex vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem eigi hefir lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar meðan á samningaumleitunum stendur færir líkur fyrir, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er sjóðsstjórninni þó heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests. Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem taldar eru fram samkvæmt 6. gr. 2. lið, skal sjóðsstjórnin sannprófa, hvort framtalið er rétt.

9. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal sjóðsstjórnin svo fljótt sem því verður við komið taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita lánbeiðanda lán úr Kreppulánasjóði. Telji hún, að umsækjandi geti eigi komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti.

10. gr.

Nú telur stjórn Kreppulánasjóðs, að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem lög þessi setja fyrir lánveitingum úr sjóðnum, og skal hún þá svo fljótt sem auðið er semja frumvarp til skuldaskila fyrir hann, ef hún telur að hann þurfi að fá eftirgjöf á skuldum. Í frumvarpi skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningnum er eigi ætlað að ná til, og getið trygginga fyrir þeim, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta skuldunaut er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

11. gr.

Þegar eftir að samningsfrumvarp það, sem í 9. gr. getur, er fullsamið, skal sjóðsstjórnin með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum þeim lánardrottnum, er kröfu hafa lýst í búið, og boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara. Samtímis skal skuldunaut sjálfum tilkynnt efni samningsins, og skal hann innan fimm daga frá því tilkynning barst honum í hendur segja til um, hvort hann treystist til að ganga að honum. Sé svar neitandi, skal fundarboð afturkallað í tæka tíð. Þangað til fundurinn er haldinn skal frumvarp eða staðfest afrit af því liggja skuldheimtumönnum til sýnis í skrifstofu sjóðsins.

12. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er í 10. grein getur, skal sjóðsstjórnin leggja fram samningsfrumvarp, svo og nákvæman efnahagsreikning skuldunauts, staðfestan af stjórn sjóðsins. Skuldheimtumenn eiga heimting á að fá sérhverjar upplýsingar um hag skuldunauts, er sjóðsstjórnin getur í té látið. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar, hefir sjóðsstjórnin heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hún telur þær verulega máli skipta. Að öðrum kosti ber stjórnin frumvarpið undir atkvæði skuldheimtumanna þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

13. gr.

Hljóti frv. atkvæði svo margra skuldheimtumanna, að þeir hafi ráð yfir meira en helmingi þeirra krafna, er samningnum er ætlað að ná til, hefir sjóðsstjórnin heimild til að staðfesta það, og er það þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði móti því, eða eigi mætt á fundi. Leysir það þá skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

14. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur skal sjóðsstjórnin ganga frá lánsskjölum og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningurinn kveður á um.

15. gr.

Samningur haggar eigi heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á skuldunaut.

16. gr.

Samningurinn hefir engin áhrif á þær kröfur, er hér greinir:

1. Skuldir tryggðar með fasteignaveði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati því, sem lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins, enda óski veðhafi ekki eftir kaupum á hinni veðsettu eign fyrir að minnsta kosti 15% hærra verð en matsverð.
2. Skuldir tryggðar með handveði. Gildir að öllu hið sama um þær og hinar, sem taldar voru undir 1. lið.
3. Forgangskröfur samkv. 8. kap. skiptalaganna, að svo miklu leyti sem eigur skuldunauts teljast hrökkva fyrir þeim.
4. Skuldir tryggðar með lausafjárveði, stofnaðar fyrir 1. jan. 1933, að svo miklu leyti sem veðið hrekkur fyrir þeim. Komi það hinsvegar í ljós, að skuldin sé hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati því á eigum skuldunauts, sem lagt er til grundvallar við samningsgerðina, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins.

17. gr.

Frá því að skuldunautur hefir sent lánbeiðni til sjóðsstjórnarinnar og þangað til samningaumleitunum endanlega er lokið, má skuldunautur eigi greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi, nema um veðkröfur eða ótvíræðar forgangskröfur sé að ræða. Hann má ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Komi í ljós eftir að samningur hefir verið staðfestur, að skuldunautur hefir brotið ákvæði greinar þessarar, er sjóðsstjórninni heimilt að ógilda samninginn og endurheimta lánið án fyrirvara, ef útborgað hefir verið. Það fé, er skuldheimtumenn þegar hafa tekið á móti, verður eigi endurheimt.

18. gr.

Frá því að skuldainnköllun er útgefin og þangað til samningaumleitunum er lokið, má enginn af skuldheimtumönnum gera aðför hjá skuldunaut, né heldur verður bú hans tekið til gjaldþrotaskipta á sama tíma. Nú takast eigi samningar og bú skuldunauts er tekið til gjaldþrotaskipta áður en sex mánuðir eru liðnir frá því samningaumleitunum lauk og við skiptin kemur það í ljós, að

skuldunautur hefir brotið gegn ákvæðum 16. gr., og má þá með málsókn rifta þeim samningum eða greiðslum, er ólöglega hafa fram farið, samkv. reglum gjaldþrotaskiptalaga, enda sé málsókn hafin innan sex vikna frá því búskipti byrja. Tímabilið frá því að skuldainnköllun er útgefin og þangað til samningsumleitunum er lokið telst ekki með fyrningartíma skuldar, víxilréttar né neinna réttargerða.

19. gr.

Lánum úr Kreppulánasjóði skal varið einungis til greiðslu á skuldum lántakanda, og verða þau veitt gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar. Vextir af lánunum skulu vera 4 af hundraði á ári. Lánstíminn skal fara eftir ákvörðun sjóðsstjórnar, þó aldrei lengri en 42 ár. Afborgunarskilmálum skal eftir því sem unnt er haga svo, að Kreppulánasjóður geti staðið straum af innlausn skuldabréfa sinna samkvæmt 2. gr.

Þó skal það áskilið, að ef efnahagur lántakanda breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma, að dómi sjóðsstjórnar, þá geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu.

Ennfremur skal það áskilið, að ef lántakandi breytir um atvinnuveg, þá sé sjóðsstjórninni heimilt að segja láninu upp.

Gjalddagi skal vera 15. nóv. ár hvert. Ef ekki eru gerð skil á árgjaldi fyrir 31. des. næst á eftir gjalddaga, er lánið allt fallið í gjalddaga, og ber stjórn sjóðsins þá að gera nauðsynlegar ráðstafanir til innheimtu þess.

20. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs fram til 31. desember 1934 skipa þrír menn, aðalbankastjóri Búnaðarbankans og tveir menn, er atvinnumálaráðherra skipar eftir tilnefningu landbúnaðarnefnda Alþingis. En eftir þann tíma skal stjórn Búnaðarbankans falin stjórn sjóðsins án endurgjalds.

Búnaðarbankinn hefir á hendi afgreiðslu sjóðsins og reikningshald. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbankans, úrskurðaðir af atvinnumálaráðherra og birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

21. gr.

Stjórn Kreppulánasjóðs er heimilt að taka lán til þess að flýta fyrir starfsemi sjóðsins, en þó aldrei meira en svo, að öruggt sé, að lánin verði endurgreidd með því fé, er til sjóðsins á að falla samkv. 1. gr.

22. gr.

Lánveitingum úr Kreppulánasjóði skal vera lokið fyrir 31. desember 1935.

23. gr.

Auk þeirra lána, er ræðir um hér að framan, er stjórn Kreppulánasjóðs, með samþykki ráðherra, heimilt að veita bændum lán til greiðslu á umsömdum afborgunum og vöxtum fasteignaveðslána í opinberum lánsstofnunum, eftir því sem nánar kann að verða ákveðið í sérstökum lögum.

24. gr.

Í reglugerð fyrir Kreppulánasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins, starfrækslu og dráttarvexti, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði í lögunum.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 793. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 49 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 32 í einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru. Kosning þeirra er óhlutbundin. Skipta má tvímenningskjördæmum með lögum.

Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

b. 6 í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.

c. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefir í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annaðhvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

4. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjárráður.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., skal orða þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

6. gr.

Síðari málsgrein 38. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 37. gr., skal orða þannig:

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar við 3 umræður.

7. gr.

40. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 39. gr., skal orða þannig:

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

8. gr.

2. og 3. töluliður ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli niður, en í stað þeirra komi nýr 2. töluliður, svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Ed. 794. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum gufuskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað þetta frumvarp og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. maí 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Jakob Möller, fundaskr., frsm.	Magnús Torfason.

Nd. 795. Breytingartillaga

við frumv. til l. um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

Frá Steingr. Steinþórssyni og Pétri Ottesen.

Við 1. gr. Í stað „500 krónur“ komi: 300 krónur.

Ed. 796. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðaverðtoll.

Frá Jóni Þorlákssyni og Jóni Baldvinssyni.

Við 1. gr. C.

1. Orðið „jarðepli“ falli burt.
2. Orðið „smjörlíki“ falli burt.

Ed. 797. Frumvarp

til laga um bráðabirgðaverðtoll.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Innkaupsreikninga yfir eftirtaldar vörur, sem fluttar eru hingað til lands og ekki eru af innlendum uppruna (endursendar ísl. afurðir) né teljast til farangurs ferðamanna, skal hlutaðeigandi lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, stimpla á þann hátt, sem segir í 1. gr. laga nr. 5 3. apríl 1928, með þeim hundraðshlutum — þar í talinn verðtollur, er á vörunni hvílir samkvæmt lögum nr. 47 1926 og nr. 5 1928 — af innkaupsverði þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands, sem hér greinir:

A. Með 50% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:

Andlitsduft, andlitssmyrsl, ilmsmyrsl og aðrar kosmetiskar vörur. Flugeldar og efni í þá. Jólatré. Leikföng, handhnettir og jólatrésskraut. Lifandi blóm. Loðskinn. Loðskinnavörur. Málverk. Myndir og myndabækur. Skrautfjaðrir. Skrautgripir og myndir úr marmara, gipsi, steini o. fl. Spil. Vörur úr gulli. Vörur úr pletti. Vörur úr silfri. Þurrkaðar plöntur, blóm og blómsveigar.

B. Með 30% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:

Aldinhlaup og aldinmauk. Ávextir niðursoðnir. Bjúgu (pylsur). Eggjaduft. Gólfteppi hverskonar. Grammofónar og tilheyrandi. Grammofóns-

plötur. Húsgögn tilbúin. Kex og kökur. Lakkris. Legsteinar. Mótorhjól. Myndavélar og hlutar úr þeim. Rammar og rammalistar.

C. Með 15% stimplast reikningar yfir eftirtaldar vörur:

Blaut sápa (græn- og kristals). Blikkkassar. Burstar og sópar. Egg. Handvagnar, hestvagnar. Hart brauð (skipsbrauð og skonrok). Hljóðfæri allskonar. Hurðir, gluggar og karmar og annað smíði til húsa. Hvalafurðir. Jarðepli. Kreólín. Kringlur og tvíbökur. Myndamót. Niðursoðin mjólk. Olíufatnaður úr öðru en silki. Reikni- og talningarvélar. Róðrarbátar og prammar. Skófatnaður úr skinni og flóka. Skrif- og aðrar skrifstofuvélar. Smjörlíki. Strigaskór með leðursólum. Svínafeiti. Tilbúin prjónavara úr ull. Ullarband og hverskonar prjónaband. Vagnáburður. Þvottaefni.

Verði ágreiningur um flokkunina, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 5 1928 um sýning innkaupsreikninga og ákvæði 2. gr. sömu laga og gildandi reglugerð um verðtoll gilda einnig um gjald og innheimtu samkvæmt 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um þetta gjald, og má þá þar ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar.

3. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi allar þær undanþágur frá verðtolli, sem veittar hafa verið að undanförnu, nema fyrir hráefni eða efnivörur, vélar og áhöld, sem eingöngu er notað til innlendrar framleiðslu.

4. gr.

Ef óeðlilega lágt eða grunsamlegt verð er gefið upp á innfluttri verðtollskyldri vöru, er tollheimtumanni rétt að ákveða sanngjarnt verð á þeirri vöru til verðtollsákvörðunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1934.

Ed. 798. Nefndarálit

um frv. til laga um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin fellst á frv. í aðalatriðum.

Þar sem vaxtaívilnunin af fasteignalánunum getur ekki farið fram á annan veg en þann, að ríkissjóður leggi fram fé til þess beint eða óbeint, virðist fullt svo eðlilegt, að fé sé greitt beint úr ríkissjóði.

Sömuleiðis virðist hentugast, að ríkissjóður taki beint á sig hluta af lánum frystihúsa, í stað þess að blanda Kreppulánasjóðnum inn í það.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Heimilt er og sjóðsstjórninni að verja úr Kreppulánasjóði allt að 1
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er ríkisstjórninni að láta ríkissjóð taka að sér greiðslu á lánum þeim úr viðlagasjóði og Búnaðarbankanum, er hvíla á frystihúsum, er frysta kjöt til útflutnings og eru eign samvinnufélaga eða sýslufélaga, allt að ¼ stofnkostnaðar.

Alþingi, 24. maí 1933.

Páll Hermannsson,	Pétur Magnússon,	Jón Jónsson,
form.	fundaskr.	frsm.

Nd. 799. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. Orðin „síðari málsgrein“ falli burt.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1934.

Ed. 800. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um Kreppulánasjóð.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Við 4. gr. Á eftir fyrri málsgr. kemur ný málsgr., er hljóðar svo:
   Heimilt er og sjóðstjórninni að verja úr Kreppulánasjóði allt að 1 milljón króna sem óafturkræft framlag til þeirra stofnana, er þurfa að gefa svo mikið eftir af skuldum samkvæmt lögum þessum, að þær geta ekki framvegis starfað á heilbrigðum grundvelli.
2. Við 20. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Stjórn Kreppulánasjóðs skipa 5 menn, einn tilnefndur af Búnaðarbanka Íslands, einn af Landsbanka Íslands, einn af Sambandi ísl. samvinnufélaga og tveir menn, er atvinnumálaráðherra skipar eftir tilnefningu landbúnaðarnefnda Alþingis á sameiginlegum fundi þeirra. Atvinnumálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Ed. **801. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 26. maí 1933.

Magnús Torfason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr., frsm.	Pétur Magnússon, með fyrirvara.

Nd. **802. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lögreglustjóra í Bolungavík.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Undirritaðir geta eftir atvikum fallizt á þau rök, sem í greinargerð frumv. eru fram færð, og leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. maí 1933.

Guðbr. Ísberg, fundaskr., frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. **803. Breytingartillaga**

við frv. til laga um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. gr. bætist: enda hafi gjaldeyrisbreytingin veruleg áhrif á verðlag þurftarvöru.

Sþ. **804. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 40 7. maí 1928 (Jarðræktarlög).

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Eftir því, sem fé sjóðsins hrekkur til, skal því varið til að styrkja bændur með

ákveðnu framlagi, miðað við kaupverð, til að eignast meiri háttar verkfæri til jarðræktar og heimilisnota, svo sem hér segir:

a. Helmingsframlag veitist til kaupa á hestaverkfærum til jarðvinnslu.
b. Þriðjungsframlag veitist til kaupa á heyvinnuvélum og tóvinnuvélum.

Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 300 krónur.

Sá, er styrks beiðist, sendir umsókn sína, stílaða til Búnaðarfélags Íslands, stjórn búnaðarfélags þess, sem hann er í, og sér hún þá um útvegun verkfæranna og greiðslu andvirðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 805. Þingsályktun

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að taka lán til brúargerðar á Múlakvísl.

(Afgreidd frá Ed. 26. maí).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að taka allt að 120 þús. króna lán til brúargerðar á Múlakvísl í Skaftafellssýslu og til nauðsynlegra vegagerða í sambandi við þetta mannvirki.

Ed. 806. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá Jóni Þorlákssyni.

Við 1. gr. Fyrir „80%“ komi: 50%.

Nd. 807. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að ákveða með reglugerð, hversu mikið af frystu og kældu kjöti megi flytja til Bretlands og ákveða, hvernig útflutningi skuli hagað.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til, ef þörf krefur, að ákveða hámarksútflutning af fiski til Bretlands og ákveða með reglugerð, hvernig útflutningi skuli hagað.

3. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að hafa eftirlit með innflutningi á kolum og, ef þörf krefur, að banna um stundarsakir innflutning á kolum frá öðrum löndum en Bretlandi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda meðan viðskiptasamningur við Breta frá 17. maí 1933 stendur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun forsætisráðherra.

Samkvæmt nýgerðum samningi við brezku stjórnina getur ekki orðið um alfrjálsan útflutning á kældu og frystu kjöti að ræða, og líkur til, að um sama geti orðið að ræða um fisk.

Ennfremur er í samkomulagi við brezku stjórnina ákveðið, að viss hundraðshluti (77%) af kolum þeim, sem flutt eru til Íslands, skuli vera frá Bretlandi, og getur því komið til, að stjórnin þurfi að banna um stuttan tíma innflutning frá öðrum löndum, ef lítur út fyrir, að meira verði flutt inn af kolum þaðan en heppilegt er.

Nd. 808. Frumvarp

til laga um sérákvæði um verðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Af eftirtöldum vörum skal greiða 10% verðtoll:

Silkivefnaði úr gervisilki, sokkum úr gervisilki, kjólaefni kvenna úr baðmull, tvisttaui og rifti úr baðmull, fóðurvefnaði o. fl. úr baðmull, gluggatjaldaefni úr baðmull og lérefti úr hör og hampi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda meðan viðskiptasamningur við Breta frá 17. maí 1933 stendur.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk forsætisráðherra. Allar þær vörur, sem taldar eru í 1. gr. frumvarps þessa, eiga að stimplast með 15% af verði samkvæmt nú-

gildandi verðtollslögum. Samkvæmt nýgerðum samningi við brezku stjórnina hefir íslenzka stjórnin skuldbundið sig til þess, að verðtollur af vörum þeim, sem taldar eru í frumvarpinu, sé eigi hærri en 10%. Auk þessa eru skilyrði fyrir samningnum þau, að þungatollur á þessum vörum haldist óbreyttur, og ennfremur, að ekki verði hækkaður núgildandi tollur á vörum þeim, er hér eru taldar:

Karlmannafataefni úr ull, segldúkur, umbúðastrigi (hessian), gólfdúkar (linoleum), tómir pokar, sokkar, aðrir en úr silki eða gervisilki, nærföt, önnur en úr silki eða gervisilki, línfatnaður, regnkápur, enskar húfur, steinkol, galvanhúðaðar járnplötur og vírstrengir.

Ed. 809. Lög

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Afgreidd frá Ed. 26. maí).

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 1927 skal til ársloka 1934 innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 810. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 55 1928 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrabjargs skulu veiðar með dragnótum leyfðar í landhelgi frá 15. júní til 30. nóvember ár hvert.

2. gr.

Ákvæði 8. gr. laganna falla niður að því er snertir það svæði, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1934.

Ed. **811. Nefndarálit**

um frv. til laga um veitingaskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „10%“ komi: 15%.
   b. Orðin „þess að reka“ í síðari málsgr. falli niður.
2. Við 3. gr. Upphaf síðasta málsliðs greinarinnar orðist svo:
   Ef hámarksákvæði eru sett o. s. frv.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „samkvæmt“ í upphafi gr. komi: eftir.
4. Við 6. gr.
   a. Fyrir orðin „gefin út“ komi: send.
   b. Síðasta málsgr. orðist þannig:
   Veitingaskattur hefir sömu lögvernd sem aðrir skattar gagnvart öðrum kröfum.
5. Við 11. gr. Fyrri málsgr. orðist þannig:
   Ef bækur þær, sem halda á samkv. 6. gr., ásamt þar greindum reikningum, eru ekki færðar eða þær eru rangt færðar, eða ef hinar mánaðarlegu tilkynningar eru rangar eða ekki sendar skattheimtumönnum, skal viðkomandi veitingamaður greiða sekt, sem er allt að tíföld sú skattupphæð, er tapazt hefir við vanrækslu hans, og auk þess greiða hinn vantalda veitingaskatt. Ef ekki er hægt að sjá, hve undandráttur skattsins hefir numið miklu, skal innheimtumaður áætla hann.
6. Við 12. gr. Í stað „500“ komi: 50.
7. Við 13. gr. Í stað „1%“ komi: 2% — og í stað „dag“ komi: mánuð.
8. Við 15. gr.
   a. Orðin „og sömuleiðis gegn þeim .... samkv. 6. gr.“ í fyrstu málsgr. falli niður.
   b. Önnur málsgr. orðist þannig:
   Greiðist sektir ekki, ber að innheimta þær með aðför að lögum.
9. Við 16. gr. Greinin orðist þannig:
   Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.
10. Við 17. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 25. maí 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr., frsm.

Nd. **812. Frumvarp**

til víxillaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 231, með þessum

BREYTINGUM:

38. gr. hljóðar svo:

Handhafi víxils, er greiðast á á tilteknum degi, tilteknum tíma eftir útgáfudag eða eftir sýningu, skal sýna víxilinn til greiðslu annaðhvort á þeim degi, er hann skyldi greiddur, eða á öðrumhvorum tveggja hinna næstu virkra daga þar á eftir.

Afhending víxils til greiðslujöfnunarstöðvar (clearing-house) jafngildir sýningu hans til greiðslu.

41. gr. hljóðar svo:

Hljóði víxill um greiðslu í mynt, sem eigi er gjaldgeng á greiðslustaðnum, má greiða víxilfjárhæðina í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, eftir gengi hennar á gjalddaga. Greiði víxilskuldari eigi á réttum tíma, getur víxilhafi krafizt þess, að víxilfjárhæðin sé greidd í mynt, gjaldgengri á greiðslustaðnum, hvort sem hann heldur vill eftir gengi hennar á gjalddaga eða á greiðsludegi.

Þegar reikna á gildi erlendrar myntar, skal farið eftir því, sem verzlunartízka er á greiðslustaðnum, enda hafi útgefandi eigi kveðið svo á, að víxilfjárhæðina skuli greiða eftir gengi, sem ákveðið er í víxlinum sjálfum.

Ákvæði þessi gilda eigi, er útgefandi hefir mælt svo fyrir, að greitt skuli í vissri ákveðinni mynt (fyrirvari um virka greiðslu í erlendri mynt).

Sé víxilfjárhæð greind í myntartegund, er hefir sama nafn en mismunandi gildi í landi því, þar sem víxillinn er gefinn út, og landi því, þar sem hann á að greiðast, skal líta svo á, að átt sé við mynt greiðslustaðarins.

67. gr. hljóðar svo:

Hverjum handhafa víxils er rétt að taka eftirrit af honum.

Eftirrit víxils skal nákvæmlega fylgja frumvíxlinum, og skal það hafa að geyma eftirrit af framsölum og öðrum áritunum, sem á frumvíxlinum eru. Þess skal getið í eftirritinu, hve langt eftirritunin nær.

Framselja má víxileftirrit, svo og rita á það ábyrgðarskuldbindingu, með sama hætti og sömu áhrifum sem um frumvíxil væri að ræða.

71. gr. hljóðar svo:

Fyrningu víxils er slitið, er stefna er birt í víxilmáli, krafa gerð í máli um notkun víxilkröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar, víxilkröfunni lýst í bú skuldunauts, er tekið hefir verið til opinberra skipta, eða kröfunni lýst fyrir

skiptarétti, er skuldunautur leitar nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi sínu. Fyrningu víxils er og slitið, ef sá, sem sóttur er um víxilkröfu, tilkynnir lögsóknina (litis denuntiatio) einhverjum, sem er fyrir framan hann á víxlinum. Sá, er slíka tilkynningu fær, getur slitið fyrningu þá, er ræðir um í 1. málsgr. 70. gr., með því að tilkynna samþykkjanda lögsóknina.

Fyrningu víxils er slitið með stefnu til erlends dómstóls, ef skuldunautur á heimili í því landi, eða hann ber fram varnir í málinu, en ber það þó eigi fyrir sig, að dómstóllinn sé eigi dómbær, eða stefnan er birt honum sjálfum. Tilkynning um lögsókn (litis denuntiatio) við erlendan dómstól slítur fyrningu með sama hætti og stefna. Sömuleiðis er fyrningu slitið, er víxilkrafa er notuð til skuldajafnaðar í máli, sem rekið er fyrir erlendum dómstóli, samkvæmt þeim lögum, er þar gilda.

Fyrningu er slitið með lýsingu víxilkröfu í bú skuldunauts, er tekið hefir verið erlendis til opinberra skipta, ef skuldunautur átti heima í því landi, er skiptameðferðin hófst.

Fyrningu er eigi slitið gegn öðrum víxilskuldurum en þeim, er einhverri af fyrrnefndum gerðum er beint að, en fyrningarslitin koma öllum þeim að notum, sem eru fyrir framan þann á víxlinum, er fyrningu sleit.

Nú hefir fyrningu verið slitið, en lögsóknin er eigi til lykta leidd, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er málið síðast var til meðferðar í rétti.

Nú verður gerð til slita fyrningar eigi komið fram vegna tálmana þeirra, sem ræðir um í 54. gr., og glatast þá víxilréttur eigi, ef fyrningu er slitið innan mánaðar frá því að tálmuninni lauk.

72. gr. hljóðar svo:

Nú ber gjalddaga víxils á löghelgan dag eða bankafrídag, og verður greiðslu þá eigi krafizt fyrr en næsta virkan dag á eftir. Allar aðrar gerðir, er varða víxilinn, svo sem sýning til samþykkis og afsagnargerð, má einnig aðeins framkvæma á virkum degi.

Nú á gerð fram að fara á tilteknum fresti, og er lokadagur frestsins löghelgur dagur, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Aðrir löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

Nú er kveðið á um frest í lögum þessum eða sérstökum ákvæðum, og telst þá dagur sá, er fresturinn er talinn frá, eigi með í frestinum.

Frestsdagar til greiðslu eftir gjalddaga gilda eigi um víxla.

78. gr. hljóðar svo:

Útgefandi eiginvíxils er skuldbundinn með sama hætti og samþykkjandi víxils á hendur öðrum manni.

Nú hljóðar eiginvíxill um greiðslu tilteknum tíma eftir sýningu, og skal þá sýna útgefanda hann, til áritunar um sýninguna, innan þess frests, sem getið er í 23. gr. Frestur frá sýningu telst þá frá þeim degi, er áritun útgefanda um sýningu er dagsett á víxlinum. Neiti útgefandi að rita á víxilinn um sýninguna eða að dagsetja áritunina, skal láta fara fram afsagnargerð um það (25. gr.), og telst fresturinn frá sýningu þá frá dagsetningu hennar.

Nd. **813. Frumvarp**

til laga um tékka.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 232, með þessum

BREYTINGUM:

29. gr. hljóðar svo:

Tékka, sem gefinn er út hér á landi og greiðast á innanlands, skal sýna til greiðslu innan 30 daga.

Tékka, sem gefinn er út í öðru landi í Evrópu, eða í landi, sem liggur að Miðjarðarhafinu, skal sýna til greiðslu innan 40 daga, og tékka, sem gefinn er út í annari heimsálfu, innan 70 daga.

Frestir þeir, sem að ofan greinir, skulu taldir frá útgáfudegi þeim, sem í tékkanum greinir.

53. gr. hljóðar svo:

Fyrningu tékka er slitið, er stefna er birt í tékkamáli, krafa gerð í máli um notkun tékkakröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar, tékkakröfunni lýst í bú skuldunauts, er tekið hefir verið til opinberra skipta, eða kröfunni lýst fyrir skiptarétti, er skuldunautur leitar nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi sínu. Fyrningu tékka er og slitið, ef sá, sem sóttur er um tékkakröfu, tilkynnir lögsóknina (litis denuntiatio) einhverjum, sem er fyrir framan hann á tékkanum.

Fyrningu tékka er slitið með stefnu til erlends dómstóls, ef skuldunautur á heimili í því landi, eða hann ber fram varnir í málinu, en ber það þó eigi fyrir sig, að dómstóllinn sé eigi dómbær, eða stefnan er birt honum sjálfum. Tilkynning um lögsókn (litis denuntiatio) við erlendan dómstól slítur fyrningu með sama hætti og stefna. Sömuleiðis er fyrningu slitið, er tékkakrafa er notuð til skuldajafnaðar í máli, sem rekið er fyrir erlendum dómstóli, samkvæmt þeim lögum, er þar gilda.

Fyrningu er slitið með lýsingu tékkakröfu í bú skuldunauts, er tekið hefir verið erlendis til opinberra skipta, ef skuldunautur átti heima í því landi, er skiptameðferðin hófst.

Fyrningu er eigi slitið gegn öðrum tékkaskuldurum en þeim, sem einhverri af fyrrnefndum gerðum er beint að, en fyrningarslitin koma öllum þeim að notum, sem eru fyrir framan þann á tékkanum, er fyrningu sleit.

Nú hefir fyrningu verið slitið, en lögsóknin er eigi til lykta leidd, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er málið síðast var til meðferðar í rétti.

Verði gerð til slita fyrningar eigi komið fram vegna tálmana þeirra, sem ræðir um í 48. gr., glatast tékkaréttur samt eigi, ef fyrningu er slitið innan mánaðar frá því, að tálmuninni lauk.

58. gr. hljóðar svo:

Hvort erlendur maður sé þess umkominn að ganga undir tékkaskyldur, skal meta eftir lögum þess lands, er hann er ríkisfastur í. Mæli þau lög svo fyrir, að lögum annars lands skuli beitt, skal eftir hinum síðastnefndu lögum farið.

Erlendur maður, sem eigi væri þess umkominn að gangast undir tékkaskyldur samkv. ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, er samt sem áður skuldbundinn hér á landi, ef hann hefir gengizt undir skylduna í einhverju því landi, þar sem hann að lögum þess lands hefði verið þess umkominn að skuldbinda sig.

Nd. 814. Lög

um útflutning saltaðrar síldar.

(Afgreidd frá Nd. 26. maí).

1. gr.

Sérhver tunna saltaðrar síldar, sem út er flutt, skal vera auðkennd þannig, að það sjáist, að síldin sé íslenzk og á hvern hátt hún er verkuð, ásamt einkennisstöfum eða firmanafni útflytjanda þess, er í hlut á. Nánari ákvæði um þetta skal ráðherra setja með reglugerð.

2. gr.

Bannað er að afvatna síld, sem áður hefir verið söltuð, ef hún er ætluð til útflutnings.

Heimilt er þó ráðherra, ef brýn nauðsyn ber til, að veita undanþágu frá þessu fyrir ákveðið magn og eina sendingu í senn, enda sé slík síld auðkennd með sérstöku merki, er ráðherra ákveður, og þess getið í farmskjölum, að um afvatnaða síld sé að ræða.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 50—1000 kr., gegn 2. gr. 1000—10000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 815. Lög

um innlánsvöxtu.

(Afgreidd frá Nd. 26. maí).

1. gr.

Bankar, sparisjóðir eða aðrar stofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðsstarfsemi eða til að taka á móti innlánsfé til ávöxtunar, mega ekki greiða hærri vöxtu

af innstæðufé en Landsbanki Íslands greiðir. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er að ræða fé í venjulegum viðskiptabókum stofnunarinnar, á innlánsskírteinum, hlaupareikningi eða til ávöxtunar á annan sérstakan hátt.

2. gr.

Nú hefir peningastofnun tekið fé til ávöxtunar á innlánsskírteini eða á annan hátt með sérstökum samningi, áður en lög þessi öðlast gildi, með hærri vöxtum en lög þessi leyfa, og skulu þeir þá standa óhaggaðir til næsta gjalddaga, þó eigi lengur en sex mánuði frá því að lög þessi öðluðust gildi.

3. gr.

Lög þessi ná ekki til Söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 100—5000 kr. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933 og gilda til ársloka 1934.

Nd. 816. Breytingartillögur

við frv. til laga um viðbótar-tekju- og eignarskatt (þskj. 457).

Frá Hannesi Jónssyni.

Við 2. gr.

a. Í stað „150% álagi“ í síðari málsgr. komi: 100% álagi.

b. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Hjá félögum skal þó álag þetta aldrei vera hærra en svo, að samanlagður skattur þeirra samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 74 27. júní 1921, og viðbótarskattur samkvæmt lögum þessum nemi jafnri upphæð og einstaklinga með sömu tekjur.

Ed. 817. Breytingartillaga

við frv. til laga um Kreppulánasjóð.

Frá Jakob Möller.

Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Skuldabréf Kreppulánasjóðs skulu með nafnverði vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á eigin skuldum þeirra manna, er lán fá úr sjóðnum, eldri en frá o. s. frv.

Ed. **818. Nefndarálit**

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

Meiri hlutinn mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. maí 1933.

Jón Þorláksson, form., frsm. Jón Baldvinsson, fundaskr. Jakob Möller.

Nd. **819. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 643 (Barnavernd).

Frá Magnúsi Jónssyni.

Meginmál I. brtt. orðast þannig:

Aftan við 10. tölulið 6. gr. laganna bætist: Í Reykjavík er kennslumálaráðherra heimilt að skipa einn eftirlitsmann og annan mann til vara, að fengnum tillögum barnaverndarráðs, og annast hann þá skoðun allra kvikmynda, sem þar eru sýndar, og úrskurðar, hvort börnum skuli heimill aðgangur að þeim. Úrskurð sinn stimplar eftirlitsmaður á hverja mynd, og gildir hann um þá mynd, hvar sem er á landinu. Kvikmyndahús greiðir eftirlitsmanni eða varaeftirlitsmanni þóknun þá, er ráðherra ákveður, fyrir hverja mynd.

Nd. **820. Nefndarálit**

um frv. til laga um virkjun Sogsins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndarmenn eru allir sammála um, að nauðsynlegt sé að koma virkjun Sogsins í framkvæmd. Einn nefndarmanna vill þó leysa málið á annan hátt en frv. leggur til og mun bera fram sérstakar tillögur um það.

Alþingi, 27. maí 1933.

H. Stefánsson, form., með fyrirvara. Ólafur Thors, frsm. Hannes Jónsson, með fyrirvara.

Jón A. Jónsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.

Ed. **821. Frumvarp**

til laga um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands heimilast að veita, eftir því sem nauðsynlegt þykir, greiðslufrest á afborgunum af lánum úr Ræktunarsjóði, Byggingar- og landnámssjóði og veðdeild bankans um allt að 5 ára tímabil í hverri stofnun. Greiðslufrestur þessi getur náð jafnt til þeirra lána, er þegar hafa lent í vanskilum, og þeirra, er hingað til hefir verið borgað reglulega af, en má aldrei ná yfir meira en 5 ára bil af hverju einstöku láni.

2. gr.

Á sama hátt og í 1. gr. segir heimilast stjórn Landsbanka Íslands að veita greiðslufrest í 5 ár á afborgunum af þeim lánum úr veðdeild bankans, er bændur eða aðrir, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu, eiga að standa skil á.

3. gr.

Greiðslufrestur sá, er um ræðir í 1. og 2. gr., hefir engin áhrif á útdrátt bankavaxtabréfa veðdeildanna eða jarðræktarbréfa, og skal því árlega draga út og innleysa jafnháa fjárhæð og gert mundi, þó enginn greiðslufrestur væri veittur. Þar, sem svo stendur á, að öll bréf veðdeildarflokks eru í eign ríkissjóðs, skal ríkisstjórninni þó heimilt að veita undanþágu frá, að meira sé útdregið úr þeim flokki en raunverulega hefir verið borgað af skuldabréfum þess sama flokks á umliðnu ári.

4. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að 1½% af vöxtum fasteignalána þeirra manna, er landbúnað stunda sem aðalatvinnuveg, á gjalddaga lánanna árin 1933 og 1934, en þó ekki meira en svo, að lántakandi greiði sjálfur 4½% á ári. Heimild þessi er því skilyrði bundin, að stjórn Kreppulánasjóðs telji, að skuldunautar geti ekki að öðrum kosti risið undir vaxtabyrðinni samfara heilbrigðum búrekstri.

Heimild þessi nær og til sömu þátttöku í greiðslu vaxta af stofnlánum til frystihúsa og mjólkurbúa á árunum 1933 og 1934.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að láta ríkissjóð taka að sér greiðslu á lánum þeim úr viðlagasjóði og Búnaðarbankanum, er hvíla á frystihúsum, er frysta kjöt til útflutnings og eru eign samvinnufélaga eða sýslufélaga, allt að ¼ stofnkostnaðar.

6. gr.

Stjórn kreppulánasjóðs heimilast að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að bönkunum verði fært að veita afborgunarfresti þá, sem um ræðir í 1. og 2. gr., og lána til þess fé úr kreppulánasjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 822. Frumvarp

til laga um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Árin 1933—1937, að báðum meðtöldum, greiðir ríkissjóður sýslumönnum og bæjarfógetum árlega skrifstofufé, þar með talin borgun fyrir söfnun innflutningsskýrslna, eins og hér segir:

1.	Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði	kr.	11500,00
2.	– Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	—	4100,00
3.	– Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	—	4100,00
4.	– Dalasýslu	—	1100,00
5.	– Barðastrandarsýslu	—	4800,00
6.	– Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað	—	13000,00
7.	– Strandasýslu	—	2500,00
8.	– Húnavatnssýslu	—	4100,00
9.	– Skagafjarðarsýslu	—	4100,00
10.	– Siglufjarðarkaupstað	—	7500,00
11.	– Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað	—	12000,00
12.	– Þingeyjarsýslu	—	4800,00
13.	– Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað	—	7500,00
14.	– Neskaupstað	—	2500,00
15.	– Suður-Múlasýslu	—	7000,00
16.	– Skaftafellssýslu	—	3000,00
17.	– Vestmannaeyjakaupstað	—	10200,00
18.	– Rangárvallasýslu	—	2000,00
19.	– Árnessýslu	—	5800,00
20.	Ennfremur greiðist lögreglustjóranum á Akranesi upp í skrifstofukostnað	—	500,00
		Kr.	112100,00

2. gr.

Nú hækkar gengi gjaldeyris eða lækkar, miðað við það sem það var gagnvart gulli hinn 1. janúar 1933, og lækkar þá skrifstofufé eða hækkar sem því

svarar, þó þannig, að minni breyting en 10% er ekki tekin til greina og ekki fyrr en um næstu áramót á eftir, enda hafi gjaldeyrisbreytingin veruleg áhrif á verðlag þurftarvöru.

3. gr.

Skrifstofufé greiðist með $^1/_{12}$ mánaðarlega fyrirfram.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt er úr gildi numin 5. málsgr. 11. gr. laga nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Nd. 823. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: svo og ákveða með reglugerð, hvernig innflutningi kola skuli hagað.

Nd. 824. Frumvarp

til laga um Rafveitulánasjóð Íslands.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Rafveitulánasjóður Íslands.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal vera:

1. Tillag ríkissjóðs, í eitt skipti ½ millj. króna. Ríkisstjórninni er heimilt að taka fé þetta að láni.
2. Tillag frá þeim, er sjóðurinn veitir lán:
   a. Lántökugjald 1% af lánsupphæð veittra lána úr sjóðnum.
   b. Árgjald ½% af hverju veittu láni, eins og það er á hverjum tíma.
3. Vextir af stofnsjóði 5%, er leggist við höfuðstólinn.

3. gr.

Stofnsjóður er eign ríkissjóðs.

4. gr.

Fé stofnsjóðs má ávaxta í útlánum Rafveitulánasjóðs.

5. gr.

Rafveitulánasjóður má taka eftir þörfum allt að 10 millj. króna lán til útlánastarfsemi sinnar.

6. gr.

Til tryggingar fyrir þeim lánum, sem Rafveitulánasjóður tekur, skal vera — auk skuldabréfa þeirra og veðtrygginga samkvæmt þeim, er Rafveitulánasjóður fær hjá lántakendum:

1. Stofnsjóður.
2. Gagnkvæm ábyrgð lántakenda sjóðsins, er nemi allt að 20% af lánsupphæð hvers lántakanda.
3. Ríkisábyrgð.

7. gr.

Tilgangur Rafveitulánasjóðs er að veita lán til sveitar- og bæjarfélaga, orkuveitufélaga eða orkuveitusambands — nefnd hér eftir í lögum þessum einu nafni orkuveitufélög — til að byggja vatnsaflsstöðvar til raforkuframleiðslu og orkuveitu frá þeim eða til að gera orkuveitur frá vatnsaflsstöð.

8. gr.

Orkuveitufélög, er lán fá úr Rafveitulánasjóði, skulu greiða tillag til stofnsjóðs 1% af lánsupphæðinni, um leið og lánið er veitt (tekið). Auk þess skulu þau greiða árlega til stofnsjóðs ½% af lánsupphæðinni, eins og hún er á hverjum tíma.

9. gr.

Lántakendur úr Rafveitulánasjóði skulu, auk þess að bera ábyrgð á eigin skuldbindingum sínum, vera í gagnkvæmri ábyrgð fyrir skuldbindingum sjóðsins fyrir allt að 20% af þeirri upphæð, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar.

10. gr.

Veita má orkuveitufélögum lán úr Rafveitulánasjóði allt að ⅘ stofnkostnaðar orkuvers og orkuveitu, sem lán er veitt til. Venjulega skulu lánin ekki koma til útborgunar fyrr en orkuver og orkuveita er fullgert. Þó má lán koma til útborgunar, að nokkru eða öllu leyti, á meðan framkvæmd verksins stendur yfir, ef nægileg trygging er sett fyrir.

11. gr.

Til tryggingar fyrir lánum úr Rafveitulánasjóði skal vera:

1. Ábyrgð hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.
2. Orkuveitufyrirtæki það, er lán er veitt til, með öllum tilheyrandi mannvirkjum og réttindum (vatnsréttindum, landréttindum) og rekstrartekjum.
3. Aðrar tryggingar, sem stjórn Rafveitulánasjóðs kynni að áskilja.

12. gr.

Lán úr sjóðnum má veita til allt að 20 ára. Mega þau vera afborganalaus fyrstu 5 árin af lánstímanum. Vextir af lánunum skulu miðast við það, sem Rafveitulánasjóður þarf til að standa straum af öllum kostnaði sínum.

13. gr.

Landsbanki Íslands hefir á hendi útvegun lánsfjár til Rafveitulánasjóðs og alla afgreiðslu hans í samvinnu við stjórn sjóðsins, fyrir þóknun, er um semst á milli hans og sjóðsstjórnarinnar. Verði ágreiningur um þóknunina, úrskurðar ráðherra upphæðina.

14. gr.

Stjórn Rafveitulánasjóðs skipa 5 menn. Forstöðumaður rafmagnseftirlits ríkisins og ráðunautur ríkisstjórnarinnar í vatnamálum eiga fast sæti í stjórninni. Hina 3 mennina skipar atvinnumálaráðherra til þriggja ára í senn. Ráðherra ákveður þóknun stjórnenda.

15. gr.

Rafveitulánasjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

16. gr.

Þegar leystar hafa verið af hendi þær virkjanir til almenningsþarfa, sem hafa skilyrði til að bera sig fjárhagslega, má veita fé úr stofnsjóði Rafveitulánasjóðs til styrktar rafveitum til almenningsþarfa, sem hafa ekki skilyrði til að bera sig fjárhagslega á þann hátt, og svo mikinn í hverju tilfelli sem Alþingi þá ákveður.

17. gr.

Nánari ákvæði um stjórn Rafveitulánasjóðs og starfrækslu hans, er nauðsynleg kunna að þykja, setur ráðherra með reglugerð.

Greinargerð.

Á nokkrum undanförnum þingum hefir verið ásókn á hendur Alþingis um ábyrgðir og fjárstyrki til raforkuframleiðslu til almenningsþarfa. Frumvarp um þetta efni liggur og fyrir þessu þingi.

Það er hugleikið mál, að hægt verði að nýta raforku til sem almennastra og fjölþættastra þarfa. Að því ber Alþingi að styðja með hagfelldri löggjöf. Hinsvegar verður að teljast rétt, að aðstoð og fyrirgreiðsla ríkisins um þetta efni sé hugsuð almennt, en ekki fyrir hverja einstaka framkvæmd. Með því einu móti verður stuðningur ríkisins samræmilegur, eftir því sem kostur er á.

Frumvarpið er um efni og fyrirkomulag byggt á sama grundvelli og sömu hugsun sem stendur að baki veðdeilda bankans. Það fyrirkomulag er langreynt sem öruggt og vel framkvæmanlegt. Hin einstöku orkuveitufélög standa þá gagnvart Rafveitulánasjóði og hvert gagnvart öðru eins og einstakir lántakendur í veðdeildunum. Rafveitulánasjóður hagar sér um útvegun fjármagns eftir því

sem þörfin krefur um aðkallandi framkvæmdir, þegar öll nauðsynleg skilyrði eru fyrir hendi að öðru leyti.

Sjálfsagt má telja, að Reykjavík verði fyrst til framkvæmda um virkjun Sogsins og orkuveitu frá því, og yrði því hinn fyrsti og stærsti lántakandi sjóðsins. Aðrar smærri virkjanir eða orkuveitur gætu komið samtímis eða á eftir smátt og smátt.

Ed. 825. Frumvarp

til laga um veitingaskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 10% skatt af söluverði matfanga, drykkjarfanga og annara neyzluvara, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum eða öðrum þeim veitingastöðum, sem leyfi þarf til að reka samkv. lögum nr. 21 15. júní 1926. Ennfremur eru skattskyldar veitingar í kökubúðum (konditori) og tækifærisveitingar þær, sem leyfi þarf til þess að hafa um hönd samkv. áðurnefndum lögum. Skattur samkvæmt lögum þessum skal þó eigi reiknaður af öðrum veitingum en þeim, sem seldar eru til neyzlu á staðnum.

Nú er rekin veitingastarfsemi, sem eigi þarf leyfi til samkv. gildandi lögum, en er þó sama eðlis og sú veitingasala, sem skattskyld er samkvæmt framanrituðum ákvæðum, og ber þá að innheimta skatt af þeirri starfsemi.

2. gr.

Veitingasalar, er selja fæði, mjólk og skyr, enda sé hver fullkomin máltíð eigi seld hærra en kr. 1.25, mjólk og skyr eigi með meira álagi en 25% frá söluverði á staðnum, greiða eigi skatt af slíkri sölu, enda sanni þeir fyrir innheimtumanni skattsins, hversu mikill hluti allrar sölu þeirra sé skattfrjáls samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Ef veitingasali, sem veitingaskatt á að greiða samkvæmt lögum þessum, selur sama manni fæði í einn mánuð eða lengri tíma með hærra verði en segir í 2. gr., greiðir hann skatt af ⅓ hluta slíkrar sölu, enda geri hann innheimtumanni skattsins fulla grein fyrir því, hve miklu fæðissala þessi nemi. Fjármálaráðuneytið getur þó sett hámarksákvæði um verð þess fæðis, sem undanþegið er skatti að ⅓ samkvæmt þessari grein, og séu þau ákvæði miðuð við verðlag á hverjum stað. Ef hámarksákvæði eru sett samkvæmt framanskráðu, er skattskyld að fullu sú upphæð af verði fæðisins, sem er yfir hámarksákvæðið.

4. gr.

Undanþegnar skatti eftir lögum þessum eru veitingar handa starfsmönnum við fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt þeim, hvort sem þær eru látnar af hendi endurgjaldslaust eða með niðursettu verði.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að undanþiggja veitingaskatti veitingasölu, sem rekin er af félögum í góðgerðaskyni, eða þann rekstur, sem eigi er rekinn til hagsmuna fyrir einstakling, enda séu alveg sérstakar ástæður fyrir hendi.

5. gr.

Allir þeir, sem skyldir eru til að greiða veitingaskatt samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna innheimtumanni skattsins um rekstur sinn innan mánaðar frá því, að lög þessi öðlast gildi. Í tilkynningunni skal skýrt fram tekið, hverskonar reksturinn er, hver (hverjir) sé eigandi hans og hver (hverjir) stjórnandi. Ennfremur, hve margir starfsmenn vinni við reksturinn.

Þeir, sem eftir að lög þessi ganga í gildi byrja starfsemi, sem veitingaskatt ber að greiða af samkvæmt þeim, eru skyldir að tilkynna innheimtumanni skattsins um starfsemina áður en hún hefst og láta fylgja þær upplýsingar, sem getið er um í næstu málsgrein hér á undan.

Hætti starfsemi, sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum, eða breyti um starfshætti eða heimilisfang, ber að tilkynna það tafarlaust innheimtumanni skattsins.

6. gr.

Allir veitingasalar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að færa bækur sínar þannig, að greinilega sjáist sala hvers dags. Ber að bókfæra allt, sem selt er á hverjum degi, án tillits til þess, hvort greiðsla fer fram samdægurs. Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um bókhald veitingasala. Í lok hvers mánaðar, og í síðasta lagi innan 7 daga frá mánaðarlokum ber veitingasala að senda innheimtumanni skattsins tilkynningu, undirritaða af eiganda eða stjórnanda, um samanlagða veitingasölu í mánuðinum, og ennfremur öll gögn viðvíkjandi undanþágum þeim, sem um getur í 2. og 3. gr. þessara laga, ef um þær er að ræða. Samkvæmt þessari tilkynningu ber veitingasala að greiða skattinn eigi síðar en 7 dögum eftir að tilkynning má í síðasta lagi vera send.

Í hver ársfjórðungslok ber að senda innheimtumanni skattsins rekstrarreikning veitingasölunnar fyrir ársfjórðunginn, ásamt nauðsynlegum fylgiskjölum.

Veitingaskattur hefir sömu lögvernd sem aðrir skattar gagnvart öðrum kröfum.

7. gr.

Innheimtu veitingaskatts og eftirlit með rekstri skattskyldra veitingastaða annast lögreglustjórar utan Reykjavíkur, en í Reykjavík tollstjóri, enda tilkynni lögreglustjóri í Reykjavík tollstjóra tafarlaust um alla þá, er veitingaleyfi leysa, og lögmaður um alla þá veitingasala, sem látast eða verða gjaldþrota.

8. gr.

Innheimtumenn veitingaskattsins hafa rétt til þess að framkvæma nákvæmt eftirlit með öllum skattskyldum veitingastöðum og rannsaka bókhald þeirra. Geta þeir krafizt þess, að bækurnar séu þeim afhentar til eftirlits, ásamt fylgiskjölum, þegar ástæða þykir til. Forstöðumenn og aðrir starfsmenn á veitingastöðum eru skyldir að láta í té nauðsynlega aðstoð og upplýsingar við eftirlitið.

Innheimtumaður hefir rétt til þess að krefjast upplýsinga um veitingasölu og annað, sem snertir rekstur fyrirtækisins, af hverjum starfsmanni þess, og ennfremur þeim, er vörur selja eða önnur viðskipti hafa við veitingasöluna.

9. gr.

Þeim, sem eftirlit og innheimtu hafa á hendi samkv. lögum þessum, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir kunna að komast að sökum starfs síns um efnahag eða rekstur veitingasala.

10. gr.

Kostnaður við innheimtu og eftirlit samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Ef bækur þær, sem halda á samkv. 6. gr., ásamt þar greindum reikningum, eru ekki færðar eða þær eru rangt færðar, eða ef hinar mánaðarlegu tilkynningar eru rangar eða ekki sendar skattheimtumönnum, skal viðkomandi veitingamaður greiða sekt, sem er allt að tíföld sú skattupphæð, er tapazt hefir við vanrækslu hans, og auk þess greiða hinn vantalda veitingaskatt. Ef ekki er hægt að sjá, hve undandráttur skattsins hefir numið miklu, skal innheimtumaður áætla hann.

Ef það sannast, að framangreind brot eru gerð með ráðnum hug og í sviksamlegum tilgangi, má sektin nema allt að 20000 kr., eða dæma má hinn brotlega í allt að 6 mánaða einfalt fangelsi.

12. gr.

Nú er rekin veitingastarfsemi, sem skattskyld er samkv. 1. gr., og vanrækir eigandi eða forstjóri starfseminnar að tilkynna það hlutaðeigandi yfirvaldi samkv. 5. gr. Skal þá greiða í sekt fyrir dag hvern, sem veitingastarfsemi þessi er rekin án þess að vera tilkynnt, allt að 50 kr. Fyrir brot á öðrum ákvæðum 5. gr. laga þessara skal hinn brotlegi sæta allt að 1000 kr. sekt.

13. gr.

Ef veitingasali greiðir ekki veitingaskatt innan þess gjalddaga, sem ákveðinn er í 6. gr., ber honum að greiða 2% í dráttarvexti fyrir hvern mánuð, sem greiðslan dregst fram yfir lögmæltan gjalddaga.

14. gr.

Öll brot gegn lögum þessum, sem ekki eru ákveðin sérstök viðurlög og refsing fyrir samkv. 11., 12. og 13. gr., varða 100—1000 kr. sektum, og allt að 5000 kr. sektum, ef um endurtekin brot er að ræða. Nú hafa brot þessi valdið skatttapi, og fer þá um sektir og greiðslu vangoldins skatts svo sem segir í 11. gr.

15. gr.

Hegningarákvæðum laga þessara ber að beita gegn þeim, sem stjórnar veitingastarfseminni. Nú sannast, að afgreiðslufólkið eða aðrir þeir, sem vinna við veitingastarfsemina, eru meðsekir í brotum gegn lögum þessum, og skal þá hver hinna brotlegu starfsmanna einnig greiða sekt, sem nemur ⅕ hluta af sekt þeirri, sem brotið varðar.

Greiðist sektir ekki, ber að innheimta þær með aðför að lögum. Ber eigandi veitingafyrirtækisins ábyrgð á greiðslu allra þeirra sekta, sem starfsmönnum fyrirtækisins er gert að greiða. Hafi eigandi leigt veitingastarfsemina, ber leigjandi einnig ábyrgð á greiðslu allra þeirra sekta, sem starfsmönnum fyrirtækisins er gert að greiða.

Nú innheimtist sektin ekki, þrátt fyrir aðför að lögum, og má þá láta hvern þann, sem dæmdur hefir verið til þess að greiða sektina, afplána sektina lögum samkvæmt.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 826. Nefndarálit

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1932.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. maí 1933.

Jón Jónsson, form.	Páll Hermannsson, fundaskr.	Einar Árnason, frsm.
H. Steinsson.	Bj. Snæbjörnsson.	

Nd. 827. Nefndarálit

um frv. til laga um lögreglumenn.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ.

Alþingi, 27. maí 1933.

H. Stefánsson, form.	Ólafur Thors, frsm.	Jón A. Jónsson, fundaskr.
Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.		Hannes Jónsson, með fyrirvara.

Ed. 828. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 10. tölulið 6. gr. laganna bætist: Í Reykjavík er kennslumálaráðherra heimilt að skipa einn eftirlitsmann og annan mann til vara, að fengnum tillögum barnaverndarráðs, og annast hann þá skoðun allra kvikmynda, sem þar eru sýndar, og úrskurðar, hvort börnum skuli heimill aðgangur að þeim. Úrskurð sinn stimplar eftirlitsmaður á hverja mynd, og gildir hann um þá mynd hvar sem er á landinu. Kvikmyndahús greiðir eftirlitsmanni eða varaeftirlitsmanni þóknun þá, er ráðherra ákveður, fyrir hverja mynd.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist tveir nýir töluliðir, svo hljóðandi:

11. Í reglugerð, er nefndin setur og ráðherra staðfestir, má setja ákvæði, er banna í umdæmi nefndarinnar sölu á tóbaki til barna og unglinga innan 16 ára aldurs, banna að setja sælgætis- og tóbaksverzlanir á stofn í nánd við barnaskóla, leikvelli eða aðra samkomustaði barna, banna umferðasölu sælgætis og tóbaks og takmarka eða banna með öllu einstakar sælgætistegundir, sem talizt geta, beinlínis eða óbeinlínis, hættulegar börnum o. s. frv. Ennfremur má í slíkri reglugerð fela barnaverndarnefndum að hafa eftirlit með sjónleikum, sem börn hafa aðgang að, og að heimila þeim að leggja bann við sýningu á þeim fyrir börn, ef þeim þykir ástæða til.
12. Í reglugerð, er nefndin setur og ráðherra staðfestir, má takmarka opinbera blaðasölu barna í umdæmi nefndarinnar.

3. gr.

Aftan við 14. gr. laganna bætist við ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er bæjarstjórn eða sveitarstjórn að veita, samkvæmt tillögum barnaverndarnefndar eða skólanefndar, fátækum barnaheimilum styrk, sem eigi telst þurfamannastyrkur, enda sjái nefndin um það, að styrknum sé varið börnunum til hjálpar.

Ed. 829. Frumvarp

til laga um viðbótar-tekju- og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Tekju- og eignarskattur álagður 1933 innheimtist með álagi samkvæmt 2. gr. þessara laga.

2. gr.

Tekjuskattur	að	upphæð	22	kr.	að	72	kr.	innheimtist með	40% álagi.
—	—	—	72	—	—	162	—	—	50% —
—	—	—	162	—	—	292	—	—	60% —
—	—	—	292	—	—	462	—	—	70% —
—	—	—	462	—	—	922	—	—	80% —
—	—	—	922	—	og	þar	yfir	—	100% —

Eignarskattur innheimtist með 100% álagi.

Hjá félögum skal þó álag þetta aldrei vera hærra en svo, að samanlagður skattur þeirra samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 74 27. júní 1921, og viðbótarskattur samkvæmt lögum þessum nemi jafnri upphæð og einstaklinga með sömu tekjur.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 74 27. júní 1921 og breytingum á þeim, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 830. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um afnám eða rýmkun innflutningshafta.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar vill ekki grípa fram fyrir hendur ríkisstjórnarinnar um þær ráðstafanir, sem hún telur nauðsynlegar vegna takmörkunar á innflutningi vara, og leggur því til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 27. maí 1933.

H. Stefánsson, form. Hannes Jónsson, frsm. Bernh. Stefánsson.

Ed. 831. Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá 1. minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Þar sem frv. þetta ætti fyrst og fremst að vera borið fram til að bæta skipun þjóðþingsins frá því, sem nú er, ber aðallega að meta það eftir því, hvernig tekizt hefir að ná þeim tilgangi. Í því efni ber meðal annars einkum að leggja áherzlu á, að þingið öðlist sem nákvæmasta þekkingu á högum lands og héraða, að á það verði valdir beztu mennirnir, sem föng eru á, og að enginn hluti ríkisins geti borið aðra hluta þess ofurliði.

Það skal nú játað, að kjördæmaskipunin muni sjá sæmilega fyrir því, að fyrsta atriðinu verði fullnægt, og uppbótarsætin varna því nokkuð, að beztu þingkröftunum verði frá bægt, og verður því að viðurkenna, að frv. er að þessu leyti spor í rétta átt. En þessi rétting er fengið með því, að eitt kjördæmi landsins nær því ofurmagni á þingi, að það getur borið hina landshlutana ofurliði hvenær sem því býður svo við að horfa.

Þegar af þessari ástæðu er slík skipun Alþingis afarviðsjárverð, og þá ekki síður fyrir það, að broddar öfgaflokkanna, til beggja handa, þeirra, er afneita lögum og rétti, eiga uppsprettu sína og miðstöð í því kjördæmi, er hér er átt við. Ber hér til, að uppbótarsætin eru óþarflega mörg með því fyrirkomulagi á þeim, sem ofan á hefir orðið.

En fullri trygging þess, að góðum mönnum verði ekki fyrirmunuð þingseta, má vissulega ná með mun færri uppbótarsætum en frv. gerir ráð fyrir, jafnvel þótt núverandi kjördæmaskipun væri haldið óskertri.

Ég tel mér því skylt að bera fram tillögur í þessa átt ásamt öðrum tillögum til að bæta úr ágöllum frv.

Það, sem sérstaklega einkennir frv. þetta, er hin áfjálga ásókn andófsmanna í þingsætin. Að einu ákvæði undanteknu, um meðferð fjárlaga, er efni þess ekkert annað en framrétt kló eftir þingsætum Framsóknarfl. Þar er brennt fyrir, að nokkur nýjung sé tekin upp til betra skipulags, sem sízt hefði þó verið vanþörf á.

Til dæmis að taka er sú breyting gerð með frv., að allt þingið er kosið samtímis í einu lagi af kjósendum með sama kosningarrétti. Af því leiðir beint, að ekkert væri eðlilegra en að þingið væri gert að einni málstofu, en við það hefir alls ekki verið komandi. Með því hefði það þó átt að vinnast, að sparaður yrði bæði tími og fé, og með því móti ætti jafnvel að vera unnt að fækka þingmönnum frá því, sem nú er. Eru þetta allt kröfur, sem ábyggilega eiga drjúg ítök í öllum stjórnmálaflokkum og magnast hafa ár frá ári.

Af þessu, sem hér hefir verið talið, má bert vera, að frv. þetta ber að skoða sem hreina og beina nauðasamninga af hendi Framsóknarfl., gerða sakir óhjákvæmilegrar nauðsynjar nú á alþyngstu krepputímunum um að létta undir byrðar

vinnusamasta verkalýðs þjóðarinnar, er hann eru nú alveg að sliga. Og á þeim grundvelli ber að túlka frv. þetta, ef fram gengur.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „allt að 49“ komi: 46.
   b. Í stað „6“ í b-lið komi: 7.
   c. Í stað „allt að 11“ í c-lið komi: 7.
   d. Orðin „skal að minnsta kosti .... utan Reykjavíkur“ í c-lið falli niður.
2. Við 4. gr. Í stað orðsins „fjárráður“ komi: fjár síns ráðandi.

Alþingi, 29. maí 1933.

Magnús Torfason.

Ed. 832. Breytingartillaga

við frv. til laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Flutningsm.: Pétur Magnússon.

Á eftir 13. gr. komi ný (14.) gr., svo hljóðandi:

Nú hefir framleiðandi eða heildsali sett á vörutegund eða upprunalegar umbúðir hennar ákveðið smásöluverð, og er þá — svo fremi tilgreint verð ekki veitir útsölumanni ágóða, er fer fram úr 25% af innkaupsverði — bannað að selja vöruna eða bjóða fram í smásölu við lægra verði, nema leyfi viðkomandi framleiðanda eða heildsala eða önnur heimild komi til, eða salan falli undir 1. mgr. 5. gr., eða varan sé seld notuð eða skemmd.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 4000 kr.

Ed. 833. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða eða taka að sér greiðslu á lánum, allt að ¼ stofnkostnaðar, er tekin hafa verið til að reisa frystihús samvinnufélaga eða sýslufélaga, enda sé aðalhlutverk þeirra að frysta kjöt til útflutnings.

Sama gildir og um lán, sem hvíla á Sláturfélagi Suðurlands vegna stofnkostnaðar við niðursuðuverksmiðju þess.

Ed. 834. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykktir um sölu mjólkur og rjóma í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Orðið „fullkomin“ í síðari málslið fyrri málsgreinar falli burt.

Alþingi, 29. maí 1933.

Páll Hermannsson, form.	Pétur Magnússon, fundaskr.	Jón Jónsson, frsm.

Ed. 835. Breytingartillaga

við frv. til laga um veitingaskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 15. gr. 2. málsgr. Orðin „Ber eigandi veitingafyrirtækis“ o. s. frv. til enda málsgreinarinnar falli niður.

Nd. 836. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1934.

Frá Hannesi Jónssyni.

1. Við 12. gr. 11. (Fjörefnarannsóknir).
   Liðurinn fellur burt.
2. — 12. gr. 18. b. (Sjúkrahúsbygging á Reyðarfirði).
   Liðurinn fellur burt.
3. — 12. gr. 18. k. (Hvítabandið).
   Liðurinn fellur burt.
4. — 12. gr. 18. m. (Styrkur til Súgfirðinga).
   Liðurinn fellur burt.
5. — 13. gr. C. IX. (Öldubrjótur á Siglufjarðareyri).
   Liðurinn fellur burt.

6. Við 14. gr. B. I. n.—o. (Sendikennarar).
Liðurinn fellur burt.
7. — 14. gr. B. XV. 5. (Björg Þorláksson).
Liðurinn fellur burt.
8. — 15. gr. 25. (Pétur Á. Jónsson).
Liðurinn fellur burt.
9. — 22. gr. I. (Íbúðarhús sýslum. í Borgarnesi).
Liðurinn fellur burt.
10. — 22. gr. II. (Steinsteypuhús fyrir póst og síma).
Liðurinn fellur burt.
11. — 22. gr. III. (Skálholt).
Liðurinn fellur burt.
12. — 22. gr. XXIII. (Síldarbræðslustöð á Seyðisfirði).
Liðurinn fellur burt.
13. — 22. gr. XXV. (Sútunarverksmiðja).
Liðurinn fellur burt.
14. — 22. gr. XXVI. (Öldubrjótur á Siglufirði).
Liðurinn fellur burt.
15. — 22. gr. XXVII. (Tunnuverksmiðja á Siglufirði).
Liðurinn fellur burt.

Nd. **837. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

I. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. Nýr liður:
Til viðgerðar á öldubrjótnum í Bolungavík, gegn helmings framlagi annarsstaðar að 20000
II. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 8. (Ræktunarvegur í Vestmannaeyjum).
Fyrir „6000“ kemur 10000
III. Frá *Þorleifi Jónssyni.*
Við 16. gr. 8. Nýr liður:
Til ræktunarvegar í Hornafirði, gegn ⅓ framlagi annarsstaðar að 2400
IV. *Frá Bernh. Stefánssyni.*
Við 16. gr. 12. b. Nýr liður:
Til Halldórs Kr. Jónssonar, til dýralækninga 250
V. *Jónasi Þorbergssyni.*
Við 22. gr. XIV. Liðinn skal orða svo:
Að verja allt að 20 þús. kr. af verzlunarágóða Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða fyrir útvarpsnotum í landinu, þar

sem ekki er raforka fyrir hendi, og til þess að eyða útvarpstruflunum í kaupstöðum og sjávarþorpum, allt eftir nánari ákvörðunum atvinnumálaráðuneytisins.

Ed. 838. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 1. gr.
a. Í stað „allt að 49“ komi: 45.
b. Í stað „6“ komi: 7.
c. Í stað „allt að 11“ komi: 6.

Nd. 839. Breytingartillögur

við frv. til ábúðarlaga.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 2. gr.
   a. Fyrir „36“ komi: 46.
   b. Fyrir „Búnaðarfélag Íslands“ komi: sveitarstjórn.
2. Við 9. gr. Fyrir „vergagna“ komi: fiskreita.
3. Við 12. gr.
   a. Í stað „6 ár“ komi: 10 ár.
   b. Í stað „⅙“ komi: $\frac{1}{10}$.
4. Við 13. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Nú á fráfarandi hús á jörð, og eru þau til frambúðar, haganlega fyrir komið og nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna, og skal þá landsdrottni skylt að kaupa þau því verði, sem úttektarmenn meta, enda séu þá hús jarðarinnar eigi meiri eða dýrari en svo, að hana megi leigja fyrir hæfilegt afgjald, að dómi úttektarmanna.
5. Við 18. gr. Í stað orðanna „skal honum það vítalaust, ef hann býður við votta“ komi: skal hann þá bjóða.
6. Við 23. gr. Fyrir „vergögn“ komi: uppsátur og fiskreitir.
7. Við 25. gr. Fyrir „vergagna og uppsáturs“ komi: uppsáturs og fiskreita.

Ed. **840. Lög**

um breyting á lögum nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á íslenzkum gufuskipum.

(Afgreidd frá Ed. 29. maí).

1. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Sá einn, er öðlazt hefir vélgæzluskírteini, á rétt til að vera undirvélstjóri á íslenzku gufuskipi með 300 ha. vél (indiceret) og minni.

Skírteinið öðlast sá einn, er:

a. hefir staðizt vélgæzlupróf eða vélstjórapróf í vélstjóraskóla Reykjavíkur.
b. hefir stundað járnsmíði í 3 ár og verið kyndari í eitt ár eða verið aðstoðarmaður í vél eða vélstjóri með undanþágu í 3 ár og hefir meðmæli smiða þeirra eða vélstjóra, er hann hefir unnið með,
c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svívirðilegt telst að almenningsáliti.

Ráðherra setur reglugerð um, hvernig vélgæzlukennslunni skuli háttað og um vélgæzluprófið og prófskilyrði.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sá einn, er fullnægir skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. laga þessara, og hefir verið undirvélstjóri á gufuskipi með meira en 75 ha. vél (indiceret) í eitt ár, á rétt til að vera yfirvélstjóri á gufuskipum með 300 ha. vél og minni. Hið sama er um þá, er hafa verið vélstjórar með undanþágu á gufuskipum, ef þeir hafa staðizt próf í vélstjóraskólanum eða vélgæzludeild hans.

Nd. **841. Lög**

um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 29. maí).

Samhljóða þskj. 786.

Nd. **842. Lög**

um bráðabirgðaverðtoll.

(Afgreidd frá Nd. 29. maí).

Samhljóða þskj. 797.

Ed. 843. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að ákveða með reglugerð, hversu mikið af frystu og kældu kjöti megi flytja til Bretlands og ákveða, hvernig útflutningi skuli hagað.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til, ef þörf krefur, að ákveða hámarksútflutning af fiski til Bretlands og ákveða með reglugerð, hvernig útflutningi skuli hagað.

3. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að hafa eftirlit með innflutningi á kolum og, ef þörf krefur, að banna um stundarsakir innflutning á kolum frá öðrum löndum en Bretlandi, svo og ákveða með reglugerð, hvernig innflutningi kola skuli hagað.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda meðan viðskiptasamningur við Breta frá 17. maí 1933 stendur.

Sþ. 844. Tillaga

til þingsályktunar um templaralóðina í Reykjavík.

Flm.: Pétur Halldórsson, Pétur Ottesen, Haraldur Guðmundsson, Jakob Möller, Þorl. Jónsson, Vilmundur Jónsson, Bj. Snæbjörnsson, Ingvar Pálmason, Ingólfur Bjarnarson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela forsetum að gera samning við reglu góðtemplara í Reykjavík, er ljúki deilumálum þessara aðila um húslóð við Vonarstræti og Templarasund hér í bænum.

Nd. 845. Nefndarálit

um frv. til laga um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og hv. Ed. samþykkti það. Tveir nefndarmanna hafa fyrirvara um einstök atriði frv.

Alþingi, 29. maí 1933.

Bergur Jónsson, form., frsm.
Guðbr. Ísberg, fundaskr.
Steingr. Steinþórsson.
Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirv.
Sveinbjörn Högnason, með fyrirv.

Ed. 846. Lög

um veiting ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 29. maí).

Samhljóða þskj. 773.

Nd. 847. Breytingartillögur

við frv. til l. um lögreglumenn.

Frá Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni, Vilmundi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: og bæjarstjórn hafi óskað þess.
2. Við 4. gr.
   a. Orðið „venjulegum“ falli niður.
   b. Aftan við greinina bætist: en mega ekki verja vinnu verkfallsbrjóta.
3. Við 5. gr.
   a. Á eftir orðinu „teljast“ komi: ekki.
   b. Síðari málsliður falli niður.
   Til vara:
   Aftan við greinina bætist: Sama og um tollverði gildir um ráðherra, skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, landsbókavörð, fornmenjavörð, vegamálastjóra, landssímastjóra, póstmálastjóra og biskup, og skulu þessir embættismenn ávallt ganga fram í fremstu röð, er til atlögu kemur.
4. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „ráðherra“ komi: bæjarstjórn — og í stað orðsins „hann“ komi: ráðherra.

b. Aftan við greinina bætist: Þó skal Alþingi fyrst samþykkja þessa aukningu, ef það situr, en annars fellur aukningin niður, ef næsta Alþingi hefir ekki samþykkt hana er mánuður er liðinn af þingtímanum.

5. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi, er meiri hluti kjósenda til bæjar- og sveitarstjórna alstaðar á landinu hefir samþykkt þau með þjóðaratkvæði. Skal þjóðaratkvæðagreiðsla fara fram um leið og næstu almennar kosningar til Alþingis.

Nd. 848. Breytingartillögur

við frv. til l. um virkjun Sogsins.

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Við 3. gr. Greinin falli niður. (Greinatala breytist skv. því).
2. Við 6. gr. Úr fyrsta málslið falli orðin: „að viðbættum allt að 10%“.
3. Við 7. gr. 3. málsgrein orðist svo:

Nú hefir virkjuninni safnazt varasjóður þegar ríkissjóður verður meðeigandi hennar samkv. þessari grein, og verður hann þá óskipt eign fyrirtækisins.

Nd. 849. Nefndarálit

um frv. til l. um eftirlit með sparisjóðum.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. um sama efni í meginatriðum lá fyrir síðasta þingi og var þá borið fram í Nd. Munurinn er sá, að í þessu frv. er lagt til að fella úr lögum eftirlitið með bönkunum aðeins, en megi halda því um sparisjóðina, og sé þá falið Landsbankanum. Í frv. síðasta þings var ætlazt til að fella niður eftirlitið með öllu.

Nefndin telur, að meiri ástæða sé til, að eftirlitið sé meir rækt en verið hefir heldur en að fella það niður að mestu eða öllu. Telur hún, að eftirlitið geti verið í senn stofnununum gagnlegt og ríkinu og öllum almenningi nauðsynlegt.

Frv. um þetta efni, sem lá fyrir síðasta þingi, var vísað til fjárhagsn., og skilaði hún áliti um það (þskj. 559) og lagði til, að því væri vísað til ríkisstjórnarinnar. En frumvarpið og tillaga n. kom ekki þá til frekari afgreiðslu í deildinni.

Í áliti n. á síðasta þingi um þetta mál eru ástæður fyrir till. n. nokkru ýtarlegar raktar en hér hefir verið gert, og vísast til þess að nokkru um ýtarlegri rökstuðning fyrir afstöðu til frv. nú.

Hafa því nefndarmenn, sem í fjárhagsn. voru í fyrra, óbreytta afstöðu til málsins og hinir aðrir nefndarmenn hafa fallizt á hana.

Leggur nefndin því til, með skírskotun til nál. fjárhagsn. í fyrra, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 29. maí 1933.

H. Stefánsson, form., frsm. Jón A. Jónsson, fundaskr. Hannes Jónsson.
Ólafur Thors. Bernh. Stefánsson.

Nd. 850. Tillaga

til þingsályktunar út af víxilskuldum á Austfjörðum vegna síldareinkasölu Íslands frá 1931.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um það við bankana, vegna hinna sérstöku ástæðna og erfiðleika viðkomandi manna, að frestað verði víxilmálunum gegn útgefendum og samþykkjendum síldarvíxla út af viðskiptum síldareinkasölunnar við austfirzka síldarútflytjendur 1931, svo sem með framlengingarvíxlum, þar til úrlausn fæst um viðskipti þessi, að nánar athuguðu máli.

Nd. 851. Frumvarp

til laga um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands heimilast að veita, eftir því sem nauðsynlegt þykir, greiðslufrest á afborgunum af lánum úr Ræktunarsjóði, Byggingar- og landnámssjóði og veðdeild bankans um allt að 5 ára tímabil í hverri stofnun. Greiðslufrestur þessi getur náð jafnt til þeirra lána, er þegar hafa lent í vanskilum, og þeirra, er hingað til hefir verið borgað reglulega af, en má aldrei ná yfir meira en 5 ára bil af hverju einstöku láni.

2. gr.

Á sama hátt og í 1. gr. segir heimilast stjórn Landsbanka Íslands að veita greiðslufrest í 5 ár á afborgunum af þeim lánum úr veðdeild bankans, er bændur eða aðrir, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu, eiga að standa skil á.

3. gr.

Greiðslufrestur sá, er um ræðir í 1. og 2. gr., hefir engin áhrif á útdrátt bankavaxtabréfa veðdeildanna eða jarðræktarbréfa, og skal því árlega draga

út og innleysa jafnháa fjárhæð og gert mundi, þó enginn greiðslufrestur væri veittur. Þar, sem svo stendur á, að öll bréf veðdeildarflokks eru í eign ríkissjóðs, skal ríkisstjórninni þó heimilt að veita undanþágu frá, að meira sé útdregið úr þeim flokki en raunverulega hefir verið borgað af skuldabréfum þess sama flokks á umliðnu ári.

4. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að 1½% af vöxtum fasteignalána þeirra manna, er landbúnað stunda sem aðalatvinnuveg, á gjalddaga lánanna árin 1933 og 1934, en þó ekki meira en svo, að lántakandi greiði sjálfur 4½% á ári. Heimild þessi er því skilyrði bundin, að stjórn Kreppulánasjóðs telji, að skuldunautar geti ekki að öðrum kosti risið undir vaxtabyrðinni samfara heilbrigðum búrekstri.

Heimild þessi nær og til sömu þátttöku í greiðslu vaxta af stofnlánum til frystihúsa og mjólkurbúa á árunum 1933 og 1934.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða eða taka að sér greiðslu á lánum, allt að ¼ stofnkostnaðar, er tekin hafa verið til að reisa frystihús samvinnufélaga eða sýslufélaga, enda sé aðalhlutverk þeirra að frysta kjöt til útflutnings.

Sama gildir og um lán, sem hvíla á Sláturfélagi Suðurlands vegna stofnkostnaðar við niðursuðuverksmiðju þess.

6. gr.

Stjórn kreppulánasjóðs heimilast að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að bönkunum verði fært að veita afborgunarfresti þá, sem um ræðir í 1. og 2. gr., og lána til þess fé úr kreppulánasjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 852. Breytingartillögur

við till. til þál. um þjóðaratkvæði um aðflutningsbann á áfengum drykkjum.

I. Frá *Pétri Ottesen.*

Fyrir orðin „á þessu ári“ kemur: á árinu 1934.

II. Frá *Bergi Jónssyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*

Á eftir orðunum „á þessu ári“ kemur: á meðal kjósenda í málefnum sveitar- og bæjarfélaga.

Sþ. **853. Lög**

um breyting á lögum nr. 40 7. mai 1928 (Jarðræktarlög).

(Afgreidd frá Sþ. 29. mai).

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Eftir því, sem fé sjóðsins hrekkur til, skal því varið til að styrkja bændur með ákveðnu framlagi, miðað við kaupverð, til að eignast meiri háttar verkfæri til jarðræktar og heimilisnota, svo sem hér segir:

a. Helmingsframlag veitist til kaupa á hestaverkfærum til jarðvinnslu.
b. Þriðjungsframlag veitist til kaupa á heyvinnuvélum og tóvinnuvélum.

Enginn bóndi getur fengið meira framlag úr sjóðnum en 300 krónur.

Sá, er styrks beiðist, sendir umsókn sína, stílaða til Búnaðarfélags Íslands, stjórn búnaðarfélags þess, sem hann er í, og sér hún þá um útvegun verkfæranna og greiðslu andvirðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **854. Þingsályktun**

um skýrslugerð um opinbera sjóði.

(Afgreidd frá Sþ. 29. mai).

Alþingi leggur fyrir fjármálaráðherra að fela hagstofunni að safna til og gefa út, þegar á þessu ári, fullkomna skýrslu um hverskonar opinbera sjóði, hvort sem þeir eru í umsjá ríkis, bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga, opinberra stofnana eða annara. Skal í skýrslunni greint frá stofnun hvers sjóðs og tilgangi, stofnendum og forráðamönnum, upphaflegri eign, hvar og hvernig fé sjóðsins hefir verið ávaxtað, hvernig því hefir verið varið og loks, hverjar eignirnar eru og hvernig þeim er ráðstafað þegar skýrslan er gerð.

Sþ. **855. Þingsályktun**

um þjóðaratkvæði um aðflutningsbann á áfengum drykkjum.

(Afgreidd frá Sþ. 29. mai).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram þjóðaratkvæði á þessu ári á meðal kjósenda í málefnum sveitar- og bæjarfélaga um það, hvort afnema skuli bann það gegn innflutningi áfengra drykkja, er felst í gildandi áfengislöggjöf.

Ed. **856. Frumvarp**

til laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Óheimilt er hverjum þeim, sem selur vöru eða hefir hana á boðstólum, að gefa út villandi upplýsingar um vöruna til að hafa áhrif á eftirspurn hennar eða sölu. Um allar auglýsingar, hvort sem þær eru birtar í blöðum, tímaritum, útvarpi eða annarsstaðar, skal þess gætt, að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt, sem satt er og rétt í öllum greinum. Sérstaklega er bannað að setja villandi auðkenni á vöruna sjálfa, umbúðir hennar eða einkennismiða, á auglýsingaspjöld, reikninga, vöruskrár eða önnur verzlunarskjöl. Villandi teljast:

a) auðkenni, sem gefa rangar upplýsingar eða geta vakið rangar hugmyndir um framleiðslustað (eða land) vörunnar, um tegund hennar, tilbúning, efni, samsetning, gerð, eiginleika, áhrif eða verðlag.
b) auðkenni, sem komið geta kaupandanum til þess að halda það, að allur sá mismunandi varningur, sem í verzlun er á boðstólum, stafi frá sama framleiðslustað (eða landi), eða sé búinn til á sama hátt, þótt þessu sé ekki svo varið nema að sumu leyti.
c) auðkenni, sem segja ósatt um það, að vara hafi hlotið viðurkenningu á sýningu, hafi verið reynd af opinberum yfirvöldum eða hlotið meðmæli þeirra, eða njóti eða hafi notið einkaleyfisverndar. Falli niður einkaleyfi eða slíkt, má þó halda tákni þess á því af vörunni, sem það hefir verið sett á áður en leyfið féll niður.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, frá 50 til 4000 krónum. Refsinguna má þó þyngja, þannig að hún verði allt að sex mánaða einfalt fangelsi, þegar sökin er mikil, sérstaklega ef um er að ræða ítrekað brot.

Sá, sem sakfelldur er fyrir þessi brot, skal einnig skyldaður til þess að leiðrétta hinar villandi upplýsingar, þar á meðal villandi auðkenni á vörunum, ef um slíkt er að ræða og vörurnar eru enn í eigu hans eða umráðum. Ef um er að ræða vörur, sem framleiddar eru erlendis, skal hinn sakfelldi þó mega flytja þær úr landi, ef hann kýs það heldur.

2. gr.

Sakarauki skal það teljast, ef hin villandi auðkenni, sem 1. gr. fjallar um, eða upplýsingar um þau eru breiddar út í blaðatilkynningum (auglýsingum), með fregnmiðum eða á auglýsingaspjöldum, sem mikið ber á.

3. gr.

Refsiákvæði þau, sem að framan greinir, skulu þó ekki gilda um þau auðkenni — þótt þau gætu vakið ranga hugmynd um framleiðslustað vörunnar —, sem hafa að almenningsáliti eða samkvæmt viðskiptavenjum fengið þá merk-

ingu að tákna almennt tegund eða framleiðsluhætti vörunnar eða því um líkt, en ekki framleiðslustaðinn beinlínis.

Nú er það æskilegt vegna almenningshagsmuna, að einhver vöruauðkenni séu undanþegin ákvæðum þessum, og má þá veita slíka undanþágu með konunglegri tilskipun. Brot á ákvæðum slíkrar tilskipunar varða refsingum samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr., laga þessara.

Auðkenni, sem í því er fólgið, að greind er mynt, mál eða vog, telst ekki auðkenning á framleiðslustað vörunnar. Þótt notuð sé í vöruauðkenni önnur tunga en tunga þess lands, sem varan er framleidd í eða flutt frá, ber ekki að telja það eitt villandi auðkenni, nema form og efni auðkennisins sé einnig að öðru leyti saknæmt samkvæmt lögum þessum.

Auðkenni, sem eitt út af fyrir sig gæti talizt villandi um framleiðslustað vöru, skal þó ekki talið svo, ef því fylgir greinileg og rétt viðbót, sem segir til um hinn rétta framleiðslustað.

4. gr.

Bannað er að selja eða hafa á boðstólum hér á landi vörur, sem merktar eru sjálfar, eða á miða eða umbúðir, eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi, eins og merkjum hins svo nefnda „Rauða kross“ eða „Genfar kross“.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 200 kr.

Sömu refsingu skal sæta:

a) sá, sem í heimildarleysi notar slík merki, auðkenni eða nöfn á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verzlunarskjölum.
b) sá, sem notar íslenzka ríkisskjaldarmerkið, eða útlend ríkisskjaldarmerki án þess að hafa fengið til þess sérstakt leyfi.
c) sá, sem selur eða hefir á boðstólum vörur, framleiddar erlendis eða erlendar að uppruna, ef á þær eða umbúðir þeirra hefir í heimildarleysi verið sett mynd eða nafn íslenzka fánans, skjaldarmerki íslenzka ríkisins eða mynd af konunginum og ættmönnum hans.

5. gr.

Útsölu (skyndisölu) má hafa annaðhvort tvisvar á ári, og standi hún þá yfir í mesta lagi einn mánuð í hvort skipti, eða einu sinni á ári, og standi hún þá yfir í mesta lagi tvo mánuði. Nánari ákvæði um það, á hvaða tíma árs útsölur megi halda innan hinna einstöku greina verzlunarinnar, getur atvinnumálaráðherra ákveðið með sérstakri reglugerð, eftir tillögum hlutaðeigandi kaupmannafélaga.

Nú er á einhvern hátt auglýst, að útsala sé haldin af sérstökum ástæðum, t. d. vegna flutnings verzlunarinnar, eigendaskipta eða vegna þess, að verzlunin á að hætta — hvort heldur er vegna gjaldþrota, greiðslusamnings, láts eigandans eða annara orsaka — eða til sölu á skemmdum vörum, vörum, sem sagðar eru keyptar úr gjaldþrotabúi, dánarbúi eða í sambandi við greiðslusamning, eða

vörur keyptar á uppboði, og má þá sú útsala eigi standa yfir lengur en þrjá mánuði.

Um leið og auglýstar eru útsölur þær, sem ræðir um í 2. mgr. greinar þessarar, og eigi síðar en þrem dögum eftir að útsalan er byrjuð, ber að tilkynna lögreglustjóra um upphaf útsölunnar og um það, hve lengi hún skuli standa, af hvaða ástæðum og hvaða vörur verði boðnar til sölu.

Á útsölum, sem auglýst hefir verið, að haldnar séu til þess að selja skemmdar vörur, skal þeim vörum haldið aðgreindum frá öðrum vörum verzlunarinnar, eða sett á þær sérstök merki.

6. gr.

Frá reglum þeim, sem settar eru í 5. gr. 1. og 2. mgr., getur lögreglustjóri veitt undanþágu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Útsala, sem haldin er vegna þess að verzlun hættir, má þó undir engum kringumstæðum standa lengur en eitt ár.

7. gr.

Þegar boðnar eru á uppboði vörur, sem sagðar eru stafa að einhverju eða öllu leyti frá nafngreindum mönnum eða úr tilteknum búum, skal þess greinilega getið á uppboðinu um þessa muni, úr hvaða búi eða frá hvaða manni þeir stafi hver um sig. Ef haldið er uppboð á munum eða vörum frá nafngreindum manni eða úr tilteknu búi, skal þess getið greinilega í uppboðsauglýsingunni, ef á uppboðinu á jafnframt að selja aðra muni.

Í hverri uppboðsauglýsingu skal þess getið, hvort það, sem selja á, er selt fyrir reikning uppboðsbeiðanda eða annars manns.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum 5.—7. gr. varða sektum, allt að 1000 kr.

9. gr.

Bannað er að nota í atvinnuskyni nafn, firmanafn, verzlunarmerki eða því um líkt, sem sá hefir ekki rétt til, er notar, eða reka atvinnu undir nafni, sem gefur villandi upplýsingu um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Ennfremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt, að leitt geti til þess, að villzt verði á því og öðru einkenni, sem annað atvinnufyrirtæki notar með fullum rétti.

Brot gegn ákvæðum þessum, framin af ásettu ráði, varða sektum, allt að 2000 kr.

10. gr.

Bannað er að kenna verzlunar-, iðnaðar- eða atvinnufyrirtæki, svo og vörutegundir, við nafn landsins, sýslu-, bæjar- eða sveitarfélags, nema leyfi viðkomandi stjórnarvalda komi til.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 5000 kr.

11. gr.

Nú fer einhver með eða útbreiðir um annað atvinnufyrirtæki rangar sögusagnir, sem miða til þess að hnekkja því fyrirtæki, eða í því skyni að hæna til sín viðskiptamenn þess, hvort heldur slíkar sögusagnir snerta eiganda fyrirtækisins, vörur þess eða aðra hagi, og skal hann þá sæta sektum, allt að 6000 kr., og ef miklar sakir eru, allt að 6 mánaða einföldu fangelsi.

12. gr.

Ef einhver notar sjálfur eða veitir öðrum í heimildarleysi upplýsingar um verzlunar- eða rekstrarleyndarmál núverandi eða fyrrverandi húsbónda síns eða félaga, eða rýfur af ásettu ráði samningsbundið trúnaðarsamband, sem veitt hefir honum vitneskju um þessi leyndarmál, þá skal hann sæta sektum, allt að 6000 krónum, eða 6 mánaða einföldu fangelsi, ef sakir eru miklar. Þó skal refsingin falla niður, ef liðin eru meira en 3 ár frá því að samningum var slitið.

13. gr.

Hver sá, er með gjöfum eða hlunnindum til starfsmanns kaupmanns eða verzlunarfyrirtækis reynir til að fá hann til þess að eiga viðskipti við sig, sæti sektum, allt að 2000 kr. eða allt að 6 mánaða einföldu fangelsi, ef hann hefir komið tilætlun sinni í framkvæmd og húsbóndi verzlunarmannsins beðið við það verulegt tjón.

Sömu refsingu skal sá verzlunarmaður sæta, er tekur á móti sílkum mútum.

14. gr.

Bannað er að gefa með verzlunarvörum kaupbætismiða, happadrættismiða, vörugjafir eða annað, sem dregið getur kaupendur til að kaupa þá vörutegund vegna verðmætis í því, er henni fylgir.

Sömuleiðis eru bannaðar auglýsingar um þessháttar kaupbæti.

Brot á þessu varða sektum, allt að 5000 kr.

15. gr.

Nú hefir framleiðandi eða heildsali sett á vörutegund eða upprunalegar umbúðir hennar ákveðið smásöluverð, og er þá — svo fremi tilgreint verð ekki veitir útsölumanni ágóða, er fer fram úr 25% af innkaupsverði — bannað að selja vöruna eða bjóða fram í smásölu við lægra verði, nema leyfi viðkomandi framleiðanda eða heildsala eða önnur heimild komi til, eða salan falli undir 1. mgr. 5. gr., eða varan sé seld notuð eða skemmd.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 4000 kr.

16. gr.

Brot gegn 3., 4. og 14. gr. laganna sæta opinberri ákæru.

Brot gegn 1., 5., 7., 9., 10., 11., 12., 13. og 15. gr. laganna sæta málsókn samkvæmt beiðni þess, er fyrir óréttinum hefir orðið.

Í refsimálum má samkvæmt kröfu dæma þeim skaðabætur, er fyrir órétti hefir orðið.

Í refsimálum er réttinum ennfremur heimilt, þegar ætla má, að einstaklingur eða fyrirtæki hafi bœðið tjón, að dæma þeim, er fyrir tjóninu hefir orðið, skaðabætur samkvæmt kröfu hans, allt að 1000 kr., þrátt fyrir það, þótt ekki verði sannað, hversu miklu tjónið hefir numið.

Kröfu um umsamdar sektir má einnig gera í refsimálum. Verður þá hin umsamda sekt talin skaðabætur.

Með refsimálin skal farið sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Refsiákvæði laganna gilda því aðeins, að ekki liggi þyngri refsing við eftir öðrum lögum.

Nd. 857. Frumvarp

til laga um veitingaskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 10% skatt af söluverði matfanga, drykkjarfanga og annara neyzluvara, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum eða öðrum þeim veitingastöðum, sem leyfi þarf til að reka samkv. lögum nr. 21 15. júní 1926. Ennfremur eru skattskyldar veitingar í kökubúðum (konditorí) og tækifærisveitingar þær, sem leyfi þarf til þess að hafa um hönd samkv. áðurnefndum lögum. Skattur samkvæmt lögum þessum skal þó eigi reiknaður af öðrum veitingum en þeim, sem seldar eru til neyzlu á staðnum.

Nú er rekin veitingastarfsemi, sem eigi þarf leyfi til samkv. gildandi lögum, en er þó sama eðlis og sú veitingasala, sem skattskyld er samkvæmt framanrituðum ákvæðum, og ber þá að innheimta skatt af þeirri starfsemi.

2. gr.

Veitingasalar, er selja fæði, mjólk og skyr, enda sé hver fullkomin máltíð eigi seld hærra en kr. 1.25, mjólk og skyr eigi með meira álagi en 25% frá söluverði á staðnum, greiða eigi skatt af slíkri sölu, enda sanni þeir fyrir innheimtumanni skattsins, hversu mikill hluti allrar sölu þeirra sé skattfrjáls samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Ef veitingasali, sem veitingaskatt á að greiða samkvæmt lögum þessum, selur sama manni fæði í einn mánuð eða lengri tíma með hærra verði en segir í 2. gr., greiðir hann skatt af ⅓ hluta slíkrar sölu, enda geri hann innheimtumanni skattsins fulla grein fyrir því, hve miklu fæðissala þessi nemi. Fjármálaráðuneytið getur þó sett hámarksákvæði um verð þess fæðis, sem undanþegið er skatti að ⅓ samkvæmt þessari grein, og séu þau ákvæði miðuð við verðlag á

hverjum stað. Ef hámarksákvæði eru sett samkvæmt framanskráðu, er skattskyld að fullu sú upphæð af verði fæðisins, sem er yfir hámarksákvæðið.

4. gr.

Undanþegnar skatti eftir lögum þessum eru veitingar handa starfsmönnum við fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt þeim, hvort sem þær eru látnar af hendi endurgjaldslaust eða með niðursettu verði.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að undanþiggja veitingaskatti veitingasölu, sem rekin er af félögum í góðgerðaskyni, eða þann rekstur, sem eigi er rekinn til hagsmuna fyrir einstakling, enda séu alveg sérstakar ástæður fyrir hendi.

5. gr.

Allir þeir, sem skyldir eru til að greiða veitingaskatt samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna innheimtumanni skattsins um rekstur sinn innan mánaðar frá því, að lög þessi öðlast gildi. Í tilkynningunni skal skýrt fram tekið, hverskonar reksturinn er, hver (hverjir) sé eigandi hans og hver (hverjir) stjórnandi. Ennfremur, hve margir starfsmenn vinni við reksturinn.

Þeir, sem eftir að lög þessi ganga í gildi byrja starfsemi, sem veitingaskatt ber að greiða af samkvæmt þeim, eru skyldir að tilkynna innheimtumanni skattsins um starfsemina áður en hún hefst og láta fylgja þær upplýsingar, sem getið er um í næstu málsgrein hér á undan.

Hætti starfsemi, sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum, eða breyti um starfshætti eða heimilisfang, ber að tilkynna það tafarlaust innheimtumanni skattsins.

6. gr.

Allir veitingasalar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að færa bækur sínar þannig, að greinilega sjáist sala hvers dags. Ber að bókfæra allt, sem selt er á hverjum degi, án tillits til þess, hvort greiðsla fer fram samdægurs. Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um bókhald veitingasala. Í lok hvers mánaðar, og í síðasta lagi innan 7 daga frá mánaðarlokum ber veitingasala að senda innheimtumanni skattsins tilkynningu, undirritaða af eiganda eða stjórnanda, um samanlagða veitingasölu í mánuðinum, og ennfremur öll gögn viðvíkjandi undanþágum þeim, sem um getur í 2. og 3. gr. þessara laga, ef um þær er að ræða. Samkvæmt þessari tilkynningu ber veitingasala að greiða skattinn eigi síðar en 7 dögum eftir að tilkynning má í síðasta lagi vera send.

Í hver ársfjórðungslok ber að senda innheimtumanni skattsins rekstrarreikning veitingasölunnar fyrir ársfjórðunginn, ásamt nauðsynlegum fylgiskjölum.

Veitingaskattur hefir sömu lögvernd sem aðrir skattar gagnvart öðrum kröfum.

7. gr.

Innheimtu veitingaskatts og eftirlit með rekstri skattskyldra veitingastaða annast lögreglustjórar utan Reykjavíkur, en í Reykjavík tollstjóri, enda tilkynni lögreglustjóri í Reykjavík tollstjóra tafarlaust um alla þá, er veitingaleyfi leysa, og lögmaður um alla þá veitingasala, sem látast eða verða gjaldþrota.

8. gr.

Innheimtumenn veitingaskattsins hafa rétt til þess að framkvæma nákvæmt eftirlit með öllum skattskyldum veitingastöðum og rannsaka bókhald þeirra. Geta þeir krafizt þess, að bækurnar séu þeim afhentar til eftirlits, ásamt fylgiskjölum, þegar ástæða þykir til. Forstöðumenn og aðrir starfsmenn á veitingastöðum eru skyldir að láta í té nauðsynlega aðstoð og upplýsingar við eftirlitið.

Innheimtumaður hefir rétt til þess að krefjast upplýsinga um veitingasölu og annað, sem snertir rekstur fyrirtækisins, af hverjum starfsmanni þess, og ennfremur þeim, er vörur selja eða önnur viðskipti hafa við veitingasöluna.

9. gr.

Þeim, sem eftirlit og innheimtu hafa á hendi samkv. lögum þessum, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir kunna að komast að sökum starfs síns um efnahag eða rekstur veitingasala.

10. gr.

Kostnaður við innheimtu og eftirlit samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Ef bækur þær, sem halda á samkv. 6. gr., ásamt þar greindum reikningum, eru ekki færðar eða þær eru rangt færðar, eða ef hinar mánaðarlegu tilkynningar eru rangar eða ekki sendar skattheimtumönnum, skal viðkomandi veitingamaður greiða sekt, sem er allt að tíföld sú skattupphæð, er tapazt hefir við vanrækslu hans, og auk þess greiða hinn vantalda veitingaskatt. Ef ekki er hægt að sjá, hve undandráttur skattsins hefir numið miklu, skal innheimtumaður áætla hann.

Ef það sannast, að framangreind brot eru gerð með ráðnum hug og í sviksamlegum tilgangi, má sektin nema allt að 20000 kr., eða dæma má hinn brotlega í allt að 6 mánaða einfalt fangelsi.

12. gr.

Nú er rekin veitingastarfsemi, sem skattskyld er samkv. 1. gr., og vanrækir eigandi eða forstjóri starfseminnar að tilkynna það hlutaðeigandi yfirvaldi samkv. 5. gr. Skal þá greiða í sekt fyrir dag hvern, sem veitingastarfsemi þessi er rekin án þess að vera tilkynnt, allt að 50 kr. Fyrir brot á öðrum ákvæðum 5. gr. laga þessara skal hinn brotlegi sæta allt að 1000 kr. sekt.

13. gr.

Ef veitingasali greiðir ekki veitingaskatt innan þess gjalddaga, sem ákveðinn er í 6. gr., ber honum að greiða 2% í dráttarvexti fyrir hvern mánuð, sem greiðslan dregst fram yfir lögmæltan gjalddaga.

14. gr.

Öll brot gegn lögum þessum, sem ekki eru ákveðin sérstök viðurlög og refsing fyrir samkv. 11., 12. og 13. gr., varða 100—1000 kr. sektum, og allt að 5000 kr. sektum, ef um endurtekin brot er að ræða. Nú hafa brot þessi valdið skatttapi, og fer þá um sektir og greiðslu vangoldins skatts svo sem segir í 11. gr.

15. gr.

Hegningarákvæðum laga þessara ber að beita gegn þeim, sem stjórnar veitingastarfseminni. Nú sannast, að afgreiðslufólkið eða aðrir þeir, sem vinna við veitingastarfsemina, eru meðsekir í brotum gegn lögum þessum, og skal þá hver hinna brotlegu starfsmanna einnig greiða sekt, sem nemur ⅕ hluta af sekt þeirri, sem brotið varðar.

Greiðist sektir ekki, ber að innheimta þær með aðför að lögum.

Nú innheimtist sektin ekki, þrátt fyrir aðför að lögum, og má þá láta hvern þann, sem dæmdur hefir verið til þess að greiða sektina, afplána sektina lögum samkvæmt.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 858. Breytingartillaga

við frv. til laga um lögreglumenn.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fyrirskipa, að í bæjum (kaupstöðum og kauptúnum) með 1000—2000 íbúum skuli vera 1 lögregluþjónn, í bæjum með 2000—3000 íbúum 2 lögregluþjónar, og í stærri bæjum til viðbótar allt að 2 lögregluþjónar á hvert 1000 íbúa, sem er fram yfir 3000.

Ed. 859. Nefndarálit

um frv. til laga um útflutning á kjöti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir 7. gr. komi ný grein, er verði 8. gr., svolátandi:

Nú verður, að dómi atvinnumálaráðherra, óhæfilega mikið framboð á kjöti til sölu innanlands vegna óviðráðanlegra útflutningstakmarkana, og getur þá ríkisstjórnin ákveðið í reglugerð, að komið verði skipulagi á sölu kjöts innanlands ásamt verðjöfnuði, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Sambands ísl. samvinnufélaga.

Greinatala breytist samkv. atkvgr.

Alþingi, 29. maí 1933.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Pétur Magnússon, fundaskr.	Jón Jónsson.

Ed. 860. Nefndarálit

um frv. til laga um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk og mjólkurdufti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Orðin „og mjólkurduft“ falli burt.
2. Fyrirsögn frv. skal orða svo:
   Frumvarp til laga um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk.

Alþingi, 29. maí 1933.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Pétur Magnússon, fundaskr.	Jón Jónsson.

Ed. 861. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá Jóni Jónssyni.

Við 1. gr., stafl. c. Í stað 2.—4. málsliðar komi:

Heimilt er þingflokki að hafa landlista í kjöri við almennar kosningar í þeim kjördæmum, sem hann hefir ekki frambjóðendur.

Á landlista skulu allir frambjóðendur flokksins við óhlutbundnar kosningar eiga sæti sem efstu menn listans.

Þingflokkar hljóta jöfnunarþingsæti í hlutfalli við samanlagða atkvæðatölu þeirra við kjördæmakosningar og á landlista. Frambjóðendur við óhlutbundnar kosningar, sem ekki hafa náð kosningu í sínu kjördæmi, taka fyrstir jöfnunarþingsæti, í samræmi við venjulegar reglur hlutfallskosninga.

Nd. 862. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

Frá Bergi Jónssyni.

Við 13. gr. C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
Fyrir „48000“ kemur 49000

Sþ. 863. Tillaga

til þingsályktunar um skipun yfirlæknis við geðveikrahælið á Kleppi.

Flm.: Steingr. Steinþórsson, Sveinn Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sameina þegar báðar deildir geðveikrahælisins á Kleppi undir yfirstjórn Þórðar próf. Sveinssonar og víkja dr. Helga Tómassyni úr embætti.

Greinargerð.

Engin aðkallandi þörf virðist á því vera að halda og launa 2 yfirlækna á Kleppi. Hælið er eigi svo fjölmennt, að húsbændur þurfi marga. Aðstoðarlæknir mundi jafnan auðfenginn og nauðsynleg aukin læknisaðstoð frá Rvík, þegar nauðsyn krefði.

Skipun dr. Helga Tómassonar í embætti við hælið af nýju er ekki aðeins þarflítil, en auk þess spillir hún áliti og trausti fjölda manna á hælinu og dregur þá um leið úr gagnsemi þess.

Dr. Helga hefir orðið sú ósvinna á, sem alræmd er innan lands og utan. Heiptrækni og flasfengni hans hafa leitt hann út í þá óhæfu að lýsa geðbilaðan pólitiskan andstæðing sinn, til þess eins — að því er séð verður — að ryðja honum úr vegi. Vita allir kunnugir, að ekkert tilefni hafði læknirinn annað.

Þúsundir manna, víðsvegar af landinu, og margir útlendingar hafa með eiginhandar undirskrift sinni lýst undrun sinni og viðbjóði á þessu háttalagi

læknisins. Þúsundir manna hafa aftur og aftur bæði í ræðu og riti, á landsmálafundum og annarsstaðar lýst vantrausti á lækni þessum. Það týnda traust kann hann að geta unnið sér aftur annarsstaðar, en þess er tæpast að vænta, að hann eins og komið er verði spámaður í föðurlandi sínu.

Nd. 864. Breytingartillaga

við frv. til laga um lögreglumenn.

Frá Bergi Jónssyni, Bernharð Stefánssyni, Lárusi Helgasyni, Steingrími Steinþórssyni, Bjarna Ásgeirssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „Ríkisstjórninni er heimilt komi: að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarstjórna.
2. Við 6. gr. Á eftir orðunum „getur hann“ komi: að fengnum tillögum bæjarstjórnar.
3. Í stað 7. og 8. gr. komi ný 7. gr., svo hljóðandi:

   Lögreglumenn ríkisins, hvort sem er í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru sýslunarmenn ríkisins og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni varalögreglustörfum. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 100 til 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

   Varalögreglumenn fá þóknun fyrir æfingar og kvaðningar. Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfsins.

Nd. 865. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1934.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

1. Við 22. gr. Nýr liður á undan I.:

   Að leggja fram til atvinnubóta í kaupstöðum og kauptúnum umfram fjárveitingu í 16 gr. allt að 200000 kr.
2. Við 22. gr. XXII. Nýr liður:

   Að ganga í ábyrgð fyrir samvinnufélag sjómanna og verkamanna á Seyðisfirði fyrir láni til kaupa á fiskiskipum, allt að $\frac{4}{5}$ kaupverðs skipanna fullbúinna til fiskiveiða, samtals allt að 100000 kr. Lánið skal tryggt með sjálfskuldarábyrgð félagsmanna, ábyrgð Seyðisfjarðarkaupstaðar og fyrsta veðrétti í skipunum. Ráðning forstöðumanns og annars endurskoðanda skal samþykkt af ríkisstjórninni. (Endurveiting).

Ed. 866. Breytingartillögur

við frv. til laga um eignarnámsheimild á afnotarétti landsvæðis úr Garðalandi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 1. gr. orðist þannig:
   Ríkisstjórninni heimilast að taka eignarnámi afnotarétt landspildna þeirra úr Garðalandi á Álftanesi, sem leigðar voru á erfðafestu vorið 1932 þeim Tryggva Guðmundssyni ráðsmanni á Kleppi og Hermanni Jónassyni lögreglustjóra í Reykjavík, svo og afnotarétt þeirrar landspildu, er Eyjólfur Jóhannsson forstjóri í Reykjavík hefir fengið skipt úr jörðinni sem ábúandi á hjáleigunni Bakka.
2. 2. gr. orðist þannig:
   Þá er eignarnám hefir fram farið, skal taka upp af nýju landskipti þau, er gerð voru á síðasta ári á landi Garðatorfunnar. Við hin nýju skipti skal að minnsta kosti helmingur af landsvæði því, er um ræðir í 1. gr., koma til skipta og þess gætt, að öll býli í Garðahverfinu, bæði þau, sem eru í sjálfsábúð, og hin, sem leigð eru, fái hæfilega mikið af ræktanlegu landi.
3. 3. gr. orðist þannig:
   Heimilt er ríkisstjórninni að leigja eða selja Hafnarfjarðarkaupstað það land, sem afgangs kynni að verða, þegar landskiptum er lokið, enda náist samkomulag um skilmála.
4. 4. gr. orðist þannig:
   Afhending lands þess, er um ræðir í 1. gr., skal því skilyrði bundin, að notandi endurgreiði kostnað við þau mannvirki, er gerð hafa verið á landinu, áður en eignarnámið fer fram. Á það jafnt við, hvort sem landið er látið til bænda í Garðahverfi eða til Hafnarfjarðarkaupstaðar.
5. 5. gr. orðist þannig:
   Færi svo, að bætur yrðu metnar fyrir missi afnotaréttarins, ber að greiða þær úr ríkissjóði.

Nd. 867. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán erlendis.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að taka lán hjá erlendum banka eða bönkum, allt að 100000 sterlingspund, eða tilsvarandi fjárhæð í annari erlendri mynt. — Lánið sé ekki tekið til lengri tíma en eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrirsjáanlegt er, að ekki verður hjá því komizt að taka rekstrarlán á þessu ári, en þó má þess vænta, að það takist að greiða það upp á þessu ári. Er það þó komið undir örlögum þeirra skattafrv., sem fyrir þinginu liggja. Þar sem hentast mun að taka slikt lán erlendis, og vissa fyrir að það fáist, er þessi lántökuheimild borin fram. Stjórnin gerir ekki ráð fyrir, að nota þurfi lántökuheimildina til fulls.

Ed. 868. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild til handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 30. maí 1933.

Magnús Torfason, form., frsm.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.	Pétur Magnússon.

Nd. 869. Tillaga

til þingsályktunar um sjávarútvegsmál.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Ólafur Thors, Jón A. Jónsson, Jón Ólafsson, Pétur Halldórsson, Guðbr. Ísberg.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að rannsaka og safna skýrslum um fjárhagsástæður og afkomuhorfur sjávarútvegsmanna um land allt.
2. að undirbúa tillögur til úrlausnar á vandamálum útvegsmanna, einkum um ráðstafanir af hálfu hins opinbera til að firra þá vandræðum vegna yfirstandandi krepputima.
3. að athuga leiðir til þess að treysta betur en nú er sameiginlega hagsmuni vinnuþiggjenda og vinnuveitenda, þeirra, er vinna að sjávarútveginum, bæði á sjó og landi, og gera tillögur til að draga úr fjárhagsáhættu útvegsins.

4. að rannsaka skilyrði fyrir bættum og fjölbreyttari verkunaraðferðum.
5. að gera tillögur um framkvæmdir til aukins markaðar fyrir fisk, fiskiafurðir og aðrar innlendar framleiðsluvörur.
6. að undirbúa rekstrarlánsstofnun fyrir bátaútveg landsmanna.

Að því er snertir rannsókn á hag stórútgerðarinnar, þá sé leitað samvinnu við nefnd þá, er af bæjarstjórn Reykjavíkur hefir verið falið að rannsaka hag og afkomu togaraútgerðarinnar. Til þess er ætlazt, að svo sé hagað framkvæmdum þeim, er að ofan getur, að ríkisstjórnin geti lagt tillögur um þessi mál fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Með frv. þeim um Kreppulánasjóð og aðrar ráðstafanir vegna fjárkreppunnar, sem þingið hefir á prjónunum, er mikið að því gert að hjálpa þeim, er landbúnað stunda, yfir þá erfiðleika, sem nú steðja að atvinnu þeirra.

Flm. þeirrar þáltill., er hér liggur fyrir, telja rétt og skylt, að þing og stjórn rétti hluta landbúnaðarins svo sem verða má og með öllu því móti, sem skynsamlegt getur talizt og til frambúðar.

Hinsvegar verður ekki hjá því komizt, að aðrir atvinnuvegir landsmanna taki á sig allmiklar byrðar af þeim ráðstöfunum, er að ofan greinir, en sjávarútvegurinn er, eins og kunnugt er, sú atvinnugrein hér á landi, sem búskapur ríkisins er að mestu leyti grundvallaður á.

Því hefir nú verið hreyft hér á þingi í vetur að láta þær aðgerðir, sem fyrirhugaðar eru til hjálpar landbúnaðinum, einnig ná til útvegsmanna, að minnsta kosti hinna smærri. Því hefir jafnharðan verið andmælt með þeim rökstuðningi, að ekki lægju fyrir hendi neinar skýrslur um efnahag og ástand útvegsmanna.

Þegar af þessari ástæðu er því rétt að láta rannsókn, slíka sem um ræðir í þessari tillögu, fram fara.

En meðfram liggja önnur og öllu veigameiri rök til þess, að einmitt nú sé hafizt handa og athugað, hvernig ástand sjávarútvegsins er í raun og veru, og með hvaða móti honum verður veittur stuðningur til að standast erfiðleika þá, er að honum steðja nú. Þessi rök eru þau, að frá sjávarútveginum verða þær auknu tekjur að mestu að koma, sem ríkissjóður þarfnast til þess að standa undir nýjum útgjöldum vegna kreppu landbúnaðarins.

Oss flutningsmönnum dylst það eigi, að hér er um yfirgripsmikla rannsókn að ræða og mikið starf að öðru leyti. En vér teljum svo mikið í húfi, þar sem framtíð sjávarútvegsins er, að hvorki megi horfa í kostnað né fyrirhöfn til að rétta hag þeirra manna, sem að honum standa, eftir því, sem við verður komið.

Vér teljum þess eigi þörf að fara hér út í einstök atriði, en teljum, að athugun og aðstoð sú, sem hér er farið fram á að undirbúa af hálfu hins opinbera til handa sjávarútveginum, þurfi að ná til allra greina hans, eða með öðrum orðum bæði til hins stærri og hins smærri útvegs. Vitanlegt er það, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefir þegar gert ráðstafanir til að rannsaka afkomu

togaraflotans, og teljum vér heppilegt, að leitað sé samvinnu við nefnd Reykjavíkurbæjar að því er snertir þau málefni, er togarútgerðina snerta sérstaklega.

Ed. 870. Frumvarp

til ábúðarlaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI.

Um bygging jarða.

1. gr.

Jörð nefnist í lögum þessum hvert það býli, heimajörð eða hjáleiga, utan kaupstaða eða kauptúna, sem metið er sérstaklega til verðs samkvæmt fasteignamati, enda framfleyti býlið 9 kúgildum í minnsta lagi eða landverð þess að fasteignamati sé 1000 kr. hið minnsta.

2. gr.

Jarðir má því aðeins sameina, að þær verði ekki taldar lífvænleg býli og úttektarmenn telji sameiningu gagnlega.

Ekki má sami maður samtímis hafa ábúð á tveimur eða fleiri jörðum, ef þær geta framfleytt til samans meira en 46 kúgildum, eða hafa sjávargagn eða önnur hlunnindi sem því svarar, nema úttektarmenn eða sveitarstjórn samþykki, sbr. þó 3. gr. 3. málsgr. og 11. gr. 4. málsgr.

Ákvæði þetta tekur þó ekki til þeirra jarða, sem eru í ábúð sama manns, er lög þessi öðlast gildi, meðan sú ábúð helzt.

Landeiganda er heimilt að skipta jörð sinni í tvær eða fleiri jarðir, en leita skal hann samþykkis úttektarmanna um það, hvernig skiptingunni skuli fyrir komið.

3. gr.

Hver maður, sem á jörð, er hann nytjar ekki að staðaldri sjálfur, skal skyldur að byggja hana hæfum umsækjanda gegn hóflegu eftirgjaldi, að dómi úttektarmanna.

Nú hefir maður að staðaldri nytjað jörð, sem hann á, og dvelur þar ekki sjálfur eða fjölskylda hans, en tún fer í órækt, mannvirki níðast niður eða jörðin rýrnar, svo að sveitarfélag bíður varanlega hnekki af, allt að dómi úttektarmanna, og getur sveitarstjórn þá krafizt, að hann bæti það, sem áfátt er, innan tveggja ára, en ella að hann byggi jörðina samkvæmt 1. málsgr.

Nú fær landsdrottinn ekki byggt jörð sína fyrir 15. marz, og skal hann þá bjóða sveitarstjórn hana til ráðstöfunar gegn hæfilegu eftirgjaldi. Sinni sveitarstjórn ekki þeirri málaleitun innan mánaðar, er honum skylt að auglýsa jörð-

ina til ábúðar. Geti hann þá enn ekki byggt hana, má hann ráðstafa henni 2 ár sem hentast þykir, en skylt er honum, ef hann getur ekki byggt jörðina innan þriggja ára, að bjóða sveitarstjórn hana aftur til ráðstöfunar. Hafi enginn not jarðarinnar, er landsdrottni ekki skylt að greiða af henni opinbera skatta, en önnur lögskil af henni verður hann að inna af höndum.

4. gr.

Taki sveitarstjórn við jörð til ráðstöfunar, getur hún byggt hana öðrum, og ber þá sveitarstjórn ábyrgð á öllum jarðarafgjöldum og álagi til landsdrottins.

5. gr.

Jörð skal ávallt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gera, sem er byggingarbréf fyrir jörðinni. Gera skal 3 samhljóða frumrit af byggingarbréfi, er landsdrottinn og leiguliði rita nöfn sín undir í votta viðurvist. Heldur landsdrottinn einu, leiguliði öðru, en hið þriðja skal afhenda hreppstjóra, er varðveiti það með öðrum embættisskjölum.

6. gr.

Í byggingarbréfi skal greina landamerki jarðar og geta þeirra ítaka, er hún á í annara manna lönd, svo og þess, ef kvaðir eða ískyldur hvíla á henni. Þá skal og kveða á í byggingarbréfi, hverja landsskuld skuli greiða eftir jörðina og í hverju sé goldin. Svo og ef innstæðukúgildi fylgja jörð og hversu mörg þau séu.

7. gr.

Nú hefir landsdrottinn vanrækt að gera byggingarbréf fyrir jörð, og skal þá svo telja, að hún hafi verið byggð með sama leigumála sem síðast var á henni, enda telji úttektarmenn hann hæfilegan og hvorugur aðilja sannar, að öðruvísi hafi verið um samið. Telji úttektarmenn þennan leigumála ekki við hæfi, ákveða þeir eftirgjald jarðarinnar.

Nú meta úttektarmenn jörð til eftirgjalds, og skal þá miða landskuld við leigumála hennar að fornu, að svo miklu leyti sem jörðin er óbreytt, afrakstur hennar í búrekstri, aðstöðu til ræktunar og sölu afurða, arð af sérstökum hlunnindum, húsakost, vátryggingarkostnað, girðingar og önnur mannvirki, er jörðinni fylgja, svo og kvaðir, er á henni kunna að hvíla.

8. gr.

Ef landsdrottinn byggir fleirum en einum manni sömu jörð eða jarðarpart, þá skal sá hafa, er fyrr tók, en landsdrottinn fá hinum jafngott jarðnæði sem hitt var eða bæta skaðann, hvorttveggja eftir mati óvilhallra manna.

II. KAFLI.

Um ábúðartíma.

9. gr.

Allar jarðir skal byggja æfilangt, nema nauðsyn beri til að ráðstafa jörð, svo sem embættisjörðum, skólajörðum, jörð, sem sveitarfélag á innan hreppsins, og jörðum, sem líkt stendur á um, um tiltekinn tíma, sbr. þó 3. mgr.

Ekkja leiguliða hefir ábúðarrétt hans þar til hún giftist að nýju. Heimilt er þó landsdrottni að taka jörð eða jarðarpart úr lífstíðarábúð handa sjálfum sér, foreldri sínu, systkini, barni, stjúpbarni, tengdabarni eða kjörbarni, fósturbarni eða barni þeirra til ábúðar, nema landsdrottinn hafi fallið frá þessum rétti í byggingarbréfi. Uppsögn ábúðar skal vera tilkynnt að minnsta kosti með árs fyrirvara.

Nú getur jörð framfleytt meiru en 36 kúgildum, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands og úttektarmanna, og er landsdrottni þá ekki skylt að byggja æfilangt meira af jörðinni en sem því svarar.

Landsdrottinn má undanskilja leiguliðaafnotum leigur af lóðum undir hús eða land til fiskreita og uppsáturs í landi jarðarinnar, sbr. 25. gr.

Undanskilin leiguliðaafnotum eru vatnsréttindi, önnur en til heimilisnota og búsþarfa, svo sem til áveitu og rafstöðvar, og nauðsynlegt land til virkjunar þeirra, námar og önnur þvílík verðmæti, er ekki geta talizt til venjulegra leiguliðaafnota á jörð, en leiguliða ber bætur fyrir jarðrask og átroðning, er leiðir af virkjun vatns eða starfrækslu þvílíkra fyrirtækja.

10. gr.

Nú segir landsdrottinn upp ábúð, en aðeins af yfirskinsástæðum, þannig að hann hvorki flytur sjálfur á jörðina né afhendir hana öðrum til ábúðar samkvæmt 9. gr., og er þá sú uppsögn ógild og á leiguliði heimting á að fá jörðina aftur, ef hann krefst þess innan árs frá því að hann flutti af jörðinni. Auk þess bæti landsdrottinn honum allan þann skaða, er hann kann að hafa beðið af þessum sökum.

III. KAFLI.

Um hús á jörð og skyldur landsdrottins og leiguliða.

11. gr.

Skylt er landsdrottni að láta fylgja leigujörð sinni nauðsynleg bæjarhús og peningshús í góðu lagi, að dómi úttektarmanna.

Vítalaust er þó landsdrottni, ef hann leggur til nothæf jarðarhús, er nema ⅔ af landverði jarðarinnar, hvorttveggja að fasteignamati. Ennfremur er landsdrottni vítalaust, ef hann leggur til jarðarhús, er nema helmingi af landverði jarðarinnar, ef landskuld er lægri en 3% af verði lands og jarðarhúsa samkvæmt fasteignamati.

Nú fylgja jörð lóðargjöld, vatnsréttindi, námar eða önnur þvílík verðmæti, er auka verð landsins fram yfir verðgildi þess til búrekstrar, og skal þá draga verðgildi þessara verðmæta frá landverðinu, þegar meta skal skyldur landsdrottins til húsabóta.

Undanþeginn þessari húsaskyldu er landsdrottinn um þær jarðir, er við auðn liggur að mati úttektarmanna, svo og þær jarðir í nánd við kaupstaði eða sjávarþorp, er rétt þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands að skipta niður í spildur til ræktunar, enda geri landsdrottinn fyrir sitt leyti kost á leigulöndum með þeim leigumála, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

12. gr.

Þegar endurreisa þarf jarðarhús eða auka við þau, er leiguliða skylt að leggja fram rif tófta, gröft allan og innlent efni, svo og aðdrætti á innlendu efni um allt að 2 km. veg og á útlendu efni um allt að 5 km. veg.

Nú hafa jarðnytjar á leigujörð aukizt svo við ræktun, að jarðarhús þau, sem úttektarmenn hafa áður talið nægileg samkvæmt ákvæðum 11. gr. 1. mgr., eru orðin ónóg peningi þeim, er jörðin framfleytir, og getur leiguliði þá krafizt, að landsdrottinn auki hús á jörðinni, svo sem úttektarmenn telja nægilegt, sbr. þó 11. gr. 2—4. mgr.

Ef landsdrottinn vill ekki auka jarðarhús, er leiguliða heimilt að gera hús svo sem þörf krefur, að dómi úttektarmanna. Skulu úttektarmenn síðan meta húsagerðina til verðs, að frádregnu framlagi leiguliða, og er landsdrottni þá skylt að greiða leiguliða húsagerðarkostnaðinn, samkvæmt því mati, enda sé þar ekki um óþarfan íburð að ræða og fullrar hagsýni gætt. Jafnan skal landsdrottni gerður kostur á að vera viðstaddur matsgerðina, og getur hann krafizt nægra sönnunargagna um kostnaðinn, að dómi úttektarmanna.

Nú hefir landsdrottinn greitt leiguliða húsagerðarkostnaðinn samkvæmt 2.—3. málsgrein, og má þá hækka afgjald jarðarinnar sem svarar allt að almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands af upphæðinni, auk vátryggingargjalds af húsunum.

Sama er um endurnýjun bæjar- eða peningshúsa, ef landsdrottinn neitar að endurreisa þau. En þá skal jafnan draga frá húsagerðarkostnaði verð húsa þeirra, sem endurnýjuð eru, ásamt álagi og leiguliðabót, sbr. 14. gr., og tekur hækkun afgjalds aðeins til mismunarins.

Ákvæði 2.—3. málsgreinar gilda þó ekki, ef landsdrottinn hefir áður lagt til nægileg peningshús, sem nú verða eigi notuð að fullu, vegna breyttra búnaðarhátta á jörðinni.

Nú flytur leiguliði af jörð áður liðin eru 10 ár frá því hús voru reist á jörðinni, og á hann þá endurgjaldskröfu á landsdrottin á $\frac{1}{10}$ af framlagi sínu fyrir hvert ár, sem vantar á þann tíma, allt samkv. mati úttektarmanna.

13. gr.

Nú á fráfarandi hús á jörð, og eru þau til frambúðar, haganlega fyrir komið og nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni, að dómi úttektarmanna, og skal þá landsdrottni skylt að kaupa þau því verði, sem úttektarmenn meta, enda

séu þá hús jarðarinnar eigi meiri eða dýrari en svo, að hana megi leigja fyrir hæfilegt afgjald, að dómi úttektarmanna.

Geti leiguliði ekki selt landsdrottni né viðtakanda hús sín, er honum rétt að flytja þau af jörðinni eða selja þau öðrum til brottflutnings og skylt að sjá um, að þau séu rofin, ef viðtakandi krefst, og þá svo, að viðtakanda sé sem minnst mein að.

14. gr.

Leiguliði greiðir leiguliðabót af húsum landsdrottins. Miðast leiguliðabótin við varanleik húsanna og er ákveðin af úttektarmönnum í eitt skipti fyrir öll sem jafnt hundraðsgjald af kostnaðarverði þeirra, að frádregnu framlagi leiguliða. Skal hundraðsgjaldið vera ⅓—⅔% af steinhúsum, en ¾—1½% af húsum úr öðru efni. Innheimtir sýslumaður það á manntalsþingum og fylgir því lögtaksréttur. Leiguliðabót allra leigujarða skal greiða í sérstakan sjóð, er nefnist endurbyggingarsjóður húsa á leigujörðum. Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands undir yfirstjórn bankastjórnar og atvinnumálaráðuneytisins. Hver jörð hefir sérreikning í sjóðnum og á tilkall til séreignar sinnar eða hluta af henni til að endurreisa hús og híbýli jarðarinnar.

Ef leigujörð kemst í sjálfsábúð, fellur niður greiðsla leiguliðabótar, en séreign hennar skal standa óhreyfð þar til hús jarðarinnar verða endurreist.

Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, með reglugerð nánari reglur um sjóðinn.

15. gr.

Skyldur er leiguliði að halda húsum við, svo að ekki hrörni umfram eðlilega fyrningu, að áliti og mati úttektarmanna. Setur atvinnumálaráðherra reglur um viðhald húsa á leigujörðum, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Nú hefir leiguliði eigi haldið við jarðarhúsum samkvæmt ákvæðum, er þar að lúta, og skulu úttektarmenn þá gera honum að bæta það, er á vantar, með álagi.

16. gr.

Skylt er úttektarmönnum, ef landsdrottinn eða leiguliði krefst, að skoða öll hús á leigujörð og gefa skýrslu um til aðila. Skulu úttektarmenn sérstaklega athuga umgengni og viðhald húsa, hversu ákvæðum þar að lútandi er fylgt og jörð setin yfirleitt.

17. gr.

Séu jarðarhús vátryggð á leigujörðum, skal eigandi bera kostnaðinn. En skylt er leiguliða að annast vátryggingu fyrir hönd landsdrottins, ef hann krefst þess.

18. gr.

Nú sér landsdrottinn sér ekki fært að fullnægja þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum þessum, og skal hann þá bjóða við votta leiguliða jörðina til kaups fyrir það verð, er úttektarmenn meta, enda fái leiguliði gjald-

frest á ¾ þess hluta kaupverðs, er kann að vera umfram veðskuldir, eigi skemmri tíma en þrjú ár, gegn almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands og veði í jörðinni næst á eftir áhvílandi veðskuldum með uppfærslurétti, og á seljandi heimtingu á, að hús séu vátryggð og kaupandi taki að sér veðskuldir.

Þegar úttektarmenn meta kaupverð jarðar samkvæmt 1. mgr., skal það metið með hliðsjón af gildandi fasteignamati, nema sérstakar breytingar séu orðnar á jörðinni frá því, er fasteignamat hefir síðast farið fram.

IV. KAFLI.

Um leiguliðaskipti á jörð og skyldur leiguliða.

19. gr.

Skylt er leiguliða að eiga lögheimili á ábúðarjörð sinni, nema sveitarstjórn og landsdrottinn samþykki annað, sbr. þó 2. gr. 2. málsgr. og 3. gr.

20. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörð, má viðtakandi taka til voryrkju þá, er hann vill, en eigi má hann flytja bú sitt á jörðina fyrir fardaga, nema fráfarandi leyfi. Þó er viðtakanda heimill hagi, þegar 3 vikur eru af sumri, ef hann óskar. Fardagar eru, þá er 6 vikur eru af sumri, og eru þeir fjórir. Er fimmtudagur í sjöundu viku sumars fyrstur þeirra, en sunnudagur síðastur. Ef leiguliði er ekki kominn til jarðar að forfallalausu, þá er sjö vikur eru af sumri, né umboðsmaður hans, og hvorugur þeirra hefir gert ráðstöfun til að hagnýta hana, hefir leiguliði fyrirgert ábúðarrétti sínum og lúki landsdrottni eins árs jarðarafgjöld. En landsdrottinn má nytja sér jörð það ár, ef hann getur ekki byggt öðrum.

21. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt allt bú sitt af jörð hinn síðasta fardag, nema viðtakandi leyfi, að hann hafi það þar lengur. En hvorki má hann beita tún né engjar, heldur verja fyrir öllum ágangi frá byrjun gróanda og þar til hann yfirgefur jörðina. Heimilt er fráfaranda að skilja eftir það, sem viðtakanda er ekki mein að, af búslóð sinni, ef hann má eigi flytja það burt þegar. En það skal hann hafa flutt burt svo fljótt sem hann má, og eigi síðar en fyrir næstu veturnætur. Séu húsmunir þá eigi burt fluttir, skal ábúandi segja hreppstjóra til, og fer hann með þá sem fé í vanhirðu.

22. gr.

Ef fráfarandi á fyrning heys, eldsneytis eða byggingarefnis, er hann hefir aflað á þeirri jörð, skal hann bjóða viðtakanda eða landsdrottni kaup á því eftir mati úttektarmanna. Vilji hvorugur kaupa, má fráfarandi flytja það með sér eða selja öðrum. En burt skal hann hafa flutt það af jörðinni fyrir næstu heyannir, nema öðruvísi semji. Bannað er að flytja búfjáráburð af jörðinni. Ákvæði

þessarar greinar ná þó ekki til þeirra jarða, sem landsdrottni er ekki skylt að húsa.

23. gr.

Fráfarandi skal hafa flutt búfjáráburð allan á tún, áður hann fer frá jörð, svo snemma, að hægt sé að byrja ávinnslu á henni í tæka tíð. Hann skal og hreinsa öll hús, heygarða og heytóftir, sem á jörðu eru. Ef fráfarandi vanrækir þetta, bæti hann viðtakanda fyrir eftir mati úttektarmanna.

Ef æðarvarp, eggver, selalátur, uppsátur og fiskreitir eða önnur þvílík hlunnindi fylgja jörð, á viðtakandi öll afnot þeirra það vor, er hann flytur sig að jörð, nema öðruvísi sé um samið. Ef reki fylgir leigujörð, á fráfarandi það, sem rekur til miðs föstudags í fardögum.

24. gr.

Um innstæðukúgildi á jörð fer eftir samkomulagi landsdrottins og leiguliða. Taki leiguliði við kúgildum, skal hann greiða í leigu eftir þau 6% af verði þeirra eftir verðlagsskrá og skila þeim fullgildum við brottför.

25. gr.

Leiguliði skal hafa öll leiguliðanot ábúðarjarðar sinnar, eða þess hluta, er hann býr á, en það eru leiguliðanot að hafa til notkunar allt land jarðarinnar eða jarðarparts, öll hús og mannvirki, svo og hlunnindi, er jörðinni fylgja. svo sem lax- og silungsveiði, selalátur, eggver og annað, sem leiguliðanotum hefir fylgt að fornri landsvenju, nema sérstakur samningur sé um annað og sveitarstjórn samþykki eða lög mæli öðruvísi fyrir.

Heimilt er að leigja öðrum hlunnindi, sem vegna fjarlægðar eða aðstöðu er erfitt að nytja frá jörðinni, enda sé býlið vel lífvænlegt til búrekstrar, að dómi úttektarmanna, þó að þau hlunnindi séu undan tekin og eigi bannað í lögum að skilja hlunnindi þessi við jörðina.

Þá má landsdrottinn og leigja lóðir undir hús eða land til uppsáturs og fiskreita og spildur til ræktunar í óyrktu landi leigujarðar, ef trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands telur það eigi valda leiguliða verulegum skaða, enda lækki jarðarafgjaldið að réttri tiltölu, eftir mati úttektarmanna.

Nú er leiguliðaréttur brotinn, og á leiguliði sókn þess máls. Ef leiguliði sækir ekki, á landsdrottinn sókn, enda skal leiguliði gera landsdrottni aðvart, ef leiguréttur hans er brotinn, og láta hann vita, hvort hann sækir.

26. gr.

Eigi má leiguliði byggja öðrum af leigujörð sinni, nema landsdrottinn leyfi. Aftur á móti má hann leyfa not hlunninda eða landsnytja gegn öðrum jafngildum hlunnindum eða landsnytjum, sem jörð hans þarf með. Heimilt er honum að láta í té nokkrar landsnytjar heimilismönnum, sem vinna að búi hans. Ennfremur er honum heimilt að láta af hendi jarðarafurðir, sem hann hefir aflað sjálfur, gegn öðrum jafngildum jarðarafurðum, og sömuleiðis gegn verði, en gæta verður hann þess ætíð, að varanlegar landsnytjar, hlunnindi og ræktun

jarðarinnar rýrni ekki eða spillist fyrir slík viðskipti með jarðarnytjar, ella greiði hann fullar skaðabætur, eftir mati úttektarmanna.

27. gr.

Ef leiguliði situr illa ábúðarjörð sína, tún eða engi fer í órækt eða hús hrörna og mannvirki spillast sökum vanhirðu hans, eða jörðin á annan hátt líður varanlegar skemmdir af hans völdum, hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum, nema hann lofi að bæta úr næsta ár og setji tryggingu fyrir. Getur landsdrottinn hvenær sem er látið meta skemmdir, er orðið hafa á leigujörð hans, og er leiguliði skyldur að bæta þær að fullu.

28. gr.

Leiguliði skal greiða alla skatta og skyldur, er sérstaklega hvíla á leigujörð hans, og halda uppi lögskilum af henni landsdrottni að kostnaðarlausu. Leigur skal hann greiða fyrir 1. október ár hvert, en landskuld og önnur afgjöld af jörðinni skal greiða eftir á ár hvert í fardögum, nema öðruvísi sé um samið. Nú hefir leiguliði eigi greitt jarðarafgjöldin tveim mánuðum eftir gjalddaga, og ber honum þá að greiða af þeim almenna útlánsvexti Búnaðarbanka Íslands frá eindaga og innheimtukostnað.

Nú greiðir leiguliði eigi jarðarafgjöld að fullu fyrir veturnætur næstar eftir eindaga, og getur landsdrottinn þá byggt honum út af jörðinni, enda sé útbygging birt í síðasta lagi fyrir jól næstu á eftir.

29. gr.

Ef landskuld og leigur greiðast í öðru en peningum, er leiguliði skyldur til þess, þótt eigi sé tilskilið, að færa jarðarafgjöld á heimili landsdrottins, ef eigi er fjær en 30 km., ella hafi landsdrottinn umboðsmann, er eigi búi fjær og taki við jarðarafgjöldum. Greiðist jarðarafgjöldin í peningum, er leiguliða hinsvegar skylt að koma þeim til landsdrottins, þó að hann búi í meiri fjarlægð.

30. gr.

Hvarvetna þess, er landsdrottinn byggir leiguliða út vegna vanefnda á skyldum hans, skal hann hafa gert það fyrir jól, nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.

Útbygging skal vera tvímælalaus og sannanleg. Skal þar tekið skýrt fram, hverjar sakir leiguliða séu.

31. gr.

Leiguliði fyrirgerir ábúðarrétti sínum, og varðar útbyggingu, sbr. þó 1. tölul., ef hann:

1. Er ekki kominn til jarðar 7 vikur af sumri, sbr. 20. gr.
2. Brýtur fyrirmæli 26. gr.
3. Brýtur fyrirmæli 27. gr.
4. Greiðir eigi jarðarafgjöld samkvæmt 28. gr.
5. Vanefnir skyldur þær, er hann kann að hafa á sig tekið samkvæmt 40. gr., meira en eitt ár.

Þá hefir leiguliði og fyrirgert ábúðarrétti sínum án útbyggingar, ef hann vísvitandi spillir jörð, húsum eða mannvirkjum eftir að útbyggingarfrestur er liðinn, svo sem með því að rífa við úr húsum til eldsneytis eða gera önnur þvílík spellvirki, að dómi úttektarmanna. Þó skal leiguliðinn halda ábúðarrétti sínum næsta ár, ef hann greiðir fullar skaðabætur þegar í stað eða setur fullt veð fyrir, hvorttveggja að mati úttektarmanna.

32. gr.

Nú vill leiguliði flytja sig af leigujörð sinni, og skal hann þá hafa sagt jörð lausri fyrir jól. Skal hann segja landsdrottni eða umboðsmanni hans upp leigumála þannig að sannað verði.

33. gr.

Ef leiguliði segir eigi lausri leigujörð sinni eftir lögum, en flytur sig af henni, geldur hann landsdrottni jarðarafgjöld næsta ár.

Nú hefir leiguliði sagt jörð lausri í tækan tíma, en flytur sig af henni fyrir fardaga, og bætir hann landsdrottni skaða þann, er af hefir hlotizt, eftir mati úttektarmanna.

34. gr.

Nú hefir landsdrottinn byggt leiguliða löglega út, sbr. 30. gr., og vill leiguliði ekki flytja af jörð eða beitir þrásetu, og er landsdrottni þá rétt að krefja útburðar á sína ábyrgð, og fer um það sem lög mæla fyrir.

V. KAFLI.

Um breyting á jarðarafgjöldum fyrir sérstakar ástæður.

35. gr.

Ef land jarðar spillist af vatnsgangi, skriðum, sandfoki, eldsumbrotum eða öðru af völdum náttúrunnar, sem leiguliða verður ekki sök á gefin, þá gerir hann landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans og krefst skoðunar á skemmdunum. Séu skemmdir ekki meiri en svo, að bættar verði á einu ári, enda nemi kostnaður eigi meiru en þriggja ára eftirgjaldi jarðar, skulu báðir, landsdrottinn og leiguliði, bæta skemmdirnar, þannig að leiguliði leggur þó aldrei meira til en svarar eins árs afgjöldum af jörðinni.

Verði land jarðar fyrir meiri skemmdum og til langframa, skulu úttektarmenn meta, hve mikill hluti jarðarafgjaldsins verði að teljast leiga eftir landið sjálft og hve mikið landverð jarðirnar mundi eiga að lækka að fasteignamati vegna skemmdanna, og síðan meta, hve mörg ár sjálf landleigan á að lækka að sama skapi.

36. gr.

Nú verða breytingar á verðlagi eða aðstaða til búskapar á jörð breytist, án þess að einstök fyrirmæli laga þessara nái til þess, og getur þá hvor aðilja krafizt, að úttektarmenn endurskoði leigumála jarðar og meti eftirgjald eftir jörð með

hliðsjón af eldri leigumála og breytingum þeim, er orðið hafa síðan hann var gerður. Nú telur annarhvor aðilja leigumála jarðar óviðunandi, samanborið við leigumála á líkum jörðum í þeirri sveit eða héraði, og getur hann þá á sama hátt krafizt endurskoðunar á leigumálanum.

VI. KAFLI.

Um reka á leigujörðum.

37. gr.

Þegar reki fylgir jörð, skal landsdrottinn hafa allan fjögra álna við og lengri, en leiguliði allan við minni, nema landsdrottinn vilji nota hann til einhverra umbóta á jörðinni.

Skal þá leiguliði hirða við þann, er rekur, sem ætti hann sjálfur og draga úr flæðarmáli, svo eigi taki út aftur. Skylt er leiguliða, er sérstakt rekaítak er í ábýlisjörð hans, að hirða reka fyrir eiganda, marka hann viðarmarki hans og bjarga, svo að sjór taki ekki út. Öll álnarlöng kefli eða minni skulu þá vera eign leiguliða.

38. gr.

Nú rekur hval, og skal þá landeigandi hafa $\frac{2}{3}$, en leiguliði $\frac{1}{3}$ hluta hvalsins. Leiguliði skal festa hvalinn landfestum og bjarga sem lög ákveða. Gera skal hann strax landsdrottni aðvart eða umboðsmanni hans. Komi landsdrottinn eða umboðsmaður hans ekki þegar á vettvang, er leiguliða rétt að skera hvalinn, en ábyrgjast skal hann landsdrottni allan þann hval, er hann sker. Um endurgjald til leiguliða fer sem lög ákveða.

39. gr.

Um allan annan reka á leigujörð fer eftir lagaákvæðum, er gilda þar um í hvert sinn.

VII. KAFLI.

Um jarðabætur á leigujörðum og greiðslu landsdrottins.

40. gr.

Þegar leiguliða er með ákvæðum byggingarbréfs gert að skyldu að inna af höndum jarðarafgjald að einhverju leyti með jarðabótum eða öðrum framkvæmdum, en hann vanrækir að framkvæma þær, á landsdrottinn heimtingu á endurgreiðslu jarðarafgjalds í peningum, eftir því sem úttektarmenn meta.

Heimilt er leiguliða, án samþykkis landsdrottins, að gera minni háttar jarðabætur á ábýlisjörð sinni, ef þær eru að mati trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands vel og hyggilega gerðar og stuðla að því að hækka jörðina í verði. Skal leiguliði, þá er hann fer frá jörðinni, fá jarðabætur þessar greiddar, eftir því

sem úttektarmenn meta, að hækka megi þeirra vegna landskuld á jörðinni, þannig að hann fái tólffalda landskuldarhækkunina, en þó eigi yfir kostnaðarverð jarðabótanna, að frádreginni fyrningu.

41. gr.

Ef leiguliði ætlar að gera meiri háttar jarðabætur, þannig að þær á einu ári kosti hann meira en sem nemur eftirgjaldi jarðarinnar, skal hann jafnan leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á, að hann láti gera jarðabótina á sinn kostnað og hækki fyrir því eftirgjald jarðarinnar sem svarar vöxtum ræktunarsjóðs.

Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðabótina á sinn kostnað, en hún að áliti trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands er nauðsynleg og álitleg til að gefa góðan arð, er leiguliða heimilt að framkvæma verkið, og á hann þá, er hann fer frá jörðinni, sömu kröfu fyrir þá jarðabót eins og segir í næstu grein á undan og eftir mati sömu manna.

42. gr.

Nú vill landsdrottinn gera jarðabót á jörð, sem er í fastri byggingu, og getur hann þá um það leitað samkomulags við leiguliða. Náist ekki samkomulag, getur hann látið gera jarðabótina engu að síður, en bæti leiguliða fullum bótum það, sem verkið kann að spilla leiguliðanotum hans. Þegar jarðabótinni er lokið, getur hann látið úttektarmenn skoða hana og meta, hversu mikið jarðarafgjald megi hækka við jarðabótina. Getur hann þá afhent hana leiguliða, og ber honum þá að halda henni vel við og svara henni í góðu lagi eða með álagi. Ennfremur ber honum að gjalda árlega þá hækkun á eftirgjaldi, sem metin er fyrir jarðabótina, enda fari það gjald ekki fram úr almennum útlánsvöxtum Búnaðarbanka Íslands af kostnaðarverði jarðabótarinnar.

Nú er leiguliða, að dómi úttektarmanna, ekki fært að greiða eftirgjaldshækkun samkvæmt 1. lið þessarar greinar, og er landsdrottni þá rétt, með samþykki úttektarmanna, að taka hluta af jörðinni til nýbýlis, gegn því að bæta leiguliða missinn með umbótum á þeim hluta jarðar, er hann heldur, eða gegn hæfilegri lækkun eftirgjaldsins.

43. gr.

Leiguliðabót samkvæmt 14. gr. skal vera forgangskrafa í bú leiguliða og ganga jafnhliða þeim kröfum, sem nefndar eru í b-lið 83. gr. skiptalaga, nr. 3, 12. apríl 1878. Krafa sú, er leiguliði á á hendur landsdrottni samkvæmt 12. gr., 13. gr., 40. gr. 2. mgr. og 41. gr., skal vera forgangskrafa í bú landsdrottins, og gengur hún næst á eftir þeim forgangskröfum, sem nú eru í lögum.

VIII. KAFLI.

Um kaupskyldu á leigujörðum.

44. gr.

Nú býður landsdrottinn leiguliða ábýlisjörð hans til kaups með þeim kjörum, er segir í 18. gr., en leiguliði neitar eða hefir eigi svarað kauptilboði innan missiris, og hefir leiguliðinn þá fyrirgert ábúðarrétti sínum, og getur eigandi þá byggt honum út af jörðinni fyrir næstu jól að frestinum liðnum.

IX. KAFLI.

Um úttektir á leigujörðum.

45. gr.

Þá er leiguliðaskipti verða á jörðum, skal taka þær út með lögmætri skoðunargerð. Úttekt á jörðu skal fram fara fyrir 20. júní.

Úttektarmenn skulu gera viðtakanda og fráfaranda aðvart, hvenær úttekt fer fram, með nægum fyrirvara, svo og landsdrottni eða umboðsmanni hans, svo þeir geti verið þar viðstaddir og gætt réttar síns.

46. gr.

Úttektarmenn skulu vera tveir. Hreppstjórar eru úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en hinn aðalúttektarmann skipar sýslumaður, og tvo varamenn, að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Nú hefir úttektarmaður forföll eða er svo nákominn aðila, að hann mætti eigi dómkveðja til matsstarfa í dómsmáli hans eða getur talizt vilhallur, og tekur þá varamaður sæti hans. Ef úttektarmenn greinir á, skal kalla til varamann þann, sem nær er, og er hann þá oddamaður.

47. gr.

Úttektarmenn, aðrir en hreppstjóri, skulu vera skipaðir til 6 ára. Enginn er skyldugur að taka við endurskipun fyrr en 6 ár eru liðin frá því að hann hætti starfanum. Allir fullveðja búendur hreppsins, yngri en 60 ára, eru skyldir að taka við útnefningu.

Úttektarmenn skulu áður en þeir byrja starf sitt undirrita í úttektarbókina drengskaparheit um að gegna starfi sínu hlutdrægnislaust og eftir beztu vitund og sannfæringu.

48. gr.

Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt sem hér segir:

1. Fyrir úttekt á jörð skal greiða svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 64 frá 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., og kosti fráfarandi og viðtakandi hana að hálfu hvor.
2. Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir, er um ræðir í lögum þessum, ber hverjum úttektarmanni 6 krónur án ferðakostnaðar, og greiðir sá, er

krafizt hefir virðingar eða skoðunargerðar. Þó kostar landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er samkvæmt 13. gr., að hálfu hvor.

49. gr.

Úttektarmenn skulu hafa gerðabók, er sveitarsjóður borgar og sýslumaður löggildir. Skal í hana rita allar úttektir jarða, skoðunargerðir á jörðum samkvæmt 16. gr. og allar matsgerðir úttektarmanna samkvæmt lögum þessum. Þegar úttekt er lokið eða skoðunargerð, skulu úttektarmenn og þeir aðilar, sem eru við úttektina, rita nöfn sín undir í bókina til staðfestingar.

Ef aðilar, einn eða fleiri, neita að rita undir úttektargerð, skal þess getið í bókun. Skyldir eru úttektarmenn að gefa staðfest eftirrit úr gerðabók gegn endurgjaldi samkv. lögum um laun hreppstjóra, nr. 64, 14. nóv. 1917.

50. gr.

Úttektarmenn skulu lýsa nákvæmlega stærð og ásigkomulagi húsa, hvað á skorti til þess að þau séu fullgild jarðarhús, skemmdum á þeim, ef orðið hafa af völdum ábúanda, hvernig húsunum hefir verið viðhaldið og annað, eftir því sem þurfa þykir.

Ennfremur skulu þeir taka út og lýsa öðrum mannvirkjum landsdrottins á jörðinni.

Ef innstæðukúgildi fylgja jörð, skulu úttektarmenn meta, hvort séu fullgild. Þeir skulu og kynna sér nákvæmlega allar jarðarnytjar og meta, hvort jörð er sæmilega setin.

51. gr.

Að lokinni úttektargerð greiðir fráfarandi álag til viðtakanda. En greiði hann eigi þegar álagið, geri úttektarmenn lögtak til lúkningar álaginu í eignum þeim, sem fráfarandi á á jörðinni, eftir því sem hann vísar á og fyrir hendi er. Geti viðtakandi sannað, að hann hafi að lögum krafizt álags frá fráfaranda, en eigi fengið það eða hluta þess, á landsdrottinn að greiða honum það, sem á vantar.

52. gr.

Ef tvíbýli eða fleiri býli eru á jörð, skulu úttektarmenn, ef landsdrottinn óskar þess, skipta í millum þeirra húsum, matjurtagörðum og öðrum mannvirkjum, ef til eru og þess eðlis, að skipt verði. Sömuleiðis túni, engi, skógi, hlunnindum og yfirleitt öllu, sem aðilar koma sér saman um að æskja skipta á.

53. gr.

Ef einhver, sem hlut á að máli, vill eigi hlíta úttekt, sem gerð er á jörð, eða öðrum mats- og skoðunargerðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, getur hann innan tveggja vikna krafizt yfirúttektar eða yfirmats. Skal þá sýslumaður innan hálfs mánaðar skipa fjóra yfirúttektarmenn eða yfirmatsmenn, og skulu þeir haga úttekt eða mati á sama hátt. Sömu laun eiga þeir fyrir starfa sinn sem úttektarmenn, og greiðir krefjandi yfirúttektar það gjald, ef bótum er eigi breytt, ella fer um gjaldið sem segir í 48. gr.

X. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

54. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1934, og koma ákvæði þeirra til framkvæmda jafnskjótt og leiguliðaskipti verða á jörð, eða nýtt byggingarbréf er gefið út eða framlengt eftir að lög þessi öðlast gildi. Þó koma ákvæði um húsabótaskyldu landsdrottins samkvæmt 11. og 12. gr. ekki til framkvæmda fyrr en í fardögum það ár, er 5 ár eru liðin frá því er lög þessi öðlast gildi.

55. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 1, 12. jan. 1884, jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda, svo og önnur lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Ed. 871. Nefndarálit

um frv. til laga um eignarnámsheimild á afnotarétti landsvæðis úr Garðalandi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir kynnt sér mál þetta eftir föngum, og er skoðun hennar, að réttmætt sé að heimila ríkisstjórninni að taka eignarnámi afnotarétt þriggja landspildna upp af Arnarnesvogi, er sumpart hafa verið leigðar á erfðafestu og sumpart eru í byggingu. Skoðun sína byggir nefndin fyrst og fremst á því, að með afhendingu landspildna þessara, sem vafalaust má telja bezta ræktunarland Garðatorfunnar, hafi ýms býli í Garðahverfi verið skert svo mjög, að þau geti tæplega talizt byggileg. Vill nefndin því fyrst og fremst nota landið til skiptingar milli þessara býla. En verði þá einhver afgangur, telur nefndin réttmætt, að Hafnarfjarðarkaupstað verði gefinn kostur á að fá það land.

Breytingartillögur nefndarinnar eru í samræmi við þessa skoðun.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Alþingi, 30. maí 1933.

Páll Hermannsson, form., með fyrirvara.	Pétur Magnússon, fundaskr., frsm.	Jón Jónsson.

Ed. 872. Nefndarálit

um frv. til laga um læknishéraðasjóði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. maí 1933.

Magnús Torfason, form., með fyrirvara.	Jónas Jónsson, fundaskrifari, frsm.	Pétur Magnússon, með fyrirvara.

Ed. 873. Lög

um breyting á lögum nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd.

(Afgreidd frá Ed. 30. maí).

Samhljóða þskj. 828.

Nd. 874. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 864 (Lögreglumenn).

Frá Bergi Jónssyni.

Við 3. Aftan við fyrri málsgrein bætist: og skal með mál út af brotum þessum fara sem almenn lögreglumál.

Ed. 875. Frumvarp

til laga um lögreglumenn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarstjórnar, að fyrirskipa, að í bæjum (kaupstöðum og kauptúnum), þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að tveimur starfandi lögregluþjónum á hverja 1000 íbúa, enda sé lögreglustjóri þar búsettur.

2. gr.

Þar, sem ríkisstjórnin gerir slíka ráðstöfun, skal ríkissjóður greiða ⅙ hluta kostnaðar við lögreglu og löggæzlu bæjarins, þó eigi fyrr en að minnsta kosti einn lögregluþjónn kemur á hverja 700 íbúa. ⅙ lögregluliðsins í Reykjavík skal vera sérstök deild og starfa sem lögreglumenn ríkisins á venjulegum tímum.

Í öðrum bæjum ræður ríkisstjórnin yfir starfskröftum lögreglunnar í hlutfalli við framlög, eftir því sem nánar má ákveða með reglugerð. Lögreglumenn ríkisins skulu m. a. starfa að undirbúningi sakamálsrannsókna, eftirliti með umferð á þjóðvegum, útlendingum, áfengislöggjöf og því að halda uppi reglu á mannfundum utan bæjanna.

Ríkisstjórninni er og heimilt að semja við hlutaðeigandi bæjarfélög um, að lögreglumenn ríkisins taki að sér störf í þágu bæjarfélaganna gegn endurgjaldi.

3. gr.

Lögreglumenn ríkisins skulu, hvenær sem lögreglustjórar telja þess þörf, aðstoða lögreglulið bæjanna til að halda uppi löggæzlu og reglu, enda séu þeir ekki bundnir við önnur nauðsynjastörf í þágu ríkisins.

Ef lögreglustjórar óska, er ríkisstjórninni heimilt að skipa þeim fulltrúa eða yfirlögregluþjón til að stjórna lögreglumönnum ríkisins um stundarsakir eða til langframa.

4. gr.

Lögregluna má ekki nota til þess að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annarsstaðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

5. gr.

Skipshafnir varðskipanna teljast til lögreglumanna ríkisins. Heimilt er ráðherra að ákveða hið sama um tollverði, og eru þeir þá skyldir að inna af hendi störf lögreglumanna.

6. gr.

Þegar sérstaklega stendur á og ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meir en segir í 1. gr., getur hann, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, bætt við varalögreglumönnum, og greiðir þá ríkissjóður allt að helmingi þess kostnaðar, sem leiðir af aukningunni, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur ¼ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.

7. gr.

Lögreglumenn ríkisins, hvort sem er í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru sýslunarmenn ríkisins og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni varalögreglustörfum. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 100 til 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara sem almenn lögreglumál.

Varalögreglumenn fá þóknun fyrir æfingar og kvaðningar. Lögreglumenn

ríkisins og varalögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfsins.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði óhjákvæmilegan kostnað samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 876. Nefndarálit

um frumvarp til laga um lögreglustjóra í Keflavík.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Undirritaðir geta eftir atvikum fallizt á þau rök, sem í greinargerð frumv. eru fram færð, og leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. maí 1933.

Guðbr. Ísberg, fundaskr., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 877. Nefndarálit

um frv. til laga um sérákvæði um verðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. maí 1933.

Ingvar Pálmason, form. Jónas Jónsson, fundaskr., frsm. Jón Þorláksson.

Ed. 878. Nefndarálit

um frv. til víxillaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin fékk þetta frv. ekki til meðferðar fyrr en komið var nærri þinglokum, og hefir því ekki getað athugað það svo, að hún geti ábyrgzt um frá-

gang þess í einstökum atriðum. Þó þykir nefndinni rétt, að málið gangi fram á þessu þingi, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. maí 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.	Jón Þorláksson, frsm.

Ed. 879. Nefndarálit

um frv. til laga um tékka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt, en lætur þess getið, að sakir naumleika tímans hefir hún ekki getað athugað einstök atriði frv., svo að hún geti tekið ábyrgð á búningi þess.

Alþingi, 30. maí 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.	Jón Þorláksson, frsm.

Ed. 880. Nefndarálit

um frv. til laga um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. maí 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Jónas Jónsson, fundaskrifari.	Jón Þorláksson, frsm.

Sþ. 881. Tillaga

til þingsályktunar um lækkun vaxta.

Flm.: Pétur Ottesen, Tryggvi Þórhallsson, Ingólfur Bjarnarson, Bjarni Ásgeirsson, Steingrímur Steinþórsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir almennri vaxtalækkun.

Greinargerð.

Eins og nú er ástatt er það hin mesta nauðsyn fyrir atvinnu- og viðskiptalíf þjóðarinnar, að vextir verði lækkaðir. Með löggjöf frá þessu þingi hefir verið lagður grundvöllur að því, að það geti orðið. Tillagan er til áherzlu í þessu efni.

Ed. 882. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Frá Jakob Möller og H. Steinssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi:
Á flóum og fjörðum skal slík veiði þó aðeins heimil skipum, sem skrásett eru innan lögsagnarumdæma, er að þeim flóa eða firði liggja, sem um er að ræða.

Nd. 883. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

Frá iðnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefir gengið gegnum Ed. og tekið þar smávægilegum breytingum. Getur nefndin fallizt á frumvarpið eins og það er nú og leggur því til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. maí 1933.

Lárus Helgason, form. Magnús Jónsson, fundaskr., frsm. Steingr. Steinþórsson.
Bergur Jónsson. Jón Ólafsson.

Nd. 884. Breytingartillögur

við till. til þál. um sjávarútvegsmál.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson, Héðinn Valdimarsson.

1. Stafliður 1. orðist svo:
að rannsaka og safna skýrslum um fjárhagsástæður, afkomuhorfur og at-

vinnu sjávarútvegsmanna, sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna í kaupstöðum og kauptúnum landsins.
2. Í stað orðsins „útvegsmanna“ í staflið 2. komi: þeirra, er í 1. lið segir.
3. Fyrirsögn tillögunnar verði:
Tillaga til þingsályktunar um atvinnumál.

Nd. 885. Breytingartillaga

við frv. til laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 15. gr. Greinin falli burt.

Nd. 886. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 837 (Fjárlög).

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við brtt. 1. Aftan við till. kemur aths.:
Fjárveitingin skal því aðeins notuð, að útlit sé fyrir, að dómi vitamálastjóra, að mannvirkið stórskemmist, ef ekki er að gert.

Nd. 887. Breytingartillaga

við frv. til laga um lögreglumenn.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Við 5. grein. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
Núverandi tollvörðum ríkisins verður þó ekki skipað að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum.

Nd. 888. Fjárlög

fyrir árið 1934.

(Afgreidd frá Nd. 30. maí).

Samhljóða þskj. 768.

Nd. **889. Lög**

um Kreppulánasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 30. mai).

Samhljóða þskj. 792.

Nd. **890. Lög**

um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

(Afgreidd frá Nd. 30. mai).

Samhljóða þskj. 851.

Ed. **891. Nefndarálit**

um frv. til l. um mjólkurbúastyrk o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. mai 1933.

Páll Hermannsson, form.	Pétur Magnússon, fundaskr.	Jón Jónsson, frsm.

Ed. **892. Breytingartillaga**

við brtt. á þingskjali 859 (Útflutningur á kjöti).

Frá landbúnaðarnefnd.

Í stað orðanna „ásamt verðjöfnuði“ til enda greinarinnar komi: að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga og Sláturfélags Suðurlands.

Ed. **893. Fjáraukalög**

fyrir árið 1932.

(Afgreidd frá Ed. 31. mai).

Samhljóða þskj. 639.

Nd. **894. Tillaga**

til þingsályktunar um launamál, starfsmannafækkun o. fl.

Frá fjárveitinganefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að taka til athugunar launakjör embættis- og starfsmanna ríkis og ríkisstofnana með það fyrir augum, að komið verði á meira samræmi og réttlæti en nú er um launin og þau sniðin eftir fjárhagsgetu ríkisins og afkomu almennings í landinu, og að fækkað verði starfsmönnum svo sem frekast er unnt, enda leggi stjórnin tillögur sínar um þessi mál fyrir næsta Alþingi.
2. Að taka fyrir þá venju, sem víða er á komin í opinberum rekstri, að starfsmenn fái aukaborgun umfram föst laun fyrir vinnu, sem ætti að vera þáttur í embættisstarfi þeirra eða sýslunar.

Ed. **895. Frumvarp**

til laga um lögreglumenn.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarstjórnar, að fyrirskipa, að í bæjum (kaupstöðum og kauptúnum), þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að tveimur starfandi lögregluþjónum á hverja 1000 íbúa, enda sé lögreglustjóri þar búsettur.

2. gr.

Þar, sem ríkisstjórnin gerir slíka ráðstöfun, skal ríkissjóður greiða ⅙ hluta kostnaðar við lögreglu og löggæzlu bæjarins, þó eigi fyrr en að minnsta kosti einn lögregluþjónn kemur á hverja 700 íbúa. ⅙ lögregluliðsins í Reykjavík skal vera sérstök deild og starfa sem lögreglumenn ríkisins á venjulegum tímum.

Í öðrum bæjum ræður ríkisstjórnin yfir starfskröftum lögreglunnar í hlutfalli við framlög, eftir því sem nánar má ákveða með reglugerð. Lögreglumenn ríkisins skulu m. a. starfa að undirbúningi sakamálsrannsókna, eftirliti með umferð á þjóðvegum, útlendingum, áfengislöggjöf og því að halda uppi reglu á mannfundum utan bæjanna.

Ríkisstjórninni er og heimilt að semja við hlutaðeigandi bæjarfélög um, að lögreglumenn ríkisins taki að sér störf í þágu bæjarfélaganna gegn endurgjaldi.

3. gr.

Lögreglumenn ríkisins skulu, hvenær sem lögreglustjórar telja þess þörf, aðstoða lögreglulið bæjanna til að halda uppi löggæzlu og reglu, enda séu þeir ekki bundnir við önnur nauðsynjastörf í þágu ríkisins.

Ef lögreglustjórar óska, er ríkisstjórninni heimilt að skipa þeim fulltrúa eða yfirlögregluþjón til að stjórna lögreglumönnum ríkisins um stundarsakir eða til langframa.

4. gr.

Lögregluna má ekki nota til þess að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annarsstaðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

5. gr.

Skipshafnir varðskipanna teljast til lögreglumanna ríkisins. Heimilt er ráðherra að ákveða hið sama um tollverði, og eru þeir þá skyldir að inna af hendi störf lögreglumanna. Núverandi tollvörðum ríkisins verður þó ekki skipað að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum.

6. gr.

Þegar sérstaklega stendur á og ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meir en segir í 1. gr., getur hann, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, bætt við varalögreglumönnum, og greiðir þá ríkissjóður allt að helmingi þess kostnaðar, sem leiðir af aukningunni, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur ¼ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.

7. gr.

Lögreglumenn ríkisins, hvort sem er í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru sýslunarmenn ríkisins og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni varalögreglustörfum. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 100 til 1000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara sem almenn lögreglumál.

Varalögreglumenn fá þóknun fyrir æfingar og kvaðningar. Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfsins.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði óhjákvæmilegan kostnað samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **896. Lög**

um framlenging á gildi laga um verðtoll.

(Afgreidd frá Nd. 31. maí).

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum, svo og lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, skulu gilda til ársloka 1934.

Ed. **897. Frumvarp**

til laga um samþykktir um sölu mjólkur og rjóma í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum hér á landi, þar sem fram fer sala á mjólk og rjóma frá fullkomnum mjólkurbúum, er viðurkennd hafa verið af atvinnumálaráðherra, skal óheimilt að selja þessar vörur ógerilsneyddar. Undanþegin þessu banni skulu þó mjólkurbú, er að dómi atvinnumálaráðherra hafa sérstaka aðstöðu til þess að hreinsa mjólkina á annan hátt og koma henni óskemmdri á markaðinn.

Ákvæði fyrri málsgreinar taka ekki til svonefndrar barnamjólkur né til þeirrar mjólkur, sem framleidd er innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og framleiðandi selur utan mjólkurbúðar beint til neytenda, enda skulu um slíka sölu sett ákvæði í reglugerð, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd semur og atvinnumálaráðherra staðfestir, og má þar ákveða sektir til bæjar- eða sveitarsjóðs fyrir brot gegn henni, allt að 500 kr. Brot gegn ákvæðum fyrri málsgreinar varða og sektum til sama sjóðs, allt að jafnhárri upphæð.

2. gr.

Mjólkurframleiðendur á stærri eða minni svæðum, sem selja mjólk og rjóma í kaupstöðum eða kauptúnum frá viðurkenndum mjólkurbúum, geta gert með sér samþykktir um skipulag sölu á þessum vörum í ákveðnum kaupstöðum eða kauptúnum.

Slík svæði nefnast sölusvæði, og geta fleiri en einn kaupstaður eða kauptún verið innan slíks sölusvæðis.

Innan sömu sölusamtaka geta þeir einir verið, sem hafa aðstöðu til að selja mjólk sína á sama sölustað eða sölustöðum. Þó skulu mjólkurbú innan sömu sölusamtaka ekki vera fjær sölustað en 120 km. og félagar þeirra ekki fjær en 200 km. frá sölustað, miðað við venjulega flutningaleið.

Nú óskar stjórn mjólkurbús eða mjólkurbúa á svæði því, sem samþykkt er ætlað að ná yfir, að slík samþykkt sé gerð, og skal þá, með nægum fyrirvara,

boða til fundar um málið öll mjólkurbú á svæðinu og senda þeim samþykktarfrumvarpið til athugunar, en hvert bú kýs sér fulltrúa til þess að fara með atkvæði á fundinum fyrir þess hönd, og hafa fulltrúar hvers bús atkvæðisrétt í hlutfalli við mjólkurmagn þess á síðastliðnu almanaksári. Eigi verður samþykkt gerð nema henni hafi goldið jákvæði fulltrúar, er samtals hafa yfir að ráða að minnsta kosti 75% af samanlögðu mjólkurmagni allra búanna. Nú nær samþykktarfrumvarp tilskildu atkvæðamagni, og skal það þá sent atvinnumálaráðherra til staðfestingar ásamt staðfestu eftirriti af fundargerðinni, umboðum fulltrúanna og öðrum skilríkjum. Ef ráðherra þykir samþykktin fara í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, synjar hann um staðfestingu, endursendir frumvarpið og tilgreinir ástæður fyrir synjaninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykkt fellur niður með hæfilegum fyrirvara, sem þar skal ákveðinn, ef mjólkurbú eða umboðsmenn mjólkurbúa, sem hafa yfir að ráða að minnsta kosti 35% af samanlögðu mjólkurmagni allra búanna, krefjast þess. En samþykkt verður ekki breytt á annan hátt en til hennar var stofnað.

Í samþykkt má ákveða sektir, allt að 1000 kr., fyrir brot gegn henni, og skulu þær sektir renna í verðjöfnunarsjóð, sbr. 3. gr.

3. gr.

Nú er samþykkt gerð samkv. 2. gr., og skal þá stofna verðjöfnunarsjóð fyrir hvert sölusvæði. Í hann skal renna ákveðið gjald af hverjum mjólkurlítra, sem seldur er sem neyzlumjólk á sölustað eða sölustöðum samtakanna. Gjald þetta skal ákveðið í samþykktinni og má aldrei vera hærra en 5% af útsöluverði gerilsneyddrar mjólkur. Sama gjald skal og greiða í verðjöfnunarsjóð af barnamjólk þeirri, sem seld er frá félagsmönnum í mjólkurbúum þeim, er samþykktin nær til.

Skylt er þeim, er mjólk framleiða innan takmarka sölusvæðis, sem samþykkt er gerð fyrir, og selja hana þar beint frá heimilum sínum til neytenda, að greiða sama gjald til verðjöfnunarsjóðs af hverjum mjólkurlítra, sem ákveðið hefir verið í samþykkt, og skal þá miðað við 2500 lítra ársnyt úr hverri kú.

Gjald til verðjöfnunarsjóðs skal greitt í byrjun hvers mánaðar eftir á til gjaldkera sjóðsins, og er lögtakskræft.

4. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal varið til greiðslu uppbótar á verði seldra mjólkurafurða innan sölusvæðisins til framleiðenda, sem eru í fullkomnum mjólkurbúum og starfa undir skipulagi samkv. 2. gr., eftir nánari ákvæðum samþykkta þeirra, sem þar um getur. Í þeim samþykktum skal og nánar kveðið á um fyrirkomulag og stjórn sjóðsins.

5. gr.

Nú er samþykktum komið á samkv. 2. gr., og skal þá skipuð 7 manna nefnd til þess að ákveða útsöluverð mjólkur á samlagssvæðinu og skera úr á-

greiningi, sem rísa kann milli seljenda annarsvegar og bæjarstjórnar eða hreppsnefndar hinsvegar, svo framarlega sem þau mál heyra ekki undir úrskurð dómstólanna. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af framleiðendum, þeim er hlut eiga að máli, samkv. nánari ákvæðum, er setja má í samþykkt, 2 af bæjarstjórn eða hreppsnefnd og 3 skipaðir af atvinnumálaráðherra.

6. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og samþykktum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **898. Lög**

um virkjun Sogsins.

(Afgreidd frá Nd. 31. maí).

Samhljóða þskj. 596.

Ed. **899. Breytingartillaga**

við till. til þál. um innlenda sútunar- og skófatnaðarverksmiðju.

Frá forsætisráðherra.

Við 1. b. Á eftir orðinu „skófatnað“ kemur: og fleira.

Sþ. **900. Tillaga**

til þingsályktunar um innlenda sútunar- og skófatnaðarverksmiðju.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta rannsaka, hvað kosta mundi að koma á fót:
   a. Sútunarverksmiðju til sútunar á hverskonar innlendum skinnum, er aðallega séu ætluð til notkunar hér á landi.
   b. Verksmiðju til að vinna úr slíkum skinnum skófatnað og fleira til innlendrar notkunar.

2. Að leita síðan fyrir sér um stofnun félaga, eins eða tveggja, til þess að setja slíkar verksmiðjur á stofn og reka þær með stuðningi ríkisins, ef eigi fæst til þess á annan hátt nægilegt fjármagn.

Er þess vænzt, að stjórnin hraði rannsókn þeirri, er í 1. lið a—b getur, svo sem frekast er unnt, og er henni heimilt að verja til þess fé úr ríkissjóði. Ef ekki tekst stofnun félags eða félaga samkv. 2. lið, til þess að koma á fót og starfrækja verksmiðjurnar án stuðnings frá ríkinu, er skorað á stjórnina að leggja tillögur sínar í málinu fyrir næsta Alþingi.

Ed. 901. Breytingartillaga

við frv. til laga um samþykktir um sölu mjólkur og rjóma í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

Frá Jóni Þorlákssyni og Bjarna Snæbjörnssyni.

Við 3. gr. Á eftir annari málsgrein komi ný málsgrein, þannig:

Undanþegnir gjaldi til verðjöfnunarsjóðs skulu framleiðendur mjólkur innan þess kaupstaðar eða hrepps, þar sem aðflutt mjólk af sölusvæðinu er seld.

Ed. 902. Frumvarp

til laga um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bannað er að flytja til landsins niðursoðna mjólk.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð hámarksverð á innlenda niðursoðna mjólk, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum frá 200—5000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Ólöglega innflutt mjólk skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í ríkissjóð.

4. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerð þeirri, er sett kann að verða samkv. 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **903. Frumvarp**

til laga um útflutning á kjöti.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ekkert kjöt má flytja út frá Íslandi til Noregs eða Englands, nema með leyfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

2. gr.

Þeir einir geta fengið leyfi til kjötútflutnings til ofannefndra landa, sem fluttu þangað kjöt af framleiðslu áranna 1930—1932. Leyfin verða miðuð við kjötútflutninginn eins og hann var hjá hverjum útflytjanda þessi ár.

Nú hafa orðið eigandaskipti að verzlun, er flutt hefir út kjöt til þessara landa, og öðlast þá hinn nýi eigandi sömu aðstöðu til útflutnings sem hinn hafði.

Sláturhús, kaupfélög og aðrar verzlanir, sem falið hafa öðrum kjötútflutning til þessara landa, skulu, ef þess er óskað, koma til greina við ákvörðun útflutningsleyfa sem sjálfstæðir útflytjendur, enda sé þá miðað við það kjötmagn, er þeir létu flytja út, og skal það kjötmagn koma til frádráttar kjötútflutningsmagns þess firma, er útflutninginn hafði á hendi, þegar útflutningsleyfi þess skal ákveðið.

3. gr.

Umsóknir um leyfi til kjötútflutnings skulu komnar í hendur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Umsóknum þessum skulu í fyrsta sinn fylgja skilríki fyrir því, hve mikið kjöt umsækjandi hefir flutt út af framleiðslu áranna 1930—1932, og sé tilgreint, hversu mikið er flutt til hvers lands af framleiðslu hvers árs um sig.

4. gr.

Ekkert kjöt má flytja til Noregs á tímabilinu 1. júlí til 15. október ár hvert.

5. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður þegar útflutningsleyfi er veitt, hve mikið hver útflytjandi má flytja af kjöti til ofannefndra landa á hverjum ársfjórðungi. Sýslumenn og bæjarfógetar hafa eftirlit með því, að útflytjendur sendi ekki meira kjöt til ofannefndra landa en leyft er á hverjum tíma.

6. gr.

Nú hefir verið flutt til Noregs það kjötmagn, sem nýtur tollívilnunar ár hvert, og getur þá ráðuneytið leyft frekari útflutning, ef þess er óskað.

7. gr.

Nánari fyrirmæli um kjötútflutninginn getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sett með reglugerð.

8. gr.

Nú verður, að dómi atvinnumálaráðherra, óhæfilega mikið framboð á kjöti til sölu innanlands vegna óviðráðanlegra útflutningstakmarkana, og getur þá ríkisstjórnin ákveðið í reglugerð, að komið verði skipulagi á sölu kjöts innanlands, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga og Sláturfélags Suðurlands.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., er renna í ríkissjóð.

Um mál, sem rísa út af lögum þessum, fer sem um opinber lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. júlí 1934.

Ed. 904. Breytingartillaga

við frv. til laga um útflutning á kjöti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 9. gr. Greinina skal orða svo:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er settar kunna að verða samkv. þeim, varða sektum, allt að 10000 kr., er renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Ed. 905. Nefndarálit

við frv. til laga um viðbótar-tekju- og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. júní 1933.

Ingvar Pálmason, form.	Jónas Jónsson, fundaskr., frsm.

Ég er frv. þessu mótfallinn og vísa til ástæðna þeirra, er ég flutti við 1. umr. málsins.

Jón Þorláksson.

Ed. **906. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við 1. gr. bætist:

Á Breiðafirði og Faxaflóa skal slík veiði þó aðeins heimil skipum, sem skrásett eru innan lögsagnarumdæma, er að þeim liggja, öðrumhvorum eða báðum.

Ed. **907. Breytingartillaga**

við frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir 3. gr. kemur ný grein, sem verður 4. gr., og breytist greinatalan samkv. því:

Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim, allt að 10000 kr., er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Sþ. **908. Þingsályktun**

um innlenda sútunar- og skófatnaðarverksmiðju.

(Afgreidd frá Sþ. 1. júní).

Samhljóða þskj. 900.

Ed. **909. Lög**

um sérákvæði um verðtoll.

(Afgreidd frá Ed. 1. júní).

Samhljóða þskj. 808.

Nd. **910. Lög**

um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

(Afgreidd frá Nd. 1. júní).

Samhljóða þskj. 856.

Nd. **911. Lög**

um breytingar á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

(Afgreidd frá Nd. 1. júní).

Samhljóða þskj. 730.

Nd. **912. Lög**

um skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.

(Afgreidd frá Nd. 1. júní).

Samhljóða þskj. 822.

Nd. **913. Þingsályktun**

út af víxilskuldum á Austfjörðum vegna síldareinkasölu Íslands frá 1931.

(Afgreidd frá Nd. 1. júní).

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um það við bankana, vegna hinna sérstöku ástæðna og erfiðleika viðkomandi manna, að frestað verði víxilmálunum gegn útgefendum og samþykkjendum síldarvíxla út af viðskiptum síldareinkasölunnar við austfirzka síldarútflytjendur 1931, svo sem með framlengingarvíxlum, þar til úrlausn fæst um viðskipti þessi, að nánar athuguðu máli.

Nd. 914. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að ákveða með reglugerð, hversu mikið af frystu og kældu kjöti megi flytja til Bretlands og ákveða, hvernig útflutningi skuli hagað.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til, ef þörf krefur, að ákveða hámarksútflutning af fiski til Bretlands og ákveða með reglugerð, hvernig útflutningi skuli hagað.

3. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að hafa eftirlit með innflutningi á kolum og, ef þörf krefur, að banna um stundarsakir innflutning á kolum frá öðrum löndum en Bretlandi, svo og ákveða með reglugerð, hvernig innflutningi kola skuli hagað.

4. gr.

Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim, allt að 10000 kr., er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda meðan viðskiptasamningur við Breta frá 17. maí 1933 stendur.

Nd. 915. Frumvarp

til laga um útflutning á kjöti.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ekkert kjöt má flytja út frá Íslandi til Noregs eða Englands, nema með leyfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

2. gr.

Þeir einir geta fengið leyfi til kjötútflutnings til ofannefndra landa, sem fluttu þangað kjöt af framleiðslu áranna 1930—1932. Leyfin verða miðuð við kjötútflutninginn eins og hann var hjá hverjum útflytjanda þessi ár.

Nú hafa orðið eigandaskipti að verzlun, er flutt hefir út kjöt til þessara landa, og öðlast þá hinn nýi eigandi sömu aðstöðu til útflutnings sem hinn hafði.

Sláturhús, kaupfélög og aðrar verzlanir, sem falið hafa öðrum kjötútflutning til þessara landa, skulu, ef þess er óskað, koma til greina við ákvörðun útflutningsleyfa sem sjálfstæðir útflytjendur, enda sé þá miðað við það kjötmagn, er þeir létu flytja út, og skal það kjötmagn koma til frádráttar kjötútflutningsmagns þess firma, er útflutninginn hafði á hendi, þegar útflutningsleyfi þess skal ákveðið.

3. gr.

Umsóknir um leyfi til kjötútflutnings skulu komnar í hendur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Umsóknum þessum skulu í fyrsta sinn fylgja skilríki fyrir því, hve mikið kjöt umsækjandi hefir flutt út af framleiðslu áranna 1930—1932, og sé tilgreint, hversu mikið er flutt til hvers lands af framleiðslu hvers árs um sig.

4. gr.

Ekkert kjöt má flytja til Noregs á tímabilinu 1. júlí til 15. október ár hvert.

5. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður þegar útflutningsleyfi er veitt, hve mikið hver útflytjandi má flytja af kjöti til ofannefndra landa á hverjum ársfjórðungi. Sýslumenn og bæjarfógetar hafa eftirlit með því, að útflytjendur sendi ekki meira kjöt til ofannefndra landa en leyft er á hverjum tíma.

6. gr.

Nú hefir verið flutt til Noregs það kjötmagn, sem nýtur tollívilnunar ár hvert, og getur þá ráðuneytið leyft frekari útflutning, ef þess er óskað.

7. gr.

Nánari fyrirmæli um kjötútflutninginn getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sett með reglugerð.

8. gr.

Nú verður, að dómi atvinnumálaráðherra, óhæfilega mikið framboð á kjöti til sölu innanlands vegna óviðráðanlegra útflutningstakmarkana, og getur þá ríkisstjórnin ákveðið í reglugerð, að komið verði skipulagi á sölu kjöts innanlands, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga og Sláturfélags Suðurlands.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er settar kunna að verða samkv. þeim, varða sektum, allt að 10000 kr., er renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. júlí 1934.

Ed. 916. Frumvarp

til laga um eignarnámsheimild á afnotarétti landsvæðis úr Garðalandi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka eignarnámi afnotarétt landspildna þeirra úr Garðalandi á Álftanesi, sem leigðar voru á erfðafestu vorið 1932 þeim Tryggva Guðmundssyni ráðsmanni á Kleppi og Hermanni Jónassyni lögreglustjóra í Reykjavík, svo og afnotarétt þeirrar landspildu, er Eyjólfur Jóhannsson forstjóri í Reykjavík hefir fengið skipt úr jörðinni sem ábúandi á hjáleigunni Bakka.

2. gr.

Þá er eignarnám hefir fram farið, skal taka upp af nýju landskipti þau, er gerð voru á síðasta ári á landi Garðatorfunnar. Við hin nýju skipti skal að minnsta kosti helmingur af landsvæði því, er um ræðir í 1. gr., koma til skipta og þess gætt, að öll býli í Garðahverfinu, bæði þau, sem eru í sjálfsábúð, og hin, sem leigð eru, fái hæfilega mikið af ræktanlegu landi.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að leigja eða selja Hafnarfjarðarkaupstað það land, sem afgangs kynni að verða, þegar landskiptum er lokið, enda náist samkomulag um skilmála.

4. gr.

Afhending lands þess, er um ræðir í 1. gr., skal því skilyrði bundin, að notandi endurgreiði kostnað við þau mannvirki, er gerð hafa verið á landinu, áður en eignarnámið fer fram. Á það jafnt við, hvort sem landið er látið til bænda í Garðahverfi eða til Hafnarfjarðarkaupstaðar.

5. gr.

Færi svo, að bætur yrðu metnar fyrir missi afnotaréttarins, ber að greiða þær úr ríkissjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 917. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir athugað þetta frumvarp, en ekki getað orðið á eitt sátt um það, hversu með skuli farið. Sá hluti nefndarinnar, sem að þessu nefndar-

áliti stendur, telur reynslu Íslendinga af dragnótaveiðum vera þannig, að ekki sé mikils ábata að vænta af þeim atvinnurekstri, en þar sem því hinsvegar er haldið fram með veigamiklum rökum, að þessar veiðar séu skaðlegar öðrum fiskveiðum, þá leggur hann til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 31. maí 1933.

Jakob Möller,
fundaskrifari.

Ed. 918. Breytingartillaga

við frv. til laga um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum.

Flm.: Pétur Magnússon.

Við 1. gr. Á eftir „sækja“ komi: fyrir gestarétti.

Ed. 919. Þingsályktun

um rannsókn á búfjársjúkdómum.

(Afgreidd frá Ed. 1. júní).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að nú þegar verði hafin rannsókn á og leitað ráða við lungna- og garnaormaveiki í sauðfé og hinni svonefndu Hvanneyrarveiki, og að þeirri rannsókn verði hraðað svo sem frekast er unnt.

Kostnaður af rannsókninni greiðist úr ríkissjóði.

Ed. 920. Ábúðarlög

(Afgreidd frá Ed. 1. júní).

Samhljóða þskj. 870.

Ed. 921. Breytingartillögur

við frv. til l. um læknishéraðasjóði.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur og Einari Árnasyni.

1. Á eftir 4. gr. kemur ný gr., sem verður 5. gr., svo látandi:
   Þegar prestakall er prestslaust, svo að eigi kemur til greiðslu embættislauna eða hluta þeirra, skal fjárhæð sú, sem sparast, miðað við byrjunarlaun presta, renna í sérstakan sjóð, sem kirkjuráð varðveitir.
   Sjóðurinn heitir prestakallasjóður, og skal hann geymdur í Landsbanka Íslands. Kirkjuráðið ráðstafar sjóði þessum til verkefna þeirra, sem því eru ætluð samkv. lögum nr. 21 6. júlí 1931.
2. Fyrirsögn frv. verður:
   Frv. til l. um læknishéraða- og prestakallasjóði.
   Greinatalan breytist samkv. atkvgr.

Nd. 922. Breytingartillögur

við frv. til laga um veitingaskatt.

Frá fjármálaráðherra.

1. Við 1. gr.
   a. Síðasta málsl. fyrri málsgr. skal orða svo:
      Skattur samkvæmt lögum þessum skal þó eigi reiknaður af öðru en því, sem selt er til neyzlu á staðnum.
   b. Fyrir orðin „og ber þá að innheimta skatt af þeirri starfsemi“ í niðurlagi greinarinnar kemur: og skulu þá þeir, er slíka starfsemi reka, skoðaðir sem skattskyldir veitingasalar.
2. Við 4. gr.
   a. Fyrir „með niðursettu verði“ í fyrri málsgr. kemur: seldar.
   b. Síðari málsgr. skal orða svo:
      Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef því þykir ástæður mæla með, að undanþiggja veitingaskatti veitingasölu, sem rekin er í góðgerðaskyni fyrir almenning.
3. Við 5. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
   Allir þeir, sem þegar eru skyldir til að greiða veitingaskatt, o. s. frv.
4. Við 6. gr. Síðasta málsgr. fellur burt.
5. Við 10. gr. Greinina skal orða svo:
   Um reikningsskil innheimtumanna fer eftir því, sem ráðuneytið skipar fyrir.
6. Við 14. gr. Á eftir „sektir“ í síðari málsl. kemur: eftir því sem við verður komið.

7. Við 15. gr. Fyrsta málsl. fyrstu málsgr. skal orða svo:
   Hegningarákvæðum laga þessara ber að beita gegn eigendum eða stjórnendum veitingastarfseminnar.
8. Við 16. gr. Á eftir „lögum þessum“ kemur: og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.
9. Á eftir 16. gr. kemur ný grein, sem verður 17. gr., svo látandi:
   Fjármálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um innheimtu skattsins og framkvæmd þessara laga og ákveður sektir fyrir brot á reglugerðinni í samræmi við sektarákvæði laganna.
10. 17. gr. verður 18. gr.

Ed. 923. Breytingartillaga

við frv. til laga um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum.

Flm.: Pétur Magnússon.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Nú er víxilmál eigi rekið fyrir gestaréttí, og skulu þó frestir allir vera sem í gestaréttarmálum.

Nd. 924. Frumvarp

til laga um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Víxilmál má höfða og sækja fyrir gestaréttí í þinghá þeirri, þar sem víxillinn á að greiðast.

2. gr.

Nú er víxilmál eigi rekið fyrir gestaréttí, og skulu þó frestir allir vera sem í gestaréttarmálum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi lög um sérstakt varnarþing í víxilmálum, nr. 33 11. júlí 1911. Síðastnefndum lögum skal þó beita um tékka, er út voru gefnir áður en þessi lög öðlast gildi.

Ed. **925. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lögreglumenn.

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Þriðja málslið 5. greinar skal orða svo:
   Skipshöfnum varðskipanna og tollvörðum ríkisins verður þó ekki skipað að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum.
2. 6. gr. skal falla niður.

Nd. **926. Lög**

um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina.

(Afgreidd frá Nd. 2. júní).

Samhljóða þskj. 914.

Nd. **927. Lög**

um breyting á lögum nr. 32 frá 1930, um menntaskóla á Akureyri.

(Afgreidd frá Nd. 2. júní).

1. gr.

4. töluliður í 10. gr. laganna fellur burt. Liðatala greinarinnar breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **928. Tillaga**

til þingsályktunar um atvinnumál.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson, Héðinn Valdimarsson, Bernh. Stefánsson, Björn Kristjánsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að rannsaka og safna skýrslum um fjárhagsástæður, afkomuhorfur og atvinnu sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna í kaupstöðum og kauptúnum landsins og að leggja árangur þeirra rannsókna og tillögur því viðvíkjandi fyrir næsta þing.

Nd. 929. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 55 1928 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrabjargs skulu veiðar með dragnótum leyfðar í landhelgi frá 15. júní til 30. nóvember ár hvert. Á Breiðafirði og Faxaflóa skal slík veiði þó aðeins heimil skipum, sem skrásett eru innan lögsagnarumdæma, er að þeim liggja, öðrumhvorum eða báðum.

2. gr.

Ákvæði 8. gr. laganna falla niður að því er snertir það svæði, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1931.

Nd. 930. Lög

um útflutning á kjöti.

(Afgreidd frá Nd. 2. júní).

Samhljóða þskj. 915.

Nd. 931. Lög

um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk.

(Afgreidd frá Nd. 2. júní).

Samhljóða þskj. 902.

Ed. 932. Breytingartillaga

við frv. til laga um viðbótar-tekju- og eignarskatt.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 3 gr. Á eftir kemur ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi:

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal skipta þannig:

75% af tekjum samkvæmt lögunum skulu renna til bæjarsjóða og sveit-

arsjóða, og skal skipta þeim milli þeirra eftir þeim reglum, að bæjarsjóður eða sveitarsjóður fá 75% af tekjum þeim, er innheimtast af viðbótar-tekju- og eignarskatti í hlutaðeigandi bæjarfélagi eða sveitarfélagi.

Mánaðarlega, jafnóðum og viðbótar-tekju- og eignarskattur innheimtist, skal ríkissjóður greiða bæjarsjóði eða sveitarsjóði þann hluta, 75%, er bæjar- eða sveitarsjóði ber samkvæmt þessari grein.

Fé það, er bæjar- og sveitarsjóðir fá í sinn hluta af tekjum samkvæmt lögum þessum, skal varið til atvinnubóta og verklegra framkvæmda í bæjar- eða sveitarfélaginu í samráði við stjórn Alþýðusambands Íslands.

Ed. 933. Lög

um lögreglumenn.

(Afgreidd frá Ed. 2. júní).

Samhljóða þskj. 895.

Ed. 934. Breytingartillaga

við frv. til l. um samþykktir um sölu mjólkur og rjóma í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 2., 3., 4., 5. og 6. gr. falli niður.
   Greinatalan breytist samkvæmt því.
2. Fyrirsögnin verður:
   Frv. til l. um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma.

Ed. 935. Víxillög.

(Afgreidd frá Ed. 2. júní).

FYRSTI ÞÁTTUR

Um víxla á hendur öðrum manni.

Fyrsti kapítuli.

Um útgáfu víxils og form.

1. gr.

Í víxli skal greina:

1. Orðið víxil í meginmáli skjalsins og á því máli, sem skjalið er ritað á.
2. Skilyrðislaus tilmæli um að greiða ákveðna upphæð peninga (víxilfjárhæð).

3. Nafn þess, er greiða skal (greiðandi, trassat).
4. Gjalddaga.
5. Greiðslustað.
6. Nafn þess, er við greiðslu á að taka, eða ávísa má víxilfjárhæðinni til greiðslu (viðtakandi, remittent).
7. Útgáfudag og útgáfustað víxilsins; og
8. Undirskrift þess, er víxilinn gefur út (útgefandi, trassent).

2. gr.

Nú brestur á, að greind séu í skjali öll þau atriði, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, og hefir skjalið þá eigi víxilgildi, nema þegar svo er ástatt sem segir síðar í þessari grein.

Sé gjalddagi eigi tilgreindur, telst víxillinn gjaldkræfur við sýningu.

Sé greiðslustaður eigi tilgreindur sérstaklega, skal sá staður, sem tilgreindur er við nafn greiðanda, talinn vera greiðslustaður víxilsins, og skal þessi staður þá einnig vera talinn heimili greiðanda.

Sé útgáfustaður eigi tilgreindur, skal líta svo á, að víxillinn hafi verið undirritaður á þeim stað, sem tilgreindur er við nafn útgefanda.

3. gr.

Víxil má gefa út til ráðstöfunar útgefanda sjálfs.

Gefa má víxil út á hendur útgefanda sjálfum.

Gefa má víxil út fyrir reikning þriðja manns.

4. gr.

Kveða má svo á í víxli, að hann skuli greiddur hjá þriðja manni, annaðhvort á þeim stað, þar sem greiðandi býr, eða annarsstaðar.

5. gr.

Útgefandi getur kveðið svo á í víxli, sem greiðast á við sýningu eða tilteknum tíma eftir sýningu, að vexti skuli greiða af víxilfjárhæðinni, en í öllum öðrum víxlum skulu slík ákvæði metin sem óskráð.

Tilgreina skal vaxtahæðina í víxlinum, og skal ákvæðið um vexti að öðrum kosti metið sem óskráð.

Vextina skal greiða frá útgáfudegi víxilsins, sé eigi annar dagur tiltekinn.

6. gr.

Nú er fjárhæð tilgreind í víxli bæði með bókstöfum og með tölustöfum, og ber upphæðum þessum eigi saman, og gildir þá sú fjárhæðin, sem með bókstöfum er skráð.

Sé fjárhæðin tilgreind oftar en einu sinni í víxlinum, annaðhvort með bókstöfum eða með tölustöfum, og beri þeim eigi saman, gildir hin lægsta upphæðin ein.

7. gr.

Séu á víxli nöfn manna, er brestur hæfi til að taka á sig víxilskyldu, fölsuð nöfn, nöfn, sem fundin eru upp, eða nafnritanir, sem af öðrum ástæðum eigi baka þeim skuldbindingu, er þau rituðu, eða þeim manni, er þau voru rituð í nafni hans, er þó skuldbinding hinna víxilskuldaranna gild, þrátt fyrir það.

8. gr.

Sá, sem ritar nafn sitt á víxil fyrir hönd annars manns, en hefir eigi umboð til þess, verður sjálfur skuldbundinn eftir víxlinum, enda öðlast hann, er hann hefir greitt víxilinn, sama rétt og hinn myndi hafa öðlazt. Sama gildir um þann mann, er farið hefir út fyrir umboð sitt.

9. gr.

Útgefandi ábyrgist samþykki víxilsins og greiðslu hans.

Undanskilja má hann sig ábyrgð á samþykki víxilsins, en hver sá fyrirvari, er hann setur og miðar til þess að undanþiggja hann ábyrgð á greiðslu víxilsins, skal metinn sem óskráður væri.

10. gr.

Nú er víxill eigi ritaður að fullu, er hann er gefinn út, og er hann seinna fylltur út á annan veg en um hafði verið samið, og verður þetta þá eigi borið fyrir við víxilhafa, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk víxilinn, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Annar kapituli.

Um framsal víxla.

11. gr.

Framselja má víxil, með áritun á hann, þriðja manni (framsalshafa), enda þótt víxillinn sé eigi berum orðum gefinn út til framsals.

Nú hefir útgefandi tekið í víxilinn orðin „eigi til framsals“ eða því lík orðatiltæki, og verður víxillinn þá aðeins framseldur með því formi og með þeim áhrifum, er gilda um almennt framsal kröfu.

Framselja má víxil einnig til greiðanda, hvort sem hann hefir samþykkt víxilinn eða eigi, svo og til útgefanda eða annars víxilskuldara. Þessir menn geta framselt víxilinn aftur.

12. gr.

Framsal skal vera skilyrðislaust. Sé það skilyrðum bundið, skal meta þau sem óskráð væru.

Framsal á nokkrum hluta víxilfjárhæðar aðeins er ógilt.

Framsal til handhafa gildir sem eyðuframsal.

13. gr.

Framsal skal rita á víxilinn sjálfan eða á miða, sem festur er við hann (allonge). Framseljandi skal undirrita það.

Framsal er gilt, þótt eigi sé greint í því, hverjum víxillinn er framseldur, eða framseljandi aðeins hafi ritað nafn sitt (eyðuframsal). Í hinu síðarnefnda tilfelli er framsalið þó því aðeins gilt, að það sé ritað á bakhlið víxilsins eða á miða, sem við víxilinn er festur.

14. gr.

Við framsalið hverfa öll þau réttindi, er víxillinn veitir, til framsalshafa.

Sé framsalið eyðuframsal, getur víxilhafi:

1. Fyllt það með nafni sjálfs sín eða annars manns,
2. framselt víxilinn að nýju með eyðuframsali eða til ákveðins manns, eða
3. afhent víxilinn þriðja manni, án þess að fylla eyðuframsalið eða rita framsal á víxilinn.

15. gr.

Sá, sem ritað hefir framsal á víxil, ábyrgist samþykki og greiðslu hans, nema hann hafi sérstaklega undanskilið sig þeirri ábyrgð.

Hann getur lagt bann við því, að víxillinn sé framseldur aftur, og er hann þá laus við ábyrgð gagnvart þeim, er víxilinn fá framseldan eftir það.

16. gr.

Sá, sem víxil hefir í höndum, skal talinn réttur víxilhafi, ef hann sannar rétt sinn með óslitinni röð af framsölum, þótt við síðasta framsal sé eyðuframsal. Framsöl, er út hafa verið strikuð, skulu um þetta efni metin sem óskráð væru. Nú er annað framsal næst á eftir eyðuframsali, og skal þá litið svo á, sem sá, er undir það framsal hefir ritað, hafi öðlazt víxilinn við eyðuframsalið.

Nú hefir víxill komizt úr vörzlum manns með einhverju móti, og er þá handhafa þeim, er sannar rétt sinn með þeim hætti, er segir í næstu málsgrein hér að framan, eigi skylt að skila víxlinum, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk víxilinn, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

17. gr.

Nú er lögsókn hafin út af víxilkröfu, og getur varnaraðili þá eigi borið fram neinar þær varnir gegn víxilhafa, er lúta að viðskiptum hans við útgefanda eða þá, er áður áttu víxilinn, nema því aðeins, að víxilhafi, er hann eignaðist víxilinn, hafi af ásettu ráði viljað baka skuldara tjón.

18. gr.

Séu orðin „til innheimtu“ í framsali, eða önnur orð, sem aðeins felst í umboð (framsal til umboðs), getur víxilhafi neytt allra þeirra réttinda, er víxillinn veitir, en eigi framselt hann, nema framsali til umboðs.

Víxilskuldarar mega þá bera þær varnir einar fram gegn víxilhafa, er bornar yrðu fram gegn framseljanda.

Umboð það, er felst í framsali til umboðs, fellur eigi úr gildi, þótt umbjóðandi andist eða missi hæfi til að taka á sig skuldbindingar.

19. gr.

Séu orðin „til tryggingar“, „að veði“ eða önnur orð, sem lúta að veðsetningu, í framsali, getur víxilhafi neytt allra þeirra réttinda, er víxillinn veitir, en framsal hans á víxlinum hefir aðeins gildi sem framsal til umboðs.

Víxilskuldarar geta eigi borið þær varnir fram gegn víxilhafa, er lúta að viðskiptum þeirra við framseljanda, nema því aðeins, að víxilhafi, er hann eignaðist víxilinn, hafi af ásettu ráði viljað baka skuldara tjón.

20. gr.

Framsal, sem ritað er eftir gjalddaga víxilsins, hefir sömu áhrif sem framsal ritað fyrir þann tíma. Sé framsal ritað eftir að afsögn vegna greiðslufalls hefir farið fram, eða eftir að afsagnarfrestur er liðinn, hefir það þó aðeins áhrif sem almennt framsal kröfu.

Ódagsett framsal skal talið ritað áður en afsagnarfrestur leið, nema annað sannist.

Þriðji kapituli.

Um samþykki víxla.

21. gr.

Fram til gjalddaga víxils getur hver, sem víxilinn hefir í höndum, sýnt hann til samþykkis greiðanda, á þeim stað, þar sem greiðandi býr.

22. gr.

Útgefandi getur kveðið svo á í víxli, að sýna skuli hann til samþykkis, hvort sem hann jafnframt setur frest til sýningar eða eigi.

Hann getur lagt bann við því í víxlinum, að hann sé sýndur til samþykkis, enda sé eigi að ræða um víxil, er greiðast á hjá þriðja manni eða á öðrum stað en þeim, þar sem greiðandi býr, eða víxil, er greiðast á tilteknum tíma eftir sýningu.

Hann getur einnig mælt svo fyrir, að víxillinn skuli eigi sýndur til samþykkis fyrir tiltekinn tíma.

Sérhver framseljandi getur mælt svo fyrir, að víxillinn skuli sýndur til samþykkis, hvort sem hann um leið kveður á um sýningarfrest eða eigi. Þetta gildir þó eigi, ef útgefandi hefir bannað sýningu víxilsins til samþykkis.

23. gr.

Víxil, er greiða skal tilteknum tíma eftir sýningu, skal sýna til samþykkis áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi hans.

Útgefandi getur stytt frest þennan eða kveðið á um lengri frest.

Framseljendur geta stytt þessa fresti.

24. gr.

Greiðandi getur krafizt þess, að víxill sé sýndur sér að nýju næsta dag eftir hina fyrstu sýningu. Nú er slíkri kröfu eigi sinnt, og verður sú vörn eigi höfð uppi, nema kröfunnar sé getið í afsagnargerðinni.

Víxilhafa er eigi skylt að láta víxilinn frá sér í vörzlur greiðanda, er hann sýnir víxilinn til samþykkis.

25. gr.

Samþykki skal rita á víxilinn. Það skal látið í ljós með orðinu „samþykkur", eða öðru samsvarandi orðatiltæki, og skal það undirritað af greiðanda. Nafnritun greiðanda á framhlið víxilsins gildir, ein út af fyrir sig, sem samþykki.

Eigi að greiða víxilinn tilteknum tíma eftir sýningu, eða eigi, eftir sérstöku ákvæði, að sýna hann til samþykkis á tilteknum fresti, skal samþykki dagsett og þá tilgreindur sá dagur, er samþykki var gefið, nema víxilhafi krefjist þess, að tilgreindur sé sá dagur, er sýning átti sér stað. Vanti dagsetningu, verður víxilhafi, til þess að varðveita fullnusturétt sinn gegn framseljendum og útgefanda, að sanna vöntun dagsetningarinnar með afsagnargerð, er fram fari í tæka tíð.

26. gr.

Samþykki skal vera skilyrðislaust. Þó má greiðandi takmarka samþykkið við nokkurn hluta fjárhæðar víxilsins.

Sé annars á einhvern hátt vikið frá efni víxils við samþykki hans, skal það metið sem synjun á samþykki. Samþykkjandi er þó skuldbundinn eftir hljóðan samþykkis síns.

27. gr.

Hafi útgefandi tilgreint á víxlinum annan greiðslustað en þann stað, þar sem heimili greiðanda er, og eigi tilnefnt neinn þriðja mann, er greiðsla skuli fara fram hjá, getur greiðandi, er hann samþykkir víxilinn, tilnefnt þennan mann. Sé enginn tilnefndur, skal líta svo á, að samþykkjandi hafi skuldbundið sig til þess að leysa sjálfur víxilinn inn á greiðslustaðnum.

Hljóði víxill um greiðslu hjá greiðanda, getur hann, er hann samþykkir víxilinn, tilgreint, hvar greiðslu skuli krafizt á greiðslustaðnum, eða tilnefnt annan mann á sama stað, er greiði víxilinn.

28. gr.

Með samþykki sínu skuldbindur greiðandi sig til þess að greiða víxilinn í eindaga.

Verði víxillinn ekki greiddur, á víxilhafi, jafnvel þótt hann sé útgefandi víxilsins, beina kröfu samkvæmt víxlinum á hendur samþykkjanda um allt það, er krefja má samkvæmt 48. og 49. gr.

29. gr.

Nú hefir greiðandi ritað samþykki sitt á víxil, en strikar það út áður en hann skilar víxlinum aftur, og skal þá talið, að neitað sé um samþykki. Útstrikunin skal talin hafa verið gerð áður en víxlinum var skilað aftur, nema annað verði sannað.

Hafi greiðandi skriflega skýrt víxilhafa eða einhverjum víxilskuldara frá samþykki sínu, er hann þó skuldbundinn við þá eftir hljóðan samþykkis síns.

Fjórði kapituli.

Um ábyrgð á víxilkröfu (aval.).

30. gr.

Tryggja má greiðslu víxils með ábyrgð á allri víxilfjárhæðinni eða nokkrum hluta hennar.

Ábyrgðina getur tekið á sig jafnt þriðji maður sem einhver víxilskuldaranna.

31. gr.

Ábyrgð skal rituð á víxilinn eða á miða, er við víxilinn sé festur.

Henni skal lýst með orðunum „sem ábyrgðarmaður“, eða með öðru samsvarandi orðatiltæki, og skal hún undirrituð af þeim, sem í ábyrgðina gengur (avalist).

Nafnritun ein sér á framhlið víxilsins skal metin sem ábyrgð, nema um nafnritun greiðanda eða útgefanda sé að ræða.

Í ábyrgð skal greina, fyrir hvern hún sé tekin. Nú er það eigi gert, og telst hún þá tekin fyrir útgefanda.

32. gr.

Ábyrgðarmaður er skuldbundinn með sama hætti og sá maður, er hann gekk í ábyrgðina fyrir.

Skuldbinding hans er gild, þótt skuldbinding þess manns, er hann gekk í ábyrgðina fyrir, sé ógild, enda stafi ógildi hennar eigi af formgalla.

Greiði ábyrgðarmaður víxil, öðlast hann allan rétt samkvæmt víxlinum gegn þeim manni, er hann gekk í ábyrgð fyrir, og þeim mönnum, er samkvæmt víxlinum bera ábyrgð gagnvart honum.

Fimmti kapituli.

Um gjalddaga víxils.

33. gr.

Víxill getur hljóðað um borgun:

við sýningu (a vista);
tilteknum tíma eftir sýningu (a viso);
tilteknum tíma eftir útgáfudag (a dato) eða
á tilteknum degi.

Víxill, sem hljóðar um borgun á öðrum gjalddaga en þessum, eða greiðast á smám saman á fleiri en einum gjalddaga, er ógildur.

34. gr.

Sýningarvíxill skal greiddur við sýningu. Sýna skal hann til greiðslu áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi hans. Útgefandi getur stytt frest þennan eða kveðið á um lengri frest. Framseljendur geta stytt fresti þessa.

Útgefandi getur mælt svo fyrir, að víxill, er greiðast á við sýningu, skuli eigi sýndur til greiðslu fyrir tiltekinn tíma. Telst sýningarfrestur þá frá þeim tíma.

35. gr.

Gjalddagi víxils, er hljóðar um borgun tilteknum tíma eftir sýningu, skal miðast við dagsetningu samþykkis eða afsagnargerðar.

Sé samþykki eigi dagsett, og hafi afsagnargerð heldur eigi farið fram, skal gagnvart samþykkjanda líta svo á, að víxillinn hafi verið samþykktur á síðasta degi frests þess, er settur er til sýningar víxilsins til samþykkis.

36. gr.

Hljóði víxill um greiðslu einum mánuði eða fleirum eftir útgáfudag hans eða eftir sýningu, verður sami mánaðardagur í þeim mánuði, er greiða á víxilinn í, gjalddagi hans. Nú er sá dagur eigi til í mánuðinum, og er þá síðasti dagur mánaðarins gjalddagi víxilsins.

Hljóði víxill um greiðslu einum mánuði eða fleirum og hálfum mánuði eftir útgáfudag hans eða eftir sýningu, skulu heilu mánuðirnir taldir fyrstir.

Sé gjalddagi ákveðinn í upphafi mánaðar, í miðjum mánuði eða í lok mánaðar, merkja þau orð fyrsta, fimmtánda eða síðasta dag mánaðarins.

Orðin „átta dagar“ eða „fimmtán dagar“ merkja eigi eina eða tvær vikur, heldur heila átta eða fimmtán daga.

Orðin „hálfur mánuður“ merkja fimmtán daga.

37. gr.

Hljóði víxill um greiðslu á tilteknum degi á stað, þar sem annað tímatal gildir en á útgáfustað hans, skal líta svo á, að gjalddaginn sé ákveðinn eftir tímatalinu á greiðslustaðnum.

Þegar víxill, sem út er gefinn milli tveggja staða með mismunandi tímatali, hljóðar um greiðslu tilteknum tíma eftir útgáfudag, skal reikna út þann dag að tímatalinu á greiðslustaðnum, er svarar til útgáfudagsins, og skal gjalddaginn ákveðinn eftir því.

Sýningarfrestir víxla skulu taldir samkvæmt því, er segir í næstu málsgrein hér á undan.

Reglum þessum skal eigi beitt, ef það verður séð af sérstöku ákvæði á víxlinum eða af efni hans að öðru leyti, að til þess hafi verið ætlazt, að eftir öðrum reglum yrði farið.

Sjötti kapituli.

Um greiðslu víxla.

38. gr.

Handhafi víxils, er greiðast á á tilteknum degi, tilteknum tíma eftir útgáfudag eða eftir sýningu, skal sýna víxilinn til greiðslu annaðhvort á þeim degi, er

hann skyldi greiddur, eða á öðrumhvorum tveggja hinna næstu virkra daga þar á eftir.

Afhending víxils til greiðslujöfnunarstöðvar (clearing-house) jafngildir sýningu hans til greiðslu.

39. gr.

Nú greiðir greiðandi víxil, og getur hann þá krafizt þess, að víxillinn sé afhentur sér með áritaðri kvittun víxilhafa.

Víxilhafi getur eigi neitað að taka á móti greiðslu á nokkrum hluta víxilfjárhæðarinnar aðeins.

Nú er nokkur hluti víxilfjárhæðar greiddur, og getur greiðandi þá krafizt þess, að þeirrar greiðslu sé getið á víxlinum og að sér sé fengin sérstök kvittun fyrir henni.

40. gr.

Víxilhafa er eigi skylt að taka við greiðslu víxils fyrr en á gjalddaga hans.

Nú greiðir greiðandi fyrir gjalddaga, og gerir hann það á sjálfs sín ábyrgð.

Sá, sem greiðir víxil á gjalddaga hans, leysist með því endanlega undan skuldbindingu sinni, nema um svik eða stórkostlegt gáleysi af hans hálfu sé að ræða. Honum er skylt að fullvissa sig um, að framsölin séu í réttri og samfelldri röð, en eigi þarf hann að ganga úr skugga um, hvort undirskriftir framseljenda séu ófalsaðar.

41. gr.

Hljóði víxill um greiðslu í mynt, sem eigi er gjaldgeng á greiðslustaðnum, má greiða víxilfjárhæðina í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, eftir gengi hennar á gjalddaga. Greiði víxilskuldari eigi á réttum tíma, getur víxilhafi krafizt þess, að víxilfjárhæðin sé greidd í mynt, gjaldgengri á greiðslustaðnum, hvort sem hann heldur vill eftir gengi hennar á gjalddaga eða á greiðsludegi.

Þegar reikna á gildi erlendrar myntar, skal farið eftir því, sem verzlunartízka er á greiðslustaðnum, enda hafi útgefandi eigi kveðið svo á, að víxilfjárhæðina skuli greiða eftir gengi, sem ákveðið er í víxlinum sjálfum.

Ákvæði þessi gilda eigi, er útgefandi hefir mælt svo fyrir, að greitt skuli í vissri ákveðinni mynt (fyrirvari um virka greiðslu í erlendri mynt).

Sé víxilfjárhæð greind í myntartegund, er hefir sama nafn en mismunandi gildi í landi því, þar sem víxillinn er gefinn út, og landi því, þar sem hann á að greiðast, skal líta svo á, að átt sé við mynt greiðslustaðarins.

42. gr.

Sé víxill eigi sýndur til greiðslu innan frests þess, er ræðir um í 38. gr., er hverjum víxilskuldara heimilt að koma víxilfjárhæðinni í geymslu, á kostnað og ábyrgð víxilhafa, í þeim stofnunum, sem löggiltar eru til að taka við geymslufé.

Sjöundi kapituli.

Um fullnustu vegna samþykkisskorts eða greiðslufalls.

43. gr.

Þegar gjalddagi er kominn og víxill hefir eigi verið greiddur, getur víxilhafi leitað fullnustu hjá framseljendum, útgefanda og öðrum víxilskuldurum.

Sama rétt á víxilhafi, þó gjalddagi enn eigi sé kominn:

1. Ef neitað hefir verið um samþykki að nokkru eða að öllu.
2. Ef bú greiðanda hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða skiptaréttur hefir tekið til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamnings, eða hafi það komið í ljós við aðfarargerð, að hann geti eigi greitt skuldir sínar, eða sé hann kaupmaður og hafi stöðvað greiðslur sínar. Gildir þetta jafnt, hvort sem greiðandi hefir samþykkt víxilinn eða eigi.
3. Ef bú útgefanda, er lagt hefir hann við því í víxli, að hann sé sýndur til samþykkis, hefir verið tekið til gjaldþrotaskipta, eða skiptaréttur hefir tekið til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamninga.

44. gr.

Sanna skal neitun samþykkis eða greiðslufall með opinberri gerð (afsagnargerð vegna samþykkisskorts eða greiðslufalls).

Afsögn vegna samþykkisskorts skal gerð áður en frestur sá er liðinn, sem settur er til sýningar víxilsins til samþykkis. Hafi hin fyrsta sýning, er svo stendur á sem segir í 1. mgr. 24. gr., farið fram á síðasta degi í frestinum, má samt gera afsögn á næsta degi þar á eftir.

Afsögn vegna greiðslufalls á víxli, er greiðast á á tilteknum degi, eða tilteknum tíma eftir útgáfudag eða sýningu, skal gerð á öðrum þeirra tveggja virku daga, sem næstir koma á eftir gjalddaga. Nú á víxill að greiðast við sýningu, og eiga þá ákvæði þau, er sett eru í næstu málsgr. hér að framan um afsögn vegna samþykkisskorts, einnig við um afsögn hans vegna greiðslufalls, eftir því sem við á.

Hafi víxill verið afsagður vegna samþykkisskorts, þarf eigi að sýna hann til greiðslu eða afsegja hann vegna greiðslufalls.

Hafi það komið í ljós við aðfarargerð, að greiðandi geti eigi greitt skuldir sínar, eða hafi hann, sé hann kaupmaður, stöðvað greiðslur sínar, getur víxilhafi eigi leitað fullnustu vegna þessa, fyrr en hann hefir sýnt greiðanda víxilinn til greiðslu og afsögn hefir verið gerð.

Verði bú greiðanda tekið til gjaldþrotaskipta, eða taki skiptaréttur til greina beiðni hans um aðstoð við tilraun til nauðasamnings, nægir það, til þess að víxilhafi megi leita fullnustu, að hann leggi fram úrskurðinn, sem kveður á um gjaldþrotaskiptin eða nauðasamningstilraunirnar. Sama gildir, ef bú útgefanda, er lagt hefir hann við því í víxlinum, að hann sé sýndur til samþykkis, verður tekið til gjaldþrotaskipta eða beiðni hans um aðstoð til tilrauna um nauðasamning verður tekin til greina af skiptarétti.

45. gr.

Víxilhafi skal senda síðasta framseljanda og útgefanda tilkynningu um samþykkisskort eða greiðslufall innan fjögra virkra daga eftir afsagnardag, eða hafi verið gerður fyrirvari um fullnustu án kostnaðar, þá eftir sýningardag. Hver framseljandi skal, í síðasta lagi á öðrum virkum degi eftir að hann fékk slíka tilkynningu, skýra þeim framseljanda, er næstur er fyrir framan hann, frá tilkynningu þeirri, er hann fékk, og greina nöfn og heimili þeirra, sem áður hafa sent tilkynningar, og skal þannig haldið áfram, þar til kemur að útgefanda. Frestir þeir, sem að ofan eru nefndir, teljast frá móttöku næstu tilkynningar á undan.

Þegar tilkynning er send víxilskuldara samkvæmt því, sem fyrir er mælt í næstu málsgr. hér á undan, skal einnig senda þeim manni, er gengið hefir í ábyrgð fyrir þann víxilskuldara, samsvarandi tilkynningu og á sama fresti.

Nú hefir framseljandi eigi greint heimili sitt, eða tilgreint það svo, að ólæsilegt er, og er þá nægilegt, að tilkynning sé send þeim framseljanda, sem næstur er fyrir framan hann á víxlinum.

Sá, sem skyldur er til að senda tilkynningu, getur gert það með hverjum hætti sem vera skal, jafnvel með því aðeins að endursenda víxilinn.

Honum ber að sanna, að hann hafi sent tilkynninguna áður en frestur sá var liðinn, er hann hafði til að senda hana. Tilkynning telst send nógu snemma, ef bréf, er hefir hana að geyma, er afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Sá, sem eigi sendir tilkynningu innan nefnds frests, glatar eigi fullnusturétti sínum, en ábyrgjast skal hann allt það tjón, er af vanrækslu hans hlýzt; skaðabæturnar mega þó ekki fara fram úr víxilfjárhæðinni.

46. gr.

Nú er rituð á skjalið athugasemdin „fullnusta án kostnaðar“, „án afsagnar“ eða því um líkt athugasemd, og undirrituð af útgefanda, framseljanda eða ábyrgðarmanni, og þarf víxilhafi þá eigi, til þess að halda fullnusturétti sínum, að láta afsegja víxilinn vegna samþykkisskorts eða greiðslufalls.

Fyrirvari þessi leysir víxilhafa hvorki undan því að sýna víxilinn innan frests þeirra, er til þess eru settir, né undan því að senda tilkynningu þá, sem mælt er fyrir um í 45. gr. Sönnun þess, að frestir hafi verið látnir hjá líða, hvílir á þeim, er bera vill það fyrir sig gegn víxilhafa.

Hafi útgefandi sett fyrirvarann, hefir hann gildi gegn öllum víxilskuldurunum. Hafi framseljandi eða ábyrgðarmaður sett hann, hefir hann aðeins gildi gegn þeim, er setti hann. Nú hefir víxilhafi látið afsagnargerð fram fara, þrátt fyrir fyrirvara af hálfu útgefanda, og verður hann þá sjálfur að bera kostnað allan af henni. Sé fyrirvarinn hinsvegar settur af framseljanda eða ábyrgðarmanni, má krefja hvern víxilskuldara sem vill um afsagnarkostnaðinn, hafi afsögn verið gerð.

47. gr.

Þeir, sem út hafa gefið víxil, samþykkt hann eða framselt eða gerzt ábyrgðarmenn að honum, bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð gagnvart víxilhafa.

Víxilhafa er rétt að beina kröfu sinni gegn hverjum sem hann vill af þessum skuldurum, gegn einum þeirra sér eða fleirum saman, og þarf hann eigi að fara eftir þeirri röð, sem skuldbindingar þeirra eru í á víxlinum.

Sama rétt á hver víxilskuldari, sem leyst hefir víxilinn til sín.

Nú er mál höfðað gegn einum af víxilskuldurunum, og er það eigi því til fyrirstöðu, að krafa sé gerð gegn hinum, þó að þeir séu á víxlinum á eftir þeim, er fyrstur var lögsóttur.

48. gr.

Víxilhafi getur krafizt af þeim, er hann leitar fullnustu hjá:

1. Þess hluta víxilfjárhæðarinnar, sem eigi var samþykktur eða eigi greiddur, ásamt vöxtum, ef vextir voru áskildir.
2. Vaxta frá gjalddaga, 6% í ársvexti.
3. Kostnaðar við afsagnargerð og við tilkynningar þær, er mælt er fyrir um í 45. gr., svo og annars kostnaðar, og
4. þóknunar, er sé ⅓% af víxilfjárhæðinni.

Nú er fullnustu leitað fyrir gjalddaga, og skal þá draga frá víxilfjárhæðinni víxilforvexti, eftir því sem bankaforvextir eru reiknaðir af víxlum á þeim stað, þar sem víxilhafi býr, þann dag, sem fullnustu er krafizt.

49. gr.

Sá, sem víxilinn leysir til sín, getur krafizt af þeim víxilskuldurum, er ábyrgð bera gagnvart honum:

1. Allrar þeirrar fjárhæðar, sem hann hefir greitt;
2. vaxta af þeirri upphæð frá þeim degi, er hann greiddi hana, 6% í ársvexti;
3. kostnaðar þess, er hann hefir haft, og
4. þóknunar, er sé ⅓% af víxilfjárhæðinni. Þó mega þóknunargjöldin aldrei nema meiru samtals en 2% af víxilfjárhæðinni.

50. gr.

Hver sá víxilskuldari, sem krafinn er eða krefja má um fullnustu, á rétt á því að fá víxilinn afhentan sér ásamt afsagnargerð og kvittuðum reikningi, enda greiði hann innlausnarféð.

Hver sá framseljandi, sem innleyst hefir víxilinn, getur strikað út af honum nafn sitt og þeirra framseljenda, sem á eftir honum komu.

51. gr.

Nú er víxillinn aðeins samþykktur að því er tekur til nokkurs hluta víxilfjárhæðarinnar, og fullnustu síðan krafizt, og getur þá sá, er greiðir þann hluta víxilfjárhæðarinnar, er eigi fékkst samþykktur, heimtað, að þeirrar greiðslu sinnar sé getið á víxlinum og að sér sé jafnframt gefin sérstök kvittun fyrir henni. Víxilhafi skal ennfremur, auk afsagnargerðarinnar, fá honum staðfest eftirrit af víxlinum, og má þá leita fullnustu samkvæmt því eftirriti.

52. gr.

Hver sá, sem fullnustu getur krafizt, getur, sé annað eigi áskilið, tekið sér greiðslu með nýjum víxli (gagnvíxill), er greiðist við sýningu og gefinn sé út á

hendur einhverjum þeirra, er ábyrgð bera gagnvart honum, til greiðslu á þeim stað, þar sem sá maður býr.

Gagnvíxillinn skal nema upphæðum þeim, sem greinir í 48. og 49. gr., að viðbættu gjaldi til miðlara og stimpilgjaldi af gagnvíxlinum.

Gefi víxilhafi gagnvíxilinn út, skal fjárhæð hans ákveðin eftir gengi sýningarvíxla, sem gefnir eru út frá greiðslustað upphaflega víxilsins til þess staðar, þar sem hlutaðeigandi víxilskuldari býr. Gefi framseljandi gagnvíxilinn út, skal ákveða fjárhæðina eftir gengi sýningarvíxla, sem gefnir eru út frá þeim stað, þar sem útgefandi gagnvíxilsins býr, og til þess staðar, þar sem víxilskuldarinn býr.

53. gr.

Séu frestir þeir látnir hjá líða, sem gilda

um sýningu víxils, er hljóðar um greiðslu við sýningu eða tilteknum tíma eftir sýningu,

um framkvæmd afsagnargerðar vegna samþykkisskorts eða vegna greiðslufalls,

um sýningu víxils til greiðslu, er fyrirvari hefir verið gerður um fullnustu án kostnaðar,

þá glatar víxilhafi rétti sínum gegn framseljendum, útgefanda og öðrum víxilskuldurum, nema samþykkjanda.

Hafi víxill eigi verið sýndur til samþykkis innan frests þess, sem útgefandi hefir ákveðið, glatar víxilhafi rétti sínum til fullnustu, bæði vegna samþykkisskorts og vegna greiðslufalls, nema það verði séð af ákvæðinu um frestinn, að útgefandi vildi aðeins undanskilja sig ábyrgð á samþykki.

Nú er settur frestur til sýningar í framsali, og getur þá hlutaðeigandi framseljandi einn borið það fyrir sig.

54. gr.

Komi á fresti þeim, sem settur er til sýningar víxils eða til afsagnargerðar, fyrir óviðráðanleg tálmun (innlend eða erlend lagaákvæði eða aðrir óviðráðanlegir atburðir), og verði gerðir þessar eigi framkvæmdar þess vegna, lengjast frestirnir.

Víxilhafa er skylt að senda síðasta framseljanda þegar í stað tilkynningu um slíka tálmun, og að geta þessarar tilkynningar og dagsetningar hennar á víxlinum eða miða, sem við víxilinn sé festur, og rita nafn sitt undir. Að öðru leyti skal farið eftir ákvæðunum í 45. gr.

Jafnskjótt og tálmuninni er lokið, skal víxilhafi tafarlaust sýna víxilinn til samþykkis eða greiðslu, og láta afsegja hann, ef þarf.

Vari tálmunin lengur en þrjátíu daga eftir gjalddaga, má leita fullnustu án þess að nauðsynlegt sé að sýna víxilinn eða afsegja hann.

Sé um víxil að ræða, er greiðast á við sýningu eða tilteknum tíma eftir sýningu, teljast þessir þrjátíu dagar frá þeim degi, er víxilhafi sendi síðasta framseljanda tilkynningu um tálmunina, þótt það hafi verið áður en sýningarfresti lauk. Nú á víxill að greiðast tilteknum tíma eftir sýningu, og skal þá bæta þeim tíma við þrjátíu daga frestinn.

Atvik, er aðeins varða víxilhafa persónulega, eða þann mann, er hann hefir falið að sýna víxilinn eða láta afsegja hann, skulu eigi talin óviðráðanlegir atburðir (vis major).

Áttundi kapituli.

Um meðalgöngu.

1. Almenn ákvæði.

55. gr.

Útgefandi, framseljandi eða ábyrgðarmaður geta tilgreint nauðleitarmann til að samþykkja eða greiða víxilinn.

Þegar þau skilyrði eru fyrir hendi, er greinir hér á eftir, getur maður gerzt meðalgöngumaður og samþykkt víxil eða greitt hann fyrir einhvern þann víxilskuldara, er fullnustu yrði krafinn.

Meðalgöngumaður getur verið einhver sá maður, sem eigi er víxilskuldari, jafnvel greiðandi víxilsins, eða einhver sá, sem orðinn er víxilskuldari, þó ekki samþykkjandi víxilsins.

Meðalgöngumaður skal, áður en tveir virkir dagar eru liðnir, senda þeim, er hann gerist meðalgöngumaður fyrir, tilkynningu um meðalgönguna. Láti hann frest þennan hjá líða, ber hann ábyrgð á öllu því tjóni, er hljótast kann af vanrækslu hans; skaðabæturnar mega þó eigi fara fram úr víxilfjárhæðinni.

2. Samþykki fyrir meðalgöngu.

56. gr.

Meðalgöngumaður getur samþykkt víxil, jafnan er víxilhafi getur leitað fullnustu fyrir gjalddaga víxilsins, nema því aðeins, að bannað hafi verið að sýna víxilinn til samþykkis.

Nú er á víxlinum vísað á nauðleitarmann á greiðslustaðnum, og getur víxilhafi þá eigi krafið þann, er vísaði á nauðleitarmanninn, né þá víxilskuldara, sem á eftir honum koma, um fullnustu fyrir gjalddaga, nema hann hafi sýnt nauðleitarmanninum víxilinn og, hafi hann neitað um samþykki, þá sannað neitun hans með afsagnargerð.

Endranær getur víxilhafi neitað að taka við samþykki meðalgöngumanns. Taki hann samt við samþykkinu, missir hann rétt sinn til þess að krefjast fullnustu fyrir gjalddaga hjá þeim, er samþykkt var fyrir, og þeim víxilskuldurum, er eftir hann koma.

57. gr.

Samþykki sitt skal meðalgöngumaður rita á víxilinn og undirrita það. Í samþykkinu skal þess getið, fyrir hvern það sé gefið. Sé þess eigi getið, telst samþykkið gefið fyrir útgefanda.

58. gr.

Meðalgöngumaður, er samþykkt hefir víxil, ber ábyrgð gagnvart víxilhafa og þeim framseljendum, sem koma á eftir þeim, er hann samþykkti fyrir, með sama hætti og sá maður bar ábyrgð gagnvart þeim.

Þrátt fyrir það, þótt meðalgöngumaður hafi samþykkt víxil, getur sá, er hann samþykkti fyrir, og þeir víxilskuldarar, er ábyrgð bera gagnvart þeim manni, ef þeir greiða fjárhæð þá, sem í 48. gr. segir, krafizt þess, að víxilhafi skili sér víxlinum, kvittuðum reikningi og afsagnargerð, hafi hún farið fram.

3. Greiðsla meðalgöngumanns.

59. gr.

Meðalgöngumaður getur greitt víxil, jafnan er víxilhafi gæti leitað fullnustu, hvort heldur er fyrir gjalddaga eða eftir.

Greiða skal alla þá fjárhæð, er sá skyldi greiða, er fyrir er greitt.

Greiðsla skal fara fram í síðasta lagi næsta dag eftir þann dag, er afsögn vegna greiðslufalls síðast hefði orðið gerð.

60. gr.

Hafi meðalgöngumaður, er heima á á greiðslustaðnum, samþykkt víxil, eða sé vísað á einn eða fleiri nauðleitarmenn á víxlinum, er búi á greiðslustaðnum, skal víxilhafi sýna öllum þessum mönnum víxilinn og, ef með þarf, láta afsegja hann vegna greiðslufalls í síðasta lagi næsta dag eftir þann dag, er afsögn síðast hefði orðið gerð.

Sé afsögn eigi gerð á þessum fresti, er sá, er vísaði á nauðleitarmanninn, eða sá, er víxillinn var samþykktur fyrir, og framseljendur þeir, er á eftir þeim koma, leystir frá skuldbindingum sínum.

61. gr.

Víxilhafi, sem neitar að taka við greiðslu meðalgöngumanns, glatar fullnusturétti sínum gegn þeim, er leystir hefðu orðið með greiðslunni.

62. gr.

Sanna skal greiðslu meðalgöngumanns með kvittun, er rituð sé á víxilinn, og skal þess getið, fyrir hvern greitt sé. Nú er þess eigi getið, og skal þá talið, að greitt sé fyrir útgefanda.

Afhenda skal meðalgöngumanni víxilinn, ásamt afsagnargerð, hafi hún fram farið.

63. gr.

Meðalgöngumaður, er víxil greiðir, öðlast réttindi þau, er víxillinn veitir, gegn þeim, er hann greiddi fyrir, og þeim, er samkvæmt víxlinum báru ábyrgð gagnvart þeim manni; þó má hann eigi framselja víxilinn af nýju.

Framseljendur þeir, er koma á eftir þeim, er greitt var fyrir, leysast með greiðslunni.

Bjóðist fleiri en einn meðalgöngumaður til að greiða, gengur sá þeirra fyrir, er flesta víxilskuldara leysir. Sá, er meðalgöngumaður gerist gagnstætt ákvæði þessu, og veit hversu á stendur, glatar fullnusturétti sínum gegn þeim, er ella hefðu leystir orðið.

Níundi kapítuli.

Um samrit og eftirrit víxla.

1. Samrit.

64. gr.

Gefa má víxil út í fleiri samhljóða eintökum (samrit).

Í texta hvers eintaks skal greina, hvert það sé í röðinni; að öðrum kosti gildir hvert eintak sem sjálfstæður víxill.

Sérhver handhafi víxils, er eigi greinir, að hann sé gefinn út í einu eintaki (einritaður), getur krafizt þess, að sér séu, á sinn kostnað, fengin samrit af víxlinum. Í því skyni skal hann snúa sér til þess, er næstur er fyrir framan hann; sá maður er skyldur til aðstoðar honum með tilmælum til þess, er næstur er á undan honum, og svo hver af öðrum, unz beiðnin kemur til útgefanda. Framseljendum er skylt að rita af nýju framsöl sín á nýju eintökin.

65. gr.

Greiðsla samkvæmt einu af víxileintökunum leysir undan víxilskyldunni, þótt eigi sé það áskilið, að hin eintökin skuli úr gildi felld með henni. Greiðandi ábyrgist þó eftir sem áður hvert það eintak, er samþykki hans er ritað á og honum hefir eigi verið skilað.

Hafi framseljandi framselt ýmsum mönnum víxileintök, ábyrgist hann og framseljendur þeir, er á eftir honum koma, hvert það eintak, sem nafnritun þeirra er á og eigi hefir verið skilað aftur.

66. gr.

Nú sendir víxilhafi eitt af víxileintökunum til samþykkis, og skal hann þá rita á hin eintökin nafn þess manns, er þetta eintak er hjá. Skylt er þeim manni að skila því til löglegs handhafa annars víxileintaks.

Nú neitar hann að skila eintaki þessu, og getur víxilhafi þá eigi leitað fullnustu fyrr en hann hefir sannað með afsagnargerð:

1. að sér hafi eigi verið skilað eintaki því, er til samþykkis var sent, þótt hann hafi krafizt þess, og
2. að hann hafi eigi getað fengið samþykki eða greiðslu samkvæmt öðru eintaki.

2. Eftirrit.

67. gr.

Hverjum handhafa víxils er rétt að taka eftirrit af honum.

Eftirrit víxils skal nákvæmlega fylgja frumvíxlinum, og skal það hafa að

geyma eftirrit af framsölum og öðrum áritunum, sem á frumvíxlinum eru. Þess skal getið í eftirritinu, hve langt eftirritunin nær.

Framselja má víxileftirrit, svo og rita á það ábyrgðarskuldbindingu, með sama hætti og sömu áhrifum sem um frumvíxil væri að ræða.

68. gr.

Í víxileftirriti skal þess getið, hver frumvíxilinn hafi með höndum, og er þeim manni skylt að skila löglegum handhafa eftirritsins frumvíxlinum.

Nú færist hann undan því, og getur þá handhafi eftirritsins eigi leitað fullnustu hjá þeim, er framselt hafa eftirritið eða ritað á það ábyrgðarskuldbindingu, fyrr en hann hefir sannað það með afsagnargerð, að sér hafi eigi verið skilað frumvíxlinum, þótt hann hafi krafizt þess.

Hafi verið rituð á frumvíxilinn, eftir síðasta framsal áður en eftirritið var gert, þessi athugasemd: „eftirleiðis er aðeins framsal á eftirrit gilt“, eða önnur áritun sama efnis, eru framsöl þau, er seinna eru rituð á frumvíxilinn, ógild.

Tíundi kapituli.

Um breytingar á víxli.

69. gr.

Nú eru breytingar gerðar á texta víxils, og eru þá þeir, er ritað hafa nöfn sín á víxilinn eftir að breytingin var gerð, skuldbundnir í samræmi við hinn breytta texta, en hinir, er áður höfðu ritað nöfn sín á víxilinn, eru skuldbundnir í samræmi við hinn upphaflega texta hans.

Ellefti kapituli.

Um fyrningu víxla.

70. gr.

Allar kröfur samkvæmt víxlinum á hendur samþykkjanda fyrnast á þremur árum frá gjalddaga.

Kröfur víxilhafa á hendur framseljendum og útgefanda fyrnast á einu ári frá þeim degi, er afsagnargerð fór fram, enda hafi afsögn verið gerð á réttum tíma, eða á einu ári frá gjalddaga, hafi fyrirvari verið gerður um fullnustu án kostnaðar.

Fullnustukröfur framseljanda á hendur öðrum framseljendum eða útgefanda fyrnast á sex mánuðum frá þeim degi, er framseljandi leysti víxilinn til sín, eða frá þeim degi, er fyrningu var slitið gagnvart honum.

71. gr.

Fyrningu víxils er slitið, er stefna er birt í víxilmáli, krafa gerð í máli um notkun víxilkröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar, víxilkröfunni lýst í bú

skuldunauts, er tekið hefir verið til opinberra skipta, eða kröfunni lýst fyrir skiptarétti, er skuldunautur leitar nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi sínu. Fyrningu víxils er og slitið, ef sá, sem sóttur er um víxilkröfu, tilkynnir lögsóknina (litis denuntiatio) einhverjum, sem er fyrir framan hann á víxlinum. Sá, er slíka tilkynningu fær, getur slitið fyrningu þá, er ræðir um í 1. málsgr. 70. gr., með því að tilkynna samþykkjanda lögsóknina.

Fyrningu víxils er slitið með stefnu til erlends dómstóls, ef skuldunautur á heimili í því landi, eða hann ber fram varnir í málinu, en ber það þó eigi fyrir sig, að dómstóllinn sé eigi dómbær, eða stefnan er birt honum sjálfum. Tilkynning um lögsókn (litis denuntiatio) við erlendan dómstól slítur fyrningu með sama hætti og stefna. Sömuleiðis er fyrningu slitið, er víxilkrafa er notuð til skuldajafnaðar í máli, sem rekið er fyrir erlendum dómstóli, samkvæmt þeim lögum, er þar gilda.

Fyrningu er slitið með lýsingu víxilkröfu í bú skuldunauts, er tekið hefir verið erlendis til opinberra skipta, ef skuldunautur átti heima í því landi, er skiptameðferðin hófst.

Fyrningu er eigi slitið gegn öðrum víxilskuldurum en þeim, er einhverri af fyrrnefndum gerðum er beint að, en fyrningarslitin koma öllum þeim að notum, sem eru fyrir framan þann á víxlinum, er fyrningu sleit.

Nú hefir fyrningu verið slitið, en lögsóknin er eigi til lykta leidd, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er málið síðast var til meðferðar í rétti.

Nú verður gerð til slita fyrningar eigi komið fram vegna tálmana þeirra, sem ræðir um í 54. gr., og glatast þá víxilréttur eigi, ef fyrningu er slitið innan mánaðar frá því að tálmuninni lauk.

Tólfti kapituli.

Almenn ákvæði.

72. gr.

Nú ber gjalddaga víxils á löghelgan dag eða bankafrídag, og verður greiðslu þá eigi krafizt fyrr en næsta virkan dag á eftir. Allar aðrar gerðir, er varða víxilinn, svo sem sýning til samþykkis og afsagnargerð, má einnig aðeins framkvæma á virkum degi.

Nú á gerð fram að fara á tilteknum fresti, og er lokadagur frestsins löghelgur dagur, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Aðrir löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

Nú er kveðið á um frest í lögum þessum eða sérstökum ákvæðum, og telst þá dagur sá, er fresturinn er talinn frá, eigi með í frestinum.

Frestsdagar til greiðslu eftir gjalddaga gilda eigi um víxla.

73. gr.

Nú glatast víxill, er greiðast á hér á landi, og má þá ógilda hann með dómi, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um ógilding skjala með dómi. Ógildingarmál skal höfða á greiðslustað víxilsins.

Þegar stefna í ógildingarmáli er löglega birt, er útgefandi skyldur að gefa út nýjan víxil. Hafi hinn glataði víxill verið samþykktur, er samþykkjandi skyldur til að greiða hann á gjalddaga, þeim manni, er sannar rétt sinn til að taka við greiðslu. Setja skal þó útgefanda eða samþykkjanda næga tryggingu unz víxillinn er dæmdur ógildur eða ábyrgð þeirra eftir hinum glataða víxli er horfin á annan hátt.

74. gr.

Nú hefir víxilkrafa fyrnzt eða víxilréttur glatazt fyrir vangeymslu, og er eiganda víxils rétt að sækja víxilskuldara um þá fjárhæð, er hann mundi vinna honum úr hendi, ef fjárheimtan félli niður, sem um hverja aðra skuld.

ANNAR ÞÁTTUR

Um eiginvíxla.

Þrettándi kapituli.

75. gr.

Í eiginvíxli skal greina:

1. Orðið víxil í meginmáli skjalsins og á því máli, sem skjalið er ritað á.
2. Skilyrðislaust loforð um að greiða tiltekna upphæð peninga.
3. Gjalddaga.
4. Greiðslustað.
5. Nafn þess, er við greiðslu á að taka, eða ávísa má víxilfjárhæðinni til greiðslu.
6. Útgáfustað og útgáfudag.
7. Undirskrift þess, er gefur skjalið út (útgefandi).

76. gr.

Nú brestur á, að greind séu í skjali öll þau atriði, sem nefnd eru í næstu grein hér á undan, og hefir skjalið þá eigi gildi sem eiginvíxill, nema þegar svo er ástatt sem segir síðar í þessari grein.

Sé gjalddagi eigi tilgreindur, telst víxillinn gjaldkræfur við sýningu.

Sé greiðslustaður eigi tilgreindur sérstaklega, skal útgáfustaður skjalsins talinn vera greiðslustaður, og þá einnig vera talinn sá staður, er greiðandi býr á.

Sé útgáfustaður eigi tilgreindur, skal líta svo á, að víxillinn hafi verið undirritaður á þeim stað, sem tilgreindur er við nafn útgefanda.

77. gr.

Um eiginvíxla gilda, að því leyti, sem þeim verður við komið, þau ákvæði, sem sett eru um víxla á hendur öðrum manni og varða:

framsal víxla (11.—20. gr.),

gjalddaga (33.—37. gr.),

greiðslu (38.—42. gr.),
fullnustu vegna greiðslufalls (43.—50. og 52.—54. gr.),
milligöngu við greiðslu (55. gr. og 59.—63. gr.),
eftirrit (67. og 68. gr.),
breytingar (69. gr.),
fyrningu (70.—71. gr.),
löghelga daga, reikning á frestum og bann gegn frestdögum til greiðslu eftir gjalddaga (72. gr.),
glataða víxla (73. gr.), og
rétt víxilhafa til málshöfðunar, er víxilkrafa er fyrnd eða glötuð fyrir vangeymslu (74. gr.).

Sömuleiðis gilda um eiginvíxla ákvæðin um víxla, er greiðast eiga hjá þriðja manni eða á öðrum stað en þeim, þar sem heimili greiðanda er (4. gr. og 27. gr.), um heimild til að áskilja vexti (5. gr.), um það, er víxilfjárhæð er tilgreind oftar en einu sinni og eigi hin sama í öll skiptin (6. gr.), um afleiðingar þess, að nafn er ritað á víxil með þeim atvikum, er segir í 7. gr., um það, er á víxli eru nafnritanir manna, er ritað hafa án umboðs eða farið hafa út fyrir umboð sitt (8. gr.), og ákvæðin um víxla, er eigi voru fullritaðir (10. gr.).

Ennfremur gilda um eiginvíxla ákvæðin um ábyrgð (30.—32. gr.). Sé eigi greint í áritun um ábyrgð, fyrir hvern hún sé tekin (31. gr. síðasta málsgr.), skal líta svo á, að hún sé tekin fyrir útgefanda.

78. gr.

Útgefandi eiginvíxils er skuldbundinn með sama hætti og samþykkjandi víxils á hendur öðrum manni.

Nú hljóðar eiginvíxill um greiðslu tilteknum tíma eftir sýningu, og skal þá sýna útgefanda hann, til áritunar um sýninguna, innan þess frests, sem getið er í 23. gr. Frestur frá sýningu telst þá frá þeim degi, er áritun útgefanda um sýningu er dagsett á víxlinum. Neiti útgefandi að rita á víxilinn um sýninguna eða að dagsetja áritunina, skal láta fara fram afsagnargerð um það (25. gr.), og telst fresturinn frá sýningu þá frá dagsetningu hennar.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR

Um það, hve útlend lög koma til greina.

Fjórtándi kapituli.

79. gr.

Hvort erlendur maður sé umkominn þess að gangast undir víxilskyldur, skal meta eftir lögum þess lands, er hann er ríkisfastur í. Mæli þau lög svo fyrir, að lögum annars lands skuli beitt, skal eftir hinum síðastnefndu lögum farið.

Erlendur maður, sem eigi væri þess umkominn að gangast undir víxilskyldur samkvæmt ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, er þó samt sem

áður skuldbundinn hér í landi, ef hann hefir gengizt undir skylduna í einhverju því landi, þar sem hann að lögum þess lands hefði verið þess umkominn að skuldbinda sig.

80. gr.

Um form víxilskuldbindingar skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir skylduna var gengið.

Nú er víxilskuldbinding ógild samkvæmt fyrstu málsgr. þessarar greinar, en gild að lögum þess lands, þar sem síðar er gengizt undir skuldbindingu, og leiðir þá ógildi hinnar fyrri skuldbindingar eigi til þess, að hin síðari einnig skuli metin ógild.

Víxilskuldbinding, sem íslenzkur ríkisborgari gengst undir erlendis og fullnægir skilyrðum íslenzkra laga um form, skal talin gild hér á landi gagnvart öðrum íslenzkum ríkisborgara, þótt skuldbindingin ella myndi talin ógild samkvæmt ákvæðum fyrstu málsgr. þessarar greinar.

81. gr.

Um áhrif þess, að víxill á hendur öðrum manni er samþykktur eða eigin-víxill gefinn út, skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem víxillinn á að greiðast.

Um áhrif annara víxilskuldbindinga skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir þær var gengizt, enda sé eigi öðruvísi fyrir mælt.

82. gr.

Um fresti til að leita fullnustu skal fara eftir lögum þess lands, þar sem víxillinn var gefinn út, hver víxilskuldara sem hlut á að máli.

83. gr.

Nú er svo litið á að lögum þess lands, þar sem víxillinn var gefinn út, að víxilhafi sé einnig eigandi kröfu þeirrar, er varð tilefni þess, að víxillinn var út gefinn, og skal þá farið eftir þeim lögum um það efni.

84. gr.

Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem víxillinn á að greiðast, um það, hvort takmarka megi samþykki við nokkurn hluta víxilfjárhæðar og hvort víxilhafi geti neitað að taka við greiðslu á nokkrum hluta víxilfjárhæðarinnar aðeins.

85. gr.

Um form afsagnargerðar og annara gerða, er nauðsynlegar eru til þess, að víxilrétti verði beitt eða hann varðveittur, og um frest til slíkra gerða, skal farið eftir lögum þess lands, þar sem gerðin fer fram.

86. gr.

Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem víxill á að greiðast, um það, hversu farið skuli að, ef víxill glatast eða er stolið.

87. gr.

Eigi að beita erlendum lögum í dómsmáli, samkvæmt þeim fyrirmælum, sem um það eru sett, og séu dómnum eigi hin erlendu lög kunn, getur hann lagt fyrir hlutaðeigandi aðila að afla þeirra upplýsinga, er með þarf, um það efni.

FJÓRÐI ÞÁTTUR

Lokaákvæði.

Fimmtándi kapítuli.

88. gr.

Afsögn samkvæmt lögum þessum gerir notarius publicus eða embættismaður sá, sem að lögum gegnir notarialstörfum. Náist eigi til þessa embættismanns í tækan tíma, má láta hreppstjóra eða einn stefnuvott gera afsögnina.

89. gr.

Afsagnar má beiða munnlega, þann sem á að gera hana, ef víxillinn er fenginn honum.

90. gr.

Sé afsagnar á sama víxli krafizt hjá fleirum á sama stað, þarf eigi meira en eina afsagnargerð.

91. gr.

Afsagnargerðir skulu, sé eigi um annað samið, fara fram á tímabilinu frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, í starfhýsi hlutaðeigandi manns, eða á heimili hans, eigi hann ekkert starfhýsi á afsagnarstaðnum. Sé sá eigi viðstaddur, er þola skal afsagnargerð, má gera hana í eða hjá starfhýsi hans eða heimili. Sé eigi starfhýsi hans eða heimili kunn, og geti sá, er afsögn gerir, eigi fengið vitneskju um þau hjá lögreglustjórn þess staðar, skal geta þess í afsagnargerðinni.

Því, sem hér var fyrir mælt um stað og stund afsagnargerðar, skal einnig beita, eftir því sem við á, um sýningu víxils til samþykkis eða til greiðslu.

92. gr.

Nú á afsögn vegna greiðslufalls fram að fara, og býðst sá, sem afsögn á að gera hjá, til að greiða víxilinn að nokkru eða öllu, og skal þá sá, sem afsögn gerir, veita fénu móttöku, enda sé enginn annar maður viðstaddur, er veitt geti því móttöku fyrir gerðarbeiðanda hönd. Rita skal kvittun fyrir greiðslunni á víxilinn, og sé víxilfjárhæðin greidd að fullu, ásamt vöxtum þeim, er áskildir kunna að hafa verið, sbr. 5. gr., skal afhenda víxilinn þeim, er greiðir hann, ef gerðarbeiðandi hefir eigi látið öðruvísi um mælt við þann, er afsögn gerir.

93. gr.

Í afsagnargerð skal rita: eftirrit af víxlinum eða eftirriti hans og öllu því, er á honum stendur, tilmæli eða kröfu gerðarbeiðanda og svar þess, er afsögn

er gerð hjá; hafi hann engu svarað eða eigi fundizt, skal þess getið; svo skal og greina stað og stund afsagnargerðarinnar, og skal sá, er afsögn gerir, rita nafn sitt undir.

Á víxilinn eða eftirrit hans skal rita vottorð um afsagnargerðina.

94. gr.

Færa skal afsagnargerð orðrétta inn í notarialbók lögsagnarumdæmisins. Hafi hreppstjóri eða stefnuvottur gert afsögn, skal hann senda staðfest eftirrit af afsagnargerðinni til notarius innan þriggja daga frá afsagnardegi.

Eftirrit af afsagnargerð má eigi veita öðrum en gerðarbeiðanda.

95. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi víxillög fyrir Ísland, nr. 1 13. jan. 1882, og 10. gr. laga um víxilmál og víxilafsagnir, nr. 2 13. jan. 1882. Þó skal ákvæðum víxillaganna frá 13. jan. 1882, öðrum en ákvæðum þeirra um afsagnargerðir, beitt um víxla, er út voru gefnir áður en lög þessi öðlast gildi.

Ed. **936. Lög**

um tékka.

(Afgreidd frá Ed. 2. júní).

FYRSTI KAPÍTULI.

Um útgáfu tékka og form.

1. gr.

Í tékka skal greina:

1. Orðið tékka í meginmáli skjalsins og á því máli, sem skjalið er ritað á.
2. Skilyrðislaus tilmæli um að greiða ákveðna upphæð peninga (tékkafjárhæð).
3. Nafn þess, er greiða skal (greiðslubanki, sbr. 3. gr.).
4. Greiðslustað.
5. Útgáfustað og útgáfudag tékkans, og
6. Undirskrift þess, er tékkann gefur út (útgefandi).

2. gr.

Nú brestur á, að greind séu í skjali öll þau atriði, sem nefnd eru í næstu gr. hér á undan, og hefir skjalið þá eigi tékkagildi, nema þegar svo er ástatt sem segir síðar í þessari grein.

Sé greiðslustaður eigi tilgreindur sérstaklega, skal sá staður, sem tilgreindur er við nafn greiðslubankans, talinn vera greiðslustaður tékkans. Séu fleiri staðir en einn tilgreindir við nafn greiðslubankans, er tékkinn gjaldkræfur á þeim stað, er nefndur er fyrstur.

Sé greiðslustaður eigi tilgreindur með þeim hætti, er nú var sagt, eða með öðrum hætti, er tékkinn gjaldkræfur á þeim stað, þar sem greiðslubankinn á aðalaðsetur sitt.

Sé útgáfustaður eigi tilgreindur, skal líta svo á, að tékkinn hafi verið undirritaður á þeim stað, sem tilgreindur er við nafn útgefanda.

3. gr.

Tékka má aðeins gefa út á hendur banka eða sparisjóði, sbr. 54. gr.

Ávísanir, sem gefnar eru út á hendur öðrum en banka eða sparisjóði, hafa eigi tékkagildi, enda þótt þær fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. gr., sbr. 2. gr.

4. gr.

Útgefandi skal hafa til umráða fé hjá greiðslubankanum, er honum sé heimilt, samkv. samningi við greiðslubankann, að ráðstafa með tékkum.

5. gr.

Tékki má hljóða um greiðslu:

til tiltekins manns, hvort sem bætt er við eða eigi orðunum „eða þess, er hann framselur“,

til tiltekins manns, með viðbótinni „eigi til framsals“ eða samsvarandi orðum, eða

til handhafa.

Nú er tékki gefinn út til tiltekins manns, og bætt við orðunum „eða til handhafa“ eða samsvarandi orðum, og skal þá líta svo á, sem tékkinn sé gefinn út til handhafa.

Nú er eigi greint í tékka, hver við borgun eigi að taka, og skal þá einnig líta svo á, sem tékkinn sé gefinn út til handhafa.

6. gr.

Tékka má gefa út til ráðstöfunar útgefanda sjálfs.

Gefa má tékka út fyrir reikning þriðja manns.

Tékka má eigi gefa út á hendur útgefanda sjálfum. Þó má gefa út tékka, er eigi hljóðar um greiðslu til handhafa, milli tveggja starfsdeilda sama banka.

7. gr.

Sé í tékka gefið loforð um vexti, skal meta það sem óskráð.

8. gr.

Tékki getur hljóðað um greiðslu hjá öðrum banka en greiðslubankanum, annaðhvort á þeim stað, þar sem hann hefir aðsetur sitt, eða á öðrum stað.

9. gr.

Nú er fjárhæð tilgreind í tékka bæði með bókstöfum og með tölustöfum, og ber upphæðum þessum eigi saman, og gildir þá sú fjárhæðin, sem með bókstöfum er skráð.

Sé fjárhæðin tilgreind oftar en einu sinni í tékkanum, annaðhvort með bókstöfum eða með tölustöfum, og beri þeim eigi saman, gildir hin lægsta upphæðin ein.

10. gr.

Séu á tékka nöfn manna, er brestur hæfi til að taka á sig tékkaskyldu, fölsuð nöfn, nöfn, sem fundin eru upp, eða nafnritanir, sem af öðrum ástæðum eigi baka þeim skuldbindingu, er þau rituðu, eða þeim manni, er þau voru rituð í nafni hans, er þó skuldbinding hinna tékkaskuldaranna gild, þrátt fyrir það.

11. gr.

Sá, sem ritar nafn sitt á tékka fyrir hönd annars manns, en hefir eigi umboð til þess, verður sjálfur skuldbundinn eftir tékkanum, enda öðlast hann, er hann hefir greitt tékkann, sama rétt og hinn myndi hafa öðlazt. Sama gildir um þann mann, er farið hefir út fyrir umboð sitt.

12. gr.

Útgefandi ábyrgist greiðslu tékkans. Hver sá fyrirvari, er hann setur og miðar til þess að undanþiggja hann ábyrgð á greiðslu tékkans, skal metinn sem óskráður væri.

13. gr.

Nú er tékki eigi ritaður að fullu, er hann er gefinn út, og er hann seinna fylltur út á annan veg en um hafði verið samið, og verður þetta þá eigi borið fyrir við tékkahafann, nema hann hafi vitað betur, er hann fékk tékkann, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

ANNAR KAPÍTULI.

Um framsal tékka.

14. gr.

Tékka, sem hljóðar um greiðslu til tiltekins manns, má framselja, með áritun á hann, þriðja manni (framsalshafa), enda þótt tékkinn sé eigi berum orðum gefinn út til framsals.

Tékki, sem hljóðar um greiðslu til tiltekins manns, með viðbótinni „eigi til framsals“ eða samsvarandi orðum, verður aðeins framseldur með því formi og með þeim áhrifum, sem gilda um almennt framsal kröfu.

Framselja má tékka einnig til útgefanda, til fyrri framseljanda eða ábyrgðarmanns. Þessir menn geta framselt tékkann aftur.

15. gr.

Framsal skal vera skilyrðislaust. Sé það skilyrðum bundið, skal meta þau sem óskráð væru.

Framsal á nokkrum hluta tékkafjárhæðarinnar aðeins er ógilt.

Framsal frá greiðslubankanum er einnig ógilt.

Framsal til handhafa gildir sem eyðuframsal.

Framsal til greiðslubankans gildir einungis sem kvittun, nema þá er svo stendur á, að bankinn hefir fleiri starfsdeildir en eina og tékkinn er gefinn út á hendur annari starfsdeild en þeirri, sem hann er framseldur.

16. gr.

Framsal skal rita á tékkann sjálfan eða á miða, sem festur er við hann (allonge). Framseljandi skal undirrita það.

Framsal er gilt, þótt eigi sé greint í því, hverjum tékkinn er framseldur, eða framseljandi aðeins hafi ritað nafn sitt (eyðuframsal). Í hinu síðarnefnda tilfelli er framsalið þó því aðeins gilt, að það sé ritað á bakhlið tékkans eða á miða, sem við tékkann er festur.

17. gr.

Við framsalið hverfa öll þau réttindi, er tékkinn veitir, til framsalshafa.

Sé framsalið eyðuframsal, getur tékkahafinn:

1. fyllt það með nafni sjálfs sín eða annars manns,
2. framselt tékkann að nýju með eyðuframsali eða til ákveðins manns, eða
3. afhent tékkann þriðja manni, án þess að fylla eyðuframsalið eða rita framsal á tékkann.

18. gr.

Sá, er ritað hefir framsal á tékka, ábyrgist greiðslu hans, nema hann hafi sérstaklega undanskilið sig þeirri ábyrgð.

Hann getur lagt bann við því, að tékkinn sé framseldur aftur, og er hann þá laus við ábyrgð gagnvart þeim, er tékkann fá framseldan eftir það.

19. gr.

Sá, sem hefir í höndum tékka, er framselja má samkv. 1. mgr. 14. gr., skal talinn réttur tékkahafi, ef hann sannar rétt sinn með óslitinni röð af framsölum, þótt hið síðasta framsal sé eyðuframsal. Framsöl, er út hafa verið strikuð, skulu um þetta efni metin sem óskráð væru. Nú er annað framsal næst á eftir eyðuframsali, og skal þá litið svo á, sem sá, er undir það framsal hefir ritað, hafi öðlazt tékkann við eyðuframsalið.

20. gr.

Nú er framsal ritað á tékka, sem hljóðar um greiðslu til handhafa, og ber þá sá, sem framsalið ritaði, ábyrgð samkvæmt þeim reglum, er um fullnustu gilda, en tékkinn greiðist handhafa eftir sem áður.

21. gr.

Nú hefir tékki komizt úr vörzlum manns með einhverju móti, og er þá handhafa tékkans, er sannar rétt sinn með þeim hætti, sem segir í 19. gr., eða sé um tékka að ræða, sem hljóðar um greiðslu til handhafa, eigi skylt að skila

tékkanum, nema hann hafi vitað þetur, er hann fékk tékkann, eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

22. gr.

Nú er lögsókn hafin út af tékka, og getur varnaraðili þá eigi borið fram neinar þær varnir gegn tékkahafa, er lúta að viðskiptum hans við útgefanda eða þá, er áður áttu tékkann, nema því aðeins, að tékkahafi, er hann eignaðist tékkann, hafi af ásettu ráði viljað baka skuldara tjón.

23. gr.

Séu orðin „til innheimtu“ í framsali, eða önnur orð, sem aðeins felst í umboð, getur tékkahafi neytt allra þeirra réttinda, er tékkinn veitir, en eigi framselt hann, nema framsali til umboðs.

Tékkaskuldarar mega þá bera þær varnir einar fram gegn tékkahafa, er bornar yrðu fram gegn framseljanda.

Umboð það, er felst í framsali til umboðs, fellur eigi úr gildi, þótt umbjóðandi andist eða missi hæfi til að taka á sig skuldbindingar.

24. gr.

Framsal, sem ritað er eftir að afsagnargerð hefir fram farið, sbr. síðustu málsgr. 40. gr., eða eftir lok sýningarfrests, hefir aðeins áhrif sem almennt framsal kröfu.

Ódagsett framsal skal talið ritað áður en afsagnargerð fór fram eða fyrir lok frests þess, er ræðir um í næstu málsgr. hér að framan, nema annað sannist.

ÞRIÐJI KAPITULI.

Um áritanir greiðslubankans á tékka.

25. gr.

Hafi greiðslubankinn látið rita á tékka áritun, er skilja má á þá leið, að tékkinn muni verða greiddur (bókað, athugað eða því um líkt), eða hafi hann látið rita nafnritun sína á framhlið tékkans, er honum skylt að leysa til sín tékkann, sé hann sýndur til greiðslu innan þess frests, sem kveðið er á um í 29. gr.

Áritanir greiðslubankans á tékka, er fela í sér viðtækari greiðsluskyldu en þær áritanir, er ræðir um í 1. málsgr. þessarar gr., hafa þó eigi frekari áhrif en þar segir.

Leysi greiðslubankinn eigi tékkann til sín, er hann er sýndur honum, á tékkahafi, eins þó útgefandi sé, beina kröfu á hendur honum um greiðslu alls þess, er krefjast má samkv. 45. og 46. gr.

FJÓRÐI KAPITULI.

Um ábyrgð á tékkakröfu (aval.).

26. gr.

Tryggja má greiðslu tékka með ábyrgð á allri tékkáfjárhæðinni eða nokkrum hluta hennar. Ábyrgð getur tekið á sig jafnt þriðji maður sem einhver tékkaskuldaranna, að greiðslubankanum undanskildum.

Ábyrgð skal rituð á tékkann eða á miða, sem við hann er festur, og skal henni lýst með orðunum „sem ábyrgðarmaður“ eða með öðrum samsvarandi orðatiltækjum.

Ábyrgðin skal undirrituð af þeim, er í hana gengur. Nafnritun ein sér á framhlið tékkans skal metin sem ábyrgð, nema um nafnritun útgefanda sé að ræða.

Í ábyrgð skal greina, fyrir hvern hún sé tekin. Nú er það eigi gert, og telst hún þá tekin fyrir útgefanda.

27. gr.

Ábyrgðarmaður er skuldbundinn með sama hætti og sá maður, er hann gekk í ábyrgðina fyrir.

Skuldbinding hans er gild, þótt skuldbinding þess manns, er hann gekk í ábyrgðina fyrir, sé ógild, enda stafi ógildi hennar eigi af formgalla.

Greiði ábyrgðarmaður tékka, öðlast hann allan rétt samkvæmt tékkanum gegn þeim manni, er hann gekk í ábyrgð fyrir, og þeim mönnum, er samkvæmt tékkanum bera ábyrgð gagnvart honum.

FIMMTI KAPITULI.

Um sýningu tékka og greiðslu.

28. gr.

Greiða skal tékka, er hann er sýndur. Meta skal sem óskráð væri hvert það ákvæði, er í bága við þetta fer.

Enda þótt tékki sé sýndur til greiðslu fyrir þann dag, sem talinn er vera útgáfudagur hans, þá er hann þó gjaldkræfur á sýningardegi.

29. gr.

Tékka, sem gefinn er út hér á landi og greiðast á innanlands, skal sýna til greiðslu innan 30 daga.

Tékka, sem gefinn er út í öðru landi í Evrópu, eða í landi, sem liggur að Miðjarðarhafinu, skal sýna til greiðslu innan 40 daga, og tékka, sem gefinn er út í annari heimsálfu, innan 70 daga.

Frestir þeir, sem að ofan greinir, skulu taldir frá útgáfudegi þeim, sem í tékkanum greinir.

30. gr.

Nú er tékki gefinn út milli tveggja staða með mismunandi tímatali, og skal þá reikna út þann dag í tímatali greiðslustaðarins, er til útgáfudagsins svarar, og miða við hann.

31. gr.

Afhending tékka til greiðslujöfnunarstöðvar (clearing-house) jafngildir sýningu hans til greiðslu.

32. gr.

Hafi útgefandi tilkynnt greiðslubankanum, að hann afturkalli tékkann, er greiðslubankanum eigi heimilt að innleysa tékkann, sbr. þó 25. gr.

Nú hefir tékki eigi verið afturkallaður, og er greiðslubankanum þá heimilt að innleysa hann, þótt sýningarfrestur sé liðinn.

33. gr.

Nú andast útgefandi eftir útgáfu tékka eða missir hæfi til að taka á sig skuldbindingar, og varðar það engu um gildi tékkans.

34. gr.

Nú greiðir greiðslubankinn tékka, og getur hann þá krafizt þess, að tékkinn sé afhentur sér með áritaðri kvittun tékkahafa.

Tékkahafi getur eigi neitað að taka á móti greiðslu á nokkrum hluta tékkafjárhæðarinnar aðeins.

Nú er nokkur hluti tékkafjárhæðar greiddur, og getur greiðslubankinn þá krafizt þess, að þeirrar greiðslu sé getið á tékkanum og að sér sé fengin sérstök kvittun fyrir henni.

35. gr.

Nú greiðir greiðslubankinn tékka, sem ræðir um í 1. málsgr. 14. gr., og er honum þá skylt að fullvissa sig um, að framsölin séu í réttri og samfelldri röð, en eigi þarf hann að ganga úr skugga um það, hvort undirskriftir framseljenda séu ófalsaðar.

36. gr.

Hljóði tékkinn um greiðslu í mynt, sem eigi er gjaldgeng á greiðslustaðnum, má, fram að lokum sýningarfrestsins, greiða fjárhæðina í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, eftir gengi hennar á greiðsludegi. Sé tékkinn eigi greiddur við sýningu, getur tékkahafi krafizt þess, að fjárhæðin sé greidd í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, hvort sem hann heldur vill eftir gengi hennar á sýningardegi eða á greiðsludegi.

Þegar reikna á gildi erlendrar myntar, skal farið eftir því, sem verzlunartízka er á greiðslustaðnum, enda hafi útgefandi eigi kveðið svo á, að tékkafjárhæðina skuli greiða eftir gengi, sem ákveðið er í tékkanum sjálfum.

Ákvæði þessi gilda eigi, er útgefandi hefir mælt svo fyrir, að greitt skuli í vissri, ákveðinni mynt (fyrirvari um virka greiðslu í erlendri mynt).

Sé tékkafjárhæð greind í myntartegund, er hefir sama nafn en mismun-

andi gildi í landi því, þar sem tékkinn er gefinn út, og í landi því, þar sem hann á að greiðast, eru líkurnar fyrir því, að átt sé við mynt greiðslustaðarins.

SJÖTTI KAPITULI.

Um strikaða tékka.

37. gr.

Útgefandi eða handhafi tékka geta strikað hann, með þeim áhrifum, sem í 38. gr. segir.

Strikunin er fólgin í því, að tvö samhliða strik eru dregin á framhlið tékkans.

Strikun er ýmist almenn eða sérstök. Almenn er strikunin, ef ekkert er skráð milli strikanna eða þar eru skráð orðin „til banka“ eða samsvarandi orð. Sérstök er strikunin, ef nafn tiltekins banka er skráð milli strikanna.

Breyta má almennri strikun í sérstaka strikun, en eigi sérstakri í almenna.

Strikun eða nafn hins tilgreinda banka verður eigi, svo gilt sé, strikað út aftur.

38. gr.

Tékka, sem almenn strikun er á, má greiðslubankinn aðeins greiða öðrum banka eða einhverjum viðskiptamanni sínum.

Tékka, sem sérstök strikun er á, má greiðslubankinn aðeins greiða hinum tilgreinda banka, eða, sé það greiðslubankinn sjálfur, þá einhverjum viðskiptamanni sínum. Þó má banki sá, sem nefndur er milli strikanna, fela öðrum banka að innheimta tékkann fyrir sig.

Strikaðan tékka má banki aðeins eignast frá einhverjum viðskiptamanna sinna eða frá öðrum banka. Hann má eigi taka slíkan tékka til innheimtu fyrir aðra en þá, er nú voru nefndir.

Greiðslubankinn má eigi innleysa tékka, sem á eru fleiri en ein sérstök strikun. Þetta gildir þó eigi, séu strikanirnar aðeins tvær og önnur til innheimtu á greiðslujöfnunarstöð.

Nú gætir banki eigi ákvæða greinar þessarar, og ábyrgist hann þá tjón það allt, er af því leiðir, þó eigi með hærri upphæð en fjárhæð tékkans.

39. gr.

Nú eru orðin „til reiknings“ („nur zur Verrechnung“) eða samsvarandi orðatiltæki skráð þversum á framhlið tékka, og skal tékkinn þá talinn vera strikaður.

SJÖUNDI KAPITULI.

Um fullnustu vegna greiðslufalls.

40. gr.

Sé tékki eigi greiddur, er hann er sýndur til greiðslu á réttum tíma, getur handhafi hans krafizt fullnustu hjá framseljendum, útgefanda og öðrum tékkaskuldurum, enda sé greiðslufallið sannað:

1) með opinberri gerð (afsagnargerð),
2) með dagsettri yfirlýsingu greiðslubankans, ritaðri á tékkann, og sé þar tilgreindur sýningardagurinn, eða
3) með dagsettri yfirlýsingu frá greiðslujöfnunarstöð, um að tékkinn hafi verið afhentur þangað á réttum tíma og eigi fengizt greiddur.

Orðið „afsögn“ merkir í lögum þessum einnig yfirlýsingar þær, sem getið er um í 2) og 3) hér að framan, enda sé eigi á annan veg fyrir mælt í lögunum.

41. gr.

Afsögn skal gera áður en sýningarfrestur sé liðinn.

Nú hefir tékki verið sýndur til greiðslu á síðasta degi sýningarfrestsins, og má þá afsögn gera næsta virkan dag þar á eftir.

42. gr.

Tékkahafi skal senda síðasta framseljanda og útgefanda tilkynningu um greiðslufallið innan 4 virkra daga eftir afsagnardag, eða, hafi verið gerður fyrirvari um fullnustu án kostnaðar, þá eftir sýningardag. Hver framseljandi skal, í síðasta lagi á öðrum virkum degi eftir að hann fékk slíka tilkynningu, skýra þeim framseljanda, er næstur er fyrir framan hann, frá tilkynningu þeirri, er hann fékk, og greina nafn og heimili þeirra, sem áður hafa sent tilkynningar, og skal þannig haldið áfram þar til kemur að útgefanda. Frestir þeir, sem að ofan eru nefndir, teljast frá móttöku næstu tilkynningar á undan.

Þegar tilkynning er send tékkaskuldara samkv. því, sem fyrir er mælt í næstu málsgr. hér á undan, skal einnig senda þeim manni, er gengið hefir í ábyrgð fyrir þann skuldara, samsvarandi tilkynningu og á sama fresti.

Nú hefir framseljandi eigi greint heimili sitt, eða tilgreint það svo, að ólæsilegt er, og er þá nægilegt, að tilkynning sé send þeim framseljanda, sem næstur er fyrir framan hann á tékkanum.

Sá, sem skyldur er til að senda tilkynningu, getur gert það með hverjum hætti sem vera skal, jafnvel með því aðeins að endursenda tékkann.

Honum ber að sanna, að hann hafi sent tilkynninguna áður en frestur sá var liðinn, er hann hafði til að senda hana. Tilkynning telst send nógu snemma, ef bréf, er hefir hana að geyma, er afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Sá, sem eigi sendir tilkynningu innan nefnds frests, glatar eigi fullnusturétti sínum, en ábyrgjast skal hann allt það tjón, er af vanrækslu hans hlýzt; skaðabæturnar mega þó eigi fara fram úr tékkafjárhæðinni.

43. gr.

Nú er rituð á skjalið athugasemdin „fullnusta án kostnaðar“, „án afsagnar“ eða því um lík athugasemd, og undirrituð af útgefanda, framseljanda eða ábyrgðarmanni, og þarf tékkahafi þá eigi að láta afsegja tékkann vegna greiðslufalls, til þess að halda fullnusturétti sínum.

Fyrirvari þessi leysir tékkahafa hvorki undan því að sýna tékkann innan frests þess, sem til þess er settur, né undan því að senda tilkynningu þá, sem mælt er fyrir um í 42. gr. Sönnun þess, að fresturinn hafi verið látinn hjá líða, hvílir á þeim, sem bera vill það fyrir sig gagnvart tékkahafa.

Hafi útgefandi sett fyrirvarann, hefir hann gildi gegn öllum tékkaskuldurum. Hafi framseljandi eða ábyrgðarmaður sett hann, hefir hann aðeins gildi gegn þeim, er setti hann. Nú hefir tékkahafi látið afsagnargerð fram fara, þrátt fyrir fyrirvara af hálfu útgefanda, og verður hann þá sjálfur að bera kostnað allan af henni. Sé fyrirvarinn hinsvegar settur af framseljanda eða ábyrgðarmanni, má krefja hvern tékkaskuldara sem vill um afsagnarkostnaðinn, hafi afsögn verið gerð.

44. gr.

Tékkaskuldararnir bera allir fyrir einn og einn fyrir alla ábyrgð gagnvart tékkahafa.

Tékkahafa er rétt að beina kröfu sinni gegn hverjum sem hann vill af þessum mönnum, gegn einum þeirra sér eða fleirum saman, og þarf hann eigi að fara eftir þeirri röð, sem skuldbindingar þeirra eru í á tékkanum.

Sama rétt á hver tékkaskuldari, sem leyst hefir tékkann til sín.

Nú er mál höfðað gegn einum af tékkaskuldurunum, og er það eigi því til fyrirstöðu, að krafa sé gerð gegn hinum, þó að þeir séu á tékkanum á eftir þeim, er fyrstur var lögsóttur.

45. gr.

Tékkahafi getur krafizt hjá þeim, er hann leitar fullnustu hjá:

1) þess hluta tékkafjárhæðarinnar, er eigi var greiddur,
2) vaxta af þeirri upphæð, 6% ársvaxta frá sýningardegi, og
3) kostnaðar við afsagnargerð og við tilkynningar samkv. 42. gr. og annars kostnaðar, er hann hefir haft.

46. gr.

Sá, sem tékka leysir til sín, getur krafizt af þeim tékkaskuldurum, er ábyrgð bera gagnvart honum:

1) allrar þeirrar fjárhæðar, sem hann hefir greitt,
2) vaxta af þeirri upphæð frá þeim degi, er hann greiddi hana, 6% í ársvexti, og
3) kostnaðar, er hann hefir haft.

47. gr.

Hver sá tékkaskuldari, er krafinn er eða krefja má um fullnustu, á rétt á því að fá tékkann afhentan sér, ásamt afsagnargerð og kvittuðum reikningi, enda greiði hann innlausnarféð.

Hver sá framseljandi, sem innleyst hefir tékkann, getur strikað út af honum nafn sitt og þeirra framseljenda, sem á eftir honum koma.

48. gr.

Komi á fresti þeim, sem veittur er til sýningar tékka eða til afsagnargerðar, fyrir óviðráðanleg tálmun, innlend eða erlend lagaákvæði eða aðrir óviðráðanlegir atburðir, og verði gerðir þessar eigi framkvæmdar þess vegna, lengjast frestirnir.

Tékkahafa er skylt að senda síðasta framseljanda þegar í stað tilkynningu um slíka tálmun, og geta þessarar tilkynningar á tékkanum eða á miða, sem við tékkann sé festur, og dagsetningar hennar og rita nafn sitt undir. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðunum í 42. gr.

Jafnskjótt og tálmuninni er lokið skal tékkahafi tafarlaust sýna tékkann til greiðslu og láta afsegja hann, ef með þarf.

Vari tálmunin lengur en fimmtán daga frá þeim degi, er tékkahafi sendi síðasta framseljandanum tilkynningu um tálmunina, þá má tékkahafi leita fullnustu, án þess að nauðsynlegt sé að sýna tékkann eða afsegja hann. Gildir þetta einnig, þótt tilkynningin hafi verið send áður en sýningarfresti lauk.

Atvik, er aðeins varða tékkahafa persónulega, eða þann mann, er hann hefir falið að sýna tékkann eða afsegja hann, skulu eigi talin óviðráðanlegir atburðir.

ÁTTUNDI KAPÍTULI.

Um samrit tékka.

49. gr.

Gefa má tékka út í fleiri samhljóða eintökum (samritum), ef hann á að greiðast erlendis og er eigi gefinn út til handhafa. Í texta hvers eintaks skal greina, hvert það sé í röðinni; að öðrum kosti gildir hvert eintak sem sjálfstæður tékki.

50. gr.

Greiðsla samkvæmt einu af eintökum tékkans leysir undan tékkaskyldunni, þótt það sé eigi áskilið, að hin eintökin skuli úr gildi felld með henni. Greiðslubankinn ábyrgist þó eftir sem áður hvert það eintak, sem ritað er á samkv. ákvæðum 25. gr. og honum hefir eigi verið skilað.

Hafi framseljandi framselt ýmsum mönnum eintök tékkans, þá ábyrgist hann og framseljendur þeir, er á eftir honum koma, hvert það eintak, sem nafnritun þeirra er á og eigi hefir verið skilað aftur.

NÍUNDI KAPÍTULI.

Um breytingar á tékka.

51. gr.

Nú eru breytingar gerðar á texta tékka, og eru þá þeir, er ritað hafa nöfn sín á tékkann eftir að breytingin var gerð, skuldbundnir í samræmi við hinn breytta texta, en hinir, er áður höfðu ritað nöfn sín á tékkann, eru skuldbundnir í samræmi við hinn upphaflega texta hans.

TÍUNDI KAPÍTULI.

Um fyrningu tékka.

52. gr.

Kröfur tékkahafa gegn framseljendum, útgefanda og öðrum tékkaskuldurum fyrnast á sex mánuðum frá lokadegi sýningarfrestsins að telja.

Hafi tékkaskuldari leyst tékkann til sín, fyrnast kröfur hans gegn hinum tékkaskuldurunum á sex mánuðum, frá þeim degi að telja, er hann leysti tékkann til sín eða fyrningu var slitið gagnvart honum, sbr. 53. gr.

53. gr.

Fyrningu tékka er slitið, er stefna er birt í tékkamáli, krafa gerð í máli um notkun tékkakröfu til skuldajafnaðar án gagnsóknar, tékkakröfunni lýst í bú skuldunauts, er tekið hefir verið til opinberra skipta, eða kröfunni lýst fyrir skiptarétti, er skuldunautur leitar nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi sínu. Fyrningu tékka er og slitið, ef sá, sem sóttur er um tékkakröfu, tilkynnir lögsóknina (litis denuntiatio) einhverjum, sem er fyrir framan hann á tékkanum.

Fyrningu tékka er slitið með stefnu til erlends dómstóls, ef skuldunautur á heimili í því landi, eða hann ber fram varnir í málinu, en ber það þó eigi fyrir sig, að dómstóllinn sé eigi dómbær, eða stefnan er birt honum sjálfum. Tilkynning um lögsókn (litis denuntiatio) við erlendan dómstól slítur fyrningu með sama hætti og stefna. Sömuleiðis er fyrningu slitið, er tékkakrafa er notuð til skuldajafnaðar í máli, sem rekið er fyrir erlendum dómstóli, samkvæmt þeim lögum, er þar gilda.

Fyrningu er slitið með lýsingu tékkakröfu í bú skuldunauts, er tekið hefir verið erlendis til opinberra skipta, ef skuldunautur átti heima í því landi, er skiptameðferðin hófst.

Fyrningu er eigi slitið gegn öðrum tékkaskuldurum en þeim, sem einhverri af fyrrnefndum gerðum er beint að, en fyrningarslitin koma öllum þeim að notum, sem eru fyrir framan þann á tékkanum, er fyrningu sleit.

Nú hefir fyrningu verið slitið, en lögsóknin er eigi til lykta leidd, og hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim degi, er málið síðast var til meðferðar í rétti.

Verði gerð til slita fyrningar eigi komið fram vegna tálmana þeirra, sem ræðir um í 48. gr., glatast tékkaréttur samt eigi, ef fyrningu er slitið innan mánaðar frá því, að tálmuninni lauk.

ELLEFTI KAPITULI.

Almenn ákvæði.

54. gr.

Orðið „banki“ merkir í lögum þessum banka, er stofnaðir eru með sérstökum lögum eða starfa samkvæmt sérstakri lagaheimild, svo og sparisjóði, er fengið hafa staðfestingu á samþykktum sínum.

55. gr.

Eigi má sýna tékka til greiðslu né afsegja hann, nema á virkum degi.

Nú á gerð, er tékkarétt varðar, svo sem sýning til greiðslu eða afsögn, fram að fara á tilteknum fresti, og er lokadagur frestsins löghelgur dagur, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Aðrir löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

Nú er kveðið á um frest í lögum þessum, og telst þá sá dagur, er fresturinn er talinn frá, eigi með í frestinum.

Frestdagar til greiðslu eftir sýningu gilda eigi um tékka.

56. gr.

Nú glatast tékki, er greiðast á hér á landi, og má þá ógilda hann með dómi, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um ógilding skjala með dómi. Ógildingarmál skal höfða á greiðslustað tékkans.

57. gr.

Nú hefir fullnustukrafa fyrnzt eða glatazt fyrir vangeymslu, og er þá tékkahafa rétt að sækja tékkaskuldara um þá fjárhæð, er hann mundi vinna honum úr hendi, ef fjárheimtan félli niður, sem um hverja aðra skuld. Sé eigi annað gert sennilegt, skal telja, að útgefandi vinni tékkafjárhæðina tékkahafa úr hendi.

TÓLFTI KAPITULI.

Um það, hve útlend lög koma til greina.

58. gr.

Hvort erlendur maður sé þess umkominn að ganga undir tékkaskyldur, skal meta eftir lögum þess lands, er hann er ríkisfastur í. Mæli þau lög svo fyrir, að lögum annars lands skuli beitt, skal eftir hinum síðastnefndu lögum farið.

Erlendur maður, sem eigi væri þess umkominn að gangast undir tékka-

skyldur samkv. ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, er samt sem áður skuldbundinn hér á landi, ef hann hefir gengizt undir skylduna í einhverju því landi, þar sem hann að lögum þess lands hefði verið þess umkominn að skuldbinda sig.

59. gr.

Um það, á hendur hverjum tékki verði gefinn út, skal dæmt eftir lögum þess lands, þar sem tékkann á að greiða. Þó er tékki, sem út er gefinn í öðru landi en greiðslulandinu, aldrei ógildur af þeirri ástæðu, að hann sé gefinn út á hendur einhverjum þeim, er eigi getur verið greiðandi tékka að lögum greiðslulandsins.

Nú er skjalið eigi gildur tékki samkvæmt ákvæðum næstu málsgr. hér að framan, og hefir það ógildi þess þó engin áhrif á gildi skuldbindinga, sem á það eru ritaðar í öðru landi, enda væri skjalið gildur tékki að þess lands lögum.

60. gr.

Um form tékkaskuldbindingar skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir skuldbindinguna var gengizt. Þó er nægilegt, að þeirra fyrirmæla hafi verið gætt, er gilda á greiðslustaðnum.

Nú er tékkaskuldbinding ógild samkvæmt fyrstu málsgr. þessarar greinar, en gild að lögum þess lands, þar sem síðar er ritað undir skuldbindingu, og leiðir þá ógilding hinnar fyrri skuldbindingar eigi til þess, að hin síðari einnig skuli metin ógild.

61. gr.

Um áhrif tékkaskuldbindingar skal dæma eftir lögum þess lands, þar sem undir hana var gengizt.

62. gr.

Um fresti til að leita fullnustu skal fara eftir lögum þess lands, þar sem tékkinn var gefinn út, hver tékkaskuldaranna sem hlut á að máli.

63. gr.

Fara skal eftir lögum þess lands, þar sem tékki á að greiðast, um þessi atriði:

1. Hvort greiða skuli tékka við sýningu eða hvort tékki verði gefinn út til greiðslu tilteknum tíma eftir sýningu, svo og, hver áhrif það hafi, að tékki er dagsettur eftir á.
2. Sýningarfrest.
3. Hvort samþykkja megi tékka eða rita á hann athugasemd um, að hann sé bókaður, athugaður eða því um líkt, svo og, hver áhrif slíkar áritanir hafi.
4. Hvort tékkahafi geti krafizt greiðslu á nokkrum hluta tékkafjárhæðarinnar aðeins eða sé skylt að taka við slíkri greiðslu.
5. Hvort tékki verði strikaður, eða hvort rita megi á hann athugasemdina „til reiknings“ („nur zur Verrechnung“) eða aðra þesskonar athugasemd, svo og, hver áhrif strikunin eða athugasemdirnar hafi.

6. Hvort handhafi tékka eigi sérstakan rétt yfir fé því, sem ætlað er til greiðslu tékkans, og ef svo er, hver sá réttur hans sé.
7. Hvort útgefandi geti afturkallað tékka eða gert ráðstafanir til að stöðva greiðslu hans.
8. Hverjar ráðstafanir megi gera, ef tékki týnist eða er stolið.
9. Hvort afsögn sé nauðsynleg til varðveizlu fullnusturéttar á hendur framseljendum, útgefanda eða öðrum tékkaskuldurum.

64. gr.

Um form afsagnargerðar og frest til hennar, svo og um form annara gerða, er nauðsynlegar eru til þess, að tékkarétti verði beitt eða hann varðveittur, skal fara eftir lögum þess lands, þar sem gerðin fer fram.

65. gr.

Eigi að beita erlendum lögum í dómsmáli, samkvæmt þeim fyrirmælum, sem um það eru sett, og séu dómnum eigi hin erlendu lög kunn, getur hann lagt fyrir hlutaðeigandi aðila að afla þeirra upplýsinga, er með þarf um það efni.

ÞRETTÁNDI KAPÍTULI.

Um afsagnargerðir o. fl.

66. gr.

Afsögn samkvæmt lögum þessum gerir notarius publicus eða embættismaður sá, sem að lögum gegnir notarialstörfum. Náist eigi til þessa embættismanns í tækan tíma, má láta hreppstjóra eða einn stefnuvott gera afsögnina.

67. gr.

Afsagnar má beiða munnlega, þann sem á að gera hana, ef tékkinn er fenginn honum.

68. gr.

Sé afsagnar á sama tékka krafizt hjá fleirum á sama stað, þarf eigi meira en eina afsagnargerð.

69. gr.

Afsagnargerðir skulu, sé eigi um annað samið, fara fram á tímabilinu frá kl. 9 árdegis til kl. 7 síðdegis, í starfhýsi hlutaðeigandi manns eða á heimili hans, eigi hann ekkert starfhýsi á afsagnarstaðnum. Sé sá eigi viðstaddur, er þola skal afsagnargerð, má gera hana í eða hjá starfhýsi hans eða heimili. Sé eigi starfhýsi hans eða heimili kunn, og geti sá, er afsögn gerir, eigi fengið vitneskju um þau hjá lögreglustjórn þess staðar, skal geta þess í afsagnargerðinni.

Því, sem hér var fyrir mælt um stað og stund afsagnargerðar, skal einnig beitt, eftir því sem við á, um sýningu tékka til greiðslu.

70. gr.

Í afsagnargerð skal rita: eftirrit af tékkanum og öllu því, er á honum stendur, tilmæli eða kröfu gerðarbeiðanda og svar þess, er afsögn er gerð hjá; hafi hann engu svarað eða eigi fundizt, skal þess getið; svo skal og greina stað og stund afsagnargerðarinnar, og skal sá, er afsögn gerir, rita nafn sitt undir.

Á tékkann skal rita vottorð um afsagnargerðina.

71. gr.

Færa skal afsagnargerð orðrétt inn í notarialbók lögsagnarumdæmisins. Hafi hreppstjóri eða stefnuvottur gert afsögn, skal hann senda staðfest eftirrit af afsagnargerðinni til notarius innan þriggja daga frá afsagnardegi.

Eftirrit af afsagnargerð má eigi veita öðrum en gerðarbeiðanda.

72. gr.

Um mál, sem sótt eru til fullnustu tékkakröfu, fer sem um víxilmál.

73. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934, og falla þá jafnframt úr gildi lög um tékkávísanir, nr. 38 8. nóv. 1901. Þó skal síðastnefndum lögum beitt um tékka, er út voru gefnir áður en lög þessi öðlast gildi.

Ed. **937. Lög**

um mjólkurbúastyrk o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 2. júní).

Samhljóða þskj. 693.

Nd. **938. Þingsályktun**

um sjávarútvegsmál.

(Afgreidd frá Nd. 2. júní).

Samhljóða þskj. 869.

Sþ. **939. Breytingartillaga**

við till. til þingsályktunar um rétt alþingismanna til að athuga fylgiskjöl með reikningum ríkisins.

Frá Vilmundi Jónssyni.

Í stað orðanna „meðan á þingtímanum stendur“ komi: jafnan.

Nd. 940. Þingsályktun

um launamál, starfsmannafækkun o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 2. júní).

Samhljóða þskj. 894.

Nd. 941. Frumvarp

til laga um læknishéraða- og prestakallasjóði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sé læknishérað læknislaust, svo að eigi komi til greiðslu á embættislaunum, eða hluta þeirra, til þjónandi læknis í því héraði, skulu launin eða launahlutinn með dýrtíðaruppbót renna í sérstakan sjóð, er verður eign hlutaðeigandi héraðs. Við ákvörðun þessarar upphæðar skal jafnan miða við byrjunarlaun eins og þau eru ákveðin í lögum um laun embættismanna.

Nú kemur ekki til útborgunar allt það fé, sem áætlað er í fjárlögum sem læknisvitjanastyrkur handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, og rennur þá það, sem afgangs verður af áætluðu fé til hvers héraðs, í sjóð þess.

2. gr.

Sjóðir þeir, sem stofnaðir eru samkvæmt 1. gr., nefnast læknishéraðasjóðir. Skulu þeir vera í vörzlu og undir umsjá ráðherra, sem sér um, að fé þeirra sé jafnan handbært og ávaxtað á tryggum stað.

3. gr.

Fé læknishéraðasjóða skal varið til þess að tryggja eftir föngum, að héruðin séu sem sjaldnast læknislaus, svo sem með því að leggja það til læknisbústaða eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héruðin eftirsóknarverðari fyrir lækna eða horfi til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins.

4. gr.

Landlæknir gerir, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi héraðsbúa, tillögur um fjárveitingar úr læknishéraðasjóðum, en ráðherra tekur ákvarðanir um þær.

5. gr.

Þegar prestakall er prestslaust, svo að eigi kemur til greiðslu embættislauna eða hluta þeirra, skal fjárhæð sú, sem sparast, miðað við byrjunarlaun presta, renna í sérstakan sjóð, sem kirkjuráð varðveitir.

Sjóðurinn heitir prestakallasjóður og skal hann geymdur í Landsbanka Íslands. Kirkjuráð ráðstafar sjóði þessum til verkefna þeirra, sem því eru ætluð samkv. lögum nr. 21 6. júlí 1931.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Sþ. 942. Þingsályktun

um lækkun vaxta.

(Afgreidd frá Sþ. 2. júní).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir almennri vaxtalækkun.

Sþ. 943. Þingsályktun

um templaralóðina í Reykjavík.

(Afgreidd frá Sþ. 2. júní).

Sameinað Alþingi ályktar að fela forsetum að gera samning við reglu góðtemplara í Reykjavík, er ljúki deilumálum þessara aðila um húslóð við Vonarstræti og Templarasund hér í bænum.

Ed. 944. Breytingartillögur

við frv. til l. um eignarnámsheimild á afnotarétti landsvæðis úr Garðalandi.

Frá Páli Hermannssyni.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
   Ríkisstjórninni heimilast að taka eignarnámi afnotarétt allrar jarðarinnar Hvaleyrar í Hafnarfirði og landspildna þeirra o. s. frv.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Þá er eignarnámið hefir fram farið skal ráðstafa landinu þannig:
   a. Hafnarfjarðarbær gengur inn í afnot þeirrar hálflendu Hvaleyrar, sem er eign bæjarins, og jafnframt skal stjórnarnefnd Flensborgarskólans í Hafnarfirði skylt að selja Hafnarfjarðarbæ á leigu þá hálflendu Hvaleyrar, sem er eign skólans. Náist ekki samkomulag um leigumálann milli aðila, á Hafnarfjarðarbær rétt á að ganga inn í erfðafestusamning

þann, sem stjórnarnefnd skólans gerði við Ingólf Flygenring hinn 15. júlí 1916.

b. Taka skal upp af nýju landskipti þau, er gerð voru á síðasta ári á landi Garðatorfunnar. Við hin nýju skipti skal að minnsta kosti helmingur af landsvæði því, er um ræðir í 1. gr., koma til skipta og þess gætt, að öll býli í Garðahverfinu, bæði þau, sem eru í sjálfsábúð, og hin, sem leigð eru, fái hæfilega mikið af ræktanlegu landi.

3. Við 3. gr. Á eftir „landskiptum“ komi: samkvæmt b-lið 2. gr.
4. Við 4. gr. Á eftir orðunum „afhending lands þess“ í byrjun greinarinnar komi: úr Garðalandi.
5. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: fyrir lönd úr Garðalandi, en úr bæjarsjóði Hafnarfjarðar fyrir Hvaleyri.
6. Fyrirsögnina skal orða svo:

Frumvarp til laga um eignarnámsheimild á afnotarétti Hvaleyrar í Hafnarfirði og landsvæðis úr Garðalandi.

Nd. 945. Frumvarp

til laga um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum hér á landi, þar sem fram fer sala á mjólk og rjóma frá fullkomnum mjólkurbúum, er viðurkennd hafa verið af atvinnumálaráðherra, skal óheimilt að selja þessar vörur ógerilsneyddar. Undanþegin þessu banni skulu þó mjólkurbú, er að dómi atvinnumálaráðherra hafa sérstaka aðstöðu til þess að hreinsa mjólkina á annan hátt og koma henni óskemmdri á markaðinn.

Ákvæði fyrri málsgreinar taka ekki til svonefndrar barnamjólkur né til þeirrar mjólkur, sem framleidd er innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og framleiðandi selur utan mjólkurbúðar beint til neytenda, enda skulu um slíka sölu sett ákvæði í reglugerð, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd semur og atvinnumálaráðherra staðfestir, og má þar ákveða sektir til bæjar- eða sveitarsjóðs fyrir brot gegn henni, allt að 500 kr. Brot gegn ákvæðum fyrri málsgreinar varða og sektum til sama sjóðs, allt að jafnhárri upphæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 946. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán erlendis.

(Afgreidd frá Ed. 2. júní).

Samhljóða þskj. 867.

Ed. 947. Frumvarp

til laga um veitingaskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 10% skatt af söluverði matfanga, drykkjarfanga og annara neyzluvara, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum eða öðrum þeim veitingastöðum, sem leyfi þarf til að reka samkv. lögum nr. 21 15. júní 1926. Ennfremur eru skattskyldar veitingar í kökubúðum (konditorí) og tækifærisveitingar þær, sem leyfi þarf til þess að hafa um hönd samkv. áðurnefndum lögum. Skattur samkvæmt lögum þessum skal þó eigi reiknaður af öðru en því, sem selt er til neyzlu á staðnum.

Nú er rekin veitingastarfsemi, sem eigi þarf leyfi til samkv. gildandi lögum, en er þó sama eðlis og sú veitingasala, sem skattskyld er samkvæmt framanrituðum ákvæðum, og skulu þá þeir, er slíka starfsemi reka, skoðaðir sem skattskyldir veitingasalar.

2. gr.

Veitingasalar, er selja fæði, mjólk og skyr, enda sé hver fullkomin máltíð eigi seld hærra en kr. 1.25, mjólk og skyr eigi með meira álagi en 25% frá söluverði á staðnum, greiða eigi skatt af slíkri sölu, enda sanni þeir fyrir innheimtumanni skattsins, hversu mikill hluti allrar sölu þeirra sé skattfrjáls samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Ef veitingasali, sem veitingaskatt á að greiða samkvæmt lögum þessum, selur sama manni fæði í einn mánuð eða lengri tíma með hærra verði en segir í 2. gr., greiðir hann skatt af ⅓ hluta slíkrar sölu, enda geri hann innheimtumanni skattsins fulla grein fyrir því, hve miklu fæðissala þessi nemi. Fjármálaráðuneytið getur þó sett hámarksákvæði um verð þess fæðis, sem undanþegið er skatti að ⅓ samkvæmt þessari grein, og séu þau ákvæði miðuð við verðlag á hverjum stað. Ef hámarksákvæði eru sett samkvæmt framanskráðu, er skattskyld að fullu sú upphæð af verði fæðisins, sem er yfir hámarksákvæðið.

4. gr.

Undanþegnar skatti eftir lögum þessum eru veitingar handa starfsmönnum við fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt þeim, hvort sem þær eru látnar af hendi endurgjaldslaust eða seldar.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef því þykir ástæður mæla með, að undanþiggja veitingaskatti veitingasölu, sem rekin er í góðgerðaskyni fyrir almenning.

5. gr.

Allir þeir, sem þegar eru skyldir til að greiða veitingaskatt samkv. lögum þessum, skulu tilkynna innheimtumanni skattsins um rekstur sinn innan mánaðar frá því, að lög þessi öðlast gildi. Í tilkynningunni skal skýrt fram tekið, hverskonar reksturinn er, hver (hverjir) sé eigandi hans og hver (hverjir) stjórnandi. Ennfremur, hve margir starfsmenn vinni við reksturinn.

Þeir, sem eftir að lög þessi ganga í gildi byrja starfsemi, sem veitingaskatt ber að greiða af samkvæmt þeim, eru skyldir að tilkynna innheimtumanni skattsins um starfsemina áður en hún hefst og láta fylgja þær upplýsingar, sem getið er um í næstu málsgrein hér á undan.

Hætti starfsemi, sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum, eða breyti um starfshætti eða heimilisfang, ber að tilkynna það tafarlaust innheimtumanni skattsins.

6. gr.

Allir veitingasalar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að færa bækur sínar þannig, að greinilega sjáist sala hvers dags. Ber að bókfæra allt, sem selt er á hverjum degi, án tillits til þess, hvort greiðsla fer fram samdægurs. Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um bókhald veitingasala. Í lok hvers mánaðar, og í síðasta lagi innan 7 daga frá mánaðarlokum ber veitingasala að senda innheimtumanni skattsins tilkynningu, undirritaða af eiganda eða stjórnanda, um samanlagða veitingasölu í mánuðinum, og ennfremur öll gögn viðvíkjandi undanþágum þeim, sem um getur í 2. og 3. gr. þessara laga, ef um þær er að ræða. Samkvæmt þessari tilkynningu ber veitingasala að greiða skattinn eigi síðar en 7 dögum eftir að tilkynning má í síðasta lagi vera send.

Í hver ársfjórðungslok ber að senda innheimtumanni skattsins rekstrarreikning veitingasölunnar fyrir ársfjórðunginn, ásamt nauðsynlegum fylgiskjölum.

7. gr.

Innheimtu veitingaskatts og eftirlit með rekstri skattskyldra veitingastaða annast lögreglustjórar utan Reykjavíkur, en í Reykjavík tollstjóri, enda tilkynni lögreglustjóri í Reykjavík tollstjóra tafarlaust um alla þá, er veitingaleyfi leysa, og lögmaður um alla þá veitingasala, sem látast eða verða gjaldþrota.

8. gr.

Innheimtumenn veitingaskattsins hafa rétt til þess að framkvæma nákvæmt eftirlit með öllum skattskyldum veitingastöðum og rannsaka bókhald þeirra. Geta þeir krafizt þess, að bækurnar séu þeim afhentar til eftirlits, ásamt fylgi-

skjölum, þegar ástæða þykir til. Forstöðumenn og aðrir starfsmenn á veitingastöðum eru skyldir að láta í té nauðsynlega aðstoð og upplýsingar við eftirlitið.

Innheimtumaður hefir rétt til þess að krefjast upplýsinga um veitingasölu og annað, sem snertir rekstur fyrirtækisins, af hverjum starfsmanni þess, og ennfremur þeim, er vörur selja eða önnur viðskipti hafa við veitingasöluna.

9. gr.

Þeim, sem eftirlit og innheimtu hafa á hendi samkv. lögum þessum, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir kunna að komast að sökum starfs síns um efnahag eða rekstur veitingasala.

10. gr.

Um reikningsskil innheimtumanna fer eftir því, sem ráðuneytið skipar fyrir.

11. gr.

Ef bækur þær, sem halda á samkv. 6. gr., ásamt þar greindum reikningum, eru ekki færðar eða þær eru rangt færðar, eða ef hinar mánaðarlegu tilkynningar eru rangar eða ekki sendar skattheimtumönnum, skal viðkomandi veitingamaður greiða sekt, sem er allt að tíföld sú skattupphæð, er tapazt hefir við vanrækslu hans, og auk þess greiða hinn vantalda veitingaskatt. Ef ekki er hægt að sjá, hve undandráttur skattsins hefir numið miklu, skal innheimtumaður áætla hann.

Ef það sannast, að framangreind brot eru gerð með ráðnum hug og í sviksamlegum tilgangi, má sektin nema allt að 20000 kr., eða dæma má hinn brotlega í allt að 6 mánaða einfalt fangelsi.

12. gr.

Nú er rekin veitingastarfsemi, sem skattskyld er samkv. 1. gr., og vanrækir eigandi eða forstjóri starfseminnar að tilkynna það hlutaðeigandi yfirvaldi samkv. 5. gr. Skal þá greiða í sekt fyrir dag hvern, sem veitingastarfsemi þessi er rekin án þess að vera tilkynnt, allt að 50 kr. Fyrir brot á öðrum ákvæðum 5. gr. laga þessara skal hinn brotlegi sæta allt að 1000 kr. sekt.

13. gr.

Ef veitingasali greiðir ekki veitingaskatt innan þess gjalddaga, sem ákveðinn er í 6. gr., ber honum að greiða 2% í dráttarvexti fyrir hvern mánuð, sem greiðslan dregst fram yfir lögmæltan gjalddaga.

14. gr.

Öll brot gegn lögum þessum, sem ekki eru ákveðin sérstök viðurlög og refsing fyrir samkv. 11., 12. og 13. gr., varða 100—1000 kr. sektum, og allt að 5000 kr. sektum, ef um endurtekin brot er að ræða. Nú hafa brot þessi valdið skatttapi, og fer þá um sektir, eftir því sem við verður komið, og greiðslu vangoldins skatts svo sem segir í 11. gr.

15. gr.

Hegningarákvæðum laga þessara ber að beita gegn eigendum eða stjórnendum veitingastarfseminnar. Nú sannast, að afgreiðslufólkið eða aðrir þeir, sem vinna við veitingastarfsemina, eru meðsekir í brotum gegn lögum þessum, og skal þá hver hinna brotlegu starfsmanna einnig greiða sekt, sem nemur ⅕ hluta af sekt þeirri, sem brotið varðar.

Greiðist sektir ekki, ber að innheimta þær með aðför að lögum.

Nú innheimtist sektin ekki, þrátt fyrir aðför að lögum, og má þá láta hvern þann, sem dæmdur hefir verið til þess að greiða sektina, afplána sektina lögum samkvæmt.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Fjármálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um innheimtu skattsins og framkvæmd þessara laga og ákveður sektir fyrir brot á reglugerðinni í samræmi við sektarákvæði laganna.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 948. Lög

um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum.

(Afgreidd frá Nd. 2. júní).

Samhljóða þskj. 924.

Ed. 949. Varatillaga

við breytingartillögu á þskj. 861 (Stjórnarskrá).

Frá Jakob Möller.

Heimilt er þingflokki að hafa landlista í kjöri í þeim kjördæmum, sem hann hefir ekki frambjóðendur í.

Á landlista skulu eiga sæti allir aðalframbjóðendur flokksins sem efstu menn listans.

Þingflokkar hljóta jöfnunarsæti í hlutfalli við samanlagða atkvæðatölu þeirra við kjördæmakosningar og á landlista. Frambjóðendur á landlista taka jöfnunarþingsæti í samræmi við venjulegar reglur hlutfallskosninga.

Nd. **950. Lög**

um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma.

(Afgreidd frá Nd. 3. júní).

Samhljóða þskj. 945.

Nd. **951. Lög**

um læknishéraða- og prestakallasjóði.

(Afgreidd frá Nd. 3. júní).

Samhljóða þskj. 941.

Nd. **952. Lög**

um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

(Afgreidd frá Nd. 3. júní).

Samhljóða þskj. 929.

Nd. **953. Þingsályktun**

um atvinnumál.

(Afgreidd frá Nd. 3. júní).

Samhljóða þskj. 928.

Nd. **954. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 7. maí 1928 [Gengisviðauki].

Frá fjármálaráðherra.

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr. og orðist svo:
Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1934 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af allskonar áfengum drykkjum (sbr. 2., 3., og 4. tölulið 1. gr. laga nr. 41 27. júní 1921), gosdrykkjum allskonar, sem ætlaðir

eru óblandaðir til drykkjar, sódavatni, kaffi, brenndu og óbrenndu, sykri og sírópi, tegrasi, súkkulaði og kakaódufti, svo og af vitagjaldi, þannig að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir eða hærra brot sem heill eyrir, en minna broti skal sleppt.

2. Á eftir 1. gr. komi þrjár nýjar greinar, sem verða 2., 3., og 4. gr., svolátandi:
   a. (2. gr.) Eftir 1. okt. 1933 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir árið 1933, sem nemur 40% af skattinum það ár samkvæmt áður gildandi lögum. Þó skal eigi innheimta lægri upphæð en 5 krónur hjá gjaldanda.
   b. (3. gr.) Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkv. lögum þessum og lögum nr. 74 27. júní 1921 og breytingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.
   c. (4. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 2 27. marz 1924, lög nr. 37 27. júní 1925 og lög um breytingar á þeim lögum.
3. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til laga um gengisviðauka og tekju- og eignarskattsauka.

Ed. 955. Lög

um veitingaskatt.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní).

Samhljóða þskj. 947.

Nd. 956. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 954 (Gengisviðauki).

Frá Héðni Valdimarssyni, Haraldi Guðmundssyni, Vilmundi Jónssyni.

Við 1. Orðin: „Kaffi, brenndu og óbrenndu, sykri“, „tegrasi“ og „kakaódufti“ *falli niður og greinin breytist samkvæmt því.*

Ed. 957. Frumvarp

til laga um gengisviðauka og tekju- og eignarskattsauka.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1934 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af allskonar áfengum drykkjum (sbr. 2., 3., og 4. tölulið 1. gr. laga nr. 41 27. júní 1921), gosdrykkjum allskonar, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, sódavatni, kaffi, brenndu og óbrenndu, sykri og sírópi, tegrasi, súkkulaði og kakaódufti, svo og af vitagjaldi, þannig að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir eða hærra brot sem heill eyrir, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Eftir 1. okt. 1933 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir árið 1933, sem nemur 40% af skattinum það ár samkvæmt áður gildandi lögum. Þó skal eigi innheimta lægri upphæð en 5 krónur hjá gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkv. lögum þessum og lögum nr. 74 27. júní 1921 og breytingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupi þeirra, sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 2 27. marz 1924, lög nr. 37 27. júní 1925 og lög um breytingar á þeim lögum.

Ed. 958. Varatillaga

við varatillögu á þskj. 949 (Stjórnarskrá).

Frá forsætisráðherra.

C-lið 1. gr. skal orða svo:

Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er þingflokki að hafa landlista í kjöri við almennar kosningar í þeim

kjördæmum, þar sem sá flokkur hefir ekki viðurkenndan frambjóðanda í kjöri. Skal að minnsta kosti annaðhvert sæti 10 efstu manna á landlista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Frambjóðendur á landlista þess flokks, sem hefir landlista í kjöri og nær jöfnunarþingsætum, taka þau þingsæti eftir þeirri röð, sem þeir af þeim, er eigi hafa náð kosningu í kjördæmi, eru í á listanum að lokinni kosningu, eftir venjulegum reglum hlutfallskosninga, með de Hondts aðferð. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum samtímis og á sama hátt.

Ed. 959. Lög

um gengisviðauka og tekju- og eignarskattsauka.

(Afgreidd frá Ed. 3. júní).

Samhljóða þskj. 957.

Ed. 960. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

(Eins og það var að lyktum samþykkt og afgreitt frá Ed. 3. júní).

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 49 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 32 í einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru. Kosning þeirra er óhlutbundin. Skipta má tvímenningskjördæmum með lögum.

Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

b. 6 í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.

c. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosn-

ingar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefir í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annaðhvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

4. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjárráður.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., skal orða þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrétt á til þeirra.

6. gr.

Síðari málsgrein 38. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 37. gr., skal orða þannig:

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar við 3 umræður.

7. gr.

40. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 39. gr., skal orða þannig:

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

8. gr.

2. og 3. töluliður ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli niður, en í stað þeirra komi nýr 2. töluliður, svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Sþ. **961. Viðskiptasamkomulag**

milli Íslands og Sameinaða Konungsríkisins Stórabretlands og Norður Írlands.

(Gert í London 19. maí 1933).

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Sameinaða Konungsríkisins Stórabretlands og Norður Írlands, sem báðar óska að greiða fyrir og efla verzlunarviðskiptin milli konungsríkisins Íslands annarsvegar og Sameinaða Konungsríkisins Stórabretlands og Norður Írlands hinsvegar, hafa gert með sér samkomulag um það, sem hér fer á eftir:

1. grein.

Af vörum þeim, sem taldar eru í skrá þeirri, sem fest er við samkomulag þetta, og framleiddar eru eða tilbúnar í Sameinaða Konungsríkinu, hvaðan sem þær koma, skal ekki krafizt annara eða hærri tolla eða gjalda við innflutning til Íslands en þeirra, sem taldir eru upp í skránni.

2. grein.

1. Af nýjum eða söltuðum fiski (öðrum en skelfiski), sem fluttur er frá Íslandi til Sameinaða Konungsríkisins

The Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and the Government of Iceland, desiring to facilitate and extend still further trade and commerce between the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland on the one hand, and the Kingdom of Iceland on the other hand, have agreed to the following effect: —

Article 1.

The articles enumerated in the Schedule to this Agreement produced or manufactured in the United Kingdom from whatever place arriving shall not, on importation into Iceland, be subjected to duties or charges other or higher than those specified in the Schedule.

Article 2.

1. Fresh or salted fish (other than shell fish) imported into the United Kingdom from Iceland shall not be sub-

skal ekki krafizt annars eða hærri tolls eða galda en 10% verðtolls.

2. Ríkisstjórn Sameinaða Konungsríkisins skuldbindur sig til, ef sett verða ákvæði til þess að takmarka magn af fiski, sem leyft sé að flytja inn til Sameinaða Konungsríkisins, þá skuli heildarmagnið af nýjum fiski og óverkuðum saltfiski, sem heimilt sé að flytja inn frá Íslandi, öðrum en laxi, silung, ál eða vatnafiski, ekki fara neitt ár niður fyrir 354,000 cwts., enda séu 104,000 cwts. af þessu minnsta magni óverkaður saltfiskur.

3. Ríkisstjórn Sameinaða Konungsríkisins skuldbindur sig til þess að setja þau ákvæði, að endurgreiddur skuli tollur, sem greiddur hefir verið af nýjum fiski eða óverkuðum saltfiski við innflutning til Sameinaða Konungsríkisins, ef fiskurinn er fluttur út sem þurrkaður saltfiskur eftir að hafa verið verkaður í Sameinaða Konungsríkinu úr nýjum fiski eða óverkuðum saltfiski fluttum frá Íslandi.

4. Núgildandi ákvæði um, að þurrkaður saltfiskur, sem framleiddur hefir verið á Íslandi, skuli vera undanþeginn innflutningstolli, ef hann er fluttur til Sameinaða Konungsríkisins einungis til þess að verða endurútfluttur þaðan eftir flutning um Sameinaða Konungsríkið eða eftir umhleðslu þar, skulu gilda áfram.

5. Ákvæðið í þessari grein „fiskur, sem fluttur er frá Íslandi," nær einnig til fiskjar, sem settur er á land í Sameinaða Konungsríkinu af íslenzkum skipum, sem koma með fiskinn beint af veiðum.

3. grein.

1. Innflutningurinn til Sameinaða Konungsríkisins á kældu eða frosnu kindakjöti og lambakjöti frá Íslandi

ject to any other or higher duty or charge than a duty of 10 per cent. *ad valorem*.

2. The Government of the United Kingdom undertake that in the event of their regulating the quantity of the imports of fish into the United Kingdom the total quantity of fresh and wet salted fish permitted to be imported from Iceland, exclusive of any salmon, seatrout, eels and fresh-water fish, shall be not less than 354,000 cwts. in any year, of which minimum permitted total not less than 104,000 cwts. shall consist of wet salted fish.

3. The Government of the United Kingdom undertake to bring into force, in the case of the export of dried salted fish prepared in the United Kingdom from fresh or wet salted fish imported from Iceland, a system of drawback in respect of the import duty paid on the fresh or wet salted fish on importation into the United Kingdom.

4. The existing provision for freedom from import duty of dried fish produced in Iceland, imported into the United Kingdom solely with a view to the re-exportation thereof after transit through the United Kingdom or by way of transhipment, shall continue in operation.

5. In this article, the expression „fish imported from Iceland", includes fish landed in the United Kingdom direct from sea by Icelandic vessels.

Article 3.

1. In no circumstances shall any reduction be applied to the imports into the United Kingdom of chilled or frozen

skal eigi undir neinum kringumstæðum gerður hlutfallslega minni en frá nokkru öðru erlendu ríki.

2. Ef gerðar verða breytingar á núgildandi reglum um takmörkun á innflutningi á kældu eða frosnu kindakjöti og lambakjöti til Sameinaða Konungsríkisins frá erlendum ríkjum, þá skal tekið fullt tillit til krafna þeirra, sem gerðar hafa verið af Íslands hálfu.

3. Ef eitthvert annað erlent ríki, sem flytur þessar vörur á brezka markaðinn, sleppir eða missir rétt sinn, að einhverju eða öllu leyti, til hlutdeildar í innflutningnum á framannefndum vörum, þá skal hlutdeild Íslands aukin hlutfallslega engu minna en hlutdeild nokkurs annars erlends ríkis.

4. grein.

Ekkert í samkomulagi þessu skal hafa áhrif á réttindi þau og skyldur, sem leiðir af nokkrum samningi, sem nú er í gildi milli Íslands og Sameinaða Konungsríkisins, og skulu í því efni sérstaklega nefndir friðar- og verzlunarsamningur gerður í Whitehall 13. febrúar 1660/61, og friðar- og verzlunarsamningur gerður í Kaupmannahöfn þann 11. júlí 1670, þar með einnig talin yfirlýsingin um breytingu á nefndum samningum, sem undirrituð var í Kaupmannahöfn þann 9. maí 1912.

Samkomulagsríkin eru ásátt um, að með hliðsjón af ákvæðunum í ofannefndum samningum frá 1660/61 og frá 1670, skuli vörur framleiddar eða tilbúnar á Íslandi njóta í Sameinaða Konungsríkinu, og vörur framleiddar eða tilbúnar í Sameinaða Konungsríkinu njóta á Íslandi þeirra kjara, sem að öllu leyti séu ekki óhagkvæmari en kjör þau, sem vörur framleiddar eða tilbúnar í sérhverju öðru erlendu ríki njóta.

mutton and lamb from Iceland proportionately greater than that applied to similar descriptions of mutton and lamb from any other foreign country.

2. In the event of any modification in the present scheme of regulation of imports of chilled or frozen mutton and lamb into the United Kingdom from foreign countries, full consideration shall be given to the claims of Iceland.

3. In the event of any other foreign supplying country renouncing or forfeiting in whole or in part its allocation of imports of the aforesaid products, the allocation to Iceland shall be increased in not less ratio than the allocation to any other foreign country.

Article 4.

Nothing in this Agreement shall be deemed to affect the rights and obligations arising out of any Treaty at present in force between the United Kingdom and Iceland, and, in particular, the Treaty of Peace and Commerce signed at Whitehall on the 13th February, 1660/1, or the Treaty of Peace and Commerce signed at Copenhagen on the 11th July, 1670, including the declaration amending the said treaties signed at Copenhagen on the 9th May, 1912.

The Contracting Governments agree that, having regard to the provisions of the above-mentioned treaties of 1660/1 and 1670, goods produced or manufactured in the United Kingdom shall enjoy in Iceland, and goods produced or manufactured in Iceland shall enjoy in the United Kingdom, treatment in all respects not less favourable than that enjoyed by goods produced or manufactured in any other foreign country.

5. grein.

Samkomulagsríkin eru ásátt um, að sérhverri deilu, sem kynni að rísa milli þeirra um rétta skýringu eða framkvæmd á einhverjum af ákvæðum þessa samkomulags, eða á ákvæðum einhvers samninganna, sem nefndir eru í 4. gr., skuli, ef annarhvor samningsaðiljanna óskar þess, vísað til fasta alþjóðadómstólsins, nema samkomulagsríkin verði ásátt um, í einhverju sérstöku máli, að vísa deilumálinu til einhvers annars dómstóls, eða að leiða það til lykta með einhverri annari málsmeðferð. Ef einhverju deilumáli verður vísað til fasta alþjóðadómstólsins, þá skal, ef samkomulagsríkin verða ekki ásátt um annað, þess farið á leit við dómstólinn, að hann felli úrskurð sinn eftir að beitt hefir verið þeirri einföldu málsmeðferð, sem 29. gr. reglugerðar dómstólsins felur í sér fyrirmæli um.

Article 5.

The Contracting Governments agree that any dispute that may arise between them as to the proper interpretation or application of any of the provisions of the present Agreement or of any of the treaties enumerated in Article 4 shall, at the request of either of them, be referred to the Permanent Court of International Justice, unless in any particular case the Contracting Governments agree to submit the dispute to some other tribunal, or to dispose of it by some other form of procedure. In case any dispute shall fall to be submitted to the Permanent Court of International Justice, the Court shall, unless the Contracting Governments otherwise agree, be requested to give its decision in accordance with the summary procedure provided for in Article 29 of the Statute of the Court.

6. grein.

Samkomulag þetta gengur í gildi þegar er ríkisstjórn Íslands hefir tilkynnt ríkisstjórninni í Sameinaða Konungsríkinu, að Alþingi hafi sett þau lagafyrirmæli, sem nauðsynleg eru, og skal halda áfram að gilda í þrjú ár frá gildistöku þess, enda sé fullnægt ákvæðunum í 1. lið bókunarinnar, sem undirrituð hefir verið á þessum sama degi.

Article 6.

The present Agreement shall come into operation as soon as a notification has been given by the Government of Iceland to the Government of the United Kingdom that the necessary legislation has been passed by the Icelandic Parliament, and, subject to the provisions of paragraph 1 of the Protocol signed this day, shall continue in force during a period of three years from the date of its coming into operation.

Ef hvorugt samkomulagsríkjanna hefir tilkynnt hinu samkomulagsríkinu sex mánuðum fyrir lok hins nefnda þriggja ára tímabils, að það vilji láta samkomulagið falla úr gildi, þá skal það gilda áfram þar til sex mánuðir eru liðnir frá því slík tilkynning er gefin,

In case neither of the Contracting Governments shall have given notice to the other six months before the expiration of the said period of three years of their intention to terminate this Agreement, it shall remain in force, subject to the provisions of paragraph

enda sé fullnægt ákvæðunum í 1. lið bókunarinnar, sem undirrituð hefir verið á þessum sama degi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem hafa til þess fullnægjandi umboð, ritað nafn sitt undir samkomulag þetta og sett innsigli sín þar við.

Gert í London þann nítjánda dag maímánaðar árið nítján hundruð þrjátíu og þrjú í tveimur eintökum á íslenzku og tveimur eintökum á ensku, og skulu báðir textar vera jafngildir.

Sveinn Björnsson.

John Simon.

Walter Runciman.

1 of the Protocol signed this day, until the expiry of six months from the date on which notice of such intention is given.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised to that effect, have signed the present Agreement and have thereto affixed their Seals.

Done at London this nineteenth day of May nineteen hundred and thirty-three, in duplicate in English and Icelandic, both texts being equally authentic.

Sveinn Björnsson.

John Simon.

Walter Runciman.

BÓKUN

Um leið og samkomulag um verzlunarviðskipti, dagsett þennan sama dag, milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Sameinaða Konungsríkisins Stórabretlands og Norður Írlands, er undirritað, lýsa undirritaðir, sem hafa til þess fullnægjandi umboð, því yfir, að þeir hafi fallizt á ákvæðin, sem sett eru í bókun þeirri, sem hér fer á eftir, en bókun þessi skal vera efnishluti samkomulags þess, er ofan greinir:

1. Ríkisstjórn Sameinaða Konungsríkisins skal hafa heimild til þess að segja upp samkomulaginu hvenær sem er með þriggja mánaða fyrirvara, ef á einhverju einu ári innflutningurinn til Íslands á kolum, sem unnin hafa verið í Sameinaða Konungsríkinu, fer niður fyrir 77% af heildarinnflutningnum af kolum til Íslands á sama ári, samkvæmt opinberum íslenzkum verzlunarskýrslum. Samkomulagið skal þó ekki ganga úr gildi vegna þessa ákvæðis, ef á tímabilinu milli uppsagnardagsins og dags þess, sem það ætti að ganga úr gildi samkvæmt uppsögninni, svo mikið hefir verið flutt inn til Íslands af kolum unnum í Sameinaða Konungsríkinu, að það bæti upp það, sem á hefir skort.

Samkomulagsríkin taka tillit til efnis bréfs til formanns íslenzku sendinefndarinnar, dagsett í dag, og undirritað fyrir hönd kolaiðnaðarins í Sameinaða Konungsríkinu af formanni „Central Council of Colliery Owners" og af formanninum fyrir „The British Coal Exporters' Federation", þar sem þeir láta í ljósi ósk þeirra og fasta ásetning að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að fullnægja kröfum íslenzkra kolakaupenda og kolanotenda, og hafa með það fyrir augum gefið íslenzkum

PROTOCOL

At the moment of signing the Agreement of this day's date between the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and the Government of Iceland relating to trade and commerce, the undersigned, being duly authorised to that effect, declare that they have agreed on the provisions set out in the following Protocol, which shall form an integral part of the above-mentioned Agreement:—

1. The Government of the United Kingdom shall have the right to terminate the Agreement at any time upon three months' notice, if in any one year the amount of coal of United Kingdom origin imported into Iceland is less than 77 per cent. of the total imports of coal into Iceland in that year, as shown by the official statistics issued by the Icelandic Government. The Agreement shall not be terminated in virtue of this arrangement if, during the period between the date when notice of termination is given and the date of its taking effect, quantities of coal of United Kingdom origin are imported into Iceland sufficient to make good the deficiency.

The Contracting Governments take note of a letter to the Chairman of the Icelandic Delegation dated this day and signed on behalf of the United Kingdom coal industry by the Chairman of the Central Council of Colliery Owners and the Chairman of the British Coal Exporters' Federation, wherein they have expressed their desire and firm intention to fulfil the requirements of Icelandic buyers and users of coal by every means within their power; and for this purpose have given to Icelandic buyers

kaupendum og notendum kola þau tryggingarloforð, sem felast í nefndu bréfi, um verð, gæði, að birgðir séu fyrir hendi, og önnur efni. Réttur ríkisstjórnarinnar í Sameinaða Konungsríkinu til þess, samkvæmt framansögðu, að segja upp samkomulaginu með þriggja mánaða fyrirvara þegar þær ástæður eru fyrir hendi, sem þar er getið, er því skilyrði bundinn, að fullnægt sé nefndum tryggingarloforðum.

2. Það er samkomulag um, að orðin „erlent ríki" gagnvart Sameinaða Konungsríkinu skuli merkja ríki, sem ekki er hluti Bretaveldis eða land háð vernd eða fullveldi Breta, eða land með umboðsstjórn, þar sem ríkisstjórn einhvers hluta Bretaveldis hefir á hendi umboðsstjórnina.

3. Ríkisstjórn Sameinaða Konungsríkisins lýsir því yfir, að hún muni ekki krefjast að fá að njóta neinnar þeirrar ívilnunar, sem Ísland veitir Danmörku einvörðungu.

Gert í London þann nítjánda dag maímánaðar árið nítján hundruð þrjátíu og þrjú í tveimur eintökum á íslenzku og tveimur eintökum á ensku, og skulu báðir textar vera jafngildir.

Sveinn Björnsson.
John Simon.
Walter Runciman.

and users the assurances contained in that letter with regard to prices, qualities, availability of supplies and other matters. The right of the Government of the United Kingdom, as stipulated above, to terminate the Agreement upon three months' notice in the circumstances set out is conditional upon those assurances being implemented.

2. It is understood that in the Agreement the term „foreign country" in relation to the United Kingdom, means a country not being a part of the British Commonwealth of Nations nor a territory under British protection or suzerainty, nor a mandated territory in respect of which the mandate is exercised by the Government of a part of the British Commonwealth of Nations.

3. The Government of the United Kingdom declare that they will not claim the benefit of any privileges accorded by the Government of Iceland exclusively to Denmark.

Done at London this nineteenth day of May nineteen hundred and thirty-three, in duplicate in English and Icelandic, both texts being equally authentic.

Sveinn Björnsson.
John Simon.
Walter Runciman.

SKRÁ

Númer í verzlunar-skýrslum.	Vara.	Tollur.
9 *a* 1	Silkivefnaður úr gervisilki ..	18 aurar per kg. plus 10% verðtollur.
9 *a* 3	Karlmannafataefni úr ull	18 aurar per kg. plus 15% verðtollur.
9 *a* 7	Kjólaefni kvenna úr baðmull	18 aurar per kg. plus 10% verðtollur.
9 *a* 8	Tvisttau og rifti úr baðmull	18 aurar per kg. plus 10% verðtollur.
9 *a* 10	Fóðurefni o. fl. úr baðmull ..	18 aurar per kg. plus 10% verðtollur.
9 *a* 12	Gluggatjaldaefni úr baðmull	18 aurar per kg. plus 10% verðtollur.
9 *a* 15	Léreft úr hör eða hampi	18 aurar per kg. plus 10% verðtollur.
9 *a* 16	Segldúkur	2 aurar per kg.
9 *a* 18	Umbúðastrigi (Hessian)	2 aurar per kg.
9 *b* 19	Gólfdúkur (Linoleum)	2 aurar per kg.
9 *b* 20	Tómir pokar	2 aurar per kg.
10 *a* 1	Sokkar úr gervisilki	18 aurar per kg. plus 10% verðtollur.
10 *a* 4	Sokkar aðrir en úr silki eða gervisilki	18 aurar per kg. plus 15% verðtollur.
10 *a* 5	Nærföt önnur en úr silki eða gervisilki	18 aurar per kg. plus 15% verðtollur.
10 *a* 7	Línfatnaður	18 aurar per kg. plus 15% verðtollur.
10 *b* 7	Regnkápur	18 aurar per kg. plus 15% verðtollur.
10 *c* 3	Enskar húfur	18 aurar per kg. plus 15% verðtollur.
20 *a* 1	Steinkol	20 aurar per 100 kg.
22 *b* 4	Galvanhúðaðar járnplötur ..	2 aurar per kg.
22 *c* 44	Vírstrengir	2 aurar per kg.

SCHEDULE

Statistical Number.	Article.	Rate of Duty.
9 *a.* 1	Piece-goods of artificial silk	18 aurar per kg. plus 10% *ad valorem.*
9 *a.* 3	Piece-goods of wool for men's clothing	18 aurar per kg. plus 15% *ad valorem.*
9 *a.* 7	Piece-goods of cotton for women's clothing	18 aurar per kg. plus 10% *ad valorem.*
9 *a.* 8	Piece-goods of cotton, printed	18 aurar per kg. plus 10% *ad valorem.*
9 *a.* 10	Piece-goods of cotton for linings, &c.	18 aurar per kg. plus 10% *ad valorem.*
9 *a.* 12	Cotton curtain tissues	18 aurar per kg. plus 10% *ad valorem.*
9 *a.* 15	Piece-goods of linen or hemp	18 aurar per kg. plus 10% *ad valorem.*
9 *a.* 16	Sail cloth	2 aurar per kg.
9 *a.* 18	Hessian (packing canvas) of jute	2 aurar per kg.
9 *b.* 19	Linoleum	2 aurar per kg.
9 *b.* 20	Sacks (empty)	2 aurar per kg.
10 *a.* 1	Stockings of artificial silk ...	18 aurar per kg. plus 10% *ad valorem.*
10 *a.* 4	Stockings and socks other than silk or artificial silk	18 aurar per kg. plus 15% *ad valorem.*
10 *a.* 5	Hosiery, underwear (other than silk or artificial silk)	18 aurar per kg. plus 15% *ad valorem.*
10 *a.* 7	Body linen	18 aurar per kg. plus 15% *ad valorem.*
10 *b.* 7	Waterproof clothing	18 aurar per kg. plus 15% *ad valorem.*
10 *c.* 3	English caps	18 aurar per kg. plus 15% *ad valorem.*
20 *a.* 1	Coal	20 aurar per 100 kgs.
22 *b.* 4	Galvanized iron sheets (roofing)	2 aurar per kg.
22 *c.* 44	Wire rope	2 aurar per kg.

Sþ.

962. Nefndaskipun 1933

(46. löggjafarþing).

I.

Fastanefndir í deildum.

A.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Ingvar Pálmason, formaður,
Jónas Jónsson, fundaskrifari,
Jón Þorláksson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga (5,* n. 425).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
2. Frv. til l. um, að prestlaunasjóður skuli felldur niður og um innheimtu prestsgjalda (11).
26. Wilh. I. Schram sækir f. h. sonar síns, Sigurd Schram, um 1200 kr. styrk til lokanáms í tannlækningum. Bréf 22. marz. (Nd. 227).
27. Þorsteinn Hannesson sækir um 1500 kr. styrk til framhaldsnáms í málaraiðn erlendis. Bréf 27. febr. 3 fskj. (Nd. 100).

Náttúrufræðifélagið. Hið íslenzka náttúrufræðifélag sækir um 3400 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 28. okt. 1932. (Nd. 23, XLVIII).

Nesjabændur, sjá Ræktunarmál.

Nielsen, Niels Christian, sjá Ríkisborgararéttur.

Norræna félagið sækir um 1500 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 5. des. 1932. (Nd. 23, LIII).

Norski samningurinn.

1. Mótmæli gegn norska samningnum frá jafnaðarmannafél. Þórshamri í Vestmannaeyjum (Nd. 132), verklýðsfél. Baldri og Sjómannafél. Ísafjarðar (Nd. 173), verklýðsfél. Bárunni á Eyrarbakka (Nd. 175), Alþýðuflokksfundi 12. marz (Nd. 180), almennum verklýðsfundi í Hrísey (Nd. 186), 91 sjómanni á Ísafirði (Nd. 211), Skipstjórafél. Akureyrar, Verklýðsfél. Akureyrar, Sjálfstæðisfél. Akureyrar, Útgerðarmannafél. Akureyrar (Nd. 215), 1940 körlum og konum í Reykjavík (Nd. 224), 191 sjómanni í Hafnarfirði (Nd. 230), 214 kjósendum í Vestmannaeyjum (236), Verklýðssambandi Norðurlands (Nd. 260), 578 körlum og konum í Reykjavík (Nd. 269), 345 Hafnfirðingum (Nd. 274), almennum borgarafundi á Akureyri (Nd. 276), verkamannafél. Fram á Sauðárkróki (Nd. 278), jafnaðarmannafél. á Ísafirði (Nd. 288).
2. Sjálfstæðismannafél. Siglufjarðar skorar á Alþingi að samþykkja norska samninginn. Símsk. 15. marz. (Nd. 185).

Sjá ennfr. Útvarp 6., 8., 11.

Oddur Guðjónsson, sjá Námsstyrkur 18.

Olsen, Jentoft G. H., sjá Ríkisborgararéttur.

Olsen, Simon, sjá Ríkisborgararéttur.

Ólafsdalur, sjá Kaup á jörðum 1.

Ólafur Lárusson, sjá Vixilmál.

Ólöf Vilborg Sigurðardóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 6.

Páll Einarsson, sjá Kaup á jörðum 2.

Páll Halldórsson, sjá Skipamælingar.

Páll Ísólfsson, sjá Útvarp 3.

Páll G. Jónsson, sjá Dýralækningar 3.

Páll Kr. Pálsson, sjá Lífeyrissjóður embættismanna 1.

Páll Sigurðsson, sjá Þykkvabær í Landbroti.

Páll Zóphóníasson, sjá Ullariðnaður 5.
Pedersen, Hagerup M. S., sjá Ríkisborgararéttur.
Pétur Á. Jónsson, sjá Skáld og listamenn 4.
Póstbáturinn á Akureyri, sjá Strandferðir 12.
Póstmál.
1. Áætlun póstmálastjóra um útgjöld við póstmálastjórnina árið 1934. Bréf 29. sept. 1932. (Nd. 23, I).
2. 7 póstar í Reykjavík fara þess á leit, að tekin verði upp í næsta árs fjárlög fjárveiting til kaupa á einkennisbúningum handa bréfberum pósthússins í Reykjavík. Bréf 3. marz. (Nd. 108).

Sjá ennfr. Launamál 6.
Prestafélag Íslands, sjá Barnavernd, Fátækramál, Fækkun prestsembætta, Kirkjur og kirkjumál.

Rafmagnseftirlit ríkisins. Forstöðumaður rafmagnseftirlits ríkisins sendir áætlun um tekjur og gjöld rafmagnseftirlitsins árið 1934. Bréf 16. des. 1932. (Nd. 38).
Rafstöðvar, sjá Ábyrgðir 2., 3.
Ragnar Jónas Sigurðsson, sjá Sjúkrastyrkur 3.
Ragnhildur Pétursdóttir, sjá Húsmæðrafræðsla 3.
Rannsóknastofa háskólans, sjá Háskólinn 2., 3.
Rauðakrossdeild Akureyrar, sjá Berklavarnir 3.
Reykhólalæknishérað, sjá Læknisbústaðir 1., Símamál 2.
Reykjahælið, sjá Sjúkrahús 5., 6.
Réttarfarslöggjöf. Fundur Málaflutningsmannafélags Íslands 28. okt. 1932 skorar á landsstjórnina að beita sér fyrir endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar svo fljótt sem auðið er og óskar, að tekin verði upp í næsta árs fjárlög fjárveiting til nefndar, er til þessa starfs yrði skipuð. Bréf 17. nóv. 1932. (Nd. 23, XIII).
Réttindi og skyldur embættismanna. Ágúst H. Bjarnason prófessor sendir allshn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um réttindi og skyldur embættismanna. Bréf 15. marz. (Ed. 104).
Ritstyrkur.
1. Baldvin Jónatansson, Halldórsstöðum í Laxárdal, sækir um 500 kr. árlegan ritstyrk. Bréf 15. febr. (Nd. 85).
2. Sigurður Guðmundsson skólameistari og Tryggvi Þórhallsson alþm. sækja um 3000 kr. styrk auk ferðastyrks handa Steini H. Dofra, svo að hann geti setzt að í Reykjavík og lagt stund á íslenzk fræði. Bréf 4. maí. (Ed. 98).
3. Þorbergur Þórðarson gerir fjvn. Nd. grein fyrir orðasöfnunarstarfi sínu og fer þess á leit, að styrkur sá, sem hann hefir notið undanfarin ár, verði látinn halda sér. Bréf 9. marz. (Nd. 156).

Ríkisborgararéttur. Umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt frá Johan Rönning. (Ed. 9), Edward August Kobbelt, (Ed. 19), Arne Kristensen, Jentoft G. H. Olsen (Ed. 28), Simon Olsen (Ed. 39), Brynjólfi Björnsson, Frede Jensen,

Peder Ragnvald Sims Olsen Vidnæs (Ed. 52), Birni Franzsyni, Niels Christian Nielsen, Petter Honningsvaag, Hagerup M. S. Pedersen (Ed. 103), Bjarne Augustson, Henry Åberg, Paul Ammendrup, Knud Olai Jakobsen, Störker Cedrup Hermansen (Nd. 335).

Ríkisféhirðir, sjá Landhelgissjóður, Launamál 7.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg sendir fjvn. Nd. rekstrarreikning og efnahagsreikning sinn árið 1932. Bréf 28. febr. (Nd. 325).

Ræktunarmál. Ræktunarfélag Nesjabænda sækir um 2000 kr. styrk til að ljúka við uppdrætti og áætlanir viðvíkjandi fyrirhugaðri ræktun í Nesjahreppi. Bréf 25. nóv. 1932. 2 fskj. (Nd. 23, LXV).

Ræktunarvegur í Garðalandi, sjá Vegamál 5.

Ræktunarvegur í Hafnarneslandi, sjá Vegamál 10.

Ræktunarvegur í Vestmannaeyjum, sjá Vegamál 4.

Rönning, Johan, sjá Ríkisborgararéttur.

Sala þjóðjarða. Sveinn Gíslason fer þess á leit við Alþingi að fá breytt söluverði ábúðarjarðar sinnar, Leirvogstungu í Mosfellssveit, í samræmi við l. um sölu þjóðjarða frá 1905. Bréf 22. febr. (Ed. 59).

Samband breiðfirzkra kvenna, sjá Garðyrkja.

Samband ísl. karlakóra, sjá Söngkennsla.

Samband ísl. samvinnufélaga, sjá Ullariðnaður 6., Ullarmat.

Samband norðlenzkra kvenna sækir um 500 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 2. marz. (Nd. 144).

Samband sunnlenzkra kvenna, sjá Húsmæðrafræðsla 4.

Samúel Ketilsson, sjá Námsstyrkur 20.

Sandgræðsla. Magnús Torfason alþm. sendir fjvn. Nd. erindi frá oddvita Eyrarbakkahrepps, dags. 14. marz, um styrk til sjógarðs fyrir sandgræðslusvæðinu á Eyrarbakka. Bréf 20. marz. 1 fskj. (Nd. 203).

Sauðanes, sjá Vitamál 3.

Schram, Sigurd, sjá Námsstyrkur 26.

Seltjarnarneshreppur, sjá Eignarnám.

Siglingalög.

1. Lögmaðurinn í Reykjavík sendir sjútvn. Nd. umsögn sína um frv. til l. um breyt. á og viðauka við siglingalögin. Bréf 28. marz. (Nd. 239).
2. Sjóvátryggingarfélag Íslands sendir sjútvn. Nd. umsögn sína um sama frv. Bréf 21. marz. (Nd. 209).

Sigríður Helgadóttur, sjá Eftirlaun og styrktarfé 5.

Sigrún Kjartansdóttir, sjá Hanzkar úr íslenzku efni.

Sigurður Arason, sjá Strandferðir 10.

Sigurður Jónsson flugmaður sækir um styrk til þess að hann geti staðið við skuldbindingar þær, sem á honum hvíla út af námsskuldum. Bréf 21. febr. (Nd. 41).

Sigurður Kristjánsson, sjá Lífeyrissjóður embættismanna 4.

Sigurjón Pétursson, sjá Íþróttakennsla, Verðtollur 2., 3.

Síld.

1. Atv.- og samgmrn. óskar umsagnar sjútvn. Nd. um erindi Útvegsbanka Íslands, dags. 26. mai, þess efnis, að ríkisstjórninni er boðin til leigu síldarbræðslustöð bankans á Flateyri næsta síldveiðitímabil. Bréf 31. mai. 1 fskj. (Nd. 343).
2. Eiríkur Bjarnason, Eskifirði, sækir um 3000 kr. styrk til þess að ferðast til Skotlands og læra meðferð og verkunaraðferðir Skota á síld. Bréf 11. febr. (Nd. 12).
3. Sami óskar íhlutunar sjávarútvegsnefnda út af víxilkröfum austfirzkra síldarútvegsmanna á hendur Síldareinkasölu Íslands. Bréf 11. febr. (Nd. 13).
4. Fjármálaráðuneytið sendir fjvn. Nd. til athugunar umsögn skilanefndar Síldareinkasölu Íslands, dags. 25. febr., um erindi frá Eiríki Bjarnasyni á Eskifirði, varðandi víxilkröfur austfirzkra útgerðarmanna á hendur einkasölunni. Bréf 11. marz. 4. fskj. (Nd. 158).
5. Haraldur Guðmundsson alþm. fer þess á leit við sjútvn. Ed., að hún mæli með því, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 320—350 þús. kr. lán til stofnunar síldarbræðsluverksmiðju á Seyðisfirði. Bréf 2. mai. (Ed. 74).

Síldarbræðslustöð á Flateyri, sjá Síld 1.

Símamál.

1. Áætlun landssímastjóra um tekjur og gjöld landssímans árið 1934. Bréf 31. des. 1932. (Nd. 23, II).
2. Bergur Jónsson alþm. fer þess á leit, að fjvn. Nd. leggi til, að símalína verði lögð frá langlínunni um Reykhólasveit að læknisbústaðnum á Reykhólum. Bréf 14. marz. 1 fskj. (Nd. 182).
3. 50 sjómenn og útgerðarmenn á Akranesi skora á Alþingi að veita í næstu fjárl. fé til símalagningar út í Hjörsey á Mýrum. Bréf 31. marz. (Nd. 273).
4. Jón A. Jónsson alþm. fer þess á leit við fjvn. Nd., að hún leggi til, að fé verði veitt í næsta árs fjárlögum til lagningar nokkurra símalína í Norður-Ísafjarðarsýslu. Bréf 21. febr. (Nd. 59).
5. Landssímastjóri sendir Alþingi áskorun 10 manna í Brokey á Hvammsfirði um, að veitt verði fé til símalínu út í Brokey. Bréf 10. apríl. 2 fskj. (Nd. 277).
6. Skýrsla um störf landssímans árið 1931. (Nd. 191).

Sjá ennfr. Launamál 3.

Sína Ásbjörnsdóttir, sjá Námsstyrkur 22.

Sjálfstæðismannafélag Siglufjarðar, sjá Kommúnistahreyfingin.

Sjómannafélag Reykjavíkur, sjá Gengismál 3.

Sjómannastofan í Reykjavík. Stjórn sjómannastofunnar í Reykjavík sækir um 4000 kr. styrk til stofunnar. Bréf 10. marz. (Nd. 195).

Sjóvátryggingarfélag Íslands, sjá Siglingalög 2.

Sjúkrahús.

1. Áætlun yfirlæknisins á Vífilsstöðum um rekstrarkostnað heilsuhælisins þar árið 1934. Bréf 22. nóv. 1932. (Nd. 23, XX).

2. Áætlun yfirlæknisins í Kristnesi um tekjur og gjöld Kristneshælisins árið 1934, dags. 16. nóv. 1932. (Nd. 23, XXI).
3. Kvenfélagið Hvítabandið sækir um 15 þús. kr. styrk til að standast kostnað af byggingu sjúkrahúss í Reykjavík. Bréf 9. marz. 1 fskj. (Nd. 131).
4. Landlæknir mælir með beiðni sjúklinga Landsspítalans um, að útvarpstæki verði sett í spítalann til afnota fyrir sjúklinga. Bréf 14. nóv. 1932. 3 fskj. (Nd. 23, XV).
5. Sami mælir með því, að Reykjahælinu verði heimilað að kaupa einn kvarzljósalampa og einn solluxlampa. Bréf 15. okt. 1932. 1 fskj. (Nd. 23, XVI).
6. Sami sendir áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til Landsspítalans og Reykjahælisins árið 1934. Bréf 19. nóv. 1932. (Nd. 23, XVII).
7. Sami sendir fjvn. Nd. umsögn sína um umsókn kvenfélagsins Hvítabandsins um 15 þús. kr. byggingarstyrk til sjúkrahússbyggingar félagsins. Bréf 13. marz. (Nd. 168).
8. Sami sendir fjvn. Nd. umsögn sína um beiðni um viðbótarstyrk úr ríkissjóði til sjúkraskýlisins á Búðardal. Bréf 21. marz. (Nd. 207).
9. Ráðsmaður Kleppsspítalanna sendir áætlun um rekstrarkostnað spítalanna árið 1934, dags. 17. nóv. 1932. (Nd. 23, XIX).
10. Sjúkraskýlisnefnd Dalasýslu sækir um 3000 kr. lokastyrk upp í kostnað við byggingu sjúkraskýlisins á Búðardal. Bréf 17. marz. (Nd. 194).

Sjúkrastyrkur.

1. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. Ed. afrit af bréfi landlæknis, dags. 7. apríl, um beiðni hreppsnefndar Borgarhafnarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu um eftirgjöf á nokkrum hluta legukostnaðar mænusóttarsjúklings hreppsins, Jóhönnu Þ. Jónsdóttur. Bréf 10. apríl. 1 fskj. (Ed. 41).
2. Magnús Magnússon, Urðarstíg 8, sækir um 2000 kr. styrk til að leita sér lækninga við sjónleysi. Bréf 24. febr. (Nd. 76).
3. Sigurður P. Oddsson í Vestmannaeyjum sækir um 800 kr. styrk vegna sjúkrakostnaðar sonar síns, Ragnars Jónasar. Bréf 3. apríl. 3 fskj. (Ed. 77).
4. Sjúkrasjóður kvenfélags Hellissands sækir um 250 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 5. febr. (Nd. 255).
5. Steingr. Steinþórsson alþm. sendir fjvn. Nd. beiðni Gísla Kristjánssonar kennara um allt að 1800 kr. styrk vegna langvarandi sjúkrahúsvistar erlendis. Bréf 6. marz. 2 fskj. (Nd. 118).
6. Unnur Vilhjálmsdóttir sækir um 1000 kr. sjúkrastyrk. Bréf 24. apríl. (Ed. 62).
7. Verkamannafélag Akureyrar mótmælir því, að ríkisstyrkur sjúkrasjóðs félagsins verði tekinn af því og færður yfir á Verklýðsfélag Akureyrar. Bréf 11. apríl. (Nd. 281).

Skallagrímur h/f, sjá Strandferðir 6.

Skáksamband Íslands sækir um 1500 kr. styrk, en til vara 1000 kr., upp á ferða-

kostnað 5 taflmanna á alþjóðaskákþing í Englandi í sumar. Bréf 3. apríl. (Nd. 262).

Skáld og listamenn.

1. Eggert M. Laxdal sækir um 2000 kr. styrk til Ítaliuferðar. Bréf 29. marz. (Nd. 252).
2. Ingvar Sigurðsson, Laugavegi 20 A, sækir f. h. Þórarins Jónssonar tónskálds um 5000 kr. styrk. Bréf 23. febr. 2 fskj. (Nd. 53).
3. Menntamálaráð Íslands mælir með því, að Þórarni Jónssyni tónskáldi verði veittur ríflegur styrkur í næsta árs fjárlögum. Bréf 28. febr. 4 fskj. (Nd. 95).
4. Pétur Á. Jónsson söngvari sækir um fjárstyrk í næsta árs fjárlögum. Bréf 21. febr. 1 fskj. (Nd. 96).

Skálholt í Biskupstungum, sjá Kaup á jörðum 2.

Skemmtanaskattur. Leikfélag Reykjavíkur sækir um undanþágu frá skemmtanaskatti. Bréf ódags. (Nd. 323, Ed. 48).

Skipamælingar. Páll Halldórsson skólastjóri fer þess á leit, að sér verði ávísuð úr ríkissjóði 450 kr. þóknun fyrir endurskoðun skipamælinga síðari helming ársins 1932. Bréf 5. des. 1932. (Nd. 23, LVI).

Skipaskoðun ríkisins.

1. Áætlun skipaskoðunarstjóra um útgjöld vegna eftirlits með skipum og bátum og öryggis þeirra og vegna skipaskráningar ríkisins árið 1934. Bréf 11. okt. 1932. (Nd. 23, LXI).
2. Skýrsla skipaskoðunarstjóra um ferðakostnað vegna skipaskoðunarinnar árin 1931—1932. Bréf 5. jan. (Nd. 23, LXII).

Skipaútgerð ríkisins.

1. Forstjóri skipaútgerðar ríkisins sendir áætlun um tekjur og gjöld strandferðaskipa ríkissjóðs árið 1934. Bréf 10. okt. 1932. (Nd. 23, XXIV).
2. Sami sendir ágrip af skýrslu útgerðarinnar 1930—1931. (Nd. 80).
3. Sami sendir fjárveitinganefndum ársreikninga skipaútgerðarinnar 1932 ásamt starfsskýrslu og greinargerð. Bréf 30. marz. (Nd. 332, Ed. 96).

Sjá ennfr. Strandferðir 3., 11.

Skipströnd, sjá Slysavarnir 2.

Skjöl, er snerta sögu Íslands. Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður mælir með því, að dr. Jóni Stefánssyni í Lundúnaborg verði greidd nokkur upphæð fyrir að afrita skjöl, er snerta sögu Íslands og hann hefir fundið í Record Office í Lundúnum. Bréf 1. marz. (Ed. 99).

Skógrækt.

1. Tillögur skógræktarstjóra um fjárveitingar til skógræktarinnar árið 1934. Bréf 25. nóv. 1932. (Nd. 23, LV).
2. Hákon Bjarnason skógræktarfræðingur sækir um 1200 kr. styrk til að stunda jarðvegsrannsóknir. Bréf 22. nóv. 1932. 1 fskj. (Nd. 23, XXIX).
3. Skógræktarfélag Eyfirðinga sækir um 3000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 6. febr. (Nd. 5).
4. Skógræktarfélag Íslands sækir um 8000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 24. febr. (Nd. 84).

Skóiðnaður, sjá Iðnaðarmál 2.
Skólagjöld. Almennur skólafundur gagnfræðaskóla Ísafjarðar mótmælir því, að lögð séu skólagjöld á nemendur gagnfræðaskóla landsins og annarra skóla, sem kostaðir eru af opinberu fé. Bréf ódags. (Nd. 266).
Skrifstofufé sýslumanna og bæjarfógeta.
1. Bæjarfógetinn á Siglufirði sækir um hækkun á skrifstofufé sínu upp í að minnsta kosti 9100 kr. á ári. Bréf 23. maí. 2 fskj. (Nd. 351).
2. Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum sendir Alþingi skýrslu um skrifstofukostnað við embættið. Bréf 18. febr. (Nd. 61).
3. Dóms- og kirkjumrn. sendir allshn. Ed. erindi lögreglustjórans á Akranesi, dags. 13. jan., um að honum verði greiddar úr ríkissjóði 700 kr. á ári í skrifstofukostnað. Bréf 27. febr. (Ed. 11).
4. Sama sendir allshn. Ed. ýms bréf og skýrslur um embættiskostnað nokkurra sýslumanna og bæjarfógeta. Bréf 31. marz. (Ed. 36).
5. Jóhann Jósefsson alþm. fer þess á leit við allshn. Ed., að hún leggi til, að skrifstofufé bæjarfógetans í Vestmannaeyjum verði hækkað upp í 13 þús. kr. á ári. Bréf 5. maí. 1 fskj. (Ed. 80).
6. Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu sækir um hækkun á skrifstofufé sínu upp í 4800—5000 kr. á ári. Bréf 18. marz. (Ed. 29).

Slysavarnir.
1. Aðalfundur Slysavarnafélags Íslands skorar á Alþingi og fjárveitinganefndir að veita félaginu í næsta árs fjárlögum 15 þús. kr. styrk. Bréf 24. febr. (Nd. 71, Ed. 8).
2. Forseti Slysavarnafélags Íslands sendir fjvn. Ed. lista yfir skip, sem strandað hafa við innsiglinguna til Hvammsfjarðar nokkra undanfarna áratugi. Bréf 28. apríl. (Ed. 66).

Smjörlíki.
1. Búnaðarfélag Íslands sendir Alþingi meðmæli búnaðarþings með frv. til l. um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl. Bréf 12. apríl. (Nd. 294).
2. Iðnráð Reykjavíkur sendir landbn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl. Bréf 7. marz. (Ed. 21).

Steinn H. Dofri, sjá Ritstyrkur 2.
Stórstúka Íslands, sjá Áfengi 3.
Strandferðir.
1. Atv.- og samgmrn. sendir samgmn. Nd. bréf h/f Djúpbátsins, dags. 24. febr., um styrk til handa félaginu til að halda uppi bátaferðum um Ísafjarðardjúp, Vestfirði og víðar. Bréf 4. marz. 1 fskj. (Nd. 143).
2. Eimskipafélag Íslands fer þess á leit, að strandferðastyrkur og tillag ríkissjóðs til félagsins verði látin halda sér í næsta árs fjárlögum. Bréf 22. marz. (Nd. 213).
3. Forstjóri skipaútgerðar ríkisins sendir áætlun um tekjur og gjöld standferðaskipa ríkissjóðs árið 1934. Bréf 10. okt. 1932. (Nd. 79).
4. Gunnar Snorrason sækir um styrk til að halda uppi strandferðum milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur. Bréf 1. marz. 4 fskj. (Nd. 102, 103).

5. H/f Breiðafjarðarbáturinn Norðri, Flatey, sækir um 10 þús. kr. árlegan styrk til vöru- og fólksflutninga á norðanverðum Breiðafirði. Bréf 10. febr. 1 fskj. (Nd. 86).
6. H/f Skallagrímur í Borgarnesi sækir um 25 þús. kr. styrk til að halda úti e/s Suðurlandi. Bréf 15. marz. 4. fskj. (Nd. 201).
7. Jón A. Jónsson alþm. leggur fram reikninga h/f Djúpbátsins árið 1932 ásamt ferðaáætlun fyrir sama ár. (Nd. 66).
8. Kaupfélag Stykkishólms sækir um allt að 4000 kr. styrk til að halda uppi mótorbátsferðum á innanverðum Breiðafirði með m/b Baldri. Bréf 8. marz. 1 fskj. (Nd. 141).
9. Pétur Ottesen alþm. sendir samgmn. Nd. umsókn oddvita Hvalfjarðarstrandarhrepps um 1500 kr. fjárveitingu til að halda uppi ferðum um Hvalfjörð á yfirstandandi ári. Bréf 17. marz. 1 fskj. (Nd. 345).
10. Sigurður Arason á Fagurhólsmýri sækir um allt að 1500 kr. styrk til mótorbátaflutninga til Öræfa. Bréf 30. jan. (Nd. 346).
11. Skipaútgerð ríkisins sendir samgmn. Nd. nokkrar upplýsingar um rekstur strandferðaskipanna síðasta ár. Bréf 4. og 9. marz. 7 fskj. (Nd. 111, 130).
12. Útgerðarfélag póstbátsins á Akureyri sækir um 15 þús. kr. styrk til að halda uppi föstum ferðum við Norðurland. Bréf ódags. 2 fskj. (Nd. 234).

Sturla Guðlaugsson, sjá Námsstyrkur 7.

Stúdentagarðurinn. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. Nd. til athugunar afrit af 2 bréfum ráðuneytisins til byggingarnefndar stúdentagarðsins, dags. 31. ágúst og 16. okt. 1928, um stúdentagaðsmálið. Bréf 21. marz. (Nd. 210).

Stúdentar.
1. Stúdentafélag háskólans skorar á Alþingi að samþ. þá hækkun á náms- og húsaleigustyrk stúdenta, er ríkisstjórnin hefir tekið upp í fjárlagafrv. fyrir árið 1934. Bréf 31. marz. (Nd. 246).
2. Stúdentaráð Háskóla Íslands fer þess á leit við fjvn. Ed., að hún leggi til, að hækkun húsaleigustyrks og námsstyrks til háskólastúdenta verði aftur tekin upp í fjárlagafrv. Bréf 27. apríl. (Ed. 65).

Sjá ennfr. Stúdentagarðurinn.

Styrktarsjóður verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík sækir um styrk. Bréf 13. des. 1932. (Nd. 23, LXVI).

Stýrimannaskólinn. Tillögur skólastjóra stýrimannaskólans um fjárveitingar úr ríkissjóði til skólans árið 1934, dags. 22. nóv. 1932. (Nd. 23, XXXIII).

Sundkennsla, sjá Íþróttakennsla.

Sundlaugar. Jón A. Jónsson alþm. leggur fram lýsingu á sundlauginni í Bolungavík, ásamt teikningu og 3 myndum. Bréf 25. febr. (Nd. 60).

Sútunarverksmiðja, sjá Iðnaðarmál 1., 4.

Svafar Guðmundsson, sjá Bankamál 2.

Sveinn Gíslason, sjá Sala þjóðjarða.

Sveinn Guðmundsson, sjá Vinnudómur.

Sveinn Pétursson, sjá Námsstyrkur 10.

Söngfélagið Geysir á Akureyri sækir um 2000 kr. styrk til starfsemi sinnar. Bréf 25. febr. (Nd. 88).

Söngkennsla. Samband íslenzkra karlakóra sækir um 3500 kr. styrk til söngkennslu. Bréf 11. marz. (Nd. 169).

Tollar og tollgæzla.

1. Áætlun tollstjórans í Reykjavík um skrifstofukostnað við tollstjóraembættið árið 1934. Bréf 22. des. 1932. (Nd. 23, X).
2. Áætlun sama um kostnað við tollgæzluna í Reykjavík árið 1934. Bréf 22. des. 1932. (Nd. 23, XII).

Tóbakseinkasala ríkisins. Fjármálaráðuneytið sendir iðnn. Ed. skýrslu um innflutning tóbaks og annað, er varðar tóbakseinkasölu ríkisins. Bréf 11. marz. (Ed. 25). Sjá ennfr. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga 1.

Trausti Einarsson, sjá Námsstyrkur 25.

Tréskurður. Geir G. Þormar, myndskeri á Akureyri, sækir um 800 kr. styrk til að halda uppi kennslu í tréskurðarlist. Bréf 1. marz. (Nd. 233).

Tryggingarmál. Almennur verklýðsfundur í Reykjavík 22. febr. krefst þess, að Alþingi samþ. lög um atvinnuleysistryggingar. Bréf ódags. (Nd. 73).

Ullariðnaður.

1. Aðalfundur sýslunefndar Árnessýslu skorar á Alþingi að styðja að tóvinnuiðnaði í landinu. Bréf 24. apríl. (Ed. 84).
2. Bogi A. Þórðarson sækir um 4000 kr. styrk til að auka vélastofn ullarverksmiðju sinnar. Bréf 21. apríl. (Ed. 50).
3. Hafsteinn Pétursson fer þess á leit f. h. Búnaðarsambands Austur-Húnavatnssýslu, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 15 þús. kr. lán handa sambandinu til þess að kaupa lopunar- og kembingarvélar. Bréf 11. apríl. 1 fskj. (Nd. 282).
4. Halldóra Bjarnadóttir fer þess á leit við kreppun. Nd., að hún styðji að því, að tóvinnuvélar hlíti framvegis sömu reglum og jarðræktarlögin mæla fyrir um verkfæri til jarðvinnslu. Bréf 31. marz. 2 fskj. (Nd. 248).
5. Páll Zóphóníasson ráðunautur sendir fjvn. Ed. umsögn sína um erindi Boga A. Þórðarsonar um styrk til að auka vélastofn ullarverksmiðju sinnar. Bréf 2. maí. (Ed. 76).
6. Samband ísl. samvinnufélaga sendir fjvn. Ed. umsögn sína um erindi Boga A. Þórðarsonar um styrk til að auka vélastofn ullarverksmiðju sinnar. Bréf 1. maí. (Ed. 73).

Ullarmat. Samband ísl. samvinnufélaga sendir landbn. Ed. umsögn sína um frv. til l. um breyt. á l. um ullarmat. Bréf 24. marz. (Ed. 32).

Umdæmisstúkan nr. 5 á Akureyri, sjá Áfengi 4.

Umdæmisstúkan nr. 6 á Ísafirði, sjá Áfengi 5.

Unnur Vilhjálmsdóttir, sjá Sjúkrastyrkur 6.

Uppgötvanir.

1. Guðjón P. Jóhannsson vélstjóri sækir um 1500 kr. styrk til að geta sótt um einkaleyfi á uppgötvun sinni, endurbót á gufuvélum. Bréf 21. febr. 8 fskj. (Nd. 51).

2. Sami áréttar umsókn sína, dags. 21. febr. Bréf 2. marz. (Nd. 106).
3. Hjálmar Stefánsson frá Smyrlabergi beiðist hjálpar Alþingis til að geta unnið að uppgötvunum sínum, taðvinnsluvél, vindmylnu og snjóreiðhjóli. Bréf 26. marz. (Ed. 54).

Utanfararstyrkur presta. Séra Jón Þorvaldsson sækir um 2000 kr. utanfararstyrk samkv. l. um utanfararstyrk presta. Bréf 20. febr. (Nd. 36).

Útflutningsgjald af fiski.

1. S/f Akurgerði í Hafnarfirði mótmælir því, að lögleitt verði aukaútflutningsgjald af söltuðum fiski. Bréf 6. apríl. (Nd. 271).
2. Samskonar mótmæli frá Lofti Bjarnasyni, útgerðarmanni í Hafnarfirði. Bréf 15. marz. 2 fskj. (Nd. 272).

Útflutningur á fiski. G. Albertsson skorar á Alþingi að beita sér fyrir því, að ísaður kassafiskur og fersk síld frá Íslandi fái að njóta sömu réttinda í brezkum höfnum og annar fiskur, sem þangað er fluttur. Bréf 28. marz. (Nd. 240).

Útvarp.

1. Áætlun útvarpsstjóra um tekjur og gjöld ríkisútvarpsins árið 1934, dags. 14. nóv. 1932. (Nd. 23, IV).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. Ed. til athugunar erindi forstöðumanns Veðurstofunnar, dags. 2. maí, varðandi greiðslu til útvarpsins fyrir útvarpaðar veðurfregnir. Bréf 6. maí. (Ed. 81).
3. Sama sendir fjárveitinganefndum bréf varðandi ferðastyrk til útvarpsstjóra, forstjóra viðtækjaverzlunarinnar og Páls Ísólfssonar organleikara. Bréf 13. maí. 4 fskj. (Ed. 92).
4. Blindravinafélag Íslands æskir þess, að Alþingi heimili því að lána fátækum, blindum mönnum ákveðna tölu útvarpstækja á ári, sem ríkið ætti, en félagið fengi umráðarétt yfir, og að blindum mönnum verði veitt undanþága frá ársafnotagjaldi til útvarps. Bréf 20. marz. (Nd. 228).
5. Félag útvarpsnotenda skorar á Alþingi að breyta lögum um útnefningu í útvarpsráð eftir tillögum þess. Bréf 19. apríl. (Nd. 307).
6. Fulltrúar skipstjórafélagsins Bylgjunnar á Ísafirði, Sjómannafélags Ísfirðinga og verklýðsfélagsins Baldurs, s. st., gera þá kröfu til Alþingis, að útvarpað verði aðalumræðum um viðskiptasamninginn við Noreg. Símsk. 6. marz. (Nd. 115).
7. Guðmundur Þórðarson í Gerðum skorar á Alþingi að hlutast til um, að fluttar verði daglega í útvarpinu aflafréttir frá sem flestum veiðistöðvum landsins og að grammófóntónleikar verði bannaðir eftir kl. 10 á kvöldin. Bréf 27. marz. (Nd. 347).
8. Jafnaðarmannafélagið Þórshamar í Vestmannaeyjum krefst þess, að útvarpað verði umræðum um norska samninginn. Bréf 7. marz. (Nd. 132).
9. Jón Baldvinsson alþm. gerir þá kröfu f. h. Alþýðuflokksins, að útvarpað verði umræðum um frv. til l. um lögreglumenn við 1. umr. í Nd. Bréf 24. maí. (Nd. 338).

10. Útvarpsráðið mælir með því, að Alþingi veiti atvmrn. heimild til að verja allt að 25 þús. kr. af rekstrarhagnaði viðtækjaverzlunarinnar til að greiða fyrir útvarpsnotum í landinu þar sem raforka er ekki fyrir hendi. Bréf 8. maí. (Ed. 86).
11. Verklýðsfélagið Báran á Eyrarbakka skorar á þing og stjórn að láta útvarpa umræðum um norska samninginn. Bréf 12. marz. (Nd. 174).
12. Þingmenn Alþýðuflokksins fara þess á leit við forseta Nd., að útvarpað verði umræðum um frv. til l. um löggæzlu við 1. umr. í Nd. Bréf 6. maí. (Nd. 337).

Sjá ennfr. Sjúkrahús 4.

Útvarpsráð, sjá Útvarp 5., 10.

Útvegsbanki Íslands, sjá Bankamál 1., 2.

Varðskip ríkisins. Félag ísl. loftskeytamanna fer þess á leit við Alþingi, að framvegis skuli vera að minnsta kosti tveir fullgildir loftskeytamenn á hverju af varðskipum ríkisins og að stöðugur vörður skuli haldinn á loftskeytastöðvum varðskipanna í hafi og á höfnum inni. Bréf 27. febr. (Nd. 83).

Varnir gegn sjúkdómum.

1. Héraðslæknirinn í Vestmannaeyjum óskar þess, að allshn. Nd. athugi, hve miklu tekjurýrnun sú muni nema fyrir hann, er leiði af samþykkt frv. til l. um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins. Símsk. 7. apríl. (Nd. 275).
2. Landlæknir sendir allshn. Ed. afrit af bréfi sínu til bæjarstjórnar Reykjavíkur, dags. 18. apríl, út af mótmælum heilbrigðisnefndar gegn frv. til l. um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands. Bréf 18. apríl. (Ed. 44).

Vatnamál.

1. Búnaðarmálastjórnin sækir um 6000 kr. fjárveitingu til að framkvæma mælingar á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts Bréf 20. okt. 1932. 1 fskj. (Nd. 23, LXIV).
2. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á Alþingi að stuðla að því, að Sogið verði virkjað nú þegar. Bréf 15. marz. (Nd. 183).
3. Bændur í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu sækja um 4500 kr. styrk til vatnsvarna í Hornafjarðarfljóti. Bréf 10. febr. 3 fskj. (Nd. 187).

Sjá ennfr. Bændur 1.

Vattarnes, sjá Hafnir og lendingarbætur 3., 14.

Veðurfregnir, sjá Útvarp 2.

Veðurstofan. Áætlun veðurstofustjóra um útgjöld veðurstofunnar árið 1934, ásamt athugasemdum. Bréf 8. nóv. 1932. (Nd. 23, LVIII).

Vegamál.

1. Tillögur vegamálastjóra um fjárveitingar til vegamála árið 1934, dags. 16. des. 1932. (Nd. 23, XXV).
2. Bæjarfógetinn á Siglufirði sendir Alþingi áskorun bæjarstjórnar

Siglufjarðar um, að vegurinn frá Haganesvík til Siglufjarðar verði tekinn í þjóðvegatölu og fé veitt til vegar upp á Siglufjarðarskarð. Bréf 24. febr. (Nd. 91).

3. Hreppsnefndir Hjaltastaðarhrepps og Eiðaþinghár fara þess á leit, að tekin verði upp í fjárlagafrv. fjárveiting til vegar um héraðið. Símsk. 25. apríl. (Ed. 56).
4. Jóhann Jósefsson alþm. fer þess á leit við fjvn. Nd., að hún taki upp í tillögur sínar við fjárlagafrv. 15 þús. kr. styrk til lagningar ræktunarvega í Vestmannaeyjum. Bréf 13. marz. (Nd. 162).
5. Oddviti Ytri-Akraneshrepps sækir f. h. hreppsins um styrk til ræktunarvega í Garðalandi á Akranesi. Símsk. 5. apríl. (Nd. 263).
6. Sveinn Ólafsson alþm. sendir fjvn. Nd. tillögur til breytinga á skiptingu vegafjárins frá því, sem er í fjárlagafrv., einkum að því er snertir Suður-Múlasýslu. Bréf 25. febr. (Nd. 78).
7. Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sendir Alþingi útskrift úr fundargerðabók Gullbringusýslu, sem í er falin áskorun til Alþingis um að sýsluvegurinn frá Keflavík að Sandgerði verði þegar tekinn í þjóðvegatölu. Bréf 29. apríl. (Ed. 71).
8. Sýslunefnd Norður-Múlasýslu skorar á Alþingi að taka veginn frá Vopnafirði að Möðrudal upp í þjóðvegatölu og að veita á næsta ári 5000 kr. til úthéraðsvegar o. fl. Símsk. 7. maí. (Nd. 324).
9. Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu skorar á Alþingi og ríkisstjórn að gera ráðstafanir til, að hið bráðasta verði lagður bifreiðafær vegur alla leið á sýsluenda. Bréf 6. apríl. (Nd. 285).
10. Þorleifur Jónsson alþm. fer þess á leit við fjárveitinganefndir f. h. ræktunarfélagsins á Höfn í Hornafirði, að þær beri fram tillögu um, að veittar verði í næsta árs fjárlögum 3000 kr. til ræktunarvegar í Hafnarneslandi. Bréf 6. marz. 1 fskj. (Nd. 123).

Verðtollur.

1. Húsgagnameistarafélag Reykjavíkur óskar þess, að húsgögn verði sett í 50% verðtollsflokk. Bréf 28. apríl. (Nd. 348).
2. Sigurjón Pétursson bendir fjhn. Nd. á nokkrar vörutegundir, sem hann telur rétt að taka upp í frv. til l. um bráðabirgðaverðtoll. Bréf 28. apríl. (Nd. 317).
3. Sami bendir fjhn. Ed. á, að rétt sé að setja í 30% verðtollsflokk ullarvörur úr ísl. ull, sem send hefir verið út úr landinu til vinnslu. Bréf 5. maí. (Ed. 79).

Vernharður Þorsteinsson, sjá Fréttastofa.

Verzlunarskóli Íslands. Skólaráð verzlunarskóla Íslands fer þess á leit, að styrkur til skólans verði hækkaður. Bréf 14. marz. (Nd. 192).

Vélstjóraskólinn.

1. Áætlun skólastjóra vélstjóraskólans um fjárveitingar til skólans árið 1934, dags. 7. des. 1932. (Nd. 23, XXXV).
2. Dóms- og kirkjumrn. sendir fjvn. Nd. ýms skjöl um stofnun væntanlegrar vélgæzludeildar við vélstjóraskóla Íslands. Bréf 3. apríl. (Nd. 261).

3. Félag undanþáguvélstjóra Íslands og Vélstjórafélag Íslands fara þess á leit, að þegar verði veitt fé til stofnunar vélgæzludeildar við vélstjóraskóla Íslands. Bréf 24. apríl. (Ed. 58).

Vidnæs, Peder Ragnvald Sims Olsen, sjá Ríkisborgararéttur.

Viðtækjaverzlun ríkisins, sjá Útvarp 3., 10.

Vinnudómur. Sveinn Guðmundsson á Akranesi mælir með því, að settur verði á stofn vinnudómur í landinu, sem ákveði um verkakaup. Bréf 24. marz. (Nd. 251).

Vinnuhæli. Forstjóri vinnuhælisins á Litla-Hrauni sendir áætlun um rekstrarkostnað vinnuhælisins árið 1934. Bréf 18. nóv. 1932. (Nd. 23, VIII).

Vinnumiðstöð kvenna.

1. Stjórn Kvenréttindafélags Íslands sækir um styrk til að starfrækja vinnumiðstöð kvenna í Reykjavík. Bréf ódags. 2 fskj. (Nd. 23, LXVIII).
2. Sama fer þess á leit, að styrkur til vinnumiðstöðvar kvenna verði ákveðinn 2000 kr., gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að. Bréf 10. marz. 3 fskj. (Nd. 171).

Virkjun Sogsins, sjá Vatnamál 2.

Vitagjald af skemmtiskipum.

1. Björn Ólafsson fer þess á leit við fjhn. Nd., að hún mæli með því, að vitagjald af skemmtiskipum verði lækkað að miklum mun. Bréf 22. febr. 2 fskj. (Nd. 54).
2. Fjármálaráðuneytið sendir fjhn. Nd. erindi sama, dags. 3. febr., varðandi lækkun á vitagjaldi af skemmtiskipum. Bréf 4. marz. (Nd. 110).

Vitamál.

1. Áætlun vitamálastjóra um útgjöld til vitamála árið 1934, ásamt athugasemdum. Bréf 5. okt. 1932. (Nd. 23, XXII).
2. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. Nd. erindi frá vitamálastjóra, dags. 27. okt. 1932, um að rannsökuð séu grunn á djúpmiðum við Ísland og um mælingar á Breiðafirði. Bréf 1. marz. 4 fskj. (Nd. 104).
3. Bæjarfógetinn á Siglufirði sendir Alþingi áskorun bæjarstjórnar Siglufjarðar um, að reistur verði á næsta sumri hljóð- og ljósviti á Sauðanesi. Bréf 24. febr. (Nd. 91).
4. Forseti Slysavarnafélags Íslands fer þess á leit við fjvn. Ed., að hún hlutist til um, að nægilegt fé verði veitt til að koma upp radíóvita á Reykjanesi á yfirstandandi ári. Bréf 26. apríl. (Ed. 67).
5. Vitamálastjóri sendir fjvn. Nd. tillögur sínar um fjárveitingar til nýrra vita árið 1934. Bréf 3. marz. 1 fskj. (Nd. 112).
6. Sami gefur fjvn. Nd. skýrslu um starf h/f Ísaga, einkum að því er snertir gasframleiðslu til vitanna. Bréf 7. marz. 2 fskj. (Nd. 137).
7. Sami sendir fjvn. Nd. frekari upplýsingar um gasframleiðslu h/f Ísaga til vitanna. Bréf 17. marz. (Nd. 199).

Sjá ennfr. Vitagjald af skemmtiskipum 1., 2.

Vífilsstaðir, sjá Sjúkrahús 1.

Vísindafélag Íslendinga, sjá Háskólinn 4.

Vixilmál. Ólafur Lárusson prófessor sendir fjhn. Nd. nokkrar leiðréttingar

við frv. til víxillaga, frv. til l. um tékka og frv. til l. um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum. Bréf 13. apríl. (Nd. 289).

Vörugjald. Jafnaðarmannafélagið Þórshamar í Vestmannaeyjum skorar á Alþingi að veita ekki bæjarstjórn Vestmannaeyja heimild til að leggja frekara vörugjald á nauðsynjavörur almennings en orðið er. Bréf 7. marz. (Nd. 132).

Þingmálafundargerðir.

Frá Akranesi, ein, 11. febr. (Nd. 28).

Úr Austur-Húnavatnssýslu, þrjár, 21. jan., 23. jan., 25. jan. (Ed. 7).

Úr Austur-Skaftafellssýslu, tvær, 15. nóv. 1932, 4. febr. 1933. (Nd. 49).

Úr Árnessýslu, fjórar, 17., 18., 19. des. 1923, 11. febr. 1933 (Nd. 43).

Úr Dalasýslu, tvær héraðsmálafundargerðir, 10. sept. 1932, 6. febr. 1933. (Nd. 22).

Úr Eyjafjarðarsýslu, fjórar, 13. nóv. 1932, 29., 31. jan. 1933 (Nd. 46), 22. okt. 1932. (Nd. 188).

Frá Ísafirði, ein, 24. febr. (Nd. 89).

Úr Mýrasýslu, sex, 3. febr., 5. febr., 6. febr., 7. febr., 8. febr., 9. febr. (Nd. 134).

Úr Norður-Ísafjarðarsýslu, ein (fundargerð 6. þing- og héraðsmálafundar N.-Ísf., 24. nóv. 1932). (Nd. 17).

Úr Norður-Þingeyjarsýslu, fjórar, 17. jan., 29. jan., 2. febr. (Nd. 21), 17. febr. (Nd. 279).

Úr Rangárvallasýslu, ein, 11. febr. (Nd. 29).

Frá Seyðisfirði, ein, 4. febr. (Nd. 20).

Frá Siglufirði, ein, 10. marz. (Nd. 217).

Úr Skagafjarðarsýslu, þrjár, 27. jan., 28. jan., 1. febr. (Nd. 48).

Úr Snæfellsnessýslu, þrjár, 13. febr. (Nd. 181), 5. febr., 7. febr. (Nd. 253).

Úr Suður-Múlasýslu, þrjár, 9. febr. (Nd. 31), 29. jan. (Nd. 37), 15. des. 1932 (Nd. 68).

Úr Suður-Þingeyjarsýslu, tvær, 23. jan., 5. febr. (Nd. 63).

Úr Vestur-Barðastrandarsýslu, ein (fundargerð héraðsþings Vestur-Barðastrandarsýslu, 24.—26. nóv. 1932 (Nd. 105).

Frá Vestmannaeyjum, ein, 7. febr. (Nd. 30).

Úr Vestur-Húnavatnssýslu, ein, 28. jan. (Nd. 16).

Úr Vestur-Ísafjarðarsýslu, ein, 29.—31. jan. (Nd. 27).

Úr Vestur-Skaftafellssýslu, sex, 27. jan., 29. jan., 30. jan., 3. febr. (Nd. 18), 10. febr., 11. febr. (Nd. 50).

Þjóðernishreyfing Íslendinga, sjá Bankamál 2.

Þjóðminjasafnið. Tillögur þjóðminjavarðar um fjárframlög til þjóðminjasafnsins árið 1934. Bréf 6. des. 1932. (Nd. 23, XLVII).

Þjóðskjalasafnið. Tillögur þjóðskjalavarðar um fjárframlög til þjóðskjalasafnsins árið 1934. Bréf 15. nóv. 1932. (Nd. 23, XLVI).

Þjóðsögur. Helgi Guðmundsson frá Austmannsdal sækir um 1000 kr. styrk til að safna þjóðsögum á Vesturlandi. Bréf 23. febr. 1 fskj. (Nd. 67).

Þorsteinn Hannesson, sjá Námsstyrkur 27.
Þorvaldur Pálsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 17.
Þórarinn Björnsson, sjá Menntaskólinn á Akureyri 3.
Þórarinn Jónsson, sjá Skáld og listamenn 2., 3.
Þórbergur Þórðarson, sjá Ritstyrkur 3.
Þórður Flóventsson, sjá Laxa- og silungsrækt.
Þórhallur Þorgilsson, sjá Kennslubækur 2.
Þórkötlustaðanes, sjá Hafnir og lendingarbætur 13.
Þórsmörk. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. Nd. til umsagnar erindi hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps, dags. 29. ágúst 1932, um girðinguna á Þórsmörk. Bréf 8. marz. (Nd. 151).
Þykkvabær í Landbroti. Atv.- og samgmrn. sendir fjvn. Nd. til umsagnar bréf hjónanna Páls Sigurðssonar og Guðríðar Sigurðardóttur í Þykkvabæ í Landbroti, dags. 31. júlí 1932, þess efnis, að þau bjóðast til að gefa ríkinu eignarjörð sína, Þykkvabæ II í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu. Bréf 17. marz. (Nd. 202).

Ölgerð. Stjórn Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar býður ríkinu ölgerðina til kaups. Bréf 1. júní (Nd. 344).

Skammstafanir: a. = allsherjarnefnd, fjh. = fjárhagsnefnd, fjv. = fjárveitinganefnd, i. = iðnaðarnefnd, l. = landbúnaðarnefnd, m. = mennt

Tala	Nöfn þingmanna og staða	Kjördæmi	Fæðingar-dagur og ár
1.	Ásgeir Ásgeirsson, forsætisráðherra	Vestur-Ísafjarðarsýsla.	13/5 '94
2.	Bergur Jónsson, sýslumaður	Barðastrandarsýsla.	24/9 '98
3.	Bernharð Stefánsson, bóndi, skrifari í neðri deild	Eyjafjarðarsýsla, 1. þm.	8/1 '89
4.	Bjarni Ásgeirsson, bóndi	Mýrasýsla.	1/8 '91
5.	Bjarni Snæbjörnsson, læknir	Hafnarfjarðarkaupstaður.	8/3 '89
6	Björn Kristjánsson, kaupfélagsstjóri	Norður-Þingeyjarsýsla.	22/2 '80
7.	Einar Árnason, bóndi	Eyjafjarðarsýsla, 2. þm.	27/11 '75
8.	Guðbrandur Ísberg, sýslumaður	Akureyri.	28/5 '93
9.	Guðmundur Ólafsson, bóndi, forseti efri deildar	Austur-Húnavatnssýsla.	13/10 '67
10.	Guðrún Lárusdóttir, frú	6. landskjörinn þm.	8/1 '80
11.	Halldór Stefánsson, tryggingarstj., 2. varafors. Nd.	Norður-Múlasýsla, 1. þm.	26/5 '77
12.	Halldór Steinsson, héraðslæknir	Snæfellsnessýsla.	31/8 '73
13.	Hannes Jónsson, kaupfélagsstjóri	Vestur-Húnavatnssýsla.	17/11 '93
14.	Haraldur Guðmundsson, bankaútibússtjóri	Seyðisfjarðarkaupstaður.	26/7 '92
15.	Héðinn Valdimarsson, forstjóri	Reykjavík, 2. þm.	26/5 '92
16.	Ingólfur Bjarnarson, bóndi, 1. varafors. Nd., skrif. í Sþ.	Suður-Þingeyjarsýsla.	6/11 '74
17.	Ingvar Pálmason, bóndi, 1. varaforseti Ed.	Suður-Múlasýsla, 2. þm.	26/7 '73
18.	Jakob Möller, bankaeftirlitsmaður	Reykjavík, 1. þm.	12/7 '80
19.	Jóhann Jósefsson, kaupmaður, útgerðarmaður ..	Vestmannaeyjar.	17/6 '86
20.	Jón Auðunn Jónsson, forstjóri, skrifari í Sþ.	Norður-Ísafjarðarsýsla.	17/7 '78
21.	Jón Baldvinsson, bankastjóri	2. landskjörinn þm.	20/12 '82
22.	Jón Jónsson, bóndi, skrifari í Ed.	3. landskjörinn þm.	8/9 '86
23.	Jón Ólafsson, bankastjóri	Rangárvallasýsla, 1. þm.	16/10 '69
24.	Jón Þorláksson, verkfræðingur, borgarstjóri	1. landskjörinn þm.	3/3 '77
25.	Jónas Jónsson, skólastjóri	5. landskjörinn þm.	1/5 '85
26.	Jónas Þorbergsson, útvarpsstjóri	Dalasýsla.	22/1 '85
27.	Jörundur Brynjólfsson, bóndi, forseti neðri deildar	Árnessýsla, 1. þm.	21/2 '84
28.	Lárus Helgason, bóndi	Vestur-Skaftafellssýsla.	8/8 '73
29.	Magnús Guðmundsson, dómsmálaráðherra	Skagafjarðarsýsla, 2. þm.	6/2 '79
30.	Magnús Jónsson, guðfræðiprófessor, skrifari í Nd.	Reykjavík, 3. þm.	26/11 '87
31.	Magnús Torfason, sýslumaður	Árnessýsla, 2. þm.	12/5 '68
32.	Ólafur Thors, forstjóri	Gullbringu- og Kjósarsýsla.	19/1 '92
33.	Páll Hermannsson, bóndi, 2. varaforseti Ed.	Norður-Múlasýsla, 2. þm.	28/4 '80
34.	Pétur Halldórsson, bóksali, ...	Reykjavík, 4. þm.	26/4 '87
35.	Pétur Magnússon, hæstaréttarmálaflm., skrif. í Ed.	4. landskjörinn þm.	10/1 '88
36.	Pétur Ottesen, bóndi	Borgarfjarðarsýsla.	2/8 '88
37.	Steingrímur Steinþórsson, skólastjóri	Skagafjarðarsýsla, 1. þm.	12/2 '93
38.	Sveinbjörn Högnason, prestur	Rangárvallasýsla, 2. þm.	6/4 '98
39.	Sveinn Ólafsson, bóndi	Suður-Múlasýsla, 1. þm.	11/2 '63
40.	Tryggvi Þórhallsson, bankastjóri, forseti Sþ.	Strandasýsla.	9/2 '89
41.	Vilmundur Jónsson, landlæknir	Ísafjarðarkaupstaður.	28/5 '89
42.	Þorleifur Jónsson, bóndi, varaforseti Sþ.	Austur-Skaftafellssýsla.	21/8 '64

með bústöðum o. fl.

málanefnd, sa. = samgöngumálanefnd, sj. = sjávarútvegsnefnd. A = Alþýðuflokkur, F = Framsóknarflokkur, S = Sjálfstæðisflokkur.

Heimili	Dvalarstaður um þingtímann (og sími)	Í hverjum fastanefndum	Tala áður setinna þinga	Þingflokkur	Þingdeild
Reykjavík.	Tjarnargata 32. S. 2291.		10	F	Nd.
Patreksfjörður.	Tjarnarg. 30. S. 2440, 4002, 3141.	sj.; i.; a.	2	F	Nd.
Þverá í Öxnadal.	Hverfisgata 21. S. 4519.	fjh.; m.	10	F	Nd.
Reykir í Mosfellssveit.	Vesturgata 27. S. 3723.	l.; sj.	6	F	Nd.
Hafnarfjarðarkaupstaður.	Hafnarfjarðarkaupst. S. 9245.	fjv.	2	S	Ed.
Kópasker.	Nönnugata 1. S. 2688.	fjv.	2	F	Nd.
Eyrarland.	Tjarnargata 22. S. 3020.	fjv.; sa.; m.	19	F	Ed.
Blönduós.	Túngata 12. S. 3129.	l.; a.	2	S	Nd.
Ás í Vatnsdal.	Vesturgata 11. S. 4597.		21	F	Ed.
Reykjavík.	Sólvallagata 23. S. 3236.	m.	3	S	Ed.
Reykjavík.	Ljósvallagata 32. S. 2194.	fjh.; m.	10	F	Nd.
Ólafsvík.	Suðurgata 5. S. 3688.	fjv.; sa.	21	S	Ed.
Hvammstangi.	Öldugata 11. S. 4115.	fjh.; sa.	6	F	Nd.
Seyðisfjarðarkaupstaður.	Hótel Borg.		6	A	Nd.
Reykjavík.	Sjafnargata 14. S. 3682, 1690.		7	A	Nd.
Fjósatunga í Fnjóskadal.	Tjarnargata 22. S. 3020.	fjv.	12	F	Nd.
Neskaupstaður.	Marargata 6. S. 2828.	fjh.; sj.; i.	10	F	Ed.
Reykjavík.	Hólatorg 2. S. 3117.	sj.; i.	10	S	Ed.
Vestmannaeyjar.	Hótel Borg.	sj.; a.	10	S	Nd.
Ísafjarðarkaupstaður.	Suðurgata 18. S. 3520.	fjh.; sa.	14	S	Nd.
Reykjavík.	Miðstræti 10. S. 3989.		13	A	Ed.
Stóridalur í Húnavatnssýslu.	Bókhlöðustígur 2. S. 2566.	fjv.; l.; m.	5	F	Ed.
Reykjavík.	Laufásvegur 55. S. 3415.	sa.; i.	7	S	Nd.
Reykjavík.	Bankastr. 11. S. 1284, 4283, 1204.	fjh.	13	S	Ed.
Reykjavík.	Sambandshúsið. S. 3603.	fjh.; i.; a.	11	F	Ed.
Reykjavík.	Baugsvegur. S. 2219.	fjv.	2	F	Nd.
Skálholt í Biskupstungum.	Hverfisgata 21. S. 4519.		15	F	Nd.
Kirkjubæjarklaustur á Síðu.	Skólavörðustígur 30. S. 3636.	l.; i.	8	F	Nd.
Reykjavík.	Staðastaður. S. 3034.		19	S	Nd.
Reykjavík.	Laufásvegur 63. S. 3877.	i; m.	13	S	Nd.
Eyrarbakki.	Laugavegur 40. S. 1897.	sj.; a.	16	F	Ed.
Reykjavík.	Garðastræti 41. S. 3551.	fjh.; sj.	8	S	Nd.
Eiðar í Eiðaþinghá.	Hótel Borg.	fjv.; sa.; l.	6	F	Ed.
Reykjavík.	Túngata 38. S. 3135 og 3733.	fjv.; m.		S	Nd.
Reykjavík.	Suðurg. 18. S. 3202, 2002, 3533.	l.; a.	3	S	Ed.
Ytri-Hólmur á Akranesi.	Stýrimannastígur 9. S. 3033.	fjv; l.	19	S	Nd.
Hólar í Hjaltadal.	Ránargata 6 A. S. 2278.	l.; i.; a.	2	F	Nd.
Breiðabólsstaður í Fljótshlíð.	Hótel Borg.	sa.; m.; a.	2	F	Nd.
Fjörður í Mjóafirði.	Hótel Skjaldbreið.	sa.; sj.	19	F	Nd.
Reykjavík.	Laufás. S. 3091.	fjv.	10	F	Nd.
Reykjavík.	Tjarnargata 30. S. 2161 og 2171.		2	A	Nd.
Hólar í Hornafirði.	Laufás. S. 3091.	fjv.	25	F	Nd.